

TÍÐINDI

FRÁ

A L Þ I N G I

ÍSLENDINGA.

NÍUNDA ÞING

1863.

FYRRI PARTUR.

RITNEFNDARMENN:

Sveinn Skúlason, Páll Melsteð,

kandidat.

málafutningsmaður.



Reykjavík.

Prentuð á kostnað alþingis, í prentsmíðju Íslands, hjá Einari Þórðarsyni.

1863.

Samkvæmt alþingissamþykkt á 7. fundi 11. júlímán. 1863 verða þingtiðindin nú prentuð í tvennu lagi, þannig: að í fyrri hlutanum eru þingmál öll, *frumvörp*, *álitsmál*, *bænarskrár* og *uppástungur*, *nefndarálit* og *breytingaratkvæði þingmanna*, *álits-skjöl* og *bænarskrár til konungs*, svo og *fundatal*, en í hinum síðari hlutanum er *þingmannatal*, *auglýsingar til þingsins* og *umræður þingmála*. Eftir samkomulagi forseta og ritnefndarmanna verður einnig í fyrri partinum þingmannatal og embættismannakosningar á þinginu.

1. júlí — fyrsti fundur.

Míðvikudaginn 1. dag júlímán. 1863 var alþingi Íslendinga, hið níunda sett í Reykjavík. Áður en þingið var sett var guðsþjónusta haldin í dómkirkjunni, prædikaði presturinn sèra *Helgi Hálf-dánarson* og hafði fyrir ræðutexta 2. Kor. 3, 17. *Konungsfulltrúinn*, háyfirdómari, etazráð *Pórður Jónasson*, R. af D. og H. F. setti síðan þingið með ræðu. Á þessu þingi voru:

A. Konungkjörnir:

1.
2. *H. G. Thordersen*, biskup yfir Íslandi.
3. *Pétur Pétursson*, prófessor, forstöðumaður prestaskóians.
4. *Jón Pétursson*, dómari í landsyfirrættinum.
5. *Jón Hjaltalín*, jústizráð, landlæknir.
Benidikt Sveinsson, dómari í landsyfirrættinum, varapingmaður.

B. Þjóðkjörnir:

1. *Stefán Eiríksson*, hreppstjóri frá Árnanesi, fyrir Austur-Skaptafellssýslu.
2. *Jón Guðmundsson*, málaflutningsmaður í Reykjavík, fyrir Vestur-Skaptafellssýslu.
3. *Brynjólfur Jónsson*, prestur í Vestmanneyjum, fyrir Vestmanneyjasýslu.
4. *Páll Sigurðsson*, hreppstjóri frá Árkörn, fyrir Rangárvallasýslu.
5. *Magnús Andrèsson*, sáttamaður frá Syðra-Langholti, fyrir Árnessýslu.
6. *Helgi Hálf-dánarson*, prestur á Görðum, fyrir Gullbringu og Kjósarsýslu, varapingmaður.
7. *Halldór Kristján Friðriksson*, skólakennari, fyrir Reykjavíkur kjördæmi.
8. *Arnlfótur Ólafsson*, kandiðat, fyrir Borgarfjarðarsýslu.
9. *Páll Melsted*, málaflutningsmaður, fyrir Snæfellsnessýslu.

10. *Indriði Gíslason*, hreppstjóri frá Hvoli, fyrir Dalasýslu, varaþingmaður.
 11. *Benidikt Þórðarson*, prestur á Brjánslæk, fyrir Barðastrandarsýslu, varaþingmaður.
 12. *Ásgeir Einarsson*, sáttamaður frá Ásbjarnarnesi, fyrir Strandasýslu.
 13. *Jón Pálmason*, hreppstjóri frá Sólheimum, fyrir Húnavatnssýslu, varaþingmaður.
 14. *Gísli Brynjólfsson*, kandídat frá Kaupmannahöfn, fyrir Skagafjarðarsýslu.
 15. *Stefán Jónsson*, umboðsmaður á Steinstöðum, fyrir Eyjafjarðarsýslu.
 16. *Jón Sigurðsson*, hreppstjóri frá Gautlöndum, fyrir Suður-Þingeyjarsýslu.
 17. *Sveinn Skúlason*, kandídat í Reykjavík, fyrir Norður-Þingeyjarsýslu.
 18. *Halldór Jónsson*, prófastur frá Hofi, fyrir Norður-Múlasýslu.
 19. *Björn Pétursson*, bóndi frá Gíslastöðum, fyrir Suður-Múlasýslu.
- Þingmennirnir frá Ísafjarðarsýslu, Mýra- og Hnappadalssýslu kjördæmum og hinn 6. konungkjörni þingmaður komu ekki til þessa þings.

Til forseta var kosinn *Halldór* prófastur *Jónsson* með 10 atkvæðum, til varaforseta *Jón Guðmundsson*, með 10 atkvæðum; til skrifara *Brynjólfur* prestur *Jónsson*, með 16 atkv. og *Benidikt* prestur *Þórðarson*, með 15 atkvæðum.

I. Frumvarp

til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

1. gr.

Hver maður, sem er fullra 18 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 18 ára, ráða for-eldrar eður aðrir forráðamenn, en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleik til að gjöra það sjálfur.

2. gr.

Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; þó skulu engi vistarráð gilda lengur en eitt ár í senn. Nú er enginn vistartími tiltekinn, þá ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið gjörð fyrir eitt ár, þannig, að þeim sé lokið á næsta almenna hjúaskildaga á eptir, nema samningurinn hafi verið endurnýjaður.

3. gr.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefur, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv.

4. gr.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar.

5. gr.

Nú er hjú ráðið í vist árlangt, og hefur hvorki hjúið nè húsbóndinn sagt lausri vistinni, þá má hjúið eigi ráða sig í vist hjá öðrum húsbónda fyrir jól. Ef brotið er á móti þessu, þá eru ekki einungis hin nýju vistarráð ógild, heldur skal og sá húsbóndi sekur um 5—10 rd., sem hefur ráðið það til sin þótt hann vissi, að ekki var enn búið að segja upp frá næsta hjúaskildaga á eptir vistarráðum þess við hinn fyrri húsbónda.

6. gr.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 10. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálft á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka.

7. gr.

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðhjóslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að víska sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmaríumessu eður lengur.
3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa.
4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.

8. gr.

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (sbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færir undan þessu án lögmatra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 11. gr. Hið sama

er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálfst í vistina og það að nauðsynjalausu dregur ferð sína viku lengur.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aptur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalausu ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 11. grein.

9. gr.

Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, í annað amt en það, þar sem hjúið átti að fara í vist, eptir því sem gjört var ráð fyrir, þá er samið var um vistarráðin, þá er hjúi eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið.

10. gr.

Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð skal vera eitt hundrað á landsvísu fyrir 12 mánuði og að tiltölu fyrir skemmri tíma.

11. gr.

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið.

12. gr.

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (10. gr. smbr. 29. gr.).

13. gr.

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúm-

fatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups.

14. gr.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hvenær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda.

15. gr.

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa.

16. gr.

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum.

17. gr.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísvitandi eður af skeytingarleysi, eður af því,

að það eigi kann til þeirra verka er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemmdir, er húsbóndi biður fyrir óhlýðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann biður, fyrir það að hjú er sett undir lagaákæru sökum glæpa er það frémur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur.

18. gr.

Fyrir óhlýðni, þrjózku, mótpróa eður illyrði við húsbónda sinn eður þann, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, skal hjúð sektast um 1—12 rd.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—50 rd., nema svo sè að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum.

19. gr.

Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára. Sè húsaga beitt við slik hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 18. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin.

20. gr.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum.

21. gr.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefur skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sérstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum fra 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegning eptir öðrum lögum.

22. gr.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum, en nú voru talin (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúið einskis í missa af kaupi sinu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erfingjar þess eigi heimting á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búið að vinna fyrir kaup, áður en það varð ófært til verka.

23. gr.

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slíkum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúið kann að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun.

24. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sje á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilrikir menn lýsi yfir því áliti, að hjúinu sè ekkert mein þar af búið, nè öðrum ef sýkin er sótt næm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eður þyngri hegning eptir 21. grein, og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins.

25. gr.

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist skal húsbóndi annast greptrun þess ef erfingjar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum

hjússins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum samkvæmt því, sem nú var sagt.

26. gr.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
3. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
4. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþýrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
5. Ef hjúið sýnir af sér fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með ill-lyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætnr eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans.
8. Ef hjúið drygir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vistina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs lífarnis.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með folsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft læzt kunna, er það ræðst í vistina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitaði að hafa.

27. gr.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 26. grein, eða það hleypur burt úr vistinni

án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frá dregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu rætti fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sèr.

28. gr.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþýrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt.

29. gr.

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 28. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði 10 álnum, fyrir hvern mánuð þrítugnættan, sem eftir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sèr með framferði sínu.

30. gr.

Í protabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til kaups og matarverðs eftir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár.

31. gr.

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á und-

an, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni.

32. gr.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borg-un fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu.

33. gr.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 24. gr. skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Samkvæmt konungsúrskurði 10. maím. 1861 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er stjórnin hafði látið semja og byggt hafði verið á frumvarpi til íslenzkra hjúalaga, er nefnd sú hafði samið, er skipuð var í Reykjavík árið 1855.

Í álitsskjali sínu um málið fór alþingi fram á, að frumvarpi stjórnarinnar yrði breytt eptir frumvarpi því, er þingið sendi með álitu sínu, ásamt ástæðum fyrir frumvarpinu. Af ástæðum alþingis var það ljóst, að þinginu þótti það helzt að frumvarpi stjórnarinnar, að í því væri leitazt við um of að tæma allt efnið með því að taka fram einstök og sérstakleg tilfelli, en þingið hélt réttara að taka að eins fram svo sem unnt væri almennar grundvallarreglur, er leiða mætti út af reglur fyrir hvert einstakt tilfelli. Af þessu hefir leitt, að alþingi hefir gjört töluverðar breytingar á frumvarpinu og jafnvel samið suma kalla í því öldungis að nýju.

Eptir að búið er vandlega að íhuga frumvarp alþingis með ástæðunum fyrir því, þá virðist stjórninni reyndar að fallast megi á mörg af þeim atriðum, þar sem frumvarp alþingis er frábrugðið frumvarpi stjórnarinnar; en þar sem aptur eru ýms önnur atriði,

sem eigi er þannig varið, og sum þeirra mega álítast merkilegir liðir í hinni nýju lagasetning, sem hér er í áformi, þótti réttast að láta semja nýtt frumvarp til áðurgreindrar tilskipunar, og bera það undir álit alþingis, sem nú fer í hönd.

Um einstakar greinir frumvarpsins skulu því næst gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. gr.

Þessi grein er öldungis samhljóða fyrstu málsgrein í 1. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á að lögaldri manna til að ráða sig sjálfir hjú sè breytt úr 18 ára aldri í 16 ára aldur, þó svo að samþykki sóknarprestsins skuli fengið til vistarráðanna ef hlutaðeigandi sè ófermdur; hefir þingið fært til sem ástæðu fyrir þeirri breyting, að þetta væri samkvæmt hinum eldri íslenzku lögum, en eftir þeim er að þingsins áliti 18 ára aldurinn aldurstakmark fyrir því að menn verði *fjár síns ráðandi*, en 16 ára aldurinn fyrir því, að menn verði *bærir að ráða sèr sjálfir*, og er um þetta skýrskotað til fátækra-reglugjörðarinnar 8. janúarm. 1834, 6. grein, og á þar með að vera breytt í þá stefnu, sem hér segir, ákvörðuninni í tilsk. 21. desemberm. 1831, I 1. gr. En þetta álit um, hvað sèu gildandi lög í þessu efni, virðist vera á ónógum rökum byggt, með því tilskipunin frá 1831 beinlínis hefir löggilt á Íslandi ákvarðanirnar í laganna 3—17, en það engan veginn er tilgangurinn með ákvörðunina í 6. grein í reglugjörðinni frá 1834, að fyrirskipa, að þeir menn, sem þar er um rætt, skuli með 16 ára aldrinum öðlast myndugleik til *að ráða sig sjálfir* hjú, en þar á móti er það fátækra-stjórnin, sem getur komið þeim fyrir í vist þegar þeir eru búnir að ná þessum aldri. Eðli hlutarins mælir einnig mjög svo móti því, að setja aldurstakmark það, sem myndugleiki þessi er við bundinn, svona snemma, því að öllum jafnaði munu menn ekki 16 vetra gamlir vera búnir að ná þeim þroska og framsörum, sem í þessu efni þarf, og þar við bætist, að önnur eins ákvörðun og sú, er alþingi hefir stungið upp á, mundi leiða til svo þýðingar mikillar breytingar á hinum almennu reglum laganna um vald foreldra yfir börnum sínum, að ætla má að þingið ekki hafi viljað þeim til leiðar koma með ákvörðun þessari. Eins og konungsfulltrúi því fastlega hefir ráðið frá að fallast á uppástungu alþingis um þessa breyting, þannig verður og stjórnin að álíta ógjörandi að samþykkja slíka ákvörðun. Þar á móti leiðir það af breyting þeirri, sem gjörð hefir ver-

ið á 2. grein stjórnarfrumvarpsins, að 2. málsgrein í 1. grein þess fellur burt.

Um 2. gr.

Eftir uppástungu þingsins er sett í þessa grein ákvörðun um, að engi vistarráð skuli lengur gilda en eitt ár í senn. Slík ákvörðun er nú reyndar varla samkvæm eðlilegu frelsi manna; en þar eð það kemur mjög sjaldan fyrir á Íslandi, að vistarráð séu gjörð um lengri tíma, og ákvörðunin þannig ekki hefir svo mikla þýðingu manna á milli, þá virtist ekki vera næg ástæða til að hafna uppástungu þessari. Þar sem þingið aptur á móti hefir stungið upp á, að vistarráð skuli gild þó skemur sè um samið en eitt ár, en bætt þar við þeirri ákvörðun: »þó svo að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir«, þá virtist stjórninni ekki ráðlegt að fallast á þessa ákvörðun; því fyrst og fremst er þetta í sjálfu sèr óeðlileg takmörkun, og þar næst hlyti hún að mestu leyti að gjöra að engu aðalregluna og einkum koma því til leiðar, að í verzlunarstöðunum, þar sem það hefir verið venja að gjöra vistarráð fyrir skemmri tíma, neyddust menn framvegis til allajafna að gjöra vistarráðin fyrir heilt ár. Reyndar hefir alþingitekið fram, að tilgangurinn ekki væri sá að haggja venju þeirri, sem sè í verzlunarstöðunum; en það verður eigi sèð hvernig hún fái staðizt við hliðina á ákvörðun þeirri, sem hèr er um rætt, og er henni því sleppt úr hinu nýja frumvarpi. Þar eð alþingi hefir látið það álit í ljósi, að ekki þurfi neina uppsögn til að slíta vistarráðum, heldur falli þau af sjálfum sèr úr gildi, ef þau ekki séu endurnýjuð, þá hefir niðurlag greinarinnar verið orðað þessu samkvæmt, og leiðir af þessu, að 31. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar fellur burt.

Um 3. og 4. gr.

Þessar greinir eru öldungis samhljóða 3. og 4. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, og hefir alþingi fallizt á þær.

Um 5. gr.

Þessi grein er í aðalatriðunum samhljóða tilsvareandi grein í frumvarpi alþingis; hún er byggð á gamalli venju, og miðar til að veita húsbóndanum forgöngurjett til að halda í vist hjá sèr með nýjum samningi því hjúi, sem þegar er til hans komið. Orðabreytingar þær, sem gjörðar eru á greininni, eru einkum til þess

að taka af þann vafa, sem grein alþingis gæti gefið tilefni til um það, hvort ákvörðunin einnig ætti við um þau vistarráð, sem gjörð eru um skemmri tíma en vanalegt er; en það virðist eigi geta hafa verið tilgangur þingsins.

Um 6. gr.

Að fáeinum orðabreytingum uudanskildum er einnig þessi grein samhljóða frumvarpi alþingis og mælir það með breytingu þeirri, sem þingið hefir gjört á þessari grein í stjórnarfrumvarpinu, að ákvörðunin á þann hátt verður einfaldari.

Um 7.—11. gr.

Ákvarðanirnar í þessum greinum eru einar af þeim, þar sem alþingi í frumvarpi sínu einna mest hefir fjarlægzt frumvarp stjórnarinnar, með því þingið, einkum til að gjöra allt málefnið óbrotnara, hefir leitast við að búa til almennari reglur bæði um rétt húsbónda og hjús, hvors fyrir sig, til að ripta vistarráðum áður en hjúið fer í vistina, og *einnig* um afleiðingarnar af vistarrofum, og á, eptir álitu alþingis, að ákveða þær afleiðingar á sama hátt hvort sem vistarráðum er riptað áður en hjú fer í vist eður ekki fyrri en það er komið í vistina.

Um hið fyrra atriðið eru ákvarðanir þingsins í 7. og 9. grein í frumvarpi þess, og er stungið upp á að þær komi í staðinn fyrir ákvarðanirnar í 7., 13. og 14. grein stjórnarfrumvarpsins; eru þær byggðar á þeirri grundvallarreglu, að það sé *allajafna* (þó með nokkrum undantekningum sbr. frumv. alp. 7. gr. 2. a., og 9. gr. 3) einungis í þeim tilfellum, þegar hjú gjörir eitthvað á hluta húsbónda síns tilkomanda, eður hann á hluta hjúsins, að þau hvort fyrir sig hafi rétt til að ripta vistarráðunum, en þar á móti skuli það, sem annaðhvort þeirra kunni hafa brotið móti öðrum, eigi koma til greina, sem ástæða til að ripta vistarráðum. Á þessu eru einkum byggðar ákvarðanirnar í 7. gr. 1., og 2. c; og í 9. gr. 1. En þessar ákvarðanir virðast vera fremur óheppilegar. Einkum ber þess að geta, að reglan í 7. gr. 1. er svo óákveðin, að hún í daglegu lífi hæglega gæti gefið tilefni til þráfaldlegra miskliða, og og var því nauðsynlegt að breyta henni svo, að það yrði ljóst, að húsbóndi að eins hefir rétt til að ripta vistarráðunum fyrir vöntun *þeirrar* kunnáttu hjá hjúinu, sem hann áskildi, þá er hann ræði það til sín, og sem það með þorum orðum kvaðst hafa til að bera,

eður sökum þeirra ókosta, sem það, þá er það vistaðist, með berum orðum hefir neitað að hafa. Í sambandi við þetta virðist eiga að ákveða, að ef hjúið kemur fram með falsaða vitnisburði, þá skuli það hafa sömu afleiðingar; því þó vitnisburðabækur, eins og alþingi segir, ekki tíðkist á Íslandi, þá er regla þessi samt sem áður eigi óþörf, með því hjúavitnisburðir á lausum blöðum engan veginn eru þar óþekktir, og geta að minnsta kosti orðið þar tíðkanlegir. Einnig virðist vera fullkomlega næg ástæða til, þó alþingi hafi aðra skoðun, að taka í lagaboðið 7. gr. 4. í frumvarpi stjórnarinnar, að minnsta kosti á þann hátt, að þessi ákvörðun sé sett í samband við ákvörðunina í 2. tölul. b. í samsvarandi grein í frumvarpi alþingis, og ber það að athuga í þessu tilliti, að þó sjúkdómur sá, sem einkum er átt við í tölulið þessum, og í 10. tölulið í 32. gr. í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, að vísu sé mjög sjaldgæfur á Íslandi, getur hann samt sem áður komið þar fyrir og hefir einnig fyrrum flutzt þangað; þar við bætist að orðin einnig eiga við um holdsveiki, sem er innlendur sjúkdómur á Íslandi. Það tilfelli, sem um er rætt í 7. grein 2. tölul. c í frumvarpi alþingis, að hjúið gjöri sig bert að illri breytni við húsbónda sinn tilvonanda, náunga hans eður heimafolk, er vissulega svo sjaldgæft, og svo ólíklegt að það muni fyrir koma, að það virðist ekki að eins óþarft, heldur jafnvel fjarstætt að hafa um það ákvörðun í lagaboðinu; því fyrst og fremst verður eigi gjört ráð fyrir, að hjúið að jafnaði muni fá tækifæri til að hafa mikil viðskipti við húsbóndann eður heimafolk hans, áður en það er komið í vistina, og í annan stað er það með öllu ótrúlegt, að hjúið mundi nota tækifærið, þó það einstöku sinnum kynni að bjóðast, til að sýna illt af sér við tilvonanda húsbónda sinn; með því hjúinu miklu fremur hlýtur að vera annað um að sýna honum sig í sem beztum búningi. Það sem hér er sagt, á einnig yfir höfuð við um það tilfelli, sem um er rætt í 1. tölul. í 9. gr. í frumvarpi þingsins. Hvað þessu næst viðvíkur því tilfelli, sem um er rætt í 2. tölul. í sömu grein, ber þess að geta, að í 14. grein hins eldra stjórnarfrumvarps var ákveðið, að hjúi eigi skuli skylt að fara í vistina, ef húsbóndi hafi afráðið að flytja í næstu fardögum burt úr sýslu þeirri, sem hann bjó í, án þess að ráðgjöra það við hjúið þá er hann ræði það til sín (og þar að auki ákveðið, að hann skuli greiða hjúinu hálf kaup og matarverð til fardaga, ef hann flytji af landi burt); en nú hefir alþingi haldið að þessi ákvörðun mundi jafnvel geta leitt til þess, að hjúi ekki

sè skylt að fara í vist til húsbónda til næsta bæjar, ef honum hefði yfirsést að áskilja það við hjúið, en að þessi regla eigi ekki við á Íslandi. En stjórnin verður að vera á því, að þó ef til vill réttast sè að sleppa þeirri ákvörðun, að skylda hjúsins til að fara í vist til húsbóndans sè einskorðuð við veru hans innan takmarka sýslunnar, þá gæti á hinn bóginn sú ákvörðun orðið mjög ósanngjörn við hjúið eptir víðáttu landsins, að það skilyrðislaust væri skylda þess að fara til húsbónda, hvert svo sem hann flytti á Íslandi. Konungsfulltrúi hefir og tekið fram, að slík ákvörðun varla mundi samkvæm þeirri réttarmeðvitund, sem um þetta efni er á Íslandi, og að hjúið með þessu móti alloft gagnstætt vilja sínum mundi fjarlægjast foreldra og vandamenn, og ef húsbóndinn dæi einatt komast í vandræði og standa uppi hjálparlaust; hefir hann því haldið að setja ætti að eins »amt« í staðinn fyrir »sýslu«, og verður stjórnin að fallast á þetta.

Alþingi hefir ekki fært neinar ástæður fyrir ákvörðun þeirri, sem er í 3. tölul. í 9. grein í frumvarpi þess; og virðist þó hafa verið því fremur ástæða til þess, sem sú ákvörðun eigi er samkvæm þeirri grundvallarreglu þingsins, sem áður er getið, að einungis það, sem húsbóndi og hjú gjöra *hvort á annars hluta* eigi að veita þeim, er óréttinn leið, rétt til að ripta vistarráðunum. Vera má, að álit manna á Íslandi hneigist að því, að hjú eigi að komast hjá að fara í vistina, þegar svo er ástætt, að málssókn er hafin móti húsbónda fyrir glæp, er hann hafi framið, með því hjúið gæti átt á hættu að dragast ef til vill á þann hátt inn í málið; en bæði er þetta tilfelli svo sérstaklegt, að ekki virðist vera nauðsyn á að hafa um það ákvörðun í lagaboðinu, og svo virðist varla heldur það atvik, að réttar-rannsókn er hafin móti húsbónda, eiga að gjöra hjúinu heimilt að ripta vistarráðunum, og á þann hátt stofna honum í þau vandræði, sem geta af því leitt að missa hjú á þeim tíma, er honum kann að vera það sem allra meinlegast, og það þó hann geti verið sykn af glæp þeim, sem hann er grunaður fyrir; virðist þetta því síður rétt vera, sem hjúið, hvorki eptir uppástungum alþingis, nè frumvarpi stjórnarinnar, ætti að hafa rétt til að fara úr vistinni, *eptir* að það er í hana komið, þó húsbóndi yrði sannur að sök um glæp.

Hvað því næst snertir afleiðingar af skilmálarofi milli húsbænda og hjúa, þá hafa alþingi þótt of margbrotnar ákvarðanir þær, sem um þetta efni eru í stjórnarfrumvarpinu, og fremur óhentugt að

ákvarðanir þessar væru á við og dreif hingað og þangað í laga-
boðinu; heldur þingið betra að setja um þetta almennar reglur á
einum stað og skýrskota til þeirra, þar sem við á í lögunum og
samkynja atvik bera að höndum. Eins og þegar er á vikið, hefir
þingið enn fremur látið í ljósi það álit, að ekki eigi að vera
ósaknæmara fyrir húsbónda eður hjú að rjúfa vist áður en hjúið
er komið til húsbónda en síðar. Að vísu játar þingið, að opt megi
svo ráð fyrir gjöra, að hjú og húsbóndi hvort um sig eigi hægra
með að bæta sér vistartjónið, sè vistin rofin áður en hjúið kemur
í vistina; en eptir þingsins áliti á ekki þetta að koma til greina,
með því vistarrof miklu fremur einmitt verði að álitast saknæmust,
þegar vistarráð sèu rofin áður en hjúið kemur í vistina, þar eð ekki
verði gjört ráð fyrir, að þá sèu neinar þær ástæður, er mæli slíku
bót, þar sem húsbóndi og hjú enn ekki eru farin að eiga neitt hvort
við annað að skipta, og eigi því hjer við hinar fyllstu bætur fyrir
vistarrof. Að vísu getur það nú á stundum leitt til nokkurrar ósann-
girni, að leggja svo stranga þýðing í hjúasamninga, sem alþingi
þannig hefir gjört, með því eptir þessu ekki verður haft neitt til-
lit til þess, hvernig ástatt er í hverju tilfelli, svo sem ætlazt var
til í stjórnarfrumvarpinu; svo er hlutaðeigendum og eptir uppá-
stungum þingsins lögð á herðar miklu þyngri skylda til að greiða
skaðabætur en eptir stjórnarfrumvarpinu; og getur sú skylda opt
orðið mjög þungbær einkum fátæku hjúi; en á hinn bóginn hefir
ákvörðun alþingis þann kost til að bera, að hún er einföld, og
hægt að koma henni við í samanburði við ákvarðanirnar í frumvarpi
stjórnarinnar, og þetta atriði skiptir svo miklu, einkum með tilliti
til hjúanna, að yfirgnæfandi ástæður virðast mæla fram með því,
að fallast á þær ákvarðanir, er að þessu lúta í frumvarpi alþingis.
Þó hefir ekki virzt rétt að setja í lagaboðið þá ákvörðun, er þingið
hefir stungið upp á, að hjú skuli, auk þess að missa vistina, bæta
húsbónda sem fyrir vistarrof, ef það ekki hefir þá kosti, er það
taldi sér til gildis, þá er það vistaðist, eða hefir leynt á sér ókost-
um; því slík ákvörðun væri að stjórnarinnar áliti of hörð fyrir hjúið.

Að öðru leyti ber þess að geta, að breyta hefir orðið 10. og
11. grein í frumvarpi alþingis, því eins og greinir þessar voru
orðaðar, höfðu þær enga almenna reglu um afleiðingarnar af því,
ef vistarráð eru ólöglega rofin, heldur miða ákvarðanir sínar við
einstök tilfelli; svo hefir og þótt réttast, að 12. grein í frumvarpi
alþingis, er snertir sérstaklegt tilfelli, sè ekki höfð sem grein út af

fyrir sig, heldur sè henni steypt saman við 8. grein, þar sem rætt er um skyldu hjúa að fara í vistina; á þessari síðarnefndu grein hafa og verið gjörðar fáeinar lítilfjörlegar orðabreytingar.

Um 12. gr.

Grein þessi er, að fáeinum orðabreytingum undanskildum, samhljóða 14. grein í frumvarpi alþingis.

Um 13. gr.

Grein þessi er að öllu samhljóða 16. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á þeirri breyting, að upphaf greinarinnar sè þannig: „Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og s. frv.“ og ætti þessi breyting að vera til þess að vekja athygli á, að nú komi í lögnum ákvarðanir þær, er við eiga eptir að hjúð er komið í vistina; en þar eð slíkar ákvarðanir þegar byrja í næstu grein á undan, með því þar er einnig rætt um það, sem getur fyrir komið eptir að hjú er komið í vistina, þá þótti ekki vera ástæða til að gjöra þessa breyting á greininni.

Um 14. gr.

Grein þessi er samhljóða 15. grein í frumvarpi stjórnarinnar, og einnig 16. grein í frumvarpi alþingis, nema að því leyti þingið hefir stungið upp á, að í niðurlagi greinarinnar sè höfð ákvörðun um, að hjúð hafi í protabúi húsbónda forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups næst löglegum veðskuldum. En með því stjórnin verður að álíta, að það eigi bezt við, að reglan um forgöngurètt þann, sem hjúð kynni eiga að hafa í protabúi húsbónda, komi síðar í lagabodinu, eins og var í hinu eldra stjórnarfrumvarpi, þá mun þess síðar getið í athugasemdunum um 30. grein, sem taka þarf fram um þetta atriði.

Um 15. gr.

Þessi grein er að öllu samhljóða 17. grein í frumvarpi stjórnarinnar og alþingis.

Um 16. gr.

Grein þessi er tekin óbreytt eptir 18. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar. Að vísu hefir alþingi stungið upp á, að

greininni sé breytt, og að hún komi á öðrum stað í lagaboðinu, verði 13. grein og hljóði þannig: »Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefji«. En hinn fyrri kafli greinar þessarar virðist vera óþarfur, með því það er vita-skuld, að hjú ekki getur sett annan fyrir sig án samþykkis húsbónda. Þetta leiðir einnig af ákvörðuninni í síðara kaffa greinarinnar; því þegar hjúinu er bannað að fá annan til að gegna einstökum verkum fyrir sig, þá má það því síður láta annan vinna allt, sem það á að vinna. Varla verður heldur fallizt á ákvörðunina í niðurlagi greinarinnar; því þó einhverjar þær orsakir, sem hjúíð eigi getur að gjört, banni því að gegna verkum sínum, þá virðist það samt sem áður vera sjálfsgagt, að samþykki húsbónda eigi að þurfa til þess, að hjúíð megi láta annan vinna verk þessi.

Af þessum orsökum þótti ekki ástæða til að breyta þeirri grein stjórnarfrumvarpsins, sem hér er um rætt, og eigi heldur að flytja hana á annan stað í greinaröðinni.

Um 17. gr.

Í þessa grein eru teknar ákvarðanirnar úr 18. og 21. gr. í frumvarpi alþingis, og að eins gjörðar nokkrar orðabreytingar til að gjöra ákvarðanir þessar skiljanlegri.

Um 18. gr.

Grein þessi samsvarar að öllu 19. grein í frumvarpi alþingis; að eins ber þess að geta, að auk dálitillar orðabreytingar, hefir verið gjörð sú breyting á greininni, að hæsta stig sektarinnar fyrir móþróa og áreitni í verkum er látið vera 50 rd. í staðinn fyrir 30 rd. með tilliti til þess, að alþingi hefir stungið upp á, að sleppt væri þeirri hinni líkamlegu refsing, sem ákveðin er í 21. grein í stjórnarfrumvarpinu, og þótti mega fallast á þessa uppástungu þingsins.

Um 19. gr.

Þessi grein er tekin óbreytt eptir 22. grein í hinu eldra stjórnarfrumvarpi. Viðvíkjandi grein þessari hefir alþingi (sjá 20. grein í frumvarpi þess) stungið upp á mjög verulegri breyting, með því það hefir viljað veita húsbónda rétt til að beita húsaga við hjúíð án tillits til aldurs »fyrir illyrði þess eður áreitni í verki«, þó skuli

hann hvorki misbjóða því, nè heldur misþyrma, svo að það bíði meiðsli af; þar að auki hefir þingið stungið upp á, að ef húsbóndi refsar hjúi fyrir engar sakir, eður fyrir aðrar sakir, en nú var getið, þá skyldi það metið, sem við vandalaus gjört væri.

En eptir álit stjórnarinnar verður með engu móti fallizt á þessa uppástungu alþingis. Það má álíta ótilhlýðilegt og gagnstætt hugsunarhætti þessa tíma, að hjú sæu háð húsaga, sem orðin eru fullorðin og uppeldi þeirra lokið, og hafa ef til vill verið í þeirri stöðu, að þau hafa átt með sig sjálf, og hafa börn sín hjá sér til uppfósturs, og varla getur hjá því farið, þó alþingi fullyrði hið gagnstæða, að almenningsálitið á Íslandi mundi verða því mótfallið að veita húsbændum svo yfirgripsmikið vald til að viðhafa húsaga; þetta virðist og hvorki vera nauðsynlegt nè hagfelld til að ráða við vond hjú. Að vísu hefir þingið, svo sem áður er á vikið, viljað takmarka húsagann á þann hátt, að hann skuli viðhafður án þess, að hjúinu sè misboðið nè heldur misþyrmt svo það bíði meiðsli af. En auk þess að húsbóndanum með þessu er beinlínis veitt heimild til að misþyrma hjúinu, ef hann að eins gjörir það á þann hátt, að það ekki bíður meiðsli af, þá er þessi takmörkun yfir höfuð þýðingarlitil, þar eð engin hegning er við því lögð, ef húsbóndi fer lengra en honum eptir þessu er leyfilegt, með því hann að eins ætti að sæta hegningu eptir 2. kafla greinarinnar, ef hann refsar hjúi annaðhvort fyrir engar sakir, eður aðrar sakir en illyrði eður áreitni í verki. Á hinn bóginn virðist að öllu leyti eðlilegt, að húsbónda sè veittur yfirgripsmeiri réttur til að beita húsaga við hjú, sem er á þeim aldri, að uppeldi þess ekki er lokið, með því hann, þegar svo er, er í stað foreldra; virðist því engin ástæða til, svo sem alþingi hefir stungið upp á, að einskorða húsagann með tilliti til þessara hjúa við þau tilfelli, þegar þau hafa í frammi við húsbóndann sjálfan illyrði eður áreitni í verki, heldur virðist og að húsaga eigi að mega beita við þau í öðrum tilfellum, t. a. m. fyrir óhlýðni, þrjúzku, varmennsku o. s. frv. Konungsfulltrúi hefir og í álitsskjali sínu um uppástungu alþingis látið í ljósi áþekka skoðun þeirri, sem hér hefir verið frá skýrt.

Um 20.—24. gr.

20., 21., 22., og 24. grein eru teknar óbreyttar eþfir 22., 23., 24. og 26. grein í frumvarpi alþingis, sem aptur að öllu eru samhljóða 25., 24., 26. og 28. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnar-

innar. En hvað snertir 23. grein, þá hefir stjórnin fremur kosið 27. grein í hinu síðarnefnda frumvarpi, heldur eu 25. grein í frumvarpi alþingis; þó er bætt við »eður þeim mönnum« á eptir »sveit« og er það samkvæmt grein alþingis. Það virðist sumse réttara, eins og er í frumvarpi stjórnarinnar, að það sé tekið fram sem almenn regla í lögnum, að samningur um, að vistinni skuli lokið vegna sjúkdóms, ekki sé skuldbindandi fyrir hjúið, og þar sem alþingi hefir til fært sem ástæðu fyrir breyting þeirri, er það stakk upp á, að menn eigi að reyna að girða fyrir að húsbóndi gjöri hjúinu svo harða kosti, að það neyðist til að fara í burtu, þá virðist sú ástæða vera þýðingarlaus, þar eð húsbóndi ekki getur sett hjúinu aðra eður harðari kosti en lög heimila.

Um 25. gr.

Stjórninni hefir virzt ástæða til að fallast á 27. grein í frumvarpi alþingis, þó með orðabreyting til þess að gjöra regluna skilmerkilegri. Að vísu má óttast fyrir, að ákvörðunin um endurgjaldsskyldu þeirrar sveitar, þar sem hjúið á framsærslurétt, muni gefa tilefni til miskliðar milli hreppanna innbyrðis, en samt sem áður hefir stjórnin ekki viljað hafna uppástungu alþingis, er það hefir fallizt á í einu hljóði, um slíkt atriði, sem hér er un rætt.

Um 26. gr.

Í grein þessari eru 1.—7. tölul. samhljóða 2.—8. tölul. í 28. grein í frumvarpi alþingis, nema að því einu leyti, að ísjárvert þótti að hafa í 1. tölulið »rógi« við hliðina á »illyrðum« við húsbóndann. Einnig er 8. og 11. töluliður að efninu til samhljóða 1. tölul. í greininni í frumvarpi alþingis; einungis þótti miður vel tilfallið að vitna til annarar greinar á undan, og virtist réttara að taka berlega fram hvað það væri, er ætti að hafa í för með sér afleiðing þá, sem greinin um hljóðar. Frumvarp alþingis hefir engar ákvarðanir er svari til 9. og 10. töluliðs; en ákvarðanir þessar voru í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar, og hefir hér að framan við 7.—11. grein verið skýrt frá, hvers vegna ekki virðist eiga að sleppa þeim úr lögnum.

Um 27. gr.

Viðvíkjandi þessari grein skal þess getið, að þar sem hjúið eptir 33. grein í stjórnarfrumvarpinu að eins átti að missa kaup

fyrir það, sem eptir var vistartímans, ef það var rekið úr vist fyrir einhverjar þær orsakir, sem taldar eru í næstu grein á undan, þá hefir alþingi aptur á móti, samkvæmt áðurgreindri grundvallarreglu, sem fyrirkomulagið á 11. grein er byggt á, viljað að hjú, þegar svo er ástatt, skyldi eiga að greiða húsbónda jafnmikið og hann hefði átt að gjalda því í kaup, þó með þeirri nákvæmari ákvörðun, að hjúinu beri kaup, eptir því sem tveir óvilhallir menn undir eiðstilboð meta fyrir þann tíma, sem það hefir unnið í vistinni. Eins og frá er skýrt í athugasemdum við 7.—11. grein hér að framan, virðist nú stjórninni að visu ekki vera næg ástæða til að hafna að öðru leyti uppástungum alþingis í greindu tilliti; en þó virðist eigi ákvörðunin um mat tveggja óvilhallra manna vera hagfelld. Reyndar verður því eigi neitað, að verið getur að vinna hjúsins ekki sé húsbóndanum jafnmikils virði á öllum tímum árs; en bæði er ómögulegt að búa til sérstaklegar reglur um þetta, enda virðist það og auðveldlega geta leitt til gjörræðis, að álit tveggja óvilhallra manna sé hér látið skera úr málum. Þaraðauki vantar í frumvarp alþingis ákvörðun um, hver eigi að taka til menn þessa; og ef sýslumaður ætti að gjöra það, svo sem að líkindum hefir verið til ætlazt, þá yrði því samfara nokkur kostnaður. Eigi verður heldur betur séð, en að mennirnir sjálfir yrðu að fá borgun fyrir starfa sinn, en um það vantar einnig ákvarðanir þær, sem þörf er á. Það virðist því vera eðlilegast og einfaldast, að hjúnið sé látið fá vissan part af umsömdu kaupi, að rættir tiltölu við þann tíma, sem það er búið að vinna í vistinni; þessa reglu virðist og alþingi hafa aðhyllzt, þegar svo er ástatt að hjú deyr á vistartímanum, smbr. niðurlag 24. greinar í frumvarpi alþingis. Samkvæmt þessum athugasemdum hefir nú greinin verið samin, og er einnig tekin í hana ákvörðunin úr 32. grein í frumvarpi alþingis; og virtust ákvarðanirnar á þann hátt verða skilmerkilegri.

Um 28. gr.

Grein þessi er að öllu samhljóða 30. gr. í frumvarpi alþingis og 34. grein í frumvarpi stjórnarinnar.

Um 29. gr.

Að undanskildum nokkrum orðabreytingum, er litlu skipta, er grein þessi samhljóða 31. og 33. grein í frumvarpi alþingis, og

virtist einnig skilmerkilegra að steypa þeim tveim greinum saman í eina grein.

Alþingi þótti þurfa að hafa í lagaboðinu ákvörðun um, hvernig að skuli farið, ef hjú er vistráðið til næsta árs á eptir, og hjú eður húsbóndi riptar vistarráðunum áður en hið nýja vistarár byrjar, og eru því ákvarðanir um þetta í 34. grein í frumvarpi þingsins. En með því ekki er torvelt að leiða reglurnar um þetta sérstaklega tilfelli út af hinum almennu ákvörðunum laganna og greinin er mjög flókin og eigi auðskilin alþýðumönnum, einkum sökum hinna mörgu tilvitnana til annara ákvarðana í lögnum, þá hefir þótt réttast að sleppa henni úr frumvarpinu.

Um 30. gr.

Grein þessi er tekin að öllu óbreytt eptir 38. grein í frumvarpi stjórnarinnar. Þess er þegar getið við 14. grein frumvarpsins hér að framan, að stjórnin álití, að hafa ætti síðar í frumvarpinu ákvarðanirnar um forgöngurètt hjús í protabúi húsbónda, en alþingi vildi þar á móti hafa regluna um þetta sem niðurlagsákvörðun í 16. grein í frumvarpi þingsins. Alþingi hefir og viljað veita hjúi forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups »næst löglegum veðskuldum«, og fært það til, að þingið hvorki álití að D. L. 5—14—37 í heild sinni, nè opið bréf 23. júlím. 1819, sè lögleitt á Íslandi. En stjórnin verður að álíta, að nefnd grein í hinni dönsku lögþók sè beinlinis gildandi regla á Íslandi um skuldaröð í protabúum, og að engin ástæða sè til að raska henni á þann hátt, sem alþingi hefir stungið upp á; að hinu leytinu virðist og stjórninni sanngjarnt, að hjúið hafi forgöngurètt til matarverðs fyrir eitt ár.

Um 31.

Þessi grein er einnig tekin óbreytt eptir 39. gr. hins eldra stjórnarfrumvarps. Að vísu hefir alþingi í 35. grein frumvarpsins stungið upp á, að bætt væri við greinina þessari ákvörðun: »og skal sá, er fjárnámið gjörir, ásamt með tveim skilríkum mönnum, er hann með sèr kveður, leggja út skuldina í þeim gjaldgengum aurum, sem húsbóndi vill helzt án vera«; en engin ástæða þykir vera til að setja sérstaklegar reglur um fjárnám það, sem hér er umrætt, heldur virðist í því efni eiga að fara eptir hinum almennu ákvörðunum í opnu bréfi 2. aprílm. 1841.

Um 32. og 33.

Þessar greinir eru að öllu samhljóða 36. og 37. grein í frumvarpi alþingis, en þær eru aptur orðrættar eins og 40. og 42. grein í hinu eldra frumvarpi stjórnarinnar.

II. Frumvarp

til tilskipunar um sáttatilaun m. m. í málum er rísa út af deilum millum húsbænda og hjúa á Íslandi.

1. gr.

Til þess að miðla málum milli húsbænda og hjúa í deilum, er rísa útaf skyldum þeirra og réttindum, skal í hverjum hrepp skipuð nefnd 3 valinkunnra manna, er í hreppnum búa. Nú eru í einhverjum hrepp ekki til 3 menn, er hæfir sæu til að takast á hendur starfa þenna, þá skal leggja mál þau, er koma fyrir í þeim hrepp, undir nefnd þá, sem skipuð er í einhverjum hrepp í grennd.

2. gr.

Nefndarmenn skulu kosnir af hreppsþændunum á manntalsþingum og stýri sýslumaður kosningunni. Svo skal og kjósa einn nefndarmann til vara, og gangi hann í nefndina þegar einhver af nefndarmönnum gengur úr eða fallast. Það skal vera almenn regla að enginn má skorast undan kosning ef hann er yngri en sextugur. Kosið skal til 6 ára og er enginn skyldur að taka móti nýrri kosning fyrri en 6 ár eru liðin frá því hann fór úr nefndinni.

Nú þykist maður hafa gildar ástæður til að skorast undan kosning, þá skal hann innan 3 vikna skýra sýslumanni frá ástæðum sínum, og sker hann úr, hvort hann eigi að losast við kosning eður ekki. Ef maður vill fara úr nefndinni, þá sker sýslumaður einnig úr, hvort hann eigi rétt á því. Í báðum tilfellunum má skjóta ákvörðun sýslumanns til amtmanns, og leggur hann þá síðasta úrskurð á málið. Nú þarf að skipa mann í nefndina um ákveðinn tíma eður í einstöku máli, annaðhvort af því, að einhver hefir gengið úr eða er fatlaður, og skal þá sýslumaður nefna mann til þess. Ef sýslumaður álitur að eitthvað hafi fyrir komið, er gjöri að verkum, að einhver nefndarmaður eigi ekki lengur að vera í nefndinni, á hann að gjöra uppástungu til amtmanns um, að þeim manni verði vikið frá.

Ef einhver nefndarmaður á sjálfur í máli, er heyrir undir nefndina, eður foreldrar hans, afkvæmi eður systkyni, eður jafn-nátengdir, þá vikur hann úr nefndinni í því máli.

3. gr.

Nefndin kys sjálf oddvita sinn. Hún á að hafa gjörðabók, er keypt skal á kostnað hreppssjóðsins og löggilt af sýslumanni.

Oddviti nefndarinnar stjórnar gjörðum hennar og ritar í gjörðabókina það er bóka skal.

4. gr.

Hið fyrsta skipti, er nefndarmaður tekur sæti í nefndinni, skal hann rita í gjörðabók nefndarinnar og nafn sitt þar undir, svo látandi eið:

»Eg N. N., sem er kosinn í nefnd þá, sem skipuð er í N. N. hrepp til að leita um sættir m. m. í málum, er rísa út af deilum millum húsbænda og hjúa, sver það heiti, að eg skuli af fremsta megni og eptir beztu samvizku gegna þeirri köllun, er lög leggja mér á herðar sem nefndarmanni.

Svo sannarlega hjálpi mér guð og hans heilaga orð.» Þenna eið skal einnig sá rita í bókina, og nafn sitt undir, sem skipaður er í nefndina um ákveðinn tíma eður í einstöku máli (2. gr.).

5. gr.

Undir nefndina eiga ekki önnur mál en þau, sem kærð eru fyrir henni meðan húsbóndi og hjú eru saman, eður að minnsta kosti eru í sama hrepp.

6. gr.

Sá, sem hefir mál að kæra fyrir nefndinni, skal bera mál sitt upp annaðhvort skriflega eður munnlega fyrir oddvita, en hann gefur þá út kæruskjal til ákveðins staðar og tíma; skal oddviti fá kærandanum kæruskjalið, en hann skal sjá um að það sé með stefnuvottunum birt hinum kærða með 4 daga fresti. Nú á málið undir nefnd í öðrum hrepp í grennd, eptir því, sem ákveðið er í niðurlagi 1. greinar, þá skal kæruskjalið birt með 8 daga fresti.

7. gr.

Á fundinum, sem haldinn skal að lokuðum dyrum, á nefndin að leita um sættir milli málspartanna. Komist á sætt, skal bóka hana og þeiga báðir málspartarnir og nefndin að rita nöfn sín þar

undir. Nefndin skal þar næst gefa hverjum málspartanna, er óskar þess útskrift af sættinni undir hendi sinni og innsigli. Slíkri sætt skal mega fullnægja með fjárnámi eins og fullnaðardómi.

Komist ekki sætt á, skal málspörtunum heimilt, ef þeir koma sér saman um það, að leggja málið í gjörð nefndarinnar, og skal hún þá innan 3 sólarhringa kveða upp á rökum byggða gjörð í málinu eptir gögnum og skilríkjum; skal sú gjörð hafa sama gildi sem sætt fyrir nefndinni; skal bóka hana eins og fyr segir, og skal nefndin láta birta hana fyrir málspörtunum ef þeir eigi hafa frá fallið birtingu.

Komi fram atriði fyrir nefndinni frá annarshvors málspartanna hálfu, er eigi hafa verið fölgín í kæruskjalinu, og komist á sætt eður gjörð, skal ekkert vera því til fyrirstöðu, að sættin eður gjörðin, ef annarhvor málspartanna krefst þess, nái einnig yfir þau atriði.

Komist hvorki sætt á, nè málið sè lagt í gjörð, skal rita það í bókina og út gefa vottorð þar um, og að málinu sè vísað til lands laga og réttar.

8. gr.

Málspörtunum ber að mæta sjálfum fyrir nefndinni. Sá sem eigi mæti sjálfur að forfallalausú skal, ef málið fer í dóm, dæmast til að greiða málskostnaðinn og í sekt fyrir óþarfa þrætu 1—5 rd. án tillits til úrslita málsins að öðru leyti.

9. gr.

Mæti kærandinn, en hinn kærði ekki, skal gefa kærandanum vottorð um, að hann hafi kært málið, og má hann þá þegar framfylgja málinu til dóms, og ber að dæma hinn kærða í útlát eptir ákvörðuninni í 8. grein, geti hann eigi sannað lögleg forföll, er hafi hamlað honum frá að koma á fundinn.

10. gr.

Meðan nefndin eigi hefir leitað um sætt í þeim málum, er undir hana heyra, eða kærandinn ekki hefir gætt þess, sem honum ber, til þess að slík sáttatilaun sè gjörð, má eigi taka málið fyrir við réttinn til dómsúrlausnar, heldur skal þá dómariinn í embættisnafni frá vísa málinu.

Sè þess þar á móti gætt, sem sagt hefir verið um sáttatilaun

þá, sem hér er fyrirskipuð, fellur sú sáttatilaun burt, sem nú er lögboðin fyrir lögreglurættinum.

11. gr.

Að öðru leyti skal í málum þeim, sem hér er um rætt, hvað sáttatilaunina snertir farið eptir ákvörðunum þeim og reglum, sem gilda um sáttatilaunir í málum, sem kærð eru fyrir hinum almennu sáttanefndum.

12. gr.

Kostnaðurinn í málum, sem kærð eru fyrir nefnd þeirri, sem hér er um rætt, er hinn sami sem í málum, er fyrir sættanefnd ganga. En sé málið lagt í gjörð nefndarinnar, þá ber henni enn fremur 1 rd., og skulu málspartarnir, ef eigi er öðruvísi um samið, greiða sinn helminginn hvor.

Greiða skal nefndarmönnum ferðakostnað eptir aukatekjureglu-gjörð 10. septemberm. 1830, 63. gr.; þenna kostnað skal kærandi ætíð greiða fyrirfram, og skal hinum kærða aldrei gjörast að endurgjalda meira, en helming þess kostnaðar, þó honum annars verði gjört að greiða málskostnaðinn.

13. gr.

Tilskipun þessi gildir eigi fyrir Reykjavík, Akureyri nè nokkurn annan verzlunarstað, sem kynni að verða gjörður að lögsagnarumdæmi sér, og eigi heldur fyrir Vestmannaeyjar.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Í 40.—51. grein í frumvarpi til íslenzkra hjúalaga, er nefnd sú bjó til, sem skipuð var í Reykjavík árið 1855 meðal annars til að semja slíkt frumvarp, eru uppástungur um að stofna sérstaklegar sáttanefndir til að fást við hjúamál á Íslandi, og ítarlegar ákvarðanir um fyrirkomulag og ætlunarverk nefnda þessara. En í frumvarpi til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er samið var eptir og byggt á uppástungum nefndarinnar, og borið undir álit alþingis árið 1861, voru ekki neinar ákvarðanir um stofnun slíkra hjúanefnda, og í ástæðunum fyrir frumvarpinu var gjörð grein fyrir,

hvers vegna þá þótti óráðlegt að stofna þær, og var í því tilliti einkum tekið fram, að hjúamál yfir höfuð komi sjaldan fyrir á Íslandi; að þá sjaldan hlutaðeigendur þurfa að láta slík mál ganga til dóms og laga, hafi löggjafið séð svo fyrir, að dómendurnir geti gjört út um þau án mikillar fyrirhafnar eður mikils kostnaðar fyrir þá, er hlut eiga að máli; að vafasamt sé, þegar ræða er um hina minni hreppana, þar sem ef til vill eru að eins 7 eður 8 húsfeður, hvort unnt sé, við hliðina á þeim sáttanefndum, sem nú eru, að finna í hverjum hreppi 3 menn, er færir séu um að taka að sér starfa þenna, og að sú byrði, sem með þessu móti yrði lögð hreppsþúum á herðar, yrði tilfinnanleg.

Í bænarskrá, dagsettri 19. ágústm. 1861, hefir samt alþingi farið fram á, að lagt verði fyrir næsta þing frumvarp til laga um hjúanefndir á Íslandi, byggt á grundvallarreglum Reykjavíkurnefndarinnar um þetta mál. Til styrkingar þessu hefir alþingi einkum tekið það fram, hversu torvelt sé og kostnaðarsamt að leita réttar síns við dómstólana í hjúamálum, er optast nemi litlu verði, einkum í þeim sveitum, er liggja langt frá bústað hlutaðeiganda sýslumanns, með því gjöra megi ráð fyrir, að borgunin fyrir ferðalög hans, þingvitnaleiðslu og önnur umsvif, nemi langlum meiru, heldur en það, sem ætla má að þrætan geti verið um, og að af því leiði að hlutaðeigendum, einkum fátækum hjúum, í raun og veru muni afskerast aðgangur til að ná rétti sínum; mál þau, sem hér er um rætt, séu og þess eðlis, að þau krefji fljót og greið úrslit, ef lögin eigi að ná fullri þýðing, en slíkt geti eigi átt sér stað, ef málunum skuli framfylgja við hina vanalegu dómstóla, sökum þess, sem nú hefir sagt verið um, hversu örðugt er að ná til sýslumanns, er þaraðauki geti af öðrum embættisönnum verið hindraður frá að snúast við slíkum málum svo fljótt, sem þörf krefur. Þingið álitur því, að þar sem sú hafi orðið raun á, að mál milli húsbænda og hjúa hafi sjaldan komið fyrir, þá hafi þetta að miklu leyti komið til af því, hversu örðugt og kostnaðarsamt er að framfylgja málunum, en engan veginn af hinu, að ekki hafi verið nóg miskliðarefni, og að því síður verði gjört ráð fyrir þessu framvegis, þegar hin nýju hjúalög séu búin að fá gildi, með því meðvitundin um skyldur og réttindi húsbænda og hjúa þá hljóti að verða skýrari.

Þar eð fram kom á alþingi almennt og eindregið álit manna fyrir stofnun nefnda þeirra, sem hjer er um rætt, þá hefir það verið stjórninni hvöt til að láta að ósk þingsins í þessu tilliti svo

sem unnt er, og hefir því verið samið, til að leggja fyrir alþingi það, er haldið verður þetta árið, frumvarp til tilskipunar um sáttatilaun með meiru í deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi.

Með því nú alþingi bað um, að lagafrumvarp það um þetta efni, er lagt yrði fyrir þingið, yrði byggt á grundvallarreglunum í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, þá áleit stjórnin réttast, þegar búið var til frumvarp það, sem hér er að framan, að fara sem næst eptir ákvörðunum þeim, er nefnd þessi stakk upp á; þó er eitt atriði í frumvarpi nefndarinnar, sem stjórnin með engu móti gat fallið á, en það er ákvörðunin í 49. grein frumvarpsins, er lýtur að því, að þegar búið sé að vísa málinu til lands laga og réttar og kærandi vilji halda málinu til dóms, þá skuli hjúamálanefndin, ef kærandi beiðist þess á fundinum, semja greinilega skýrslu um kröfur málspartanna og málavexti, og senda hana sýslumanni ásamt kæruskjalinu, vottorðinu um að málinu sé vísað til lands laga og réttar og öðrum skýrteinum, er snerta málið; og skuli þá sýslumaður eptir þessum gögnum og skilríkjum kveða upp dóm í málinu. Því að vísu yrðu á þenna hátt hjúamál leidd til lykta fljótar og með minni kostnaði en nú, en á hinn bóginn mundi vafalaust þessi aðferð gjöra það að verkum, að málin yrðu eigi eins vel upplýst og undirbúin. Einkum virðist sú ákvörðun veita kærandanum allt of mikið vald yfir málinu, að hann að hinum málspartinum fornsparðum (og þá einnig þó hann mæli móti því), skuli geta heimtað að við sé höfð hin sérstaklega aðferð, sem um er rætt í greininni. Ef málið t. a. m. væri þess eðlis, að þörf væri á að skýra það með vitnaleiðslu, þá væri hinum kærða fyrir- munað þetta, ef sú málsmæðferð, sem hér er stungið upp á, væri viðhöfð. Að vísu er ákveðið í 45. grein í frumvarpi nefndarinnar, að báðir málspartar skuli koma á sáttafundinn með gögn sín og skilríki, *að því leyti þeim er auðið*, þau er þeir vilji byggeja á rétt sinn, og í 49. grein — eins og þegar er um getið — að hjúamálanefndin skuli semda sýslumanni skýrslu um kröfur málspartanna og málavexti, ásamt með kæruskjali, vottorðinu um að málinu sé vísað til lands laga og réttar og öðrum skýrteinum, *er snerta málið*; en í þessu liggur varla nein heimild fyrir nefndina til að yfir- heyra vitni, enda virðist og ísjárvert að fela slíkan starfa á hendur ólögfróðum mönnum. En þó ekki væri nú horft í það, og hjúamálanefndinni veitt vald til þessa, þá leiddi samt af því, að málspartarnir yrðu þegar að hafa með sér vitni sín á sáttafundinn, en

slíkt væri hlutaðeigendum mikill byrðarauki, er opt mundi verða miklu meiri en hagr sá, sem menn hafa búizt við af þessu nýja fyrirkomulagi. Því skal við bætt, að konungsfulltrúa hefir þótt ákvörðunin í 49. grein í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar einkar ísjarverð, með því hún gæti gefið tilefni til, að allt of fljótt yrði farið yfir málin, en af því leiddi almennt, að menn yrðu eigi svo vissir um að ná rétti sínum, sem æskilegt væri.

Um hinar einstöku ákvarðanir í frumvarpinu skulu að öðru leyti gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. gr.

Reykjavíkurnefndin hefir í 40. grein frumvarps síns stungið upp á, að hjúlaganefndin í hverjum hrepp skuli vera „nefnd 3 manna, búsettra valinkunnra bænda“; en í 1. grein í frumvarpi því, sem hér er að framan, er orðið „manna“ sett í stað „bænda“ til þess ekki sé loku fyrir skotið, að presturinn geti komizt í nefndina; því bæði er það að presturinn, sökum þess hversu nákunnugt honum er um hagi manna, og þess trausts, sem ætla má að sóknarborn hans beri til hans, væri öðrum fremur vel kjörinn til að taka þátt í sjálfri sáttatilauninni í hjúamálum, enda hlytu og að vaxa örðugleikar þeir, sem, eins og áður er á vikið, eru á því að finna í sumum hreppum 3 menn, er hæfir sæu til að vera nefndarmenn, ef prestar ættu ekki að geta verið í nefndinni. Í ástæðum Reykjavíkurnefndarinnar er tekið fram, að það ekki þyki hæfa stöðu prestsins að hann eigi þátt í úrslitum málanna, sem gjörðarmaður, eður í að undir búa þau til dóms; en þessi ástæða móti því, að prestar geti verið nefndarmenn, verður þýðingarminni, þegar hið síðargreinda ætlunarverk nefndarinnar fellur burt.

Þar eð það getur fyrir komið, að í sumum hreppum, þar sem að eins eru fáir húsfeður, ekki sæu til 3 menn, sem sæu hæfir til að takast á hendur starfa þann, sem hér er um rætt, þá hefir í öðrum kafla greinarinnar verið sett ákvörðun um, hvernig að skuli farið þegar svo er ástatt, og hefir stjórnninni þótt ráðlegra, að haga málinu á þann hátt, sem þar er greint, heldur en að láta íbúa slíkra hreppa öldungis fara á mis við að geta fengið deilur milli hús-bænda og hjúa útkljáðar samkvæmt ákvörðuninni í 7. grein frumvarpsins.

Um 2. gr.

Eptir uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar átti sýslumaður

með ráði sóknarprestsins að kveðja menn í hjúamálanefndina, og í sambandi við þetta er stungið upp á, að ef einhver nefndarmaður hafi forföll, þá skuli sýslumaður kveðja annan í hans stað. En á alþingi virðist álit manna hafa hnigið að því, að hreppsændur ættu að kjósa nefndarmenn á manntalsþingum, og einn af þingmönnum kom fram með uppástungu í þessa átt. Þetta virðist og í raun og veru hið eðlilegasta, en þá virðist einnig þurfa að kjósa nefndarmann til vara, því annars gætu menn komizt í vandræði, ef einhver af nefndarmönnum sjálfum yrði fatlaður, svo hann gæti ekki tekið þátt í störfum nefndarinnar; en ekki yrði kosning frestað til næsta manntalsþings, þar eð manntalsþing að eins eru haldin einu sinni á ári. Að vísu gætu fleiri en einn af nefndarmönnum fatlazt frá einu manntalsþingi til annars, en þá virðist sýslumaður eiga að geta til bráðabyrgða kvatt mann til að ganga í nefndina. Eptir álit stjórnarinnar ber að láta sýslumann skera úr, hvort menn hafi gildar ástæður til að skorast undan kosning í hjúamálanefnd eður til að leggja niður nefndarstarfa sinn; þó virðist eiga að gefa hlutaðeiganda kost á að geta skotið úrskurði sýslumanns til amtmanns. En hvað það snertir, hvort víkja eigi manni úr nefndinni móti vilja hans, sökum athafna, er skerða mannorð hans, eður ef hann missir umráð fjár síns, eður af öðrum þvíumjikum orsökum, þá verður að álíta réttast, að hlutaðeigandi amtmadur sé látinn skera úr um þetta, á þann hátt, að sýslumaður að eins sendi honum uppástungur um málin. Samkvæmt því, sem nú hefir sagt verið, hefir 1. og 2. kafli greinarinnar verið saminn, og skal þess getið, að 3. kafli greinarinnar er tekinn eptir uppástungu Reykjavíkurnefndarinnar um, að ef nefndarmaður á sjálfur í máli, er liggur undir hjúamálanefndina, eða ef foreldrar hans, afkvæmi eður systkini eður jafn-nátengdir eru partar í slíku máli, þá skuli hann víkja úr nefndinni í því máli.

Um 3. gr.

Eins og þegar var sýnt fram á í ástæðunum fyrir frumvarpi því til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er lagt var fyrir alþingi árið 1861, verður að álíta óhagkvæma ákvörðunina um 3 ákveðna fundardaga fyrir hjúamálanefndirnar. Ákveðnir fundardagar eru að vísu til hægðarauka fyrir málspartana, en þar sem Reykjavíkurnefndin einnig hefir ætlað, að þeir yrðu hjúamálanefndinni til lettis, með því þá mætti gjöra út um mörg mál á sama fundi, þá er þessi

skoðun byggð á því, að nefndin fái fjölda mála til meðferðar. En eftir því sem reynsla liðins tíma bendir á, er þessi skoðun ekki rétt, og er varla ástæða til að halda, að hin nýju hjúalög muni á þessu gjöra *mikla* breyting. En sé þessu nú svo varið, mundi ákvörðunin um ákveðna fundardaga olla hreppsþændunum mikillar fyrirhafnar til lítils eður jafnvel einskis gagns, en þetta mundi aptur leiða til þess, að mönnum bráðum færi að þykja minna koma til hins nýja fyrirkomulags, og þetta virðist vera kröptug ástæða móti því að hafa slíka ákvörðun í frumvarpinu; komu og á alþingi fram öflug mótmæli móti henni. Eftir þeirri skoðun, sem nú hefir verið tekin fram, hefir stjórnin felld úr frumvarpinu uppástungu Reykjavíkurnefndarinnar um ákveðna fundardaga, og látið greinina að eins hljóða um kosning oddvita nefndarinnar, og hefir þótt réttast að nefndin kysi hann sjálf, og um hvernig fá skuli og löggilda gjörðabók hennar, svo og um bókun þess, sem fram fer á fundum.

Um 4. gr.

Að undanskildum nokkrum smábreytingum á fyrirkomulagi greinarinnar, er hún að öðru leyti samhljóða 42. gr. í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar.

Um 5. gr.

Grein þessi er að efninu samhljóða 1. kafla í 43. gr. í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar; virðist ákvörðunin hér vera gjörð skiljanlegri og ljósari. Þar á móti hefir eigi virzt vera ástæða til að hafa í greininni undantekning þá frá aðalreglunni, sem er í síðari hluta greinarinnar hjá nefndinni, og snertir þau mál, er rísa kunna út af því, ef vistarráðum er ólöglega slitið; því þó svo væri, sem þó ekki verður dæmt um fyrri en við málssóknina, að enginn efi væri á, að vistarráðunum í raun og veru hefði verið ólöglega slitið, þá væri eigi að síður ósanngjarnt að gjöra hlutaðeigandi málsparti, einkum hjúinu, er kynni að vera flutt á annað landshorn, að skyldu að koma á fund hjúamálanefndarinnar í þeim hreppi, þar sem vistarráðin stóðu.

Um 6. og 7. gr.

Hin fyrri af greinum þessum samsvarar að öllu 44. gr. í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar, með þeim breytingum, er leiða af því, að sleppt hefir verið ákvörðuninni um fasta fundardaga og af

ákvörðun þeirri, sem bætt hefir verið við í niðurlagi 1. gr. 7. gr. samsvarar á sama hátt 45. gr., nema að því leyti, sem sleppt er, eptir því sem áður er sagt, ákvörðuninni um skyldu málspartanna til að koma á fund hjúamálanefndarinnar með þau gögn og skilríki, er þeir vilja byggja á rétt sinn.

Um 8.—12. gr.

Að nokkrum lítilfjörlegum orðabreytingum undanskildum eru greinir þessar samhljóða 46., 47., 48., 50. og 51. gr. í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar; einungis hefir verið bætt við regluna í 1. kafla 10. gr., eins og hún er tekin eptir 48. gr. nefndarfrumvarpsins, ákvörðun um, að þegar þess sè gætt, sem fyrir er mælt um sáttatilaun þá, sem um er rætt í frumvarpinu, þá falli burt sáttatilaun sú, sem nú er lögböðin fyrir lögreglurèttinum; svø hefir og verið sleppt úr 12. gr. ákvörðunum þeim, er Reykjavíkurnefndin hafði stúngið upp á um ákveðna fundardaga og um, að hjúamálanefndin skuli undir búa málin undir dóm.

Um 13. gr.

Reykjavíkurnefndin hefir í síðasta kafla 40. gr. ákvörðun um nokkra staði, þar sem lagaboð þetta eigi skuli gilda; en slík ákvörðun virðist eiga bezt heima í niðurlagi lagaboðsins.

III. Frumvarp

til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi.

1. gr.

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver og einn í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Amtmanni skal á hendur falið að kveðja í hverjum hreppi hæfilega menn þeim til aðstoðar í því að fá vitneskju um þetta og að öðru leyti að framfylgja þeim ráðstöfunum, er gjöra þarf. Menn þessir og hreppstjórnarnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm.

2. gr.

Ef einhver slík veiki kemur fyrir, skulu hreppstjórnarnir sjá um, að hið sjúka fje verði þegar í stað stranglega að skilið frá hinu heilbrigða; svo skal og því fè haldið sèr, sem líkindi eru til að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal strax skýra lögreglustjóranum frá því, sem gjört hefir verið, og á hann svo að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

3. gr.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækning og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þess borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sèr, greiða úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts.

4. gr.

Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldu þeirri, sem á honum hvílir eptir næstu grein á undan, og skal hann þá sæta sektum, allt að 20 rd., og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og

má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Ef ekki fæst á þann hátt full borgun, þá skal skjóta til því sem á vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Eptir að frumvarp til tilskipunar um fjárveikindi á Íslandi, er fylgdi þegnlegri bænarskrá alþingis dagsettri 19. ágústm. 1861 hefir vandlega verið íhugað í dómsmálastjórninni, hefir sú orðið niðurstaðan, að frumvarp þingsins, eins og það er, ekki sé þannig lagðað, að það verði gjört að lögum, og eru einkum tvær ákvarðanir í því, sem ekki verður fallizt á.

Önnur af ákvörðunum þessum er sú, sem er í 2. málsgrein 4. greinar í frumvarpi þingsins, en þar er svo fyrir mælt, að lögreglustjórnin skuli hafa fullt vald til að láta skera niður borgunarlaust hjá þeim fjáreigendum, er sýna óhlýðni eður hirðuleysi í að viðhafa lækningar við fè sitt, eptir að þeir hafa fengið 6 vikna frest til lækningatílauna. Um þessa ákvörðun skal þess getið, að eptir reynslu manna annarstaðar, er varla heldur vissa fyrir því, að fè geti ætíð orðið full-læknað á Íslandi á 6 vikum, enda mun og jafnan verða torvelt að sanna, hvenær maður hefir sýnt hirðuleysi, með því varla verður á Íslandi haft svo stöðugt eptirlit fra hálfu hins opinbera með lækningunum, að menn geti fengið vissu fyrir þessu, eður hvenær kláðinn kom út á hverri einstakri kind. Við þetta bætist, að ekki verður sæð, hvaða gagn mætti að því verða, þó skorin væri ein og ein kind, en ekki virðist geta verið umtalsmál að skera niður alla hjörðina í einu.

Hin ákvörðunin í frumvarpi þingsins, sem stjórninni þykir ógjörlegt að fallast á, er í 5. grein, og er hún svo hljóðandi: »Ef lögreglustjórninni virðist brýn nauðsyn til bera að skera þegar niður á einstöku stöðum, þar sem fè er fátt, en mikil hætta getur á hinn bóginn af því leitt, ef frestað er að skera það, skal hún, með samþykki amtmanns, hafa fullt vald til að láta lóga því fè«. Að visu verður því ekki neitað með vissu, að slík ákvörðun, sem þessi, kynni að geta komið að notum á Íslandi í byrjun fjárfarald-

urs (sbr. lög 29. desemberm. 1857, 8. grein), sökum þess, hversu sérstaklega þar hagar til, en ógjörningur sýnist að heimfæra hana upp á fjárkláðann, eptir að hann er búinn að vera þar í 6 ár, og nú að eins koma fyrir einstök sjúkdómstilfelli á stöðum, sem liggja langt hver frá öðrum, og menn eru orðnir kunnugir lækningar-aðferð þeirri, sem viðhafa á móti sýki þessari. Þess ber og að geta, að eptir lögum 29. desemberm. 1857, 8. grein má niðurskurður að eins fram fara eptir undangengna rannsókn, og eptir að dýra-læknir er búinn að segja álit sitt um málið, og einungis við illa-kynjaða lungnasýki eður taugaveiki í nautpeningi og brjóstveiki (Snive) eður sárasyki (Springorm) í hrossum, en þar á móti er ekki eptir því lagaboði umtalsmál að viðhafa niðurskurð móti fjárkláða.

En þó stjórnin, eins og nú hefir sagt verið, geti ekki fallið á þessar ákvarðanir í frumvarpi alþingis, er hún að öðru leyti á sama máli og þingið um, að ástæða sé til að gefa út lagaboð um þetta efni, einkum fyrir þá sök, að sjá má af ástæðunum fyrir frumvarpi þingsins, að hingað til hefir það varla verið álitin skylda lögreglustjórnarinnar á Íslandi, að hafa eptirlit með fjárkláða eður öðrum næmum fjárveikindum. En með því breyta hefir orðið í verulegum atriðum lagafrumvarpi því, er kom frá þinginu, eptir því sem þegar hefir sagt verið, og eptir því sem hér á eptir mun verða nákvæmar frá skýrt, þegar rætt verður um hinar einstöku greinir, hefir þótt réttast að semja nýtt frumvarp til að leggja fyrir alþingi það, er haldið verður á þessu ári.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skal bætt við þessum athugasemdum :

Um 1. og 2. gr.

Ákvörðun sú, sem er í 1. grein í frumvarpi alþingis, um að lögreglustjórnin eigi sjálf að kveðja menn þá, er hún þarf, sér til aðstoðar, virðist ekki hagfelld, og hefir því þótt réttara að breyta henni á þann veg, að amtmaður skyldi kveðja til menn þessa. Þar að auki þótti betur fara að gjöra grein þessa efnisríkari og einkum að taka ítarlegar fram reglurnar um, hvernig haga eigi til eptirliti því, sem þar er um rætt, og hvernig skipta eigi verkum þeim, er þar að lúta, millum hlutaðeigandi embættismanna; og hefir þá þótt réttast að skipa þessu á þann hátt, að lögreglustjórinn skuli hafa á hendi aðalumsjón á málinu, en að sjálfst eptirlitið með pössun og meðferð sjúks og grunaðs fjár sé falið hreppstjórnunum með tilstyrk þeirra manna, er kvaddir yrðu þeim til aðstoðar.

Um 3. gr.

Í frumvarpi alþingis vantar ákvörðun um, hvernig greiða skuli kostnaðinn við þá meðferð fjárkláða m. m., sem boðin er í lög-unum, og þótti því ástæða til að bæta slíkri ákvörðun inn í frum-varpið; virðist sú ákvörðun eiga bezt við í niðurlagi þessarar grein-ar, og samkvæmt reglunum í lögum 29. desemberm. 1857, 13. gr., eiga að lúta að því, að almennt skuli eigandinn sjálfur greiða kostnaðinn við aðgreining og lækning sjúks og grunaðs fjár m. m. (má og ætla að þetta sé samkvæmt áliti alþingis eptir því, sem fram kom við umræður málsins á þinginu), en þar á móti skuli kostnaðurinn við eptirlitið af hálfu hins opinbera, greiddur úr jafn-aðarsjóði hlutaðeiganda amts.

Um 4. gr.

Eins og þegar hefir sagt verið, hefir þótt réttast að sleppa úr frumvarpinu ákvörðun þeirri, sem er í 2. málsgrein 4. greinar í frumvarpi alþingis; en þar á móti hefir þótt vel tilfallið sem þving-unarmeðal gegn þeim fjáreiganda, sem er hirðulaus eða óhlýðinn, að setja ákvörðun um, að hann geti bakað sér allt að 20 ríkisdala sektir, ef hann undanfellir að uppfylla skyldur þær, sem lagaboðið leggur honum á herðar. Þar að auki hefir virzt nauðsynlegt að semja ákvörðun þá, sem er í niðurlagi greinarinnar, öðruvísi, til þess efni hennar gæti orðið ljósara.

IV. Frumvarp.

til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkur bæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða.

1. gr.

Frá 1. degi aprílmánaðar 1864 skulu hús í Reykjavíkur kaupstað og á lóð hans, bæði þau, sem eru eign einstakra manna og hins opinbera, tekin í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða; þó má undan skilja hin svo kölluðu tómthús fra því að ganga í félag þetta, ef eigandi æskir þess.

Með húsunum getur og fengist ábyrgð fyrir þeim hlutum, sem í þeim eru fastir í veggjum eður naglfastir, og þeim húsgögnum, er eigi verða hæglega slutt, og einnig girðingum, sem eru í kringum aldingarða og húsagarða.

Af þessu leiðir, að frá hinum sama tíma skal mönnum bannað að ábyrgð fyrir ofangreindum húsum hjá nokkru öðru brunabótafélagi, innlendu eður útlendu, og missi þeir ella skaðabætur sínar.

2. gr.

Aður en nokkurt hús verði tekið í ábyrgð, skulu 2 virðingarmenn, er yfirvaldið til þess kveður á ári hverju og skyn ber á það, lýsa húsinu og virða það, að viðstöddum erindsreka brunabótafélagsins.

Undir eins og búið er að virða húsið og undirskrifa virðingargjörðina, byrjar ábyrgð brunabótafélagsins, og ber virðingarupphæðina að álíta sem ábyrgðarverð. Ef virðingarmennina greinir á um verð á húsinu eður eigninni, þá svarar brunabótafélagið að eins til þeirrar upphæðar sem minni er.

Í hvert skipti er brunabótafélagið tekur að sèr ábyrgð á húsi, þá skal rita það í brunabóta-bók, er bæjarmenn leggja til, og þegar því er lokið, veitist þeim, er fengið hefir ábyrgð fyrir eign sinni, ábyrgðarskrá.

3. gr.

Nú er hús nokkurt, sem er í ábyrgð brunabótafélagsins, byggt

upp að nýju eður endurbætt, þá skal húsinu lýst á ný og það virt, og skal þess vegna eigandi, innan 4 vikna eptir að húsið er búið, skýra erindsreka brunabótafélagsins frá því. Ef maður gjörir eigi þetta, þá skal hann hið fyrsta árið greiða tvöfalt brunabótagjald fyrir húsið.

Hið sama er og, ef byggt er hús á lóð, sem fyr var óbygð.

4. gr.

Fimmta hvert ár skal erindsreki brunabótafélagsins ásamt virðingarmönnum halda almenna skoðunargjörð yfir öllum húsum, sem eru í ábyrgð félagsins, nema þeim, sem síðasta árið hafa verið virt til ábyrgðar, og ber að virða að nýju þau hús, sem skýrt verður frá í brunabótabókinni, að hafi lækkað í verði eður versnað, til þess brunabótaverðs þeirra verði fært niður.

Nú er einhverju húsi, sem er í ábyrgð brunabótafélagsins, eigi viðhaldið, svo sem vera ber, á því tímabili, sem liður milli þessara skoðunargjörða, þá hefir erindsreki félagsins rétt til að láta þegar í stað virða húsið upp aptur.

5. gr.

Brunabótafélagið bætir allan þann skaða, er hús þau, sem eru í ábyrgð þess, hreppa af eldsvoða eður eldingum, svo og af því, er þau eru rifin niður til að kæfa og stöðva eldinn, eður af öðru því, sem gjört er í því skyni.

Þegar slíkt tjón ber að höndum, á sá, sem telur sig eiga rétt til skaðabóta, tafarlaust að gefa erindsreka brunabótafélagsins það til vitundar, og lætur hann virðingarmennina meta skaðann svo fljótt, sem unnt er.

Ef skaðinn er *gjörsamlegur*, skulu skaðabæturnar metnar til sömu upphæðar og ábyrgðarverðið, en frá skal dregið það sem þeir hlutir eru virtir, sem eptir verða, og skal sá, sem á heiming á skaðabótunum, skyldur að taka þá upp í skaðabæturnar; skal þegar virt er tekið tillit til þess, hvort byggt verði við vegg þá, er eptir standa, eður aðrar rústir af húsinu, eður þess verði not höfð, þá er húsið verði byggt að nýju.

Ef skaðinn að eins snertir *nokkurn hluta* eignarinnar skal meta skaðabæturnar til þeirrar upphæðar, sem ætla má að aðgjörðin muni kosta.

6. gr.

Brunabótafénu má eigi verja til annars, en til að byggja aptur nýtt hús, er ætlað sé til hins sama, og standi á sama grundvelli og það er brann, eður til að bæta skemmdir þær, er húsið hefir orðið fyrir; borga skal fêð undir eins og búið er að sanna það með skoðunar- og virðingargjörð, er erindsrekin og virðing-armennirnir halda, að því hafi verið varið á löglegan hátt.

Nú verður sú raun á, að varið hafi verið minna fê til húsbyggingar eður aðgjörðar, en skaðinn var metinn, og greiðir þá brunabótafélagið að eins þá hina minni upphæðina.

Ef sá, sem orðið hefir fyrir brunanum, getur ekki byggt upp að nýju eður gjört við hús það, er brann eður skemmdist, nema honum sé fyrir fram greitt nokkuð af brunabótunum, má greiða honum allt að tveim þriðjungum þeirra móti hæflegu veði; þó skal hann þá innan 2 ára hafa löglega varið fê þessu.

7. gr.

Hið árlega brunabóttagjald af hverjum 100 rdl. skal fyrst um sinn ákveðið svo sem nú segir.

- a. fyrir hús með eldtraustu þaki og ytri veggjum og göflum úr tígulsteini eður úr trè og tígulsteini, sem eigi er að utan þiljað með borðum eður öðru eldfimu efni 16 sk.
- b. fyrir hús, sem eru með eldtraustu þaki, en ytri veggirnir eður gaslarnir þiljaðir utan með eldfimu efni 24 sk.
- c. fyrir hús, sem eru með trèþaki eður þaki úr öðru efni, sem er jafn eldfimt 32 sk.

Helmingurinn af brunabóttagjaldi þessu skal heimtaður 1. dag aprílm., en hinn helmingurinn 1. dag októberm. Það hvílir á húsum þeim, sem undir ábyrgðinni eru, og hefir ávalt forgöngurêtt næst á eptir konunglegum sköttum, og skal um heimting á gjaldi þessu farið á sama hátt og um þá er fyrir skipað.

8. gr.

Reykjavík greiðir þar að auki til viðlagasjóðsins tillag, er svarar til ábyrgðarverðs húsanna 1. dag aprílm. 1864 eptir sama hlutfalli og er milli viðlagasjóðsins og ábyrgðarverðs húsanna í hinum dönsku kaupstöðum, og skal tillag þetta, til lêtis fyrir bæinn, krafið ásamt brunabóttagjaldinu hin 2 fyrstu árin, sem bærinn er í brunabótafélaginu, með fjórða parti hvert missiri.

9. gr.

Fyrir sérhverja gjörð til leiðbeiningar viðvíkjandi brunabóta-
ábyrgð borgar húseigandi:

	erindsrek- annum.	virðingarmönn- unum, hvorum fyrir sig.
a. Þegar virðingarupphæðin er minni en 1000 rd.	1 rd. 48 sk.	» rd. 64 sk.
b. Þegar virðingarupphæðin er frá 1000—5000 rd.	2 - " -	1 - 32 -
c. Þegar upphæðin er 5000 rd. eður meira	3 - " -	2 - " -

Í borguninni til erindsrekans er einnig fólgin borgun fyrir að
rita húsið í brunabóta-bókina, og gefa út ábyrgðarskrána.

Fyrir virðingargjörðir til að meta skaða, er orðið hefir af bruna,
ber þeim, er fyrir brunanum hefir orðið, á greindan hátt að greiða
borgun eptir ábyrgðarverði þess húss, er brann eður skemmdist.

Brunabótasjóðurinn greiðir á sama hátt borgunina fyrir hinar
sérstaklegu virðingargjörðir, sem eptir 4. grein eiga fram að fara
yfir húsum að nýju, en fyrir hinar almennu skoðunargjörðir skal
erindsreka borgað 1 rd. 64 sk. á dag og hvorum virðingarmanni 1
rd., og skal sérhver húseigandi greiða þá borgun að tiltölu, eptir
 því verði, sem sett hefir verið á eign hans.

10. gr.

Dómsmálastjórninni skal á hendur falið að ákveða nákvæmar
um annað, sem þurfa kann að gjöra fyrirskipanir um, viðvíkjandi
lýsing húsanna, virðing þeirra og innskript til ábyrgðar, heimting
og borgun brunabótagjalds, borgun brunabóta, þegar til þess kem-
ur, og um öll þau störf, er að þessu efni lúta yfir höfuð.

Ástæður fyrir frumvarpi þessu.

Eptir því, sem Reykjavík hefir farið fram og meira fjör komist
í verzlun bæjarins, hafa húseigendur þar fundið til þess æ meir og
meir, að það er mikill bagi, og til mikillar tálmunar, einkum að
því leyti að torvelt er að fá lán móti veði í húsum, að hingað til
hefir verið ómögulegt að fá tryggilega ábyrgð fyrir húsum þessum

móti eldsvoða, þar sem bærinn einungis varð að eiga við útlend brunabótafélög; en auk þess að félög þessi heimtuðu mjög hátt ábyrgðargjald, þá var þetta og ýmsum öðrum vankvæðum bundið, t. a. m. að fá borgað brunabótaféð í framandi landi, svo gætu og slík brunabótafélög orðið gjaldþrota.

Á síðast liðnum 25 árum hefir þess vegna optar en einu sinni komið fram sú ósk, að Reykjavík yrði tekin í eitthvert af þeim brunabótafélögum, sem eru í Danmörku. Fyrsta uppástungan um þetta kom fram árið 1838, er Bardenfleth, sem þá var stíptamtmaður á Íslandi, fór þess á leit við hið danska kanseli, að bærinn yrði tekinn í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða. Með því kanselið féllst á uppástungu þessa, var hún borin undir fulltrúapíngin í Hróarskeldu og Vebjörgum árið 1840, til þess að fá álit þeirra um, hvort þeim virtist það koma í bága við hagsmuni hinna dönsku kaupstaða, að Reykjavík væri tekin í félag með þeim, svo sem stungið var upp á. Þó eigi allfáir yrðu til að styrkja málið, urðu eigi að síður þau úrslitin, að hið síðarnefnda þingið ræði frá uppástungunni, en hið fyrnefnda áleit, að menn um þær mundir ekki ættu að fallast á hana, en beiddist um leið ítarlegri skýrslu um hvernig ástatt væri, til þess mönnum yrðu kunnugri þau atvik, sem meta skyldi eptir, hversu mikla ábyrgð brunabótafélagið tæki að sér með því að fallast á uppástunguna.

Skýrslur þær, sem stjórninni voru sendar árið 1846, voru nú ekki þess eðlis, að þær gætu hrakið mótbárur þær, er fram komu á hinum dönsku fulltrúapíngum móti því, að Reykjavík væri tekinn í brunabótafélag kaupstaðanna í Danmörku, og kanseliinu þótti því ekki ástæða til að bera málið á ný undir þíngin; en með því mönnum varð að þykja ákjósanlegt, að bær, þar sem húsin voru virt 200,000 rd., gæti sem bráðast komizt inn í eitthvert brunabótafélag, var því lýst yfir, að svo framarlega sem íbúarnir í Reykjavík vildu stofna með sér innbyrðis brunabótafélag fyrir hús sín, þá hefði fjárstjórnarráðið eptir uppástungu rentukammersins fallizt á að styrkja stofnun slíks félags bæði óbeinlínis með því, að hið opinbera gengi í félagið fyrir hús þau, er það ætti, með fullu virðingarverði þeirra, og einnig beinlínis með því að taka að sér að ábyrgjast 9—10,000 rd. ef eldsvoði bæri að höndum áður en búið væri að safna svo miklu fè, þó með þeim skilmálum, að tillaginu yrði hin næstu ár fyrst af öllu varið til að endurgjalda slíkt skyndilán, að ríkissjóðurinn tæki á leigu það af árstillögunum, er lagt yrði

upp, að ábyrgðin yrði lögboðin og að þriðjungur af virðingarverði húsanna ávalt skyldi vera í ábyrgð eiganda.

En á ráðstofufundi, er borgarar í Reykjavík áttu með sèr árið 1847, var það álit manna, að ekki yrði gengið að boðinu með þessum skilmálum, mest vegna þess, að menn höldu, að brunabótafélag, er ekkert hefði við að styðjast nema fast ákveðin árstíllög og þau fremur lítil, og ábyrgð fyrir fè, er ekki væri einu sinni þriðjungur af andvirði hvers einstaks af þeim húsum, sem mest brunabótafé er ætlað fyrir, og sem hættast er við eldsvoða, ekki mundi komast nærri því að ná tilgangi sínum, og einkum mundi ekki verða við því húizt, að lán gæti fengizt mót veði í slíkum húsum, og þannig gæti þetta hagræði ekki bætt upp það sem álögurnar á húsunum verða þyngri, fyrir það, að svarað er af þeim afgjaldi, sem eigi hefir áður á þeim legið.

Samt sem áður var mönnum mjög annt um það í Reykjavík, að stofnað yrði brunabótafélag, og nefnd nokkur, er menn gengu í fyrir áskorun Rosenörns stiptamtmanns, samdi árið 1848 uppástungu, sem bæjarfulltrúarnir og bæjarfógetinn féllust á að mestu, um stofnun innbyrðis brunabótafélags fyrir kaupstaðinn; en þar eð uppástunga þessi var byggð á því, að ríkissjóðurinn tæki að sèr ábyrgðina á hinni fullu brunabótaupphæð fyrir hús þau, er heyrðn undir brunabótafélagið, þangað til félagið sjálft eignaðist næg efni, þá lét stjórnin málið fyrst um sinn við svo húið standa, er henni eigi virtist að hún gæti gengið að þessu.

Eptir þetta beið málið þangað til árið 1855, en þá endurnýjaði bæjarstjórnin uppástungu sína frá 1848, og með því nú innanríkisstjórnin hafði álitid, að ekki væri næg ástæða til þess, að ríkissjóðurinn tæki að sèr ábyrgð þá, sem fyr er getið, en hafði getið þess um leið, að eptir skýrslum þeim, sem fram hefðu komið um breytingar þær, er á síðustu árunum hefðu orðið á húsa-byggingum, mundi varla vera mjög ísjárvert að taka Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða — þá kom uppástunga þessi því til leiðar, að dómsmálastjórnin skoraði á hlutaðeigandi embættismenn á Íslandi, að ihuga enn á ný þetta atriði. Bæjarstjórnin kom því í lok ársins 1857 fram með ítarlega uppástungu um þetta efni, en stjórnarráðið sá enn eigi ráð til að uppfylla ósk hennar, með því það eigi gat gjört sèr von um að koma málinu fram, þar sem ástandið í Reykjavík ekki virtist hafa breytt stórum til batnaðar, og ástæðum þeim, er fulltrúapingin fyrrum höfðu

tilfært móti því, að taka bæinn í brunabótafélag, eigi síðar virtist hafa verið hrundið. Þar eð nú húsabyggingar í Reykjavík eru áþekkari því, sem tíðkast í hëruðum í Danmörku, og brunabótafélag hëraðanna ekki þá átti neinn viðlagasjóð, bar stjórnarráðið árið 1859 undir fulltrúa þessa félags uppástungu um, að fyrst um sinn skyldi mega fá brunabóta-ábyrgð fyrir hús í Reykjavík í brunabótafélagi húsa í hëruðum í Danmörku, á sama hátt og með sömu kjörum og hús þessi; en þó skyldu þeir húseigendur, er notuðu sër leyfi þetta, auk tillags þess, er þeim þannig bæri að svara fyrir húsin, greiða 4 skilinga af hverjum 100 rd., sem ábyrgð hefði fengið fyrir, til launa handa embættismanni þeim, sem falin yrði á hendur í Reykjavík þau störf, sem brunamála-forstjórnarnir hafa á hendi í Danmörku, að því er snertir hús, sem brunabóta-ábyrgð er fyrir. Loksins var stungið upp á, að dómsmálastjórninni væri falið að ákveða það, er frekar þyrfti í því efni. Fulltrúarnir féllust á uppástungu þessa óbreytta, en þar á eftir var málinu frestað enn á ný, af því vafasamt þótti, hvort þeir ættu með að veita samþykki þetta, þar eð tilskipun 29. febrúarm. 1792 að eins hefir skipað brunabótafélag fyrir hús í hëruðum í Danmörku og lög um breyting á tilskipun þessari, 4. marzm. 1857, 22. gr., að eins veita fulltrúum brunabótafélagsins vald til að gjöra ákvarðanir um »stjórn félagsins framvegis«. Stjórnarráðinu virtist því réttast að sleppa því að útvega samþykki konungs upp á ákvörðun þessa; en af því ekki þótti mega láta málið enn á ný algjörlega nema staðar, þar sem húið var að gefa Reykjavík vissa von um, að því mundi verða framgengt, var aptur horfið til hins fyrra áformsins, að koma bænum í brunabótafélag kaupstaðanna í Danmörku, með því sú skoðun og var orðin ofan á, að ekki væri að sumu leyti svo afar-hættulegt með húsbruna í Reykjavík, sem menn höfðu gjört sër í hugarlund. Því varð heldur eigi neitað, að húsabyggingar í Reykjavík smátt og smátt höfðu nálgast þann byggingarmáta, sem tíðkast í öðrum kaupstöðum, einkum að því leyti, sem nú eru optar höfð á húsum helluþök, og menn höfðu, að nú mætti, án þess að örëttur yrði gjör brunabótafélagi kaupstaðanna, og án þess lögð yrði of þung byrði á Reykjavík, sigrast á þeirri tálmuninni, se. hingað til hafði verið málinu mest til fyrirstöðu, en það er hvernig staða Reykjavíkur ætti að vera til viðlagasjóðs þess, er brunabótafélag þetta á og allmikill er að upphæð.

Þess vegna hefir verið afráðið að leggja fyrir alþingi frumvarp

það, sem hér er að framan, og er það í aðalatriðunum samkvæmt brunabótatilskipun fyrir kaupstaðina 29. febrúarm. 1792; þó hefir verið sleppt ýmsum ákvörðunum, sem eru í þeirri tilskipun, sumpart af því þær eru umboðslegs efnis og réttara er að hafa þær í reglugjörð, og sumpart af því þær eiga ekki við á Íslandi; svo er og frumvarpið byggt á því, sem áður hefir fram farið í málinu einkum uppástungu bæjarstjórnarinnar frá 13. nóvemberm. 1857.

En eins og það ávalt hefir verið álit hlutaðeigandi yfirvalda á Íslandi, að Reykjavíkurbær ekki megi láta staðar nema við hinar fáu ákvarðanir, sem eru í opnu bréfi 29. maím. 1839 um húsa-byggingar í kaupstaðnum, ef bærinn á að geta orðið aðnjótandi þess hagræðis, sem hér er gefinn kostur á, heldur verði hann að gjöra sér far um, að málefnum sínum, þeim er snerta húsbruna og húsa-byggingar, verði skipað á áþekkari hátt því, er gjört hefir verið fyrir hina dönsku kaupstaði, þannig skal það og með berum orðum tekið fram, að stjórnarráðið að eins hefir fallið á frumvarp þetta af því það hefir gjört ráð fyrir, að þessum málefnum hið bráðasta verði skipað á þann hátt að viðunandi sè, með því að út komi lagaboð, lagað eptir því sem tilhagar á Íslandi, viðvikjandi húsbruna og húsa-byggingum í Reykjavík.

Um hinar einstöku greinir frumvarpsins skulu nú gjörðar þessar athugasemdir:

Um 1. gr.

Þessi grein er að mestu leyti byggð á tilsk. 29. febr. 1792, 1. og 2. gr.; eru þannig þaðan teknar ákvarðanirnar um, að hluttekning í brunabótafélaginu skuli vera lögskipuð; en þetta þótti nauðsynlegt, ef tilgangurinn ætti að geta náðst, og leiddi það einnig af sambandinu við brunabótafélag kaupstaðanna; svo eru og þaðan teknar ákvarðanirnar um ábyrgð á þeim hlutum, sem fastir eru í veggjum og naglfastir, húsgögn og girðingar, og skal þess getið, að um þá hluti er undir mönnum sjálfum komið, hvort menn vilja fá ábyrgð fyrir þeim eður eigi.

Þó líða muni nokkur tími þangað til búið sè að skipa máli þessu að fullu og öllu, þá héldu menn eigi að síður, að það gæti orðið komið í kring 1. aprílm. 1864.

Sökum tilhögunar og ásigkomulags hinna svo kölluðu tómt-húsa, þótti eigi nauðsyn á að brunabóta-ábyrgðin fyrir þau væri lög-

skipuð; þetta er og samkvæmt því áliti, sem hlutaðeigandi yfirvöld á Íslandi fyrrum hafa látið í ljósi.

Síðasta málsgrein lagagreinar þessarar er tekin eftir tilsk. 29. febrúarm. 1792 4. gr.

Um 2. gr.

Hér er gjört ráð fyrir, að skipaður verði sérstaklegur sýslunarmaður til að líta á hag brunabótafélagsins, og að þessi starfi eigi verði falinn bæjarskrifaranum eins og tíðkast í kaupstöðum í Danmörku; en þetta kemur af því, hve frábrugðið er ástandið í Reykjavík, og af því, að mönnum eigi þótti landfógetanum verða gjört að skyldu að takast á hendur störf þessi, en honum er ætlað að heimta brunabótatillögin. Ákvarðanirnar um lýsing á húsunum, og virðing þeirra eru yfir höfuð samkvæmar tilsk. 1792, 2. — 4. gr., þó ber þess að geta, að réttast þótti, að virðingarmennirnir væru til kvaddir á ári hverju, til þess að hægra væri að vikja þeim mönnum frá, sem ekki reyndust duglegir.

3. málsgrein er tekin eftir lögum 4. marzm. 1857, 15. gr., viðvíkjandi breytingum á brunabótatilskipun fyrir hérað í Danmörku, 29. febrúarm. 1792, og það, sem ákveðið er í 4. málsgrein, er samkvæmt því er tíðkast í þess konar efnum.

Um 3. gr.

Þessi grein samsvarar í aðalatriðunum 5. gr. í tilskipuninni frá 1792; einungis þótti nauðsynlegt að til taka vissan frest, að minnsta kosti meðan rannsókn sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 24. janúarm. 1761, V. kap., 10. gr., ekki fer fram í Reykjavík.

Um 4. gr.

Hlutaðeigandi yfirvöld á Íslandi hafa ávalt gjört ráð fyrir, að vegna þess í Reykjavík eru tréhús og veðráttufar þar frábrugðið, þá mundi þurfa að virða upp aptur hús þar optar en á sér stað í Danmörku eftir tilskipuninni frá 1792, 7. grein, en það er 10. hvert ár, og hafa þau haldið að þannig mundi þurfa að virða húsin upp fimmta hvert eður jafnvel þriðja hvert ár; þessi leiðbeining hefir nú verið tekin til greina; þó hefir þótt nægja að virðing þessi færi fram fimmta hvert ár, og þótti eðlilegast að bæta þar við þeirri ákvörðun, að ekki þyrfti að virða upp aptur þau hús, sem virt hafa verið til brunabóta síðasta árið, og að virða megi upp hús þess

á milli, ef það hefir skemmzt, svo til muna sè. Sá starfi að virða upp aptur hús er ætlaður erindsreka brunabótafélagsins og virðingarmönnunum, er ætla má að þeim sè það hægast og að þeir sèu bezt til þess hæfir.

Um 5. gr.

Viðvíkjandi 1. málsgrein smbr. tilsk. 1792, 4. grein.

Það er sjálfsagt að skýra verður erindsrekanum frá skaðanum; því verið getur að skaðinn sè svo lítill, að hann eigi sjálfur hafi tekið eptir honum. Það virðist og eðlilegast, að hinir vanalegu virðingarmenn, að erindsrekanum viðstöddum, meti skaðann, og þarf því eigi að skipa virðingarmenn í hvert skipti, til kostnaðar fyrir þann, sem skaðann hefir liðið. Aðgreining sú, sem gjörð er á, hvort skaðinn sè *algjörlegur* eður *á nokkru leyti* er bæði byggð á eðli hlutarins, og er einnig til tryggingar fyrir brunabótafélagið; því sá, sem skaðann hefir liðið, á að fá skaða sinn bættan en eigi meira.

Í staðinn fyrir ákvörðun þá, sem er í tilskipuninni frá 1792, 9. grein, um þá hluti sem eptir verða eptir eldsbruna, þótti haggfelldast að aðhyllast ákvörðun þá, sem um þetta efni gildir fyrir brunabótafélag héraðanna í Danmörku, samkvæmt lögum 4. marzm. 1857, 18. gr.

Um 6. gr.

Smbr. tilsk. 1792, 11. og 12. grein. Að því leyti ákvörðunin um, hvernig brunabótafénu skuli varið, er frábrugðin 11. gr., þá er hún sett til frekari tryggingar móti því, að hús verði brennd. Reglurnar um borgunina eru í nánasta sambandi við ákvörðunina um, hvernig brunabótafénu skuli varið og þar af leiðandi rétt þess, er fyrir skaðanum hefir orðið, til að fá borgað fè, er því samsvari.

Um 7. gr.

Eptir opnu brèfi 23. aprílm. 1834, sbr. tilskipunina frá 1792, 14. grein, er brunabóta tillag í hinum dönsku kaupstöðum þannig ákveðið, að vanalega eru greiddir 10 skildingar fyrir hverja 100 rd. af brunabótaupphæðinni; en eptir tilsk. 6. aprílm. 1832 8. gr., og fyrstu málsgrein í 12. gr., er tillagið hækkað upp í 20 skild. fyrir hús, sem eru með hálmþekju eður trægöflum eður trépili utan, og loks upp í 25 skild. fyrir hús, sem bæði eru með hálmþekju og

trægastli eður trèpili utan. Í uppástungu bæjarstjórnarinnar í Reykjavík frá 13. nóvemberm. 1857 er brunabótatillagið fyrir flokka af húsum, hær um bil samkynja þeim, sem talin eru í frumvarpi þessu, látið vera 15 sk., 25 sk. og 30 sk. Þegar nú er lítið á, að brunabótafélagið hær að tiltölu gengur í ábyrgð fyrir meiri hættu, og að stjórnartilkostnaður þess hlýtur að vaxa, þá verður með engu móti álitíð, að tillög þessi sèu hærra sett en sanngirni er samkvæmt, og hefir því stjórnarráðinu virzt, að það gæti hær um bil fallízt á þau, og hafa menn einnig þegar kosnar voru tölurnar 16, 24 og 32 haft tillit til þess, að hagfelít er að hafa tölur, sem skipta má með 4.

Um 8. gr.

Þegar Reykjavík kemur í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, á bærinn enga hlutdeíld í viðlagasjóði þeim, sem þeir hafa safnað sèr og eiga á vöxtum, og það væri því ranglæti við kaupstaði þessa, ef Reykjavík væri eigi gjört að skyldu að leggja híð bráðasta fè til sjóðs þessa að sínu leyti. Sè gjört ráð fyrir, að brunabótaverð kaupstaðanna sè nú sem stendur alls 85,000,000 rd., viðlagasjóðurinn 500,000 rd., og húsin í Reykjavík 300,000 rd. virði, þá ætti tillag þetta nú að verða 1765 rd., og verður eigi ætlað, að það sè bænum um megn að láta af hendi fè þetta, þegar að eins einn fjórði hluti þess er greiddur á hverju missiri fyrstu tvö árin, sem bærinn er í brunabótafélaginu. Það er vitaskuld, að meta verður hina réttu upphæð tillagsins eptir brunabótaverði húsanna, svo sem það telst að vera 1. dag aprílm. 1764, eður á hverjum þeim tíma síðar meir, er Reykjavík verður tekin í brunabótafélagið.

Um 9. gr.

Um þessa grein skal þess að eins getið, að upphæð þeirra verkalauna, sem hær er stungið upp á, hefir þótt við hæfi eptir því, sem ástatt er á Íslandi, og skal því við bætt, að niðurlag greinarinnar er samið samkvæmt þeim reglum, er í Danmörku gílda um það, hvernig greiða skuli kostnaðinn við þessar tvenns konar virðingargjörðir, þegar hús eru virt upp aptur.

Um 10. gr.

Eins og áður er um getið, hefir þótt réttast að sleppa úr frumvarpinu öllum þeim ákvörðunum, sem fremur eru umboðslegs efnis, með því það væri óhentugt og miklum örðugleikum bundið,

ef menn í hvert skipti yrðu að fara til löggjafarvaldsins til að fá breytt ákvörðunum, er skipa fyrir um alla stjórn þessa málefnis, og mundi það þó að líkindum opt koma fyrir, eptir því sem reynslan sýndi, að breytingar yrðu nauðsynlegar.

Af þessum ástæðum hefir verið stungið upp á, að dómsmálisstjórninni sé veitt vald það, er til þessa þarf, og virðist það í engu tilliti geta verið ísjárvert.

V. Frumvarp

til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

1. gr.

Jafnskjótt og því verður við komið, skal stofna búnaðarskóla, einn í hverju af þeim 3 ömtum, sem eru á Íslandi, þar sem ungir menn geti fengið kennslu í jarðyrkju og kvikfjárrækt.

2. gr.

Dómsmálastjórninni er á hendur falið að gjöra þær ákvarðanir, sem þörf er á, um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við hlutaðeigandi amtmenn.

3. gr.

Til að borga með kostnaðinn við búnaðarskóla hvers amts, skal jafna niður á allar jarðir í því amti í skilding á hvert jarðarhundrað.

4. gr.

Gjald þetta greiðir ábúandi jarðar hverrar, og skal sýslumaður heimta það á manntalsþingum. Dómsmálastjórnin ákveður, hvenær fara eigi að heimta gjaldið í hverju amti.

Á stæður fyrir frumvarpi þessu.

Eins og getið er um í konunglegri auglýsing til alþingis 1. júním. 1861, um árangur af þegnlegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum árið 1859, var dómsmálastjórnin þá farin að skrifast á við amtmennina á Íslandi út af þegnlegri bænarskrá alþingis 1859 um stofnun búnaðarskóla í hverju amti í landinu; var þar að auki amtmaðurinn í suðurumdæminu beðinn að bera sig saman um málið við húss- og bústjórnarfélag amts þessa. Eptir að stjórnin nú hefir fengið álitsskjöl þau, er hún hafði um beðið, og þau í aðalatriðunum hallast að því, sem til er fært í áðurgreindri

bænaraskrá alþingis um, hve æskilegt og hagkvæmt sè, að stofnaðir verði búnaðarskólar þeir, sem stungið hefir verið upp á, þá hefir hún í hyggju að láta að ósk alþingis í þessu máli.

Að visu er í bænaraskrá alþingis gjört ráð fyrir, að veitt yrði að vera ein jörð í hverju amti til skólastofnunar áður en kostnaðinum til skólanna yrði jafnað niður á amtið; en það er vitaskuld, að jarðir þær, sem umtal gæti orðið um, og sem hlutaðeigandi amtmenn, að því er snertir norður- og austumdæmið og suðurumdæmið hafa vísað á, ekki verða lagðar til búnaðarskóla nema til þess fáist samþykki ríkisþingsins. En áður en farið sè fram á að leita slíks samþykkis, virðist nauðsynlegt að fá vissu fyrir, að frá Íslands hálfu verði látið í tæ fè það, er þarf til stofnunar skólanna og framhalds þeirra, og hefir stjórnin því í þessum tilgangi látið semja lagafrumvarp það, sem hér er á undan.

Hvað kostnaðinn til skóla þessara snertir, þá hefir amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu haldið, að þurfa mundi 2,400 rd. til að koma á fót skólanum í því amti og 200 rd. á ári til að halda honum áfram, og viðvíkjandi því, hvernig fengizt gæti fè til þessa, hefir hann tekið fram, að á Íslandi sè að eins tvennt, sem gjöldum sè jafnað á, lausafè og jarðagóz, en á lausafè hvili nú sem stendur svo miklar álögur, að það virðist vart tiltækilegt að jafna kostnaðinum niður á þann stofn. Að visu hvila einnig að hans áliti býsna miklar álögur á jarðagózinu, þar sem er alþingiskostnaður og endurgjald jarðamatskostnaðarins m. m., en samt sem áður heldur hann, að tiltækilegast muni að leggja kostnaðinn á jarðirnar, á þann hátt, að honum sè jafnað niður eptir hinum nýja jarðadýrleik; verði þá fyrir fram sèð, hversu mikið fè fáist, og verði fyrir þá sök gjaldið vissara, og með því að jarðeigendurnir greiða áðurgreindar álögur, er á jörðunum hvíla, heldur hann, að yfirgnæfandi ástæður sèu fyrir að láta gjald það, sem hér er um rætt, koma niður á ábúendum jarðanna, þannig að þeir í þessum tilgangi greiði 1 skild. af hverju jarðarhundraði.

Þessa uppástungu, sem fram er komin frá embættismanni, sem er nákunnugur öllu ástandi og búnaðarefnum á Íslandi, hefir stjórninni þótt rétt að aðhyllast, þegar samið var áðurgreint lagafrumvarp, og þótti það því síður áhorfsmál, sem gjald þetta í sjálfu sèr má álitast mjög vægt. Þar að auki hefir þótt við eiga, að sýslumenn væru látnir heimta gjaldið á ári hverju, og að dómsmálastjórninni yrði falið á hendur að ákveða, hvenær fara eigi að heimta það í

hverju amti fyrir sig. Hvað því næst snertir það atriði, hvort fást muni nóg fè til stofnunar og áframhalds skólunum með eins skildings niðurjöfnun á hvert jarðarhundrað, svo sem stungið er upp á, þá skal þess getið, að þegar gjört er ráð fyrir, eins og amtmaðurinn í norður- og austurumdæminu gjörir, að þurfa muni 2,400 rd. til að koma á fót skólanum í því umdæmi, og ef fá ætti fè þetta að láni, og borga 6 af hundraði af því á ári í leigur og borgun upp í innstæðuna, þá þyrfti til þessa ár hvert 144 rd. Sè hér við bætt til framhalds og viðurhalds skól-
 anum á ári 200 —

Þá yrði öll ársgjöldin 344 rd.

Þar eð nú jarðarhundruðin í norður- og austurumdæminu eptir jarðabókinni frá 1. aprilmánaðar 1861 eru samtals 37,848, fengist með niðurjöfnun þeirri á jarðirnar, sem stungið er upp á, á ári . . . 394 — 24 sk.
 og yrði þannig afgangs 50 rd. 24 sk.,

sem verja mætti til frekari jarðabóta eður safna því og verja síðan í áþekku augnamiði annarstaðar í amtinu. En nú kynni sú raun á að verða, og er reyndar ekki ólíklegt, að 2,400 rd. sè of lítið fè, og hneigist stjórnin fremur að því áliti, sem alþingi lét í ljósi um það efni, að þurfa muni 3,000—5,000 rdl. til að koma á fót búnaðarskóla í góðu lagi; en þó svo kynni að vera, þá er varla hætt við, að menn fyrir það kæmist í vandræði.

Hvað þannig snertir norður- og austurumdæmið, þá er þar til búnaðarsjóður, sem stofnaður er til að efla framfarir landbúnaðarins, og virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að sjóður þessi, sem í árslok 1861 átti í konunglegum skuldabréfum og peningum 1,658 rd. 44 sk., yrði ef á þyrfti að halda, hafður til styrktar við stofnun búnaðarskóla í greindu amti.

Í vesturumdæminu er tala jarðarhundraðanna að vísu einungis 20,455, og það fè, sem fengist gæti við árlega niðurjöfnun á þau, yrði því ekki nema 213 rd. 7 sk., en þar eð þetta umdæmi einnig á búnaðarsjóð, er á til 3,685 rd. 82 sk. í skuldabréfum og peningum, þá mætti með því fè koma á fót skólanum í fyrstu.

Hvað loks snertir suðurumdæmið, þá hefir húss- og bústjórnarfélag þessa amts þegar árið 1856 kveðizt fúst á að gangast fyrir stofnun búnaðarskóla í amtinu, og til að lána það fè, er þyrfti til stofnunar og fyrstu tilhögunar á skólanum, og má ætla, að félagið hafi næg efni til þessa, með því það á á vöxtum hér um bil 4,500

rd.; og þar sem félagið um leið taldi ísjárvert að verja fé sínu til þessa augnamiðs, af því tryggilegt veð þótti vanta fyrir láninu, þá virðist þessi mótbára hverfa, ef veitt er veð fyrir fénu í jörð þeirri, sem lögð er til skólans, ásamt skepnum, sem þar eru, og áhöldum, og skólanum að auki eru lagðar tekjur, sem yrðu 296 rd. 36 sk. á ári, þar eð tala jarðarhundraða í suðurumdæminu er 28,452.

Í frumvarpinu er engin ákvörðun um sjálft fyrirkomulagið á hinum fyrirhuguðu búnaðarskólum og stjórn þeirra m. m., með því hin umboðslega stjórn, eins og alþingi líka hefir viðurkennt, getur sett allar slíkar ákvarðanir; verður og það, sem fyrirskipað er um það efni, að vera lagað eptir því, sem til hagar í hverju amti. Þess vegna hefir þótt nægja, að setja í frumvarpið ákvörðun um, að dómsmálastjórninni sé falið á hendur að gjöra þær ákvarðanir, sem þörf er á í þessu efni, eptir að hún er búin að bera sig saman um það við hlutaðeigandi amtmenn.

VI. Frumvarp

til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

Þegar fè ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að annaðhvort seu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eður að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði, fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði.

Ástæður.

Samkvæmt konungsúrskurði 10. maímánaðar 1861 var lagt fyrir alþingi það ár frumvarp til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, þannig hljóðandi:

»Þegar fè ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá 25 rd., til 100 rd. hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal leyft, að slíkt fè sè ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort seu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf, eða að það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði«.

En í álitsskjali sínu um málið beiddist þingið, að frumvarpi þessu yrði þannig breytt, að svo hljóðandi lagaboð kæmi út um þetta efni:

»Tilskipun fyrir Ísland

»um leiguburð á fè ómyndugra og opinberra stofnana, sem ekki nemur 100 rd.«.

1. gr. »Þegar fè ómyndugra, er eigi nemur 100 rd., hefir

»ekki orðið komið á vöxtu hjá einstökum mönnum með þeirri leigu, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft að lána féð út, með samþykki yfirfjárráðanda, móti nægu veði í fasteign eður lausafé og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt hæsta geta fengið«.

2. gr. »Eins mega og forstöðumenn opinberra stofnana lána út fé þeirra, er ekki nemur 100 rd. mót nægu veði í lausafé og leigu þeirri, er þeir hæsta geta fengið«.

Þingið tók það fram, að það hafi verið miður hagfellt fyrirkomulag, er tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 lagði svo fyrir, að menn úr öllum hëruðum landsins skyldu setja í jarðabókarsjóðinn á vöxtu fé ómyndugra, hve lítið sem væri, nema því yrði komið út á leigu hjá einstökum mönnum, móti því veði, sem heimtað er í tilskipuninni, því það hafi verið of örðugt og of mikilli hættu bundið að senda féð, einkum þegar lítið sé á, að menn ætíð muni geta komið því fyrir til leigu hjá mönnum í grennd að minnsta kosti mót nokkurri leigu, ef ekki væri gengið of hart eptir með veðið. Þingið fellst því á frumvarp stjórnarinnar, að því leyti, sem það er byggt á því, að þörf sé á að breyta í þessu tilliti tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847; en á hinn bóginn áleit þingið það fyrirkomulag, sem í frumvarpinu er stungið upp á, miður ákjósanlegt. Um þá ákvörðun, að ávaxta megi fé ómyndugra á þann hátt, að fyrir það séu keypt arðberandi ríkisskuldabréf, þá gat þingið þess, að menn á Íslandi þekki lítið til slíkra skuldabréfa, og að það sé örðugleikum bundið bæði að ná leigunni af þeim og fá ógildingardóm á þeim, ef þau glatast; verðlag á þeim mundi því og verða lágt og hvíult; og þar sem frumvarpið jafnhliða þessu vilji leyfa, að fé það, sem hër er um rætt, sé lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði og fyrir leigu, er að minnsta kosti sé 3 af hundraði, þá líkaði þinginu eigi heldur þetta úrræði, er því virtist betra, að fënu væri komið fyrir móti óbrigðulasta veði í fasteign, þó fyrir minni leigu væri en 3 af hundraði, en að það lægi arðlaust. Annars áleit þingið, að mjög fáir mundu verða til að festa jarðir sínar fyrir svo litlu láni, er ekki næmi 100 rd., og að þetta fé því optast mundi verða að liggja arðlaust, ef ekki mætti lána það út nema móti óbrigðulasta veði í fasteign. Þingið var þess vegna á því, að víkja ætti frá þessari reglu, og leyfa, að lána mætti fé það, sem hër er um rætt, annaðhvort móti handseldu veði, eður veði í laus-

nm aurum, í vörzlum annars manns, er þetta veð gæti verið nægilega tryggjandi; þegar að eins er um lítillræði að gjöra; með þessu móti áynnist einnig, að lána mætti út fêð fyrir hærri leigu en 4 af hundraði og væri það eigi litill hagnaður. Þar sem frumvarp það, er lagt var fyrir þingið, að eins hljóðar um það, hvernig fara skuli að um fê að upphæð 25—100 rd., þá áleit þingið, að hinar sömu reglur, er settar verði um þetta fê, einnig eigi að gilda um fê, er ekki nemi 25 rd. Með því tilskipun 18. febrúarmánaðar 1847 ekki hljóðar um fê opinberra stofnana, og nokkuð aðrar reglur gilda um, hvernig það fê er lánað og um yfirstjórn þess, en þær er í þessu efni gilda um fê ómyndugra, þá áleit þingið réttast, að skipta laga-boðinu í tvær greinir, og láta hina fyrri hljóða um fê ómyndugra, en hina síðari um fê opinberra stofnana, og að breyta fyrirsögn lagaboðsins þessu samkvæmt.

Konungsfulltrúi lýsti yfir þeirri skoðun í álitsskjali sínu um málefni þetta, að ekki verði fallizt á þær breytingar, sem alþingi hefir stungið upp á að gjörðar sêu á frumvarpi stjórnarinnar, og tók hann það fram, að einkum mundi uppástunga þingsins um, að lána megi fê opinberra stofnana og ómyndugra mót veði í lausafê, að öllum jafnaði verða öldungis þýðingarlaus, með því forstöðumenn og fjárhaldsmenn þeir, er hlut ætti að máli, eigi munda vilja verða til að lána fê á þann hátt, en þar á móti er að hans áliti sú aðferðin, sem bent er á í frumvarpinu, hin hagfelldasta og óhultasta til að ávaxta lítið fê á Íslandi, nefnilega að fyrir það sêu keypt óuppsegjanleg rikisskuladabréf, og áleit hann, að það hlyti að koma af ókunnugleik eður einstrengingslegri skoðun á málinu, að komið hefðu fram á alþingi frá ýmsum mótmæli mót svo hagkvæmri ráðstöfun, er ekki sê neinum örðugleikum bundin í framkvæmdinni, því menn geti ávalt fengið hina íslenzku kaupmenn til að útvega sêr skuldabréfin.

Stjórnarráðið varð að vera konungsfulltrúa samþykkt í því, að ekki beri að fallast á breytingar þær, er alþingi hefir stungið upp á við frumvarp það, er fyrir það var lagt. Einkum virðist óráðlegt að taka til greina uppástungu þingsins um, að lána megi opinbert fê móti veði í lausum aurum, þar eð það fê getur ekki álitizt að veita nægilega trygging fyrir láninu; svo ber þess og að gæta, að tilskipun 28. júlímánaðar 1841 ekki er lög á Íslandi. Það mun og að eins vera örsjaldan, að fê sê lánað á Íslandi mót veði í lausafê, og komi það fyrir mun það að eins vera lítillræði eitt. Þar sem

alþingi hefir enn fremur stungið upp á, að fjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda sé gefið á vald að lána fê ómyndugra móti veði, hvort sem þeir vilji í fasteign eður lausum aurum, þá virðist sú ákvörðun eigi heldur hagfelld, því svo kynni að fara, að hlutaðeigandi tæki þann kostinn, er honum sjálfum væri hagkvæmastur, ef hann hefði enga ábyrgð af, þó hann væri ekki eins óyggjandi fyrir hinn ómynduga, og þar sem alþingi hefir bent á, að taka mætti hærri leigu en 4 af hundraði, ef fêð væri lánað mót veði í lausafê, þá er þetta reyndar ekki lengur saknæmt að lögum, en það virðist þó eigi eiga vel við að hvetja til þess við lán á opinberu fê; og á hinn bóginn gæti það leitt til misbrúkunar, ef fjárhaldsmönnum og yfirfjárráðendum væri leyft, eins og alþingi hefir stungið upp á, að lána fêð fyrir hvað litla leigu sem væri. Ekki virðist heldur mikið varið í mólbárur þær, sem komu frá alþingi móti því, að koma opinberu fê fyrir á leigu á þann hátt, sem stungið er upp á í frumvarpi stjórnarinnar, og má bæta því við það, sem konungsfulltrúi hefir sagt um þetta efni, að ríkisskuldabréf engan veginn eru óþekkt á Íslandi, því það tíðkast æ meir og meir, að menn koma peningum sínum fyrir á þenna hátt, og er það álitidið óhultast og ábatasamast, þegar þeim á annað borð ekki verður komið á leigu mót veði í fasteign, og stjórnarráðið varð því að vera á því, að réttast sé að skipa fyrir um lán á fê ómyndugra á þann hátt, sem stungið var upp á í hinu fyrra frumvarpi.

En nú er orðið öðruvísi ástatt með það, hvernig komið verði fyrir á leigu opinberu fê, en þegar málefni þetta var lagt fyrir alþingi, því nú verður ekki heldur tekið á leigu í ríkissjóðinn fê, sem meiru nemur en 100 rd.; og þar eð opt hefir borið við, að slíku fê hefir ekki orðið komið fyrir til leigu fyrir $3\frac{1}{2}$ af hundraði mót veði í fasteign, þá virðist vera ástæða til að láta lagaboðið verða yfirgrípsmeira en fyr var til ætlazt, þannig að koma megi fyrir á leigu á þann hátt, sem segir í frumvarpinu, öllu fê ómyndugra án þess haft sé tillit til upphæðarinnar. En hvað þar á móti snertir fê opinberra stofnana, þá hefir stjórnarráðið, eptir að einnig er hætt að taka við því fê til leigu í ríkissjóðinn, þegar veitt leyfi til, að fyrst um sinn megi ávaxta það á þann hátt, að fyrir það séu keypt arðberandi óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, þegar því verður ekki komið fyrir til leigu hjá einstökum mönnum mót lögmaetu veði, og þótti því ekki nauðsyn til bera að hafa í frumvarpinu ákvörðun um, hvernig ávaxta skuli slíkt fê.

Þar eð þannig varð að gjöra verulegar breytingar á frumvarpi því, er fyr var lagt fyrir alþingi, þótti réttast að leggja málið á ný fyrir þingið, og hefir því í dómsmálastjórninni verið samið frumvarp það, sem hér er að framan, samkvæmt þeim athugasemdum sem að ofan eru greindar, og fengið allrahæst samþykki hans háttignar konungsins til, að frumvarp þetta verði lagt fyrir alþing það, er haldið verður árið 1863.

3. júlí — annar fundur.

Kosnar nefndir í öll hin konunglegu frumvörp.

6. júlí — þriðji fundur.

Ræddar til inngangs eptirfylgjandi bænarskrár og kosnar nefndir í þeim.

Bænarskrá

Ísfrðinga um kaupstaðarréttindi Skutulsfjarðareyrar við Ísafjörð.

Það er auðmjúk bæn vor undirskrifaðra innbúa Skutulsfjarðar-verzlunarstaðar, að því háttvirta og heiðraða alþingi, mætti þóknast, á löglegan hátt að taka til greina eptirfylgjandi, oss mikilsumvarðandi málefni.

Verzlunarstaðurinn Skutulsfjarðareyri (í daglegu tali Ísafjörður) fer árlega fremur vaxandi að innbúa og húsatölu; verzlun bæði við lenda menn og útlenda eykst; iðnaðartegundir innbúanna fjölga og þarfir innbúanna verða margbreyttari. Enn fremur er sá núverandi Eyrarhreppur, sem innibindur bæði innbúa verzlunarstaðarins, og bændur sveitarinnar, of ólíkur og ósamkynja í innra eðli sínu og þörfum, til þess, að geta verið eitt félag svo vel fari; stjórn

þessa félags of örðug og yfirgripsmikil fyrir 1 mann, sem hreppstjóra, til þess hann geti gjört skyldu sína og fullnægt köllun sinni. Af þessum ástæðum leyfum vér oss undirgefnast að óska:

Að Skutulsfjarðarverzlunarstaður verði bæjarfélag og lögsagnarumdæmi sér, með kaupstaðarréttindum og bæjarstjórn.

Að þetta sé bæði réttlát og nauðsynleg bæn, virðist eptirfylgjandi enn fremur að sýna og sanna:

Með allrahæstum úrskurði 18. águst 1786, fékk Skutuls- eða Ísafjörður kaupstaðarréttindi, og samkvæmt þessu gaf konungur vor allranáðugast lóð til kaupstaðarins. Lóð þessi fannst við mælingn 24. apríl 1787 að vera 400,725 = álnir, og enn fremur vera nægileg til brúkunar fyrir 30 til 35 kaupstaðarfamilíur. Á þessari lóð tóku sér ekki bólfestu um langan tíma nema 3 verzlunarir, svo að með tilskipun 11. september 1816 varð Ísafjörður ekki annað, en autoriserað „*Udliggersted*“. Þetta ásigkomulag hefir á seinustu 10 árum breytzt þannig, að í staðinn fyrir 3 verzlunarir, eru hér nú 5. Auk verzlunarhúsanna 20 íveruhús með 34 familíum og 214 manns. Þannig er þá ástand verzlunarstaðarins nú komið í það horf, sem gjört var ráð fyrir í öndverðu, þegar honum voru veitt kaupstaðarréttindi. Enn fremur er það vitaskuld, að sérhvert félag, og þar á meðal innbúar þessa verzlunarstaðar, til þess að blómgast og taka framförum, þarf stjórnendur eða oddvita, sem sjái um félagsins þarfir, sem frumkvöðlar úrræða í bágingum, og gangist fyrir samtökum og fyrirtækjum, sem miða til sameiginlegs gagns. Að hreppstjórinn, sem stjóri fátækra málefna, hvorki gjöri eða geti gjört þetta, og það jafnvel þó þeir væri fleiri, er eins augljóst, einkum þar sem eins stendur á og hér, að félag það, sem hann eða þeir væri yfir settir, skiptist í 2 parta ólíka að ytra og innra ásigkomulagi og sem ekkert sameiginlegt „Foreningspunkt“ hafa, að fátækra málefnum einu undan skildu.

Að aðskilnaðurinn sé æskilegur, sýnir einnig fundarhald af 2. og 3. nóvbr. f. á., hvar báðir partar privat hafa samþykkt aðskilnaðinn, og komið sér saman um þau átriði, sem þeir voru ánægðir að skilja upp á, og er þetta fundarhald iátið meðfylgja til leiðbeiningar.

Að innbúar verzlunarstaðarins geti borið sig sem félag sér, virðist meðfylgjandi útdráttur af hreppsbókinni að bera með sér, hvar sameiginlegar útgíptir hreppsins í 6 ár hafa að meðaltali ver-

ið 79 vættir 28 fiskar, og inngjöld frá verzlunarstaðnum 40 vættir 20 fiskar.

Að endingu vildum vèr leyfa oss að óska, að fyrirkomulag bæjarstjórnarinnar og rekstri bæjarmálefna yrði hagað á líkan hátt, sem gjört er í reglugjörð 29. ágúst 1862, fyrir Akureyrarkaupstað, þó með hliðsjón af þeim mismunandi örðugleik á báðum stöðum í því fljótlega að ná amtsins úrskurði.

Skutulsfjarðareyri, 28. febrúar 1863.

34 nöfn.

Bænarskrá.

frá Múlasýslum um breytingu á konungsúrskurði um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna til hinna fátæku prestakalla.

Úrskurður stjórnarinnar 17. maí 1862, sem ákvarðar nákvæmar eptir því sem nú er ástatt hið forna vald stiptsyfirvaldanna að skikka presta á hin fátækustu brauð hér á landi, hefir vakið töluverða óánægju, svo jafnvel horfir til þess, að heldur fækki en fjölgi þeir, sem búa sig undir prestsskap. Þó þetta sè eðlilegt nú á tímum, síðan allt mannfrelsi ræður meir en fyr í löggjöfnni, þá virðist það að líkindum nauðverja þó hún sè ill að skikkunarvaldið eigi sèr enn stað, með því þeir eru nú orðnir svo fáir, sem stunda skólalærdóm, að þessir fáu kándídatar, sem nú fást, geta jafnvel valið úr embættum, en sum brauðin standa auð; en þessi konungsúrskurður af 17. maí i fyrra, er enn svo óákveðinn, að oss virðist að skýrar þurfi að ákveða, hverja skikka mætti, á hver brauðin ætti að skikka, og hve lengi þeir skyldi þurfa að þjóna, til að öðlast forgöngurètt til betri brauða.

Oss virðist nauðsynlegt, að skikkunarvaldið sè ekki bundið einasta við hina fátækustu, eða þá sem sízt eru að sèr, heldur nái til allra íslenzkra kándídata í guðfræði, nema laudabílsta af háskólanum; að skikka megi á þau brauð hér á landi, sem eru metinn 5—18 rd. eptir hinu löggilta brauðamati; en að hver sá sem skikkaðnr er á brauð og þjónar því skuli eptir 3—5 ár hafa forgangsètt fyrir öllum öðrum til meðalbrauða, og skyldi þá sèr í lagi hafa tillit til, hvernig hann hafi staðið í sinni stètt.

Berið því háttvirtu alþingismenn á alþingi í sumar fyrir vorn

E. Hjörleifsson, *Sigurður Gunnarsson,*
(forseti). *(skrifari).*

Sökum þess að sýslumaður okkar Á. Gíslason, uppálagði okkur Bæjarhreppsinnbúum á næstliðnu manntalsþingi, að byggja þinghús í sameining við Bjarnarneshreppsinnbúa, og að byggja það á þeim stað í Bjarnarneshrepp, sem prófastur Bergur Jónsson tilvísaði, og færði til sem ástæðu fyrir þessari skipun, að það væri móti lögum og þeirri venju, sem frá óminnstið hefði við gengizt, að þinga hér hjá okkur, þó hann hefði gjört það síðan hann kom hér til sýslu. Við erum nú að vísu ófróðir í því, hvert nokkurn tíma hefir verið lögakveðinn þingstaður í Bjarnarnesi fyrir Bæjarhrepp, þó við annars efumst um það, því allt svo lengi að austur- og vesturhluti Skaptafellssýslu höfðu sinn sýslumann hvor, var Bæjarhreppur serskild þinghá, en um þann tíma, sem Magnús Stephensen var hér sýslumaður, vorum við kallaðir á þing að Bjarnarnesi, en allt fram að þeim tíma voru manntalsþing haldin hér í Bæ, sem hreppurinn er við kenndur. En hvað sem því nú líður, hvort við erum löglega kvaddir til að sækja þing að Bjarnarnesi, eða ekki, þá leyfum við okkur, að snúa okkur með málefni þetta að voru heiðraða alþingi, því okkur er mjög tilfinnanlegt, að verða að eyða frá 3 til 5 dögum til þingferðar að Bjarnarnesi eptir því, hvað auðvelt eða torveit er að komast yfir Jökulsá og Almannaskarð, og það um þann tíma árs, sem okkur er helzt gagn að, bæði til að sækja sjóinn og til annara nauðsynlegra heimilis-

starfa. Og þess vegna óskum við, að alþing vort gefi málefni þessu meðmæli sín,

og sendi vorum allramildasta konungi bænarskrá um það, að hann ákveði með lögum, að manntalsþing fyrir Bæjarhrepp megi framvegis haldast á jörðunni Bæ, sem er á staður, hvar við ætlum, að það hafi upprunalega verið haldið.

Bæjarhrepp, 26. maí 1863.

30 nöfn.

7. júlí — fjórði fundur.

Rædd til inngangs og nefndarkosninga eptirfylgjandi mál.

Bænarskrá

frá Barðastrandarsýslu um fiskiveiðar útlendra. (Nefnd sett).

Öllum þeim mönnum, sem kunnugir eru landslagi á Vestfjörðum á Íslandi og atvinnuvegum innbúa þar, mun virðast, að helzti bjargræðisvegur í meiri hluta af fjórðungi þessum, er byggður á sjávarafslanum, enda hafa Vestfirðir optast bjargast fyrir sig, og á fyrri öldum allt til skamms tíma tekið af vergangi bjargþrota menn, sem í harðærum hafa þangað flúið úr öðrum fjórðungum landsins. Þetta er nú komið í annað horf, því vorast er árlega allveg farinn að bregðast, á móti því sem vanalega aflaðist áður, svo víða fá menn ekki fiskæti til heimilisþarfa yfir sumarið; eru bændur þá bjargarþrota upp á allan veturinn, og það nú þegar þorri manna hefir í harðæri því, er yfir stendur, misst meiri part sauðfjárins og nokkrir allt, og að því skapi hesta sína; kýr sem lifa magrar og gagnslausar, og sumstaðar dauðar.

Að fráskildu Ísafjarðardjúpi, Arnarfirði og kringum Snæfellsjökul er aðdráttatíminn af sjónum ekki teljandi í fjórðungi þessum, nema frá byrjun maímánaðar til miðs júní, eður, þegar bezt lætur, fram til júlí, og eru þá flestir sjómenn farnir burt til heimila sinna. Þær beztu fiskigöngur koma árlega, einkum kringum Látrabjarg og það norður fyrir Dýrafjörð, frá miðjum apríl til og fram í júní. Fyrir 12 árum gáfust jafnaðarlega 3 til 4 hundr-

aða hlutir (tólfræð), og í góðum árum 5—6 hundraða á 10 vikna vertíð. Nú þar á móti 1 til 2 hundraða og stundum minna yfir sömu tíð. Hversu vel sem sýnist líta út með fiskigöngur, t. a. m. í apríl og maí, hverfa þær svo, að næstumaleyða verður af fiski; þá er líka illt til sjósóknar einkum kringum Látrabjarg, og fyrir vikum og fjörðum norður að Skaga, meðan fiskur er ei genginn nær landi, og sækja verður yfir þá stríðu strauma, sem liggja þar fyrir flestum útnesjum. Í ár leit út fyrir, að fiskur gengi undir landið í hetra lagi; sóttu því allir eptir sem við komust út að sjó, og margir úr fjarlægum sveitum, í von um, að fá nokkurn forða af sjávarafli; en þessi von sýnist muni verða til lítils, því fiskur fækkar á miðum, hvert sem leitað er, svo margir fá eigi til matar, þegar á land er komið. Orsökina til þess hnignandi fiskiafla er, eptir sem reynslan sýnir, yfirgangur Frakka á sínum stóru og fjölmennu fiskiskútum, sem koma hingað á sætrur landsmanna tíðast með byrjun maí, og halda hær til stöðugt að lokum júlímánaðar og sumar lengur. Skútur þessar eru einkum í maí (sem allra skaðlegast er) opt að tölu 40—60 á 3—4 vikna svæði nótt og dag norður og vestur jafnaðarlega frá $\frac{1}{4}$ viku til 2 vikna undan landi. Nokkrar skútur fara svo langt inn á vikurnar, að menn af landi sjá, þegar Frakkar draga og taka inn fiskinn; líka sigla þeir á kippi eptir og í kringum íslenzku bátana, grunnanga svo öll fiskimið innlendra djúpt og grunnt, sigla með slór og rægsni á djúpið, og gjöra þar af niðurburð handa sjálfum sér.

Vér vitum, að um mál þetta hefir áður rætt verið á alþingi, og mun þingmönnum því málefnið að mörgu leyti ljóst. Vér vitum, að Danastjórn hefir eitt sinn að undan förnu sent herskip til Íslands, til að vernda okkur fyrir ágangi fiskiflota Frakka; en skip Dana kom of seint vestur fyrir og hafði hær líka of stutta dvöl, svo koma þess varð innbúum að litlu sem engu liði. Vér höfum verið að vona eptir, sem Þjóðólfur segir, að nú í ár ætti að koma verndar- eður eptirsjónar-skip frá Danmörku, en skip þetta er enn ekki hingað komið, og Frakkar fylgja fyrtöldum háttum sínum, og jafnvel ganga nú hvað ötulast fram í yfirgangi sínum með að spilla fiskiveiðum landsbúa.

Vér biðjum því enn að nýju vort heiðraða alþingi, að taka þetta áriðandi málefni til greina, og skora á Danastjórn framvegis að senda varnarskip, sem ekki má seinna koma til Vestfjarða, en með byrjun maímánaðar, og halda að öðru hverju hær til að út-

göngu júní eður fram á júlí. Fáist þetta, vona menn og eru sannfærðir um, að fiskiaflinn kæmist aptur í betra horf, en nú er. Verði enginn gaumur að þessu gefinn, kemur herskip Dana okkur að engu haldi, og kostnaður sá, sem til þess útgjörðar er lagður, okkur að engum notum, þar sem nú lítur helst út fyrir, að fólk margstaðar vestur um sveitir falli fyrir sverði hungursneyðarinnar, ef að sjávarafllinn bregzt, eptir sem út fyrir lítur, og væri það hörmulegast að vita, ef varnarskip Dana væri komið til Íslands, og lægi inni á einhverri höfninni við suður- eður austurlandið, en lèti þvert á móti stjórnarinnar tilætlun, svo framarlega sem hún (stjórnin) hefir sent það hingað, okkur hjara og að líkindum deyja hjálparlausa, sem í hers höndum.

Skrifað í Rauðasandsbrepp innan Barðastrandarsýslu, 4. júní 1863.

Tilsend alþingisfulltrúanum í Barðastrandarsýslu með 115 nöfnum.

Kæra prestsins á Stafafelli í Lóni yfir ráni útlendra í eyjunn
Vigur. (Vísað til undang. nefndar).

Af því nú liður að vanalegum þingferðartíma, þá get eg hvorki nè vil láta hjálfið að skýra voru heiðraða alþingi frá ráni því, sem eg hefi orðið fyrir af hendi Frakka á þessu vori. Það er án efa kunnugt okkar heiðraða alþingismanni, eins og öðrum, að hér fyrir Austur-Skaptafellssýslu hefir á þessu vori legið miklu meiri fjöldi af fiskiskútum þeirra en nokkurn tíma að undan fögnu; og að fyrir þá sök hefir ekki verið kostur á að fá neinn afla af sjó, að þær hafa legið hér hrönnum saman, inn í innstu fiskileitum, og fast inn við sanda. Hér í Lónbugtinni hafa þær stöðugt verið á reki frá því þær komu hér fyrst að liðnum páskum, og hafa jafnaðarlega verið taldar 40, 50, 60, 80, og stundum allt að hundraði. Einstöku sinnum hafa þær hvarflað litið eitt frá, síðan á leið vorið, en komið jafnóðum aptur fleiri eða færri, og grunaði mig strax það sem nú er fram komið að þær mundi ætla sèr til herfangs í Vigur, sem er eyja liggjandi í opnum sjó, hér um hálfa mílu fram undan söndum og miðs vegar milli Austur- og Vesturhorns. Hún er eign Stafafellskirkju og aðalhluti inntekta prestsins sem hér er. Meðan norð-austan næðingarnir gengu, í síðara hluta maimánaðar, voru duggurnar opt að láta sig reiða til og frá rétt fram með Horni og sást

þá hëðan innan úr sveit, víst tvisvar sinnum, til báta frá þeim upp í Vigur, og leit svo út sem þeir væru að mæla sjávardjúpið, því þeir námu staðar hér og hvar, rétt eins og þeir væru að kanna hvar bezt mundi vera að leggja að henni. Skot þóttust menn og heyra í það skipti, en ekki munu þau mörg hafa verið; enda var þar þá ekkert að skjóta nema kann ske sjómáfa, því þegar eg lét fara þangað út nokkru fyrir fardaga var þar engin fugl lagstur að. Með fardögum breyttist veðurátt nokkuð til hlýinda og raka, og lét eg því fara til Vigrar fimmtudaginn þann 4. júní, sem var fyrsti fardagur; leit þá eyjan mikið vel út, hún var orðin þakin af fugli, og þó enn meira á floti í kringum hana; mikið var farið að skara um alla eyna og þá fengust nær 300 egg, en dún ekki svo teljandi væri, og bóndi sá hér í Lóni, sem alla jafna hefir verið fyrir Vigrarferðum hjá formanni mínum hér í brauðinu, hann segir að eyjan hafi haft það útlit, að varp mundi verða hið bezta í henni þetta ár, og það var eðlilegt, þar eð mestur hluti eggja var látinn unga út í fyrra; en það fór öðruvísi. Laugardaginn þann 6. sama mánaðar, var að vanda mikill duggukrans hér úti fyrir, og hëlt sig helzt í kringum Vigur, og lét sig reiða til og frá, þóttust þá menn í Austurlóni sjá báta að utan fara frá nokkrum duggum upp í eyjuna og jafnvel heyra skot, en bæði bægði vindstaða að skotin heyrðust að Stafafelli og líka skyggði eyjan sjálf á bátana. En daginn eptir eða sunnudaginn 7. júní mun þó aðalránið hafa fram farið; létu þá duggurnar eitthvað milli 20 og 30 sig reiða til og frá í norður og suður fyrir utan eyjuna, sumar fast fram með henni en aðrar nokkuð fjær, heyrðist þá skothriðin mikinn hluta dags á bæjum þeim í Lóni, sem næstir eru sjó, og sáust víst 5 bátar við duggur, sem settir höfðu verið á flot og farið á í eyjuna. Strax sama kvöldið lét eg vinnumenn mína 3 fara til Vigrar með bónda þeim sem eg áður nefndi til að sjá hvað þar væri að gjört, en vegurinn þangað er ekki farinn á svipstundu; fyrst suður að Papós, þar út, og svo norður með öllum söndum til Vigrar, á að gizka ekki minna en 4 mílur, því beint upp undan Vigur á söndunum er ekkert skip hafandi fyrir hafnleysis sakir; komu þeir þangað um nóttina og voru þá Frakkar allir í burtu, en um frágang þeirra í Vigur er það einasta að segja, að þar er allt varp eyðilaggt ekki einungis í ár heldur hver veit hvað lengi? Þar voru hreiður öll gjörtæmd, dúnhnoðrar, síður og vængfjaðrir af æðunum sást hingað og þangað á flækingi sem tvístrast hafði úr hönd-

um ránsmanna, en það lítið sem sást af æðarfugli var eldstyggt eptir skothríðina, svo það flaug undir eins og það sá mennina langt út á sjó, hingað og þangað. Nóg stígvælatraðk sást alstaðar þar sem sandur var, og brotsnepla tvo litla fundu þeir úr frönskum avis, líklega rifna af bréf-forhlaði í byssum þeirra, og sem eg læt hær með fylgja til sýnis; og eru þeir að eg ætla þó litlir sæu ó-rækt vitni þess, að ránsmenn þessir hafa Frakkar verið, en engir aðrir. Eptir því sem menn mínir komust næst höldu þeir, að yfir 200 hreiður hefðu tæmd verið af þeim sem áður voru komin egg í, en sögðu þó að þau hefðu vel getað verið miklu fleiri á báðum eyjunum — því Vigur skiptist af mjóum sjóarvog í tvær smáeyjar. — Af fugli þeim sem næst á undan var í Vigur gizkuðu þeir á, að þeir mundu hafa sæð hingað og þangað á flækingi kringum eyjuna svo sem þriðjung, en hitt er haldið að Frakkar hafi drepíð, og er það ekki ólíklegt eptir skothríð þeirra; líka getur vel skeð að þeir hafi haft með sér skipshunda sína upp í eyjuna til að taka fuglinn og hjálpa byssunum til, þó eg ekki hafi neina sönnun fyrir að svo hafi verið í þetta sinn; og af landsel þeim sem annars er optast vanur að liggja uppi á klöppum í Vigur eða vera þar á floti um þenna tíma árs, sást ekki einn einasti. Hær við hlýtur þá saga þessi staðar að nema að sinni, og þarf þó ekki að búast við að svo búið standi, því þó Frakkar hafi nú um stund slegið sér dálítið frá, koma þeir að vörmu spori aptur til að taka leifar sínar í Vigur, ef nokkrar verða, og enn í dag sjást allmargar duggur þeirra með fram hafsbrún. Að ná rétti sínum með klögun til hinna frönsku hermanna sem hær liggja á sumrum inn á höfnum hingað og þangað í Austfjörðum, er hær ekki mögulegt þar eð ómögulegt er, vegna fjarlægðar bæði Stafafells og eins hafnarinnar (Papóss) frá Vigur að ná nöfnum ránsduggnanna; annars gegna þeir ekki þess háttar klögunum; enda hefir sú raun á orðið þegar því hefir átt að beita við undan farin rán Frakka í Austfjörðum, að þeir hafa annaðhvort byrgt nafn duggunnar með segli, neglt yfir það fjöl eða málað yfir það svo það sæist ekki, líka sýnt sig líklega til að skjóta á þvílíka njósnarmenn, og enda þó nafn ránsduggna náist, vesja herskipastjórar Frakka — sem reynslan hefir stundum sýnt að eru lítið betri — það mál á ýmsa vega löndum sínum í hag; þeir þykjast ekki skilja okkur, þó þeir látist vera latínulærðir, af því þeir hirða ekki um það, eða kalla þess háttar klaganir smámuni eina og vilja vær látum oss nægja með eintóm kompliment þeirra

eða pyðingarlaust skjall. Að halda skip og menn í Vigur henni til varnar allan vortímann út, frá því fyrir fardaga, þá fugl fer fyrst í góðum árum að leggjast að varpstöðvum og fram á byrjaðan túnaslátt, þá hann er kominn í burt, er fyrst og fremst svo kostnaðarsamt, að það launar sig ekki, — einkum þegar Frakkar taka burtu allan sjávaraffla —, og þar að auki ekki svo hættulaust að menn hér í Lóni vilji gefa sig til þess, því undan farnar ránsögur Frakka bæði á Hólmum og annarstaðar, sem því miður enn ekki eru prentaðar in extenso, sýna það, að þar sem þeir taka sig margir saman og koma með byssur til að skjóta fuglinn upp í varp-eyjar, þá vyla þeir ekki fyrir sér að sýna vopnlausum Íslendingum byssurnar og snúa þeim að þeim, þegar þeir vilja verja sitt og ekki láta þá ræna sem þeim líkar, enda erum við Íslendingar sjaldan svo margir fyrir, að við getum neitt megnað á móti slíkum fantasæg, einkum þar sem eins á stendur og í Vigur, að heilir tugar af duggum sigla til og frá rétt með fram klöppunum, sem þeir er ræna geta ætíð kallað sér til hjálpar ef á þarf að halda. Og þar eð jeg fyrir þessa sök verð að missa fullan helming af embættis-tekjum mínum á ómaklegan og ólöglegan hátt, sem eg hvorki get nè vil sækja með mannhættu í höndur bófa og örgustu ránsmanna, heldur njóta sem lífsbjargar fyrir mig og mína í skjóli og undir vernd þessa lands laga og réttar, þá hef eg ekki önnur ráð en að snúa mér að okkar heiðraða alþingi með þá mína innilegu ósk og bón, að það taki málefni þetta til ítarlegrar yfirvegunar og meðferðar, bæði hvað snertir velferð þessa lands yfir höfuð, sem þannig er ár frá ári æ meir og meir gjört að ránsbæli hinna ósvífustu og ranglátustu bófa, hvaðan sem þá ber að, og líka í tilliti til sjálfs mín og minnar velferðar, og eg vona að alþingi finni sér skylt að gefa málefni þessu gaum mín vegna hvort heldur það skoðar mig sem borgara eða embættismann, því skoði það mig sem borgara í ríki því, sem nokkra stjórn og lög hefir, þá er það mín skylda að vera hlýðinn og trúr og hollur bæði stjórninni og ríkinu, en stjórnin á aptur að vernda mig, bæði líf, æru og eignir mínar og bæta mér fullum bótum, ef frá mér er rænt. Og skoði alþing mig sem embættismann, þá á eg skilið að halda launum mínum óskertum svo lengi sem eg stend tilhlýðilega í sporum mínum hvað embættisþjónustu snertir, og eg hlýt að beiðast bóta, ef eg er rændur þeim. Og þar eð stjórn okkar hefir nú fundið sér skylt að veita áheyrn bænum þeirra embættismanna, sem hafa beiðzt launaviðbóta, fyrir

Því að þeir gátu ekki bjargast við þau laun, sem þeim voru í fyrstu veitt með embættinu, þá bið eg alþingi að gá að því, hvort það er ekki enn beinni skylda fyrir hana að sjá til að eg haldi því sem hún hefur einu sinni veitt mér og bæti mér fullum skaðabótum, ef eg er rændur því, og þar eð eg er sannfærður um að vort heiðraða alþingi álitur málefni þetta bæði mikils umvarðandi fyrir hið almenna og hvað sjálfan mig snertir rétt og sanngjarnt, þá óska eg að það á þann hátt sem best á við vilji fylgja því fram við stjórnina, að hún borgi mér fullar skaðabætur fyrir ránið í ár, og svolengi síðan sem slíkum ránum er á líkan hátt framhaldið, eða afleiðingar þeirra rýra þær embættistekjur, sem eg á að njóta og brauði þessu fylgja.

Að endingu get eg þess, að það er áform mitt að gefa á ný skýrslu um frekari rán, ef framin verða, samt að vera viðbúinn að gjöra skilvíslega grein fyrir hve mikill eða lítill arður kann að verða af varpeyju þessari eptirleiðis.

Stafafelli þann 10. júní 1863.

Með einlægni og virðingu

Bjarni Sveinsson,

prestur samastaðar.

Bænarskrá

úr Árnessýslu um stjórnarbót. (Nefnd sett).

Alþingismenn Íslendinga!

Vér fulltreystum því, að þér, alþingismenn, séuð gagnteknir af alvöru þessa tíma, og þekkið vel nauðsynjar þær og vandræði, sem hann hefur í för með sér. Nauðsynjarnar eru margar og verða því fleiri og auðsærri, sem lengur dregst úr þeim að bæta. Vandræðin vaxa með vaxandi nauðsynjum, þegar ekki er úr þeim bætt, þau vaxa með ósamkvæmni á framkvæmd laganna og óvissunni um hvað sé eða ekki sé lög og réttur í landi; bendum vér í þessu tilliti til skattamálsins, fiskiveiðamálsins og fjárkláðamálsins, að ógleymdu jafnaðarsjóðsgjaldinu. Hvað hjálpa oss lögín hin eldri, og hvað hjálpa oss hinar nýju lagasetningar, þegar skilningur og heimfærsla þeirra — og það þeirra, sem snerta hin verulegustu réttindi hvers manns — er á reiki og fer sitt í hverja stefnu í hverju amti og jafnvel í hverju héraði?

Vér viðurkennum, að vér Íslendingar höfum í flestum efnum allviðunanleg lög, ef þeim væri framfylgt með alúð og öruggleika; vér höfum þjóðþing, sem lögin gæti endurbætt, ef það sjálft yrði aukið og endurbætt, eins og endurtekin fyrirheiti konungs um stjórnarbótina gefa von um; vér höfum nú — að oss virðist — vel launuð stjórnarembætti; vér höfum — það þorum vér að segja — þann landslýð, sem er fús til hlýðni við lögin, og auðsveipur við valdstjórn sína, hve nær sem hún vill beita lögunum með röksemd og embættisvaldi sínu með réttvísi.

Þetta biðjum vér yður, alþingismenn Íslendinga, á þessu síðasta þingi, er kosning yðar, sem nú sitjið þar, nær yfir, vel að athuga. Vér biðjum yður að hafa það hugfast, að við þarf ekki einungis góðra laga, heldur og þess, að lögunum sé haldið í heiðri, því «með lögum skal land byggja». Lög og stjórn mega að vísu hvorugt annars án vera, en verði þó annars hvors án að vera, þá virðist oss land og lýður fremur mega standast, með *góðri* stjórn *án* laga, heldur en *án* stjórnar *með* lögum, hversu *góð* sem eru, þá eru þau dauður og deyðandi bókstafur, til falls og til hneykslis, en ekki til viðreisnar og framfara.

Öllum er kunnugt, að 2 hin æðstu embætti landsins hafa staðið óveitt svo árum skiptir, og hinu 3. verið þjónað víst árlangt af »settum» embættismanni; eru jafnvel dæmi til þess, að sama embættismanni hefir af stjórninni verið falið að gegna í einu 2 ósam-einanlegum embættum. Eins og stjórn hinna lægri embættanna, með þessu fyrirkomulagi hlýtur að vanta tilhlýðilegt eptirlit og aðhald, þannig virðist yfirstjórnina að skorta þá einurð og öruggleika eða það fylgi og framkvæmd, sem *sízt* hún má án vera, ef vel á að fara.

Vér skorum á yður, alþingismenn, að þér takið stjórnarbótarmál vort til eindreginnar íhugunar og meðferðar á þessu þingi, og látið það sitja í fyrirrúmi fyrir öllum öðrum málum, því það er hið almennasta og án alls efa hið mest áriðandi velferðarmál landsins, eins og landstjórninni nú er komið. Leggjum vér það til, að þér ritið konungi bænarskrá um:

- 1., að alþingi verði veitt ályktaratkvæði í öllum innlendum lög-gjafar- og því einnig öllum fjárveitingarmálum þessa lands.
- 2., að yfirstjórn landsins verði hið allrabráðasta komið í hagkvæmasta horf með fullu framkvæmdarvaldi í öllum þeim

innlendum stjórnarmálum, sem nú liggja, eða framvegis lögð verða undir verkahring alþingis að löggjafaratkvæði til.

Á sýslufundi að Hraungerði, 4. júní 1863.

18 nöfn.

Sjö bænarskrár

um stjórnarbót og þjóðfund (niðurlagsatriði). (Nefnd sett).

1. Bænarskrá frá Suðurþingeyjarsýslu.

Að nýr þjóðfundur verði hið allrabráðasta kallaður saman hér á landi til að ræða út um stöðu Íslands í ríkinu, og stjórnarfyriðkomulag þess, að konungur vor veiti fundi þessum löggjafarvald gagnvart neitunarvaldi sínu, og að fulltrúar til þjóðfundar þessa verði kosnir eptir kosningarlögnum 28. septemb. 1849.

2. Bænarskrá úr Eyjafjarðarsýslu.

Að stjórnarbótarmáli Íslands verði flýtt sem mögulegt er.
110 nöfn.

3. Bænarskrá úr Húnavatnssýslu.

Að konungur svo fljótt sem auðið er vildi kveðja til þjóðfundar á Íslandi eptir reglum þeim, sem gefnár eru í kosningarlögnum 28. september 1849, og leggja fyrir hann frumvarp til fjárhagsaðskilnaðarins og þar með stjórnarbótar þeirrar, er honum allramildilegast vildi þóknast að gefa oss Íslendingum.

4. Bænarskrá frá Kollabúðafundi.

Að konungur af mildi sinni sem allrafyrst veiti oss umbót á stjórnarhögum vorum, og leggi fyrir fund í landinu frumvarp þess efnis, lagað eptir því sem undan farin alþing hafa farið fram.

5. Bænarskrá úr Snæfellsnessýslu.

Að hann (konungur) eptir sínu konunglega loforði 1848 allramildilegast ákveði með þjóðþingi í landinu sjálfu sem allrafyrst stöðu Íslands í alríkinu.

6. Bænarskrá frá Borgarfjarðarsýslu.

Að konungur veiti Íslendingum stjórnarbót þá sem hans hátign hefir heitið með bréfi sínu 23. september 1848, og að frumvarp þar um verði lagt fyrir sérstaklegan þjóðfund í

landinu sjálfu, sem kallaður verði saman sumarið 1864 eptir sömu kosningarlögum sem þjóðfundurinn 1851.

7. Bænastrá úr Múlasýslu.

Að alþingi taki ekki fjárhags og stjórnarmál Íslands til meðferðar, nema konungur vor veiti alþingi jafnframt nú þegar sama atkvæðisrètt í þessum málum og ríkisþingið í Danmörku hefir í dönskum málum.

8. júlí — fimmti fundur.

Rædd til inngangs- og nefndarkosninga eptirfylgjandi mál.

Uppástunga

um skipting þingtiðindanna. (Nefnd sett).

Á síðasta þingi kom eg fram með þá uppástungu, að alþingistiðindin skyldu prentuð í tvennu lagi, en uppástungan var felld með 12 atkvæðum gegn 10. Eg er enn á sama máli og þá, að skipting þessi sé gagnleg, og því leyfi eg mér, að koma aptur fram með uppástunguna, einkum með því að eg vona, að sumir þingmenn, er þá voru henni mótfallnir, sé nú farnir að kynnast málinu betur, og því orðnir henni meðmæltir. Helztar ástæður fyrir uppástungunni eru þessar: að öll fjölprentun þingmála fellur niður, og við það sparast fé og tími, og í öðru lagi geta þingmenn haft öll þingmálin fyrir sér prentuð, kostnaðarlaust að kalla má, að minnsta kosti optast, áður þau sé rædd á þingi. Þingmönnum er kunnugt, að prentuð hafa verið niðurlagsatriði nefnda og atkvæðaskrár á hinum síðari þingum, og í einstökum málum enda allt nefndarálitið, svo sem í hjúamálinu á síðasta þingi. Þetta er með öllu nauðsynlegt í umfangsmiklum og vandasömum málum; en eins og nú er ástatt með prentunina, er sá hængur á þessu, að kasta verður stílum af aptur, og prenta allt á sínum stað í tíðindunum, og frumvörpin eru tekin ásamt breytingaratkvæðunum á atkvæðaskrána, svo sumt er prentað enda fjórum sinnum, það er að skilja: 1, nefndarfrumvörp og niðurlagsatriði á lausu blaði handa þingmönnum; 2, í atkvæðaskránni aptur handa þingmönnum; 3, í

nefndarálitinu, og hin konunglegu frumvörp í viðbætinum við tíðindin, og 4, í atkvæðaskránni í tíðindunum, svo að nefndarfrumvörp og niðurlagsatriði eru prentuð tvisvar handa þingmönnum einum, og síðan aptur öll frumvörp og niðurlagsatriði tvisvar í tíðindunum handa lesendunum. Eg skal leyfa mér að taka eitt dæmi af mörgum samkynja dæmum, en það er hjúamálið á síðasta þingi. Konungsfrumvarpið er tæplega $\frac{3}{4}$ arkar að stærð, en nefndarfrumvarpið rúmlega $\frac{1}{2}$ örk. Konungsfrumvarpið kom nú prentað frá stjórninni sem önnur konungsfrumvörp; en var prentað í atkvæðaskránni handa þingmönnum; síðan er það prentað á tveimur stöðum í þingtiðindunum, í viðbætinum og atkvæðaskránni við ályktarumræðu. Það hefir því verið prentað þrisvar sinnum, auk þess, sem stjórnin hefir látið prenta það. Nefndarfrumvarpið er aptur fjórprentað, fyrsta sinn aptan við nefndarálið og annað sinn í atkvæðaskránni, hvorttveggja sinn handa þingmönnum, og síðan á sama hátt aptur tvisvar í tíðindunum. Lætur því þingið prenta $\frac{1}{2}$ örk fjórum sinnum, og $\frac{3}{4}$ arkar þrisvar sinnum, eða $4\frac{1}{4}$ arkar í staðinn fyrir $1\frac{1}{4}$ arkar, ef einprentað væri. Slíkt hið sama er að segja um önnur þingmál. Aptur geta þingmenn haft málin fyrir sér alprentuð kostnaðarlaust að kalla má, ef uppástungu þessari verður framgengt, með því að málin verða þá prentuð um leið í tíðindunum, og er auðsætt, hversu þetta er haganlegt fyrir þingið.

Af tilhögun þessari gæti og leitt ýmsan annan sparnað, svo sem, að þá má senda þingmálin prentuð til konungs, því eigi þarf annað, en að forseti og samningsmaður málsins skrifði undir eitt prentrit af málinu, og því fljótar, sem gengur að prenta tíðindin, því sjálfsagðara má virðast, að hætta við að skrifa þingbækurnar. Fleiri ástæður mætti til tína, en eg læt mér nægja þær einar, sem nú eru teknar fram, að uppástungan sparar fê og tímatöf, en eykur krapta þingsins; fyrir þá sök leyfi eg mér að stinga upp á:

Að alþingistiðindin sé prentuð í tvennu lagi, þannig, að í einum hluta sé þingmál öll: frumvörp, álitismál, bænarskrár og uppástungur, nefndarálit og breytingaratkvæði þingmanna og álitsskjöl og bænarskrár til konungs, en í hinum hlutanum sé anglýsingar til þingsins og umræður þingmála.

Reykjavík, 3. júlí 1863.

Arnlfótur Ólafsson.

Bænarskrá

um skattamálið frá Þingeyingum. (Vísað í nefndina um 7 bænarskrár um stjórnarbót).

Það eru nú þegar liðin sex hundruð ára síðan Íslendingar játuðu skatti Hákonu Noregs konungi hinum gamla, þegar landið gekk — sællrar minningar — í sambandið við Noreg, árið 1264. Er svo ákveðið í Jónsbókar þegnskyldu 1. kapitula, að skattur og þingfararkaup sé 20 ál. af hverjum búandi manni, þeim er á eitt hundruð fyrir sig og hvert skylduhjúa sinna skuldlaust, og eitt hundruð um fram. Var Jónsbókin lögtekin á alþingi 1281, og hafa ákvarðanir hennar um skattinn staðið óbreyttar allt á þenna dag.

Þó nú skattalög Jónsbókar hafi, ef til vill, átt vel við hina fábrotnu lífnaðarháttu landsmanna á þeim tíma þegar þau voru gefin út, sem oss annars liggur við að efa, þá er allt öðru máli að gegna nú; því eptir þessa sex hundruð ára sambúð við Norðmenn og Dani, og eptir allar þær hörmungar sem yfir landið hafa gengið á þeim tíma, hafa kringumstæður og lífnaðarhættir manna breytzt á ýmsan hátt; svo það er eigi kynlegt, þó þau lög sem þá voru gefin eigi nú miður við, enda verður það ekki varið að lög Jónsbókar um skattinn eru orðin úrelt og óhafandi.

Það er einkunn og aðalregla allra góðra skattgjaldslaga, að skatturinn fari sem næst efnum gjaldenda; að hann leggist sem jafnast á alla gjaldþegna í hverri stöðu sem eru; og að skattgjaldið taki sem minnst frá hverjum einstökum að kostur er á. Þessarar reglu er alls ekki gætt í skatta-ákvörðunum Jónsbókar; því fyrst er það, að skatturinn leggst óheyrilega ójafnt á gjaldendur, þar sem bláfátækur maður á að gjalda jafnháan skatt og sá sem er flugrikur; þar næst er það að eins minni hluti gjaldþegnanna sem skatturinn nær til, og er það einatt að vel efnaður maður er skattfrí, en jafnvel sárfátækur maður er í skatti; og í þriðja lagi tekur skattgjaldið langt of mikið frá hinum fátækari, en má ske of lítið frá hinum efnaðri skattbændum; sýnir þetta ljósast hvað skattalög voru eru einhæf og eiga illa við.

Þá er það enn að skatturinn er ójafnt á lagður í ýmsum hernaðum landsins; ætlum verður það sé ekki ofhermt að nálega sé sinni reglunni fylgt í hverju lögsagnarumdæmi. Veldur það óánægju og tregðu í greiðslu skattgjaldsins meðal gjaldþegnanna, einkum þegar svo á stendur, að skatturinn er ekki rétt heimtur eptir bókstaf skattalaganna, og hafa hér af risið deilur og málssóknir eins og

kunnugt er; ætlum vör það sé með fram sprottið af því, hvað skattalögin eru óljós og úrelt.

Stjórnin hefir fyrir löngu séð og viðurkennt þá nauðsyn sem á því er að ákvörðunum Jónsbókar um skattinn sé breytt, og ný skattalög samin. Þess vegna var að konungsboði nefnd manna skipuð í Reykjavík 1845, sem skyldi semja frumvarp til nýrra skattalaga, og er ágrip af álitsskjali nefndar þessarar auglýst í 7. ári nýrra félagsrita. Nefndin lagði það til að áður enn ný skattalög væri útgefin, yrði að meta allar jarðeignir í landinu að nýju, með því að á þeim yrði skatturinn að nokkru leyti byggður. Stjórnin féllst á þessar tillögur nefndarinnar, og lagði fyrir alþingi 1847, frumvarp til tilskipunar um nýtt jarðamat, er þingið þá féllst á með litlum breytingum; fram fór þannig jarðamatið yfir land allt á árunum 1849—50 og er nú loksins lögleitt með tilskipun 1. apríl 1861, eptir þrettán ára krossgöngu milli misjafnra dómenda. Er því þeim þröskuldi rutt úr vegi, sem skattanefndin áleit því til fyrirstöðu, að ný skattalög væri út gefin, og virðist að hinn rétti tími sé kominn til þess að alþingi vort fari að taka þetta mál fyrir, og til ihugunar.

Um undirstöðu skattgjaldsins, erum vör samþykkir meiri hluta skattanefndarinnar í því, að réttast sé að aftaka öll hin fornu þegn-skyldugjöld, en setja í staðinn almennan landsskatt, sem hvíli að jafnri tiltölu á fasteign og lausafé. Svo ætlum vör að leggja mætti hæfilegan skatt á timburhús og steinhús í kaupstöðum, þiljubáta sem ganga til hákarla- og fiskiveiða, agnsemi jarða og hlynnindi, að því leyti sem það ekki hefir verið tekið til greina við jarðamatið og má ske fleira. Í þriðja lagi virðist oss að gjöra megí ráð fyrir tekjuskatti af jarðeigendum og embættismönnum þeim sem ríflega eru launaðir og neyzluskatti einkum af munaðarvörum, svo sem kaffe, sikri og vínföngum m. fl.

Af framanskriðuðum ástæðum, og með skýrskotun til þess er vör höfum stungið upp á hær að framan, berum vör þá bæn fram fyrir alþingi 1863:

Að það riti konungi vorum bænarskrá um skattamálið, hvar í það sé sérstaklega fram tekið, að sem allrafyrst verði frumvarp um það mál lagt fyrir alþingi, byggt á uppástungum skattanefndarinnar frá 1845.

Á héraðsfundi Þingeyinga, 26. dag maímán. 1863.

Bænaraskrá

frá Þingeyingum um sveitarstjórn.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að stjórn sveitarmál-efna vorra er í ýmsum greinum ófrjálsleg og ófullkomin; enda hefir stjórnin og alþingi orðið á eitt mál sátt um það, að bæta þyrfti sveitarstjórnina frá rótum og breyta henni. Var þess vegna frumvarp til nýrra sveitastjórnarlaga lagt fyrir alþingi 1855, og var það ítarlega rætt og meðhöndlað af þinginu; en svo er að ráða sem stjórninni hafi ekki geðjast sem best að breytingum þeim, sem þingið gjörði við frumvarpið, því síðan hefir málinu ekki verið hreift frá stjórnarinnar hendi.

Það liggur í augum uppi, að svo búið má ekki lengur standa, því þörfin, sem á því er, að sveitarstjórnarlögum vorum sé breytt í ýmsum greinum, eykst með ári hverju, eptir því sem tímarnir breytast, og mál þau sem undir sveitarstjórnina heyra verða fleiri og margbrotnari.

Þannig aukast árlega störf þau, sem hreppstjórum eru áhend-ur falin, því auk þess, sem lög þau, er smámsaman út koma, t. a. m. vegabótalögin, leggja á þá ýms skyldustörf, þá hafa nú á þessum síðustu harðærisárum margfaldast öll umsvif við fátækra-stjórnina í hreppunum, svo það má með sanni segja, að hverjum einstökum manni er nær því ókleyft, að leysa það allt forsvaran-lega af hendi, sem hreppstjórum er ætlað að gjöra, þegar einskis endurgjalds er að vænta í aðra hönd. Vær ætlum því, að hér sé um tvennt að gjöra, annaðhvort að veita hreppstjórum hæfileg laun fyrir störf þeirra, eða að öðrum kosti verði að setja nefnd manna í hverjum hreppi, til að hafa sveitarstjórnina á hendi.

Á sama hátt eru störf þau orðin ærið margbrotin, er sýslu-menn á hendi hafa, og mundi affarasælla, að almenningur ætti kost á að hafa hönd í bagga með um meðferð og afgreiðslu sumra þeirra mála. Tökum hér til dæmis hin nýju vegabótalög, sem leggja sýslumönnum á herðar ýms þau störf við framkvæmd vega-bótanna, sem oss virðist mjög áriðandi að vel sé af hendi leyst, eigi vegabótalögin að verða að tilætluðum notum; ætlum hér að ungum sýslumönnum, sem nýtekið hafa við embætti, og máske lítið þekkja til landshátta hér, sé ofvaxið að leysa forsvaranlega af hendi allt það, sem vegalöggjöfin leggur þeim á herðar. Svo er um fleiri mál, þó hér sé ekki talin, að hollara væri að nefnd manna

væri kvödd í hverri sýslu til aðstoðar við sýslumanninn og ráðaneytis við meðhöndlun þeirra og afgreiðslu.

Þá ætlum vèr og, að nauðsynlegt sè, að amtmönnum sè settir menn til ráðaneytis við stjórn og umsjón ýmislegra opinberra sjóða, er þeir hafa hönd yfir, og við afgreiðslu ýmislegra sveitarmála, sem undir þá heyra. Því þó svo kunni að vera, að embættisfærsla amtmannanna í þeim greinum, sem nú voru nefndar, hafi verið óaðfinnanleg, þá er ekki sagt að svo verði jafnan. Kæmist það á, að amtsnefndir yrði skipaðar í hverju amti og sýslunefndir í hverri sýslu, mundi stjórn sveitarmálefna vorra eflaust verða þjóðlegri, affarasælli, og betur að alþýðu skapi, en hún hefir verið.

Um hin síðustu úrslit sveitarmála vorra virðist oss, að ekki verði fast ákveðið, meðan það er óafgjört hver staða Íslands verður í hinu danska alriki. En með því vèr nú vonum, að því máli fari bráðum að þoka áfram til afgjörandi endalyktar, og að þess verði ekki langt að biða, að vèr fáum innlenda stjórn, eptir því sem þörf vor og þjóðrættindi standa til, þá finnst oss, að ekki sè frágangssök þó í bráð standi við það sem er, og að síðustu úrslit sveitarmálefna vorra, heyri undir hina dönsku ráðgjafa.

Samkvæmt þessu dirfumst vèr undirskrifaðir að skora á alþingi 1863, að það taki til greina framanritaðar uppástungur vorar og athugasemdir. Beiðumst vèr þess:

Að þingið riti vorum milda konungi enn á ný þegnlega bænarskrá um sveitarstjórnarmálið samkvæmt þessum tillögum vorum.

Á héraðsfundi Þingeyinga, 26. maí 1863.

24 nöfn.

Hér var viðhaft nafnakall um hvort nefnd skyldi setja.

já sögðu:

Benidikt Þórðarson.

Ásgeir Einarson.

Benidikt Sveinsson.

Björn Pétursson.

Helgi G. Thordersen.

Jón Pétursson.

Páll Melsteð.

Pétur Pétursson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

nei sögðu.

Brynjólfur Jónsson.

Arnlfótur Ólafsson.

Gísli Brynjúlfson.

Halldór Kr. Friðriksson.

Helgi Hálfðánarson.

Indriði Gíslason.

Jón Guðmundsson.

Jón Hjaltalín.

Jón Pálmason.

Jón Sigurðsson.

nei sögðu :

Magnús Andrèsson.

Páll Sigurðsson.

Stefán Eiríksson.

Og var þannig bænarskrá þessi felld með 13 gegn 10 atkv.

Bænarskrá

frá Snæfellsness-sýslu um gjafakorn til Eyrarsveitar.

Niðurlagsatriði.

Að konungurinn allmildilegast vildi líta á eynd vora, og til þess að afstýra hungursdauða á mönnum næsta vetur, gefa til þessarar (Eyrar)sveitar nokkurn skerf af kornmat á næstkomandi hausti; eða þá til vara, að hans hátign konungurinn, vildi allra-mildilegast upp gefa þá kornskuld, sem þessi bágstadda sveit er skuldbundin fyrir.

Ritað í Eyrarsveit innan Snæfellsness-sýslu 30. maí 1863.

35 nöfn.

Þessi bænarskrá var felld frá nefnd með 15 atkv. gegn 6.

Bænarskrá

frá Múlasýslum um öreigagiptingar.

Yður er kunnugt, kæru alþingismenn! hvílik vandræði og sveitar-niðurdrep hlýzt af því hér á landi, að engar takmarkanir að gagni eru hér til í lögum um giptingar öreiga og óráðsmanna, og þó bænarskrár hafi komið til alþingis um þetta mál bæði 1859 og 1861, hefir enginn árangur orðið af þessu hingað til, en neyðin af sveitarþyngslunum fer dagvaxandi. Þess vegna biðjum vör yður, að finna nú á þinginu í sumar ráð til þess, að takmarka þessa miklu og skaðlegu óreglu, þau ráð, sem líklegt væri að gæti orðið að lögum, og senda um þetta mál bænarskrá til stjórnarinnar.

á frjálsum fundi í Vallanesi 5. júní 1863.

E. Hjörleifsson, Sigurður Guðmundsson.

(forseti)

(skrifari).

Þessi bænarskrá var tekin aptur af flutningsmanni.

9. júlí — sjötti fundur.

Ræddar til inngangs eptirfylgjandi bænarskrár.

Bænarskrá

úr Þingeyjarsýslu um trúarbragðafrelsi.

Þegar vor allramildasti konungur, Friðrik hinn sjöundi, kom til ríkis, lét hans hátign fyrst allra hluta sér umhugað um, að veita þegnum sínum sem mest frelsi, og nema úr lögum allt það, er því var til tálmunar. Hafa nú samþegnar vorir í Danmörku notið um mörg ár þessa frelsis, er konungurinn svo mildilega veitti þeim; en aptur hafa ýmsar kringumstæður ollað því, að vör Íslendingar höfum enn þá ekki átt sama láni að fagna, svo að jafnvel trúarbragðafrelsið er hér á landi mjög takmarkað eptir hinum gömlu lögum, sem enn gilda í því efni, og er með þeim einkum hallað rétti katólskra manna meira en góðu hófi gegnir. Vör ætlum þó, að það sé hverjum skynsömum og menntuðum manni ljóst hve ósannngjarnt og illa tilfallið það er, að leyfa ekki hverjum kristnum manni að þjóna guði með þeirri aðferð, er sannfæring manns býður, og einkum er þetta því fráleitara sem Gyðingar hafa nú fengið hér trúarbragðafrelsi að lögum. Nú með því að oss, er ritum nöfn vor hér undir, þykir sem eigi megi svo búið standa, þá viljum vör snúa oss til hins heiðraða alþingis vors, er haldið verður í sumar með þá innilegu beiðni, að það riti vorum allramildasta konungi bænarskrá um það:

Að öllum kristilegum trúarbragðaflokkum verði veitt fullkomið trúarfrelsi hér á landi og allt það úr lögum numið, sem því hefir verið til fyrirstöðu.

Þingeyjarsýslu í júnímánuði 1863.

22 nöfn.

nafnakall.

já sögðu:

Gísli Brynjúlfsson.

Jón Guðmundsson.

Jón Hjaltalín.

nei sögðu:

Brynjólfur Jónsson.

Benidikt Þórðarson.

Arnljótur Ólafsson.

Ásgeir Einarsson.

Benidikt Sveinsson.

Björn Pétursson.

nei sðgðu:

Halldór Kr. Friðriksson.

Helgi Hálfðánarson.

Helgi G. Thordersen.

Indriði Gíslason.

Jón Pálmason.

Jón Pétursson.

Jón Sigurðsson.

Magnús Andrèsson.

Páll Melsteð.

Páll Sigurðsson.

Pétur Pétursson.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Var bænarskrá þessi þannig felld með 20 atkvæðum gegn 3.

Bænarskrá

um gufubátaferðir með ströndum Íslands frá Suður-Þingeyjarsýslu.

(Nefnd sett).

Hjá öllum siðuðum þjóðum eru greiðar og fjörugar samgöngur. bæði við önnur lönd og innbyrðis, álitnar hið kröftugasta meðal til að auka og efla framfarir og hagsæld hvers lands; eru þetta svo alkunn sannindi og á svo eðlilegum og ljósum rökum byggð, að óþarfi virðist að færa hér fyrir því sannanir. Þjóð vor, sem allra mest hefir farið á mis við greiðar samgöngur og hið góða, sem af þeim sprettur, hefir þó lengi fundið til þarfarinnar að bæta úr þessum galla, enda þótt fátækt og fleiri tálmanir hafi að miklu leyti verið því til fyrirstöðu fram á þenna dag. Hið heiðraða alþingi vort hefir á seinustu árum unnið að samning nýrra vegabótalaga, er menn hafa vænt, að bæta mundi að nokkru úr þessum vanhag, en því miður hafa orðið helzt til margar misfellur á lögum þessum, svo allmiklar líkur virðast vera til þess, að mjög mörg ár muni svo líða, að eigi geti færzt fjör í samgöngurnar innanlands svo að nokkru nemi, fyrir tilhlutun slíkra laga. Vær ætlum jafnvel, að þó hin nýju vegabótalög hefði verið í alla staði svo vel úr garði gjörð, sem framast hefði verið unnt, þá mundi þó ekki

á skömmum tíma hafa getað sézt töluverður árangur af þeim, sök-
um hinna geysimiklu erfiðleika, sem eru á því, að leggja greiðfærar
þjóðbrautir um allt landið, sem er svo víðlent, harðindasamt, fjöllótt
og þar hjá faliðað, en þjóðvegirnir verða að vera svo, að koma
megi sem allra mestum flutningi úr einum stað í annan á sem allra
stytztum tíma.

Það er nú álit vort, að vèr Íslendingar eigum oss einn þjóð-
veg kringum land vort, er sè allvei greiðfær án töluverðra umbóta,
en þessi þjóðvegur er sjórin. Oss virðist allt benda til þess, að
vèr ættum að færa oss þenna þjóðveg sem best í nyt og að mestar
líkur sèu til þess að hann verði oss sem fljótast og vissast að liði,
en til þessa hefir hann verið mjög vanræktur; þó eru mörg dæmi
til þess, að menn, sem hafa viljað og þurft að koma einhverjum
flutningi, sem eigi varð fluttur á hestum af einu landshorni á ann-
að, hafa sent hann sjóveg, en þannig, að fyrst hefir hann verið
fluttur 300 mílur vegar suður til Danmerkur, og svo þaðan aptur
venjulega ári síðar, 300 mílur vegar út til Íslands. En þó þessi
aðferð þyki kynleg, tafsöm og kostnaðarsöm, þá er það þó marg-
reynt, að þetta hefir opt verið hið eina tiltækilega ráð, til þess að
koma varningi úr einum stað í annan hér á landi, sem þó að eins
fáar mílur hafa verið á milli,

Til þess að ráða nú nokkra bót á hinu mikla samgönguleysi,
er hér á sèr stað, og til að nota sjóinn kringum ættjörðu vora
fyrir þjóðveg, álitum vèr hina brýnustu þörf á að póstskeipsferðum
verði komið á með ströndum landsins allan þann hluta ársins,
sem þess er kostur fyrir ísum og óveðrum, en til þess, að slíkar
ferðir gæti orðið að sem beztum notum og bæði áreiðanlegar og
reglubundnar, þyrfti nauðsynlega að hafa til þeirra gufubáta, er
kæmi við á öllum helztu höfnum og flytti milli þeirra ferðamenn
og vörur fyrir hæfilega borgun. Slíkt fyrirkomulag ætlum vèr að
verða mundi til hins mesta gagns fyrir landið og borga sig marg-
faldlega, að minnsta kosti óbeinlínis. Er það því örugg von vor,
að stjórnin, sem hefir fjárhag lands vors eingöngu í umsjón, og á
hinn bóginn verður að sjá því á meðan svo stendur fyrir nauðsynj-
um þess, muni ekki láta sitt eptir liggja, að styðja þetta áriðandi
fyrirtæki með fjárframlagi, að því leyti sem það ekki borgaði sig
beinlínis fyrst um sinn.

Vèr viljum að eins með fáam orðum benda til þess, að kæmist
reglubundnar og tíðar gufubátaferðir á, með fram ströndum Íslands,

mundi það geta sparað pósthæðir yfir landið á þeim tíma árs, er sjóvegurinn væri fær, eins og það líka gæti sparað alþingismönnum, skólapiltum og öðrum, er ferðast þurfa milli fjórðunga landsins, hinar erfiðu og kostnaðarsömu ferðir yfir landið; af því mundi og leiða, að fjöldi útlendra ferðamanna, sem til landsins koma og gjarnan vilja skoða það, meir en á einum stað, fengi sér far með gufubátaferðum þessum, í stað þess annaðhvort að hverfa frá fyrirætlun sinni eður leggja á sig alla þá örðugleika, er landferðirnar hafa hér í för með sér fyrir útlendinga, þá mundu og margir geta flutt sig búferlum úr einu héraði landsins í annað, sem nú hafa engin ráð til þess, nema með afarmiklum kostnaði og eigna tjóni. Á hinn bóginn mundi og fyrirkomulag þetta hafa heillavænleg áhrif á verzlunina, og gjöra mönnum í öllu tilliti hægra fyrir að hafa hennar sem bezt not, og í stuttu máli efla og styðja marga atvinnuvegi í landinu.

Nú með því vör álitum, að mál þetta sé eitt hið brýnasta nauðsynjamál fyrir ættjörðu vora, þá viljum vör biðja hið heiðraða alþingi að taka það til ítarlegrar yfirvegunar, og senda svo vorum allra mildasta konungi þegnlega bænarskrá um það:

Að gufubátaferðum verði hið allra bráðasta komið á með ströndum Íslands er flytji ferðamenn og vörur fyrir sanngjarna borgun milli helztu hafna á landinu.

Á héraðsfundi þingeyinga, 26. maí 1863.

27 nðfn.

Bænarskrá

frá Borgarfjarðarsýslu um breyting á vegabótalögunum og lán til vegabóta.

Eitt af þeim málum, sem sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu hefir haft til meðferðar, er uppástunga um vegabætur, og hvernig þeim yrði fljótast við komið, og hefir hún hugsað það mál á þessa leið:

Eitt af því allranauðsynlegasta fyrir hverja menntaða þjóð eru góðir vegir; eptir því sem vegirnir eru betri, eptir því verða allar samgöngur og flutningar manna á milli greiðari, en aptur að því skapi örðugri sem þeir eru verri. Einkum eru góðir vegir þar mikilsverðir sem land er strjálbyggt og ógreitt yfirferðar af náttúr-

unni, eins og hær er á Íslandi. Vegirnir eru og taldir eitt af því, er annað tveggja lýsi líkamlegri framför hjá þjóðunum, eða framfaraleysi og apturför. Vegirnir á Íslandi eru, fremur en margt annað, talandi vottur um litlar framfarir landsmanna í öllum atvinnubrögðum; þannig dæma og útlendir menn, þeir er hær koma og sjá vegina okkar, þeir segja: »hær hlýtur að vera lítil framför og framtak í mönnum, það sýna vegirnir þeirra; þeir eru ekki annað en niðurgrafnir troðningar eða rásir líkt og lækjarfarvegir, en ekkert þess konar er vegir megi heita«. Þess er og eigi að vænta, að vegirnir séu öðruvísi nè betri með þeirri aðferð er höfð hefir verið um allan aldur til að bæta þá — verkanin hlýtur að líkjast orsökinni; vegirnir hafa allt af verið grafnir niður, þvert á móti því sem vera þarf, og hvervetna er siður annarstaðar, að hækka þá upp; vegirnir eiga allt af fyrir sér að dýpka, veldur því mest troðningurinn, en þegar hær við bætist að mennirnir hjálpa líka til að dýpka þá, með því að ryðja allt af upp úr þeim, þá grafast þeir því fljótar og meira niður; gengur þetta unz þeir verða loksins ófærir og leggja verður nýjan veg utan við hinn gamla, og svo koll af kolli. Þetta eru nú afleiðingarnar af því að grafa vegina niður, sem er sú regla er hær hefir verið framfylgt. Eins og þegar var sagt, og öllum mætti vera ljóst versna vegirnir því meira, sem þeir dýpka meira, en þetta gjöra þeir eins og sjá má með ruðningunum. Niðurgrafnir vegir verða aldrei fríir fyrir vatni, eður því, að ofan í þá hrynji jafnóðum aptur, annaðhvort úr börmunum eða það sem upp úr þeim er rutt. Auk þessa grefur vatnið þá niður, sem annaðhvort rennur eptir þeim, eða stendur í þeim; eru opt svo mikil brögð að þessu í votviðrum, að vegirnir eru sumstaðar eins og lækir eða gil, sem velta fram, og sumstaðar eru þeir barmafullir af vatni; við þetta verða vegirnir opt nálega ófærir og spillast öllu mest; vatnið bæði bleytir þá og grefur niður, verða þeir þá einatt ójafnir og klöngróttir í botninn. Af þessu leiðir það nú, að vegirnir eru allt af slæmir og þá verstir þegar mest riður á, og þó þarf einatt að vera að káka við sama spottann ár eptir ár, ganga þannig verk manna til einskis, nema að hjálpa náttúrunni að spilla vegunum meir og meir. Ekki virðist þó, því miður, hin nýja vegabótalöggjöf af 15. marz 1861 að ætlast til að úr þessu verði bætt eða hinni gömlu aðferð að *ryðja* vegina verði breytt utan þar sem ómögulega má öðru við koma. Í 10. grein laga þessara segir: »Þjóðvegi skal bæta með ruðningum, ef á þann hátt má fá fasta

braut«. Þetta sjá menn að er hin gamla, eins og vegirnir sýna, skaðlega regla, og hún skal framvegis gilda, þar sem henni má við koma, þ. e. að grafa vegina meira og meira niður, þar sem það verður, utan þar sem fen og vatnsægi gjöra það ómögulegt. Þetta er nú eins og sagt hefir verið, öldungis gagnstætt því, sem vera þarf og viðgengst annarstaðar; vegirnir okkar þurfa ekki að dýpka meira, þeir eru orðnir nógu djúpir. Eðlilegri og nauðsynlegri hefði löggjöfin verið, ef hún hefði mælt svo fyrir: »það skal vera aðalregla að *hækka* vegina upp, alstaðar þar, sem þess þarf, og því má við koma«. En þetta leyfir 11. gr. laganna þá að eins er jarðvegur er mjög laus; nú er þar þó stundum góður vegur hvar jarðvegur er mjög laus t. a. m. þar sem sandur er, en þar er þó opt ógott, já ómögulegt, að leggja veginn hærra, utan meiningin væri að flytja hann hærra?

En nú munu menn segja, það eru engin efni til að hlaða upp alla vegi, nei til þess eru engin efni eins og stendur, enda vill svo vel til að þess þarf ekki nærri alstaðar. En undarlegt væri það, ef vegabótagjald það, er nú er búið að leggja á landsmenn, skyldi annaðhvort liggja ónotað, eða þá að ómögulegt sè að nota það öðruvisi, en að fordjarfa með því vegina. Áhorfsmál er þó að eyða þannig fè fátækrar þjóðar, sem margur víst í þessum árum mun eiga fullörðugt með að greiða ofan á öll önnur útgjöld sem æ fara vaxandi. En hvað um þetta er, vegabótagjaldið er einn hinn þarfasti skattur, sem þjóðin geldur, en þó með því móti að honum sè hyggilega varið. Nú er þá að gjöra ráð fyrir því að vegabótagjaldlð sè of lítið til þess að gjöra nokkuð með því að ráði, nema með afarlöngum tíma. Gjörum t. d. að vegabótagjaldið af öllu landina yrði hér um bil 6,000 rd., en að hverjar 3 álnir af hlöðnum vegi 5 álna breiðum kosti 2 rd. sem þó er of lítið í lagt, þá yrðu 3,000 faðmar eða $\frac{3}{4}$ úr mílu byggðir af vegi á ári. Gjörum en fremur að allir þjóðvegir á landinu sèu 4—500 mílur á lengd, þá yrðu menn í 4—500 ár að bæta þá alla með því fè sem nú er fyrir hendi, og þó með því móti að 1 míla yrði byggð á ári. En nú skulum vèr setja sem svo, að ekki þurfi að bæta nema svo sem helminginn af þjóðvegunum með því að hleyppa þeim upp, þá gengi þó til þess 200—250 ár. Af því sem hér er nú sagt og sýnt, yrði það of langur tími sem vegirnir yrðu í smíðunum, og hins ómetanlega gagns, sem er að vænta af góðum vegum, yrði of langt að bíða — en tíminn er dýrmætur og vanbrúkun hans verður

ekki endurkeypt eins og tíminn endurgeldur það, sem í tíma er unnið — þá virðist oss eina ráðið til þess, að áminnzt löggjöf nái sínum tilgangi og sá tilgangur beri sem fyrst ávöxt, að fá félán, svo að strax yrði byrjað að bæta vegina, og það svo verulega sem unnt væri. Meinum vör að stjórn vor væri fús til að styrkja þenna áhuga vorn í þessu mikilsvarðandi máli; hér biðjum vör um engar gjafir, vör erum fúsir að endurgjalda, einungis geti lánið fengist sem fyrst, sem vör hyggjum að vera skyldi svo mikið, að helmingur þjóðvegagjaldsins hrykki fyrir rentunum, en helmingur til endurgjalds. Hér er mikils vant og þarf því mikils með; hér eru engin verkfæri til vegabóta, sem eru svo ómissandi, ef að vinnan á að geta gengið nokkuð; að vísu eru hér líka of fáir, er kunna að beita hinum þéanlegustu verkfærum, eins og menn líka almennt vanta hér kunnáttu til að byggja haganlega vegi, en hvorttveggja þetta vonum vör að skjótt mundi lærast þegar ekki vantaði fæð eða kraptinn til að vinna með. Ef að slíkt félán fengist nú hjá stjórn vorri sem áður er áminnzt, og yrði því haganlega varið, getum vör gjört oss í grun, að eptir 10 ár væru vegirnir orðnir svo bættir, að land vort mundi óþekkjanlegt, og innbúar þess, sem sæju þá ávöxt iðju sinnar má ske fúsir til að leggja á sig þyngri skatt, til að lúka láninu; og þá hefði áðurnefnd löggjöf og áhugi vor náð tilætluðum tilgangi sínum, sem annars er hætt við undir verandi kringumstæðum verði verkleysa ef ekki vitleysa. Því leyfum vör oss að bera upp fyrir hið heiðraða alþingi vort, að það taki til álits og meðferðar þær uppástungur vorar, er oss í þessu máli þykja mestu varða, og eru þær þessar:

- 1., að numin sè úr gildi þessi orð vegabótagjaldskipunarinnar af 15. marz 1861: »þjóðvegi skal bæta með ruðningum, ef á þann hátt má fá fasta braut«, en setja í þeirra stað: þjóðvegi skal bæta með því, að *hækka* þá upp allstaðar hvar þörf er á og því má við koma.
- 2., að fá félán hjá stjórn vorri t. a. m. af Kollektusjóðnum, til að bæta með vegina, skal lán þetta vera svo mikið, að helming vegabótagjaldsins þurfi til að borga leigur af því; en hinum helmingnum skal verja til að endurgjalda lánið með, sem að öðru leyti er jafnóðum tekið sem vinnan fer fram.

Kalastöðum, 5. janúar 1863.

23 nófn.

Framanskriðuð bænarskrá var framlögð á frjálsum fundi að Höfn 13. júní 1863, og samþykkt í einu hljóði í öllum höfuðatriðunum.

J. Thoroddsen.

Þessi bænarskrá var felld frá nefnd með 13 atkv. gegn 5.

Bænarskrá

frá Eyjafjarðarsýslu um breyting á tímanum til hreppingabalds á vorum. (Nefnd sett).

Með opnu bréfi frá 21. degi aprílm. 1847, er það í lög leitt hér á landi, að »hreppstjóræping skuli framvegis haldast, að vorinu til, á tímabilinu milli hins 16. til hins 24. júní«. Þessi ákvörðun finnst oss í fleiru tilliti næsta óhentug, að því leyti hvað langt er komið fram á vorið; því 1. er það vanalega um fardaga leyti 6. júní að breyting verður á búendum og skepnueign manna, 2. er sveitarómögum þá ráðstafað; 3. eru þá fyrirskipaðar grenjaleitir, og 4. gjörð ráðstöfun viðvíkjandi vegabótum. Þetta allt þarf að gjörast á almennum hreppafundum, og hvað bezt áður en aðrar vorannir byrja.

Þess vegna er það allra vor auðmjúk bön, sem hér ritum nöfn vor undir, að hið heiðraða alþingi vildi bera þá allra undirgefustu bæn vora fram við vorn allramildasta konung: að hans hátign vildi breyta áðurnefndu opnu bréfi þannig, að hreppaskilafing á vorin verði framvegis haldin á tímabilinu, frá hinum 6. til hins 16. júní mánaðar.

Virðingarfyllst,

Eyjafjarðarsýslu 27. maí 1863.

126 nöfn.

11. júlí — sjöundi fundur.

Bænarskrá

frá Suður-Þingeyjarsýslu um breyting á jarðamatinu. (Nefnd sett).

Með tilskipun 1. apríl 1861 er jarðamatið, sem framfór á ár-

unum 1849—50 lögleitt á landi hér, svo að eptir því verða frá 6. júní 1862 teknar tíundir allar, svo og skattar tollar og gjöld þau, sem hér eptir kunna að verða lögð á jarðir á Íslandi. Það er alkunnugt að jarðamatið hefir ekki verið lögleitt, eins og það kom frá yfirmatsnefndunum í sýslunum, eins og þá mun hafa verið til ætlaðt í fyrstunni, heldur var nefnd manna í Reykjavík kvödd til þess eptir konungsúrskurði frá 18. maí 1855 að endurskoða og laga jarðamatið yfir land allt. Nefnd þessi hefir nú breytt jarðamatinu til muna, ekki einasta í einstökum sveitum, heldur og á einstökum jörðum, án þess séð verði, að sú breyting hafi bætt jarðamatið, eða bætt úr göllum þeim, sem á því voru; miklu heldur ætlum vér að nefndin hafi ástundum skekkt þá jafnaðar og sanngirnis reglu, sem lögð var til grundvallar við jarðamatið, og skulum vér leitast við að sýna þetta hafi átt sér stað hér í Þingeyjarsýslu.

Eins og fyrir er skipað í erindisbréfi jarðamatsmanna frá 1. september 1848, var það aðal-reglan við jarðamatið hér í sýslunni, að meta hverja jörð *sem næst hennar sanna verði* að jöfnuðum saman kostum og ókostum. Hér af flaut þá að taka varð tillit til *alls þess*, sem annaðhvort *rífskaði* eða *rýrði* jörðina í verði, svo sem ef nokkur sérstök blynnindi fylgdu, og eins á hinn bóginn ef jörðin var einhverjum sérstökum annmörkum eða ískyldum háð, því allt þetta hlaut að hafa veruleg áhrif á hið sanna verð hennar. Í sambandi við þessa aðal-reglu, var sett önnur mikilvæg grundvallarregla, sú nefnil. *að gæta hins rétta jafnaðar* við virðingu jarðanna, ekki einasta innbyrðis í hverjum hreppi, heldur yfir gjörvalla sýsluna; áttu jarðamatsmenn fundi með sér til undirbúnings, undir þessa aðal-reglu, og til að kynna sér sem bezt ásigkomulag jarða viðsvegar um sýsluna, enda ætlum vér að það hafi verið almennt álitíð, að jarðamatið gæti trauðla jafnara orðið, en það var hér í sýslunni, eptir að yfirmatsmennirnir höfðu lagt á það smiðshöggið síðast. Hefði því þurft að breyta jarðamatinu hér í sýslu, til að koma því í nákvæmari samhljóðan við matið í öðrum sýslum, var ekki um annað að gjöra en breyta því í allri sýslunni; því að rífa einstakar jarðir úr samhengi eins og Reykjavíkurnefndin hefir gjört, var að eins til að spilla matinu, en ekki til að bæta það.

Jarðir þær, sem Reykjavíkurnefndin hefir sérstaklega breytt matinu á í Þingeyjarsýslu eru þessar:

Ás í Kelduhverfi er	færður upp um	325 rd.
Reykjahlíð í Skútustaðahrepp	— — —	350 —
Skútustaðir í sama hrepp	— — —	200 —
Álptagerði í sama hrepp	— — —	75 —
Þverá í Helgastaðahrepp	— — —	200 —
Lundarbrekka í Ljósavatnshrepp	— — —	138 —
Ljósavatn í sama hrepp	— — —	50 —
Þórunnarsel í Kelduhverfi	— — —	100 —

Ástæður nefndarinnar fyrir uppfærslu þessari, má finna í skýrslu hennar til stjórnarinnar dagsettri 23. dag febrúarm. 1857, og eru þær þessar, að sökum þess að prestsmötu kúgildi þau, er tæðum jörðum fylgja, hafi verið látin rýra virðingarverð þeirra við jarðamatið, þá þykist nefndin finna ástæðu til, að færa þær upp að því skapi, því annars kostar megi álíta sem nokkur hluti hinna umræddu jarða sè ómetinn.

Vér sjáum nú ekki betur en að nefndin hafi misskilið reglu þá, sem sett er við jarðamatið í tilskipun 27. maí 1848; þar er fyrir skipað, að *meta hverja jörð svo að seljandi og kaupandi sèu jafnt skaðlausir af*. Nú liggur það í augum uppi, að hvert ítak eður ítala í jörðu sem er, *rýrir að því skapi verð hennar sem ítalan er stór*, og er enginn kaupandi svo bernskur, að hann ekki gæti þess við kaupin; og líti maður til prestsmötu þeirrar, sem hér er umtalsefnið, þá getur það ekki dulizt neinum, að hún rýrir verð jarða þeirra, sem hún hvílir á, eða með öðrum orðum, þær gefa eigendunum þeim mun minni arð sem prestsmötunni nemur. Það fer svo fjærri, að prestsmötuna eða hina svo kallaða »prestsskyld« beri að álíta sem vissan part úr jörðinni, eins og Reykjavíkurnefndin virðist að hafa gjört, að það miklu fremur hlýtur að liggja í augum uppi, að prestsmatan hvílir jafnt á allri jörðinni, og að jörðin í heild sinni er þeim mun rýrara í verði sem prestsmötunni nemur, hvort sem meta skal jörðina til eignar eður skattgjalds

Vér eigendur og umráðamenn hinna framangreindu jarða þykjumst, eins og vér þegar höfum tekið fram aflaga bornir við þetta nýja jarðamat, og það því heldur sem vér erum sannfærðir um, og höfum jafnvel vissu fyrir því, að víðast mun hafa verið tekið meira og minna tillit til prestsmötunnar við jarðamatið í hærðum eins og vera átti, svo það verðum vér einir, sem líðum hér halla af.

Vér sinnum oss því knúða til, að leita fulltingis alþingis vors til að fá þessu kippt í lag, og er þá reyndar um tvennt að velja;

annaðhvort að fá hundraðatalið aptur lækkað á jörðum þessum, og álitum vör það hið eina rétta; eða í annan stað að þessi svokölluðu prestsmötu hundruð verði hér eftir undanþegin tíundargjaldi og öllum nýjum sköttum og álögum. Má oss að voru leyti standa á sama hvor vegurinn valinn er, því oss er alls ekki um það að gjöra hvað jarðirnar eru taldar háar að hundraðatali, heldur hitt að þeim sé ekki ofþyngt með álögum fremur en réttur og sanngirni stendur til.

Ritað á Fremstafelli á héraðsfundi 26. maí 1863.

9. nöfn.

Bænarskrá

frá Suður-Þingeyjarsýslu um auglýsingu konunglegra frumvarpa.
(Nefnd sett).

Fátt er of vandlega hugað. Þegar vör virðum fyrir oss krapta alþingis vors, að þingið er fámennnt og á að koma saman að eins annaðhort ár um lítinn tíma, til að ráða ráð um málefni landsins, en mikið er til að vinna, ræða, ráða til umbóta og beiðast bóta á, þá sjáum vör hve brýn nauðsyn beri til, að þjóðin leggi þinginu málefnið í hendur, sem bezt úr garði gjörð, þegar hún sendir því uppástungur sínar og bænarskrár; þenna tilgang höfum vör haft með héraðsfundum vorum, sem þannig hafa opt komið í góðar þarfir, því þingmönnum vorum hefir með þessu móti gefizt kostur á að vita í hvert skipti, hver málefni vör ætlum þeim til meðferðar á þinginu, og hvern skoðunarmáta vör höfum á þeim.

Þó það, ef til vill, sannist á sumum af þessum málum, að fátt er of vandlega hugað, þá mundi samt máltæki þetta öllu heldur eiga heima um frumvörp þau, sem koma frá stjórninni, og eyða þau þó tiltölulega meiri tíma frá þinginu, og finnst oss þess vegna nauðsyn bera til þess, að á því sé ráðin bót.

Vör höfum þóttzt finna greinileg rök fyrir því, hvernig á þessu muni standa, sumsé þau, að þessi málefni, eða frumvörp þau til laga, sem frá stjórninni koma, berast ekki þinginu fyr en það er saman komið, og eru þannig þingmönnum ókunn áður, og koma þeim þá, sum hver, jafnvel óvart, svo þeir geta ekki fljótlega áttað

sig á þeim, og hafa á endanum ekki tíma til að veita þeim þá umbót, sem þörf er á.

Bæði til sparnaðar við þingtímann og til þess hann verði notaður með betri heppni og til enn meiri vandvirkni á þessum málum, fáum vér nú alþingi voru til yfirvegunar og meðferðar til fulls flutnings þá bæn vora :

»Að þingið þegnsamlegast biðji, að öll konungleg frumvörp verði eptirleiðis send hingað til landsins til auglýsingar í stjórnarblaðinu Þjóðólfi, í hið minnsta svo snemma, að þau geti verið orðin kunnug öllum landslýð missiri áður en alþingismenn riða úr hæröðum á það þing, sem þau eiga að ræðast á«.

Á héraðsfundi þingeyinga, 26. maí 1863.

Í umboði fundarins

Jón Sigurðsson
(forseti).

Nefndarálit

í málinu um tvískipting tíðindanna.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um uppástungu frá þingmanni Borgfirðinga um tvískipting tíðindanna. Vér höfum ihugað þetta mál og orðið allir á það sáttir, að uppástunga þessi sé gagnleg og næsta haganleg; vér viljum því að eins skýra nákvæmar hugsun uppástungunnar, eður benda á fyrirkomulag og tilhögun þá á prentun tíðindanna, er uppástungan hefir í för með sér. Í fyrri hlutanum eru nú prentuð þingmál öll, og verða þau almennt prentuð í þeirri röð, að konungsfrumvörp koma fyrst, þá bænarskrár og uppástungur, síðan nefndarálit, breytingaratkvæði eður atkvæðaskrár, og að síðustu álitsskjöl og bænarskrár til konungs, þó er auðsætt, að undantekningar frá þessari almennu reglu geta átt sér stað, þar eð fylgja verður þeirri röð, er málin kæmu fram í til umræðu á þingi, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, til þess að þingmenn hafi málin prentuð fyrir sér við umræðurnar, svo sem þegar nefndarálit er tekið til umræðu, áður en ræddar hafa verið bænarskrár allar og uppástungur, og eins til þess að tefja eigi fyrir prentuninni, svo sem að prenta má álitsskjöl og bænarskrár til konungs, þær er samþykktar eru, áður

en nefndarálit öll eru prentuð, ef eigi er annað til að prenta; enda er auðsætt, að föst eður regluleg niðurröðun þingmála í þessum hluta tíðindanna er engan veginn nauðsynleg, með því að æfinlega er hægt að finna í registrinu hvert mál, er maður vill, og því verður einkum á það að líta, að prentunin geti fylgt með tímanum, svo þingmenn hafi málin prentuð fyrir sér, og að hún gangi svo fljótt sem auðið verður. Vær viljum að eins benda á fáein atriði, án þess vær hugsum oss að binda hendur forseta, er hlýtur að haga sér eptir atvikum. Vær ætlum þá, að rétt sé, að fyrst verði prentuð konungsfrumvörpin, og verði þá nefndarálitið búið í einhverjum af þeim málum, þá sé það prentað næst á eptir, síðan sé prentaðar bænarskrár og nefndarálit, eptir því sem tími er til, þó sé bænarskráin jafnan prentuð á undan nefndarálitinu um hana og sem næst því.

Nefndarálitin verður að prenta jafnskjótt og þau koma frá nefndunum; mun þá optast nauðsynlegt, að frumritið leggist þegar fram á lestrarsalinn, svo málið verði tekið á dagskrá eptir lögákvæðinn tíma, og verður þá að taka jafnskjótt eptirrit af frumvarpinu, ef eigi má prenta eptir uppkasti nefndarinnar, sem vær hyggjum þó, að optast megi við koma. Sama er að segja um álitsskjöl og bænarskrár til konungs, að þau skal prenta á eptir, en eigi á undan bænarskránni, nefndarálitinu og atkvæðaskránni í því máli. En að öðru leyti verður niðurröðunin að haga sér eptir því sem málin koma fram á þingi, og eins því, hve miklu prentsmiðjan getur afkastað. En af þessu leiðir þó eigi, að prenta þurfi aptur upp málið í atkvæðaskránni í tíðindunum, þó svo sé gjört handa þingmönnum, heldur álitum vær nægja, að breytingarnar einar sé prentaðar, og geta lesendurnir þá séð hvernig atkvæði hafa fallið, er þeir lesa álitsskjölin og bænarskrárnar til konungs, enn þótt þeir hafi eigi fyrir sér atkvæðaskrá nè heldur atkvæðagreiðsluna í síðara hluta tíðindanna. Að lyktum viljum vær, að aptan við þenna fyrsta hluta sé prentuð í einu lagi fundatala og dagskrá að því leyti henni er lokið á þeim fundi, það er með öðrum orðum umtalsefni eður ágríp af gjörðabók hvers fundar, og hvern dag fundur var haldinn.

Sú var tilætlun uppástungumanns og það er samhuga álit vort að prenta skyldi fyrst í síðara partinum þingmannatalið, hina konunglegu auglýsingu og aðrar þær auglýsingar sem konungsfulltrúi gefur um hina konunglegu auglýsingu með umræðum þeim, er þar

um verða og þá aðrar auglýsingar til þingsins, ef þær eru eigi gefnar viðvikjandi einhverju þingmáli í umræðu þess á þingi, síðan umræður um mál þau öll, sem felld eru og síðast umræður um þingmál þau, er ná fram að ganga og sé hvert þeirra prentað allt í einni heild þannig, inngangsumræða fyrst, þá undirbúningsumræða og síðast ályktarumræða, og sé vísað til fyrri hlutans um málgögnin fyrir fram-an umræðu hverja. Á þenna hátt munu tíðindin verða miklu læsilegri, og er hægt að koma þessu við, af því umræðurnar verða eigi prentaðar fyr en eftir þinglausnir. En af þessu leiðir, að annað hvort verður að sleppa fundatali, eður taka það sérstakt sem vör höfum gjört.

Að svo mæltu ráðum verð hinu heiðraða þingi til að samþykkja þessa uppástungu:

Að alþingistiðindin sé prentuð í tvennu lagi þannig, að í fyrra hlutanum sé þingmál öll: frumvörp, álitsmål, bænarskrár og uppástungur, nefndarálit og breytingaratkvæði þingmanna, álitsskjöl og bænarskrár til konungs svo og fundatal, en í hinum síðari hlutanum sé þingmannatal, auglýsingar til þingsins og umræður þingmála.

Reykjavík, 9. júlí 1863.

Arnþjótur Ólafsson, H. Kr. Friðriksson.

framsögumaður.

Samþykkur að öðru en því, að eg vil láta prenta í fyrra hepti inngangsumræðu í þeim málum, sem felld eru á þingi.

Jón Guðmundsson.

Samþykkt á þingi nema viðaukinn (sbr. alþingissamþykktina á 2. bls. í þessum parti tíðindanna).

Áskorun

frá nefndinni í fjárkláðamálinu, um bráðabyrgðar-ráðstafanir.

Með því hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og eins falið oss til íhugunar nokkrar bænarskrár úr ýmsum hëruðum landsins, sem allar fara fram á út-

rýming fjárkláðans, leyfum vèr oss, að hera málefni það upp fyrir þingið, sem nú skal greina.

Það er einum og sérhverjum auðsætt, að fjárkláðamálið, eptir eðli sinu og ásigkomulagi, er í því ólíkt og mismunandi frá öðrum þingmálum, að það eigi að eins skortir fastan og óbifanlegan grundvöll, er byggð verði á algjör afdrif þess hér á landi nú og síðar-meir, heldur útheimtir einnig sífellt og öflugt aðhald og varúðar-reglur, er haldi faraldrinu í sem mestum skefjum, og innan svo þröngra takmarka, sem framast er auðið. Til að fullnægja þessu síðara hafa menn þegar frá byrjun kláðafaraldursins hér á landi, eins og erlendis, viðhaft jafnhliða lækningum verðina, sem hið eina úrræði, til að sporna við almennri eyðileggingu, er annars leiddi óumflýanlega af sótt næmi kláðans.

Nefndin hlýtur nú og að veita þessu umtalsumvarðandi atriði í fjárkláðamálinu athygli sitt, og það því fremur sem hin konunglega auglýsing til þessa alþingis ber það svo ljóslega með sér, að stjórnin hefir fundið ástæðu til, að senda hlutaðeigandi embættismönnum hér á landi nauðsynlegar fyrirskipanir að halda öruggan vörð á því, að engar samgöngur fjárins eigi sjer stað milli hiana grunuðu og heilbrigðu héraða, meðan kláðasýkinni er ekki með öllu útrýmt. Samkvæmt þessari grundvallarreglu í hinni konunglegu auglýsingu, hefir stjórnin einnig skipið, að settur yrði sum-arlangt hinn svokallaði Skoradalsvörður, og það getur þannig als-endis eingin tvímæli né vafi leikið á því, að það sé fullur vilji og fyrirmæli stjórnarinnar, að útbreiðslu kláðans, út yfir það svæði, sem hann nú er á, skuli gjörsamlega hamlað með óyggjandi vörð-um, enda sýnir hið konunglega frumvarp, sem þingið hefir falið nefndinni til álita og íhugunar einnig, að strangur aðskilnaður og skjótur milli hins heilbrigða og sjúka fjár, er eitt af aðalgrundvall-arreglum þeim, sem hin nýju lög eiga að byggjast á á sínum tíma.

Þegar nefndin hefir þetta fyrir augum, og gætt er að því jafn-framt á hinn bóginn, að álita verður, að Arnessýsla sé orðin kláða-frí, en feð í Kjósar og Gullbringusýslu þar á móti meir og minna sýkt og grunað, virðist nefndinni, að það liggi í augum uppi, að hljóti að vera ærið ógjört frá hálfu valdstjórnarinnar í suðuramtinu af því, sem stjórnin vill og hefir boðið eptir hinni konunglegu auglýsingu að dæma, og af því, sem almennigs heill útkrefur og beinlinis flýtur af sérhverri skynsamlegri ráðstöfun um útrýming kláðans, *þar sem engin vörður er enn settur millum hins heil-*

brigða fjár í Árness-sýslu og hins sjúka og grunaða fjár í Kjósar og Gullbringusýslu.

Nefndin getur eigi annað, en álitid það beinlínis skyldu hennar, er standi í sambandi við ætlunarverk það, sem hið heiðraða þing hefir falið henni á hendur í þessu máli, að benda því nú þegar á þetta mjög iskyggilega vandkvæði, og það því fremur, sem það virðist vera hægðarleikur fyrir valdstjórnina, að ráða úr því, svo öllu sé borgið, þar sem grundvallarregla hins konunglega frumvarps, með því hún kemur alveg heim við hlutarins eðli, beinlínis leiðir til þess, að kostnaður sá, sem flyti af verði á hinum áðurgreindu takmörkum, eigi að greiðast af eigendum hins sjúka og grunaða fjár í Kjósar og Gullbringusýslu, og valdstjórnin þannig hefir fasta og réttláta reglu að byggja á, hvað gjöra skuli í þessu efni, og hvernig því megi fram fylgt verða.

Af ástæðum þeim sem nú voru taldar er það álit og uppástunga nefndarinnar:

1. Að þingið æski af stiptamtmanni vorum, og skori á hann, að hann hið allrabráðasta skipi öruggan og tryggjandi vörð, á takmörkunum milli Árness-sýslu að austan og Kjósar og Gullbringusýslu að vestan, frá Súlum að norðan eptir sýslutakmörkum og suður í sjó, og það á kostnað eigenda hins sjúka og grunaða fjár í Kjósar og Gullbringusýslu.
2. Að tafarlaust verði sú ráðstöfun gjörð, að öll heiðarlöndin næst fyrir austan þessa línu verði söfnuð, og allt fê sem þar finnst rekið vestur yfir línuna.

Á alþingi 8. júlí 1863.

Magnús Andrèsson, Páll Melsted, Jón Guðmundsson. B. Sveinsson,
formaður. skrifari. framsögumaður.

J. Pálmason. Arnljótur Ólafsson. St. Jónsson.

13. júlí — áttundi fundur.

Bænarskrá

frá Húnavetningum um breyting á skólareglugjörðinni. (Nefnd sett).

Til hins síðasta alþingis, er haldið var 1861, sendum vör Húnavetningar bænarskrá um endurbót á hinum lærða skóla landsins;

þingið tók þessari bænarskrá vorri vel og sýndi allan áhuga á að ráða þessu velferðarmáli lands vors til lykta á bezta hátt, sem vér finnum oss skylt að viðurkenna með þakklæti, en á hina hliðina getum vér ekki dulizt þess, að oss virðist, að nefnd sú er sett var næstl. haust til að búa til nýja reglugjörð fyrir skólann hafi í sumum atriðum vikið frá uppástungum þingsins, fremur en ákjósandi hefði verið; nefnum vér þar til sér í lagi inntökuprófið, er nefndin hefir viljað halda, eins og verið hefir, en stungið upp á, að þeim sem ekki stæðist prófið, gæfist þó kostur á að vera í skólanum sem aukasveinar einn vetur til reynslu, ef foreldrar eða vandamenn óskuðu þess; þar á móti stakk þingið upp á, að inntökuprófið felli burt, eins og vér höfðum stungið upp á í áðurnefndri bænarskrá vorri, nema að því leyti að piltarnir yrði prófaðir við inntökuna til að vita hvar og í hvern bekk þeir skyldi setjast. Oss virðist það nú liggja í augum uppi, að uppástunga nefndarinnar verður hér til engra bóta frá því sem verið hefir, því enginn maður, sízt úr fjarlægum hëruðum, mundi fremur fyrir þetta vilja senda sonu sína til skólans, er hann eins og áður, mætti óttast fyrir, að piltarnir ekki gæti staðizt inntökuprófið, en engin ástæða til að halda að hann vildi kosta pílta sína sem aukasveina í skólanum, hvar veran kostar meira en nokkurstaðar annarstaðar á landinu, heldur en að kosta upp á heimakennsluna, enda gæti opt svo á staðið, að hlutaðeigendur vegna fjarlægðar gæti ekki látið í ljósi ósk sína í þessu tilliti. Að inntökuprófið sem *skilyrði fyrir inntöku* í skólann, sè í annan stað nauðsynlegt, getum vér ómögulega sèð, eins og ljóslega er tekið fram í bænarskrá vorri 1861 og þingið þá aðhylltist, en hvílkur örðugleiki og kostnaður sè á því að koma piltum, ekkisízt úr fjarlægum hëruðum, til inntökuprófsins, er í annan stað svo auðsætt, að ekki þarf orðum um að fara. Vér verðum að halda fast á þeirri uppástungu vorri, sem vér og vitum að er skoðun allra skynsamra manna út um landið, að inntökuprófið ætti alveg að falla burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, en piltarnir að prófast við sjálfa inntökuna einungis til að vita hvar og í hvern bekk þeir ætti að setjast. Önnur uppástunga alþingis 1861, sem var álitid að ætti stranglega að fram fylgja, en sem skólanefndin hefir sleppt, er sú, að piltum sem ekki eiga heima í Reykjavík sè veitt ölmusa fyrir piltum úr Reykjavík, nema sérlegar ástæður mæli fram með hinu. Þegar skólinn var fluttur til Reykjavíkur var þetta atriði þó sér í lagi tekið fram í reglugjörð skólans, og það er auðsætt að þessi

regla er ekki einungis nauðsynleg, ef ekki á að útiloka pílta úr sveitum frá skólanum, heldur einnig svo sanngjörn, sem mest má verða, því allir sjá hver munur er á fyrir menn úr sveitum eða fjarlægum héraðum að kosta pílta sína í skóla eða Reykjavíkurbúa, sem sjálfir geta forsorgað pílta sína heima, eins og þeir hvort sem er, þurfa að gjöra.

Loksins viljum vèr og taka það fram, að vèr álitum að inspector sá, sem þingið 1861 stakk upp á, og skólanefndin einnig hefir fallið á, sè ónauðsynlegur, og kostnaður sá, sem þar af leiðir, því óþarfur. Oss virðist að engar líkur sè til, að slíkur inspector mundi geta haft betri umsjón yfir piltum en kennendur skólans nú hafa, eða geta haft, nema ef hann ætti að elta pílta innan um allan bæ, hvert sem þeir fara, og yrði það þó örðugt fyrir hann, að elta þá alla, eins og vèr og skjótum því til álits allra sem til þekkja, hvert það mundi ekki geta orðið tilefni til kala eða óþokka pílta á því líkum inspector, já máské til óeiningar og ófrelsis, *meir enn* ákjósandi væri, og þykjumst vèr ekki þurfa að færa ítarlegri ástæður fyrir þessu; oss virðist að umsjónin ætti að felast eingöngu kennurunum, eins og verið hefir, og að það muni affarabest. Að vísu álitum vèr að skólinn fengi töluverða endurbót frá því sem nú hefir verið um hrið, ef að uppástungum alþingis 1861 og skólanefndarinnar yrði framgengt, að þeim þrem atriðum að gættum, sem vèr áður höfum tekið fram, en oss uggir þó, að skólinn komist aldrei í það horf, sem þörf lands vors krefur, meðan hann er í Reykjavík, því aðalatriðið, sem skólanum stendur fyrir þrifum, er og verður hinn mikli kostnaður við skóla-veruna þar, enda hefir reynslan sýnt, að piltum úr sveitum fækkar óðum vegna kostnaðarins og máské annara annmarka, sem verunni þar eru samfara, þar sem piltum úr Reykjavík fjölga; eins og það er og viðurkennt, að hvergi sè dýrara að lifa en í Reykjavík. En jafnvel þó vèr berum kvíðboga fyrir, að skólinn komist aldrei í æskilegt horf meðan hann er í Reykjavík, viljum vèr þó ekki að þessu sinni fara því fastlega fram að skólinn sè fluttur þaðan, en vèr leyfum oss að skjóta því til þingsins, hvert það ekki vildi taka til athugunar, hvort ekki væri öll nauðsyn til að skólinn yrði fluttur á sínar fyrri stöðvar, Bessastaði, eins og hinir reyndustu og beztu embættismenn vorir fyr meir vildu þegar rætt var um skóla-flutninginn til Reykjavíkur, því spár þeirra virðast nú fyllilega komnar fram, og koma ávalt betur og betur í ljós.

Þar eð vèr nú treystum því, að alþingi vort hafi allan áhuga á þessu máli eins og áður, leyfum vèr oss að skora á það að taka það til meðferðar að nýju og koma því til leiðar:

- 1, að inntökupróf nýsveina falli burt, sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, en að skóli verði veittur þeim, sem um hann sækja eptir vitnisburðum þeirra, sem hafa búið þá undir skóla, eins og gjört var meðan skólinn var á Bessastöðum.
- 2, að ölmusur verði veittar piltum þeim, sem ekki eiga heima í Reykjavík fyrir piltum þeim, sem þar eiga heima.
- 3, að uppástunga alþingis 1861 og skólanefndarinnar um laun-aðan inspector við skólann falli burt.
- 4, að uppástungum alþingis 1861 og skólanefndarinnar að öðru leyti verði framgengt, að svo miklu leyti sem þær eru uppástungum þingsins samhljóða.

Jafnframt og vèr skjótum því til þingsins, hvort ekki beri nauðsyn til:

að það taki til athugunar að skólinn verði fluttur úr Reykjavík að Bessastöðum.

Á sýslufundi að Sveinsstöðum, 24. júní 1863.

Í nafni sýslufundarins.

J. Skaptason, P. Vídalín,
(forseti). (skrifari).

Uppástunga

varaþingm. Gullbringus. um notkun vaxta Thorchilliisjóðs. (Nefnd sett).

Það er alkunnugt, að árið 1759 gaf Jón Þorkelsson, fyrrum skólameistari í Skálholti, allar skuldlausar eigur sínar eptir sig látinn, í þeim tilgangi, að stofnaður yrði fyrir þær skóli handa 12 hinum fátækustu og bágstöddustu börnum í Kjalarnesþingi, og ákvað, að börnin skyldu í skóla þessum fá sómasamlegt og guðrækilegt uppeldi þangað til þau gæti sjálf unnið sér brauð. Gjafabréf Jóns Þorkelssonar, sem lesa má í Lovsamling for Island III, bls. 356—59, er dagsett 3. apr. 1759, og staðfest af konungi 20. s. m. Árið 1791 var slíkur skóli, sem gjafarinn hafði til ætlazt, settur á Hausastöðum, og stóð hann þar nokkra hrið, og mun hafa orðið að góðum notum, meðan hann stóð. En eptir að skóli þessi

var lagður niður, var eigum hans safnað í sjóð, sem kallaður hefir verið Thorchilliisjóður. Þótt nú síðan hafi endur og sinnum verið veittur styrkur úr þessum sjóði, stundum til þess, er álíta má samkvæmt tilgangi gjafarans, stundum til annars, sem er þessum tilgangi fjærskyldara, eða að öllu leyti óskýlt, þá er sjóður þessi nú vaxinn svo, að hann mun um síðustu árslok hafa verið orðinn hér um bil 26,700 rd. að upphæð.

Það er í augum uppi, að með vöxtunum af þessu fè mætti koma miklu góðu til leiðar, ef þeim væri hyggilega varið samkvæmt tilgangi gjafarans. Það vita og játa allir, að gott uppeldi í æskunni er í öllu tilliti hið mesta lán, hverjum sem það hlotnast, og að ekkert annað er nauðsynlegra þjóðunum til framfara og heilla en það, að uppeldi hinna ungu sé vandað sem bezt. En á hinn bóginn fær vissulega enginn dulizt við það, að barna-uppeldi og uppræðingu er hér á landi víða mjög ábótavant, einkum þar sem eins stendur á og hér í Kjalarnesþingi, þar sem mikið er af sjópláss-um, fjölmenni mikið og örbyrgð hin mesta. Hver sem þekkir til í þessu héraði, einkum í hinum fátæku, en fjölmennu sjóplássum, hlýtur að kannast við, að hin brýnasta þörf er á, að hér sé eitt-hvað gjört meira enn það, sem hlutaðeigandi prestar og hreppstjórar geta til leiðar komið á vanalegan hátt, til þess að frelsa nokkur af þeim börnum, sem ekki geta notið góðs uppeldis, frá því að verða fáfróðir, ónýtir, og, ef til vill, spilltir og skaðlegir menn. Það er að visu satt, að sjóðurinn eykst við biðina, og að því lengur sem beðið er, því meira má taka sér fyrir hendur, þegar byrjað er að nota vexti sjóðsins. En fyrir málefnið sjálft er þessi bið eigi að síður til hins mesta skaða. Notin af þessum sjóði yrðu án alls efa miklu miklu meiri, ef sem fyrst væri byrjað á, að frelsa nokkra af þeim aumingjum, sem alast upp í öllu reiðuleysi. Auk þessa er vissulega bæði vilji gjafarans að engu hafður, og oss sem nú lifum í Kjalarnesþingi gjörður hinn mesti óréttur með því að fresta því til ókominna tíma að verja vöxtum sjóðsins samkvæmt tilgangi gjafarans. Vilji gjafarans er með því að engu hafður; því það er auðsjáanleg tilætlun gjafarans, að gjöf hans skuli aldrei liggja ónotuð, og oss sem nú lifum í Kjalarnesþingi, er líka óréttur gjörður með þessum drætti; því vèr erum með því útilokaðir frá að njóta góðs af þeirri gjöf, sem vèr höfum allt eins mikið tilkall til, eins og þeir sem áður hafa lifað og síðar munu lifa í þessu héraði. Af því nú bæði er hin mesta þörf á, að eitt-

hvað sé gjört, er geti orðið barna-uppeldi- og uppfræðingu til bóta í Kjalarnesþingi, og af því töluvert fè er til, sem einmitt er ætlað til þessa, en einskis annars, þá leyfi eg mér að bera þá uppástungu upp og skora á hið heiðraða alþingi:

Að það kjósi nú nefnd til að íhuga þetta mál, og sendi vorum allramildasta konungi bænarskrá um, að hann skipi svo fyrir, að byrjað verði hið allra bráðasta, að verja vöxtunum af Thorchillisjóði í þeim tilgangi, sem gjafarinn hefir ætlazt til.

Á alþingi, 8. júlí 1863.

H. Hálfðánarson,
varapingmaður Kjósar- og Gullbringusýslu.

Uppástunga

frá landlækninum til alþingis um ýmisleg atriði til eflingar hinna íslenzku læknaskipun. (Nefnd sett).

Það er kunnugra en frá þurfi að segja, hve brýn nauðsyn er til þess, að læknaskipunin hér á landi geti komizt í betra horf, en hún hefir hingað til verið hjá oss. Eg þykist síðan eg tók við landlæknisembættinu hafa gjört hvað í mínu valdi stendur til að styðja að því, og til að sýna þinginu fram á þetta, skal eg í fáum orðum geta þess, er nú hefir gjörzt í þessu máli síðan eg kom hingað. Það vita víst flestir þingmenn, hversu stjórnin hefir tekið í þetta mál, og það sýna auglýsingar hennar ljósast til hinna undanfarandi þinga, og þó að félagsritin hin nýju fari þar um þeim orðum, að stjórnin virðist 1861, að hafa verið komin á hina sömu stefnu sem Íslendingar í þessu máli, þá liggur það beint í augum uppi fyrir hvern þann, sem les hinar konunglegu auglýsingar til alþingis fyrir árin 1859 og 61, að þetta var engan veginn á þann hátt, eins og nokkrir síðan þykjast hafa skilið það. Eg held menn enn þá megi muna það, að allt hvað stjórnin var búin að gjöra í þessu máli 1859, var það, að hún viðurkenndi, að þörf væri á fleirum íslenzkum læknaefnum, og að hún með því að veita íslenzkum stúdendum nýjan peningastyrk við háskólann í Kaupmannahöfn þóttist hafa leyst hendur sínar í þessu máli. Á þetta benda aug-

lýsingarnar frá 1859 og 61, og enginn getur skilið þær öðruvísi, sem eigi af sjálfsþóttu leggur aðra meiningu í þær.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, hafði eg, þegar eg tók við embættinu, engan annan veg til að reyna til að koma hér á einhverri byrjun til læknakennslu, en úrskurðinn frá 12. ágúst 1848, sem allt fram á 1860, eða í 12 ár, hafði legið nær því ónotaður, og var hann líka mjög hægur, því hvergi fannst til tekið, hver réttindi þeir þar í svo nefndu hjálparlæknar skyldu hafa, hvað mikið þeir ættu að læra, hvernig yfirheyrslunni ætti að vera varið, o. s. frv. Ákvarðanir um þetta komu aldrei, og menn gátu af úrskurðinum að eins gizkað sér til, að þessi þar í nefnda kennsla, var engin veruleg læknakennsla. En með því þetta var eini vegur til að koma einhverri byrjun á þetta mál, ræðist eg 1860 í að byrja á þessari kennslu, og með því enginn af héraðslæknunum höfðu fylgt henni, svo teljandi væri, óskaði eg að stjórnin vildi leggja kennsluna undir landlæknisembættið. Stjórnarráðið féllst nú á uppástungu þá, er eg gjörði í þessu efni, og nú hugsaði eg, að nú mundi mér þó auðnast, að geta byrjað á þessari litlu kennslu samkvæmt þeim gildandi lögum, en þetta brást mér að mestu leyti, því þegar eg skoraði á amtmennina, að leggja til hið ákveðna gjald úr jafnaðarsjóðnunum, var það að eins einn þeirra, sem sé hinn setti stiptamtmaður, er gegndi þessari áskorun minni, en bæði amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu og Vesturumdæminu skorudust undan henni á ýmsa vegu, jafnvel þótt þeir með sjálfum sér yrðu án efa að viðurkenna, að krafa mín var fullkomlega lög-mæt. Svona var eg þá á ólöglegan hátt að mestu leyti hindraður frá að byrja á hinum litla vísi til íslenzkrar læknakennslu, og vil eg rólega leggja það á dóm þingsins, hvort það eigi megir virðast öldungis óþolandi, að æðstu yfirvöld landsins brjóti svona landslög, og það í máli, sem varðar líf og heilsu fjölda landsmanna. Afleiðingarnar af þessu sýna sig nú og svo upp á hið herfilegasta, og hefðu orðið enn nú tilfinnanlegri, hefði eigi hið heiðraða þing stutt að hinni innlendu læknakennslu eins vel og það gjörði á hinu seinasta þingi, hvar fyrir eg finn mig skyldan að votta því mitt innilegasta þakklæti.

Eg hefi nú í 3 ár framfylgt læknakennslunni, en eg hefi sök-um teðra ástæðna að eins getað kennt einum lærisveini í 3 ár, og þessi er nú með sérstakri iðni svo vel á veg kominn, að hann verður prófaður á þessu sumri, og getur þannig að öllum líkind-

um strax orðið að héraðslækni, eða í hið allra minnsta orðið settur fyrst um sinn, og hefðu amtmennirnir í hinum tæðu ömtum eigi brotið lögin með því að neita mér um hinn lögboðna styrk til lækna kennslunnar, þá hefði nú Ísland í sumar getað fengið 3 nýja lækni-kandiðata, og hefði það verið góð hjálp fyrir h eruð þau, hvar í enga læknishjálp er að hafa. Eg vona og óska, að þingið sjái, hvað af því leiðir, ef amtmönnunum framvegis á að haldast það nppi að brjóta svona landslög eptir eigin vild og geðþótta.

Í vetur hefi eg lesið með þrem lærisveinum, og hafa þeir allir stundað lækni-fræðina með mesta kappi, enda hafa þeir og við veiki þá, er hefir gengið, haft þær æfingar, að varla mundi þeim erlendis hafa gefið slíkt tækifæri á eigi lengra tímabili. Það er nú orðið svo mannmargt hér við sjóinn, að hingað sækir slíkur fjöldi úr öllum áttum, að hér gefst einkar gott tækifæri til að sjá flesta, ef ekki alla sjúkdóma, er tíðkast hér á landi, og með því aðsókn þeirra, er sækja læknishjálp hingað ofan úr landinu, allt af er að aukast, og eykst að líkindum enn þá meira, þá virðist nú stór nauðsyn til, að hér yrði hið allra bráðasta stofnaður lands-spítali. Eg leyfi mér að segja lands-spítali, því spítali fyrir bæinn alleina yrði allt of umfangslitill til þess að hann gæti gegnt þörfum lands-ins. Það er búið til þess að vita, að þegar menn koma hingað til að leita sér hjálpar úr öðrum h eruðum, eða sveitum, þá er enginn staður, hvar þeir hafi höfði sínu að að halla. Vitstola menn verða að hröklast hér um strætin, og landlæknirinn verður að horfa á þetta, án þess honum sé mögulegt, að geta fengið hæli fyrir þá eða aðra ókunnuga menn, sem þurfa bráðrar hjálpar við. Vær höfum, eins og kunnugt er, svo marga langvinna sjúkdóma hér á landi, er gjöra fólki æflangan heilsubrest, svo að þeir verða að þungum ómögum á unga aldri, þar sem þá hefði þó vel mátt lækna, hefðu þeir náð að komast inn á reglulegan spítala í tækan tíma, og fyllsta nauðsyn sýnist því vera á, að landið eignist slíka stofnun, svo fljótt, sem verða má. Á hinn bóginn mundi og slíkur spítali, sem eg ímynda mér að ætti að hafa fastan lækni, mikið styðja að því, að ýmsir enn nú ófullkomlega rannsakaðir innlendir sjúkdómar yrðu enn betur þekktir, eins og það líka ætti að gjöra spítalalæknum að skyldu, að aðstoða landlækninn í lækna kennslunni, svo þeir gætu eins og skipt henni milli sín eptir hentugleikum. Kæmi þá að því, að sýsla þessi gæti fengið sinn eigin sýslulækni, eins og aðrar sýslur í landinu, þá gæti landlæknirinn enn þá betur gefið sigvið

kennslunni, enda væri ekkert náttúrlegra, en að landlæknirinn hefði landlæknisembættið, læknakennsluna og læknisumsjón bæjarins á hendi. Með þessu móti kæmi hinn svo títt eptiræskti lækna-skóli bezt, fyrirhafnar- og kostnaðarminnst, og rétt eins og af sjálfu sér í lag, og yrði þá aldeilis eins ástatt fyrir honum eins og presta-skólanum, hann fengi sína 2 föstu kennara, en þriðja kennarann gæti hann rétt eins og prestaskólinn haft frá lærða skólanum, og nefni eg þar til kennarann í náttúrufræði og eðlisfræði við lærða skólann, því það liggur í augum uppi, að þessi kennari ætti eins hægt með að kenna ungum læknaefnum efnafræði og eðlisfræði, eins og einn af meðkennendum lærða skólans nú á með að kenna bæði sálarfræði og hugsunarfræði við prestaskólann.

Síðan eg byrjaði á læknakennslunni, hefi eg mjög svo fundið til þess, hversu bágt það er að standa svona allslaus til að afla sér bóka og verkfæra þeirra, sem nauðsynleg eru við læknakennsluna, eins og hún verður að tíðkast nú á tímum. Að vísu hefi eg gott bókasafn og verkfæri, er eg á sjálfur, en eg hefi þó orðið að auka þetta hvorttveggja með töluverðum kostnaði, og sé glöggst fram á, að eg má halda hinu sama áfram framvegis. Eg hefi nú seinasta árið gefið hátt á annað hundrað dali fyrir verkfæri og bækur, og geta allir séð, þegar eg verð að halda því áfram, að mikill partur þeirra 300 rd., sem eg hefi fyrir kennsluna á ári hverju, gengur til að afla mér þeirra hluta, er nauðsynlegir verða að álítask við læknakennsluna. Mér sinnst því sanngirni tala fyrir því, að til læknakennslunnar væri kostað eins miklu á ári fyrir bækur og verkfæri, eins og nú er brúkað til bóka við prestaskólann, og eg vona, að hið heiðraða þing styðji þá uppástungu, er eg nú þegar vil gjöra um þetta mál.

Eins og öllum er kunnugt, getur enginn náð fullkomlegleika í handlæknisfræðinni, nema hann kryfji lík, og læri þannig alla parta líkamans og afstöðu þeirra inni í líkamanum nákvæmlega að þekkja. Læknaefni læra erlendis allar skurðaræfingar (Operationer) á líkum, og allflest læknaefna hafa aldrei borið hníf á lifandi mann þegar þeir verða kandidatestar, en það má strax sjá, að þeir, sem æfðir eru í líkskurði, halda þessari æfingu, og hún verður þeim að miklu liði, er þeir eiga að skera í lifandi menn, og beztu líkskurðamenn (Anatomer) verða jafnan beztu handlæknar (Operateurer). Síðan í fyrra hafa hér verið krufin 13 lík, og er það eigi svo lítil æfing fyrir 3 lærisveina; eigi að síður ættu slíkir líkskurðir að tíðk-

ast enn þá almennara, einkum þá lítt kunnar landfarsóttir ganga, og mönnum ríður á að komast eptir náttúru þeirra og eðli, eins og líkskurðir líka eru öldungis ómissandi til að þekkja ýmsa sjúkdóma hjá oss, er enn eru eigi nærri nóg samlega rannsakaðir. Mær hefir því komið það mjög illa, að ýmsir menn hér í grennd við bæinn eru að útbreiða meðal almennings ýmsar æsingar móti öllum líkskurðum, og takist þeim þetta, er það hinn vissasti vegur til að eyðileggja alla læknakennslu hér á landi, eins og það á hinn bóginn skýtur alveg loku fyrir það, að menn geti nokkurn tíma til fulls þekkt innlenda sjúkdóma. Eg vona og óska, að þingið sjái við þessu, og biðji stjórnina að lögleiða líkskurð á öllum þeim, sem notið hafa gjafameðala, og öllum þeim, er njóta ókeypis hjálpar læknis.

Það er svo sem auðvitað, og liggur í augum uppi, að þó að læknakennsla og læknaskóli komist á hér á landi, og sé framfylgt með mesta kappi og alíð, þá er það ómögulegt eptir því, sem hér á stendur, að hún geti orðið eins fullkomin og erlendis, þar sem fólksfjöldinn og sjúkdómatilfellin eru svo margföld við það, sem nokkurn tíma getur orðið á Íslandi, og þegar menn í sjálfri Danmörku og öðrum norðurlöndum sinna nauðsyn til að láta suma lækna sína fullkomnast enn þá meira við utanlandsferðir til hinna stærri borga og spítala í Berlín, Wien, París, Lundúnum, þá er þörfin til slíkrar fullkomnunar enn þá meiri fyrir íslenzka lækna. Það er að visu engan veginn meining mín að slíkar utanlandsferðir þyrftu að vera skilyrði fyrir því, að hinir íslenzku lækna-kandidatar gætu notið þeirra réttinda, er þeim er heitið samkvæmt konungsúrskurðinum af 29. ágúst 1862, heldur yrði það friviljug fyrirtekt fyrir þá, sem þar til fyndu löngun og köllun, og hefðu fengið beztu ein-kunn við embættisprófið, en síðan eitt eða tvö ár sýnt sig að dugnaði og kostgæfni í kalli sínu. Til að koma þessu réttilega fyrir þyrfti alþingi að æskja þess af stjórninni, að ungum íslenzkum læknum, sem hefðu sýnt sig að dugnaði og árvekni í kalli sínu, væri veittur nokkur styrkur til utanlandsferðar um 4 eða 5 mánaða tíma og mætti þá veita slíkan styrk svo sem hvort annað ár, en hann yrði að vera svo stór, að hann dygði til 4 eða 5 mánaða dvalar á hinum stærri útlendu spítölum.

Loksins vil eg geta þess, að það fyrirkomulag, sem nú er á hinnu litlu læknaskipun hér á landi, virðist mér að öllu óþolandi, því í stað þess, að læknarnir ættu eptir eðli sínu að standa eins

og fríir og frjálsir menn í embættisstöðu sinni gagnvart embættismönnum lögreglustjórnarinnar, eru þeir upp á vissan máta settir undir þá, og allar þeirra uppástungur og umkvartanir eiga að ganga í gegnum embættismenn lögreglustjórnarinnar, áður þær komist lengra. Hér af flýtur nú að allar skýrslur lækna, samt uppástungur þeirra og umkvartanir til stjórnarinnar nú verða að ganga gegnum amtmennina, og hafa þeir þannig tækifæri til bæði að tefja fyrir málunum, og meðhöndla þau eptir eigin vild, eins og eg skal leyfa mér að sýna þinginu mörg dæmi upp á. Þannig skrifa lögreglustjórnar embættismennirnir til stjórnarinnar í alveg læknaSKIPUNarlegum málefnum það sem þeim lizt án þess læknaeir fái sjálfir nokkuð að gjört, eða gefist færir á að sjá þeirra meiningar, eða geti leiðrétt þær, hversu svo fráhverfar þær eru því, sem læknaSKIPUNin útkrefur, en stundum eru læknaSKIPUNin látnar liggja, svo árum skiptir, án þess landlæknir fái nokkuð að gjört. Já, hvað verra er, stundum eru þessir lögreglustjórnar lögvitringar að blanda sér inn í alveg læknaSKIPUNarleg málefni, segja stjórninni álit sitt um þau eptir sínum geðþótta, og líka hefir það komið fyrir, að sumir þeirra hafa verið óþolanlega nærgöngulir héraðslæknaunum, ofboðið þeim, og þannig gjört stöðu lækna hér á landi enn þá meir óþolandi, svo nú liggur við, að vèr sökum slíkrar aðferðar missum alveg frá oss einhvern hinn duglegasta héraðslækna, er finnst hér á landi.

Eg held það sè svo sem heyrum kunnugt, að amtmennirnir hér á landi hafa nóg með embættisannir þær, er þeim eru á herðar lagðar, þó eigi sèu þeir látnir seilast til loku að fjetla um málefni þau, er þeir lítið eða ekkert skynbragð á bera; vegabæturnar, pósgöngurnar og önnur opinber málefni, sem undir þá heyra, ganga eigi altènd svo liðuglega úr hendi sem óskandi væri, og þetta er þó eptir náttúru sinni málefni, er þeir ættu að vera færir yfir að ráða. Hér verður því, ef vel á að fara, einhver breyting á að verða, og fáist hún eigi, tel eg slíkt hið iskyggilegasta merki að læknaSKIPUNin hér á landi geti tekið nokkrum verulegum framförum. Mér finnst því brýnasta nauðsyn til bera, að öll læknaSKIPUNarleg málefni sèu alveg hrifin úr höndum hinnar íslenzku lögreglustjórnar, og þeir alveg fríaðir við þau, og eiga þá héraðslæknar að geta sent allar sínar skýrslur og uppástungur beinlínis til landlæknaSKIPUNarinnar, en hann segi álit sitt um, og sendi síðan beinlínis stjórninni, og á sama hátt sendi landlæknirinn allar sínar skýrslur,

uppástungur og umkvartanir beinlínis til stjórnarinnar, og sè stjórnin skyld að veita þeim móttöku og gegna þeim án þess þær þurfi að ganga gegnum hendur lögreglustjórnarinnar hér á landi.

Samkvæmt framanskriðu leyfi eg mèt að stinga upp á, að hið heiðraða þing sendi vorum allramildasta konungi bænarskrá um eptirfylgjandi atriði:

- 1, að stjórnin sjái svo um, að hinum íslenzku amtmönnum haldist það eigi uppi, að innihalda þeim peningum, sem þeir samkvæmt fyrnefndum konunglegum úrskurði árlega eiga að greiða til læknakennslunnar hér á landi, heldur sèu þeir skyldir til að borga þessa peninga frá 1859 til 1863, og renni þeir nú inn í læknaSJÓÐ lands þessa, en frá 1862 og framvegis sèu þeir eptir augnamiði sínu brúkaðir til eflingar læknakennslunni hér á landi, og innborgaðir tafarlaust árlega til hennar.
- 2, að stofnaður verði lands-spítali fyrir Ísland með sèrskildum lækni og ákveðnum launum, og að þessi hospítalslæknir verði skyldaður til að aðstoða landlæknirinn í læknakennslunni, og ætti slíkur spítali að setjast hér í Reykjavík eða Laugarnesi.
- 3, að stjórnin veiti árlega 200 rd. til að kaupa fyrir bækur og verkfæri, sem landlækninum þykja mest áriðandi fyrir læknakennsluna.
- 4, að veittir verði annaðhvort ár 400 rd. til þeirra lækna, er lært hafa hér á landi, til þess þeir geti ferðast utanlands og gengið á hina stærri spítala svo sem fjöggra mánaða tíma, en að þeir einir fái þenna styrk, sem sýnt hafa sèrstakan dugnað til að gegna skyldu sinni hér á landi sem læknar, og hafa þar hjá góðan vitnisburð um gáfur sínar og lærdóm.
- 5, að allir, er þiggja styrk af sveit eða hafa notið gjafameðala, skuli skyldir að láta kryfja lík sín, þegar þess er krafist.
- 6, að það verði gjört að lögum hér á landi, að landlæknirinn og héraðslæknarnir þurfi eigi eins og hingað til heftr verið, að senda skýrslur sínar, uppástungur og umkvartanir gegnum amtmennina til stjórnarinnar, heldur gangi öll slík málefni beinlínis frá héraðslæknum til landlæknisins og frá honum til stjórnarinnar, eins og líka hans skýrsl-

ur, uppástungur og umkvartanir gangi beinlínis frá honum sjálfum til stjórnarinnar.

Reykjavík 8. júlí 1863.

J. Hjaltalín.

Bænarskrá

frá Suður-Múlasýslu um lækna-skóla og spítala.

Niðurlagsatriði:

Að hér á landi verði nú sem allra fyrst stofnaður lækna-skóli og spítali með þeim efnum sem hér eru fyrir hendi af spítalaeignunum eða lækna-sjóðnum.

Vísað til undangangandi nefndar.

Bænarskrá

frá Suður-Múlasýslu um aðstoðarlækna.

Hver sem lítur í huga sér yfir hinar viðlendu byggðir hér á landi, sem svo fáum læknum er ætlað og hefir verið ætlað að gegna og hugsar hins vegar til þess, sem flestum er kunnugt, hvað óttalegur manndauðinn hefir verið og er enn á þessu fámenna landi og hví-líkur fjöldi manna kvelst svo árum skiptir og margir alla æfi af menjum sjúkdómanna og af ýmsum sérstökum meinsemdum, hvort-tveggja jafnan fyrir skort á læknishjálpi. Hver sem hugsar út í allt þetta, en þekkir hins vegar til hvíllik alúð er lögð í öðrum næstu löndum á það að bæta úr sjúkdómsnauðum manna með lækna-skipun, hann verður að furða sig á, hversu vort vesæla land hefir orðið útundan í þessu. Og þá bætir það ekki um, hvernig breytt hefir verið við þessa fáu lækna, sem gengið hafa hér að því að gjörast píslarvottur, með því að leitast við að gegna sem flestum í þessum afarviðlendu lækna-umdæmum hér á landi, að þeir hafa haft svö lítil laun í samanburði við erviðleika embættanna. Svo hefir og hingað til verið fylgt fram þeirri ósanngjörnu reglu, að draga inn í ríkissjóðinn helming þessara litlu launa, þegar eitthvert þetta umdæmi losnar og ekki verður strax annar til að sækja um það,

svo hver sem »settur» er þar læknir, meðan embættið er óveitt, getur ekki fengið nema hálf launin. Þó nú sé nýlega farið að hækka laun lækna, þá stendur hitt óraskað að draga inn hálf launin þegar læknir er »settur». Meðan svo mikill skortur er á háskólakandídötum í læknisfræði, er optast sá, sem »settur» er í læknislaust umdæmi, áður reglulegur læknir í öðru, og er þá hvort-tveggja, að hann hefir í sínu umdæmi margfalt meiri annir, en nokkur einn maður getur komizt yfir, og svo eru þessi hálfu laun harla lítil upphvatning fyrir hann að taka á sig mikla mæðu og kostnað til að ferðast opt um þetta fjarlæga umdæmi, sem hann er settur yfir. Þó svo beri við, að hann geti fengið lækningafróðan mann sér til aðstoðar í fjarlæga umdæminu, getur hann ekki misst mikið af þessum hálfu launum til að borga honum með, því hann verður sjálfur að hafa alla umsjón og ábyrgð, og gjöra sér að minnsta kosti einstöku ferðir þangað. Þetta hefir nú átt sér stað hér hjá oss nærri 3 ár í Austfirðingafjórðungi, svo viðlendum sem hann er, að læknirinn á Eyjafirði (hér um 120—160 mílur frá fjarlægari enda Austurumdæmisins, þegar með sveitum væri farið) hefir verið »settur» hér læknir, en fékk til að vera hér, sér til aðstoðar, lækningafróðan mann, sem hann hefir að líkindum litlu getað miðlað af þessum hálfu launum. Þessi aðstoðarmaður læknisins á Eyjafirði, B. Thorlacius, sem lesið hefir læknisfræði á háskólanum, og síðan haldið áfram námi sínu hjá læknum á Eyjafirði, og sem vèr álitum vel að sér í læknisfræði, hefir gjört oss hér sannlega mikið gagn og lagt sig fram að hjálpa með mikilli góðvild, en er fyrir það sem hann hefir orðið að leggja hér í sölu-urnar þessi ár orðinn felaus, svo ekki er líklegt hann geti lengur haldið fram störfum sínum, heldur verði að yfirgefa okkur og leita sér annarar atvinnu; og er illt til þess að hugsa, að efnilegur maður, hæfilegur til mikils gagns í læknisstöðu, skuli gjörast þannig ófær til þess fyrir þessa hraparlegu tilhögun á launum »settra» lækna, og hitt að halda svo fast við, í slíku ráðaleysi sem nú er, að setja engan mann í læknislaust umdæmi, þó líf margra þúsunda liggi við, nema hann sé kandídat í læknisfræði. Þegar engan íslenzkan kandídat í læknisfræði er að fá lausan og liðugan, sýnist brýn nauðsyn að víkja frá reglunni, og setja heldur hvern, sem fæst og lærður er í læknisfræði utanlands eða innan, og reyndur að kunnáttu og lækningaheppni, þó hann hafi aldrei tekið lærdómspróf í lækningafræði, en að setja fjarlægan lækni í öðru umdæmi,

bundinn þar ókljúfandi önnum, og draga alls ekki af launum hins setta læknis.

Vér vonum, að þér, háltvirtu alþingismenn, á þinginu í sumar, játið að þessi málefni, sem vér hreifum hér, sæu mjög áriðandi bæði fyrir allt landið yfir höfuð, og sérstök lækna-umdæmi þess. — Þessi málefni:

Að hver »settur» læknir í óveitt læknisembætti fái öll launin, sem því embætti eiga að fylgja; að lækningafróðir menn, sem geta fengið góðan vitnisburð fyrir þekkingu og góða reynslu, ef þeir eru til, sæu »settir», þó þeir sæu ekki kandidatar, til að gegna lækna-embættum í óveittum embættum, heldur en fastir læknar í öðrum (þó með yfirumsjón einhvers þess), og — sèr í lagi fyrir oss Austfirðinga, — að sá aðstoðarlæknir, sem nú er hjá oss, sè »settur» hèr til að gegna læknisembættinu í Austfirðingafjórðungi, meðan það er óveitt og fái að njóta allra læknislaunanna.

Þessi mál biðjum vér yður að ræða á þinginu í sumar, fylgja þeim fram, og rita um þau bænarskrá til vors allramildasta konungs.

Skrifað á frjálsum sýslufundi á Vallanesi, 5. júním. 1863.

E. Hjörleifsson, Sigurður Gunnarsson,
forseti. skrifari.

Visað til nefndarinnar um uppástungu landlæknis.

14. júlí — níundi fundur.

Rædd til inngangs og undirbúnings eptirfylgjandi mál.

Bænarskrá

úr Borgarfjarðarsýslu um verzlunarstað á Skipaskaga. (Nefnd sett).

Fyrir löngu síðan hafa Borgfirðingar fundið til þess, hve æskilegt það væri að geta fengið kauptún á Akranesi. Öllum sem nokkuð þekkja kringumstæður og landslag hér í sýslu, hlýtur að vera það full-ljóst, hverjum erfiðleikum það er undirorpið, að verða að sækja alla kaupstaðarvöru suður í Reykjavík, árið um kring, hvernig sem á stendur, þar sem annaðhvort er að fara langan og

líttfæran veg, yfir grýtta og snarbratta hálsa, landveg suður alla leið, sem þó er alls ekki fært með hesta jafnaðarlega, nema um hásumar, eður út á Akranes, hvar menn hljóta að kaupa sèr skip og menn til fararinnar; bíða þar gjarnast byrjar og opt aptur í Reykjavík, til að komast heimleiðis, og á meðan verið erað þessu, kaupa hirðing og hagbeit fyrir hesta sína; en þó þetta hljóti að hafa ærinn kostnað og erfiðleika í för með sèr, verður tíminn sem eyðist til alls þessa, um það leyti ársins, sem annir eru mestar, búendum allra tilfinnanlegastur, ásamt manntjóni því, sem of opt á sèr stað í ferðum þessum.

En þegar vèr nú hinns vegar að gætum, hversu ágætt kaupþúnsstaði vèr eigum, þar sem er Skipaskagi á Akranesi, þá er fyrst að gæta þess, að landslagið er eitthvert hið fegursta kringum allan Faxaflóa, og mjög vel fallið til að koma þar upp verzlunarstað. Höfnin á Lambhússundi er trygg og áreiðanleg, svo óhult virðist, eptir sögn þeirra sem þar eru kunnugastir, að liggja þar á hafskipum, hvaða átt sem er, hversu mikill stormur og sjávangangur sem er fyrir utan sundið. Á staðnum sjálfum er einnig talsvert vörumegn, því á Akranesi mun mega telja eitt hið bezta fiskiver kringum allan flóann á hverjum tíma árs sem er. Hèr má og heita fjölmennt, þar sem í Garðasókn einungis mun vera nálægt 700 manns. Landsmegin er hèr frjófsamt, vel fallið og auðvelt til jarðarræktar, eins og þar sem bezt getur verið. Hingað væri líka öllum Borgfirðingum sunnan Hvítár, og einnig þeim sem næstir búa fyrir ofan hana, fljótast og fyrirhafnarminnst að sækja markaðinn, og einmitt *þetta* er grundvallarástæðan, eptir réttum verzlunarreglum, sem samkvæmt anda hinnar frjálsu verzlunar, hlýtur að ráða því, hvar kaupstaðirnir skulu setjast, ekki einasta hjá oss heldur meðal allra upplýstra þjóða; því leggja menn járnbrautir, grafa skurði skipgenga, þar sem því verður við komið, með ærnum kostnaði og fyrirhöfn, til þess vöruaflinn geti streymt með sem mestum hraða, á markaðina, og þaðan aptur út um allan heim. Og þetta er eðlilegt. Við þetta sparast bóndanum peningar þeir, sem hann annars þyrfti að brúka, til að sækja með á fjarlægari verzlunarstaði. Tíminn, sem honum er þó allra dýrmætastur, sparast. Landbúnaðinum fer fram. Vöruaflinn eykst og verzlunin blómgast að því skapi. Þá er komið í það horf að verzlunin eflir búnaðinn og búnaðurinn aptur verzlunina; og löggjafinn hefir náð

tilgangi sínum, með að efla hag og auðsæld þegna sinna, sem framast má verða.

Vér höfum nokkrum sinnum áður farið fram á það við undanfarandi alþingi, að það mælti fram með því við stjórn vora, og beiðdist þess, að leyfi væri veitt til að byggja kaupþún á Akranesi. en þingið hefir þó ekki enn sem komið er, gefið þessu máli þann gaum, sem vér gátum eftir vænt; að oss virðist einna helst þess vegna, að það væri «ísjárvert» vegna Reykjavíkur að fjölga kaupþúnum kringum hana að svo stöddu, og sumir hafa jafnvel fært það til sem ástæðu, að engin dugandi verzlun gæti komizt þar upp því ekki mundi þykja ómaksins vert að byggja þar, eða taka sér bólfestu. En þessar hvorartveggju ástæður álitum vér ekki á góðum rökum byggðar, því ef hið síðara ætti sér stað verður leyfið gagnslaust og þýðingarlaust og getur því ekki komið í bága við Reykjavík, en aptur á móti kæmist þar upp verzlunarstaður, fellur einnig hin fyrri ástæðan, því það liggur í augum uppi, að kaupmenn í Reykjavík, mundu verða fyrstir manna til að hagnýta sér leyfi þetta, með því að láta byggja þar, og sumpart verzla þar á skipum sínum, svo verzlunar-ágóðinn lenti eins og áður í Reykjavík, að minnsta kosti fyrst um sinn. Annars virðist oss, í slíku máli og hér ræðir um, að hagnaður *margra* landsmanna, ætti þó að sitja í fyrirrúmi fyrir mjög óverulegum ábata *fárra* fastakaupmanna í Reykjavík, ef hann annars getur átt sér stað, sem er gagnstætt voru álitu.

Vér leyfum oss því enn á ný, að beiðast þess, að hið heiðr-aða alþingi taki þetta velferðarmálefni vort, til ítarlegrar yfirvegunar og umræðu á yfirstandandi sumri, og riti síðan meðmælandi bænarskrá hans allramildustu hátign konunginum um:

Að leyfi veitist til að byggja kaupþún á Skipakaga við Lambhússund á Akranesi.

Ritað á frjálsum fundi að Höfn 13. dag júním. 1863.

228 nöfn.

Uppástunga

frá þingmanni Snæfellsness-sýslu um lagaskóla á Íslandi.

(Nefnd sett).

Í konunglegri auglýsingu til alþingis frá 8 júní þessa ár seg-

ir svo: að það sé ósk vors allramildasta konungs að láta að þegn-
legri bæn alþingis um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefn-
um á Íslandi, svo framarlega, sem fengizt geti fè það, er til þess
þurfi; en að málefni þetta sé enn þá undir aðgjörðum dómsmála-
stjórnarinnar og kirkju- og kennslustjórnarinnar, og fyrir því ekki
svo langt á leið komið, að konungur hafi getað lagt síðasta úr-
skurð á það.

Alþingi hefir nú að undanfögnu eins og kunnugt er, meðan
ekki blæs byrlega, mælt eindregið og innilega fram með máli þessu,
er öllum framfara og menntavinum Íslands liggur ríkt á hjarta.

Nú eru því miklar líkur til, að lifni og vaxi hugur alþingis og
allra landsmanna á þjóðmálefni þessu, þegar það hefir sannspurt,
að hinn nafnfrægi ráðgjafi, er stýrir kirkju- og kennslumálum vor-
um hafi tekið mál þetta sér í hönd og sé því meðmæltur, og þeg-
ar þingið hefir heyrt og lesið ósk vors allramildasta konungs. Það
eru nú miklar líkur til, að alþingið vilji nú gjöra allt það, sem í
þess valdi stendur, til að flýta fyrir máli þessu, greiða því veg, og
styðja og styrkja þessa landsföðurlegu ósk konungs vors.

En hvað getur þá alþingið gjört til að flýta fyrir málinu og
styðja ósk konungsins til þess að lagaskólinn komist á stofn? Það
á að minni ætlun að biðja konung að veita mildilegast nokkurn
fjárstyrk í bráð til að byrja lagakennslu hér á landi sem allra fyrst,
móti því, að sá fjárstyrkur verði á sínum tíma aptur endurgoldinn
af vorri hálfu. Eg vil því leyfa mér að bera upp þá uppástungu:
Að alþingi taki mál þetta til íhugunar og biðji vörn allra-
mildasta konung að veita hæfilegan fjárstyrk til þess, að
stofnsetja í Reykjavík sem allra fyrst íslenzkan lagaskóla,
móti því að sá fjárstyrkur verði síðan endurgoldinn af Ís-
lands hendi.

Reykjavík, 9. júlí 1863.

Páll Melsteð,
þingmaður Snæfellinga.

Uppástunga

hins þriðja konungkjörna þingmanns um jarðamatskostnað af jörð-
um, er tilheyra prestaköllum. (Nefnd sett).

Eins og þóknanlega sèst af hjálögðu bréfi, hafa prestarnir í

í Rangárvallasýslu farið þess á leit við prestáþing það, sem haldið var hér í Reykjavík í gær, að það á einhvern þann hátt, er bezt þætti við eiga, reyndi til að fá því fram komið, að hið opinbera endurgjaldi prestum aptur það fè, sem þeir greiða í jarðamatskostnað fyrir þær jarðir, sem tilheyra prestaköllum þeirra, og hafa, að því er virðist, fært til mjög sennilegar ástæður fyrir þessari bæn sinni. Prestáþinginu þótti mál þetta eptir eðli sínu beinlínis heyra undir verkahring alþingis og fól mér á hendur að bera það fram á þessu þingi. Sökum þessa leyfi eg mér hér með virðingarfyllt að beiðast þess, að hinu heiðraða alþingi mætti þóknast að taka ofangreint mál til meðferðar og senda konungi um það þegnlega bænarskrá í sömu eða líka stefnu þeirri, sem tekin er fram í bænarskránni.

Reykjavík, 11. júlí 1863.

P. Pétursson.

Fylgiskjal.

Samkvæmt opnu bréfi, dags. 1. apríl 1861, hafa sýslumenn nú á manntalsþingum krafist af öllum jörðum endurgjalds hálf jarðamatskostnaðarins hér á landi. Hafa ábúendur hvervetna greitt þetta gjald, en fá það aptur endurgoldið af eigendum hverrar jarðar, og þannig höfum við undirskrifaðir líka greitt það fyrir þær jarðir, sem tilheyra okkur fyrirtrúðum prestaköllum, af því ábúendur hafa haldið sér til okkar, sem nú höfum umráð yfir þessum jörðum, án þess þó að vèr álitum það lagaskyldu vora eða að vèr værum eigendur hinna opinberu jarða, er vèr njótum afgangslaus af, heldur einungis til að spara ábúendunum umsvif og fyrirbyggja allar þrætur.

Því þar eð áður nefnt konungsbréf að eins talar um, að eigendur jarðanna eigi að greiða þetta gjald, en allir sjá, að það er sitt hvað, að vera eigandi einnar jarðar, og að njóta afgangslaus hennar um vissan tíma, og að hér er þess vegna ekki að tala um gjald af embættistekjum (tekjuskatt), heldur af eign, sem þetta þó væri, ef prestar ættu endurgjaldslaust að greiða þetta gjald af embættistekjum sínum (prestakallajörðum), þá getur okkur ekki betur virzt, en að það sè, ef ekki lagaskylda, þá samt réttlætis- og sanngirnis-krafa, að prestum, sem allir viðurkenna að yfirhöfuð hafi sárlítil laun, sè þetta aptur endurgoldið af réttum hlutaðeiganda, sem in casu hlýtur að vera hið opinbera, þar eð það veitir þessar jarðir að lèni nú þessum nú hinum.

Vér höfum enn ekki orðið þess varir, að nokkrar ráðstafanir séu gjörðar þessu viðvíkjandi, þess vegna dirfumst við hér með að fram bera þá auðmjúku bæn fyrir hið heiðraða prestaping, að það vildi hreifa þessu máli, og reyna til á þann hátt, sem því virðist bezt, að fá því fram komið, að hið opinbera endurgjaldi prestum aptur það fè, sem þeir greiða í jarðamatskostnað fyrir þær jarðir, sem tilheyra þeim fyrirtrúuðum prestaköllum, og felum þannig þetta mál hinu heiðraða prestapingi í þeirri vissu von, að það muni taka þessu fúslega, og gjöra sitt hið bezta.

Rangárvallaprófastsdæmi 16. maí 1863.

10 nöfn.

Uppástunga

frá þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu um það að ráða bót á presta-eklu í landinu. (Nefnd sett).

Það getur ekki dulizt fyrir neinum, og sízt fyrir hinum hátt-virtu alþingismönnum Íslendinga, að hinu vísindalega ástandi Íslendinga yfir höfuð að tala er mjög iskyggilega komið nú sem stendur, einkum að því, að nógu margir og nokkurn veginn hæfir menn fáist til embættanna í landinu. Þetta á þó einkanlega heima um söfnuðina og prestaköllin, þar sem svo mörg þeirra eru farin að standa óveitt og forstöðulaus árum saman, af því engi af þeim fáu prestaefnum, sem til eru, vilja verða til að sækja um þau. Að vísu mun svo teljast til, að nú sem stendur sé eða verði í sumar jafnmörg prestaefni til að tölunni, eins og þau prestaköll eru, sem nú eru laus og forstöðulaus, ef þeir vildi allir og ætlaði sér að gefa sig við prestsskap, sem að vísu mun mjög óvíst um nokkra þeirra, en þess verður þá jafnframt að gæta við þessa menn, að einungis 4—5 þeirra hafa nú sem stendur fullan embættisaldur, en aptur standa 9 brauð óveitt þann dag í dag, og hafa sum þeirra verið prestlaus á annað ár eða lengur.

Á 32 ára tímabilinu 1821—1852 losnuðu hér á landi og voru veitt samtals 193 prestaköll, það eru 6 árlega, að meðaltali (sbr. 5. ár Þjóðólfs bls. 14. og eru þær tölur byggðar á skýrslum, er ritstjórnin fékk um þetta frá byskupsdæminu. Þau 8 árin 1839—1846 losnuðu og voru veitt samtals 100 prestaköll, þ. e. 12½ ár-

lega að meðaltali, sbr. (Reykjavíkurbóstinn bls. 157—60 og 171—72). Vær megum að vísu ráðgjöra, að þessi tala prestakallanna fari nú nokkuð minnkandi sakir þess, að prestaköll hafa verið lögð niður og sameinuð einkum á hinum síðustu 10 árum; en þessi sameining hefir þó hvergi nærri fækkað öllum prestaköllum landsins um sjöttung, og leiðir þar af, að óhætt er að byggja á, að fimmm prestaefni að minnsta kosti þurfi árlega, eins og nú stendur, ef ekki skulu fleiri og færri prestaköll standa forstöðulaus árum saman og smá fjölga ár frá ári, og svo smám saman leggjast í auðn.

Hin næstkomandi 10 ár, til ársloka 1872, þarf því land vort að eiga kost á 50 prestaefnum til þeirra prestakalla, sem losna á þessu tímabili.

Enn fremur til þeirra brauða, sem nú eru laus 9 ———
samtals 59 prestaefni.

Til að bæta úr þessu höfum vér nú: útskrifaða kandidata, að þeim meðtöldum, sem útskrifast frá presta-skólanum nú í haust samtals 10 prestaefni.

Á næstkomandi 6 árum geta menn talið upp á, að frá lærða skólanum út skrifist í mesta lagi 40.

Í ár útskrifuðust 6
samtals 46

Hvort sem nú fleiri eður færri af þessum stúdentum gefa sig við guðfræði, þá verða hinir yngstu þeirra, og einkum þeir, er fengu inntöku í skólann í fyrra vor 1862, engir búnir að ná 25 ára embættisaldrinum 1872, því flestir þeirra voru fyrir innan fermingaraldurinn, er þeir komu í skólann í fyrra. Nú þótt ráðgjört væri svo ríflega, að $\frac{3}{5}$ allra þessara 46 stúdenta, sem til eru nú og von er í á næstu 6 árum, gæfi sig við guðfræði, þá yrðu það ekki nema í mesta lagi 27 ———
og allt að $\frac{1}{4}$ þeirra þó ekki fullaldra til embætta fyr en 1873—74.

Án þess gjört sé ráð fyrir neinum vanhöldum, þá geta menn þannig átt von í presta-efnum hin næstu 10 ár hið allra ýtrasta 37 ———
en það er 22 færri, en þörf kirkjunnar og landslýðsins útkrefur. Með öðrum orðum, vér megum ganga að því vísu, að 22 prestaköll að minnsta kosti eða 26—32 kristnir söfnuðir hér á landi verði

kennimanns- og sálusorgaralausir, áður en hin næstu 10 ár sé liðin.

Við þessu ástandi getur hvorki né má hið heiðraða alþingi loka augunum eða leiða það svo hjá sér, að ekki taki það þetta velferðarmál til ítarlegustu meðferðar og yfirvegunar og einhverra úrræða, er mætti að minnsta kosti leiða til nokkurra umbóta á þeim vandræðum, andlegum og líkamlegum, sem hér er um að ræða, og treysti eg því, að eins og hið heiðraða þing hlýtur að verða mér samdóma um, að hér þurfi eindreginna og bráðra aðgjörða við, eins muni þinginu og takast að finna og sjá einhver viturleg og aðgengileg ráð til þess. Skal eg því ekki binda hendur þingsins né tesja tímanum með því að fara orðum um hin ýmsu helztu úrræði, er líklegust kynni að þykja, en samt vil eg leyfa mér að benda til, hvort annað aðalúrræði mundi tiltækilegra, en þetta, að sameina brauðin og fækka þeim :

1. Að fækka brauðunum með því að sameina þau eptir almennum «plani» yfir allt land, hvar helzt sem því yrði við komið, og draga svo eptir vissum reglum ákveðnar tekjur af hinum sameinuðu brauðum, til þess að bæta upp þau fátæku útkjálkabrauð, sem með engu móti verða sameinuð eða lögð niður.
2. Og til þess, að gjörðar verði almennar og skipulegar uppástungur um þetta eður almennt brauða-sameininga frumvarp, undir konungs samþykki, er stiptsýfrvöld landsins sé almennt eða yfirhöfuð að tala hundin við framvegis í brauðaveitingum sínum, verði sett þegar í haust hér í Reykjavík 5 manna nefnd embættismanna og alþingismanna, sem eru reyndir og kunnugir viðs vegar um land og búsettir hér í Reykjavík eður hér í grennd.

En hvort sem þinginu þykja þessi uppástunguatriði til greina takandi eður ekki, þá vona eg og leyfi mér hér með að bera upp þá uppástungu, að þetta heiðraða þing taki málið í heild sinni til ítarlegrar yfirvegunar og meðferðar í nefnd og beri upp fyrir hans hátign konunginn í vanalegri bænarskrá þegnsamlegar uppástungur, er lúti að því:

Að bæta úr hinni stíxaxandi prestafæð og presta-eklu hér á landi, og að guðspjónustugjörð og helgum siðum og trúarlærdómum vorum megi verða séð borgið og við haldið í

landinu eins í hinum fátækari söfnuðum og á útkjálkum landsins, eins og annarstaðar.

Reykjavík, 9. júlí 1863.

Jón Guðmundsson,
þingmaður Vestur-Skaptafellsýslu.

Nefndarálit

Um breytingu á tíma til að halda hreppaþing á vorum.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að segja álit vort um bænarskrá þá með 126 nöfnum, er komið hefir til þessa þings úr Eyjafjarðarsýslu um að fá breytt tíma þeim, sem ákveðinn er í opnu bréfi 21. apríl. 1847 um hreppskilaþingshald á vorum á tímabilinu milli 16. og 24. dags júnímánaðar, þar eð þessi tíma-ákvörðun virðist beiðendum óhagfelld.

Eptir að vèr höfum íhugað málefni þetta, leyfum vèr oss að bera álit vort undir hið heiðraða þing á þessa leið.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, var málefnið um hreppskilaþing lagt fyrir alþingi 1845, eptir að það hafði verið undirbúið af embættismanna nefndinni í Reykjavík á fundinum 1841. Sèst það ljóslega af umræðum og úrslitum málsins, bæði í nefndinni og á alþingi, að flestir voru samhuga á því, að hreppaþing væri nauðsynlegt að hafa bæði vor og haust. Um hið urðu menn síður á-sáttir, hvern tíma menn skyldu kjósa til hreppskilahalds á vor, vegna þess ýmislegar vorannir þóttu vera því til fyrirstöðu, eptir hinu sérstaklega ásigkomulagi héraðanna, að hreppskilaþingin á vorum yrðu haldin á vissum ákveðnum tíma, og þótt að meiri hluti þingmanna í það sinn yrði með því að einskorða hreppaskil um vor, eins og ákveðið var í frumvarpi stjórnarinnar, var þó eptir uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga sú breyting þá þegar á gjörð, að þessi hreppaþing á vor skyldu fram fara í Skapafells-sýslum í fardagavíkunni, af þeirri ástæðu, að ýms ferðalög til að-drátta mundu ella gjöra sýslubúum þar þinghaldstímann næsta ó-hentugan, og í afleiðingum skaðlegan.

Hinu sama hefir nú þótt við bregða hjá beiðendum þeim, er sent hafa þessa bænarskrá til þingsins, og verður þar hið sama ofan á, að tíminn sem ákveðinn er í opnu bréfi 21. apríl 1847, milli 16. og 24. júní til hreppaþingshaldsins þykir of seint settur,

eins og líka virðist auðsætt, þar sem á slíku hreppapingi eiga að gjörast ráðstafanir og fyrirskipanir af hálfu sveitarstjórnarinnar um grenjaleitir, vegabætur og ýmislegt annað, er allan hreppinn varð-
ar, og sem sumu hverju þarf að vera lokið áður en fê er rekið á fjall, eða kaupstaðuferðir byrja. Hefir þessi lagagrein jafnvel stundum gefið tilefni til þess, að menn, af ýmsum ástæðum, hafa neyðzt til að brjóta á móti henni; en þegar svo er virðist mikil ástæða til að breyta lögnum, þar eð það hvívetna er skaðlegt, og rýrir álit og helgi laganna, ef þeim verður ekki fylgt að öllu leyti.

Að vísu hafa nú beiðendur farið því fram, að tíminn til hreppa-
þingshaldsins yrði þannig fluttur til, að hreppskiláping á vor verði framvegis haldin á tímabilinu frá 6. til 16. júnímánaðar, en oss nefndarmönnum virðist réttara, að hið heiðraða þing tæki þá stefnu í málinu að rýmka yfirhöfuð tímann til hreppþingahalds á vorum, viðlíka og gjört er í hinu ofan nefnda opna bréfi um hreppskiláping á haustum, svo að menn ætíð gætu valið sér hinn hentugasta tíma, eptir því sem til hagar á hverjum stað, og í hverri sveit.

Nefndin leyfir sér því samkvæmt, framanskriðuðu, að ráða hinu heiðraða alþingi til að bera þá bæn fram fyrir konung vorn:

Að hreppskiláping á vorin skuli hér eptir halda á tímabilinu frá 6. til 24. júnímánaðar.

Reykjavík, 10. júlí 1863.

St. Jónsson,
formaður.

Sv. Skúlason,
skrifari og framsögum.

J. Pálmason.

15. júlí — tíundi fundur.

Rædd til inngangs eptirfylgjandi málefni.

Uppástunga

þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu um gjafabréf Charles Kelsalls
(Nefnd sett).

Öllum má vera það kunnugt af tíðindum um stjórnarmálefni Íslands VI. hepti 1859, bls. 259, að Charles Kelsall, göfugur maður á Bretlandi, gaf og ánafnaði með gjafabréfi 15. ágúst 1853, 1000 punda sterling í nafngreindum skuldabréfum, og er svo ákveðið í gjafabréfinu, að fê þessu skuli tafarlaust verja til þess að

byggja (fyrir það) *bókhöðuhús* handa hinum lærða skóla í Reykjavík («to build a new library for the College of Reykjavik»). Erfingjar Kelsalls vefengdu gildi þessa gjafabréfs að honum látnum, en yfirdómur á Englandi sá er nefnist «Court of Chancery» skar svo úr, að gjöfin skyldi óröskuð standa. Sendiherra Dana konungs í Lundúnum fór þá að hlutast til um það, eins og ákveðið var í gjafabréfi Kelsalls, að koma skuldabréfum þessum í peninga, og fól það þjóðkunnum dönskum öðlingi í Lundúnum, Hambro barúin; en hann hafði £ 838—1—1 í peningum upp úr skuldabréfunum, og tók þó engi ómakslaun, sakir þess, hvað gjöfin var í góðu skyni gefin.

Kirkju og kennslustjórnin í Danmörku skýrði stiptysfirvöldum vorum í bréfi 9. maí 1859 frá gjöfinni, og hvernig henni væri komið að upphæð og öðru, eins og nú var sagt, og beiddist hún álitu þeirra og uppástungna um það, hvernig gjafafé þessu yrði beztt varið *samkvæmt fyrirætlum gjafarans*. Þessu svöruðu stiptysfirvöld vor í bréfi 15. sept. s. á., að þau vildi leggja til að bókasafnshús yrði byggt fyrir gjafafé Kelsalls, og ekki að eins svo að bókasafn lærða skólans mætti geymast þar, heldur einnig stiptysbókasafnið og bókasafn prestaskólans. En þeim uppástungum svaraði aptur kennslustjórnin svo í bréfi 17. okt. s. á., að ekkert væri þeim til fyrirstöðu, en þó yrði stiptysbókasafninu ekki leð þar húsrúm nema «*að eins fyrst um sinn*, á meðan slíkt leyfi ekki kemur í bága við þarfir skólans.» Þá beiddi kennslustjórnin stiptysfirvöldin í sama bréfinu um að senda uppdrátt til hússins og áætlun um kostnað þann, er ganga muni til húsbyggingarinnar.

Nú liðu svo 3 ár, að Íslendingar fengu ekkert áreiðanlegt að vita um það, hvað málinu leið, fyr en bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 9. júlí 1861 var auglýst og kom hingað í stjórnartíðindunum sumarið 1862 (sbr. Stjórnartíð. VIII bls. 497—98). Af því bréfi má sjá, að stiptysfirvöldin hafa svarað stjórnarbréfinu 17. okt. 1859, fyrst (að nokkru leyti) í bréfi 27. ágúst 1860, og aptur í öðru bréfi 8. maí 1861, og að þessum bréfum hafa þau látið fylgja «uppdrætti og áætlanir um bókhöðuhúsið», og þar að auki uppástungu um, að bókhöðubyggingin væri höfð svo stór, «*að prestaskólinn einnig gæti fengið þar húsnæði*», þá er þess jafnframt getið í þessu síðasta stjórnarbréfi, að gjöf Kelsalls sé að upphæð 7,350 rd. 42 sk. í dönskum peningum.

En þetta bréf kirkjustjórnarinnar 9. júlí 1861 gjörir að hinu

leytinu þau úrslit málsins, sem bæði eru gagnstæð tillögum stipts-yfirvaldanna um málið og undirtektum sjálfrar hennar 1859, og varla verða álitin rétt eða viðunandi hvorki fyrir oss, er gjafarinnar eigum að njóta né fyrir erfingja gjafarans; í þessu stjórnarbréfi segir: »að fæð sé ónóg til þess að farið verði að byggja húsið, því það mundi nálega allt ganga til að koma upp húsinu og yrði þá ekkert eptir til launa handa bókaverði, í brunabótagjald, til eldsneytis til lýsingar m. m.«. Af þessum ástæðum og svo fleirum sem lesa má í stjórnarbréfinu 6. júlí 1861, er þar afráðið, »að nema fyrst um sinn staðar við svo búið, en setja fæð á vöxtu þangað til það er orðið svo mikið, að óhult sé um að það verði nóg til þess, sem það er ætlað til, og þá verði kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sé til að byggja hús handa prestaskólanum, og hvort það þá eigi að vera í sameiningu við hús það, sem hér er um rætt, en varla verði sagt, enn sé kominn tími til að gjöra út um þetta«.

Gjafarinn Kelsall áskilur það um gjöf þessa og ekkert annað, en að henni skuli verja til þess að byggja nýtt bókhöðuhús handa lærða skólanum í Reykjavík, og þess vegna virðist það heimildarlaust, að stjórnin dregur svona fæð undir sig af þeirri ástæðu, að það hrökkvi ekki til fyrir annað eða meira heldur en til að byggja bókhöðuhúsið eða koma því upp. Í annan stað hefir og gjafarinn áskilið það í gjafabréfi sínu, að fullnægt yrði þessu skilyrði gjafabréfsins bæði rækilega og undandrátarlaust (*the faithful and prompt application of the bequest*), og virðist það því gagnstætt yfirlýstum tilgangi og skilyrðum gefanda að fresta framkvæmd gjafarinnar um óákveðinn tíma og binda þá frestun við skilyrði, sem liggja langt frá orðum og meiningu gjafabréfsins og eiga enga stöð í því.

Þess vegna leyfi eg mér hér með að fela hinu heiðraða alþingi þetta mál til rækilegrar yfirvegunar og meðferðar, og ber því hér með upp þá uppástungu, að þingið feli málið nefnd til meðferðar, og riti síðan konungi vorum þegnlega bænarskrá í þá stefnu:

Að hans hátígn konungurinn skipi svo fyrir, að tafarlaust verði fullnægt gjafabréfi Charles Kelsalls 15. ágúst 1853, þannig, að gjöf hans verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafabréfsins.

Reykjavík 11. júlí 1863.

Jón Guðmundsson,

þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Uppástunga

hins 4. konungkjörna þingmanns um jafnaðarsjóðsgjald.

Fè því, er jafnaðarsjóðirnir þurfa á að halda, er árlega jafnað niður af amtmönnum á lausafjártíund þeirra, er í umdæmum þeirra eru; en mikil áraskipti eru að því, hve miklu fè amtmenn jafna niður, og þer þá ekki ósjaldan svo við, að hvað mestu er jafnað niður, þegar sem harðast er í ári; við þetta verður jafnaðarsjóðsgjaldið stundum mjög tilfinnanlegt, og því, sem eðlilegt er, um leið illa þokkað, og leiðir til tíundarsvika, er allar stöttir aptur mega líða við. Ekkert virðist því eðlilegra, en að amtmönnum sèu reistar skorður við því, hve miklu fè þeir megi jafna niður á hvert lausafjrhundrað, svo þessum tekjustofni búandans eigi sè ofboðið, og þegar þess er gætt, að búandi maðurinn mestmegnis á að lifa af fè því, er hann tíundar, og eins að gjalda allar skuldir og útgjöld sín af því, þá virðist sem gjald þetta til jafnaðarsjóðsins aldrei ætti að vera meira en 12 sk. af hverju hundraði. Mundi og gjald þetta sem optast mega nægja, ef amtmenn á eina hliðina forðuðust öll ónauðsynja útgjöld, sem þeir mest mættu, en tíundin á hinn bóginn gæti lagast eður aukizt, er án efa mundi nokkuð verða, ef menn væri losaðir við þann stugg, er þeim sem eðlilegt er, stendur af þessu ótakmarkaða valdi amtmanna, að leggja toll eður skatt á fè þeirra.

Sökum þessa leyfi eg mèt að stinga upp á því:

að alþingi þegnsamlegast vilji beiða konung vorn þess, að hann með lagaboði vilji allramildilegast skipa svo fyrir, að amtmenn eigi megi framvegis jafna meiru á ári niður á hvert tíundarbært lausafjrhundrað en tólf skildingum.

Reykjavík, dag 11. Júním. 1863.

Jón Pétursson.

Visað til stjórnarþótarnefndarinnar nr. 1.

Atkvæðaskrá

í málinu um breytingu á opnu brèfi 21. apríl 1847 um hreppskilapingshald á vorum.

Niðurlagsatriði nefndarinnar (sbr. bls. 119), samþykkt í einu hljóði.

Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samþykkt í einu hljóði).

17. júlí — ellefti fundur.

Uppástunga

hins fjórða konungkjörna þingmanns um prentun alþingsbókanna gömlu.

Allir vita, hvílikur fjársjóður fyrir sögu lands vors liggur í alþingisbókunum gömlu, og einkum geta menn af þeim sæð, hvernig lögin hafa verið skilin á hverjum tíma, og mest allt réttarástand lands vors. En nú er svo komið, að eigi eru til nema fáein söfn af bókum þessum, og getur hæglega svo farið, að þau, að nokkurra ára fresti, verði liðin undir lok, nema nú í tíma verði við sæð. Með því eg er nú viss um það, að allir hinir heiðruðu þingmenn unna vísindum, og einkum öllu því, er lýtur að sögu lands vors, þykist eg þess fullviss, að þeir muni vilja gjöra allt það, er í þeirra valdi stendur, til þess að áminnztar bækur eigi liði undir lok, heldur geti orðið aptur þjóðkunnar, og leyfi eg mér því að stinga upp á því:

Að þingið taki mál þetta til meðferðar, og finni upp hagnlegt ráð til þess, að bækur þessar verði prentaðar á ný.

Reykjavík, 14. júlí 1863.

Jón Pétursson.

Felld frá nefnd með 14 atkvæðum gegn 7 atkvæðum.

Uppástunga

frá þingmanni Suður-Þingeyjarsýslu um bændakirkjueignir.

Það er alkunnugt, að flestar kirkjueignir hér á landi eru tíundarfriar eptir hinum eldri lagaákvörðunum. Nú er víða svo ástatt, þar sem bændakirkjur eru, að kirkjarnar á að eins lífítt hluta úr jörðunni sem hún stendur á, og stundum allt að helmingi; en

í hinni nýju jarðabók, frá 1. apríl 1861, er allt talið saman, kirkjuhlutinn og bænda-eignin, svo enginn getur eiginlega vitað, hvað er kirkjueign og hvað ekki. Flýtur hér af, að alstaðar þar sem eg veit til, hefir kirkjuhlutinn í bændakirkjuörðum, verið talinn með til tíundar, gagnstætt því sem vera á og rétt er.

Það liggur í augum uppi, að skýlausum rétti bændakirkna er hallað í þessu efni; því meðan hið forna tíundarfrelsi kirkna yfirhöfuð ekki er upphafið að lögum, þá má það ekki segjast, að bændakirkjueignir verði harðar út undan, en beneficii-eignir, sem eins og kunnugt er, eru tíundarfríar, eins síðan jarðabókin kom út.

Mér þykir mál þetta þess vert, að alþingi taki það til íhugunar; leyfi eg mér að skora á hið heiðraða þing um að rita konungi vorum þegnlega bænarskrá þess innihalds:

Að sem allra bráðast verði lagt sérstakt mat á kirkjueignina í þeim jörðum hvar bændakirkjur standa, og að svo verði séð fyrir framvegis, að þær eignir eins og aðrar kirkjueignir verði aðnjótandi þess tíundarfrelsis sem þeim ber að lögum.

Reykjavík, 14. júlí 1863.

Jón Sigurðsson.

Visað til nefndarinnar í málinu um hreyting á jarðamatinu (sbr. bls. 88—91).

Umkvörtun

úr Skagafjarðarsýslu yfir brauðasameiningu.

Háttvirtu heiðruðu alþingismenn!

Það er nú orðið þjóðkunnugt að innbúar Flugumýrar- og Hofstaðasóknar í Skagafjarðarsýslu sendu árið 1860 samhljóða bænir sínar með gildum ástæðum, bæði hinum háu stiptysfrvöldum á Íslandi og kirkju- og kennslustjórnarráðinu í Kaupmannahöfn, um að hin umrædda í allrahæsta konungsúrskurði frá 25. sept. 1854 leyfða brauðasamsteyping yrði ekki framkvæmd.

Líka er það kunnugt, að sömu menn af sömu orsök og með sömu ástæðum sendu hinu heiðraða alþingi 1861 bæn um hið sama, nema hvað hún fór einu feti lengra, nefnil., að engin slík brauðasameining ætti sér stað á landi hér, og það í alþjóðlegu tilliti, svo þingið mætti heldur vekjast til athýglis á málinu.

Þessari bænarskrá var hrundið frá þinginu 1861, sjá tíðindi bls. 245—49, og það af þeirri ástæðu, að stjórnin mundi þá vera húin að gjöra við málið, það sem hún ætlaði sér. Þetta rættist líka, því þá kom erindið frá héraðsprófastinum dags. 14. ágúst, að bæn þeirra yrði ekki gaumur gefinn. En jafnt sem áður hreifir sér í brjóstum okkar allra, eða vér getum ekki sannfærzt um, að nokkur réttindi séu til sundrungar á brauðinu og samsteypu þess við önnur prestaköll, án vilja og vitundar allra viðkomandi kirkjusafnaða.

Loksins getum vér þess, að þó margir af oss, sem hér ritum nöfn vor undir, höfum hingað til verið of afskiptalausir um þetta áriðandi mál, þá var það af þeirri ástæðu, að vér töldum það víst, að hinir fyrri fengi bænina uppfyllta án undandráttar. En þar sem ekki er nú því að sagna, þá erum vér knúðir til, að láta til vor heyra; og eru því vor allra undirskrifaðra sameiginleg úrræði, í drottins nafni! að snúa oss til alþingis okkar, og biðja yður, heiðruðu og háttvirtu þingmenn, að taka þetta málefni til alvarlegs umtals og meðmæla með oss, og senda vorum allramildasta konungi yðar þegnsamlega bæn um:

1. Að við næstu prestaskipti mætti þessi brauðasamlagning upphafin vera, og að Hofstaða og Flugumýrar þingabrauð veitist þá aptur með sömu skyldum og réttindum sem að undan fögnu, og
2. Að engin brauða sundrung né samsteyping megi framvegis ákveðast hér á landi, nema áður sé fengið fullt samþykki viðkomandi kirkjusafnaða.

Staddir á Hofstöðum 4. júlí 1863.

(65 nöfn).

Vísað til nefndarinnar í málinu um að ráða bætur á prestaeklu.

Uppástunga

þingmanns Reykvíkinga um þingseturétt þeirra manna, er eiga 100 hundraða í jörðu.

Á þingi 1861 bar eg þá uppástungu fram, að alþingi beiddi konung vorn, að sá viðbætir verði gjörður við kosningarlögin til alþingis, að allir þeir, er eigi 100 hndr. í jörðu, hafi rétt til að

sitja á alþinginu, ef þeir vilja, á sjálfra sín kostnað, þótt eigi sæu þeir þjóðkjörnir, og njóti þar alls hins sama réttar og aðrir alþingismenn hafa. Þessi uppástunga átti þá eigi betri viðtökum að fagna en svo, að eg sá það fyrir, að hún mundi verða felld á þinginu. En með því eg hef enn eigi breytt skoðun minni á þessu máli, leyfi eg mér að bera hana upp að nýju. Ástæðurnar fyrir henni er óþarfi að taka hér upp að nýju; þær má lesa í alþingis-tiðindunum síðustu, bls. 277 o. s. frv. Án þess að orðlengja þetta mál leyfi eg mér að bera þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða þing, að það taki þetta mál til meðferðar, og riti vorum allramildasta konungi bænarskrá um:

Að allir þeir, er eigi 100 hundr. í jörðu, hafi rétt til að sitja á alþinginu, ef þeir vilja, á sjálfra sín kostnað, þótt eigi sæu þeir kjörnir til þess, hvorki af þjóð né konungi, og njóti þar alls hins sama réttar, og aðrir alþingismenn hafa.

Reykjavík, 14. júlí 1863.

H. Kr. Friðriksson.

Við þessa uppástungu var við haft nafnakall:

já sögðu:

Benidikt Þórðarson.

Benidikt Sveinsson.

Halldór Friðriksson.

H. G. Thordersen.

Jón Pétursson.

Jón Sigurðsson.

Páll Melsteð.

Pétur Pétursson.

nei sögðu:

Brynjólfur Jónsson.

Arnlfótur Ólafsson.

Ásgeir Einarsson.

Björn Pétursson.

Gísli Brynjúlfsson.

Helgi Hálfðánarson.

Indriði Gíslason.

Jón Hjaltalín.

Jón Pálmason.

Magnús Andrèsson.

Páll Sigurðsson.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Var uppástungan þannig felld með 14 atkvæðum gegn 8.

Bænarskrá

frá Borgarfjarðarsýslu um laun hreppstjóra. Niðurlagsatriði.

(Nefnd sett).

1. Að sá hluti aukatekju reglugjörðarinnar, sem ákveður borgun fyrir ýms aukaverk hreppstjóra, úttektarmanna, virðingarmanna og fl., verði endurskoðaður og endurbættur, og borgunin verði ákveðin í landaurum eða álnatali, sem megi greiða eptir meðalalin verðlagskráarinnar.
2. Að hver hreppstjóri fái hér eptir annaðhvort sanngjarna þóknun úr opinberum sjóði, frá 20 til 60 rd., sem skiptist eptir því, hvað hreppar eru örðugir, eða þá að hver þeirra fái konungstiundina af sinum hrepp, og einnig af þeim hluta tíundarinnar sem er undir 5 hnd.
3. Að hreppstjórar eða þeir, sem veita fátækramálum forstöðu fái hæfilega þóknun af sveitarsjóðunum.
4. Að ef þessu yrði framgengt að þá væri hér eptir enginn tekinn fyrir hreppstjóra, sem ekki væri vel fær um, að gegna þessari köllun sinni, bæði hvað dugnað og upplýsingu snertir.

18. júlí — tólfli fundur.

Rædd til inngangs og undirbúnings eptirfylgjandi mál:

Uppástunga

frá þingmanni Árnesinga um breyting á hegning fyrir barnseign í meinum.

Á alþingi 1855 kom eg fram með bænarskrá frá Árnesingum, áhrærandi það atriði í lögnum, sem ákveður dauðastraff fyrir barngetnað í meinum milli skyldra og venzlaðra. Bænarskráin fór því fram, að þingið vildi taka málið til yfirvegunar og rita konungi bænarskrá þess efnis: að hann allramildilegast vildi veita oss það lagaboð, sem nemi úr lögum dauðastraff fyrir því lík afbrot, en setji í staðinn aðra hæfilega hegningu, eptir málsins kringumstæðum. Þegar eg hafði upplesið bænarskrána, — sem eg einnig gjörði að minni uppástungu —, fór eg nokkrum orðum um efni hennar og

væntist þess, að löglærðir menn á þinginu tæki til máls og »leiddi mig í allan sannleika» um það, hvort ekki væri orsök og nauðsyn að biðja um þetta. Mér varð, að nokkru leyti »kápan úr því klæðinu»; 2 lögfróðir menn stóðu upp og töluðu; ræður þeirra má lesa í þingtíðindum 1855, 73. og 74. bls. Þær sannfærðu mig einungis um það, að þeir álitu bókstafinn í þessu efni *óhæfilegan*, en samt sem áður væri ekki vert að biðja um breytingu á slíku, og »börðu svo í brestina» sinn með hverjum hætti; annar þeirra áleit þetta óparfa vegna þess, að straffið væri aldrei framkvæmt, heldur náðaði konungur alltið slíkar persónur, en hinn kom með þá mótbáru, að fyrir nokkrum árum væri sett nefnd í Danmörku, til að semja nýja hegningarlaga bók, sem sjálfsgött á sínum tíma kæmi oss Íslendingum að góðum notum, væri því bezt að biðja eptir henni. Atkvæði féllu svo: að bænarskráin var felld með 14 atkv. gegn 7.

Nú vil eg reyna hvort eg — eptir 8 ára millibil — fæ ekki betri byr á þinginu, því sannfæring mín er í þessu efni hin sama sem fyr, nefnil. að breyta þurfi því atriði í lögnum, sem áhrærir ofan nefnd afbrot, því eg held, að sá lagabókstafur, sem hér ræðir um, og er »deyðandi«, eigi öldungis ekki við þann mildari anda laganna, sem nú á þessari tíð á sér stað, og að það sé bæði ókristilegt og ónáttúrulegt í sjálfu sér, og móthverft hugsunarhætti þjóðarinnar, að hegna þeim afbrotum, sem framin eru af illgirnisslausri en óstýrilátri girnd, jafnt verstu illverkum, svo sem morði, manndrápum, eða hryllilegum niðingsverkum. Þar að auki er löggjöfin um þetta efni orðin ósamkvæm sjálfri sér, einkum síðan tilsk. 23. maí 1800 kom út (sjá og líka tilsk. 14. desember. 1775) með því að hegningin fyrir meinabrot í nokkrum hinum fjærskyldari liðum, sem áður lá lífsstraff við eptir stóradómi (2. júlí 1564) var öldungis aftekin, en hegningin fyrir frændsemisspell, eður sífjalslit í hinum náskyldustu liðum látin standa óhöggvæð.

Af þessum ástæðum vil eg biðja hið heiðraða alþingi, að taka þetta mál enn á ný til ítarlegrar yfirvegunar, og senda vorum allramildasta konungi, annaðhvort frumvarp um þetta efni, eða þegnsamlega bænarskrá um, að hann allramildlegast vildi leggja fyrir næsta þjóðþing vort frumvarp, sem nemi úr lögum dauðastraff fyrir barngetnað í meinum, en leggi aðra hæfilega hegningu við þvílíku afbroti, samkvæmt anda löggjafarinnar nú á tímum.

Reykjavík 15. júlí 1863.

Magnús Andrèsson.

Bænaraskrá

frá skólakennara Jóni Þorkelssyni um launaviðbót. (Nefnd sett).

Háttvirtu alþingismenn!

Það er kunnugt, að stjórnin hefir nú viðurkennt, að íslenzkir embættismenn þyrfti bótar á kjörum sínum, og að þeir embættismenn hér á landi, er hafa laun sín úr ríkissjóði, hafa nú flestir fengið launabót, svo að flestir þeirra nú hafa viðunandi laun, og geta því varið tíma sínum og kröptum til að gegna dyggilega því embætti, er þeim hefir verið á hendur falið, en þurfa ekki að bæta úr launaskorti sínum með því að slíta sér út á störfum, sem eru ósamkynja og óviðkomandi embætti þeirra. Eg hefi eigi því láni að fagna að vera einn af þessum mönnum. Eg hefi eytt æskuárum mínum og mínum beztu kröptum til að búa mig undir þá lífsstöðu, sem eg hafði valið mér, og eg var svo heppinn að fá fyrstu einkunn við embættispróf í málfræði 1854. Af því að þá stóð svo á högum mínum, að eg varð að fara hingað samsumars, tók eg eigi hið verklega próf, sem í því er fólgið, að menn spyrja pílta í einhverjum af efri bekkjunum í Metropolitanskólanum í Kaupmannahöfn *einn tíma* í hverri af þessum fjórum visindagreinum: latínu, grísku, dönsku og veraldarsögu. Eg var þá óvanur við að kenna og þótti mér því ekki ráðlegt að taka þetta próf undir eins; enda eru menn í Danmörku vanir að taka það einu ári, eða jafnvel stundum mörgum árum síðar en aðalprófið. Síðan hefi eg aldrei haft peninga til að fara til Kaupmannahafnar til að taka þetta próf, og eg hefi ávalt haft þá sannfæringu, að góður vitnisburður frá skólameistararum og stíptysfirvöldunum fyrir *margra ára* kennslu við skólann gæti komið í staðinn fyrir þetta próf, ef enginn sækti á móti mér, sem þetta próf hefði tekið.

Þegar eg kom hingað, stóð svo illa á, að ekkert embætti var laust hér við skólann, en eg treysti því og var styrktur í þeirri von af lögfróðum mönnum, bæði íslenskum og dönskum, að þegar embætti losnaði hér við skólann, þá hlýti eg samkvæmt tilskipuninni 2. febrúar 1849 að ganga fyrir þeim, sem ekki hefði tekið embættispróf í málfræði. Eg hefi því í þessari von beðið með þolinmæði, og átt við marga erfiðleika að búa, meir en átta ár, og hefi á þessu tíma bili reynt til að bæta upp þau litlu laun, er eg hefi fengið sem tímakennari hér við skólann, með privatkennslu (sem á Íslandi er borguð margfalt verr en annars staðar), prófarkalestri o. s. frv. En þessi von mín brást, því þegar yfirkennara-embættið hér

við skólann varð laust 1862, var mér neitað um það, og þegar eg seinna út af veitingunni á því spurðist fyrir hjá kirkju- og kennslustjórnarráðinu, hvort svo bæri að álíta, sem tilskipunin 2. febrúar 1849 hefði lagagildi á Íslandi, og hvort eg, sem kandídat í málfræði með fyrstu einkunn, gæti gert mér von um síðar meir, ef svo bæri undir, að yfir kennara eða skólameistara embættið hér við skólann losnaði, og þessi embætti yrði veitt, þá að verða tekinn fram yfir eldri kennara við skólann, sem annaðhvort hefði tekið embættispróf í guðfræði, eða ekkert embættispróf hefði tekið, þá fékk eg það svar, dagsett 27. okt. 1862, að með því eg hefði eigi leyst af hendi það hið verklega próf, þá hefði eg eigi þau forrættindi, sem tilskipun 2. febrúar 1849 veitti kandídotum í málfræði, og þótt eg hefði þessi forrættindi, þá gæti eg eigi í því tilliti, sem hér væri um spurt, stuðzt við ákvarðanir tilskipunarinnar, með því þær ekki skilyrðislaust yrði heimfærðar til Íslands.

Mér var þannig, sem áður er sagt, synjað um yfir kennara-embættið og eg fékk þannig lagað svar upp á fyrirspurn mína; en þar á mót fékk eg hið lægsta undir kennara-embætti, sem ekkert embættispróf þarf til að fá, og launað er með 500 ríkisdöllum árlega. Þeir, sem búið hafa í Reykjavík, vita, hve hægt það er að komast hér af með 500 rd. á ári fyrir búsettan mann, þegar af þessum 500 rd. á að taka húsaleigu, sem gera má ráð fyrir að sé 80—100 rd. á ári, og þar að auki gjalda á ári hverju tiltekinn part af þessum launum í ekkjukassann o. s. frv. Það er og kunnugt, að hér er eigi hægt að vinna sér mikið inn auk embættislauna sinna, og að öll slík aukastörf eru hér illa launuð. Og einmitt þessi aukastörf, einkum þegar þau eru með öllu ósamkynja embættisstörfunum, hljóta að hafa ill áhrif á embættisstörf manna yfir höfuð, með því þau draga huga þeirra frá þeim, og einkum embættisstörf þess manns, sem er skólakennari, því að skólakennarinn þarf að hafa tíma ekki einungis til að viðhalda þeirri kunnáttu, sem hann hefir náð við háskólann eða aðrar æðri menntastofnanir, heldur einnig til að auka hana; hann þarf að hafa tíma til að kynna sér hinar helztu nýjar bækur, er snerta þær vísindagreinir, er hann kennir í skólanum eða leggur sér í lagi stund á; að öðrum kosti verður hann á eptir timanum. En þetta getur ekki sá maður gert, sem hefir 4—5 kennslutíma á dag í skólanum, svo sem tvo tíma á dag til að lagfæra stíla skólapíla, og 4—6 tíma á dag til privatkennslu eða prófarkalesturs. Sá maður, sem svo mikið hefir að gera,

og á þar að auki að stríða við sífelldar áhyggjur um þarfir lífsins og verður sífellt að vera að hugsa um, hvernig hann eigi að verja sig skuldum, hann getur ekki lesið margar bækur og ekki fylgt tímanum; hann getur ekki verið vísindamaður, þótt hann annars hafi löngun og hæfilegleika til að vera það.

Hversu mikla sparsemi sem eg hefi við, nægja mér þó ekki 500 ríkisdala laun á ári. Mig langar til að verða sem mest laus við öll embætti mínu óviðkomandi aukastörf og geta lagt allan hug á mitt eiginlega ætlunarverk; en til þess eg geti það, þarf hagur minn að batna. En ef embættispróf í málfræði er *hér* engin meðmæling, og embættin *hér* við skólann verða veitt eptir embættisaldri, þá er ekki annað sýnna, ef eg verð *hér* við skólann, en að eg verði að búa við þessi sömu laun í langan tíma, eða, ef til vill alla æfi mína, því að eg er sem embættismaður langyngstur af öllum kennurunum. Ef eg á að geta verið *hér* við skólann, þarf eg að fá launabót; fái eg hana ekki, sè eg ekki annað, en að eg verði að leita mér atvinnu á einhvern annan hátt.

Af framangeindum ástæðum leyfi eg mér að biðja hið heiðraða alþingi, að mæla fram með því við hans hátlign konunginn, að laun mín verði þannig bætt, að eg fái 1000 ríkisdala laun árlega. Eg leyfi mér að láta vitntsburð frá herra skólameistara B. Johnsson fylgja þessu bónarbréfi mínu.

Reykjavík, 13. júlí 1863.

Auðmjúkast

Jón Þorkelsson.

fylgiskjal.

Það er mér ánægja að votta eptir ósk Jóns Þorkelssonar, kandidats í málfræði, að hann hefir verið *hér* í skólans þjónustu nú í 9 ár, og hefir honum farið það ágætlega; hann hefir nefnilega allan þenna tíma kennt grísku og latínu í miðbökkjunum, og meðan eg var fjarstaddur skóla-árið 1860—61, kennt grísku í 4. bekk. Með þessari kennslu sinni og hinni djúpsettu kunnáttu sinni hefir hann gert skólanum einkar mikið gagn, sem eg áður hefi skýrt kirkju- og kennslustjórnarráðinu frá í bréfi mínu 3. marz 1858, samanb. við skýrslu mína 20. marz 1862. Ef *hér* er viðbætt hans djúpsettu kunnáttu í móðurmáli voru og lærdómi hans að öðru leyti, verður að telja það hamingju fyrir skólann að geta ráðið yfir svo góðum kröptum; og sá maður, sem *hér* ræðir um, á því skilið, að

öllum árum sè að því róíð, að hægur hans mætti batna og til þessa mælir undirskrifaður fram með honum upp á það bezta.

Reykjavíkur lærða skóla 11. júlí 1863.

B. Johnsson.

Nefndarálit

í málinu um þingstað að Bæ í Lóni (sbr. bls. 64).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss undirskrifaða i nefnd til að segja álit vort um bænarskrá frá Bæjarhrepps-innbúum innan Austur-Skaptafellssýslu um að alþingi beri þá bæn fram fyrir hans hátign konunginn, og sendi vorum allramildasta konungi bænarskrá um það, »að hann ákveði með lögum að manntalsþing fyrir Bæjarhrepp megi framvegis haldast á jörðunni Bæ«, og leyfum vèr oss að kveða upp álit vort á þessa leið :

Eins og drepíð er á í bænarskránni, hefir Bæjarhreppur eða Lónssveit jafnan verið og er enn hreppur og sveitarfélag út af fyrir sig, með sèrskildum hreppstjóra. Einnig hefir hann verið þinghá sèr, með sèrskildum þingstað og manntalsþingi, ekki einungis staðfastlega, alla þá tíð, sem Austur- og Vestur-Skaptafellssýslurnar voru tvö sèrskilin lögsagnarumdæmi með sínum sýslumanninum hvort þeirra, fram til 1812 (samanber rentukammerbréf 9. maí s. á.), heldur einnig allt fram til 1824, þegar Magnúsi Stephensen var veitt hið sameinaða embætti beggja sýslnanna, því hann var hinn fyrsti sýslumaður, er gjörði Bæjarhrepps- eða Lónsmönnum að skyldu, að sækja manntalsþing árlega að Bjarnanesi, og hèlst það, ekki án mögls og mótspyrnu, um hans embættistíð fram til 1844. Hinn næsti sýslumaður sinni kröfum Bæjarhreppsmanna um að hafa manntalsþing þar innanhrepps upp í Lóni þegar á fyrsta ári, og hefir það haldizt síðan stöðugt í 18 ár.

En eins og tekið er fram í bænarskránni, og meðundirskrifuðum þingmanni Austur-Skaptafellssýslu er kunnugt, uppalagði sýslumaður Bæjarhrepps-búum á næstliðnu vori að byggja upp nýtt þinghús að Bjarnanesi, í sameiningu með Bjarnaneshrepps-búum, og það með, að þeir (Bæjarhreppsmenn) skyldu framvegis og upp frá þessu skyldir til að sækja manntalsþing að Bjarnanesi.

Oss virðist ekki einungis hin forna venja, öll afstaða og

sveitarfyrirkomulag þessa hrepps gjöri beiðendurnar réttbæra til að fara því fram, sem í bænarskránni er um beiðið, heldur og nauðsynin, þar sem sveitarbúum standa óþolandi erfiðleikar og atvinnumissir af því, að sækja þing að Bjarnanesi, því til þess þurfa þeir að verja 3 til 5 dögum, og það um þann tíma árs, sem þeim er yfir höfuð að tala arðsamast að stunda sjóarútveg sinn, því manntalsþing eru haldin, í Austur-Skaptafellssýslu kringum sumarmál, og því yrði þeim ómetanlegt hagræði af því, að fá lögákveðinn þingstað innanhrepps. Hvað það atriði í bænarskránni snertir, að þingstaðurinn verði ákveðinn á jörðunni Bæ í Lóni, þá verður nefndin, er þekkir grannt til þar í sveitinni, að styðja þetta, því jörðin Bær liggur einmitt miðsveitis, og haganlegast fyrir alla hreppsþúa að sækja þangað þing; það er líka í almæli, að hinn forni þingstaður hafi verið að Bæ, eins og líka nafn hreppsins »Bæjarhreppur« bendir til. Þar að auki má það telja til verulegrar styrkingar þessu máli, að Papafjarðarós, sem er innan Bæjarhrepps, og örskammt frá jörðunni Bæ, er nú löggiltur verzlunarstaður eptir opnu bréfi 19. janúar 1863, því þar af leiðir, að sýslumaður hér eptir hlýtur að koma þangað að minnsta kosti einu sinni á ári, til þess að leysa af hendi þau embættisverk, sem almennt koma fyrir á verzlunarstöðum, enda þótt þar væri enginn þingstaður innanhrepps.

Af framanskriðuðum ástæðum leyfir nefndin sér að ráða hinu heiðraða þingi til að rita konungi þegnlega bænarskrá um:

Að hans hátign konungurinn sem alirafyrst ákveði með lögum, að Bæjarhreppur innan Austur-Skaptafellssýslu verði þinghá út af fyrir sig, með þingstað að jörðunni Bæ.

Alþingi, 15. dag júlímánaðar 1863.

St. Eiríksson, Jón Guðmundsson. Br. Jónsson.
formaður og framsögumaður.

Nefndarálit

í málinu konungl. frumv. um brunabætur fyrir Reykjavík (sbr. bls. 41).

Meðal annara frumvarpa lagði konungsfulltrúi af hendi stjórnarinnar fyrir þetta þing »frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða«, en þingið kaus aptur oss, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, til

að ihuga málið, og kveða upp um það álit vort, og er það svo, sem nú skal greina:

Því verður sannlega eigi neitað, að Reykjavík hefir til þessa átt við mikla örðugleika að berjast sökum þess, að engin ábyrgð hefir getað fengizt fyrir húsum bæjarins, ef eldsvoða að höndum bæri; af því hefir leitt, að enginn hefir viljað lána húseigendum fé á móti veði í húseign þeirra, hvorki einstakir menn, nè heldur þeir, sem opinbera sjóði hafa undir höndum haft, enda verður þeim eigi láð það, því brenna húsanna getur ávalt að höndum borið, og ef svo hefði orðið, þá var veðið horfið, og fêð, sem lánað hefði verið, ef til vill, með öllu misst, og er það einkum þar sem húsin hér eru því nær öll úr timbri einu, eða að minnsta kosti veggir þiljaðir að utan, og því hættan enn meiri, að allt húsið brenni upp að köldum kolum. Af þessum vankvæðum hefir og leitt það, að margir þeir, sem annars hefðu viljað annaðhvort reisa hús, eða stækka og bæta hin fornu, hafa orðið öldungis að hætta við það; því að fæstir eru svo efnum búnir, að þeir geti lagt fram allt það fê, er til slíks þyrfti, í einu, er þeim var með öllu fyrirmunað alls fjárláns gegn veði í húsunum; enda ræður það og að líkindum, að menn sêu tregir til, þótt fê hefðu, að verja því, og það miklu, til þess, er að engu getur orðið á fáum tímum, og þeir stæðu þá, ef til vill örsnauðir uppi á eptir. Þá er og það, að þótt einhverjir væru svo efnum búnir, að þeir gætu reist sêr ný hús, eða aukið hin eldri, þá mega þeir því nær ganga að því vísu, að þeir muni biða töluverðan halla, ef þeir, einhverra orsaka vegna, vildu selja þau; því að þeir verða fáir kaupendur, er hafi svo miklið fé fyrir höndum, að þeir geti lagt allt fêð fram í einu ef miklu nemur, og verða því fáir til að keppa; en það liggur í augum uppi, að kaupin ganga miklu greiðar, þegar fá má meiri eða mestan hluta húsverðsins að láni, gegn veði í húsinu sjálfu, eða ef lánsfê stendur í húsum áður. Til þessara annmarka við húseignir hér í bænum, og afleiðinga þeirra hafa Reykvíkingar lengi fundið, en hafa á hinn bóginn sêð, hversu örðugt það væri, eða jafnvel eigi auðið eptir öllum ástæðum, að stofna hér á landi ábyrgðarsjóð fyrir húsum sínum, og hafa optar en einu sinni, fyrst 1838, beiðzt þess, að Reykjavík yrði tekin í eitthvert af þeim brunabótafélögum, sem í Danmörku eru, eins og sjá má af ástæðum fyrir frumvarpi því, sem lagt er fyrir þingið; en það hefir átt mörgum mótspyrnum að sêta, svo að ekkert hefir áunnizt, og vonum vêr því, að þingið

taki þessu frumvarpi, sem hér ræðir um, því þakklátlegar, sem hér er um sannan hagnað og velmegun Reykvikinga að ræða, og eigi einungis þeirra einna, heldur og jafnframt allra landsmanna; enda er frumvarp þetta svo úr garði gjört yfirhöfuð að tala, að vör ætli-um, að fá hafi verið betur gjörð; og enda þótt oss virðist, að málið mætti á sumum stöðum betra vera, þá leiðum vör hjá oss, að breyta slíkum smágöllum; aðalefnið þykir oss meira vert en svo, að vör viljum í nokkru seinka fyrir því, og viljum því breyta sem minnstu.

Þegar vör nú snúum oss að hinum einstöku greinum og ákvörðunum frumvarpsins, þá er það að eins fátt eitt, sem vör viljum breytt hafa, og er það það, sem nú skal greina:

1. gr.

Þar sem segir í 1. gr., fyrsta lið: *»skulu hús í Reykjavíkurkaupstað og á lóð hans«*, þá litur svo út í snöggu bragði, sem að eins þau hús, sem standa á sjálfri kaupstaðarlóðinni, eins og hún var ákveðin 1792, eða að minnsta kosti á lóð hinnar fornu jarðar Reykjavíkur verði tekin í brunabótafélagið, en hvorki mun það vera tilætlunin, heldur öll hús í umdæmi bæjarins, enda væri það næsta undarlegt, að öll þau hús, sem hafa að öðru leyti sömu skyldur og réttindi, eigi nytu sömu réttinda í þessu efni. Nú hvílir, til að mynda, sama skylda á húsum í öllu umdæmi bæjarins, eins og það var ákveðið með konungsúrskurði 24. febrúar 1835, til að greiða húsaskatt eptir tilsk. 27. nóvemb. 1846; enda hafa og allir húseigendur sama rétt; sama verður og ofan á, þegar lítið er til opins bréfs 29. maí 1839, að verkasvið byggingarnefndarinnar nær yfir allt umdæmið. Sökum þessa virðist og sjálfsagt, að öll hús í umdæmi bæjarins, hafi rétt og skyldu að verða tekin upp í brunabótafélagið, og viljum vör því breyta orðunum, *»lóð hans«* í *»umdæmi bæjarins«*.

Þar sem sagt er í sömu greininni, að *hús í Reykjavíkurkaupstað* skuli tekin í brunabótafélagið, þá kynni svo að virðast í fyrsta álitu, sem hjallar og aðrir smákofar væru undanskildir; en það ætli-um vör þó víst að eigi sè, þar sem í sömu greininni 2. lið er svo ákveðið, að ábyrgð geti fengizt fyrir girðingum, því að af því er ljóst, að ábyrgð getur fengizt fyrir öllu því, sem húsum fylgir og brunnið getur, eða skemmzt af eldsvoða, og teljum vör því óþarft, að breyta greininni þess vegna.

2. gr.

Í 2. greininni er svo að orði kveðið, að *yfirvaldið* skuli kveðja til virðingarmennina, en það þykir oss óljóst orðað, og verður eigi séð, hvort það er amtmáðurinn eða bæjarfógetinn; en óeðlilegt og óþarfar málalengingar finnast oss, að amtmáðurinn skuli nefna til þá menn, eða það skyldi liggja undir hans úrskurd; oss finnst eðlilegast, að bæjarstjórnin í heild sinni kjósi virðingarmennina, því að með því ætti mest víska að fást fyrir því, að þeir yrðu virðingarmennirnir er hæfastir væru, með því hún ætti að vera því kunnugust, og viljum vér því breyta þessu orði *»yfirvaldið«* í: *»bæjarstjórnin«*.

Þá segir í 3. lið, að *bæjarmenn* skuli *leggja til brunabótabók*. Þetta finnst oss og mega misskilja, því að þegar sagt er *»bæjarmenn«*, virðist liggja beinast við að skilja það svo, sem þeir eigi að kosta bókina, sem fá ábyrgð fyrir húsum sínum, og ættu þeir þá að borga sinn hvern hluta í henni í rétttri tiltölu við húsverðið; en bæði er það, að það yrði of umsvifamikil heimting á slíku gjaldi, eigi meiru, en hér ræðir um, enda ber þessum orðum eigi saman við dönskuna, því að þar stendur: *en af Kjøbstaden anskaffet Forsikkringsprotocol*, og liggur beint við eptir því, að brunabótabókin verði borguð úr bæjarsjóði, og þannig viljum vér og breyta íslenzkunni.

3., 4. og 5. grein viljum vér halda óbreyttum.

6. gr.

Það er næsta eðlileg ákvörðun og í alla staði rétt, að brunabótafénu skuli að eins verja til að reisa fyrir aptur nýtt hús, í stað þess sem brennur, en það virðist oss of harðir og eigi skynsamlegir kostir, að þetta hús skuli ætla til hins sama, og hitt; það lítur svo út, að ef geymsluhús brennur, þá megi þar eigi reisa íbúðarhús, þótt það sé miklu meira virði en hitt sem brann; sú ákvörðun getur orðið til óhagnaðar fyrir bæinn, og staðið prýði hans fyrir þrifum, enda má brunabótafélaginu standa með öllu á sama, til hvers húsið er notað, ef það er að eins jafnhátt að virðingu og það sem brann, og eigi hættara við bruna. Þetta er og með öllu gagnstætt því, sem í Danmörku er fyrirskipað um þetta efni; því að í tilskipun 29. febr. 1792 um brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, sem Reykjavík á nú að komast í, er svo ákveðið í 12. grein, að húseigendum er engin önnur skylda lögð á herðar í þessu efni, en að hið nýja hús skuli vera jafn-mikils virði og hitt

sem brann áður var, og að eigandi skuli sanna það, að minnsta kosti innan tveggja ára eptir að hann hafi fengið brunabæturnar borgaðar. Þetta finnst oss eðlileg ákvörðun, og í alla staði rétt, enda felst sú ákvörðun í rauninni, þótt óbeinlínis, í þessari grein, öðrum lið, þar sem sagt er, að hafi verið varið minna fé til húsbýggingar eður aðgjörðar, en skaðinn var metinn, þá greiði brunabótafélagið að eins þá hina minni upphæðina. Sökum þessa viljum vèr fella úr með öllu þessi orð: *«er ætlað sè til hins sama»*.

Við þessa ákvörðun er tengt annari, þeirri að húsið skuli standa á sama grundvelli (í dönskunni *«Tomt»*). Þegar vèr lítum á hússkipun Reykjavíkur getur þessi ákvörðun komið beinlínis í bága við opið bréf 29. maí 1839, enda og orðið því til tálmunar, að hússkipunin geti orðið sem haganlegust og fegurst. Vèr viljum því eigi rígbinda þetta, heldur að eins, að hið nýja hús skuli standa á *sömu lóð* og hitt sem brann, því að vèr viljum eigi, að húseigandi hafi leyfi til, að byggja húsið á annari lóð, og með því, ef til vill, ónýta með því húsastæði að óþörfu, þar sem þau annars eru góð og haganleg, og er þá sjálfsgagt, að hann verður að setja húsið þar sem byggingarnefndin kveður á um. En ef byggingarnefndin telur það samkvæmt ákvörðun laganna, að húsið megi eigi reisa á sömu lóðinni, þá liggur það í eðli hlutarins, að hann getur ekkert tjón af því beðið, heldur verður að fá leyfi til að reisa húsið annarstaðar, og virðist það að vera samkvæmt tilskipun 6. d. apríl. 1832, 14. gr. D. Þá stendur í sömu grein 3. lið, að borga megi húseigendum þeim, sem hús hefir brunnið fyrir allt að tveim þriðjungum brunabótanna *mót hæfilegu veði*. Þessi orð þykja oss óljós og misskilningi undirorpin bæði eptir dönskunni (*antagelig Sikkerhed*) og eptir ákvörðunum tilsk. 29. febr. 1792 (*har Stiftamtmanden at forsyne sig med antagelig Caution*); því að *veð* er optast skifið svo að eigandinn verði að setja fullgilt veð, t. a. m. jörð, fyrir láninu, en ef eigandinn enga jörð á, sem fæstir munu verða, þá getur svo farið, eptir þessum orðum, að hann aldrei geti reist húsið. En optast mun verða hægt fyrir eigandann, að fá einhvern áreiðanlegan mann, til að ábyrgjast að húsið verði reist, t. a. m. kaupmann, því sá hinn sami getur annazt um húsagjörðina, og verður fús á það þegar hann fær tvo þriðjunga fjárins útborgaða fyrir fram og á vísan síðasta þriðjunginn, þegar húsið er fullgjört. Vèr viljum því breyta þessum orðum: *«hæfilegu veði»* í: *«hæfilegri ábyrgð»*.

7. gr.

Í fyrstu grein frumvarpsins er tómthúseigendum gefinn kostur á að fá ábyrgð fyrir tómthúsum sínum, en þeir geta þó verið lausir ef þeir æskja. Ákvörðun þessi er mjög frjálslyndisleg, enda í alla staði æskileg; en með því þess er hvergi getið í frumvarpinu undir hvern flokkinn þau skuli heyra, að því er snertir brunabóttagjaldið, virðist oss nauðsynlegt að bæta inn í ákvörðun um þetta efni, og finnst oss hún réttast sett í 7. gr. eptir staflíð *c*; þykir oss og sjálfsgagt, að brunabóttagjaldið fyrir þau verði hið sama, og fyrir hús með trépaki eða öðru jafneldfimu efni; því að það virðist rétt, enda þykir oss eigi ástæða til, að gefa tómthúseigendum neina upphvatningu til að halda þeim við, með því að gjöra þeim minna gjald en timburhúsum.

8. gr. viljum vèr halda óbreyttri og sömuleiðis 9. gr., að því einu undanskildu að vèr viljum til skilningsauka á eptir *»4. gr.»* bæta inn í hana: *»síðara kafla»* og eptir *»hinar almennu skoðunargjörðir»* viljum vèr bæta inn í: *»eptir 4. grein fyrri kafla»*.

10. gr.

Samkvæmt þessari grein er dómsmálastjórninni falið að gjöra ýmsar fyrirskipanir um sitt hvað, sem í greininni er nefnt. Við játum það reyndar, að eðlilegast hefði verið, ef dómsmálastjórnin hefði fyrst leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um þessar fyrirskipanir með því hún eigi getur verið svo kunnug öllum högum og ástæðum Reykjavíkur, sem óskandi væri; en á hinn bóginn er dómsmálastjórninni ekki auðið að leita þessa álits bæjarstjórnarinnar, ef ábyrgð húsanna á að byrja 1. dag aprílm. 1864, vèr viljum nú með engu móti fresta útkomu lagaboðsins, sem oss finnst svo mikilsvert, og viljum því að eins áskilja bæjarstjórninni rétt til að bera upp fyrir dómsmálastjórnina uppástungur um breytingar á þessum fyrirskipunum, þegar þær koma, ef henni þá finnst ástæða til þess.

Samkvæmt því sem þegar er sagt viljum vèr ráða hinu heiðr-
aða alþingi til að bera þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir hinn allramildasta konung vorn:

Að hann gjöri »frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða» að lögum með þeim breytingum, sem nú skal greina:

- a, að í 1. gr. verði orðunum „lóð hans“ breytt í „umdæmi bæjarins“.
- b, að í 2. gr. verði orðinu „yfirvaldið“ breytt í: „bæjarstjórnin“.
- c, að í sömu grein verði orðunum „er bæjarmenn leggja til“ breytt í: „er kostuð sè af bæjarsjóði“.
- d, að í 6. grein verði orðin: „er ætlað sè til hins sama“, felld úr.
- e, að í sömu grein verði orðunum: „sama grundvelli“ breytt í: „sömu lóð“.
- f, að enn í sömu grein verði orðunum: „hæfilegu veði“ breytt í. „hæðlegri ábyrgð“.
- g, að í 7. gr. verði bætt inn í eptir staflíð c: „Staflidurinn c nær einnig yfir öll tómthús“.
- h, að í 9. grein verði eptir: „4. gr.“ bætt inn í: „síðari kafla“.
- i, að í sömu grein verði á eptir „skoðunargjörðir“ bætt inn í: „4. gr. fyrri kafla“.

Reykjavík, 15. dag júlím. 1863.

H. Kr. Friðriksson, Jón Pétursson. Jón Guðmundsson.
form. og framsögumaður.

20. júlí — þrettándi fundur.

Rædd til inngangs, undirbúnings og ályktarumræðu eptirfylgjandi mál:

Uppástunga

þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu um rétt íslenzkrar tungu.
(Nefnd sett).

Engi Noregs eða Danakonungur hefir viðurkennt svo og viðreist sérstakt þjóðerni vort, viðurkennt og viðreist rétt lands vors og tungu, eins og hinn há sæli konungur Kristján 8. Ári síðar, en hann endurreisti alþingi með lögum, lét hann út ganga konungsúrskurðinn 8. apr. 1844, er setti þá grundvallarreglu, að engi danskur maður skyldi ná að fá embætti veitt á Íslandi nema hann sann-

aði með áreiðanlegum skýrteinum, að hann sè fær til hlítar í íslenzkri tungu. En alþingi varð það brátt ljóst, að þó að með þessum konungsúrskurði væri sú grunavallarregla sett, að engi sá skyldi upp frá þessu mega skera úr lögum og rétti landsmanna, sem ekki væri fær um bæði að gjöra það á íslenzku máli og jafnframt fær um að skilja kærur og kröfur landsmanna, og þó að 43. gr. í alþingistilsk. ákveði, að engar lagasetningar nè önnur alþjóðleg þingmál skyldi undirbúin til þings nè rædd eður samþykkt á þingi öðruvísi en á íslenzku, þá var skýlausum rétti tungu vorrar og landsmanna yfir höfuð engan veginn borgið með þessu, á meðan lögin sjálf og allar embættisráðstafanir og úrskurðir út gengi einungis á dönsku máli, því þetta mátti til sanns vegar færa um lögin, þó að þeim fylgdi einhver íslenzk þýðing, lengi vel óstaðfest með öllu, og síðan um nokkur ár staðfest einungis að nafninu, þegar ekki var svo mikið, að ráðgjafinn sjálfur gjörði það, sá er hafði á hendi íslenzku málin, heldur embættismaður, sem undir hann var gefinn.

Sú stjórnarráðstöfun, sem gjörðist 1848—1849, þá er hin íslenzka stjórnardeild var stofnsett, fór einnig í sömu stefnu eins og grundvallar-reglan í konungsúrskurði 8. apríl 1844, því eigi að eins æðsta embætti þessarar stjórnardeildar («Directeur embættið») var skipað íslenzkum manni, heldur einnig hið annað embætti («Contoirchefen»), sem því stóð næst; með þessari ráðstöfun og fyrirkomulagi viðurkenndi því vor allramildasti konungur og staðfesti eigi að eins það, að bæði þessi embætti væri *íslenzk* embætti, heldur einnig augljósa nauðsyn þess, að þau væri skipuð íslenzkum mönnum, eða að minnsta kosti þeim mönnum, sem væri færir «til hlítar í íslenzkri tungu», heldur er þar í fólgin landsföðurleg yfirlýsing um, að allir Íslendingar, sem þurfi að leggja mál sín undir úrskurð hans hátignar eður ráðherrastjórnarinnar skuli eiga frjálst að bera þau fram eigi síður þar en fyrir yfirvöldunum hér innan lands, á íslenzku máli.

Alþingi hefir einnig fyr og síðar fundið nauðsyn þess, að við halda fullum rétti íslenzkrar tungu og þeim skýlausum rétti lands vors og þjóðar, sem þar í er fólgin, og hreifði þingið þessu máli 1847, 1849, 1853 og 1855 í sambandi með hinni almennu bæn, um að konungur helgaði og staðfesti með undirskript sinni öll þau lagaboð, er út gengi til Íslands. Bænarskrá alþingis 1849 var hvað skorinorðust um þetta að því er áhræði málið á embættisbréfunum, þar sem heðið var um: «að íslenzka ein yrði heðan af viðhöfð

á öllum embættisbréfum og öllum embættisgjörðum á Íslandi. Aptur dró alþingi 1855 úr samkynja uppástungu, og þingnefndin, sem sett var í málinu, felldi hana niður að öllu, og var það því kynlegra, er bréf þau út gengu ári fyrir 14. júlí og 19. ágúst 1854, frá lögstjórninni til stiptsyfirvaldanna og amtmanna, er lögðu fyrir: »að þeir embættismenn á Íslandi, sem kynni dönsku, skuli rita á dönsku bæði þegar þeir skrifa beinlínis stjórnarráðunum til, og eins þegar þeir segja álit sitt um mál, sem senda á stjórnarráðunum? svo skuli þeir og senda staðfesta útleggingu af þeim álitsskjölum, sem rituð eru á íslenzku, ef þörf er að senda þau til stjórnarinnar.

Vér sjáum það af inngangsumræðunni um málið á alþingi 1855 og skýrslum þeim, er þá komu fram, hversu þröngan og öfugan og jafnvel ranglátan skilning að háyfírvöld vor lögðu í þetta stjórnarbréf til þess að rýra þjóðerni vort sem mest og þröngva rétti tungu vorrar, enda má þar fljótt yfir fara, þar sem verkin sýna svo merkin, eins og hér er orðið. Sá hinn litli rekspölur, sem var farinn að komast á það, að amtmenn og byskup kunngjörðu dönsk bréf og úrskurði stjórnarinnar á íslenzku máli — en það byrjaði út úr því, að Trampe greiði hóf hér stiptsamts-embættisstjórn sína 1850 með því, að hann reit öll innanlands bréf sín á íslenzku, hvort heldur þau höfðu að færa bréf sjálfra stjórnarráðanna eður ekki — sá rekspölur hvarf með öllu, og þó að Trampe haldi að vísu á fram að rita öll sín embættisbréf á íslenzku allt þangað til hann fór hððan 1860, þá fóru hinir íslenzku amtmennirnir að kunngjöra öll stjórnarbréfin á dönsku, og hafa haldið því síðan, og er ekki að undra þó þeir legði það ekki niður með árinu 1860, þegar hinn íslenzki embættismaður, sem þá var falin forstaða stiptamtmanns embættisins og hefir haft hana á hendi síðan, bæði byrjaði þá bráðabyrgðarstjórn sína og hefir síðan aldrei látið frá því skeika, að rita og kunngjöra öll stjórnarbréf á dönsku hverjum, sem í hlut átti, hvort heldur embættismenn áttu í hlut eða að eins hreppstjórar og almúginn í landinu.

Menn skyldi ætla, að æðstu yfírvöld landsins, al-íslenzkir menn hefði heldur látið sér segjast og tekið að sér þessa dönsku nyt, er þeir hafa svo ríkulega flætt, og flóað hefir frá þeim um gjörvallt Ísland, við þá verulegu breytingu, er sjálfur löggjafinn, vor allra-mildasti konungur gjörði hér á 1859, er hann fór sjálfur að staðfesta hin íslenzku lög frumrituð með undirskript sinni, og dönsku

ráðherrarnir fóru jafnframt hver af öðrum að útgefa almennar stjórnar ráðstafanir, úrskurði og auglýsingar til þessa lands á íslenzku máli. Með þessu virðast fyrirskipanirnar í ráðherrabréfunum 14. júlí og 19. ágúst 1854 sviptar allri þýðingu og gildi, þó að þær hefði ekki verið eins heimildarlausar og ástæðulausar eins og þær voru, en hin íslensku háyfírvöld vor hafa verið á annari skoðun, eins og fyr var sýnt og fullkunnugt er, og má sannarlega verða leit á þeim stjórnarskipunum, sem hefir verið framfylgt jafnrækilega og rígbundið sem þessum frá 1854, því háyfírvöldin fara ekki einungis miklu lengra og í alveg öfuga átt við yfirlýstan og augljósan vilja sjálfs löggjafans og ráðherranna í því, að þau eins eptir sem áður skuli leyfa sér að halda þeim óvanda á fram, að auglýsa og rita hér á Íslandi embættisbréf á dönsku, hvort heldur að eru stjórnarúrskurðir eða annað, heldur hafa þau gengið og ganga enn miklu lengra, heldur en sjálf þessi ráðherrabréf 1854 gefa heimild til, er þau heimta af undirmönnum sínum og öðrum, annaðhvort að þeir semji á dönsku eða útleggi á dönsku öll þau álitsskjöl, umkvartanir og bænarskrár, sem til stjórnarinnar kunna að ganga.

Annað atriði er það, er mér virðist eiga náskyld við þetta mál, og það er þetta, hvernig stjórnin í Danmörku er nú farin að láta sér gleymast, og að hafa að engu hið upphaflega skipulag íslenzku stjórnardeildarinnar: að hin æðstu embætti hennar sé jafnan skipuð þeim mönnum, er sé færir til hlítar í íslenzku máli. Eins og stjórnin viðurkenndi þegar í upphafi, að skipun þessara embætta heyrði undir grundvallarregluna í konungsúrskurði 8. apríl 1844, þó að öll lögin og allar almennar stjórnarráðstafanir, sem Ísland snertu út gengi um það leyti einungis á dönsku, eins hlýtur hún miklu fremur að viðurkenna og fast halda hinni sömu grundvallarreglu nú þegar öll lög og allar almennar stjórnarráðstafanir, — en allt þetta og sömuleiðis öll stjórnarfrumvörp og álitismál til alþingis verður auðvitað að undirbúa í þessari stjórnardeild —, þegar allt þetta verður að útganga frá stjórninni á íslenzku eptir nú gildandi lögum. Allt fyrir það hefir nú hið *annað* yfirembætti stjórnardeildarinnar tvívegis hvað eptir annað verið veitt dönskum mönnum, er ekki hafa sannað neina þá hæfilegleika, sem konungsúrskurðir 8. apríl 1844 og 8. febrúar þ. á. áskilja.

Eg leyfi mér því að fela hinu háttvirta alþingi þetta mál til

rækilegrar meðferðar og allrar þeirrar viðrættingar, sem framast er auðið, og riti síðan vorum mildasta konungi bænarskrá í þá stefnu:

1. Að heðan af sè íslenzka viðhöfð, ekki að eins á embættisbréfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbréfum, sem fara á milli íslenzkra manna og stjórnarinnar.
2. Að 2 hin æðstu embætti íslenzku stjórnardeildarinnar, að minnsta kosti, verði að eins veitt þeim dönskum mönnum, sem eru bærir um að sækja um embætti á Íslandi og fá þau veitt, samkvæmt konungsúrskurðum 8. apr. 1844 og 8. febrúar 1863.

Reykjavík 17. júlí 1863.

J. Guðmundsson,

þingmaður Vestur-Skaptafellssýslu.

Uppástunga

frá þingmönnum Reykjavíkur og Vestur-Skaptafellssýslu um samning og prentun jarðabókarinnar með skýringum.

Eins og hinu heiðraða alþingi er kunnugt, er nú nýtt jarðamat á komið hér á landi, sem núverandi og tilvonandi undirstaða undir ýmsum sköttum og skyldum landsmanna, og lét því stjórnin, eins og sjálfsagt var, semja og prenta nýja jarðabók 1861. Ver ætlum oss nú ekki, að tala um ágæti jarðamatsins, en hitt þykir oss ljóst, að þessi nýja jarðabók, sem stjórnin lét prenta, er eigi svo úr garði gjörð sem óskandi væri, eða viðunandi sè, þar sem frá engu er í henni skýrt, sem hver sú jarðabók önnur, er samin hefir verið að tilhlutun hins opinbera, hefir haft; því hér er frá engu skýrt nema heiti jarðanna og hundraðatölu, en engar skýringar verða af henni fengnar um neitt annað, t. a. m. hvers eign jörðin sè, kúgildatölu, afgjald að upphæð og áskildum gjaldaorum, hversu mikið af afgjaldinu gangi til annara heldur en eigandans, t. d. prestsmata, bænústollur, kvaðir, ískyldur o. fl., hver í-tök jörðin eigi o. s. frv., en um allt þetta finnast þó áreiðanlegar upplýsingar, sumpart í sjálfu frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar til jarðabókarinnar, en sumpart í jarðamatsbókunum. Með því nú þetta allt vantar í þessa stjórnar jarðabók, þá er hún lítilsvirði, eins og hún er, og ekki svo mikið að hún sè áreiðanleg leiðbeining fyrir heimtendur opinberra gjalda, sem nú hvíla á fasteignum að lögum, sak-

ir þess að svo margar fasteignir eru undanþegnar þeim gjöldum, en um það hefir jarðabókin alls ekkert, og eru því landsbúar því nær jafnnær eptir sem áður, að sannri og fullri þekkingu á jarðeignunum afrakstri þeirra, réttindum og álögum.

Okkur virðist því ljóst, að nauðsyn beri til að bæta úr þessum göllum sem fyrst og það því fremur sem jarðamat það, sem bókin hefir er þó ekki öðruvísi löggilt en sem *bráðabyrgðar mat* um næstu 20 ár, og ætti því jarðabókin að vera með svo viðunanlegum frágangi, að einnig gæti hún leiðbeint mönnum til röksamlegra uppástunga til þeirra leiðréttinga á matinu, sem löggjöfin gjörir kost á, þess vegna finnst oss brýn nauðsyn bera til, að sam-in væri og prentuð önnur jarðabók, þar sem skýrt væri frá öllum hinum helztu atriðum, er mættu verða til skýringar um ásigkomulag jarðanna, eptir því sem að framan er frá skýrt, og hefir okkur komið til hugar, að gefa kost á okkur til að takast þetta verk á hendur. En þetta verk er svo vandamikið, og svo miklum kostnaði bundið, að við treystumst eigi til þess án töluverðs styrks, og auk þess ætti bókin að geta orðið sem ódýrust, svo að öllum almenningi eigi væri um megn að kaupa hana. Þessi nýja jarðabók hlyti að verða töluvert stærri, en jarðabók stjórnarinnar, eptir því sem við höfum hugsað okkur hana, og bent er til að framan; enda þótt við getum nú eigi ákveðið hversu miklu stærri hún yrði. Auk þess yrði það allmikið verk, að búa hana undir prentun, með því fyrirkomulagi, sem nægilegt væri, og þyrfti til þess allmikinn kostnað og tíma, og ímyndum vör okkur, að til þess gengi tvö ár, enda mætti hún þá líka vera undirbúin og að mestu prentuð á þeim árum ef fê fengist til þess.

Við þetta er þó athugandi að allar matsbækurnar og öll skjöl sem þeim fylgja hafa verið sendar stjórninni í Kaupmannahöfn og mun allt þetta liggja þar, en öll þau skjöl yrðum vör að fá undir hendur til afnotkunar við samninginn, enda virðist það sjálfsagt, að þessi skjöl öll ættu að vera við skjalasafn alþingis; því einatt þurfa menn að leita sér skýringar og upplýsinga um ýmsar jarðir í þessum skjölum en geta eigi fengið, meðan þau eru svona í útlöndum.

Við leyfum okkur því að bera þá uppástungu fram fyrir hið heiðraða þing, að það allraþegnsamlegast beiðist þess:

- 1, Að jarðamatsbækurnar 1849—50 ásamt öllum þeim skjölum, sem þeim fylgja, verði sendar aptur hingað til lands þegar í haust og verði framvegis geymdar við skjalasafn alþingis.

- 2, Að okkur verði veittir 400 rd. á ári í 2 ár til að undirbúa undir prentun nýja jarðabók með öllum vanalegum skýrslum og upplýsingum, sem opinberar jarðabækur þessa lands hafa haft að undanfögnu, og sem þetta nýja jarðamat sérstaklega útheimtir.

Reykjavík, 16. dag júlímán. 1863.

H. Kr. Friðriksson, Jón Guðmundsson,
þingm. Reykvikínga. þingm. Skaptfellinga og fyr verandi
meðlimur jarðamatsnefndarinnar í R.vík.

Samþykkt að vísa málinu forseta veginn til stjórnarinnar.

Nefndarálit

í málinu um auglýsing konunglegra frumvarpa. (Sbr. bls. 91).

Þingmaður Suðurþingeyinga bar upp fyrir alþingi þetta uppástungu nokkra frá héraðsfundi þingeyinga, sem haldinn var 26. dag maím. í vor, er fer fram á það:

Að þingið þegnsamlegast biðji, að öll konungleg frumvörp verði eptirleiðis send hingað til landsins til auglýsingar í stjórnarblaðinu Þjóðólfi; í hið minnsta svo snemma, að þau geti orðið kunnug öllum landslýð, missiri áður en alþingismenn ríða úr hærðum á það þing sem þau eiga að ræðast á.

Þingið kaus oss, sem hér ritum nöfn vor undir í nefnd, og fól oss að íhuga málefni þetta, og kveða upp um það álit vort. Vær höfum og íhugað mál þetta mjög vandlega, og leyfum oss nú að kveða upp fyrir hinu heiðraða þingi skoðun vora, svo sem nú skal greina.

Vær játum það í alla staði rétt að vera, að mjög væri það æskilegt, ef hin konunglegu frumvörp gætu orðið þingmönnum kunn, áður en þeir koma á þing, svo að þeir gætu íhugað þau, og velt þeim fyrir sér áður, og því æskilegra væri það, að frumvörp þessi yrði öllum landslýð kunn svo snemma, að fulltrúarnir gæti rætt þau með kjósendum sínum, t. a. m. á héraðsfundum, sem nú eru einatt haldnir á vorum. Með því móti verðum vèr að ætla, að ræður og skoðanir þingmanna um þessi frumvörp yrðu að fá fastari stefnu, en þær nú hafa, og breytingarnar, sem á þeim yrðu, sjálfum sér samkvæmari, því að eigi verður því neitað, að hingað til

hefir því einatt brugðið fyrir, að þingið hefir tekið ýmsar ákvarðanir upp í frumvörp þau, sem stjórnin hefir fyrir það lagt, sem eigi hafa átt sem bezt við aðrar ákvarðanir frumvarpsins eða stefnu þess yfir höfuð, og er það næsta eðlilegt; því að þegar mörg breytingaratkvæði eru borin upp við umfangsmikið lagafrumvarp, þá gefst þingmönnum alls eigi nógur tími til að íhuga þau í samhengi hvort við annað, eða frumvarpið í heild sinni. En hversu æskilegt sem það er, að frumvörpin verði þingmönnum kunn, áður en þeir koma á þing, verður þó með engu móti neinn tími fast-ákveðinn, hve nær stjórnin skuli vera búin með þau, og einkum yrði það næsta ósanngjarnt og ótilhlýðilegt, að heiðast þess, að stjórnin væri búin með öll frumvörp sín, og hefði auglýst þau, að minnsta kosti heilu missiri áður, en þingmenn riðu að heiman til þings, og þá ósk gæti stjórnin með engu móti ífylt; henni væri þá fyrirmunað, að leggja frumvarp um nokkurt mál fyrir þingið, sem henni gæti borizt meir en helming ársins næsta á undan þinginu, og sem þó væri nauðsynlegt eða gagnlegt að leggja fyrir þingið til álita. En hitt virðist oss eðlileg ósk, að stjórnin færi svo tímanlega að hugsa um tilbúning þeirra frumvarpa, sem hún hefir ákveðið að leggja fyrir næsta þing, að þau gætu borizt hingað svo snemma, að þau yrðu þingmönnum kunn, áður en þeir riðu að heiman til alþingis næsta á eptir, og að þau þá kæmu, [til að mynda, með gufuskipinu í marzmánuði. Þegar í bænarskránni er ætlazt til, að frumvörp þessi verði auglýst í stjórnarblaðinu »Þjóðólfi«, þá sjáum vör enga ástæðu til þess, að þau verði fremur prentuð í honum heldur en í öðrum íslenskum blöðum; oss finnst og það óeðlilegt, að binda auglýsingu þeirra við nokkurt einstakt blað; það væri sjálfsagt réttast, að frumvörpin væru send amtmönnum til útbýtingar meðal alþingismanna og helztu amtsbúa, t. a. m. hreppstjóra, og þeir auk þess sæju um, að þau yrðu prentuð í íslenskum blöðum, sem þeim þætti hentast hverjum í sínu amti.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfum vör oss að stinga upp á því við hið heiðraða alþingi, að það beri fram þá allraþegnsamlegustu bæn fyrir konung vörn:

»Að hann mildilegast vilji bjóða stjórn sinni, að frumvörp þau, sem leggja á fyrir alþingi, verði send svo snemma hingað til landsins og auglýst að þau verði almenningi

kunn, að minnsta kosti áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir.

Reykjavík 16. dag júlí 1863.

H. G. Thorðersen, *H. Kr. Friðriksson,*
(formaður) (framsögumaður).

B. Sveinsson.

Atkvæðaskrá

í málinu um konunglegt frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða (sbr. bls. 41).

Að hann (konungurinn) gjöri «frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða» að lögum með þeim breytingum, sem nú skal greina:

- a*, að í 1. gr. verði orðunum «á lóð hans» breytt í: «í umdæmi bæjarins» (samþykkt í einu hljóði).
- b*, að í 2. gr. verði orðinu: «yfirvaldið» breytt í: «bæjarstjórnin» (samþykkt í einu hljóði).
- c*, að í sömu grein verði orðunum «er bæjarmenn leggja til» breytt í: «er kostuð sð af bæjarvóði» (samþykkt í einu hljóði).
- d*, að í 6. gr. verði orðin: «er ætlað sð til hins sama» felld úr (samþykkt í einu hljóði).
- e*, að í sömu grein verði orðunum: «sama grundvelli» breytt í: «sömu lóð» (samþykkt í einu hljóði).
- f*, að enn í sömu grein verði orðunum: «hæflegu veði» breytt í: «hæflegri ábyrgð» (samþykkt í einu hljóði).
- g*, að í 7. gr. verði bætt inn í eptir staflíð *c*: «Staflíðurinn c nær einnig yfir öll tómthús» (samþykkt í einu hljóði).
- h*, að í 9. gr. verði eptir: «4. gr.» bætt inn í: «síðari kafla» (samþykkt í einu hljóði).
- i*, að í sömu grein verði á eptir: «skoðunargjörðir» bætt inn í: «4. gr. fyrri kafla» (samþykkt í einu hljóði).

Síðan var stjórnarfrumvarpið með áorðnum breytingum í heild sinni og bænarskrá til konungs samþykkt í einu hljóði.

Atkvæðaskrá

í málinu um þingstað að Bæ í Lóni.

Niðurlagsatriði nefndarinnar á bls. 133, og að rita konungi bænarskrá (samþykkt í einu hljóði).

22. júlí — fjórtándi fundur.**Bænarskrá**

frá Mýrasýslu um kauplún á Krossvík á Akranesi.

Það er kunnugra en frá því að segja, hvað erfitt vèr innbúar efri hluta Mýrasýslu höfum átt að undanfögnu með alla aðdrætti vora og kaupverzlun, með því vèr höfum orðið að sækja allt þess konar suður í Reykjavík, sem liggur hér um bil 10 til 12 mílur frá heimilum vorum, — og annaðhvort orðið að fara yfir fjallvegi, sem eru lítt færir nema um hásumarið, eður að öðrum kosti út á Akranes, og kaupa þaðan sjóflutning með ærnum tilkostnaði, og einatt hefir borið við — og síðast á næstliðnu hausti — að af sjóferðum þessum hefir hlotizt ærið manntjón, auk þess kostnaðar, sem flýtur af því, að þurfa opt og tíðum að bíða þar og í Reykjavík, vegna veðurs, svo vikum skiptir. Oss virðist því ærin þörf á að fá verzlunarstað nær oss, og það hyggjum vèr vera hentugast á Krossvík á Akranesi, úr því það fékkst ekki á Brákarpólli.

Það mætti nú ætla, að réttarbótin frá 19. janúar 1863 um löggilding Straumfjarðar hefði að nokkrú leyti bætt úr þessum þörfum vorum, en þessu er ekki þannig háttað. Það eru fæstir úr efri hluta Mýrasýslu sem hafa not af því að reka verzlun á Straumfirði, yfir svo langan og illan veg, og 2 vonzku-ár yfir að sækja. Það mun líka eiga sèr langt í land, að verzlun þar komist í þann blóma, að hún geti orðið öðrum en þeim, sem búa í nær-sveitunum, að liði.

Tilknúðir af þessum ástæðum, hefir oss, er hér undir ritum nöfn vor, hugkvæmzt, að biðja hið heiðraða alþing að fram bera þá allraþegnsamlegustu bæn vora fyrir hans há-

tign konunginn, að Krossvík á Akranesi verði sem allra-
fyrst gjörð að kaптúni eða verzlunarstað.

Ritað í Mýrasýslu, 20. júní 1863.

59 nöfn.

Vísað til nefndarinnar í málinu um kaupstað á Skipaskaga.

Bænarskrá

frá ekkju landlæknis Jóns Thorstensens um, að aukin verð eptir-
laun hennar. (Nefnd sett).

Eins og mörgum hinum heiðruðu alþingismönnum mun kunn-
ugt, er eg undirskrifuð, ekkja eptir landlækni doctor og jústizráð
Jón sál. Thorstensen búin í þau 8 ár, sem liðin eru síðan hann
deyði, að lifa við þá kosti, að eg um árið í ekkju-eptirlaun hefi haft
að eins 160 ríkisdali.

Að vísu hafði maður minn sálugi lagt til ekkjusjóðs, svo eg
þaðan fæ 120 ríkisdali um árið.

Með þessu hefi eg í mörg ár átt að standa straum af tveim-
ur sonum við háskólann í Kaupmannahöfn og 1 dóttur heima.

Eg vona að allir góðir og sanngjarnir menn verði að játa, að
hèr þurfti ekki óspilunarsemi til, til þess að neyðast til, að lóga
því litla, er maður minn sálugi eptir 36 ára dyggustu þjónustu í
embætti sínu, með sárlitlum launum, hafði aflað, enda er sú reyndin
að það er brúkað, og eg orðin skuldug að auki. Stjórnarinnar hefi
eg leitað í auðmjúkum bænarskrám, en það hefir hingað til kom-
ið fyrir ekki, og af því að nú ber bráð nauðsyn til, og eg þarf
fljótrar hjálpar við, vona eg að engin geti láð mér, þó eg snúi
mér til hins háttvirta alþingis og biðji það um að láta mér í tæ
sína kröptugu aðstoð til þess, að eg fái að minnsta kosti 200 rd.
viðbót við eptirlaun þau, sem eg nú hefi, og að viðbót þessi megi
reiknast frá 1. aprílm. þ. á.

Reykjavík, 20. júlí 1863.

Með virðingu

E. Thorstensen.

4 dönsk lagaboð

útlögð á íslenzku. (Nefnd sett).

Lög

um ýmsar breytingar í þeim lögum sem nú eru í gildi um leiðarbréf.

Vér Friðrik hinn sjöundi o. s. frv.

Ríkisdagurinn hefir aðhyllzt og vér með samþykki voru staðfest lög þau sem hér eru.

1. gr.

Lagaskylda sú, sem hingað til hefir legið á útlendum mönn-um að hafa bæði þegar þeir koma hingað til lands, og eins þegar þeir ætla að ferðast um kring í landinu leiðarbréf, skal hér eptir vera úr lögum numin fyrir þá, sem eiga heima í Svíaríki, Norvegi og í Stórbritaníu.

2. gr.

Þegar önnur útlend ríki veita dönskum þegnum aðgöngu, án þess að heimta af þeim, að þeir skuli vera útbúnir með leiðarbréf, getur konungur, hvað þá menn snertir, sem eiga heima í þessum ríkjum, veitt þeim sömu undanþágu frá því að vera útbúnum með vegabréf þegar þeir koma hingað til lands, eða ætla að ferðast um kring í landinu. Það sem í þessu efni er þörf á, sè birt almenn- ingi með opinherri auglýsingu.

3. gr.

Sú skylda, sem legið hefir á innlendum að taka leiðarbréf til utanríkisferða, fellur í burtu.

4. gr.

Samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gefnar eru í greinunum hér að ofan, eru úr lögum numdar þær ákvarðanir, sem í vissum tilfellum leggja hegningu við því, að flytja úr landi þá menn sem ekki hafa leiðarbréf.

5. gr.

Opið bréf frá 23. okt. 1835, sem inniheldur bann gegn því, að danskir handverksmenn á ferðalagi þeirra utanlands, heimsæki eða dvelji í þeim löndum og borgum, þar sem félög handverksmanna og samkomur eru liðnar, er úr lögum numið.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefð í höll vorri Kristjánsborg þann 12. febrúar 1862.

Undir vorri hendi og innsigli.

Friðrik R.

Lög

um breytingu á kaupverzlunar viktinni í konungsríkinu Danmörku.

Vér Friðrik hinn sjöundi o. s. frv.

gjörum kunnugt. Ríkisdagurinn hefir aðhyllzt, og vér með samþykki voru staðfest þau lög, sem hér segir.

1. gr.

Einingin fyrir þá almennu kauphöndlunarvikt, er eitt pund, sem eins og hingað til er 500 frönsk Gramma.

2. gr.

Hundrað pund gjöra eitt Centner.

3. gr.

Pundið skiptist í 100 Qvinter, hver kvint í 10 ort, minni vikt-ir ákveðast í tugabrotum úr ort.

4. gr.

Undir eins og þessi lög hafa fengið lagagildi, þá löggildast einungis þess konar lóð til brúkunar, sem verzlunarvikt, er heyra undir tugabrotakerfið, það er að skilja þess konar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5 og 2 og 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 Qvint., 5, 2, 1 ort og tugabrot úr ort, svo og pundara, sem eru markaðir eptir sama viktarkerfi (System), þó má eptirleiðis og þangað til konungur gjörir aðra ráðstöfun, jafnframt löggilda þau viktarlóð sem vega $\frac{1}{4}$ $\frac{1}{8}$ $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi.

5. gr.

Frá sama tíma má ekki viðhafa sem verzlunarvikt önnur vikt-arlóð og pundara, en tilgreindir eru í 4. gr.; þó skal það leyft þangað til konungur gjörir aðra skipun þar á, að viðhafa þá nú löggiltu pundara, sem og þau viktarlóð, er vega 160, 80, 64, 32, 16 pund 8 og 4 pund. Meðan það er leyft að brúka viktarlóð þau og pundara, sem að ofan greinir, má einnig löggilda þau að nýju.

6. gr.

Innanríkisráðherrann skal hafa heimild til, þegar svo stendur á, að það er jafnhliða, að leyfa, að þau viktarlóð, sem á lögboðinn hátt eru löggilt í öðrum landshlutum, og samkvæm þeim, sem ræðir um í þessum lögum, sæu brúkuð í viðskiptum manna á milli í konungsríkinu.

7. gr.

Stjórnin hafí heimild til að fella úr gildi þau önnur viktarkerfi, sem nú eiga sér stað í konungsríkinu, og í þeirra stað að

innleiða verzlunarviktina, svo og að gefa tugabrotunum úr ort sérstakleg nöfn, þegar það virðist nauðsynlegt.

8. gr.

Þessi lög fá löggildi þann

Hér eptir eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið í höll vorri Kristjánsborg, 19. febr. 1861.

Friðrik R.

Lög

sem innihalda

breytingu í tilskipun frá 26. marz 1845.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Ríkisdagurinn hefir aðhyllzt og vèr með voru samþykki staðfest, lagaboð það, sem hér greinir:

Ákvarðanir þær, sem eru í tilskipun frá 26. marz 1845 13. gr. og snerta helgihald páskavikunnar, eru úr lögum numdar, þó þannig, að ákvörðun sú, sem gefin er í þeirri tilvitnuðu grein tilskipunarinnar, áhrærandi fyrsta daginn í þeim þremur stórhátíðum, skal gilda um skírdag og föstudaginn langa.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á sloti voru Friðriksborg hinn 29. desember 1862.

Friðrik R.

Lög

um nokkrar breytingar í reglugjörð frá 24. október 1857 17. og 18. gr.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o. s. frv.

Gjörum kunnugt: Að ríkisdagurinn hefir aðhyllzt og vèr með samþykki voru staðfest það lagaboð, sem eptir fylgir:

1. gr.

Áður en nokkur ákvörðun er tekin um eitthvert það málefni, sem með reglugjörðinni frá 24. október 1851, eða með annari sérstaklegri reglugjörð er lagt undir úrslit bæjarfulltrúanna, á að ræða málið á sameiginlegum fundi af bæjarfógeta og bæjarfulltrúunum. Óski bæjarfógeti á slíkum fundi eða að minnsta kosti fjórði hluti bæjarfulltrúanna sem eru á fundinum þess, að málinu sè skotið á frest, á að taka málið fyrir aptur á nýjum fundi. Verði bæjarfógeti, þegar atkvæði eru greidd, ekki í meiri hlutanum, ber þó að álíta það, sem tveir þriðjungar fundarmanna, og sem að

minnsta kosti þurfa að vera þrír fjórðu partar af bæjarstjórninni í heild sinni, aðhyllast, ályktun bæjarstjórnarinnar. Sèu í því síðar-nefnda tilfelli ekki tveir þriðjungar, en þó meiri hlutinn á því, að tekin sè sú eða sú ályktun, má hún berast undir hlutaðeigandi stjórnarherra til hans úrlausnar.

Sèu jöfn atkvæði báðumegin, ber að álíta það fyrir ályktun meiri hlutans, sem bæjarfógetinn hefir aðhyllzt.

2. gr.

Finni bæjarfógeti, að sú ályktun sem tekin er, fari út fyrir þann myndugleika, sem bæjarstjórninni er veittur, eða að hún á annan hátt sè gagnstæð lögum, eða hún lúti að ráðstöfun, sem sveitinni sè til tjóns, eða hún fari því fram, að synja um uppfyllingu einhverrar skyldu, sem á sveitinni liggur, getur hann með yfirlýsingu í gjörðabókinni tálmað framkvæmd slíkrar ráðstöfunar, en þá á hann svo fljótt þar á eptir, sem kostur er á, að senda hlutaðeigandi stjórnarherra skýrslu um málið, og hann ræður því þá til lykta. Eptirrit af skýrslunni sè um leið sent bæjarstjórninni.

3. gr.

Þegar álit á að gefa um eitthvert málefni, sem snertir hagsmuni kaupstaðarins, á bæjarfógeti ætíð að taka það til yfirvegunar með bæjarfulltrúunum, og ásamt þeim að gefa álit það, sem um er beðið.

Minni hlutinn á heimtu á því, að ágreiningsálit hans sè tekið inn í álitsskjalið.

4. gr.

Fundur bæjarstjórnarinnar í heild sinni sèu haldnir í heyranda hljóði. Í byrjun hvers árs sè bæjarins innbúum auglýst, hvenær og hvar þeir venjulegu fundir verði haldnir. Einstök mál geta þó tekizt fyrir að luktum dyrum, þegar bæjarfógeti og formaður eru um það á einu máli.

Hér eptir eiga allir hlutaðeigendur sèr að hegða.

Gefið á Fredensborg, d. 23. jan 1863.

Undir vorri konunglegri hendi og innsigli.

Friðrik R.

Nefndarálit

í málinu um að gjöra Skutulsfjarðareyrar verzlunarstað að lögsagnarumdæmi sér.

Eftir beiðni fulltrúa Ísfrðinga, herra archivsecretera Jóns Sigurðssonar, í bréfi hans 9. júní þ. á., bar þingmaður Reykvíkinga fram á þessu alþingi bænarskrá frá íbúum Ísafjarðar verzlunarstaðar, að verzlunarstaður þessi mætti verða aðskilinn að allri sveitarstjórn frá Eyrarhrepp og fá kaupstaðarréttindi.

Þingið tók bænarskrá þessa til meðferðar og kaus oss þrjá, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, og fól oss að íhuga málið og kveða upp um það álit vort, og verður það svo sem nú skal greina.

Með bænarskrá þeirri, sem hér ræðir um, voru sex fylgiskjöl, og má af þeim sjá:

1. að 32 sveitarbúar og íbúar verzlunarstaðarins hafa átt fund með sér 29. dag októbermán. og 3. dag nóvemberm. í fyrra og rætt þar þenna aðskilnað á sveitinni og verzlunarstaðnum, og orðið á eitt mál sáttir í þessu efni.
2. að útgjöld hreppsins alls hafa árin 1856—1861 að meðaltali verið á ári fullar 82 vættir, og að bændur sveitarinnar hafa að meðaltali galdið á ári hverju 39 vættir 8 fjórð., en íbúar verzlunarstaðarins 40 vættir og 20 fiska.
3. að við árslok 1861 voru í öllum Eyrarhrepp 519 manns, og af þeim 305 í hreppnum, en 214 á verzlunarstaðnum; býli verzlunarstaðarins eru 36, en í hreppnum munu þau vera 25 eða 26.

Af þessu yfirliti má sjá, að íbúar verzlunarstaðarins eru orðnir svo margir, að það virðist hljóta að vera ljóst, að þarfir þeirra í ýmsum efnum muni vera allt aðrar, fleiri og margbreyttari, en þarfir sveitarbúa, og virðist það þá liggja í augum uppi, að eigi væri það réttlát krafa, að fullir 2 fimmtu hlutar sveitarfélagsins skulu skyldir að lúta í öllu hinum þremur fimmtungum, og það sér beint í óhag, enda hafa og sveitarbúar játað þetta, þar sem þeir hafa samþykkt aðskilnaðinn. Það er kunnugt, að þilskipaveiðar Ísfrðinga hafa aukizt allmikið á hinum síðari árum, einkum síðan 1850, og er meginíð af þilskipa-eigendum þessum búsettir á Ísafjarðar verzlunarstað. Með þessu hefir og verzlun á Ísafirði aukizt allmikið, bæði við útlenda menn og hendlenda, og iðnaðarmenn dregizt þangað eigi allfáir. Af þessu leiðir þá beint, að þarfir þeirra verða margbreyttari en sveitarbúa og sérstaklegar; en úr

þörfum þessum getur enginn vonast að þeir geti fengið bætt nema með lögbundnum álögum; en í þeim álögum verður eigi heimtað að sveitarbúar taki neinn þátt. Lóð sú, sem verzlunarstaðurinn stendur á og í daglegu tali er kölluð Tanginn og konungur gaf til kaupstaðarstæðis, er eitthvert hið fegursta kaupstaðarstæði, og enda þótt það sé eigi svo stórt nú sem stendur, að bærinn geti orðið stór, með því það er að eins 400,725 ferhyrningsálnir, þá getur hann aukizt næsta mjög enn, án þess brestur verði á húsastæðum, enda er þar svo háttað, að byggingarsvæði má auka allt að því til helminga, með því að fylla upp, einkum þeim megin, sem að höfninni veit, og það er þar hægra en á nokkrum öðrum verzlunarstað, sem vör þekkjum til, með því grjótlutningur allur yrði þar á vetrum að tiltölu mjög hægur, ofan bratta fjallshlíð og á ísi yfir þvera höfnina. Það er auðvitað, að til slíkra stórvirkja þyrfti felið talsvert; en það er líka auðsætt, að kaupstaðarbúar geta engu áleiðis komið, hvorki í því efni né öðrum, sem að fjárútlátum lúta, meðan þeir eru bundnir við aðra hreppsþúa, og hafa eigi lögakveðna oddvita, er sjái um þarfir félagsmanna sinna og gangist fyrir öllum þeim framkvæmdum og fyrirtækjum, sem verzlunarstaðnum megi til framfara og eflingar verða. Með því nú að hreppsþúar hafa lagt samþykki sitt á aðskilnaðinn, með því að öllum sveitarþýngslum sé skipt til helminga millum hreppsins og verzlunarstaðarins, sem í alla staði er rétt hlutfall, getum vör ekkert séð aðskilnaðinum til tálmunar, og er hann líka nauðsynlegur verzlunarstaðnum til eflingar, og getum vör því eigi annað en kröptuglega mælt fram með því, að verzlunarstaðurinn verði umdæmi sér og fái kaupstaðarréttindi. Það vill og svo vel til, að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, er sjálfsagt ætti að vera bæjarfógeti í hinum tilvonandi kaupstað þar, hann er búsettur í verzlunarstaðnum, enda skyldur til þess, og hvergi betur settur í allri sýslunni.

Hið eina atriði, sem oss þykir vanta nægilega skýrslu um, er það, hver takmörkin eigi að vera millum kaupstaðarins og hreppsins, og það sést eigi á þeim skjölum, sem oss eru í hendur fengin um þetta mál, að um það atriði sé nokkur samþykkt milli hreppsþúa og íbúa verzlunarstaðarins, en hitt þykjast vör sjá í hendi, og einkum á bréfi fjöggra íbúa verzlunarstaðarins til herra Jóns Sigurðssonar í Kaupmannahöfn, fulltrúa Ísfirðinga, dags. 28. dag febrúarm. í vetur, að gengið hefir verið út frá því, sem sjálfsögðu, að umdæmi bæjarins næði upp að túninu á prestssetrinu Eyri.

Svo er mál með vexti, að efri hluti eyrarinnar, sem upp að fjallshliðinni fyrir ofan veit, er tún prestssetursins þvers yfir eyrina, og er garður hlaðinn í kringum það allt; en prestsetrinu heyrir og nokkur lóð fyrir neðan garðinn; og vitum vèr til að kaupmönnum sumum, sem þar hafa verið, hefir þótt vafi á, hvar landamærin væru, en öll sú lóð, hvort hún er heldur meiri eða minni, er nú sem stendur, að landsnytjum til, einskis verð; með því svo má að orði kveða, sem það sè mól ein, þó sumt sè með nokkrum grastóm. Á þessu svæði eyrarinnar eru nú þegar reist að minnsta kosti 2 eða 3 íbúðarhús, sem sjálfsagt ættu að fylgja kaupstaðarumdæminu, eins og ætlazt er til í áður áminnztu bréfi. Oss finnst reyndar, að eðlilegast væri, að öll eyrin væri innan umdæmis kaupstaðarins, og því prestssetrið líka; en viljum þó eigi halda því fram í þetta skipti, og þykir oss óþarft að kveða á um það nú, með því vèr þykkjumst sjá fram á, að stjórnin geti eigi ráðið málinu til lykta, án þess að bera það undir alþingi að nýju, og getum eigi heldur óskað að hún gjöri það. En hvort sem prestssetrið er látið fylgja kaupstaðnum eða hreppnum, þykir oss sjálfsagt, að sá hluti prestssetursins, sem fyrir neðan túngarðinn er, verði látinn fylgja kaupstaðnum, því bæði er þar gott og stórt húsastæði og prestssetrið þarf einskis í að missa fyrir það, því að það virðist svo sem sjálfsagt, að kaupstaðarhúar verði að kaupa það svæði gegn hæfilegu árlegu eptirgjaldi til prestsins; og þótt hann fengi alla húsatolla af því svæði, geta þau eins fyrir það heyrt að öðru leyti til kaupstaðarins.

Þegar í bænarskránni er loksins beðið um það, að fyrirkomulag bæjarstjórnarinnar og rekstri bæjarmálefna verði hagað á líkan hátt, sem gjört er í reglugjörð 29. ágúst 1862 fyrir Akureyrar-kaupstað, þó með hliðsjón af þeim mismunandi örðugleik á báðum stöðum í því fljótlega að ná amtmannsúrskurði, þá getum vèr eigi lagt það til, að stjórnin löggildi þessa reglugjörð fyrir Ísafjörð með þeim breytingum, sem henni kynni að þykja nauðsynlegt, án þess að leggja hana fyrir alþingi áður til álita, enda mundi hún alls eigi vera fánleg til þess, og það væri alls eigi samkvæmt alþingistilskipuninni; því að auk annars yrði með öllu nauðsynlegt að breyta í ýmsu ákvörðunum þeim, sem í henni eru um afskipti amtmannsins af bæjarstjórninni, með því að amtmaður Vestfirðinga býr nú og mun optast húa í svo miklum fjarka frá Ísafriði, að eigi væri ávalt auðið, að ná samþykki hans í tæka tíð, nema með afar-

kostnaði; vér getum því eigi ráðið þinginu til annars, en að biðja stjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til reglugjörðar um bæjarstjórn á Ísafirði. En jafnframt því frumvarpi verður og nauðsyn á, að lagt sé fyrir þingið frumvarp til lagaboðs um byggingarnefnd þar, því að enn er þar engin byggingarnefnd og engar reglur settar, svo vér vitum, um það efni, enda erum vér hræddir um, að húsakipun sé þar eigi sem haganlegust eða eptir neinu föstu ráði.

Samkvæmt því, sem vér þegar höfum sagt, viljum vér ráða hinu heiðraða alþingi, að það riti vorum allramildasta konungi bænarskrá þess efnis, að honum allramildlegast mætti þóknast:

1. Að greina sem allra fyrst Ísafjarðar verzlunarstað frá Eyrarhrepp, og gjöra hann að lögsagnarumdæmi sér og veita honum kaupstaðarréttindi.
2. Að fyrir næsta alþingi verði lagt til ihugunar frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna þar, og sömuleiðis
3. frumvarp til lagaboðs um stofnun byggingarnefndar í kaupstaðnum og reglur fyrir húsagjörð og húsaskipun þar.

Reykjavík 18. júlí 1863.

H. Kr. Friðriksson, Á. Einarsson. Benidikt Þórðarson.
(form. og framsögum).

Nefndarálit

um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna.

Hið heiðraða þing hefir falið oss á hendur að ihuga og segja álit vort um bænarskrá þá, er þinginu hefir verið send frá fundi nokkrum í Múlasýslu, og sem fer því fram, að þingið biðji konung vorn, að hann allramildlegast vilji gjöra þá breytingu á allrahæstum úrskurði 17. maí 1862, að stiptsyfirvöldin megi skikka á þau brauð hér á landi, sem metin eru 5—18 rd. og enginn sækir um, hvern þann íslenskan kandiðat í guðfræði, sem hér eru, nema laudabilista frá háskólanum, en hver sá, sem það brauð tekur og þjónar 3—5 ár, skuli hafa forgangsrétt til allra meðalbrauða hér á landi fyrir öllum öðrum, sem um það brauð sækja, og ekki hafa verið skikkaðir.

Bænarskrá þessi er byggð á því, að skikkunarvaldið sé mjög óvinsælt, og eins áður áminntur konungsúrskurður bæði sökum

Þess, að eptir honum verði að eins skikkaðir kándídatar frá presta-skólanum en ekki kándídatar frá háskólanum, og að hann þannig gjöri óviðurkvæmilegan mismun í nefndu tilliti á þessum mönnum, og líka vegna þess, að hann sè of ónákvæmur og óákveðinn, bæði að því leyti, að hann eigi til taki, í hver brauð skikka megí, og eins eigi heldur, hve lengi þeir, sem skikkaðir eru, skuli þjóna þar, áður en þeir fái önnur betri brauð, og ætlaar bænarskráin sèr að bæta úr þessu hvorutveggja, með því á einn bóginn að út þenja þetta óvinsæla og óeðlilega vald stiptsyfirvaldanna enn meir, svo að það einnig náí til flestra kándídata frá háskólanum, og á hina síðuna með því að gjöra úrskurðinn meira ákveðinn og nákvæmari en hann er.

Þegar vèr nú skulum segja frá álití voru um þessa bænarskrá, þá er það að vísu svo, að vèr getum eigi álitíð annað, en að á-minnztur úrskurður sè til niðurdreps fyrir prestaskólann, þessa inn-lendu stofnun vora, því meðal annars virðist oss það auðsætt, að flestir þeir, er ætla sèr að verða prestar, muni heldur velja þann kostinn, þegar þeir koma úr latínuskólanum, og sem annars vilja verða prestar, að skreppa út fyrir landsteinana, til að umflýja á-síðan skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, og þarf eigi fèskortur að fæla frá því; því gangi þeir á prestaskólann og vilji eigi undirkastra sig skikkunarvaldi stiptsyfirvaldanna, fá þeir engan styrk, en sigli þeir, fá þeir hann nægan í hið minnsta þangað til þeir geta lokið sèr af með lókustu einkunn. Í annann stað virðist oss úrskurðurinn miður sanngjarn gegn prestaskólanum og þeim, sem á honum læra; vèr getum ekki skilið, hvað getur réttlætt það, að vilja ekkert liðsinna þeim, er á hann ganga, hvað efnilegir og fátækir, sem þeir eru, nema þeir vilji gangast undir þann nauðungarkost, að stipts-yfirvöldin megí ásíðan skikka þá á einhver vesaldarbrauð, en þar á móti veita þeim, er sigla til háskólans í Kaupmannahöfn, og lesa þar guðfræði, hvað óefnilegir, sem þeir eru venjulegan styrk skil-málalaust. Og loksins virðist oss úrskurðurinn komast í nokkurs konar mótsögn við allrahæstan úrskurð 30. júlí 1850, er segir, að kándídatar í guðfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn og kándí-datar frá prestaskólanum skuli ganga til brauða hèr á landi jafn-hliða þannig: að þeir sem hafa afbragðseinkunn frá prestaskólan-um gangi jafnt með laudabilistum frá háskólanum o. s. frv., því úrskurðurinn 1862 hefir eigi raskað í nokkurn máta nefndu hlut-falli, sem á að eiga sèr stað millum þessara tveggja flokka af kándí-dötum, þegar þeir sækja um brauð, en því ófugra virðist það koma

við, að stiptsyfirvöldin skuli mega suspendera með öllu gildi hans í óhag fyrir prestaskólakandidata, ef þeir hafa þegið styrk á prestaskólanum, og það svo mjög, að þau á stundum ekki að eins geta tekið kandidata í guðfræði frá háskólanum með lókustu einkunn fram yfir prestaskólakandidat með ágætiseinkunn, heldur þar á ofan rekið prestaskólakandidatinn út á eitthvert horn landsins og haldið honum þar á hinu lakasta brauði, unz þeim þykir sá tími kominn, að hann nú aptur geti farið að sækja um brauð móti háskólakandidötum og farið að njóta réttinda þeirra, sem honum eru veitt í konungsrúskurðinum 1850.

Oss virðist þannig, að mismunur sá, sem gjörður er millum kandidata í guðfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn og kandidata frá prestaskólanum hér á landi í allra hæstum úrskurði 17. maí 1862 sé í alla staði eins óhafandi sem hann vist er óvinsæll um allt land, og er því eigi annað fyrir, en annaðhvort beiðast, að hann annaðhvort óbreyttur, eður með nokkrum breytingum, verði gjörður gildandi eins um kandidata frá háskólanum, eður þá í annan stað gjörsamlega numinn úr gildi.

Þegar menn nú þessu næst vilja gæta að því, hvort ráðlegt muni vera að þenja skikkunarvald stiptsyfirvaldanna svo út, að það og nái til kandidata frá háskólanum, þá álitum vèr það með öllu ógjörlegt, og eins þó það yrði bundið þeim skorðum, sem bænarskráin fer fram á, því fyrst og fremst álitum vèr, að notin af slíkri útpenslu annaðhvort hlytu að verða engin eður þá ill ein, ef þau yrðu nokkur. Hver getur gjört sér það í grun, að nokkur maður muni fara að sigla til að lesa guðfræði á háskólanum í Kaupmannahöfn, ef hann síðan, þegar hann kemur aptur til landsins, mætti búast við því annaðhvort að verða skikkaður á eitthvert af hinum lèlegustu brauðum landsins, eður verða að öðrum kosti að skila aptur öllum þeim styrk, er hann naut við háskólann, meðan hann var þar að lesa undir embættispróf sitt? Það sjá allir, að þetta gjörði enginn óvitlaus maður. Þeir, sem sigla til háskólans til að stunda þar guðfræði, mundu því forðast sem heitann eldinn að koma aptur til landsins, heldur setjast að í Danmörku, og hverju yrðu menn nú hér á landi þá nær, með að gefa stiptsyfirvöldunum þetta aukna veldi? einskis nema fækka enn meir þeim fáu presta-efnum, sem vèr höfum, og gjöra skort þeirra enn meir óþolandi. En vildi menn nú reyna til að bæta úr þessu með því að beiðast þess, að aftekið væri að veita nokkrum Íslendingi, er stund-

aði guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn nokkurn fjárstyrk, nema hann hæti því að fara aptur til Íslands, þegar hann væri búinn að ljúka sér þar af, þá yrði ekki unnið annað með slíku en það, að Íslendingar með öllu hætti að sigla til að stunda guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla, því fáir munu vera svo efnum búnir, að þeir geti kostað sig þar sjálfir að öllu leyti, meðan þeir búa sig undir embættispróf. En hversu kænlegt og öflugt, sem þetta ráð væri til að afstýra því að nokkur Íslendingur framvegis stundaði guðfræði við Kaupmannahafnarháskóla, og hversu sem vèr viljum hlynna að prestaskólanum, þá viljum vèr þó engan veginn gjöra það á þenna hátt, eður með því að láta eigi öllum standa jafnfrjálst fyrir, hvort þeir heldur vilja nema guðfræðina hér á landi eður í Danmörku.

Sè þetta satt, sem vèr nú höfum sagt, og sem vèr vonum, að enginn með rökum geti hrakið, 1 að óhafandi sè að gjöra þann mun á prestaskólakandidötum og kandidötum í guðfræði frá Kaupmannahafnarháskóla, að hið opinbera skuli að eins beinast að hinum fyrnefndu með að fá þá gjörða háða skikkunarvaldi stiptsyfirvaldanna, og 2 að það sè líka óhafandi, að vilja gjöra háskólakandidata háða því; þá leiðir beinlínis af þessu hvorutveggju, að hið núverandi skikkunarvald stiptsyfirvaldanna er óhafandi.

En þó vèr nú þannig álitum að burt nema ætti þetta skikkunarvald alveg, sem þar að auki virðist vera byggt á þeim skoðunarhætti, er eigi getur samrýmzt við almennan hugsunarhátt manna hér á landi og víðar um þessar mundir, þá verðum vèr þó að álíta, að stiptsyfirvöldin ætti að leggja sig nokkuð í framkróka með, að fá hæfa menn með góðu til að taka að sér að gjörast prestar í rýrðarbrauðunum og að hið opinbera ætti að styrkja þau í því, að geta komið sér vel fyrir í þessa stefnu til að mynda með að gefa þeim vald til að auka forgangsrétt þeirra manna, er tæki að sér þan rýrðarbrauð, er enginn vildi sækja um, og þjónuðu þeim vítalaust um vissan tiltekinn ára tíma og verðum vèr þannig sameiginlega að ráða hinu heiðraða þingi til, að það þegnsamlega beiðist þess:

1. Að allrahæstur úrskurður 17. maí 1862 megi verða tekinn aptur, og
2. Að stiptsyfirvöldin í þess stað megi fá vald til að heita þeim kandidötum í guðfræði, sem vilja gjörast prestar á þeim rýrðarbrauðum landsins, er enginn sækir um, og

sem skuldbinda sig til að þjóna þar 3 ár, forgöngurétti fyrir öllum öðrum, til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 200-350 rd., og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaut hafa staðið í stöðu sinni, og

3. Að þessa fyrirheitis sé með berum orðum getið í veitingarbréfinu.

Reykjavík d. 20. júlímán. 1863.

P. Pétursson, Björn Pétursson. Jón Pétursson.
form. og framsögum.

23. júlí — fimmtandi fundur.

Atkvæðaskrá

í málinu um auglýsing konungl. frumvarpa fyrirfram.

1. Breytingaratkvæði *Páls Melsteðs*:

Að í staðinn fyrir niðurlagsatriði nefndarinnar verði sett:

Að konungur mildilegast vilji bjóða stjórn sinni, að frumvörp þau, sem leggja á fyrir alþingi, verði send hingað til lands, helzt missiri á undan hverju þingi, en verði því ekki komið við, þá með fyrstu póstskeipsferð á því ári, sem þing er haldið (fellt með 14 atkvæðum gegn 5).

2. Breytingaratkvæði *B. Þórðarsonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar:

Að orðin: „að minnsta kosti“ falli burt (samþykkt með 10 atkvæðum gegn 6).

3. Niðurlagsatriði nefndarinnar:

Að hann (konungurinn) mildilegast vilji bjóða stjórn sinni, að frumvörp þau, sem leggja á fyrir næsta alþingi, verði send svo snemma hingað til landsins og auglýst, að þau verði almenningi kunn að minnsta kosti áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir (samþykkt með 15 atkvæðum gegn 7).

4. Viðaukaatkvæði *P. Péturssonar*:

Að á eptir: „verði“ sé bætt inn í: „þegar nauðsynlegt

þykir og því verður við komið (felld með 13 atkvæðum gegn 5).

5. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samþykkt með 15 atkvæðum gegn 6).

Átkvæðaskrá

í málinu um að gjöra verzlunarstað á Skutulsfjarðareyri að lög-sagnarumdæmi sér.

Niðurlagsatriði *nefndarinnar*:

Að honum (konunginum) allramildilegast mætti þóknast:

- 1, að greina sem allra fyrst Ísafjarðarverzlunarstað frá Eyrarhrepp, og gjöra hann að lögsagnarumdæmi sér og veita honum kaupstaðarréttindi (samþykkt í einu hljóði).
- 2, að fyrir næsta alþingi verði lagt til íhugunar frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna þar — og sömuleiðis (samþ. með 16 atkv.).
- 3, frumvarp til lagaboðs um stofnun byggingarnefndar í kaupstaðnum og reglur fyrir húsagjörð og húsaskipun þar (samþ. í einu hljóði).
4. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samþ. í einu hljóði).

Átkvæðaskrá

í málinu um skikkunarvald stiptyfirvaldanna til prestakalla.

1. Breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* við 1. niðurlagsatriði *nefndarinnar* (tölul. 3.):

Að konungsráðgjafi 17. maí 1862 verði þannig breytt, að hann nái til allra íslenskra presta-efna (felld með 16 atkv. gegn 4).

2. Breytingar- og viðaukaatkvæði *Sv. Skúlasonar* við sama:

Að allrahæstur úrskurður 17. maí 1862 og öll hin eldri lög um skikkunarvald stiptyfirvaldanna til prestakalla verði úr lögum numin (samþ. með 12 atkv. gegn 6).

3. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að allrahæstur úrskurður 17. maí 1862 megi verða tekinn úr gildi (fallið við annan tölulið).

4. Breytingaratkvæði *J. Hjaltalíns* við 2. niðurlagsatriði *nefndarinnar* (tölul. 9.):

Að stiptysfirvöldin megi fá vald til að heita öllum þeim kandiðötum í guðfræði, sem vilja gjörast prestar á rýrðarbrauðum, er enginn sækir um, og þjóna þar í 3 ár, *hverju* því brauði, er þeir fyrst sækja um að þessum tíma liðnum, og skulu þeir til þess brauðs hafa fullkominn forgöngurætt fyrir öllum öðrum (felld með 14 atkv. gegn 3).

5. Breytingaratkvæði *J. Sigurðssonar* við breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* (tölul. 6.) og við 2. niðurlagsatriði *nefndarinnar* (tölul. 9.):

Að í stað: »200—350« verði sett: »300—450« (samþ. með með 12 atkv. gegn 7).

6. Breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* við 2. niðurlagsatriði *nefndarinnar* (tölul. 9.):

Þó skulu stiptysfirvöldin, áður en þau beita þessu skikkunarvaldi, skyld til að reyna að fá einhvern til að sækja um brauðið, og hafa vald til að heita honum eptir þriggja ára þjónustu í brauðinu, ef hann rækir köilun sína trúlega, forgöngurætti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 200—350 rd., og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og hann sækir um. Þetta heit nái einnig til þeirra, sem skikkaðir verða (fallið við 1. tölulið).

7. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við 2. niðurlagsatr. *nefndarinnar* (tölul. 9.):

Að í staðinn fyrir: »kandiðötum í guðfræði« verði sett: »sem rætt hafa til prestskapar og« (samþ. með 13 atkv. gegn 3).

8. Breytingaratkvæði *Br. Jónssonar* við 2. niðurlagsatr. *nefndarinnar* (tölul. 9.):

Að í stað: »vítalaust« komi: »trúlega og með samvizkusemi« (felld með 10 atkv. gegn 3).

9. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að stiptysfirvöldin í þess stað megi fá vald til að heita þeim kandiðötum í guðfræði, sem vilja gjörast prestar á þeim rýrðarbrauðum landsins, er enginn sækir um, og sem skuldbinda sig til að þjóna þar 3 ár, forgöngurætti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu

nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 200 – 350 rd. og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaut hafa staðið í stöðu sinni (samb. með áorðnum breytingum með 14 atkv. gegn 6).

10. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:

Að þessa fyrirheitis sé með berum orðum getið í veitingarbréfinu (samb. með 15 atkv. gegn 3).

11. Viðauka-atkvæði *Sv. Skúlasonar* við tölul. 10.:

Að við enda töluliðsins bætit: »og stiptyfirvöldin bundin við það í brauðaveitingum« (fellt með 11 atkv. gegn 5).

12. Vara-atkvæði *Arnþjóts Ólafssonar, Gísla Brynjúlfssonar, Benid. Þórðarsonar og Jóns Guðmundssonar* (ef 2. og 3. niðurlagsatriði *nefndarinnar* fellur):

Að frumvarp til tilskipunar um skikkunarvald stiptyfirvaldanna til kennimannsembætta hér á landi verði lagt fram fyrir næsta alþingi, og sé í frumvarpi þessu ákveðið, að skikkunarvaldið nái jafnt til guðfræðinga frá háskólanum sem frá prestaskólanum (fallið).

13. Viðauka-atkvæði *Benid. Þórðarsonar og Jóns Guðmundssonar* við 12. tölulið:

Að konungsúrskurður 30. júlí 1850 verði tekinn upp í frumvarpið (fallið).

14. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samb. með 14 atkv. gegn 5).

24. júlí — sextándi fundur.

Bænarskrá

frá 16 kaupmönnum í Reykjavík um vörumatsmenn.

Það hefir frá alda-öldi verið verzlunarmönnum í Reykjavík, og yfir höfuð atvinnu-félögum þeirra, að minnsta kosti í suðuramtinu, tilfinnanlegt, hversu laklega sumir landsmenn bæði til sjóar og sveita vanda verzlunarvörur sínar. Það hefir engan veginn skort upphvatningar og aðvaranir bæði frá yfirvöldunum, prívatmönnum og jafnvel einnig blöðunum í þessa stefnu en það hefir, því miður, engan almennan árangur haft, því enn þá flytja menn ull til verzlunar óhreina

og vota, tólg seyrða og óskafna, fisk votan og svo að segja hálf-verkaðan, lýsi með gruggi á botni og sjóvatni blandað o. s. frv.; er þetta því óeðlilegra og hættulegra fyrir atvinnu vora, sem þessar vörur að mestu leyti nú eru komnar í það verð, að aldrei hefir heyrzt jafnhátt áður. Kvarti nú kaupmenn yfir þessari óvönduðu vöruverkun við hlutaðeigendur, verður svarið ávalt þetta, að skuldir vöru-eigenda hljóti þá að standa óborgaðar, og það verður niðurstaðan, að skuldirnar standa ár frá ári óborgaðar, með því vara hlutaðeigenda ár frá ári jafnvel fer vesnandi.

Það hefir því ekki verið ófyrirsynju, að óskin um, að eiðsvarnir vörumatsmenn (eðsvorne Vragere) yrði hér til settir, hefir optar en einusinni hreift sér hér í Reykjavík, þó þessi ósk hafi hingað til ekki leitt til þess, sem til var ætlazt; en því lengra sem liðið er síðan, því tilfinnanlegri er nauðsynin á þeirri ráðstöfun, sem þegar rétt er álitid, er jafn heillavænleg fyrir landsmenn sjálfa sem vöruna kaupa af þeim; því það er auðvitað, að þegar íslenska varan á markaði sínum í útlöndum annaðhvort selst með afföllum, eður hún alls ekki selst og liggur til kostnaðar fyrir eiganda heilum mánuðum og árum saman, þá hlýtur þetta að hafa mjög óheppileg áhrif fyrir verðlag vörunnar hið næsta ár, auk þess sem það máskè um lengri tíma spillir áltí vörunnar á markaðinum. Þar á móti er það almenn regla á marköðum erlendis, að þegar vöru-eigandi hefir skriflega vottun eiðsvarinna vörumatsmanna í höndum um að varan sè góð og vönduð, þá verður engin tregða á að fá hana selda fyrir það verð, sem þá er hæst í tíðkun, og er þetta mikilsvarðandi bæði fyrir eiganda vörunnar og fyrir verð hennar eptirleiðis, eins og það hlyti að gefa landsmönnum gagnlega upphvatning til að vanda vöru sína sem bezt.

Vér leyfum oss því að biðja hið heiðraða alþingi að senda konungi vorum þegnsamlega bænarsskrá um:

1. Að eiðsvarnir vörumatsmenn verði tilskipaðir í Reykjavík.
2. Að þeim verði veitt hæfileg laun af andvirði vöru þeirrar, er þeir meta.
3. Að seljandi borgi vörumatsmönnum fyrirhöfn þeirra á sinn kostnað, þegar vörunar, sem seljandi flytur, eru svo á sig komnar að vörumatsmenn þarf til að kveðja.

Reykjavík 21. dag júlímánaðar 1863.

Virðingarfyllst

16 kaupmenn.

Uppástunga

Þingmanns Suður-Múlasýslu um sama efni.

Í dag var lögð á lestrarsalinn bænarskrá frá 15 kaupmönnum í Reykjavík um, að eiðsvarnir vörumatsmenn yrði settir þar, til þess að gæta þess, að íslenzka verzlunarvaran sé vel vönduð o. s. frv. Þetta er nú í sjálfu sér mjög gott og þarflegt, því getur enginn neitað, en sé það nauðsynlegt fyrir kaupmanninn að fá góða og vandaða vöru, er það engu að síður nauðsynlegt fyrir landsmenn, að útlenda varan sé sem bezt og vönduðust. Ef að því hið heiðraða alþingi, sem vonandi er, fellst á þessa bænarskrá kaupmannanna, leyfi eg mér að bera fram þá uppástungu:

Að þingið biðji konung vorn, að hinir sömu eiðsvörnu vörumatsmenn mættu einnig verða settir til þess að gæta að útlendu vörunni, og það með sömu kostum, nl. upp á kostnað eigendanna.

Reykjavík, 22. júní 1863.

Björn Pétursson.

Bænarskrá

frá nokkrum bændum í Seltjarnarneshrepp um niðurskurð.

Eins og öllum er fullkunnugt, höfum vér bændur hér sunnanfjalls í Kjósar- og Gullbringusýslu, ekki farið varhluta af hinum alþekktu fjárkláða, þar sem óhætt er að fullyrða að hann (sællrar minningar) byrjaði hjá oss; eins og nú lítur út fyrir eptir full 6 ár, að hann sé á góðum vegi með að við haldast, aukast og effast á meðal vor, ef eigi er aðgjört, þar sem hann sumstaðar bæði fyrir austan og norðan oss virðist algjörlega útrýmdur.

Vér þykjumst nú ekki þurfa að lýsa því tjóni og hörmungum, sem þetta kláðafaraldur hefir bakað oss á alla vegu, hvað hjargræði vort snertir, allt fram á þenna dag, það er mikið og meira en frá verði skýrt með fullu og öllu, en vér lifðum í voninni um það, að lækningastjórnin mundi þá og þegar yfirbuga kláðann, og vildum gjarnan vera hlýðin börn, meðan vér sáum oss það fært, og kraptar vorir leyfðu; vér treystum því þá og, að kali sá og ýmugustur sem vér ofur vel vissum að landar vorir víðsvegar um landið, sökum kláðans höfðu á oss, mundi bráðum dvína og detta í dá;

en þetta hefir hraparlega brugðizt oss hvorteggja og vèr sjá-
um eigi að vèr höfum þegar öllu er á botninn hvolft, áunnið ann-
að en það, að kláðastjórnin ímyndar sér það, að fè vort sè nú
heilt, og að vèr nú sjáum og þreifum á að lækninga heitin bregð-
ast dag frá degi, og ár frá ári, meðan vèr og hyski vort líður
sult og seiru og landar vorir hafa horn í síðu oss.

Vèr höfum þannig fengið fullt vantraust á lækningunum og
treystum þeim ekki framar, því þó það kunni að vera einstöku
trössum að kenna að þær hafi misheppnast, þá eru þessir trassar
hér eptir hinir sömu og hingað til, með því þeir hvorki hafa lært
reglu og hirðusemi hingað til, og eigi heldur verið bægt burt úr
félagi voru af kláðastjórninni.

Fyrir þessar sakir leyfum vèr oss, að snúa oss til hins heiðr-
aða alþingis og biðja það, að það skerist í þetta mál, og sjái um
að kláðanum á öllu því svæði sem hann nú er á verði útrýmt
strax þegar í haust með niðurskurði.

Breiðholti 18. júlím. 1863.

5 nōfn.

Vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Nefndarálit

í málinu um jarðamatskostnað af jörðum prestakalla.

Hið heiðraða þing hefir kosið oss í nefnd til að segja álit
vort um bænarskrá frá prestum í Rangárvallasýslu til Synodus, dags.
16. maí þ. á., en sem Synodus fól einum þingmanni á hendur að
bera fram á alþingi, og fer hún fram á, að prestum verði af hinu
opinbera endurgoldinn sá jarðamatskostnaður, sem þeir gjalda af
þeim jörðum, sem tilheyra prestaköllum þeirra; og skulum vèr nú
leyfa oss að láta álit vort um málið í ljósi á þessa leið:

Því verður ekki neitað, að opið bréf frá 1. apríl 1861 leggur
einungis eigendum jarðanna á herðar að greiða jarðamatskostnað-
inn, og að það er í óvanalegum og mjög óeiginlegum skilningi, að
prestar verða kallaðir eigendur kirkjugóssins, því að það er þó sitt
hvað, að hafa einhvern hlut til eignar og að hafa hann í umboði
eða til brúkunar eða afnytja, og þar að auk er arður og afgjald
staða og kirkjujarða þeirra, sem prestaköllum fylgja, embættis-

tekjur prestanna, en jarðamatskostnaðurinn er ekki tekjuskattur, heldur af eign, og þetta hlyti þó að vera, ef prestar ættu endurgjaldslaust að greiða þetta gjald af embættistekjum sínum. Að því er snertir lénskirkjur, þá geta þær í vissum skilningi sagzt vera eigendur lénskirknagóssins og ættu þá sem þvílíkar að borga jarðamatskostnaðinn af þeim jörðum, sem þeim fylgja; en þessi kostnaður lenti allt að einu á tekjum prestanna, nema hann væri lagður á hina svokölluðu portion kirknanna, sem að nokkru leyti er fráskilin tekjum prestsins. En sè þessi skoðun gjörð gildandi, þá ber þess að gæta, að sumar þessar kirkjur eiga enga sjóði, heldur eru í skuld við prestinn, og geta því ekki borgað, og að sumar, sem sjóði eiga, þurfa ýmislegra aðgjörða, eða bráðrar endurbyggingar við og eru því ekki betur farnar; en allar eru þær í ábyrgð prestsins og hann hlýtur að skjóta því fè til, sem þarf til þeirra viðreisnar og viðhalds. Niðurstaðan yrði því sú, að þó að kirkjurnar yrðu skoðaðar sem eigandi jarðanna, sá er lægi næst að að bera þetta gjald, þá yrði það þó víðast hvar að lenda á umboðsmönnum kirknanna, sem sè prestunum og embættistekjum þeirra.

Yfir höfuð að tala eru kirkjurnar ríkisins (Statens) eign og þessi aðaleigandi virðist því in casu eiga að borga fyrir þær og það því fremur, sem þeim er sjálfum um megn að gjöra það af þeirra eigin lögákveðnu tekjum, eða portíónum, eins og nú var sýnt. Þess ber og að gæta, að sumar jarðir eru alls ekki gefnar kirkjunum, heldur prestaköllunum og þar verður kirkjunum ekki gjört að skyldu að greiða jarðamatskostnaðinn af þeim, t. d. af lénjörðum presta í þingabrauðum, þar sem kirkjurnar eru einstakra manna eign, og það virðist jafn óviðurkvæmilegt, að prestarnir greiði hinn umtalaða kostnað af þessum jörðum, hverra afnot eru einn partur af tekjum þeirra og það að eins um stundarsakir. Hið sama gildir og um jarðamatskostnaðinn af prestmötunni eða gömlum bænústollum og virðist því einnig ríkissjóðurinn verða að borga hann af þeim hundruðum í bændakirkjujörðunum, eður í þeim kirkjum, sem gamall bænústollur liggur á.

Af þessum ástæðum verðum vèr að ráða þinginu til að rita konungi vorum þegnsamlega bænarskrá og beiðast þess, að hlutaðeigandi prestum hér á landi verði aptur endurgoldið úr ríkissjóði það, sem þeir greiða í jarðamatskostnað fyrir staði og kirkjur og jarðir þær, sem fylgja prestaköllunum; og eins það, sem

galdið er í jarðamatskostnað fyrir þau jarðarhundrað, sem prestsmata hvílir á eður bænhestollur, eður aðrar þess leiðis ískýldur til prestastéttarinnar.

Reykjavík d. 21. júlím. 1863.

P. Pétursson, *Jón Pétursson,* *Jón Guðmundsson.*
form. og framsögum. skrifari.

H. G. Thordersen. H. Hálfðánarson.

Nefndarálit

í málinu um að nota vexti Thorchillísjóðs.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss, sem hér ritum nöfn vor undir, í nefnd, til þess að segja álit vort um uppástungu um vexti Thorchillísjóðsins, sem einn af oss, H. Hálfðánarson, hefir borið upp fyrir þingið.

Þegar vör lítum á það, að sjóður þessi var við síðustu árslok orðinn rúm 26,700 rd. og vextir hans eru því orðnir meir en 1000 rd. á ári, þá getum vér ekki annað en álitíð, að með þessu fæmegi koma miklu góðu til leiðar í þá stefnu, sem gjafari sjóðsins hefir tilætlazt, og þegar vér gætum að því, hvílik þörf er á, að eitt-hvað yrði gjört uppeldi og uppfærðingu barna til bóta hér í Kjalarnesþingi, einkum á hinum fjölbyggðu sjóplássum, þá erum vér einnig á því máli, að það sé ekki rétt eða hyggilegt, að leggja að eins vexti sjóðsins upp, og nota þá ekki til framkvæmdar tilgangi sjóðsins, og viljum því fastlega ráða hinu heiðraða þingi, að biðja konung vorn um, að hann allramildilegast skipi svo fyrir, að byrjað verði þegar að ári að verja vöxtunum af Thorchillísjóði samkvæmt tilgangi gjafarans. Þegar vér í annan stað ihugum það, hver aðferð mundi vera bezt og hagfeldust til þess, að sem mest notgætu orðið að vöxtum sjóðsins, þá virðist oss, að hér verði einkum rætt um tvo vegi, sem farnir yrðu; annar er sá, að stofnsetja skóla beint eptir orðum gjafabréfsins einhverstaðar í Kjalarnesþingi, og veita þar uppeldi og uppfærðingu svo mörgum börnum, sem efni leyfðu; hinn sá, sem kirkju- og kennslumálastjórnin hefir bent á í bréfi sínu til stiðtsyfvaldanna dags. 13. febr. f. á. »að verja vöxtum sjóðsins, til þess að koma fyrir þeim börnum, er eptir gjafabréfinu geta orðið aðnjótandi gjafarinnar, hjá guðhræddum og ráðvöndum mönnum, þar sem þau gætu fengið skynsamlegt og gagn-

legt uppeldi og tilhlýðilegt viðurværi samkvæmt ákvörðunum gjafarans, þangað til þau sjálf gætu haft ofan af fyrir sér hjá öðrum. Það er einkum tvennt, sem virðist mæla með fyrri aðferðinni, 1. það, að með því móti væri beinlínis fylgt orðum gjafabréfsins, sem talar um skóla á einum stað, þar sem börnin séu uppalin, og 2. að ef skóli þessi væri settur á hentugum stað, og skólahúsið haft nógu rúmgott, þá gætu önnur börn þar í grend fyrir borgun fengið að njóta tilsagnar í skólanum. En eigi að síður virðist oss ekki ráðlegt, að viðhafa þessa aðferð, að minnsta kosti fyrst um sinn. Til þess að geta komið upp skóla á einum stað, þyrfti að leigja handa honum jörð og byggja stórt skólahús, og til þess gengi eigi all-litill hluti af höfuðstólnum, en einkum og sér í lagi að fá mann, sem væri sérstaklegum hæfilegleikum búinn, til að standa fyrir þessum uppeldisskóla. Slikan mann gæti orðið mjög erfitt að fá, og þótt hann fengist í fyrstu, gæti svo farið, að skólinn missti hann mjög brátt aptur, og að eigi yrði auðið að fá annan hæfilegan mann í hans stað, svo stofnunin yrði að hætta, og sá kostnaður, sem gjörður hefði verið, til að koma skólahúsinu upp, yrði að miklu leyti til ónýtis. Enda er þessi ótti eigi ástæðulaus, því að svona fór um barnaskólann á Hausastöðum. Af þessum ástæðum virðist oss til-tækilegra að minnsta kosti fyrst um sinn, að viðhafa hina aðferðina, þá, að koma börnunum fyrir í hina bestu uppeldisstaði, sem fengist gætu, og alla þeim uppfræðingar án þess að binda sig við borð við hinn eina skóla fyrir allt Kjalarnesþing, og að áskilið væri af þeim, sem börnin tækju, að þeir fyrst og fremst ælu þau upp í guðsótta og góðum siðum, og svokenndu (eða létu kenna) þeim, auk barnalærdómsins, stuttar biflúsögur, skript og hið nauðsynlega í reikningi, og hina vanalegu bændavinnu utanbæjar og innan. Til þessa virðist oss réttast að verja 1000 rd. árlega, en láta það, sem vextirnir yrðu meira, bætast við höfuðstólinn, svo að sjóðurinn sjálfur gæti eigi að síður vaxið að nokkru, sem vissulega væri æskilegt, ef menn síðar vildu færast meira í fang, t. a. m. stofnsetja reglu-legan skóla. Væri nú t. a. m. árlega gefnir 40 rd. með barni, þá yrðu 1000 rd. ársmeðgjöf með 25 börnum, og ef gjört væri ráð fyrir, að börnin væru að meðaltali 4 ár í uppeldisstaðnum, þá gætu 100 börn á þann hátt notið uppeldis á hverjum 16 árum, og þá yrðu 160 rd. kostað upp á hvert barn. En þótt vèr tökum þetta til dæmis, er það eigi svo að skilja, að vèr viljum kveða fast á um það, hversu mikið tillagið skuli vera með hverju barni, eða

hversu lengi það skuli tillagsins njóta. Upphæð tillagsins getur verið misjöfn eptir hæfileikum barnsins, aldri og ýmsum öðrum atvikum, og öldungis eins getur verið um tímalengðina, því að börnin geta orðið tillagsins aðnjótandi, sum eldri, og sum yngri, en ekkert barn virðist oss geta orðið þess aðnjótandi lengur, en unzt það er staðfest. Eptir vorri skoðun getur og þau atvik aðborið, einkum hér í Reykjavík, þar sem barnaskóli nú er þegar stofnaður, að sum börn þurfi að eins uppfræðingarinnar við, og því sé óþarfi að taka þau frá foreldrum sínum, með því þau þá gætu sótt skólann að heiman, og þá væri eigi rétt að voru álit, að synja þeim um styrk til þess, ef svo mörg börn eigi væru til, er þyrfti að koma fyrir hjá öðrum, og þess vegna ættu samkvæmt gjafabréfinu að ganga fyrir. En allt slíkt ætlum vér nefnd þeirri að meta og ákveða um í hvert skipti, sem vér viljum stinga upp á að skipuð yrði hér í Kjalarnesþingi. Í þessari nefnd ættu að sitja 3 menn, og álitum vér réttast, að prófasturinn í Kjalarnesþingi sé sjálfkjörinn forseti hennar, en stiptsyfirvöldin, sem yfirstjórn sjóðsins, nefni til hina tvo eptir uppástungu prófastsins. Nefnd þessi ætti að ákveða á ári hverju, hversu mikill hluti af þeim 1000 rd. beri hverjum hrepp í Kjalarnesþingi hinu forna að rætti tiltölu við fólkskjölda þeirra, og skýra hlutaðeigandi sveitarstjórnum frá því. Sveitarstjórnirnar ættu því næst að senda, hver fyrir sinn hrepp, skýrslu um þau börn í hreppunum, sem henni virðist geta orðið styrksins aðnjótandi, og um allar ástæður barnanna, hvers um sig, og enn fremur uppástungur, sem styðjast eigi við ástæður þessar um það, hver börn þeim virðist ættu helzt að verða fyrir hjálpinni. Með þessum skýrslum ætti og að fylgja bending um það, hverjir uppeldisstaðir þeim þætti líklegastir, og ef auðið væri, hvort hlutaðeigendur væru fánlegir til að taka börnin. En nefndin skeri úr, hver börn eigi að vera styrksins aðnjótandi, og annist um, að koma börnunum fyrir á þá staði, sem þeim þykja hentugastir, og hafi framvegis eptirlit með uppeldi og uppfræðingu barnanna, á þann hátt, sem henni þykir haganlegastur. Nefnd þessi ætti líka, að því leyti sem henni væri auðið, að líta eptir því, að börnin kæmst í góða samastaði, þegar uppeldi þeirra á kostnað sjóðsins væri lokið, og þau tækju sjálf að vinna fyrir sér hjá öðrum.

Samkvæmt þessu viljum vér ráða hinu heiðraða alþingi til þess, að það sendi hans hátígn konunginum allraþegnsamlegasta bænarskrá um:

1. Að hann allramildilegast skipi svo fyrir, að byrjað verði þegar að ári að verja fyrst um sinn 1000 rd. árlega af vöxtum Thorchillisjóðsins, samkvæmt tilgangi gjafarans, til uppeldis og uppfræðingar hinum fátækustu og bágstöddustu börnum í Kjalarnesþingi.
2. Að fyrir þessa 1000 rd. verði keypt börnum þeim í Kjalarnesþingi hinu forna, sem þess geta orðið aðnjótandi, samkvæmt ákvörðunum gjafabréfsins, uppeldi og uppfræðing, eptir því, sem peningarnir vinnast til; en peningunum sè skipt á milli hreppanna að rétttri tiltölu við fólksfjölda þeirra á ári hverju.
3. Að þriggja manna nefnd verði að vori komandi skipuð hér í Kjalarnesþingi, til að annast um skiptingu peninganna og framkvæmd þess, að tilgangi gjafabréfsins verði fullnægt, og sè prófasturinn í Kjalarnesþingi sjálfkjörinn forseti nefndarinnar, en hina tvo nefndarmenn nefni stiptsyfirvöldin til, eptir uppástungu prófastsins.

Reykjavík 22. júlímán. 1863.

H. Hálfðánarson, *Páll Melsteð,* *H. K. Friðriksson,* *I. Gíslason.*
formaður. skrifari. framsögumaður.

H. G. Thordersen.

27. júlí — seytjándi fundur.

Bænarskrá

til konungs í málinu um hreppskilapíngstíma á vorum.

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá Eyjafjarðarsýslu með 126 nöfnum um að fá breytt tíma þeim, sem ákveðinn er í opnu bréfi 21. apríl 1847 til hreppskilahalds á vorum. Þingið tók þetta mál til ihugunar, og var þriggja manna nefnd sett í málið, og það síðan rætt á lögskipaðan hátt á tveimur aðalfundum.

Skal þingið því nú leyfa sèr allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt og bera fram bænir sínar fyrir yðar konunglegu hátign.

Eins og stjórn yðar konunglegu hátignar er kunnugt, var málefnið um hreppskilapíng lagt fyrir alþingi 1845, eptir að það hafði

verið undir bóði af embættismannanefndinni í Reykjavík á fundinum 1841. Sæst það ljóslega af umræðum og úrslitum málsins, bæði í embættismannanefndinni og á alþingi, að flestir voru sambuga á því, að hreppafing væri nauðsynlegt að hafa bæði vor og haust. Um hitt urðu menn síður ásáttir um, hvern tíma menn skildu setja til hreppskilahalds um vor, vegna þess ýmislegar vorannir þóttu vera því til fyrirstöðu, eptir hinu sérstaklega ásigkomulagi héraðanna, að hreppskilafingin á vorum yrði haldin á vissum ákveðnum tíma; og þótt að meiri hluti þingmanna í það sinn yrði með því að ein-skorða hreppaskil um vor við tímann frá 16. til 24. júnímánaðar, eins og ákveðið var í frumvarpi stjórnarinnar, var þó eptir uppástungu þingmanns Vestur-Skaptfellinga þeirrar undanþágu þegar beiðzt, að þessi hreppskilafing á vor skyldu fram fara í Skaptafells-sýslum í fardagavíkunni, af þeirri ástæðu, að ýms ferðalög til að-drátta mundu ella gjöra sýslubúum þar þinghaldstímann næsta óhentugan og í afleiðingum skaðlegan.

Eins og þessi undanþága frá hinni almennu tíma-ákvörðun laganna hefir þótt hagkvæm í Skaptafellssýslum, svo að þingið álitur hentast, að þar standi framvegis við hið sama og verið hefir, eins hefir það á hinn bóginn komið fram, bæði hjá beiðendum þeim, er hafa sent ofanefnda bænarskrá, og hjá mörgum þingmönnum, er hafa lýst hinum sömu annmörkum fyrir kjördæmi sín, að tíma-ákvörðunin sjálf í lagaboðinu, sem gildir fyrir allt land nema Skaptafellssýslur, þykir óhallkvæm og of seint sett, eins og þinginu líka virðist auðsætt, þar sem á þessum hreppafingum á vor eiga að gjörast ráðstafanir og fyrirskipanir af hálfu sveitarstjórnarinnar um grenjaleitir, vegabætur og ýmislegt annað, er allan hreppinn varðar, og sem sumu hverju þarf að vera lokið áður en fê er rekið á fjall, eða kaupstaðarferðir byrja. Þinginu er það einnig kunnugt, að þessi lagagrein hefir stundum gefið tilefni til þess, að menn, sökum hins ýmislega ásigkomulags héraðanna, hafa neyðzt til að brjóta móti henni; en þegar svo er, virðist þinginu öll ástæða til að breyta lögunum, þar eð það hvívetna er skaðlegt, og rýrir álit og helgi laganna, ef þeim verður ekki fylgt að öllu leyti.

Að vísu hafa nú beiðendur farið því fram, að tíminn til hreppafinghaldsins yrði þannig fluttur til, að hreppskilafing á vor verði framvegis haldin á tímabilinu frá 6. til 16. júnímánaðar, en þinginu virðist þó réttara að taka þá stefnu í málinu að rýmka yfir höfuð tímann til hreppfingahalds á vorum, viðlíka og gjört er í hinu ofan-

nefnda opna bréfi um hreppskilaping á haustum, sem ákveðinn eru á tímabilinu milli 4. og 20. október, svo að menn ætíð gætu valið sér hinn hentugasta tíma, eptir því sem til hagar á hverjum stað og í hverri sveit.

Þingið leyfir sér því allraþegnsamlegast (í einu hljóði), samkvæmt framanskriðuðu, að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign:

Að hreppskilaping á vorin skuli hér eptir halda á tímabilinu frá 6. til 24. júnímánuðar.

Reykjavík 21. júlí 1863.

Allra þegnsamlegast

Halldór Jónsson. S. Skúlason.

Álitsskjal

til konungs í málinu um frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavík í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða (sbr. bls. 41).

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fyrir alþingi þetta eptir boði yðru, meðal annara frumvarpa, einnig »frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða.

Alþingi tók þetta mál til lögboðinnar meðferðar, og kaus þriggja manna nefnd til að ihuga málið og kveða upp um það álit sitt fyrir þinginu, og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, svo sem í lögum er boðið, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar hátign skoðun sína á þessu máli, svo sem nú skal greina.

Það er með öllu óþarft fyrir þingið, að færa neinar sönnur á það, hversu nauðsynlegt og æskilegt það sè, að Reykjavíkurbúar geti fengið ábyrgð fyrir húsum sínum; það liggur í augum uppi, hvílikur tálmi og hnekkir það hlýtur að hafa verið öllum framförum og velmegun bæjarmanna, að þessi ábyrgð hefði eigi fengizt fyrr þrátt fyrir margítrekaðar óskir og tilraunir þeirra. Þess vegna er það mikið gleðiefni, er bæjarmenn nú hafa fengið vissu fyrir því, að bráðlega verði bætt úr þessum þörfum þeirra. Þingið getur því eigi annað en tekið þakklátlega frumvarpi þessu, og er það hvorttveggja, að þinginu þótti frumvarp þetta yfirhöfuð að tala svo úr garði gjört, að lítilia umbóta þyrfti við, enda áleit það sér skylt, að stinga upp á sem fæstum breytingum í því, til þess að geta verið því öruggara um, að aðgjörðir þess yrðu eigi útkomu laga-

boðsins til tálmunar; þó gat það eigi hjá því komizt, að stinga upp á fáeinum breytingum, og fulltreystir því, að þær, mildasti herra, munið leggja samþykki yðvart á þær.

Við 1. gr.

Í fyrstu grein frumvarpsins er svo að orði kveðið: *skulu hús í Reykjavíkurkaupstað og á lóð hans*, o. s. frv., en þinginu virðist, sem þessi orð *»á lóð hans«*, gætu misskilizt svo, að einungis þau hús ættu og gætu orðið tekin í brunabótafélagið, sem stæði á sjálfri kaupstaðarlóðinni, eins og hún var ákveðin 1792; en þingið taldi víst, að sú væri eigi tilætlunin, enda væri það alls eigi hagkvæmt eða samkvæmt öðrum ákvörðunum um skyldur og réttindi Reykjavíkurbúa, heldur ættu þenna rétt að fá öll hús í umdæmi bæjarins, eins og það var ákveðið í konungsúrskurði 24. febrúar 1835, með því að þau hefðu öll sömu skyldur og sömu réttindi í öðrum eignum, þar sem t. a. m. greiddur væri af þeim öllum húsaskattur (Grundskat) eptir tilsk. 27. nóv. 1846, og allir húseigendur hafa sama rétt til að kjósa fulltrúa, og verða kosnir. Sama verður og ofan á, þegar lítið er til byggingarnefndarinnar eptir opnu bréfi 29. d. maím. 1839, að verkasvið hennar er eigi að eins kaupstaðarlóðin, heldur allt umdæmi bæjarins, og virðist þinginu því réttast, til að taka af allan misskilning, að breyta orðunum: *»á lóð hans«* í: *»umdæmi bæjarins«*.

Við 2. gr.

Orðið *»yfirvald«* í fyrsta atriði annarar greinar þótti þinginu óákveðið, þar sem eigi yrði séð, hvort með þessu orði ætti að skiljast bæjarfógetinn eða amtmaðurinn. En þinginu þótti bæði eðlilegast og réttast að bæjarfógetinn ásamt fulltrúunum gjörði það, því að engum væri fremur ætlandi en þeim, að vlta, hverjir bæjarbúa væru hæfastir virðingarmenn, og færastir til þess.

Í þessari hinni sömu grein, síðasta atriði, virðist íslenzkan eigi alls kostar rétt orðuð, þar sem sagt er, *að bæjarmenn skuli leggja til brunabótabók*. Það lítur svo út eptir orðunum, sem húseigendurnir eigi að leggja þessa brunabótabók til, og borga í henni að tiltölu við verð hvers húss, sem í ábyrgð er tekið; en bæði yrði heimting slíks gjalds óþarflega umsvifamikil, þar sem um slíkt lítilræði er að tala, enda má sjá það á dönskunni (*en af Kjøbstaden anskaffet Forsikkringsprotocol*), að það er ætlazt til, að

brunabótabók þessi verði kostuð af bæjarsjóði, og það virðist þinginu í alla staði réttast.

Við 6. gr.

Það þykir þinginu næsta eðlileg ákvörðun, að brunabótafænu skuli að eins verja til að reisa fyrir aptur nýtt hús í stað þess, sem brann; en á hinn bóginn getur þingið eigi öðru vísi álitist, en að það séu of harðir kostir, að þetta hið nýreista hús skuli ætla til hins sama og hitt, sem brunnið hefir, eins og orðin virðast benda á í upphafi 6. greinar. Sú ákvörðun getur orðið til allmikils óhagnaðar fyrir Reykjavík, eins og þar er ástatt, og staðið næsta þryði bæjarins fyrir þrifum. Enda getur þinginu eigi betur skilist, en að brunabótafélaginu megi á sama standa, þótt hið nýja hús verði ætlað til annarar hagnýtingar en hitt sem brann, ef það að eins er eigi minna virði, og því eigi hættara við bruna, en hinu fyrra. Og því síður getur þingið fallist á þessa hina umræddu ákvörðun frumvarpsins, sem því er eigi kunnugt, að nokkur slíkur skildagi sé settur í Danmörku; því að í tilsk. 29. d. febrúarm. 1792 um brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða er í 12. grein húseigendum þeim, sem hús brennur fyrir, einungis gjört að skyldu, að hið nýja hús skuli vera jafnmikils virði og það, sem brann, og þeir skuli hafa sannað það innan tiltekins tíma, en þar er hvergi talað um, að húsið skuli ætla til hins sama. Að hið nýja hús skuli vera jafnmikils virði og það sem brann, virðist þinginu rétt og eðlilegt, enda felst sú ákvörðun og í þessari grein, þar sem sagt er, að brunabótafélagið greiði eigi meira fê, en varið hafi verið til aðgjörðarinnar, þótt skaðinn hafi verið metinn meiri. Samkvæmt þessu virðist þinginu, að fella eigi úr ákvörðun þá, að húsið skuli ætla til hins sama.

Við ákvörðun þá, er nú var umrætt, er tengt annari, er þinginu þykir nauðsyn á að breyta, þeirri, að húsið skuli reisa á sama grundvelli (Tomt) og það stóð, er brunnið hefir. Eptir húsaskipun þeirri, sem nú er hér í Reykjavík, er ákvörðun þessi óhagkvæm, og getur orðið því til tálmunar, að húsaskipunin verði lögud og fegruð, sem annars mætti, enda komið beint í bága við opið bréf 29. dag maím. 1839. Þinginu virðist því eigi rétt, eptir því sem hér er ástatt, að rígbinda menn við hið sama húsastæði, heldur að eins við hina sömu lóð, eptir því sem byggingarnefndinni þykir haganlegast, og fegurst og samkvæmt ákvörðunum laganna,

enda virðist svo, sem ákvörðunin svona löguð komi að öllu leyti heim við tilsk. 6. dag aprílm. 1832, 14. gr. D. Á hinn bóginn virðist þinginu engin ástæða til að leyfa það, að húsið verði flutt burt af þeirri lóð, sem það áður stóð á, ef það annars getur staðið þar, án þess að koma í bága við gildar laga-ákvörðanir, því að með því móti gæti húseigandi ónýtt góð húsastæði að óþörfu. En beri svo til að byggingarnefndin telji einhverra orsaka vegna eigi rétttt að reisa hið nýja hús í stað þess sem brunnið hefir á sömu lóð, þá virðist það sjálfsagt, að eigandinn eigi getur misst af brunabótunum fyrir það, og að hann þá verði að hafa fullan rétt til að reisa það annarstaðar.

Enn er í þessari hinni sömu grein 3. atriði svo sagt, að greiða megí húseiganda, er fyrir húsbruna hafi orðið, allt að tveim þriðjungum brunabótanna móti *hæfilegu veði*; en þessi orð þótti þinginu heldur óljós og mætti þau misskilja; því að *veð* væri optast skilið um fullgilt veð, t. a. m. jörð, er sett væri í veð fyrir láninu; en það þóttist þingið sjá að eigi væri tilætlunin, þar sem í dönskunni er *antagelig Sikkerhed*; enda gæti svo farið, að húseigandinn með því móti aldrei gæti reist húsið, er hann enga jörð ætti. En hitt virðist ætti að vera honum hægt, að fá áreiðanlegan mann til að ábyrgjast, að húsið yrði reist aptur, t. a. m. kaupmann, þegar hann fengi tvo þriðjunga fjárins greidda fyrir fram, og ætti vísan þriðjunginn, undir eins og húsið er fullgjört; sökum þessa virðist þinginu réttast að setja orðið *ábyrgð* á þessum stað í staðinn fyrir *veð*.

Við 7. gr.

Eptir 1. grein frumvarpsins er tómthúseigendum gefinn kostur á að fá tómthús sín tekin upp í félagið, ef þeir æskja. Ákvörðun þessi er mjög frjálslyndisleg og æskileg, en þess er hvergi getið í frumvarpinu, undir hvern flokk hús þau skuli heyra, að því er snertir upphæð brunabótagjaldsins; en það þykir þinginu nauðsynlegt að taka fram með berum orðum, og virðist þá ákvörðunin um það réttast sett, í 7. gr. eptir staflíð c. Þinginu þykir það og hæfilegast, að brunabótagjaldið fyrir þau verði hið sama og fyrir hús með trèþaki eða öðru jafn-eldfimu efni, með því líka engin ástæða virðist vera til þess, að setja gjaldið lægra, og með því að gefa tómthúseigendum upphvatningu til að halda þeim við.

Við 9. gr.

Til skilningsanka virðist þinginu betur fara, að bæta inn í 9. gr. á eptir *»4. gr. orðunum: »siðari kafla»,* og á eptir: *»hinar almennu skoðunargjörðir»*; orðunum: *»eptir 4. gr. fyrri kafla».*

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er dómsmálastjórninni falið á hendur að gjöra ýmsar fyrirskipanir um sitt hvað, sem til er nefnt í greininni. Þinginu virðist reyndar að eðlilegast hefði verið, að dómsmálastjórnin hefði leitað álits bæjarstjórnarinnar í Reykjavík um þessar fyrirskipanir, með því ástæðurnar þar eru svo í mörgu sjerstaklegar og frábrugðnar því sem er í bæjum í Danmörku. En á hinn bóginn þykist þingið sjá fram á það, að dómsmálastjórninni er alls ekki auðið að fá álit þetta svo snemma, að frumvarpið þá gæti fengið lagagildi frá 1. degi aprilmánaðar 1864, ef útkoma þess ætti að biða þessa álits. En þinginu þykir það svo miklu varðandi, að frumvarpið nái sem fyrst lagagildi, að það vill engan tálma leggja fyrir það, og lætur sèr því nægja allraþegnsamlegast að áskilja bæjarstjórninni rétt til, þegar þessar fyrirskipanir dómsmálastjórnarinnar koma, að stinga upp á breytingum á þeim ef þá þykir ástæða vera til þess.

Samkvæmt því sem þegar er sagt, leyfir þingið sèr allraþegn-samlegast að beiðast í einu hljóði:

Að yðar hátign allramildilegast mætti þóknast, að gjöra frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða, að lögum, með þeim breytingum, sem nú skal greina:

1. (í einu hljóði) að í 1. grein verði orðunum: *»á lóð hans«* breytt: *»í umdæmi bæjarins«.*
2. (í einu hljóði) að í aðra grein verði orðinu: *»yfirvaldið«* breytt í: *»bæjarstjórnin«.*
3. (í einu hljóði) að í sömu grein verði orðunum: *»er bæjar-menn leggja til«,* breytt í: *»er kostuð sè af bæjarsjóði«.*
4. (í einu hljóði) að í 6. grein verði orðin: *»ætluð sè til hins sama og«* felld úr.
5. (í einu hljóði) að í sömu grein verði orðunum: *»sama grundvelli«* breytt í: *»sömu lóð«.*
6. (í einu hljóði) að enn í sömu grein verði orðunum: *»hæf-legu veði«,* breytt í: *»hæflegri ábyrgð«.*
7. (í einu hljóði) að í 7. grein verði bætt inn í eptir staflíð c: *»staflíðurinn c nær einnig yfir öll tómthús«.*

8. (í einu hljóði) að í 9. grein verði eptir: »4. gr« bætt inn í: »siðari kafla«.
9. (í einu hljóði) að á eptir: »skoðunargjörðir«, verði bætt inn í: »eptir 4. grein, fyrri kafla«.

Alþingi 22. dag júlí 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. H. Kr. Friðriksson.

Nefndarálit

í málinu um konunglegt frumvarp um búnaðarskóla (sbr. bls. 53).

Alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd, til að ihuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp, sem lagt hefir verið fyrir þetta þing, um stofnun búnaðarskóla hér á landi. Höfum vèr átt nokkra fundi með oss til að ihuga þetta mál, og leyfum oss nú, að leggja álit vort um það fyrir hið heiðraða þing.

Eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt um, hefir þetta mál verið í töluverðri hreifingu að undanfögnu. Alþingi hefir aptur og aptur ritað vorum allramildasta konungi bænarskrár um það efni, og stjórnin hefir að sínu leyti beint því áfram í rétt horf, með því að hún hefir leitað álita hlutaðeigandi amtmanna um málið í heild sinni. Hefir nefndin fyrir góðfýsi hins háttvirta konungsfulltrúa haft álitsskjöl amtmannanna sèr til leiðbeiningar við meðferð málsins, er ásamt með ástæðum hins konunglega frumvarps sjálfs hafa leitt hana að þeirri niðurstöðu, sem hún nú er komin.

Nefndin verður að fallast á skoðun alþingis 1859, og sem amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefir einkum aðhyllt, að þegar ræða er um stofnun búnaðarskóla hér á landi, þá verður ekki gjört ráð fyrir neinni stórkostlegri menntastofnun, sízt í bráð, eins og þó virðist að hafa verið ætlun sumra manna, er um mál þetta hafa fjatlað, og þar á meðal amtmannsins í Vesturumdæminu, eins og sjá má af álitsskjali hans til stjórnarinnar, frá 12. janúar þ. á. Því hversu æskilegt, sem það annars væri, að fá nú þegar sem algjörðasta menntastiptun handa bænda-efnum vorum inn í landið, þá ætlar nefndin það sè ekki gjörandi, að reisa sèr slíkan hurðarás um öxl, á meðan hagur landsmanna er svo bágborinn og aðþrengdur á allar hliðar. Nefndin ætlar, að það yrði hollast og

affarasælast fyrir land og lýð, að haga fyrirkomulagi skólanna þannig, að þeir geti orðið eðlilegur og þörfum vorum samsvarandi undirbúningsvegur til þeirrar menntunar, sem vör á síðan mundum kjósa oss að fá fyrir bænda-efni vor. Þannig ætlar nefndin, að hversu æskilegt sem það annars væri, að piltar þeir, er á skólana gengju, ættu kost á að fá sem fullkomnasta bóklega kennslu í jarðyrkjufraðinni, þá verði þó fyrst um sinn að leggja allan hugann við hina verklegu tilsoðn, að hún verði sem yfirgripsmest, fullkomnust og samsvarandi þessa lands sérstaklegu ásigkomulagi. Á þessa praktisku þýðingu búnaðarskólanna verður nefndin að leggja alla áherzluna, með því hún ætlar, að það sé nauðsynlegt skilyrði fyrir því, að þeir nái þeim viðgangi sem æskilegt væri.

Nefndin hefir leitast við að gjöra sér ljósa grein fyrir, hvernig fyrirkomulagi búnaðarskólanna skyldi vera háttað í fyrstu. Hún er amtmanninum í Norður- og Austurumdæminu samdóma um, að auk þess sem skólar þessir eiga að geta veitt hæfilega kennslu í öllum greinum jarðyrkjunnar, og helztu atriðum búnaðarins og kvikfjarræktarinnar hér á landi, þá eiga þeir einnig að vera eins konar fyrirmyndar- eða kjörbú; það er með öðrum orðum, búnaður skólanna á að vera í svo góðu ásigkomulagi, að hann geti verið sýnileg og eptirbreytnisverð fyrirmynd fyrir alla þá, sem leggja stund á landbúnaðinn, því reynslan mun sanna það fullkomlega, að þessi hin sýnilegu og ápreifanlegu dæmi í verkinu munu hafa meiri áhrif á landbúnaðinn honum til framfara, heldur en nokkru sinni bókfræðislegar (theoretiskar) loptbyggingar geta haft. En til þess að koma skólanum í það horf, sem hér er á bent, og svo þeir fullkomlega svari til síns augnamiðs, þá hyggur nefndin, að meira fæ verði að ætla til að koma þeim á fót, heldur en amtmaðurinn í Norður- og Austurumdæminu hefir gjört ráð fyrir í álitsskjali sínu til stjórnarinnar frá 16. sept. 1861, og sem stjórnin byggir á í ástæðum frumvarpsins. Hefir nefndin gjört áætlun um, hvað mikið fæ mundi þurfa til þessa, og verður áætlunin þannig:

Til húsabygginga og umbóta á bújörð hvers skóla fyrir sig	1500 rd.
— lifandi penings eður áhafnar á jörðina	1690 —
— búsgagna	500 —
— jarðyrkjuverkfæra og ýmsra annara áhalda	400 —

Samtals 4090 —

Þó að fæ það, sem eptir áætlun þessari þarf til að koma búnaðarskólunum á fót, verði nokkuð meira, en stjórnin virðist að hafa

gjört ráð fyrir, þá getur nefndin ekki efazt um, að stjórnin muni veita féð að láni í bráð, annaðhvort úr sjóði ríkisins, eða öðrum sjóðum, sem hún hefir hönd yfir, á móti tryggu veði í stofnununum sjálfum og árlegri leigu og afborgun lánsins, er jafnist á landsmenn eptir þeim reglum, sem frumvarpið ákveður. Hér er heldur ekki um önnur úrræði að tala, á meðan landið hefir ekki fengið fjárhag sinn aðskilinn, og þegar engir þeir sjóðir eru til, sem verði vísað á, að taka féð úr. Á þá uppástungu stjórnarinnar getur nefndin ekki fallizt, að verja megi búnaðarsjóðum amtanna til þessa augnamiðs. Nefndin ætlar, að það liggi mikið beinna við, og nær tilgangi sjóða þessara, að styðja búnaðarlegar framfarir hér á landi með verðlauna loforðum, styrk handa efnilegum en fátækum mönnum til að ganga á búnaðarskólana o. s. frv., heldur en að verja þeim nú þegar, til að koma stofnunum þessum á fót.

Þó að hið konunglega frumvarp gefi ekki tilefni til að ræða um fyrirkomulag búnaðarskólanna, þá ætlar nefndin það sé vel til fallið, að þingið kveði upp um það álit sitt, þeim til leiðbeiningar, er kvaddir verða til að gjöra þær ákvarðanir, sem þörf er á um stjórn og fyrirkomulag skólanna. Nefndin verður nú að vísu að játa, að það væri mjög æskilegt, ef þeir menn fengist til að taka að sér stofnanir þessar, sem gætu veitt þeim fulltryggjandi forstöðu, en væru á hinn bóginn færir um, að veita alla þá verklega og bóklega kennslu, sem þörf er á. En slíkir menn eru mjög sjaldgæfir, er hafa alla þá hæfilegleika, sem hér til útheimast; fyrir því leyfir nefndin sér að láta í ljósi þá meiningu sína, að það mundi verða affarasælla og meira tryggjandi, að fá einhverja valinkunna bændur, sem þekktir væri að dugnaði, hyggindum og framtakssemi til að takast forstöðu búnaðarskólanna á hendur; en hér af flýtur það, að gjöra verður slíkum mönnum að skyldu, að sjá skólanum fyrir áreiðanlegum manni, sem sé fær um að annast þá verklegu og bókfræðiskennslu, sem skólarnir eiga að veita. Með því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á, mundi fást næg trygging fyrir því, að skólarnir svöruðu til síns augnamiðs, að því leyti sem þeir eiga að vera fyrirmyndarbu og kennslustiptun fyrir bændur (Mönster-gaarde og practiske Dannelses-Anstalter for Landmænd).

Um hina innri stjórn og fyrirkomulag búnaðarskólans ætlar nefndin, að ekki sé þörf á að fjölyrða að þessu sinni; hún verður nefnilega að byggja á því, að stjórnin muni fallast á þá breytingu nefndarinnar við hið konunglega frumvarp, að amtmönnunum,

ásamt tilkvöddum valinkunnum mönnum, verði í stað dómsmála-stjórnarinnar falið á hendur að semja reglur um stjórn og fyrirkomulag skólanna, hverjum í sínu amti; og þegar landsmönnum sjálfum gefst á þenna hátt kostur á að hafa hönd í bagga með um stjórn og fyrirkomulag skólanna, þá verður nefndin að treysta því, að þessu verði hagað eptir því sem bezt á við á hverjum stað. Hér nægir einungis að taka það fram, að nefndin hefir í uppástungum sínum gjört ráð fyrir svo riflegu fjárframlagi frá landsmanna hendi, handa stofnunum þessum, að hún ætlar það sé fullaðgengilegt fyrir hvern mann, að taka þær að sér og veita þeim forstöðu. Því nefndin gjörir ráð fyrir, eins og bent hefir verið á hér að framan, að ekki verði teknir til að standa fyrir búnaðarskólunum aðrir en þeir, sem þekktir eru að framúrskarandi dugnaði, hyggindum og framtakssemi; því reynslan mun sanna það, að viðgangur og framför búnaðarskólanna með framtíðinni verður einungis komin undir því, að öllum búnaði þeirra verði haldið í sem fullkomnustu og beztu ásigkomulagi,

Hvað þær jarðir snertir, sem amtmennirnir hafa bent á í álitsskjölum sínum til stjórnarinnar, að væri hæfilegastar til að stofna á búnaðarskólana, þá sinnur nefndin sér skylt, að fara um það nokkrum orðum, eptir að hún hefir leitað álits kunnugra manna í því tilliti. Nefndin leyfir sér þá að taka það fyrst fram, að þegar velja skal jarðir undir búnaðarskólana, er áriðandi að hafa þetta þrennt fyrir augum sér; fyrst að jörðin geti þegar á fyrsta ári gefið af sér nægilegt fóður handa öllum kvikfænaði skólans, en sé að öðru leyti hæg og ekki umfangsmikil; því sé jörðin stór, og hafi í sér fölgna ýmislega og máske sundurleita bjargræðisútvegi, þá er hætt við, að áhugi og kraptur skólaforstöðumannsins dragist of mjög að hinu einstaka, en frá því sem er skólans aðalmark og mið. Þar næst ætti jörðin að veljast sem hæfilegust fyrir allar þær jarðyrkjutilraunir, sem líkur eru til, að reyndar yrðu hér á landi. Og í þriðja lagi álitur nefndin það mjög vel tilfallið, að skólarnir stæði sem næst miðju hvers amts, eður þar sem landsmönnum væri einna hægast að ná til þeirra og kynna sér allt verklag í skólanum, bústjórn og jarðræktartilraunir. Heimsfæri nú nefndin þessa hæfilegleika til þeirra jarða, sem amtmennirnir hafa stungið upp á, þá virðist henni, hvað Suðurumdæminu við vikur, að eigi sé kostur á líklegri jörð en þeirri, sem amtmaðurinn hefir til nefnt, nefnilega Lágafelli í Kjósarsýslu. Amtmaðurinn í Vesturumdæminu hefir

stungið upp á jörðunum Reykhólum eður Bjarnarhöfn, og þó nefndin játi, að jarðir þessar hafi marga góða kosti til að bera, þá ætlar hún, að þær séu of umfangsmiklar og að sumu leyti óhentugar, til að stofna á þeim búnaðarskóla í þeim stíl, sem hér er gjört ráð fyrir. Nefndin leyfir sér því, að benda á jörðina Ytri-Rauðamel í Hnappadalssýslu, sem hún álitur eptir eigin kunnugleika, og annara sögusögn, betur lagaða til þessa augnamiðs, en báðar hinar jarðirnar. Hvað Norður- og Austurumdæmið snertir, þá álitur nefndin að vísu jörðina Breiðumýri í Þingeyjarsýslu, sem amtmaðurinn hefir stungið upp á, að sumu leyti allvel fallna til búnaðarskólastofnunar; en hér er sá annmarki á, að jörðin mundi naumast geta framfleytt skólabúinu af eigin rammleik. Nú ætlar nefndin, að Norður- og Austuramtsbúar mundu vilja auka heldur skóla sinn en minnka þegar fram líða stundir og þeim yxi fiskur um hrygg, og þá ræki að því, að skólajörðin gæti ekki borið stofnun þá, sem hér ræðir um. Þess vegna leyfir nefndin sér að benda á aðrar jarðir, sem hún álitur hentugri og betur samsvarandi tilganginum; það eru jarðirnar Munkaþverá í Eyjafirði, eða amtmannssetrið Möðruvellir í Hörgárdal; báðar þessar jarðir eru opinber eign og hin mestu höfuðból; liggja þær sem haganlegast fyrir alla amtsbúa, og hafa flesta þá kosti til að bera, sem slíkar jarðir þurfa að hafa.

Þessu næst snýr þá nefndin sér að hinu konunglega frumvarpi og þeim breytingum, er hún ætlar að gjöra þurfi á hinum einstöku greinum þess.

Við 1. gr.

Í þessari grein er svo ákveðið, að »jafnskjótt og því verði viðkomið» o. s. frv. Þetta þykir nefndinni mega skilja svo, sem skjóta megi stofnun búnaðarskólanna á frest um óákveðinn tíma, en það finnst nefndinni þörf á að fyrirbyggja, því henni þykir mjög áriðandi, að sem bráðastur bugur verði undinn að framkvæmd þessa máls, því hún ætlar, að lengri dráttur í þessu efni, verði einasta til að draga úr þeim áhuga, sem ætla má að vaknaður sé hjá almenningi á málinu. Í annan stað þykir nefndinni ekki nógu nákvæmt ákveðið í greininni, um ætlunarverk búnaðarskólanna, og um kennslu þá, er þeir eiga að geta veitt; vill nefndin að þetta sé ákveðið nokkru skýrar, og hefir því gjört litlar orðabreytingar í þessa stefnu. Hinar aðrar breytingar við greinina eru að eins ómerkilegar orðabreytingar, sem ekkert er athugavert við.

Við 2. gr.

Ákvarðanirnar í þessari grein getur nefndin með engu móti aðbyllt; því fyrst er það, að dómsmálastjórnina hlýtur að skorta nægan kunnugleika á hinu sérstaklega ásigkomulagi þessa lands, og sem er svo einkar áriðandi, að þeir menn hafi, sem semja eiga ákvarðanir þær og reglur, sem gilda eiga fyrir búnaðarskólana. Í annan stað álitur nefndin, að þar sem landsmenn sjálfir eigi að bera öll þau útgjöld, sem af stofnunum þessum leiða, þá eiga þeir að hafa fullan atkvæðisrétt um stjórn og tilhögun þeirra. Það mundi og verða búnaðarskólunum til stórs hagnaðar, að þeir menn, sem vel þekkja til landbúnaðarins hér á landi, séu kvaddir til ráðaneytis um stofnun þeirra og fyrirkomulag; því við það mundi styrkjast traust almennings á stofnunum þessum, auk þess, sem það mundi vekja og glæða áhuga almennings á málinu sjálfu. Nefndin leyfir sér því, að leggja það til, að önnur grein hins konunglega frumvarps sé felld, en að í staðinn komi ný grein þannig hljóðandi: Amtmönnum er á hendur falið, hverjum í sínu umdæmi, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir og reglur, um stjórn og skipulag skólanna; skulu þeir kveðja sér til ráðaneytis fjóra menn: 2 þjóðkjörna alþingismenn, 1 mann jarðyrkjufróðan, og 1 reyndan og bygginn búmann.

Við 3. gr.

Í áætlun nefndarinnar hér að framan er gjört svo ráð fyrir, að til þess að koma búnaðarskólunum viðunanlega á fót, þurfi að minnsta kosti fyrir hvern skóla 4090 rd. Þegar nú gjört er ráð fyrir, að stjórnin útvegi þetta fæ að láni mót fulltryggjandi veði í eignum skólanna og 6% í árlega leigu og afborgun skuldarinnar, þá verður það, sem hver skóli þarf að leggja til á ári 246 rd. En hér við er athugandi, að þessi útgjöld, hvíla á skólunum að eins í bráð, því nefndinni telst svo til, að á tæpum 28 árum verði lánuinu lokið með þessu fyrirkomulagi, og fellur þá tæð útgjaldagrein alveg í burtu. En fremur gjörir nefndin ráð fyrir, að til árlegra umhóta á jarðyrkju-áhöldum skólanna, og launa handa forstöðumönnum þeirra, þurfi fyrir hvern skóla árlega í hið minnsta 254 rd. Verða þá hin árlegu útgjöld hvers skóla 500 rd. Nú er svo ákveðið í 3. gr. frumvarpsins, að gjaldi þessu skuli jafna niður á allar jarðir í hverju amti þannig, að 1 sk. greiðist af hverju jarðarhundraði. Fæst með þeim hætti í Norður- og Austurumdæminu 394 rd. 24 sk.

Vesturumdæminu 213 rd. 7 sk. og í Suðurumdæminu 296 rd. 36 sk.; vantar því ærið mikið til, að þessi tekjugrein hrökkvi fyrir hinum árlegu útgjöldum skólanna; leyfir nefndin sér þess vegna, að stinga upp á, að gjald þetta sé hækkað allt að þriðjungi, svo að 1½ sk. greiðist af hverju jarðarhundraði. Með þeim hætti mundi fást í Norður- og Austurumdæminu 590 rd. 44 sk. í Vesturumdæminu 319 — 58 — í Suðurumdæminu 443 — 82 — þegar nú gjört er ráð fyrir, að hvert amt beri sína stofnun, þá vantar í Vesturamtinu 180 rd. 38 sk. og í Suðuramtinu 56 — 14 — til þess að tekjur þessar hrökkvi í bráð fyrir útgjöldum skólanna. Hér er því um tvo vegi að velja, annaðhvort, að búnaðarskólarnir í þeim tveimur ömtum, sé hafðir í þeim mun minni stíl, sem þessu nemur, er á vantar, að tekjur þeirra hrökkvi fyrir útgjöldunum, eða að skotið sé til því, er á brestur úr jafnaðarsjóði hvers amts, og sýnist nefndinni bezt til fallið, að amtsbúar sjálfir eigi valið í þessu efni.

Við 4. gr.

Nefndinni virðist óþarfi, að vikið sé frá ákvörðunum þeim, sem gilt hafa um tolla þá, er lagðir hafa verið á jarðeignir hér á landi, að þegar leiguliðum er gjört að skyldu, að greiða gjöld þessi, þá eiga þeir að fá þau aptur endurgoldin hjá landsdrottni (sbr. opið br. 18. júlí 1848). Gjöld þau, sem hér ræðir um til búnaðarskólanna, eru líka þess eðlis, að það eru eigendur jarðanna, en ekki ábúendur, sem eiga að bera þau; því það liggur í augum uppi, að verði búnaðarskólarnir að tilætluðum notum, þá eru það jarðeigendurnir sem hafa mestan hagnaðinn af vaxandi jarðarrækt og þar af leiðandi blómgun landsins. Mælikvarði sá, sem miðað er við í frumvarpinu, nefnilega hundraðatal jarðanna, væri líkamjög svo óeðlilegur og ósanngjarn, ættu leiguliðarnir að greiða gjaldið, því það vita allir, að auður og velmegun hér á landi fer ekkieptir hundraðatali jarðanna, og er það einatt, að sárfátækur maður býr á 20 hndr. jörð, en aptur vefnaður á 5 hndr. koti. Vegna þessa hefir nefndin bætt þeirri ákvörðun inn í greinina, að ábúandi fái búnaðarskólagjaldið endurgoldið hjá eiganda eða umboðsmanni.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sér, að stinga upp á fylgjandi breytingum við hið konunglega frumvarp.

Við 1. gr.

Þessi grein orðist þannig: Sem allrafyrst skal stofna búnaðarskóla, einn í umdæmi hverju; skólar þessir eiga að vera fyrirmynd í alls konar búnaði, jarðyrkju- og kvikfjárrækt; svo skulu þeir og veita mönnum verklega og bókræðislega kennslu í öllum þessum greinum.

Við 2. gr.

Þessi grein falli burtu, og komi önnur grein í staðinn svo hljóðandi: Amtmönnum er á hendur falið, hverjum í sínu umdæmi, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir og reglur um stjórn og skipulag skólanna; skulu þeir kveðja sér til ráðaneytis fjóra menn, 2 þjóðkjörna alþingismenn, 1 mann jarðyrkjufróðan, og 1 reyndan og hygginn búmann.

Við 3. gr.

- a, á eptir orðinu »skal« bætist inn í: *»fyrst um sinn«*.
- b, á eptir orðunum »í því amti« bætist inn í: *»í mesta lagi«*.
- c, í staðinn fyrir »1 skilding« setjist: *»1½ skilding«*.
- d, á eptir orðinu »jarðarhundrað« setjist: *»eptir hinni nýju jarðabók«*.

Við 4. gr.

- a, á eptir orðunum »jarðar hverrar« setjist: *»gegn endurgjaldi frá eiganda eður umboðsmanni«*.
- b, á eptir »manntalsþingum« setjist: *»ár hvert«*.

Reykjavík, 22. júlí 1863.

Jón Sigurðsson, Indriði Gíslason. Jón Guðmundsson.
form. og framsögum.

Á. Einarsson.

Arnlfótur Ólafsson,
með hliðsjón til míns ágreiningsatkvæðis.

Eg er samnefndarmönnum mínum samþykkur um þrjár hinar fyrstu greinarnar, en greini að eins á við þá um hina fjórðu greinina. Eg er að vísu á því, að rétt sé að vikja svo frá konungsfrumvarpinu að láta gjaldið liggja á eiganda en eigi á ábúanda, og bæta því inn í greinina orðunum: »gegn endurgjaldi frá eiganda«; en þá vil eg undanskilja allar lénskirknajarðir og þann hluta bændakirknajarðanna, sem er kirkjuhluti að réttu lagi, og prestsmata er goldin af, eður bænhestollur af þeim jörðum, er bænhus hefir á staðið. Þetta er samkvæmt allri löggjöf vorri, þar til hið opna

bréf 1. apríl 1861 um endurgjald jarðamatskostnaðarins kom í ljós, er þingið hefir eigi unað við. Nú er það álit mitt í einfaldni fram borið, að vér eigum eigi að æskja eptir þeirri setning í lögnum, er oss hefir þótt og þykir enn óhafandi, þá er hún kemur frá stjórninni, sem er að leggja gjöld á lénskirknajarðir, á prestsskyld í heimalandi bændakirkna og á prestsskyld í þeim bændajörðum öðrum, er prestsmata eður bænhústollur og önnur samkynja gjöld eru af greidd. Þá þykja mér og orðin »eður umboðsmanni« óhafandi og vil eg þau úr fella, því þau eru svo tvíræð í alla staði. Það er fyrst, að orðið umboðsmaður grípur yfir alla þá menn, er hafa opinberar jarðir að umboði, hvort sem jarðir þessar heldur eru kallaðar konungsjarðir, kirkjujarðir, spítalajarðir, fátækrajarðir, gjafajarðir til ýmsra annara stofnana og fyrirtækja eður lénsgjarðir; það annað, að eigi er tiltekið hvort heldur eigandi eður umboðsmaður skuli borga æfinlega og alstaðar eður hvenær hvor þeirra, og hver skuli skera úr því, hvort eigandi eður umboðsmaður skuli gjalda. Eg fæ eigi séð, að neitt sérlegt sé á móti grein frumvarpsins, að ábúandi skuli gjalda þenna toll endurgjaldslaust, því segja má að hann hafi hag af endurbótum landbúnaðarins, svo er það og kunnugt, að landeigendur gjalda landsetum sínum allviða eigi aptur alpingistoll af ábúðarjörðum þeirra. En þetta geta umboðsmenn opinberra jarða eigi gjört. Verður því ágreiningsatkvæði mitt á þessa leið, að fyrir aptan orðin »ár hvert« í 4. gr. bætist:

1. »þó eru undan þegnar gjaldi þessu allar lénskirknajarðir og sá hluti bændakirknajarða og annara bændajarða, er prestsmata, bænhústollur eður aðrar slíkar iskyldir eru af greiddar« — og að
2. orðin: »eður umboðsmanni« verði úr felld.

Arnþjótur Ólafsson.

Atkvæðaskrá

í málinu um að nota vexti Thorchillisjóðs (sbr. bls. 169).

1. Breytingaratkvæði *B. Sveinssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar (4., 8. og 11. tölul.).

Að í stað þeirra verði sett:

Að hann mildilegast veiti árlegan styrk, að minnsta kosti 400 rd., sem ásamt með árlegum vöxtum af þeirri inn-

stæðu sjóðsins, sem hann nú hefir fyrirbyggjandi, verði hið allrabráðasta varið til þess að stofnsetja skóla í Kjalarnesþingi, samkvæmt gjafarans ákvörðun og augnamiði, og að stiptamtanninum og byskupinum á Íslandi verði falið á hendur, ásamt með 3 mönnum sem þeir kysu sèr til aðstoðar, að semja reglugjörð fyrir skóla þenna, og skipa nákvæmar um allt fyrirkomulag hans (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 10).

(Samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu voru þá sjálfvallnir 2—12, A inclusive).

2. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (4. tölul.),

a, að orðin »*fyrst um sinn*« falli burt.

b, að endir sömu greinar »*til uppeldis — Kjalarnesþingi*« falli burt.

3. Breytingaratkvæði *P. Péturssonar* við sama tölul.

að fyrir »*1,000 rd.*« verði sett: » $\frac{2}{3}$ þortum«.

4. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að hann allramildilegast skipi svo fyrir, að byrjað verði þegar að ári að verja fyrst um sinn 1,000 rd. árlega af vöxtum Thorchillisjóðsins, samkvæmt tilgangi gjafarans, til uppeldis og uppfræðingar hinum fátækustu og bágstöddustu börnum í Kjalarnesþingi.

5. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við 2. niðurlagsatr. nefndarinnar (8. tölul.):

Að fyrir þessa 1,000 rd. verði fyrsta árið byggt barnaskólahús á einhverri hentugri jörð (t. a. m. Hausastöðum), er stiptsýfirvöldin þar til útvega, og síðan stofnaður þar skóli fyrir 15—20 fátækustu og bágstöddustu börn í Kjalarnesþingi, er þess geta orðið aðnjótandi samkvæmt ákvörðunum gjafabréfsins, og skulu allir hreppar hafa rétt til að koma slíkum börnum í skólann eptir rætttri tiltölu við fólksfjölda þeirra.

6. Breytingaratkvæði *P. Péturssonar* við sama tölul.:

Að fyrir »*1,000 rd.*«, verði sett: » $\frac{2}{3}$ parta«.

7. Breytingaratkvæði *Br. Jónssonar* við sama tölul.:

Að í stað orðanna: »að rætttri tiltölu við fólksfjölda þeirra á ári hverju«, komi: »að rætttri tiltölu við fjölda þeirra ófermdra barna, í hverjum hrepp, sem náð hafa 5 ára

aldri, og sem hlutaðeigandi prestur og hreppstjóri á ári hverju álíta, einkum fátæktar vegna, fyrimunað sómasamlegt uppeldi og uppfræðing.

8. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að fyrir þessa 1,000 rd. verði keypt börnum þeim í Kjalarnesþingi hinu forna, sem þess geta orðið aðnjótandi, samkvæmt ákvörðunum gjafabréfsins uppeldi og uppfræðing, eptir því sem peningarnir vinnast til; en peningunum sé skipt á milli hreppanna að réttu tiltölu við fólksfjölda þeirra á ári hverju,

9. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við 3. niðurlagsatr. nefndarinnar (11. tölul.):

Stiptamtmaninum og byskupinum yfir Íslandi skal, sem *executoribus testamenti*, falið á hendur ásamt með þrem mönnum, er þeir kveðja sér til aðstoðar, að semja reglugjörð fyrir skóla þenna, og skipa nákvæmar fyrir um allt fyrirkomulag hans.

10. Breytingaratkvæði *P. Péturssonar* við sama tölul.:

Að orðin „*eptir uppástungu prófastsins*“ falli burt.

11. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:

að þriggja manna nefnd verði að vori komanda skipuð hér í Kjalarnesþingi, til að annast um skiptingu peninganna og framkvæmd þess, að tilgangi gjafabréfsins verði fullnægt, og sé prófasturinn í Kjalarnesþingi sjálfkjörinn forseti nefndarinnar, en hina tvo nefndarmenn nefni stiptsyfirvöldin til, eptir uppástungu prófastsins.

12. Viðauka-atkvæði *Jóns Guðmundssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar:

A. Að þingið, í gegnum forseta sinn, feli núverandi *executoribus testamenti* að láta þessum uppástungum (nefndarinnar) verða framgengt samkvæmt þeim myndugleika sem sjálft gjafabréfið og þar að lútandi stjórnarúrskurðir hafa veitt þeim.

B. Að þingið biðji konunginn allraþegnsamlegast, að hann mildilegast hlutist til um:

a, að þeir 7 – 8000 rd., sem töpuðust Thorehillisjóðnum undir umsjón yfirstjórnenda hans í Danmörku á árunum 1800—1812 verði útvegaðir og endurgoldnir sjóðn-

um að fullu og það ef mögulegt er með fullum vöxtum (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8).

Þ, að það fè, sem ráðherrastjórnin varði og veitti úr Thorchillisjóðnum á árunum 1846—52 til styrktar íslenskum jarðyrkjumönnum, verði honum endurgoldið sem fyrst, með rentum og renturentum frá veitingardegi þessa fjár (samþykkt með 14 atkvæðum gegn 3).

13. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Fellt með 11 atkvæðum gegn 8).

Þegar þingmenn komu á þingsalinn 28. júlí setti forseti ekki fundinn heldur ávarpaði þingmenn þannig :

Yður er það kunnugt, háttvirtu alþingismenn! að með póskipinu sem kom hingað í gær, hefir borizt hingað fregnin um fráfall hans konunglegu tignar, erfðaprinsins til Danmerkur, Friðriks Ferdínands. Þó eg því hafi sett upp dagskrá til dagsins í dag, vil eg — samkvæmt því, er til talast hefir milli mín og nokkurra af yður — leyfa mér að stinga upp á, að þingið votti hluttekning sína í sorg konungsins og hirðarinnar yfir þessum alvarlega atburði með því að fresta til næsta dags umræðu þeirra mála sem á dagskránni standa.

Jón Guðmundsson: Eg verð að lýsa yfir, að mér finnst þessi uppástunga hins háttvirta forseta vel til fallin í alla staði, og að það sè í öllu tilliti samboðið þegnlegri lotningu þingsins fyrir vorum mildasta konungi og konungsættinni í Danmörku, að þingið láti með þessu móti koma fram hluttekning sína í þessu fráfalli hins konunglega höfðingja, fōðurbróður sjálfs konungs vors.

Konungsfulltrúi: Eg skal út af umræðum hins heiðraða alþingisforseta og varaforseta leyfa mér að lýsa gleði minni yfir þeim góða takt og þegnsamlegu hlutdeild, sem þingið hēr leggur fram, út af þeim sorgaratburði sem hēr er orðinn fyrir konungsættinni í fráfalli hins háðæla konunglega höfðingja, erfðaprins Ferdínands, og getur vorum allramildasta konungi ekki annað en verið það þóknanlegt, að alþingi Íslendinga, eins og það hēr gjörir, lætur í ljósi sína lotningarfullu hluttöku.

29. júlí — átjándi fundur.

Nefndarálit

í málinu um laun hreppstjóra (sbr. bls. 126).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að segja álit vort um bænarskrá frá Borgfirðingum um laun handa hreppstjórum. Í bænarskrá þessari er stungið upp á ýmsu til að launa hreppstjórum með. Eitt er það, að aukatekjureglugjörðin sé endurbætt að því leyti hún snertir hreppstjóra; annað það, að hver hreppstjóri fái konungstíundina í sínum hrepp og tíund undir 5 hndr. eður öreigatíundina; í þriðja lagi, að hreppstjórar fái hæfilega þóknun úr sveitasjóði, og í fjórða lagi, að þeir fái sanngjarna þóknun úr opinberum sjóði frá 20 til 60 rd.

Vér nefndarmenn höfum ihugað þetta mál, og leyfum oss nú að kveða upp álit vort á þessa leið:

Það er nú viðurkennt fyrir löngu af yfirboðnum og undirgefnum, að hreppstjórar væru maklegir þess að fá laun, og því getur enginn neitað. Störf þau, sem liggja á hreppstjóranum eru svo umfangsmikil, að ómögulegt má virðast fyrir ólaunaðan mann að geta leyst þau af hendi, eður geta gegnt öllum þeim skyldustörfum, sem honum eru á herðar lögð í hreppstjóra-instrúxinu 24. nóvbr. 1809, og eldri og yngri lagaboðum. Því eigi hreppstjórinn að geta gegnt köllun sinni, bæði með bréfaskriptir, skýrslur og hreppastörf öll, hefir hann litinn tíma afgangi til að gegna heimilstörfum; hann verður að vera svo að segja á sífelltri ferð og flugi fram og aptur um hreppinn; en hreppar eru opt mjög viðlendar. Það er einkum eitt atriði, sem oss finnst að gjöri það óumflýjanlegt að hreppstjórar fái þóknun fyrir starfa sinn, og það er það, að þegar hreppstjórar eru búnir að vera við hreppastörf í 3 ár, þá segja þeir af sér, og svo kemur allt af nýr og nýr, og við það missa hrepparnir gjörsamlega alla festu og samkvæmni og afl í góðri sveitastjórn, með því að hreppastörfin verða ætíð viðvaningsleg, en fá ekkert verulegt áframhald í gagnlegum og góðum fyrirtækjum; en væru hreppstjórar launaðir, mundu þeir miklu síður fara frá sýslu sinni svona eptir 3—4 ár. Nefndin verður því að fallast á þá skoðun í bænarskránni, að það sé bæði æskilegt og nauðsynlegt, að bætt sé kjör hreppstjóra, og að þeir eigi rétta heimtingu á launum. En til þess að skoða þetta mál betur, og til þess að komast að fastri niðurstöðu um, hvaðan launin skuli taka

Þá hlýtur nefndin að athuga, hvernig störfum og embætti hreppstjóra er háttað og hver breyting hefir orðið á þeim frá því til forna. Kunnugt er að hreppstjórar hafa nú tvenns konar embætti á hendi; annað er stjórn fátækramála í hreppnum, hitt að vera þar réttar- og lögregluþjónn, og er hinn mesti munur á þessum tveim embættum. Meðan hreppstjórar voru að eins eður mestmegnis stjórnendur fátækra mála, (sjá Grág. II, 171—180 bls. um hreppaskil, og Jónsbók frfb. IX. k., rekab. X. k., landslb. XLVI. k.) var náttúrulegt eður sjálfsagt, að þeir fengi engin laun fyrir þann starfa sinn, því það var gagnstætt allri lagasetning í þá tíð, að gjalda laun af fê fátækra, með því að það fê var til guðs þakka lagið. Enda segir svo í Grág. II 144. bls.: »Sóknarmenn eru jafnskyldir at ala menn í hrepp ok gefa matgjafar sem aðrir menn«, og Jónsbók gjörir hér á enga breyting. En síðar er hreppstjórar voru gjörðir að lögregluþjónum, er einkum var gjört með instruxi þeirra 24. novbr. 1809, mátti álíta sjálfsagt, að þeir fengi laun fyrir þann starfa, enda stakk Konferenzráð Magnús Stephensen, sem var aðal-hvatamaður þessarar breytingar, upp á launum handa þeim í því skyni (sjá skýrslu nefndarinnar fyrir framan konungsúrskurð 21. júlí 1808, lagas. Ísl. VII. 193. bls.). En uppástunga þessi var óheppileg að því leyti hún bendir á nýjan skatt til launa handa hreppstjórum, enda var uppástungan eigi samþykkt í þeirri grein. Þó var hreppstjórum veitt eptir úrskurðinum skattfrelsi, og þeir undan þegnir að halda sveitarómaga og að leggja til sveitar; en þetta hið síðara var aptur tekið af þeim með konungsúrskurði 14. apríl 1819, er birtur er með kanselibréfi 24. s. m., og skattfrelsi þeirra var úþýtt svo með kanselibréfum 8. novbr. 1823 og 25. maí 1824, að hreppstjórar væri eigi undan þegnir að gjalda tíund til prests og kirkju, og því eru þeir einungis lausir við að gjalda til konungs, það er að skilja konungstíund, gjaftoll, skatt og lögmannstoll eptir úrskurðinum 21. júlí 1808. Einnig segir í kansbr. 11. júlí 1818, að hreppstjórar sê eigi undan þegnir sakamannakostnaði, er jafnað er niður á amtsbúa, sem þeim er þó heitið í 55.gr. instruxins, og munu þeir því greiða til jafnaðarsjóðanna, sem aðrir hreppsbandur.

Þess má geta, að til alþingis 1845 komu tvær bænaðarskrár um bót á kjörum hreppstjóra. Nefndin sem kosin var til að íhuga málið, stakk upp á, að launa þeim úr sveitasjóði, en þingið aðhylltist eigi þá skoðun, og féll því málið niður.

Þau hin einu föstu laun, er hreppstjórar hafa, er því skatt-

frelsi til konungs, og hinar einu aukatekjur þeirra eru fyrir störf þau, er þeir gjöra sem réttarins þjónar; en þeir hafa engin laun haft né hafa nú fyrir stjórn fátækramálefna eður hið eiginlega hreppstjórnarembætti sitt. Nefndin verður og að vera á því, að fátækrastrjórnin eigi skuli vera launuð, og það af þeim ástæðum, að það er bæði samkvæmt landslögum vorum og þeirri almennu borgaralegu skyldu, að ala fátæka menn og sjá þeim borgið á kostnað sveitarinnar. En aptur á móti finnst nefndinni full ástæða til að þeir fái laun sem lögregluþjónar, enda er það samkvæmt lögunum, og svo er það beinlínis í hag fyrir lögreglustjórnina, að hreppstjórar sé launaðir. Framkvæmdarskortur og veiklun lögreglustjórnarinnar hér á landi stafar að vorri hyggju að miklu leyti frá launaleysi hreppstjóranna, því þegar hreppstjórnarnir þakka sínum sæla fyrir að losast við hreppstjórnina, sem sannkallaðan kross og byrði, þá liggur í augum uppi, að þeir taki sér það eigi mjög nærri, þó amtmaður reki þá frá ráðsmennskuinni, svo niðurstaðan verður sú, að lögreglustjórnin (sýslumaðurinn) verður annaðhvort að láta sér nægja, hvort og að hve miklu leyti hreppstjórnin framkvæmir skipanir hans, eður þá að klagja hann fyrir amtmanni, er þá hefir, að minnsta kosti optast, einungis hið mikla vald, að losa hreppstjórnann við krossinn, er hann hefir nauðugur undir gengizt. Menn gæti látið sér detta í hug, að almenningi væri eigi svo mjög hugleikið að auka lögregluvaldið, en því fremur ætti landstjórninni að vera um það hugað; en hitt hlýtur hreppsþændum að vera annað um, að eiga góðan hreppstjóra, og meðan hin óeðlilega samsteypa á sér stað, að sami maðurinn er bæði fátækrastrjóri og lögregluþjónn, þá getur alþýðu manna eigi staðið á sama, hvernig hreppstjórum líður.

Nefndin íhugaði þessu næst, hvaðan taka ætti laun handa hreppstjórum, og var þá fyrst fyrir henni að athuga uppástungugreinir bærarskráarinnar, þar sem bærarskráin fer því fram, að bækkja aukatekjureglugjörðina 10. septbr. 1830 að hálfu hreppstjórnanna, þá hlýtur nefndin að leiða það hjá sér, án þess þó að ákveða nokkuð um það, hvort slíkt væri í sjálfu sér tiltækilegt eður eigi, og það af þeirri ástæðu, að skyldi breyta 8. kap. í aukatekjureglugjörðinni, þá yrði að breyta henni allri, en það getum vér eigi álitíð að sé verkefni nefndarinnar. Nefndin verður að vera því gjörsamlega mótfallin, að hreppstjórar fái konungstíundina hver í sínum hrepp, því fyrst er það, að sýslumenn sumir

fá hana í laun sín, og yrði þá að endurgjalda þeim hana aptur úr rikissjóði, og í annan stað yrði þá svo mikill munur á launum hreppstjóranna, án þess að það færi nokkuð eptir örðugleikum hreppsins og fyrirhöfn og vanda hreppstjóranna, með því að í sumum stórum hreppum er konungs tíund næsta lítil, og á Vestmannaeyjum engin. Þá er og nefndin því öldungis mótfallin, að hreppstjórar fái öreigatiundina, bæði af því, að launin koma ójafnt niður og þó einkum af hinu, að það er sama sem að launa þeim úr sveitarsjóði; en það álitur nefndin gagnstætt eðli hlutarins sjálfs og svo landslögum, að launa lögregluþjónum af fátækrafjö. En aptur á móti verður nefndin að aðhyllast þá uppástungu bænarskráarinnar, að hreppstjórar fái hér eptir sanngjarna þóknun úr opinberum sjóði frá 20 til 60 rd. eptir örðugleika hreppanna. Nú eru 168 hreppar á landinu, og verði hverjum hrepp veittir 40 rd. að meðaltali, þá verður upphæðin 6720 rd. og er það minna en launabót embættismannanna sú hin síðasta. Af ástæðum þeim, sem áður eru teknar fram, þykir nefndinni sjálfsgagt, að laun hreppstjóranna sé greidd úr rikissjóðnum, því þótt opið bréf 24. novbr. 1856 hafi svona og svona slengt kostnaði af framsýlgd verzlunarláganna upp á jafnaðarsjóðina, þá hlýtur nefndin að álita það þá reglu eður óreglu, er forðast ætti sem heitan eldinn, og um aðra opinbera sjóði er hér eigi að tala.

Nefndin vill því ráða þinginu til, að senda konungi vorum þá bænarskrá:

Að hans hátign allramildilegast vilji fyrst um sinn veita hreppstjórum sem lögregluþjónum frá 20 til 60 rd. þóknun úr rikissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þess konar málavöxtum.

Reykjavík, 25. júlí 1863.

A. Ólafsson. J. Pálmason. St. Eiríksson. M. Andrèsson.
form. og framsögum. skrifari.

J. Hjaltalín.

Atkvæðaskrá

í málinu nm jarðamatskostnað kirknajarða.

1. Breytingaratkvæði *Arnþjóts Ólafssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar:

Að fyrir orðin: »hlutaðeigandi prestum« verði sett: »prest-um og öðrum hlutaðeigendum« (samb. með 20 atkv.).

2. Niðurlagsatriði *nefndarinnar* (lagað af nefndinni sjálfri):

Að hlutaðeigandi prestum hér á landi verði aptur endurgoldið úr ríkissjóði það, sem þeir greiða í jarðamatskostnað fyrir staði og jarðir þær, sem tilheyra kirkjum og prestaköllum; og eins það, sem goldið er í jarðamatskostnað fyrir þau jarðarhundrað, sem prestsmata hvílir á eður bænhestollur eður aðrar þessleiðis ískyldur til prestastéttarinnar (samb. með 21 atkv.).

3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samb. með 21 atkv.).

Atkvæðaskrá

í málinu um konungl. frumv. til tilsk. um búnaðarskóla á Íslandi.

(Nefnd: Jón Sigurðsson, Indriði Gíslason. Jón Guðmundsson. Ásg. Einarsson.
form. og framsögum. Arnljótur Ólafsson).

1. Breytingaratkvæði *nefndarinnar* við 1. gr. frumv.:

Þessi grein orðist þannig:

»Sem allrafyrst skal stofna búnaðarskóla, einn í umdæmi hverju; skólar þessir eiga að vera fyrirmynd í alls konar búnaði, jarðyrkju og kvikfjárrækt; svo skulu þeir og veita mönnum verklega og bókfræðislega kennslu í öllum þessum greinum« (samb. með 20 atkv.).

2. *Frumvarpsins* 1. gr.:

Jafnskjótt og því verður við komið skal stofna búnaðarskóla, einn í hverju af þeim 3 ömtum, sem eru á Íslandi, þar sem ungir menn geti fengið kennslu í jarðyrkju og kvikfjárrækt (fallin við 1. tölul.).

3. Breytingaratkvæði *nefndarinnar* við 2. gr. frumv.

Þessi grein falli burt, og komi önnur grein í staðinn svo hljóðandi:

»Amtmönnum er á hendur falið, hverjum í sínu umdæmi, að gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir og reglur um stjórn og skipulag skólanna; skulu þeir kveðja sèr til ráðaneytis fjóra menn, 2 þjóðkjörna alþingismenn, 1 mann jarðyrkjufróðan og 1 reyndan og hygginn búmann« (samb. með 21 atkv.).

4. *Frumvarpsins* 2. gr.:

Dómsmálastjórninni er á hendur falið að gjöra þær ákvarðanir, sem þörf er á, um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við hlutaðeigandi amtmenn (fallin við 3. tölul.).

5. *Breytingar- og viðauka-atkvæði nefndarinnar* við 3. gr. frumv.:

a, á eptir orðinu „skal“ bætist inn í: „fyrst um sinn“ (samþ. með 21 atkv.).

b, á eptir orðunum „í því amti“ bætist inn í: „í mesta lagi“ (samþ. með 19 atkv.).

c, í staðinn fyrir „1 skilding“ setjast: „1½ skilding“ (samþ. með 21 atkv.).

d, á eptir orðinu „jarðarhundrað“ setjast: „eptir hinni nýju jarðabók“ (samþ. með 20 atkv.).

6. *Frumvarpsins* 3. gr.:

Til að borga með kostnaðinn við búnaðarskóla hvers amts, skal jafna niður á allar jarðir í því amti 1 skilding á hvert jarðarhundrað (samþ. með áorðnum breytingum með 22 atkv.).

7. *Frumvarpsins* 4. gr.:

Gjald þetta greiðir ábúandi jarðar hverrar, og skal sýslumaður heimta það á manntalsþingum. Dómsmálastjórnin ákveður, hve nær fara eigi að heimta gjaldið í hverju amti (samþ. með 20 atkv.).

8. *Minni hluti nefndarinnar* (Arnlfótur Ólafsson), *breytingar-atkvæði* við tölul. 9, a.

Að orðin „edur umboðsmanni“ verði úr felld (felld með 11 atkv. gegn 7).

9. *Meiri hluti nefndarinnar*, *viðauka-atkvæði* við 4. gr. frumv., 7. tölul.:

a, á eptir orðunum „jarðar hverrar“ setjast: „gegn endurgjaldi frá eiganda edur umboðsmanni“ (felld með 12 atkv. gegn 10).

b, á eptir „manntalsþingum“ setjast: „ár hvert“ (samþ. með 16 atkv.).

10. *Minni hluti nefndarinnar*, *viðauka-atkvæði* við tölul. 9, b:

á eptir orðin „ár hvert“ bætist: „þó eru undanþegnar gjaldi þessu allar lénskirknajarðir og sá hluti bændakirknajarða og annara bændajarða, er prestsmata, bænhústollur

eður aðrar slíkar iskyldir eru af greiddar» (fallið við tölul. 9, a).

11. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samþ. með 16 atkv. gegn 2).

Bænarskrá

frá 11 mönnum í Mosfellssveit móti niðurskurði.

Með því vör höfum heyrt, að til alþingis þess, sem nú stendur, séu komnar bænarskrár helzt að norðan, að alþingi sjái um að sauðfè allt verði skorið niður í haust í Kjósar og Gullbringusýslu, og að jafnvel ýmsir bændur í Mosfellssveit, helzt þeir, sem fátt fè eiga eða svo sem ekkert, hafi gefið kost á slíku, því þykir oss skylt að láta hið heiðraða alþingi vita, að vör mótmælum harðlega öllum slíkum ráðstöfunum og viljum eigi dylja alþingi þess að vör erum ófáanlegir til að lóga sauðfè voru í haust, sem eigi gæti til annars leitt en óbætanlegs tjóns fyrir alla hlutaðeigendur. Vör viljum því biðja hið heiðraða alþingi vort, að það vilji sjá svo um að vör megum halda fè voru í fullum friði, og megum losast við allar niðurskurðar áskoranir.

Mosfellssveit dag 16. júlí 1863.

11 nöfn.

30. júlí — níjtjandi fundur.

Bænarskrá

frá menntamönnum í Kaupmannahöfn um meiri tryggingu fyrir veitingu embætta hér á landi þegar danskir menn sækja um þau.

Undirskrifaðir Íslendingar senda alþingismönnum kveðju guðs og sína.

Yður er kunnugt, háttvirtu alþingismenn, að það var fyrrum tíðkanlegt, að stjórnin veitti dönskum mönnum embætti á Íslandi, þó þeir kynni alls ekki eða skildi neitt í tungu vorri; þeim voru geymd hin beztu embættin, en Íslendingum, börnum landsins, voru leið hin lakari, sem hinir vildu ekki nýta. Fyrir réttlæti Kristjáns

konungs hins áttunda, og síðan fyrir framkvæmd alþingis höfum vér fengið þá rætting á þessum málum vorum, að sérhver danskur maður, eða útlendur, sem sækir um embætti á Íslandi, skuli sanna með prófi, að hann sé svo fær í málinu, að hann geti skilið, talað og ritað vora tungu. Hér er sett opinbert próf bæði skriflegt og munnlegt; hinum íslenzka háskólakennara í Norðurlandamálum er falið á hendur prófið, og tveir Íslendingar hafa þar að auki verið settir til prófdómenda með honum. Að forminu til höfum vér því fengið, eptir því sem hverjum má sýnast, fullt sjálfðæmi í máli þessu, en þó er svo komið með þeirri aðferð, sem nú er höfð, bæði á veitingum embætta á Íslandi, og á prófinu í íslenzku, að ef þessu fer fram, sem nú stefnir, má heita að öll sú trygging, sem konungur hefir veitt oss, og alþingi útvegað, sé horfin með öllu, og allt komið í hið gamla horf, nema að því leyti verra, að allt gjöræði í þessu efni er nú framið undir yfirskyni laga og réttinda.

Það er ekki langt síðan, að dönskum manni var veitt embætti á Íslandi með því skilyrði, að hann skyldi ganga þar undir próf, og að svo gjörðu skyldi hann fá veitingarbræfið, sem var fengið amtmanni til geymslu. En maðurinn lét amtmann geyma bræfið í náðum, og hélt sýslunni próflaust svo lengi sem hann vildi sjálfur, og þegar þetta var opinberlega kært á alþingi, var það mælt því til bóta, að menn gæti skoðað svo, sem þessi maður væri settur í embættið, en þar til væri ekkert próf heimtað. Nú fyrir skömmu hefir enn undarlegri aðferð verið höfð á sýsluveitingum. Norðurmúlasýsla varð laus fyrir tveim árum síðan, og skömmu síðar Suðurmúlasýsla. Um báðar sóttu jafnskjótt íslenzkir menn, sem voru órækir að lögum, en eigi að síður hafa embætti þessi verið látin standa óveitt, þar til settur var í annað danskur maður án prófs. Síðan hefir hitt verið veitt, sem skemur hefir staðið, dönskum manni, sem fám dögum áður hafði tekið hið íslenzka próf, en hitt embættið lítur út til að sé ætlað hinum setta próflausa manni, eptir að hann hafi lært íslenzku og tekið próf á sýslunnar kostnað. Þetta eru nú beztu sýslurnar, en hin þriðja næst þeim er líklega ætluð hinum þriðja manni dönskum, sem nýlega hefir aflókið prófi. Þær, sem þá verða eptir, geta verið handa Íslendingum, ef ekki kemur neinn danskur á undan, sem fær sig settan próflaust, og síðan tekur próf á sýslunnar kostnað, líkt eins og ef ungur maður væri settur í sýslu, þegar hann kæmi úr skóla, svo hann gæti á

sýslunnar kostnað numið lög, og fengið síðan embættið að laga-prófinu afloknu.

Hið annað, sem sviptir oss allri trygging í þessu máli, er aðferð sú, sem höfð er við prófið í íslenzku. Eptir samhljóða álit allra, eða vissulega svo að segja allra, sem heyrt hafa hið opinbera próf tvisvar sinnum, hefir því verið hagað svo, að það sýnir alls ekki, að hinn prófaði uppfylli þá kröfu, sem auðsjáanlega er miðað til af konungi, sem er, að embættismaðurinn sé þegar frá upphafi fær til hlítar í málinu, og geti gegnt embættisstörfum sínum hjálparlaust, svo hann þurfi engan meðalgöngumann milli sín og alþýðu. Vær getum ekki ímyndað oss annað, en að þetta komi af því, að prófdómendur leggi allan annan, og allan vægari skilning í konungs skipun 8. apr. 1844, og hinar síðari prófreglur, en þann, sem oss virðist eðlilegastur og réttastur, ef prófið á nokkra þýðing að hafa, sem vér þó að minnsta kosti ætlum að hafi verið vilji konungs og ósk allra Íslendinga. En sé svo, þá er það brýn nauðsyn, að fá tekin af öll tvímæli í þeirri grein, og í því skyni leyfum vér oss einnig að bera þetta mál fram fyrir hið virðulega þing, sem hefir bezt úrræði og fyllst atkvæði í þessu máli.

Það kann að vísu að virðast tvísýnt, hvort takast mætti að koma svo orðum að, hvað heimta skyldi til prófs, að það yrði með engu móti misskilið, ef menn leggja alla stund á að draga sem mest úr þýðingu þess, og gjöra það sem auðveldast. Eigi að síður treystum vér því, að alþingi muni heppilega takast þetta, þegar það er haft fast fyrir augum, að þó vér viljum að vísu alls ekki bola danska eða aðra útlenda menn frá embættum á Íslandi, einungis vegna þess, að þeir sé útlenzkir, þá er það á hinn bóginn augljós skylda vor við þjóð vora og föðurland, að sporna við því, að aðrir fái embætti með jafnrætti við landsins börn en þeir, sem með réttu geti heitið jafnsnjallir Íslendingum, eins og vér teljum þá Íslendinga jafnsnjalla Dönum, sem fá embætti í Danmörku. Annað eða minna en þetta er ekki jafnrætti. Að öðrum kosti viljum vér leyfa oss að benda hinum háttvirtu alþingismönnum á, hvert ekki væri hin vissasta trygging í að biðja um sérstakan fæðingjarétt handa Íslandi, svo að enginn danskur maður eða aðrir menn útlendir geti orðið þar embættismenn, nema þeim sé veitt jafnrætti til þess með samþykki konungs og alþingis.

Eptir að vér á almennum fundi með oss höfum rætt þetta mál, var það samþykkt í einu hljóði, að rita yður, háttvirtu alþingismenn,

bænarskrá um það, og biðja yður, samkvæmt skyldu yðvarri, að gæta þjóðernis vors og landsréttinda í þessu máli á þann hátt sem yður þykir best henta.

Það er því vor bæn til yðar, að þér veitið þessu erindi voru góðfúslega áheyrn, takið það til slutnings og til rannsóknar í nefnd, og ritið bænarskrá til konungs nú í sumar um þau atriði, sem einkum virðist vera nauðsyn á að ákveða máli voru til tryggingar, sem er einkum þetta.

1. Að próf verði á sama hátt og áður heimtað hëðan af í íslenzku af dönskum mönnum og öðrum útlendum til þess að verða settir í embætti á Íslandi, eins og til að fá veitingu fyrir því, svo að hvorki amtmenn, nè stjórnin sjálf megi hëðan af setja þessa menn til að þjóna embættum, nema þeir hafi gengið undir þetta próf.

2. Að öll tvímæli verði tekin af um það, að prófið sýni, að þeir, sem taka það sè nokkurn veginn jafnsnjallir Íslendingum að kunnáttu í málinu, svo að þeir sè einfærir um að gegna embættisverkum sínum sem þeim ber.

3. Og enn fremur leyfum vèr oss, að benda til þess, ef hin-
ar fyrri uppástungur ekki þykja nægilega tryggjandi, hvort alþingi þá ekki virðist nauðsyn til að biðja um sérstakan fæðingjarétt handa Íslandi, svo að engin danskur nè annar útlendur maður geti orðið þar embættismaður, nema því að eins, að honum sè veittur sá réttur með samþykki konungs og alþingis.

Guð allsvaldandi efli og farsæli alla yðar framkvæmd og ráð!

Skrifað í Kaupmannahöfn á Benidiktsmessu 11. júlí 1863.

20 nófn.

Við þessa bænarskrá var viðhaft nafnakall um það, hvort sérstaka nefnd skyldi kjósa í málinu.

Já sögðu:

Ásgeir Einarsson.
Helgi Hálfðánarson.
Indriði Gíslason.
Jón Guðmundsson..
Jón Sigurðsson.
Páll Sigurðsson.
Stefán Eiríksson.
Stefán Jónsson.

Nei sögðu:

Brynjólfur Jónsson.
Benidikt Þórðarson.
Arnljótur Ólafsson.
Benidikt Sveinsson.
Björn Pétursson.
Gísli Brynjúlfsson.
H. Kr. Friðriksson.
Helgi Thordersen.
Jón Hjaltalín.

Nei sögðu:

Jón Pálmason.

Jón Pétursson.

Magnús Andrèsson.

Páll Melsteð.

Pétur Pétursson.

Sveinn Skúlason.

Og var málinu þannig með 15 atkvæðum gegn 8 vísað frá sérstakri nefnd.

Þá var einnig leitað nafnakalls um það, hvort vísa skyldi málinu til stjórnarbótarmálsins nr. 1.

Já sögðu:

Benidikt Þórðarson.

Ásgeir Einarsson.

Benidikt Sveinsson.

H. Kr. Friðriksson.

Helgi Hálfðánarson.

H. G. Thordersen.

Jón Pálmason.

Jón Pétursson.

Jón Sigurðsson.

Magnús Andrèsson.

Páll Melsteð.

Pétur Pétursson.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Nei sögðu:

Brynjólfur Jónsson.

Arnljótur Ólafsson.

Björn Pétursson.

Gísli Brynjúlfsson.

Indriði Gíslason.

Jón Guðmundsson.

Jón Hjaltalín.

Páll Sigurðsson.

Og var þá bænarskránni með 15 gegn 8 atkvæðum vísað til stjórnarbótarnefndarinnar nr. 1.

Uppástunga

varáþingmanns Barðstrendinga um launabót handa prestum á Íslandi.

Þegar málefni hins lærða skóla var hér á þingi tekið til umræðu í hitt eð fyrra, duldist það engum, að ein af aðal-orsökum þess, hversu mjög að fækkuðu þeir, er í skólann gengi, væri sú, að prestaköllin í landinu væru svo launalítill, að tekjur þeirra stæðu

í engu viðunandi hlutfalli við kostnaðinn, er til þess þyrfti að geta lært í skólanum; þetta sýnir augljóslega hið nýja brauðamat, því eptir því eru það að eins 62 brauðin, er ná 300 rd. og þar yfir, en 118 eru minni, og af þeim 53 er ekki ná 200 rd. og enn af þessum eru 5 undir 100 rd. Það eru því ekki fá brauð, sem hafa minni árstekjur, en eins árs skólakostnaður er, og hlýtur þetta að hafa það í för með sér, sem nú er reynd á orðin, að fáir sæki skólann í þeirri von að verða prestar, en þetta horfir til vandræða, er nú þegar gjöra vart við sig, í því að bæði skortir presta og presta-efni; það er því auðsèn nauðverja, auk annara úrræða að vinda hinn bráðasta bug að því, að bætt verði brauðin til hlýtar. Að það ekki fyrir löngu er gjört, er nær undravert, þar sem stjórnin þó, nú fyrir rúmum 20 árum, sýndi sig líklega til að gjöra það, og það mál var hér á nefndarfundinum 1841, tekið til umræðu að hennar ráði. Að stjórnin um þær mundir kannaðist við skyldu sína, að sjá prestum hér fyrir sémilegu uppeldi, er ljós vottur konungsúrskurðurinn frá 14 júlí 1838, er fól stiptysfífvöldunum umráð yfir 1000 rd. árlega í 3 ár úr jarðabókarsjóðnum til útbýtingar meðal fátækra presta, auk þeirra 318 rd 72 sk. r. s. úr sama sjóði, er þau áður höfðu til útbýtingar, samkvæmt konungsúrskurði frá 12 maí 1579.

Hér er fljótt yfir að fara, embættismannanefndin 1841, og eins alþingin á eptir komu málinu um betrun á kjörum prestanna í svo öflugt horf, sem alkunnugt er, að stjórnin hætti við svo búið, og betrunin varð engin. Við þetta situr, nema hvað einstöku brauðum hefir verið steypt saman nú á seinni árum, til að bæta þau, en slík aðferð getur hér aldrei orðið sökum landslagsins að neinum verulegum bótum. — Að stjórnin eigi að bæta brauðin, það er ekki vafamál; hennar skylda er, að sjá oss borgið með embættismenn, alteins hina andlegu sem veraldlegu, og sjá þeim öllum fyrir sémilegu uppeldi, og á andlega stéttin einkum heimtingu á slíku, því frá henni tók stjórnin við siðaskiptin miklar eignir, þar sem klaustragózin voru. Þetta var nú að vísu ósjálfrátt stjórn þeirri sem vèr eigum nú, en þrátt fyrir það getum vèr ekki efazt um, að hún, sem í svo mörgu hefir reynzt oss vís og góð, og undir eins réttlát, muni einnig í þessu efni lita mildilega á þörfvora og og fylla hana, ef vèr að eins höfum djörfung og traust til að biðja hana um það. — Að sönnu er hér ekki um lítilræði að tala, eigi brauðin að verða svo bætt, að viðsæmandi sè, en það tel eg ekki

viðsæmandi, að nokkurt prestsembætti í landi hér hafi minni árs-tekjur en 300 rd. En til þess að það geti orðið þarf ekki minna fé ár hvert en 8336-92 sk., þó ótalin séu öll þau brauð, er prestar nú frá öðrum brauðum þjóna, og eins þau, er saman gætu lagzt. Brauð þessi eru Stóridalur, Mosfell í Mosfellssveit, Kjalarnesþing, Reyniveilir, Kvennabrekka, Rafnseyri Álptamýri, Kirkjubólþing, Snæfjöll, Grunnavík, Staður í Hrútafirði, Mikligarður og Saurbær í Eyjafirði, Garður og Skinnastaðir í þingeyjarþingi; þetta eru 15 brauð, öll undir 300 rd. og sum langt undir, og hefi eg ekkert talið þeim til uppbótar. En hinum brauðunum til uppbótar, er ekki ná 300 rd. þarf, sem sagt er, þessa 8336 rd. 92 sk. — minna getur það ekki verið, og um það verðum vèr að biðja stjórnina — Eg vil því ráða hinu heiðraða alþingi til að biðja um, að *hans Hátign Konungurinn sem allra fyrst mildilegast veiti 8336 rd. 92 sk. úr ríkissjóði til að bæta með öll þau brauð á Íslandi, er samkvæmt brauðamatinu 1854 eru minni en 300 rd. og ekki verða bætt með samlagningu við önnur brauð.*

Reykjavík 27. júlí 1863.

Benidikt Þórðarson.

Bænarskrá

frá Kjósarhreppi um niðursknrð.

Eptir að við hreppstjórar höfðum meðtekið afskrípt af bænarskrá til alþingis frá almennum hreppsfundi að Hofi á Kjalarnesi, þann 13. júní næstl., þá fundnm við okkur knúða til að kalla saman fund að Káranesi í Kjós, 25. júlímánaðar. Á þeim fundi var þorri hreppsmanna til staðar, og varð fundurinn nærfellt í einu hljóði ásáttur um, að algjörður niðurskurður kæmist á í hreppnum með því skilyrði, að skorið verði suður á bóginn suður í Hafnarfjörð í hið minnsta, og á austursíðuna sýnist tilhlýðilegt að Háfjall ráði, og haft sé tillit til bæjanna í þingvallasveit, sem liggja fyrir vestan heiði, en hvað Borgarfjarðar síðuna áhrærir, vili fundurinn ekki fá sér til orða, hvort þessi grunaði partur Borgarfjarðarsýslu sker eða ekki sker, jafnvel þó það væri æskilegt, að sá partur stæði ekki eptir sem einstaklingur; en einungis verður aðalskilyrðið, að við allir innan þessara skurðar-vebanda fáum næga og öflugga varðtryggingu á allar síður, með nægum mönnum, sem borg-

að sè úr þeirri átt, sem alþingi þykir hæfa og henta, en fundinum fannst óþarft að minnst á niðurskurð í Borgarfjarðarsýslu grunaða parti, til þess að komast hjá því, að verða skuldaður fyrir þverhöfðaskap eður eptirhermur.

Á öllum stöðum þarf rammar skorður við; en þó vill fundurinn sérstaklega minnst á þá síðuna, sem snýr að Borgarfirðinum. Botnsá er glögg varðlína npp í Hvalvatn og ofan í Vog, en Stóri-Botn á mikið af sínu landi fyrir sunnan á, þar af flýtur að á þessum stað þarf mjög góða tryggingu sökum nágreinnis og af daglegri samgöngu sauðfjárens við bæina Hrisakot, Ingunnarstaði og Skorhaga.

Ofanskrið var samþykkt af 40 búendum á fundi að Káranesi í Kjós 25. júlí 1863.

Í nafni fundarins.

Br. Einarsson. Sig. Ólafsson. P. Einarsson.

Vísað til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

Nefndarálit

í málinu um fjárforráð ómyndugra.

Hið heiðraða þing hefir kosið oss, sem ritum nöfn vor undir þetta bréf, í nefnd til að segja álit vort um konunglegt frumvarp til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi. Höfum vör átt fundi með oss, og íhugað þetta mál rækilega, og er vort álit um það sem nú skal greina.

Eins og segir í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi var samkvæmt konungsúrskurði 10. maímán. 1861 lagt fyrir alþingi sama ár frumvarp til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, er svo var látandi.

»Þegar fè ómyndugra og opinberra stofnana er nemur frá 25 rd. til 100 rd. hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í tilskipun 18 febrúarm. 1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum, þá skal leyft að slíkt fè sè ávaxtað á þann hátt að annaðhvort sèu fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf eða það sè lánað einstökum mönnum mót lögmætu veði fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af

hundraði, en þingið komst til þeirrar niðurstöðu, að hentast væri að fjárhaldsmönnum, þegar svo ástæði, sem frumvarpið gjörði ráð fyrir, væri leyft með samþykki yfirfjárforráðanda, að lána fêð út mót veði í fasteign eða lausafê, og þeirri ieigu er þeir á löglegan hátt hæzta geta fengið. Þessa skoðun sína byggði þingið einkum á því, að menn á Íslandi þekktu lítið til slíkra skuldabréfa, og að það viðsvegar um landið mundi verða ókljúfandi erfðileikum bundið, að ná leigunni af þeim, og eins yrði bæði kostnaður, umsvif og torveldni á því að fá ógildingardóm á þeim, ef þau glötuðust. Auk þessa mundi verðlag á þeim hér á landi verða bæði lágt og hvikult. Svo virtist og þinginu betra, að fêð væri lánað út mót óbrigðulasta veði í fasteign, þó fyrir minni leigu væri en 3 af hundraði, en að það væri látið liggja arðlaust. En þar sem þingið á hinn bóginn þóttist sjá fram á, að menn ógjarna mundu vilja festa jarðir sínar móti svo litlu fê, er ekki næmi meira en 100 rd. áleit þingið að nauðsynlegt væri, að leyft væri að lána fêð út annaðhvort mót handseldu veði eður þá og mót veði í lausum aurum, þó í vörzlum veðsetjanda væri. Þetta þótti þinginu því aðgengilegra, sem með því áynnist og, að lána mætti fêð út fyrir hærri leigu en 4 af hundraði, sem eigi væri lítill hagnaður fyrir hinn ómynduga.

Þessa skoðun þingsins hefir nú stjórnin ekki getað aðhyllzt, með því og konungsfulltrúi hafi, eins og segir í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi, lýst því yfir í álitsskjali sínu til stjórnarinnar, að uppástunga þingsins um lausafjárveð fyrir fê ómyndugra mundi verða að öllum jafnaði öldungis þýðingarlaus, með því fjárhaldsmenn hinna ómyndugu eigi mundu verða til að lána fêð á þann hátt, en þar á móti mundi sú aðferðin verða sú hagfelldasta og óhultasta til að ávaxta lítið fê á Íslandi, að fyrir það yrði keypt óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, og að það hlyti að koma til af ókunnugleika eður einstrengingslegri skoðun þingsins á málinu að það ekki skyldi hafa fallizt á svo hagkvæma ráðstöfun (þ. að kaupa ríkisskuldabréfin), er ekki væri neinum örðugleikum bundin í framkvæmdinni, því menn gætu ávallt fengið hina íslenzku kaupmenn til að útvega sér skuldabréfin, og hefir stjórnarráðið bætt við þessar ástæður konungsfulltrúa því, að óráðlegt mundi að lána opinbert fê mót veði í lausum aurum, þar eð það fê eigi gæti álitizt að veita næga tryggingu fyrir láninu, með því tilskipun 8. júlím. 1841 ekki væri lög á Íslandi. Það mundi og verða örsjald-

an, að fè sè lánað hér á landi móti veði í lausafè. Sú ákvörðun virðist stjórninni eigi heldur hagsfelld, að yfirfjárhaldsmanni og yfirfjárráðanda sè gefið á vald að lána fè ómyndugra móti veði, hvort heldur þeir vilja í föstum eður lausum aurum, því svo kynni fara, að hlutaðeigandi tæki þann kostinn, sem honum væri hagkvæmastur, ef hann hefði enga ábyrgð af, þó hann eigi væri eins óyggjandi fyrir hinn ómynduga, og enn fremur hefir stjórnin athugað, að það að vísu ekki lengur væri saknæmt að iögum, að taka hærri leigu en 4 af hundraði, ef fèð væri lánað móti veði í lausafè, en það virtist þó ekki eiga vel við lán á opinberu fè; á hinn bóginn gæti það og leitt til misbrúkunar, ef fjárhaldsmönnum og yfirfjárráðendum væri leyft að lána fè fyrir hvað litla leigu sem væri.

Nefndin hefir nú rannsakað svo ítarlega sem hún hafði kost á, ástæður stjórnarinnar fyrir hinu konunglega frumvarpi, sem nú liggur fyrir þinginu, og getur hún ekki annað en komizt til þeirrar niðurstöðu, að ástæður þingsins í hitt eð fyrra sèu á góðum og gildum rökum byggðar, og leyfir nefndin sèr að geta þess í þessu efni, þó konungsfulltrúi hafi haldið, að það mundi að öllum jafnaði verða þýðingarlaust, þó leyft yrði að lána fè í mót veði í lausafè, þar eð fjárhaldsmenn þeirra eigi mundu vilja verða til að lána það þannig út, þá fær nefndin ekki sèð, á hverju slík viðbára er byggð, sem fer í gagnstæða átt við það, er allir þingmenn, sem þó þekkja hvervetna til um landið hafa álitit, og þegar stjórnin bætir hér við þeirri ástæðu, að slíkt veð eigi geti álitizt að veita næga tryggingu fyrir láni, meðfram sökum þess að tilskipun 8. júlím. 1841 ekki sè lög á Íslandi, þá getur nefndin ekki heldur fallizt á þetta, því þó nefnd tilskipun ekki sè lög á Íslandi, þá getur nefndin ómögulega skilið í því, hvernig þetta atriði rýrir þá tryggingu, sem liggur í lausafjárveðinu hér á landi samkvæmt tilskipun 24. apríl 1833; þar sem hinar ítarlegu ákvarðanir hinnar dönsku tilskipunar um stofnun og viðhald lausafjárveðrættarins miða einmitt til þess, að tryggja þá skuldaheimtumenn, sem *ekkert* veð hafa móti lausafjárveðhafendum, og sem þannig eptir hlutarins eðli gengur í gagnstæða átt við það, sem stjórnarráðið virðist leggja í þessa dönsku tilskipun, því það liggur þó í augum uppi, að því meiri skorðu sem löggjöfin reisir fyrir gildi þessa veðrættar, því fleiri takmörkunum verður lögmæti hans bundið og rétturinn þá að þeim mun óvissari. Nefndin sèr og eigi heldur, hvernig lagagrundvöllurinn fyrir tilskipun 1841, að skuldaheimtumönnum, sem lána

fè sitt öðrum móti engu veði, skuli sem mest borgið móti lausafjárveðhafendum, geti heimfærzt upp á fjárhaidsmenn og yfir fjárráðendur, þegar þeir lána fè ómyndugra móti lausafjárveði. Það hlýtur og að koma til af ókunnugleika stjórnarinnar, þegar hún getur þess til, að fè hær á landi sè örsjaldan lánað út móti veði í lausafè, því eins og hinu heiðraða þingi er kunnugt, er það alsiða hær á landi, einkum meðal kaupmanna í viðskiptum þeirra við landsmenn, en hitt er dagsanna, að lánið nemur þá sjaldan miklu fè. Eptir því sem nú er sagt, fær nefndin eigi skilið, þrátt fyrir ástæður stjórnarfrumvarpsins, að hagsmunum hinna ómyndugu sè hallað, þó fè ómyndugra, sem litlu nemur, sè lánað móti veði í lausafè, þegar varúð og samvirkusemi og sjálfsagt lögskipað form er viðhaft, sem líklega má óhult gjöra ráð fyrir, að fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur hafi, þar sem ella ábyrgðin af láninu hvílir á þeim, enda getur slíkur skoðunarháttur ilia samrýmzt við stöðu amtmanna hær á landi, hvað ómyndugra fè snertir. Nefndin getur heldur ekki sèð, hvernig það eigi illa við, að hærri vextir en 4 af hundraði sè áskilið af fè ómyndugra, sem lánað er móti veði í lausafè, þar sem lög, er leyfa slíkt, að minnsta kosti eptir réttarmeðvitund manna hær á landi, eru eðlilegri, en hin, sem leggja bönd á frjálsa samninga manna á millum, enda mun og þetta leyfi laganna vera byggt á þessum skoðunarhætti löggjafans. Á hinn bóginn er það og auðsenn hlutur að það er betra fyrir hinn ómynduga, að fá þó nokkra leigu, heldur en enga, þegar þess er eigi kostur að fá þá leigu, sem tilsk. 1847 ákveður.

Stjórnin hefir nú og viljað bæta úr þessu með því, að leyfa fjárhaldsmanninum að kaupa óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, eins og áður er sagt, en á þetta fyrirkomulag getur nefndin ómögulega fallizt, og það af þeim ástæðum, sem þingið tók fram 1861 og fyr er getið. Að eins leyfir nefndin sèr að geta þess, að henni virðist það heldur en ekki djúpt tekið í árinni af konungsfulltrúa, að það kenni ókunnugleik eða einstrengingslegri skoðun þingsins á málinu, að vilja eigi festa fè ómyndugra hær á landi í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum, því þó einstaka fulltiða menn verji afgangsfè sínu á þenna hátt, þá liggur það í augum uppi, að þær ástæður, sem teknar hafa verið fram móti skuldabréfunum, mundu hær á landi einmitt vekja almenna óánægju, væri farið að verja fè ómyndugra í þau, og nefndin verður alvarlega að taka það fram, að þó slík lög

út kæmu, þá mundu fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur vissulega kynoka sér við að verja fê ómyndugra í þann gjaldeyri, er þeir hæglega geta átt von á, að hinn ómyndugi ekki vilji taka á móti, þegar hann tekur sjálfur við fjárforráðum, og það því síður sem slíkur gjaldeyrir ekki er neinn lögeyrir hér á landi, eins og líka allir vita, að engin þarf að taka seðla og aðra bréfspeninga upp í skuldir sínar, og að þeir því eigi sjást hér á landi.

Af ástæðum þeim, sem nú voru taldar, verður nefndin að vera á því, að það sé með öllu ótílkæilegt, að gjöra það að lögum, að verja fê ómyndugra í rikisskuldabréf, þó eigi nemdi nema 100 rd. en því ótílkæilegra hlýtur það að vera að láta slíkt fyrirkomulag ná til ómyndugra fjár yfir höfuð, eins og stjórnarfrumvarpið nú fer fram á, því auk alls þess, sem mælir á móti litlum rikisskuldabréfum, þá mundi þau hin stærri, ef þau annars nokkurn tíma kæmu til að tíðkast hér á landi, hafa þann galla og vandkvæði þar að auki óumfýjanlega í för með sér, að menn sökum peningaeklu ekki mundu geta orðið af með þau nema með mesta skaða og afföllum, sem engan veginn gæti að nefndarinnar álit samrýmt við hyggilega og hagkvæma stjórn á fjármunum ómyndugra, og þessi athugasemd virðist næsta vel eiga við þá bendingu stjórnarinnar, að æfinlega muni vera hægt að fá íslenzka kaupmenn til að útvega sér skuldabréf, þar sem það er þó alkunnugt, að hagur þeirra víðsvegar um landið eigi stendur á svo föstum fæti, að þeim án veðs væri trúandi má ske um lengri tíma fyrir peningum ómyndugra. Enn fremur verður nefndin að leiða athygli að því, að þó að stjórnarfrumvarpið að vísu ráðgjöri ekki, að fê ómyndugra skuli verja til að kaupa fyrir það rikisskuldabréf, fyr en búið sé að bjóða það fram á leigu, eptir fyrirmælum laganna, þá mundi sú verða niðurstaðan, ef þessi skuldabréfakaup væri lögákveðin, að til þess yrði varið öllum þorra af hinum minni upphæðum ómyndugra fjárins, því þá yrði þetta yfir höfuð að tala eina úrræðið til að ávaxta það fê, síðan loku var skotið fyrir, að því mætti koma á leigu í jarðabókarsjóð, og á meðan löggjöfin opnar mönnum engan annan greiðari veg til þess að koma fênu á leigu á annan hátt en þann, að setja það á leigu gegn fasteignarveði, því til þess vill engi jarðeigandi vinna, þegar að eins er að ræða um upphæð, sem er 100 rd. eða minni. Auk alls þessa skal nefndin leyfa sér að benda hinu heiðraða þingi á, að það fyrirkomulag, sem hér ræðir um, hlyti að hafa mjög skaðleg og ískyggileg áhrif á verzlunarástand Íslands,

einkum við útlendar þjóðir, er eigi mundu taka dönsk skuldabréf fyrir fullan kaupeyrir.

Nefndin þykist nú hafa leitt næg rök að því, að þingið eigi geti aðhyllt frumvarp stjórnarinnar hvað ríkisskuldabréfin snertir; þar á móti verður nefndin að ráða þinginu til þess, að fallast á hitt atriðið í stjórnarfrumvarpinu, að fæ ómyndugra sè, þegar það hefir verið haft á boðstólum á löglegan hátt, en ekki orðið leigt út fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilsk. 18. febrúarm. 1847 § 7, lánað móti lögmætu veði og leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði, þar sem hún verður að álíta, að þetta úrræðið optast nær og yfir höfuð muni hlíta, einkum ef fæð, sem er á boðstólum nemur svo talsverðri upphæð, að menn vilji vinna til að festa jarðir sínar fyrir hana. — En verði fæð í einstöku tilfelli samt sem áður eigi leigt út á þenna hátt, verður nefndin að ráða þinginu til, að aðhyllast uppástungu þingsins 1861 undir tölu-lið 1. sem hið eina tiltækilega úrræði, af þeim ástæðum, er þingið byggði hana á, og vèr höfum áður minnst á, og er þá fjárhaldsmönnum æfinlega innanhandar að skipta fènu, ef það nemur 100 rd. eða meira, í smærri skamta eptir því, sem í hvert skipti þykir bezt henta, og lána það þannig út.

Í þessu tilliti verður nefndin líka að taka það fram í sambandi við þær ástæður móti uppástungu frumvarpsins um kaupin á ríkisskuldabréfunum, að hvort sem þetta úrræði væri tekið eitt sèr, eða jafnframt í sambandi með hinu eldra, að gjöra kost á ómyndugra fè til láns einungis móti fasteignarveði, þá yrði þó þetta til þess að niðurbrjóta grundvallarregluna í tilskip. 18. febrúarm. 1847, 7. gr. stafl. c. þar sem því er yfirlýst, að ómyndugra fè skuli umfram allt gjöra ávaxtarsamt í landinu sjálfu, þannig, að þetta fè geti jafnan verið í hreifingu og í veltunni, svo að það sè þannig fyrir hendi til nauðsynlegra fyrirtækja, til eflingar bústofni og atvinnuvegum og öðru er landinu má verða til framfarar, án þess að fè hinna ómyndugu sè þar með nein hætta eða halli búin. Þess ber vel að gæta, að ómyndugra fæð mátti allt að einu álitast í veltu innanlands fyrir það, þó að því væri komið á vöxtu í jarðabókar-sjóðinn, því þau skuldabréf voru uppsegjanleg með missiris og enda hálf missiris fyrirvara, enda fékkst líka innstæðan greidd þaðan viðstöðulaust, og með fullri upphæð í peningum; en það á maður engan veginn víst með óuppsegjanleg skuldabréf, og sízt það, að geta komið þeim út hèr á landi gegn peningum út í hönd þegar

hlutaðeigendum riður mest á. En eins víst eins og það er, sem vèr tókum fram hér að framan, að jarðeigendur þurfa yfir höfuð að tala sízt allra á því að halda, að taka þessleiðis smálán um og fyrir innan 100 rd. og eru þess vegna enn ófúsari á að veðdraga og binda jarðeignir sínar fyrir smámuni eina og það með töluverðum »formelle» umsvifum og tilkostnaði, eptir því sem lögin áskilja, eins er það á hinn bóginn órákt, að þeir, sem *ekki* eru jarðeigendur, þurfa miklu fremur og optar á smásummum að halda t. d. til að kaupa fyrir bjargargrip, auka bústofn sinn o. fl., þó að þeir eigi nægilegt og óveðdregið lausafé að öðru leyti til fullrar veðábyrgðar fyrir skuldinni og með 1. forgöngurètti, svo að fè hins ómynduga má vera full borgið með þessu móti. Á þenna eina veg yrði hinum fyrr áminnzta tilgangi löggjafans fullnægt, þeim, að sem allra mest af fjám ómyndugra sè haldið í arðberandi veltu í landinu sjálfu, til þess að draga úr og bæta úr sem bezt hinni almennu peninga-eklu hér á landi, sem er svo lengi búin að standa landi voru fyrir þrifum og eðlilegum framförum.

Samkvæmt öllu því, sem nú er talið verður tillaga nefndarinnar sú, að þingið aðhyllist frumvarp stjórnarinnar með þeim breytingum, að lagaboði því, sem út ætti að koma, yrði skipt í tvær greinir, og að í hinni fyrri standi frumvarp stjórnarinnar, en út úr því verði sleppt, fyrst orðunum: »hjá einstökum mönnum fyrir þá leigu og» því þessi orð verða eptir tillögum nefndarinnar óþörf, og síðan klausunni: »að annaðhvort sèu fyrir það keypt arðberandi rikisskuldabréf eður«, og loks orðunum: »einstökum mönnum«, en að í hinni síðari grein verði tekin uppástunga þingsins 1861 í 1. gr. löguð samkvæmt því, sem vèr strax sögðum. Að endingu leyfir nefndin sèr að geta þess, að nafnið: »opið bréf« í fyriðsögninni fyrir stjórnar-frumvarpinu, virðist eiga harla illa við um íslenzkt lagaboð, sem einmitt ætti að heita því nafni. Samkvæmt þessu ætti þá lagaboðið eptir áliti nefndarinnar að verða þannig hljóðandi:

Lagaboð, er gjörir breyting á tilsk. 18. febrúarm. 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

1. gr. Þegar fè ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu móti því veði, og samkvæmt öðrum þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í tilskipun 18. febrúarm. 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sè lánað móti lögmætu veði fyrir leigu, er sè að minnsta kosti 3 af hundraði

2. gr. Þegar fè ómyndugra hefir ekki orðið komið á vöxtu

með þeim hætti, sem segir í 1. gr., þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft að lána fêð út með samþykki yfirfjárráðanda móti nægu veði í lausafê og þeirri leigu, er þeir hæsta geta fengið, þó þannig að engum einum sê lánað meira fê á þenna hátt en 100 rd.

Reykjavík, 23. dag júlím. 1863.

Jón Pétursson, Jón Guðmundsson. B. Sveinsson.
formaður. framsögumaður.

Nefndarálit

um 4 dönsk lagaboð (sbr. bls. 150).

Konungsfulltrúi bar fram þá uppástungu á þinginu, að það vildi fhuga, hvort eigi mundi mega lögleiða hêr á landi af þeim lagaboðum, er út hafa komið fyrir Danmörku nú á seinustu árunum þessi fjögur:

- a, Lög um breyting á kaupverzlunarviktinni í Danmörku 19. febrúar 1861.
- b, Lög um ýmsar breytingar á lögum þeim, sem nú eru í gildi um leiðarbrêf 12. febr. 1862.
- c, Lög um nokkrar breytingar í reglugjörð frá 24. okt. 1857. 17. og 18 gr. dags. 13. janúar 1862,
- d, Lög sem innihalda breyting í tilskipun frá 26. marz 1845, dagsett 28. desember 1862.

og hæði hann í þessu skyni látið snara lagaboðum þessum á íslenska tungu. Til að fhuga mál þetta kaus þingið oss í nefnd, og skulum vêr nú skýra því frá álitinu voru um málefnið, eptir að vêr ítarlega höfum rannsakað það, og er þá álit vort um það, er nú skal greina.

1. Álitum vêr enga nauðsyn til bera, að breyta voginni hêr á landi að svo stöddu, en þar af leiðir aptur að ónauðsynlegt er að lögleiða hêr fyrstnefnda lagaboðið undir staðið a, og mundi fremur leiða af slíkri breytingu illt en gott, þar eð hún með öllu að nauðsynjalausu mundi valda miklum ruglingi í viðskiptum manna í millum. Verzlun manna er orðin talsverð hêr á landi við útlendar þjóðir, er allar laga sig að því mæli og vog snertir eptir síðum landsmanna, og hið sama geta danskir kaupmenn gjört, og það því fremur, sem grundvöllurinn fyrir voginni verður hinn sami framvegis í Danmörku, sem hêr, þó þessi breyting sê þar á komin.

2. Eigi fáum vér heldur séð, að hér ætti að lögleiða lagaboðið undir staflíð *b*, sem gjörir ýmsar breytingar á lögum þeim, sem gilda í Danmörku um leiðarbréf. Vér þekkjum ekki, að eptir þeim lögum, sem gilda hér á landi, liggi á útlendum mönnum nokkur lagaskylda til að hafa leiðarbréf, þegar þeir koma hingað til lands, og eins ef þeir ætla að ferðast um kring í landinu, og þarf því hér ekki að nema þá skyldu úr lögum, sem engin er. Að visu verða kaupmenn að leysa leiðarbréf fyrir kaupför þau, er þeir flytja hingað til lands á varning sinn, en þau leiðarbréf eru með öllu sérstaklegs eðlis, og eru svo við riðin verzlunarlöggjöf landsins, að eigi virðist réttur staður til að taka ákvörðun um þau í almennu lagaboði, eður án þess um leið, að öll verzlunarlöggjöfin væri tekin fyrir til rannsóknar, en þvílíkt liggur hér ekki fyrir og verður varla gjört án sérstaklegrar uppástungu.

Á hinn bóginn er það og eins, að eptir lögum vorum liggur engin skylda til, að taka leiðarbréf, svo vér vitum, á þeim, er ferðast hëðan frá landi til útlanda, því ákvörðun sú, er eitt sinn kom út, og bannaði mönnum að fara hëðan af landi án amtmanns leyfis, til að fyrirbyggja að Danir skyldu hafa þunga af fátækum Íslendingum, er til Danmerkur kæmi, náði hér aldrei stöðugu gildi, og þessi löggæzlu ráðstöfun má þar að auki álítaskast numin úr gildi, bæði við hina yngri löggjöf og eins við það, að engin hefir skeytt henni nú upp í langan tíma.

Með því nú þannig engin skylda liggur á þeim, er ferðast hëðan úr landi burt, til að taka leiðarbréf, hefir hér heldur aldrei verið lögð nein hegning við því, að flytja menn úr landi, sem ekki hafa leiðarbréf, og eru því engar slíkar ákvarðanir hér að nema úr lögum. Og loksins er óþarfi að nema hér úr lögum bann það, er finnst í opnu bréfi 23. október 1835, að danskir handverksmenn á ferðalagi þeirra utanlands, heimsæki eður dvelji í þeim löndum og borgum, þar sem félög handverksmanna og samkomur eru liðnar, því þetta lagaboð er í öllu til-liti þessu landi óviðkomandi.

3. Um þriðja lagaboðið undir staflíð *c*, sem gjörir nokkrar breytingar í reglugjörð 24. október 1851, 17. og 18. gr., er sama að segja og hin tvö, að það getur eigi átt við að lögleiða það, af því reglugjörðin, sem það gjörir breytingar í, sjálf ekki er hér lög.
4. Fjórdða lagaboðið, staflíður *d*, sem gjörir breyting á helgi dymbil-

vikunnar, er og óþarfi að lögleiða hér, því það hefir enn þá engin óánægja lýst sér hér á landi yfir henni.

Vér verðum þannig að ráða þinginu til þess að aðhyllast ekkert af þessum lagaboðum.

Reykjavík, 27. júlí 1863.

Jón Pétursson, B. Sveinsson. Páll Melsted,
form. og framsögum. skrifari.

Atkvæðaskrá

í málinu um laun hreppstjóra (sbr. bls. 191).

1. Nefndin :

Að hans hátign allramildilegast vilji fyrst um sinn veita hreppstjórum, sem lögregluþjónum, frá 20 til 60 rd. þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þess konar málavöxtum (samb. með 16 atkv. gegn 5).

2. Viðauka-atkvæði B. Péturssonar við 1. tölulið :

Að þingið biðji hans hátign, konunginn, til vara :

Að hann allramildilegast láti leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um laun handa hreppstjórum (fellt með 14 atkv. gegn 6).

3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samb. með 14 atkv. gegn 5).

31. júlí — tuttugasti fundur.

Bænarskrá.

til konungs í málinu um þingstað að Bæ í Lóni. sbr. bls. 132).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá bæjarhrepps innbúum innan Austur-Skaptafellssýslu, sem fer því fram, að alþingi beri þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign, að þær allramildasti konungur ákveðið með lögum, að manntalsþing fyrir Bæjarhrepp megi framvegis haldast á jörðunni Bæ. Þingið kaus þriggja manna nefnd til að ihuga þetta mál, og var það síðan rætt á tveimur

lögskipuðum fundum, og leyfir þingið sér allraþegnsamlegast, að bera fram fyrir yður hátign álit sitt um mál þetta á þessa leið:

Þinginu virðast komnar fram nægar upplýsingar fyrir því, að Bæjarhreppur hefir jafnan verið þinghá sér, með serskildum hreppstjóra og manntalsþingi, ekki einungis staðfastlega alla þá tíð, sem Austur- og Vestur-Skaptafellssýslurnar voru tvö serskilin lögsagnarumdæmi, með sínum sýslumanninum hvor þeirra fram til 1812 (smb. rentukammerbréf 9. maí, s. á.) heldur og einnig fram til 1824, þegar sýslumanninum, sem þá var, var veitt hið sameinaða embætti beggja sýslanna, því hann var hinn fyrsti, er kvaddi Bæjarhrepps innbúa, til að sækja þing að Bjarnanesi, og hérist það fram til 1844, en þó ekki án mögls og mótspyrnu frá hálfu Bæjarhreppsúa. En hinn næsti sýslumaður sinnti réttlátum kröfum um að hafa manntalsþing innan hreppsins, og hefir það haldizt síðan stöðugt í 18 ár.

En tilefni þessarar bænar var það, að núverandi sýslumaður Skaptafellinga upp á lagði Bæjarhreppsúum á næstliðnu vori að byggja upp nýtt þinghús að Bjarnanesi, í sameining við Bjarneshrepp, og það með, að þeir skyldu framvegis og upp frá þessu skyldir til að sækja þing að Bjarnanesi. Þinginu virðist að ekki einungis hin forna venja, öll afstaða og sveitarfyrirkomulag þessa hrepps styðji mál beiðendanna, heldur einnig nauðsynin, þar sem sveitarbúum standa óþolandi erfiðleikar og atvinnumissir af því, að sækja þing að Bjarnanesi, því til þess þurfa þeir að verja 3 til 5 dögum, og það um þann tíma árs, sem þeim er arðsamast að stunda sjóarútleig sinn. Því verður þingið að álita það ómetanlegt hagræði, að Bæjarhreppur fái lögákveðinn þingstað innan sinna takmarka. — Hvað það atriði snertir, að þingstaðurinn verði ákveðinn á jörðunni Bæ, þá verður þingið einnig að styðja það, með því jörðin Bær liggur haganlegast fyrir alla hreppsúa að sækja þing að þing.

Enn fremur álitur þingið að það megi nú koma til greina, að Papafjarðarós, sem er innan Bæjarhrepps, og örskammt frá jörðunni Bæ, er nú löggiltur verzlunarstaður, eptir opnu bréfi 19. janúar 1863, því þar af leiðir, að sýslumaður hér eptir hlýtur að koma þangað að minnsta kosti einu sinni á ári, til að leysa af hendi þau embættisverk, sem almennt koma fyrir á verzlunarstöðum.

Af framantöldum ástæðum leyfir þingið sér (með öllum atkvæðum) allraþegnsamlegast að beiðast þess:

Að yðar konunglega hátign sem allrafyrst ákveði með lög-
um, að Bæjarhreppur innan Austur-Skaptafellssýslu verði
þinghá út af fyrir sig, með þingstað að jörðunni Bæ.

Reykjavík 27. júlí 1863.

allraþegnsamlegast

Halldór Jónsson, Stefán Eiríksson.

Nefndarálit.

um gjafabréf Kelsalls. (sbr uppástungu bls. 119).

Hið heiðraða alþing hefir kosið oss í nefnd, til þess að kveða
upp álit vort um uppástungu eina er þingmaðurinn úr Vestur-Skapta-
fellssýslu kom fram með, um það að þingið riti konungi þegn-
lega bænarskrá, um að tafarlaust verði fullnægt gjafabréfi Englend-
ingsins Charles Kelsalls dags. 15. ágúst 1853, þannig að gjöf hans
verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafabréfsins.

Nefndin hefir nú vandlega íhugað þetta mál, og rætt það með
sér á fundum, og ber nú upp fyrir hinu heiðraða þingi álit sitt og
tillögur á þessa leið.

Svo er, eins og segir í uppástungunni, að Charles Kelsall, göf-
ugur maður á Bretlandi, gjörði þá skipun og testamentum um eigur
sínar, að sér liðnum, að af þeim skyldi verja 1000 pundum sterl-
ings í nafngreindum skuldabréfum, til þess að byggja fyrir bók-
hlöðuhús handa lærða skólanum í Reykjavík, og skyldi sèð um að
það yrði gjört tafarlaust. Eptir að það var komið í kring fyrir dóm-
stólunum á Englandi, að sú vefenging, er erfingjar Kelsalls hreifðu
gegn gildi eða lögmæti þessarar gjafar hans, yrði ekki tekin til
greina, heldur skyldi gjöfín standa óröskuð, var skuldabréfunum,
sem gjafabréfið til tekur, komið í peninga, að tilhlutun hins danska
sendiherra í Lundúnaborg, og hafðist þá upp úr þeim 838 Lstr.
1 shill. 1 penny, en í dönskum peningum 7,350 rd. 42 sk.

Nefndin verður nú að vera eindregið á sama máli, eins og í
uppástungunni er farið fram, að gjöf þessari eigi að verja beint
eptir skýlausum fyrirmælum gjafarans, til þess að koma upp bók-
hlöðuhúsi handa hinum lærða skóla í Reykjavík, og einskis annars,
og sömuleiðis að þetta eigi að gjöra undandráttafaraust eða við-
stöðulaust, eins og í gjafabréfinu er áskilið. Nefndin verður að
ráða hinu heiðraða þingi til, að halda þessari skoðun því fastar

fram, þar sem eigi er annað sýnna, en að kirkju- og kennslumála-stjórnin hafi sjálf aðhyllzt hana frá upphafi, (sbr. bréf hennar 9. maí og 17. október 1859) og einmitt haft þá fyrir mark og mið, „að fenu yrði varið samkvæmt tilgangi gjafarans“, og að það væri gjört sem fyrst.

En af því sama stjórnarráðið hefir nú sæð sig um hönd með þetta, eins og sýnir bréf þess til stiðtsyrirvaldanna 9. júlí 1861 og treyst sér til að afráða með því bréfi, að *fresta* framkvæmdinni á fyrirmælum Kelsalls í gjafabréfi hans, „þangað til fè það, er hann gaf sè orðið svo miklið; að óhult sè um, að það sè nóg til þess sem það er ætlað til,“ þá linnst nefndinni skylt að víkja fá-einum orðum að þeim helztu ástæðum, er stjórnarráðið byggir á þenna úrskurð sinn.

Stjórnin byggir fyrst og fremst á því, að fè það sem hafðist upp úr Kelsalls gjöfinni, sè ónógt til þess, að farið verði að byggja húsið nú þegar, „því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, en ef svo færi, þá yrði ekkert eptir í ýms nauð-synleg gjöld. t. a. m. laun handa bókaverði, í brunabóttagjald, til eldsneytis, lýsingar m. m. Vær fáum nú eigi betur sæð, en að testamenti Kelsalls, ánafni eigi nè heiti neinu fè til þeirra auka-útgjalda, sem hér eru upptalin í ráðherrabréfmu, þar sem hann með berum orðum gefur hina ákveðnu fjárupphæð ekki til neins annars, og með engum öðrum skildaga en þessum: að *byggja* skuli bókhlöðuhús handa lærða skólanum í Reykjavík.

Nefndinni virðist því að þessi viðbára stjórnarinnar um það, að Kelsalls-gjöfin fái ekki staðizt öll upphugsanleg auka-útgjöld við bókhlöðuna sjálfa *eptir* á, þegar hún væri komin í gott horf og tryggja geymslu í góðu húsi, sè sízt svo gildar að þær út af fyrir sig eigi og megi verða því til fyrirstöðu að bókhlöðuhúsinu sjálfu sè komið upp sem allra fyrst, og það því síður sem það er vonandi, að þegar skólabókasafnið væri komið upp vel niðurskipað í óhultu húsi, þá mundi stjórnin eða hið opinbera sízt láta það verða til fyrirstöðu, að veita frá 150—200 rd. á ári, til að standast teð auka-útgjöld, annaðhvort beinlínis, eða af því ríkulega fè, sem er árlega veitt til bókasafnsins sjálfs, að því leyti ekki hin bókasöfnin gæti jafnframt fengið rúm í hinu nýja bókhlöðuhúsi, eins og stjórnin í bréfinu 17. október 1859 samþykkti að mætti verða að minnsta kosti fyrst um sinn, og stæðist þá að sínu leyti og eptir rétttri til-tölu þau auka-útgjöld, sem hér gæti helzt orðið að umtalsefni.

Hin önnur ástæða kirkju- og kennslu-stjórnarinnar í fyrnefndu bréfi 9. júlí 1861 er sú, »að nú sem stendur og fyrst um sinn, se ekki nauðsyn á einstöku bókhlöðuhúsi handa lærða skólanum, með því til se rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu, til að geyma í bókasafn skólans«. Að því slepptu, að þetta rúmgóða húsnæði var 1861, og er enn engu rúmbetra, en það var 1859, þegar þá stjórnarráðið sjálft vildi láta byggja bókhlöðuhúsið »samkvæmt tilgangi gjafarans« — þvert á móti verður sá geymslustaður bókasafnsins æ ónógari, eptir því sem bókasafnið vex ár frá ári —, þá virðist einnig auðsætt, að þegar ræða er um geymslustað merkilegs og yfirgripsmikils bókasafns, þá eigi minnsta tillitið að hafa til hins nokkurn veginn næga rúms, en miklu meira og einka skilyrðið fyrir geymslustað slíks bókasafns er þetta, að hann se sem óhultastur í öllu tilliti, svo að því se sem allraminnst hætta búin af eldsvoða, eða jafnframt skemmdum af öðru t. d. leka. Nú er það kunnugt að skólahúsið hér í Reykjavík, er slábyggt hús úr tómu timbri með veggjum og þaki, og öllum þiljum að utan úr margbikuðum borðum; eldfimari bygging er því ekki til, heldur en þetta skólahús vort er, og það svo, að læstist eldur í það að nokkru ráði, þá mundi það verða ofurselt bálinu allt saman með öllum dauðum munum sem inni í því væru, og alls engu verða undan bjargað. En kvíða má því að slíkt geti að horið, ef illa vildi til, því fremur sem þar eru ofna-eldar, eldstóa-eldar og mergð ljósa á vetrum víðs vegar um allt húsið, og meir en í nokkru öðru húsi hér í bænum. Það er því auðsætt að hér er síður en ekki að ræða um óhultan stað fyrir merkilegt bókasafn, en þetta verður þó að álíta atriðis-kostinn hinn fremsta, sem hver geymslustaður bókasafns hlýtur að hafa. — Þar að auki má þess geta um skólahúsið yfir höfuð eins og það nú er, að ekki er það nærri lekalaust sumstaðar, en af því getur bókasafn beðið óbætanlegar skemmdir.

Hin þriðja ástæða, er stjórninni hefir þótt með fram til greina takandi, til þess að fresta framkvæmdunum á að byggja bókhlöðuhús fyrir gjöf Kelsalls er sú, að því hafi jafnframt verið hreift hæðan af landi, hvort ekki mundi tiltækilegast, að byggja hús handa prestaskólanum í sameiningu og sambandi með þessu bókhlöðuhúsi, en stjórnarráðinu þykir »ekki tími til kominn að gjöra út um þetta,« nú sem stendur, og af ræður svo, »að nema fyrst um sinn staðar við svo búið«, og láta slá svo Kelsalls bókhlöðunni á frest, þangað til fæð se nóg, og þá verði kominn tími til að skera úr

því, hvort ástæða sé til að byggja hús handa prestaskólanum. Stjórnin virðist því með fram að setja spursmálið um bókhlöðuhúsbygginguna í samband við nýja prestaskólabyggingu frá stofni, þó að næsta ólíklegt sé, að stjórninni sé það alvara að slá á frest síðasta vilja dáfins manns af slíkum ástæðum sem hvergi er getið um í gjafabréfinu.

Úr aðal- og einka- spurningunni, sem hér við gæti og ætti einkanlega og jafnvel eingöngu að koma til greina, en hún er, hvort gjöf Kelsalls, eins og hún er nú í dönskum peningum, megi álitast nægileg til þess að koma upp traustu og snotru bókhlöðuhúsi, er bæði sé full óhultur geymslustaður, og hafi nægilegt rúm handa bókasafni lærða skólans, þá hefir stjórnin sjálf leyst úr þeirri spurningu svo, að fæð sé til þess nægilegt, þar sem hún segir sjálf í bréfinu 9. júlí 1861 að fæð, eða þessi gjöf Kelsalls, mundi þó naumlega öll ganga til þess að koma upp slíku húsi, en meira eða öðru, en þessu hefir gjafarinn aldrei heitið, og því virðist nefndinni ísjárvert að fara lengra.

Nefndin verður einnig að vera fulltrúa um, að traustu og velbyggðu steinhúsi, hæflegu eða heldur fullstóru, til þess sem hér er umtalsefnið, megi hæglega koma hér upp fyrir þetta gjafafé Kelsalls, einkum eins og það verður orðið aukið að vöxtum árið 1864, er oss telst að það muni þá verða orðið að minnsta kosti nál. 8,600 rd.

Þar sem stiptsyfirvöld vor stungu upp á því 1859, að stiptsbókasafnið og bókasafn prestaskólans fengi einnig rúm í hinni nýju bókhlöðu-byggingu, og stjórnin samþykkti það sama ár, að svo mætti vera fyrst um sinn, á meðan það færi ekki í bága við þarfir skólans, þá viljum vér einnig leggja til, að alþingi taki þetta sérstaklega til greina, því hvorutveggju þessi bókasöfn nauðsynjar um óhultari geymslustað, með því dómkirkjuloftið, þar sem stiptsbókasafnið er geymt, er engan veginn góður nè óhultur geymslustaður fyrir slíkt safn, og bókasafn prestaskólans að eins geymt í heimahúsum. Nefndinni virðist því fyllsta ástæða til, að þingið taki skýrt og eindregið fram þá nauðsyn sem ber til þess að hinu fremsta og bezta bókasafni landsins, þar sem stiptsbókasafnið er, verði jafnframt seð fyrir *varanlegum* og óhultum geymslustað, en því verður aldrei við komið með jafnlitlum tilkostnaði eins og nú, ef stiptsbókasafninu yrði þegar ætlað rúm í Kelsalls-byggingunni, með því móti að stjórnin legði fram fjárviðbót sem því svaraði, en hún

þyrfti vart að verða meiri en 800—1000 rd. í eitt skipti, ef svo reyndist að Kelsalls-gjöfin nægði ekki ein sèr til þess að byggja húsið með nægu rúmi handa báðum bókasöfnunum.

Að síðustu verður nefndin að taka fram, að auk þess sem dráttur stjórnarinnar á framkvæmd þessa máls, virðist ísjárverður (á litlum og ónógum rökum byggður), eins og fyrri var sýnt, þá virðist nefndinni það eigi allskostar gjörlegt fyrir stjórnina andspænis erfingjum hins dána á Englandi, hvaðan gjöfin er sprottin, nè heldur áhættulaust, með því tvísýnt má þykja, hvort erfingjar Kelsalls, er áður hafa vefengt þessa gjöf hans, og látið spursmálið um það reka til dómstólanna, geti eigi farið því fram, að þessi dráttur stjórnarinnar á framkvæmd gjafabréfsins sè heimildarlaus, og heimitað svo gjöfina framselda sèr aptur, sem arf sinn og fulla eign.

Af framanskriðuðum ástæðum leyfir nefndin sèr, að ráða hinu heiðraða þingi til að rita vorum milda konungi bænarskrá, og beiðast þess þegnsamlega.

1. Að hans hátign skipi svo fyrir, að tafarlaust verði fullnægt gjafabréfi Charles Kelsalls 15. ágúst 1863, þannig: að gjöfinni verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafabréfsins, til þess að byggja grunnmúrað bókhölduhús handa lærða skólanum í Reykjavík.
2. Að þetta bókhölduhús verði frá upphafi haft svo stórt og rúmgott að stiðtsbókasafnið og bókasafn prestaskólans geti einnig haft þar varanlegan geymslustað, og að ef Kelsalls-gjöfin nægir ekki til þess, þá veiti konungur allramildilegast, það fè sem á kynni að bresta úr ríkissjóði.

Reykjavík 28. júlí 1863.

J. Guðmundsson,
form. og framsögum.

J. Hjaltalín,

H. Kr. Friðriksson.

Atkvæðaskrá

í málinu um konunglegt frumvarp um fjárforráð ómyndugra (sbr. bls. 204).

Að lagaboðið verði þannig hljóðandi:

Lagaboð,

er gjörir breytingu á tilskipun 18. febrúarm. 1847, um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

1. grein.

Þegar fê ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu móti því veði og samkvæmt öðrum þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í tilskipun 18. febrúarm. 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sê lánað móti lögmætu veði fyrir leigu, er sê að minnsta kosti 3 af hundraði (samþ. með 20 atkv.)

2. grein.

Þegar fê ómyndugra hefir ekki orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. grein, þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft að lána fêð út, með samþykki yfirfjárráðanda, móti nægu veði í lausafê og þeirri leigu, er þeir hæsta geta fengið, þó þannig, að engum einum sê lánað meira fê á þenna hátt en 100 rd. (samþ. með 20 atkv.)

Hvort rita skuli konungi álitsskjal samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (samþ. með 20 atkv.).

Atkvæðaskrá

í málinu um 4 dönsk lagaboð.

Niðurlagsatriði nefndarinnar:

Vêr verðum þannig að ráða þinginu til þess að aðhyllast ekkert af þessum lagaboðum (samþ. í einn hljóði; sbr. bls. 211).

Bænaraskrá

til konungs í málinu um auglýsingu konunglegra frumvarpa (sbr. bls. 161).

Til alþingis kom að þessu sinni frá hêraðsfundi, sem haldinn hafði verið í Þingeyjarsýslu 26. dag maím. í vor, bænaraskrá þess efnis, að þingið bæri fram fyrir yðra konunglegu hátign þá allra þegnsamlegustu bæn:

að öll konungleg frumvörp verði eptirleiðis send hingað til landsins til auglýsingar í stjórnarblaðinu Þjóðólfi, í hið minnsta svo snemma, að þau geti orðið kunnug öllum landslýð missiri áður en alþingismenn ríða úr hêröðum á það þing sem þau eiga að ræðast á.

Þingið tók mál þetta til lögboðinnar meðferðar og kaus í það þriggja manna nefnd, til að kveða upp um það álit sitt og ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, eins og lögboðið er, og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að lýsa yfir skoðun sinni á málinu fyrir yðar konunglegu hátign, svo sem nú skal greina:

Árið 1847 sendi alþingið yðar hásæla föður Kristjáni konungi hinum 8. bænarskrá um þetta efni; en þessa hins ógleymanlega konungs vors missti þá við rétt á eptir, og svöruðu þær allramildasti konungur þessari bæn þingsins í anglýsingu yðvarri til þess 19. dag maím. 1849 á þá leið, að þjer eigi vilduð gefa neitt loforð í þessu efni, sem kringumstæðurnar optast nær mundu banna að halda.

Í þessu svari yðar konunglegu hátignar virðist þinginu ekkert beint afsvar felast, og eins og þingið eigi getur sèð neitt það, sem þurfi að vera bein ástæða gegn bæninni, eða hljóti að vera fylling hennar til fyrirstöðu, eins virðist því á hinn bóginn það vera næsta ljóst, að mjög væri það æskilegt og gagnlegt, ef frumvörp þau, sem fyrir alþingi á að leggja gætu hvert skipti orðið kunn, eigi að eins þingmönnum, heldur og öllum almenningi, áður en þingmenn haldi að heiman til þings; svo að bæði gætu þeir ihugað þau sem vandlegast sjálfir, og borið þau undir hina skynsömuustu menn af kjósendum sínum, og rætt þau með þeim á fundum, sem nú eru farnir að tíðkast á vorum, það árið, sem alþingi er haldið. Með þessu móti ætlar þingið ljóst, að þingmönnum yrði miklu ljósari kostir og gallar frumvarpanna, og ræður þeirra og skoðanir þegar til þings kæmu, hlytu að fá fastari stefnu en nú, og frumvörpin, þegar þau kæmu frá þinginu, hlytu að verða sjálfum sèr samkvæmari í heild sinni, og betur og vandlegar af höndum leyst, en þau geta orðið, eins og nú er háttað; því að þingið getur eigi dulizt þess, að í þau frumvörp sum, sem fyrir það hafa verið lögð að undanfögnu, hafi á alþingi verið teknar ýmsar þær ákvarðanir, sem eigi hafa átt sem bezt við aðrar ákvarðanir þess eða stefnu yfir höfuð; enda virðist það næsta eðlilegt; því að þegar mörg breytingaratkvæði, sitt af hverjum, eru borin upp við umfangsmikil lagafrumvörp, gefst þingmönnum alls eigi nægur tími til að bera þau saman hvert við annað, eða frumvarpið sjálft í heild sinni, og velja það úr, sem saman á, og búa svo til eina samanhangandi heild úr, og því verður það, að hugsun og stefna frumvarpanna raskast á stundum við ákvarðanir, sem inn í þau

komast, og sem geta verið réttar og góðar í sjálfu sér, en eiga alls ekki við aðrar ákvarðanir frumvarpanna eða aðrar breytingar, sem á þeim verða við meðferðina á þinginu; en við þessu er miklu síður hætt, þegar þingmenn hafa getað hugsað um þau áður; og hafa getað búið sér til heild úr frumvarpinu og þeim breytingum, sem þeir vilja á þeim gjört hafa. Þinginu getur því eigi annað en virzt það í alla staði æskilegt og gagnlegt, að stjórn yðar hátignar tæki til að búa til þau frumvörp, sem hún ætlast til að lögð verði fyrir hvert alþingi svo snemma, að þau yrðu almenningi kunn áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir, og virðist þinginu hin haganlegasta aðferð til þessa vera sú, að þau væru send, hvert sem búið væri, amtmönnunum, og skyldu þeir þá senda þau þegar alþingismönnunum, hver í sínu umdæmi, og helztu amtsbúum, t. a. m. hreppstjórum, og auk þess sjá um, að þau yrðu prentuð í þeim íslenskum tímaritum, sem þeim þætti hentast til þess, að þau yrðu sem fyrst og sem flestum kunn.

Samkvæmt því sem þegar er greint, leyfir þingið sér allraþegnsamlegast (með 15 atkv. gegn 6,) að bera þá bæn sína fram fyrir yðar konunglegu hátign:

Að þér mildilegast vilduð bjóða stjórn yðar hátignar, að lagafrumvörp þau, sem leggja á fyrir næsta alþingi, verði send svo snemma hingað til landsins og auglýst, að þau verði almenningi kunn, áður en það þing byrjar, sem þau á að leggja fyrir.

Reykjavík, 31. júlí 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. H. Kr. Friðriksson.

1. ágúst — tuttugasti og fyrsti fundur.

Nefndarálit.

í málinu um lagaskóla á Íslandi. (sbr. bls. 112).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til þess að íhuga uppástungu, er til þess kom frá þingmanni Snæfellinga, þess efnis »að þingið beiddi vörn allramildasta konung að veita hæflegan fjárfstyrk til þess að stofnsetja í Reykjavík sem allrafyrst íslenskan laga-

skóla móti því, að sá fjárstyrkur yrði síðan endurgoldinn af Íslands hendi».

Vér nefndarmenn höfum ihugað þetta mál, og leyfum oss nú að kveða upp álit vort um það á þessa leið:

»Hinn allramildasti konungur vor hefir í auglýsingu sinni til þessa þings 8. júní þ. á. lýst því yfir, að það sé sín allramildasta ósk, að láta að þegnlegri bæn þingsins um stofnun kennsluskóla handa lögfræðingaefnum á Íslandi, svo framarlega sem fengizt geti fê það, er til þess þarf. En málefni þetta, sem dómsmálastjórnin og kirkju- og kennslustjórnin nú séu að bera sig saman um, sé enn ekki svo langt á veg komið, að það hafi orðið lagt fyrir hans hátign konunginn til síðasta úrskurðar. — Vêr þykjurst nú eigi þurfa að brýna með mörgum orðum fyrir hinu heiðraða þingi, hver og hvílik þessi yfirlýsing vors allramildasta konungs sé; vér efumst ekkert augnablik um, að hjarta hvers eins Íslendinga út af fyrir sig og vor allra yfir höfuð muni gjalda hans hátign konungi vorum þessa hans landsföðurlegu og vísdómsfullu gjöf með því þakklæti og lotningu, er sambóðin sé hans hátignar mildiríku speki, og þeirri innilegu ósk og eptirlöngun þjóðar vorrar, sem hún svo lengi hefir þráð uppfyllta, að lagaskóli yrði stofnaður hér á landi, svo nýtt tímabil byrjaði í lagasögu vorri og réttarmeðvitund þjóðar vorrar.

Þar á móti verður nefndin að álíta, að það sé einkum ætlunarverk hennar, sem hið heiðraða þing hafi lagt henni á herðar, að benda því á ráð til þess, hvernig þeirri hindrun megi verða burt rýmt, sem konungur vor með berum orðum hefir gefið til kynna að væri því til fyrirstöðu, að hans landsföðurlega ósk gæti, ef til vill, uppfyllt og komið oss að notum, og sem er í því fólgin, að stjórnin hefir eigi enn þá getað ráðið úr því, hvaðan fê það skyldi taka, er stofna ætti lagaskólann fyrir.

Vêr viljum nú vekja athygli hins heiðraða þings á því, að eptir því, sem stjórnarfyrikomulaginu í Danmörku nú er varið, hefir konungurinn og stjórn hans eigi yfir öðru fê að ráða, en því sem ríkisdagurinn veitir, og þó vér sêum sannfærðir um, að sá stjórnarherra, sem nú situr að völdum, og ræður kennslu- og kirkjumálum í Danmörku, hinn nafnfrægi vísinda og frelsisvinur Monráð, muni framfylgja þessu velferðarmáli voru með öllum viturleik og dugnaði, sem honum er svo laginn, getum vér ekki og megum ekki byggja fulla vissu á því, að honum verði framgengt að fá fêð hjá ríkis-

deginum, sem, ef til vill, vildi skjóta slíku máli sem þessu á frest unz út gjört væri um fjárhagsaðskilnaðinn milli Íslands og Danmerkur, þó ríkisdagurinn að öðru leyti eigi yrði ófús á að veita fêð.

Vér þykjumst þannig geta sæð fram á, að mál þetta geti enn þá lengi dregist um óákveðinn tíma, og verðum vér enn fremur að játa, að þessi óákveðni tími geti borið í skauti sér ýmsar aðrar tálmanir, en menn nú glöggt geta sæð fyrir fram, er fá því mäske valdið, að hið konunglega fyrirheiti sem hér ræðir um, komi oss eigi að haldi, fyr en ef til vill seint og síðar meir, og er þetta því fremur íhugunarvert, sem stjórnarráð Danakonungs, eptir hlutarins eðli, er breytingum undirorpið, og vanskæð hverjir og hvílikir menn ávallt kunni í því að sitja, og vér að hinu leytinu ofurvel vitum, að ómildir menn hafa gefið sig opinberlega og hispurslaust fram, til að andæfa móti því, að ósk Íslendinga um innlenda lagakennslu væri á réttum rökum byggð, og fengi áheyrn stjórnarinnar.

Á hinn bóginn tókum vér það sterklega fram, sem að visu hið heiðraða þing og allir vita, að þetta mál er einmitt það mál, sem vér Íslendingar höfum haft helgasta rétt til, að fyrir löngu væri komið í það horf, sem vér svo sterklega höfum þráð eptir, þar sem það ból og sú óhamingja, sem hefir leitt af kennslu hinna útlendu laga í sambandi við vankunnáttuna í hinum innlendu og hér gildandi lögum, hefir verið tilfinnanlegra og berara en svo, að dulizt hafi getað nokkrum sönnum og góðum Íslendingi eður landsmönnum yfir höfuð.

Af rökum þeim, er vér nú tókum fram, virðist oss, að það liggi í augum uppi, að það sé hin helgasta og alvarlegasta skylda fyrir alþingi Íslendinga, að það mæti þessari allramildustu ósk konungs vors með fullum íslenskum drengskap, sannarlegri lotningu fyrir vilja konungsins, og þeim áhnga og fyrirhyggju fyrir velfarnan landsins í *bráð og lengd*, sem þinginu sæmir.

Vér efumst nú eigi um, að hið heiðraða þing viðurkenni þessa skyldu sína, og sé fúst á að uppfylla hana af fremsta megni, og hið eina úrræði, sem á þingsins valdi stendur til þessa, er þá að þingið lýsi því yfir við hans hátign konunginn, að vér Íslendingar sèum boðnir og búnir til þess að standast kostnað þann, sem af lagaskólanum leiðir. Með þessum hætti yrði ósk konungsins í auglýsingu hans til alþingis, að skilyrðislausu konunglegu fyrirheiti, og með þessum hætti gæti aptur þetta konunglega fyrirheiti komið oss nú þegar að notum, með því þeirri hindrun væri burt rýmt, sem nú

er fyrir stofnun lagaskólans. En með því vèr Íslendingar ekki höf-
um enn þá fengið fjárforræði vor, sèr nefndin ekki annað réttara,
en að þingið beiðist þess, að fè það, sem flýtur af stofnun skólans,
verði í bráðina lánað landinu, ef eigi á annan hátt, þá úr styrkt-
arsjóði Íslands móti lagavöxtum, og lánið sè síðan endurgoldið hið
fyrsta, sem því verður við komið, á hinn haganlegasta hátt eptir
tillögum alþingis.

Samkvæmt því, sem nú ersagt, verður sú tillaga vor, að ráða
hinu heiðraða alþingi til þess þegnsamlegast að biðja vorn allra-
mildasta konung um:

1. Að lagaskóli mætti verða stofnaður á Íslandi, svo fljótt, að
lagakennsla í honum mætti byrja nú þegar í haust komandi.
2. Að fè það, sem leiðir af stofnun skólans, megi verða til
bráðabyrgðar lánað landinu, ef eigi á annan hátt, þá úr
styrktarsjóði Íslands, móti lagavöxtum og endurborgun hið
fyrsta, því verður við komið, á haganlegasta hátt eptir til-
lögum alþingis.

Reykjavík 29. júlí 1863.

Páll Melsteð, B. Sveinsson, Gísli Brynjúlfsson,
formaður. skrifari og framsögumaður.

Atkvæðaskrá

í málinu um gjafabréf Kelsalls (sbr. bls. 215).

1. Breytingar- og viðauka-atkvæði *B. Sveinssonar* við 1. uppá-
stungu-atríði nefndarinnar:

Að orðið «grunnmúrað» falli burt, en aptan við greinina bæt-
ist: «úr höggnum steini og svo óhult fyrir eldsvoða, sem
unnt er» (samþ. í einu hljóði).

2. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

(Að þingið riti konungi bænarskrá um):

Að hans hátign skipi svo fyrir, að tafarlaust verði fullnægt
gjafabréfi Charles Kelsalls 15. ágúst 1853, þannig að gjöfnni
verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafa-
bréfsins til þess að byggja grunnmúrað bókhölduhús handa
lærða skólanum í Reykjavík (samþ. í einu hljóði).

3. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði (tekið aptur af nefndinni):

Að þetta bókhölduhús verði frá upphafi haft svo stórt og

rúmgott, að stiptsbókasafnið og bókasafn prestaskólans geti einnig haft þar varanlegan geymslustað, og að, ef Kelsallsgjöfin nægir ekki til þess, þá veiti konungur allramildilegast það fè, sem á kynni að bresta, úr ríkissjóði.

4. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samþ. í einu hljóði).

Bænarskrá

til konungs í málinu um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna (sbr. bls. 162).

Til þessa alþingis kom bænarskrá frá fundi nokkrum í Múlasýslu, sem fer því fram, að þingið biðji yðar hátign allramildilegast að gjöra þá breytingu á allrahæstum úrskurði 17. maí 1862, að stiptsyfirvöldin megi skikka á þau brauð hér á landi, sem metin eru 5—18 rd., og enginn sækir um hvern þann íslenzkan kándídat í guðfræði, sem hér er, nema laudabiliista frá háskólanum; en hver sá, sem það brauð tekur og þjónar 3—5 ár, skuli hafa forgöngurætt til allra meðalbrauða hér á landi fyrir öllum öðrum, sem um það brauð sækja og ekki hafa verið skikkaðir.

Þingið tók mál þetta til meðferðar, setti 3. manna nefnd til að íhuga það, ræddi það síðan á lögboðinn hátt og leyfir sèr nú allraþegnsamlegast að segja um það álit sitt á þessa leið:

Hin umgetna bænarskrá er byggð á því, að skikkunarvaldið sè mjög óvinsælt og eins áður áminnztur konungs úrskurður, bæði sökum þess, að eptir honum verði að eins skikkaðir kándídatar frá prestaskólanum en ekki kándídatar frá háskólanum, og að hann þannig gjöri óviðurkvæmilegan mismun í nefndu tilliti á þessum mönnum, og líka vegna þess, að hann sè of ónákvæmur og óákveðinn, bæði að því leyti, að hann eigi til taki, í hver brauð skikka megi, og eins ekki heldur, hve lengi þeir, sem skikkaðir eru, skuli þjóna þar, áður en þeir fá önnur betri brauð, og ætlar bænarskráin að bæta úr þessu hvorutveggja með því á einn bóginn að þenja þetta óvinsæla og óeðlilega vald stiptsyfirvaldanna enn meir, og á hinn bóginn með því, að gjöra úrskurðinn meira ákveðinn og nákvæmari en hann er.

Það er álit þingsins og almennings út um landið, að skikkunarvald stiptsyfirvaldanna sè til niðurdreps fyrir prestaskólann, þessa ungu og innlendu menntunarstofnun, því það er auðsætt, að

flestir þeir, sem annars ætla sèr að verða prestar, muni heldur velja þann kostinn, þegar þeir koma úr latínuskólanum, að sigla til háskólans til að umflýa á síðan skikkunarvald stíptisyfirvaldanna, með því þeir fá þar nægan styrk skilyrðislaust í fleiri ár, þar sem þeir ekki fá neinn opinberan styrk á prestaskólanum, ef þeir ekki vilja leggja sig undir skikkunarvald stíptisyfirvaldanna. Í annan stað virðist skikkunarvaldið miður sanngjarnt gegn prestaskólanum og þeim, sem á honum læra, og það er ekki hægt að sjá, hvað það geti réttlætt, að vilja ekkert liðsinna þeim, er á hann ganga, hvað efnilegir og fátækir sem þeir eru, nema þeir vilji ganga undir þann nauðungarkost, að stíptisyfirvöldin megi á síðan skikka þá á einhver vesældarbrauð, en þar á mót veita þeim, er sigla til háskólans í Kaupmannahöfn, og lesa þar guðfræði, hvað óefnilegir sem þeir eru, venjulegan styrk skilmálalaust. Loksins virðist allrahæsti úrskurður 17. maí 1862 komast í nokkurs konar mótsögn við konungsúrskurð 30. júlí 1850, er segir, að kándídatar í guðfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn og kándídatar frá prestaskólanum skuli ganga til brauða hér á landi jafnhliða þannig, að þeir sem hafa afbragðseinkunn frá prestaskólanum gangi jafnt með laudabilistum frá háskólanum, o. s. frv. því úrskurðurinn 17. maí 1862 hefir eigi raskað í nokkurn máta nefndu hlutfalli, sem á að eiga sèr stað millum þessara tveggja flokka af kándídotum þegar þeir sækja um brauð, en því öfugra virðist það koma við, að stíptisyfirvöldin skuli mega suspendera með öllu gildi hans í óhag fyrir prestaskóla kándídata, ef þeir hafa fengið styrk á prestaskólanum, og það svo mjög, að þau ástundum ekki að eins geta tekið kándídat í guðfræði frá háskólanum með lókustu einkunn fram yfir prestaskólakándídat með ágætiseinkunn, heldur þar á ofan rekið prestaskóla kándídatinn út á eitthvert horn landsins og haldið honum þar á hinu lakasta brauði, unz þeim þykir sá tími kominn, að hann nú aptur geti farið að sækja um brauð móti háskóla kándídotum og farið að njóta rettinda þeirra, sem honum eru veitt í konungsúrskurðinum 1850.

Þinginu virðist þannig, að sá mismunur, sem gjörður er milli kándídata í guðfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn og kándídata frá prestaskólanum hér á landi í allrahæstum úrskurði 17. maí 1862 sè í alla staði óhafandi eins og hann líka vissulega er óvinsæll um allt land, og er því ekki annað fyrir, en annaðhvort beiðast, að hann óbreyttur eða með nokkrum breytingum verði gjörð-

ur gildandi eins um kandidata frá háskólanum, eður þá í annan stað gjörsamlega numinn úr gildi.

Að þenja skikkunarvald stíptsyfirvaldanna svo út, að það og nái til kandidata frá háskólanum, álitur þingið með öllu ógjörlegt, og eins þó það yrði bundið þeim skorðum, sem bænarskráin fer fram á, því að niðurstaðan yrði sú, að enginn mundi sigla til að lesa guðfræði á háskólanum í Kaupmannahöfn, ef hann síðan þegar hann kemur aptur til landsins, mætti búast við því, annaðhvort að verða skikkaður á eitthvert af hinum löglegustu brauðum landsins, eða að öðrum kosti þurfa að skila aptur öllum þeim styrk er hann naut við háskólann meðan hann var að lesa þar undir embættispróf; en ef nokkur sigldi og læsi guðfræði við háskólann, mundi hann forðast að koma hingað aptur til landsins, og þá yrði ekki annað unnið með því að gefa stíptsyfirvaldanum þetta aukna vald, en að þau fáu presta-efni, sem vör höfum, fækkuðu enn meir og skortur þeirra yrði enn þá tilfinnanlegri. Væri það af tekið, að veita nokkrum Íslendingi, sem stundaði guðfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, nokkurn fjárstyrk nema hann hæti því að fara aptur til Íslands, þegar hann væri búinn að ljúka sér þar af, þá yrði ekki unnið annað með slíku, en að Íslendingar með öllu hættu að sigla til að stunda guðfræði við Kaupmannahafnar háskóla, því að fæstir munu vera svo efnum búnir, að þeir gætu kostað sig þar sjálfrað öllu leyti meðan þeir búa sig undir embættispróf. En þó þingið vilji hlynna að prestaskólanum, og af alefni stuðla til þess, að þær óeðlilegu skorður, sem hljóta að eyðileggja hann, séu burt teknar, vill það þó engan veginn gjöra það á þann hátt, eða með því móti að láta ekki öllum standa jafnfrjálst fyrir, hvort þeir heldur vilja nema guðfræði hér eða í Danmörku. Hér við bætist það nú einnig, að hið optnefnda skikkunarvald stíptsyfirvaldanna getur ekki haft þau tilætluðu not til að bæta úr þeirri núverandi presta-eklu, því þó því yrði beitt nú þegar, sem ekki verður eptir allrahæstum úrskurði 1862, þá eru ekki eins margir prestaskóla kandidatar til eins og hin prestlausu brauð eru mörg, og þeir sem til eru, hafa fæstir náð lögboðnum aldri, en í öll þau ár, sem því ekki verður beitt, stendur það eins og hræða í huga hvers manns, sem fæli alla frá að láta syni sína ganga á prestaskólann, og miðar þannig til enn meir að fækka presta-efnum, auk þess sem það hlýtur að hafa mjög ísjárverðar afleiðingar fyrir iðni og ástundun þeirra, sem á prestaskólann kynnu að ganga, þar eð allir mega búast jafnt við

skikkuninni, ei stður þeir sem fá beztu aðaleinkunn en hinir sem fá þá lókustu. Að vísu hefir einhver einstakur á þinginu hreift efa um, að hið margnefnda vaid stiptsyfirvaldanna til að skikka presta-skóla kandidata, mundi verða svo óvinsælt eins og óttast er fyrir, sökum þess að hið forna vald, sem þau áður höfðu til að skikka stúdenta frá Bessastöðum, hafi ekki vakið almenna óánægju. En þekking þingmanna á almenningsáliti um þetta mál víðsvegar í landinu er þessari ætlun gagnstæð, eins og líka hitt, að enginn kom á prestaskólann næstliðið haust; mun einmitt vera spröttið af ótta fyrir allrahæstum úrskurði 17. maí 1862; en hvað hið eldra skikkunarvald snertir, þá stóð fyrrum allt öðruvísi á en nú; presta-efnin voru þá nóg, svo hinu eldra skikkunarvaldi þurfti næstum aldrei að beita og hefir alls ekki verið beitt nema 4 eða 5 sinnum, þar sem því nú í vaxandi presta-efnaeklu yrði að beita árlega ættu nokkur praktisk not að verða að slíku valdi; fyrrum var undirbún-ingur undir prestskap bundinn langtum minni kostnaði, en nú, en branðin hafa þar á mót alls ekki verið bætt yfir höfuð að tala. Sökum þessa verður engin ályktun dregin af hinu eldra skikkunarvaldi til hins sem með allrahæstum úrskurði 1862 er út víkkað til prestaskóla kandidata. En af því að hinir eldri stúdentar eru nú orðnir svo fáir, og þessir fáu komnir á efra aldur og hafa fyrir löngu fengið fasta lífsstöðu, svo að stiptsyfirvöldunum naumast mun koma til hugar að neyða nokkurn þeirra til prestskapar, þótti nefnd þeirri, sem sett var í þessu máli, ekki þörf á, að þingið þegnsam-legast beiddi yðar hátign annars en að nema allrahæstan úrskurð 17. maí 1862 úr lögum, en meiri hluti þingsins var þó á því, að ekki ætti einungis að beiðast þessa, heldur og hins, að allir hær-aðlútandi úrskurðir yrðu teknir úr gildi. Að sönnu fóru nokkrir þingmenn því á flot, að þingið beiddist þess, að frumvarp um þetta mál yrði lagt fyrir næsta alþingi, en nálega allt þingið felldi þessa uppástungu með atkvæðum sínum bæði af því, að hún náði til há-skóla kandidata, og þó einkum af þeirri ástæðu, að slík ósk kynni að leiða til þeirrar röngu ímyndunar, að þingið eða þjóðin vildi aðhyllast eitthvert frumvarp um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna, þar sem þó óbeit á öllum slíkum óeðlilegum böndum og takmörkun-um er almenn hér á landi, og að biðja stjórnina um þaraðlútandi frumvarp væri ekki til annars en að villa sjónir fyrir henni og móti vilja landsmanna.

En þó þingið þannig álíti, að burt nema ætti þetta skikkunar-

vald, ætlar það þó, að stiptsyfirvöldin ættu að fá hæfa menn með góðu til að taka að sér að gjörast prestar í rýrðarbrauðunum og að hið opinbera ætti að styrkja þau í því að geta komið sér vel fyrir í þessa stefnu með því að gefa þeim vald til að auka forgöngurætt þeirra kandiðata, sem taka að sér þau rýrðarbrauð, er enginn sækir um, og ætlar þingið að þau ættu að fá vald til að heita þeim mönnum, sem eptir nú gildandi lögum og stjórnarákvörðunum hafa rétt til prestskapar, og sem vilja gjörast prestar á tæðum rýrðarbrauðum og skuldbinda sig til að þjóna þar 3 ár, forgöngurætti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 300—450 rd., og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaust eða óaðfinnanlega standa í stöðu sinni. Þingið getur ekki annað en álitid þessa aðferð til að fá hæfilega menn til hinna rýrustu brauða bæði eðlilegasta og affarabezta, og þá mótbáru ástæðulausa, að stiptsyfirvöldin með þessari aðferð þurfi eins og að ganga fyrir hvers manns dyr, því að það leiðir af sjálfu sér, að þegar þessi rýrðarbrauð losna, þá væri þeim undir eins slegið upp með hinu umtalaða fyrirheiti, svo menn strax fengju að vita, að hverju þeir eiga að ganga, og þetta fyrirheit sýnist vera svo hæfilega tiltekið, að það hljóti að vera aðgengilegt fyrir flesta, án þess þó að leiða til misbrúkunar; en skyldi svo fara, sem þó ekki þarf ráð fyrir að gjöra, að enginn sækti um hið þannig uppslegna brauð, þá er það satt að stiptsyfirvöldin yrðu að snúa sér til einhvers þess kandiðats, sem þau álitu hæfilegan til þess, og hvers kringumstæður þau þekktu, og fá hann til að sækja, og yrði þess háttar áskorun eðlilegt og siðferðislegt aðhald fyrir hvern þann, sem annars ætlar sér að verða prestur. Yfir höfuð að tala fær þingið ekki betur séð, en að þessi uppástunga þingsins sé langtum eðlilegri og aðgengilegri bæði fyrir presta-efnin og söfnuðina, en skikkunarvaldið, þó mögulegt væri að heita því, og þingið getur ekki séð neina skynsamlega ástæðu fyrir því, að nokkur maður vilji heldur fara nauðugur en viljugur til nokkurs brauðs, eins og það líka hlýtur að verða bæði geðfelldara og affarabetra fyrir söfnuðina að fá þá menn til presta, sem fúslega takast það á hendur, en hina, sem gjöra það með nauðung.

Þinginu þykir öll ástæða til að þessa fyrirheitis sé getið í sjálfu veitingarbréfinu og álitur þetta fremur tryggjandi en einungis að geta þess í bréfi, sem kynni að fylgja veitingarbréfinu, því að þetta

tilkynningarbréf er skrifað af byskupinum einum, og þá óvist hvort nýr stiptamtmaður áliði sig eins hundinn við það.

Af framantöldum ástæðum leyfir þingið sér þegnsamlegast að beiðast þess (með 14 atkv. gegn 5).

1. Að allrahæstur úrskurður 17. maí 1862 og öll hin eldri lög um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna til prestakalla verði úr lögum numin (með 12 atkv. gegn 6).
2. Að stiptsyfirvöldin í þess stað megi fá vald til að heita þeim, sem hafa rétt til prestsskapar, og sem vilja gjörast prestar á þeim rýrðarbrauðum landsins, er enginn sækir um, og sem skuldbinda sig til að þjóna þar 3 ár, forgöngurétti fyrir öllum öðrum til hvers þess meðalbrauðs, sem eptir hinu nýja brauðamati hefir í árlegar tekjur 300—450 rd, og sem að þeim tíma liðnum fyrst losnar og þeir sækja um, ef þeir vítalaut hafa staðið í stöðu sinni (með 14 atkv. gegn 6).
3. Að þessa fyrirheitis sé með berum orðum getið í veitingarbréfinu (með 15 atkv. gegn 3.).

Reykjavík, d. 1. ágúst 1863.

H. Jónsson. P. Pétursson.

3. ágúst — tuttugasti og annar fundur.

Bænarskrá

til konungs í málinu um kaupstaðarréttindi Skutulsfjarðareyrar (sbr. bls. 162).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá íbúum Ísafjarðar-verzlunarstaðar um það, að þingið bæri þá allraþegnsamlegustu bæn fram fyrir yðra konunglegu hátign, að verzlunarstaður þessi mætti verða að allri sveitarstjórn aðskilinn frá Eyrarhrepp og fá kaupstaðarréttindi.

Þingið tók mál þetta til meðferðar, og kaus þriggja manna nefnd til að íhuga málið, og kveða upp um það álit sitt fyrir þinginu, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum, svo sem lög bjóða, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að lýsa yfir fyrir yðar konunglegu hátign skoðun sinni á máli þessu, og er hún á þessa leið:

Þegar þingið virti fyrir sér ástæður beiðendanna fyrir aðskiln-

aðinum, getur því eigi annað sýnzt, en bónin eigi við góð rök að styðjast. Því að það virðist næsta ljóst, að, þar sem íbúar verzlunarstaðarins eru nú þegar orðnir 214, og eru allt af að fjölga, hljóta þarfir þeirra í ýmsum efnum að vera allt aðrar, fleiri og margbreyttari en þarfir sveitarbúa, og virðist það þá eigi sanngjarnt, að fullir 2 fimmtungar sveitarfélagsins skuli skyldir að lúta í öllu hinum þremur fimmtungum, og það í þeim efnum, sem geta verið þeim beint í óhag og til tálmunar framförum og eflingu verzlunarstaðarins. Það er og kunnugt, að þilskipaveiðar Ísfrðinga hafa aukizt allmikið á hinum síðari árum, og er megnið af þessum þilskipa-eigendum búsettir á Ísafjarðar verzlunarstað. Af þessum sökum hefir verzlun þar aukizt eigi all-lítið, bæði við útlenda menn og hærlanda, og iðnaðarmenn dregizt þangað eigi allfáir. Af þessu leiðir, að þarfir þeirra verða margbreyttari en annara hreppsúa og sérstaklegar, en úr þessum hinum sérstaklegu þörfum sínum geta þeir eigi fengið bætt, nema með lögbundnum álögum, sem eigi verður ætlazt til að aðrir sveitarbúar taki neinn þátt í. En á hinn bóginn virðist það liggja í augum uppi, að kaupstaðarbúar muni litlu verulegu til leiðar koma, einkum því, sem að fjárútlátum lýtur, með samtökum einum af sjálfsdáðum, meðan þeir engin lög hafa eptir að fara, og enga lögbodna oddvita, er sjái um þarfir félagsmanna, og gangist fyrir framkvæmd fyrirtækja þeirra, sem verzlunarstaðnum megi til eflingar og framfara verða; og leyfir þingið sér alirafegnsamlegast að telja til svo sem dæmi, að eins og höfnin þar er einhver hin fegursta og öruggasta kringum allt land, eins er auðvelt að bæta hana svo að öll hleðsla og afferming skipa verði svo hæg, sem hún má framast verða, eins má auka þar byggingarsvæði ef á þarf að halda með hægra móti en ef til vill á nokkrum öðrum verzlunarstað landsins.

Af fylgiskjöllum þeim, sem með bænarskránni komu í hendur þingsins, má sjá það, að haustið 1862, 29. dag októberm. og 3. dag nóvembermánaðar hafa 32 af íbúum verzlunarstaðarins og hreppsbændum átt fund með sér og rætt þetta mál, og með hvaða skilyrðum aðskilnaðurinn ætti að verða, og að allir fundarmenn hafa orðið á eitt sáttir í þessu efni, að aðskilnaðurinn yrði, og öllum sveitarómögum og sveitarsjóði væri skipt jafnt á millum Eyrarhrepps og verzlunarstaðarins; og virðist þinginu þessi skipting í alla staði rétt, því að samkvæmt hreppsbókinni, sem útdráttur fylgdi af með bænarskránni, hafa íbúar verzlunarstaðarins að meðaltali í 6 ár, 1856—61, goldið 40 vættir 20 fiska, en aðrir sveitabændur 39

ættir 8 fiska til viðurværis sveitarómögum; og virðist því eigi geta verið talað um aðra skiptingu, og þótt íbúar verzlunarstaðarins hafi goldið rúmri vætt meira, er það svo lítið, að eigi er til greina takandi, og það því síður, sem íbúar sveitarinnar eru þó talsvert fleiri eða 305, þar sem íbúar verzlunarstaðarins eru að eins, 214. Það virðist því ekkert geta verið því til fyrirstöðu að aðskilnaðurinn komist á. Hið eina atriði, sem alþinginu virtist þurfa meiri skýringar um, var það, hver takmörkin ættu að vera millum verzlunarstaðarins og hreppsins, með því eigi er að sjá hvorki á bænarsskránni sjálfri, nè þeim skjölum, sem henni fylgdu, að nokkur ákvörðun hafi um það verið gjörð af hlutaðeigendum. Reyndar virtist nefndinni sem sett var af þinginu til að íhuga málið, og sem skipuð var gagnkunnugum mönnum eðlilegast og rettast að prestsetrið Eyri, sem stendur á sömu eyrinni ofanverðri og verzlunarstaðurinn, lægi undir umdæmi kaupstaðarins, en á hinn bóginn mátti sjá það á brefi einu frá fjórum íbúum verzlunarstaðarins til fulltrúa Ísfríðinga, herra archivscritera J. Sigurðssonar, dags. 28. dag febrúarm. þ. á., að gengið hefir verið út frá því sem sjálfsgöðu að takmörkin yrði garður sá, sem hlaðinn er fyrir neðan túnið á prestssetrinu. En þar sem prestssetrinu heyrir nokkur lóð fyrir neðan þenna garð, þá virtist það sjálfsagt eptir öllum ástæðum, að hún lægi undir umdæmi kaupstaðarins, því að hún væri ónýtt prestssetrinu til allra grasnytja, með því hún væri eigi nema mól ein, en þar er gott og allstórt húsastæði, enda væru þegar reist þar nokkur hús, og yrði þá kaupstaðurinn að kaupa þessa lóð gegn árlegu eptirgjaldi, sem virðist vera hið réttasta, eða láta prestinn fá tolla af þeim húsum, sem þar yrðu gjörð. Um þetta hvortveggja, takmörkin, og hvaða eptirgjald presturinn ætti að fá fyrir þessa lóð fyrir neðan túnið, sem nú þegar var umgetið, virtist þinginu sjálfsagt að úrskurða þyrfti áður en lagafrumvarp væri lagt fyrir alþingi um bæjarstjórn þessa verzlunarstaðar, enda væri það hægt til næsta þings.

Enn fremur skal þess geta, að sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu, sem sjálfsagt yrði bæjarfógeti í kaupstaðnum, er búsettur á Ísafjarðarverzlunarstað, og hvergi betur settur í allri sýslunni, og getur því það atriði eigi verið málinu til neinnar fyrirstöðu.

En enda þótt ráða hefði mátt málinu til lykta, án þess að leggja það fyrir alþingi aptur vegna takmarkanna, gat þingið þó eigi lagt það til, að reglugjörð um bæjarstjórn á Akur-

eyri, 29. dag ágústmánaðar 1862, yrði löggilt fyrir Ísafjarðar verzlunarstað, eins og beiðendur höfðu farið fram á, heldur virtist því sjálfsagt, að málið yrði að leggja fyrir alþingi aptur, og sá því eigi til neins, að húa til neitt frumvarp til reglugjörðar um bæjarstjórn þar, og það því heldur, sem vikja yrði í ýmsu talsvert frá ákvörðunum reglugjörðanna fyrir Reykjavík og Akureyri, einkum um afskipti amtmannsins af bæjarstjórninni; með því að amtmaður Vestfirðinga býr í svo miklum fjarska við þenna verzlunarstað, sem hér er umtalsefnið, að eigi væri auðið að ná til úrskurðar hans í tæka tíð í ýmsum efnum, og ætti allt hið sama í þessu efni að liggja undir úrskurð hans, og liggur undir úrskurð amtmannsins í Suðurlanddæminu að því er Reykjavík snertir, og undir úrskurð amtmannsins í Norður- og Austurlanddæminu, að því er Akureyri snertir, mundi það valda ópolandi drætti á úrslitum málanna, og stundum miklum kostnaði að auk, er senda þyrfti mann beina leið til hans, einkum eins og póstgöngunum nú er hagað, og verður því að breyta ákvörðunum þessum, og laga þær eptir því, sem hér er ástatt. En jafnframt frumvarpi til reglugjörðar um bæjarstjórnina virtist þinginu og nauðsyn bera til, að lagt yrði fyrir þingið frumvarp til lagaboðs um að sett yrði þar byggingarnefnd og skyldur hennar, því að enn er þar engin byggingarnefnd, og engar reglur settar, svo þinginu sè kunnugt, um það efni, og hætt við, að húsaskipun sè þar eigi sem haganlegust eða eptir föstu ráði.

Samkvæmt því, sem þegar er greint, leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast (í einu hljóði) að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign, að yður mildilegast mætti þóknast :

1. Að greina sem allrafyrst Ísafjarðar verzlunarstað frá Eyrarhrepp, og gjöra hann að lögsagnarumdæmi sèr, og veita honum kaupstaðarréttindi.
2. Að fyrir næsta alþingi verði lagt til ihugunar frumvarp til reglugjörðar um stjórn bæjarmálefna þar, — og sömu--leiðis
3. Frumvarp til lagaboðs um stofnun byggingarnefndar í kaupstaðnum og reglur fyrir húsagjörð og húsaskipun þar.

Reykjavík, d. 3. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. H. Kr. Friðriksson.

Atkvæðaskrá

í lagaskólamálinu (sbr. bls. 222).

1. Breytingatkvæði *P. Péturssonar og Arnljóts Ólafssonar* við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (4. tölulið), — samþykkt af nefndinni:

Að í stað 1. niðurlagsatriðis verði sett:

Að kennsluskóli handa lögfræðinga-efnum mætti verða stofnaður á Íslandi svo fljótt sem auðið er, og í seinasta lagi haustið 1864; en að dómendunum í yfirdómi landsins verði til bráðabyrgðá falið á hendur, gegn hæfilegum launum, að veita lögfræðinga-efnum tilsögn í lögum nú þegar í haust (felld með 15 atkv. gegn 8).

2. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar og H. Kr. Friðrikssonar* við sama tölul.

Að í stað 1. niðurlagsatriðis nefndarinnar komi svo hljóðandi niðurlagsatriði:

1. Að kennsluskóla þeim handa lögfræðinga-efnum, sem konungur hefir mildilegast yfirlýst í auglýsingu sinni 8. júní 1863, að sè ósk sín að verði stofnaður á Íslandi, verði komið á fót svo fljótt sem auðið er (samþ. með 21 atkv.).

3. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* við sama tölul.:

Að dómendunum í yfirdóminum á Íslandi verði til bráðabyrgðar, og þegar á komanda vetri ef mögulegt er, veittur myndugleiki og hæfilegur fjárstyrkur til þess að byrja kennslu í lögfræði (samþ. með 20 atkv.) svo framt nokkur gæfi sig fram til að læra hjá þeim (felld með 18 atkv.).

4. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að lagaskóli mætti verða stofnaður á Íslandi svo fljótt, að lagakennsla í honum mætti byrja nú þegar í haust komandi (fallið við 1. tölulið).

5. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (8. tölul. og tölul. 6. og 7.):

Að í stað 2. niðurlagsatriðis nefndarinnar ásamt með öllum þeim breytingar og viðauka atkvæðum, sem þar við eru áskilin í þessari atkvæðaskrá, verði borin upp til atkvæða svo hljóðandi *uppástunga til þingsins*:

Að ekkert verði tekið fram um kostnað til lögfræðingaskólans í þeim niðurlagsatriðum, sem verða samþykkt í bænarskránni til konungs, heldur að eins í ástæðum bæn-

arskráarinnar hæfilegar bendingar og skírskotanir til þess, sem alþingið 1861 komst niður á um þetta atriði málsins (samb. með 12 atkv. gegn 11).

6. Breytingaratkvæði *P. Péturssonar* og *Arnþjóts Ólafssonar* við sama tölul.: — samþykkt af nefndinni:

Að fê það er leiðir af skólastofnun þessari verði greitt fyrst um sinn úr ríkissjóði; en ef það eigi fæst, þá verði fê þetta lánað landinu, ef eigi úr öðrum sjóði, þá úr hinum svo kallaða »styrktarsjóði» Íslands, og síðan borið undir alþingi, hvernig lán þetta skuli endurgoldið af landinu (fallið við 5. tölulið).

7. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* og *Jóns Sigurðssonar* við sama tölul.:

Fyrir 2. niðurlagsatriði nefndarinnar setjast:

»að kostnaðurinn til þessarar stofnunar greiðist til bráða-byrgða, og þangað til alþingi fær skatta-álögurètt, úr ríkissjóðnum» (fallið við 5. tölulið).

8. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að fê það, sem leiðir af stofnun skólans, megi verða til bráða-byrgðar lánað landinu, ef eigi á annan hátt, þá úr styrktarsjóði Íslands, móti lagavöxtum og endurborgun hið fyrsta því verður við komið á haganlegasta hátt eptir tillögum alþingis (fallið við 5. tölulið).

9. Viðauka-atkvæði *Brynjólfs Jónssonar*:

að hans hátign konunginum megi þóknast að leggja fyrir næsta alþing frumvarp til reglugjörðar um fyrirkomulag hins væntanlega lögfræðingaskóla hér á landi (felld með 16 atkv. gegn 2).

10. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu?

Um þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:

Brynjólfur Jónsson.

Benidikt Þórðarson.

Ásgeir Einarsson.

Benidikt Sveinsson.

Björn Pétursson.

Gísli Brynjúlfsson.

Helgi Hálfðánarson.

Nei sögðu:

Arnþjótur Ólafsson.

H. Kr. Friðriksson.

já sögðu:

Helgi Thordersen.

Indriði Gíslason.

Jón Guðmundsson.

Jón Hjaltalín.

Jón Pálmason.

Jón Pétursson.

Jón Sigurðsson.

Magnús Andrèsson.

Páll Melsteð.

Páll Sigurðsson.

Pétur Pétursson.

Stefán Eiríksson.

Stefán Jónsson.

Sveinn Skúlason.

Og var þannig bænarkráin samþykkt með 21 atkvæði gegn 2.

Nefndarálit

í málinu um gufuskipsferðir með ströndum Íslands (sbr. bls. 82).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss fimm þingmenn, sem hér ritum nöfn vor undir í nefnd, til að ihuga og kveða upp álit vort um bænarskrá nokkra frá héraðsfundi þingeyinga, dagsetta 26. dag maímánaðar í vor, undirskrifaða af 27 mönnum, er beiðist þess, að alþingi riti vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um það:

»Að gufubátaferðum verði hið allrabráðasta komið á með ströndum Íslands, er flytji ferðamenn og vörur fyrir sanngjarna borgun milli helztu hafna á landinu«.

Vér höfum ihugað mál þetta svo vandlega, sem oss hefir auðið verið, og leitað allra þeirra skýringa á því, sem vér gátum fengið hjá þeim mönnum hér í bænum, sem kunnugastir eru þess konar efnum, og verður skoðun vor á máli þessu svo sem nú skal greina:

Oss er það öllum næsta ljóst, að greiðar og stöðugar samgöngur manna á milli í hverju landi sem er, og sömuleiðis við önnur lönd, eru eitthvert hið fyrsta grundvallarskilyrði fyrir öllum framförum landsbúa og hagsæld þeirra. Það hlýtur að liggja, að oss virðist, hverjum einum í augum uppi, að þeir, sem afskekkir

búa frá öðrum mönnum, og lítil kynni hafa af þeim, geta eigi haft nein not af framförum eða reynslu annara, eða fært sér hana í nyt; eigi þeir nokkrum framförum að taka, verða þeir að hugsa það allt upp sjálfir, án allrar leiðbeiningar, og án þess að þeir fái nokkra sem helzt uppörfun til þess af því sem þeir sjá eða heyra; og það er hið sama og þeim sé allra framfara fyrirmunað; og þótt menn sæju endrum og sinnum eitthvað fyrir sér, er þeir gætu notað, og að framförum lyti, þá er þeim þó að sumu leyti fyrirmunað, eða að minnsta kosti mjög örðugt að nota framfarir þessar sér til hagnaðar og hagsældar, svo lengi sem viðskipti þeirra við aðra eru þeim fyrirmunuð, sökum örðugleika á samgöngunum. Þetta má nú að miklu leyti heimfæra til vor Íslendinga. Land vort liggur næsta afskekkt frá öðrum síðuðum löndum, og samgöngur vorar við aðrar þjóðir eru miklu örðugri og sjaldgæfari en á milli annara landa. Af þessu hefir eðlilega og beinlínis leitt, að vör höfum hlotið að fara á mis við reynslu og framfarir annara þjóða, með því vör höfum svo fátt séð; því að heimskt er heimalið barn; en við það bæst og það, að þótt vör hefðum getað einhverjum framförum tekið í ýmsu voru háttalagi og aðburðum, sökum þess, að þekkinguna hefði eigi skort, þá hefir oss vantað og vantar enn aðalhvötina til þess, og hún er sú, að vör sæjum að þessar framfarir mættu oss til verulegrar hagsældar og hagnaðar verða; en þessi upphvatningar skortur felst einkum og sér í lagi í því, hversu litlar, strjálar og óvissar samgöngurnar hafa verið og eru enn millum Íslands og annara landa, og þó enn fremur í landinu sjálfu.

Vör játum það reyndar, að bæði hin frjálsari verzlun hefir að nokkru aukið samgöngurnar við aðrar þjóðir, og einkum rutt mörgum þeim tálmunum burtu, sem áður voru á þeim, og þannig gefið oss von um, að þær muni verða meiri með tímanum, enda þótt þær muni seint verða eins miklar og millum annara landa, sökum fjarlægðarinnar og afstöðu og legu lands vors. Það væri og vanþakklæti af oss Íslendingum, ef vör eigi könnuðumst við hinn góða tilgang stjórnarinnar og ósérplægni ríkisdagsins í Danmörku með gufuskipsferðunum hingað til landsins, enda þótt þeim sé í ýmsu ábótavant, og með þessu tvennu er byrjunin gjör til aukningar viðskipta vorra við aðrar þjóðir. En þótt þetta væri hvorttveggja í bezta lagi, vantar þó gjörsamlega það, sem oss liggur næst, það

er greiðar samgöngur á landinu sjálfu, og það er það atriði, sem vér hér eigum að fhuga, og hér er umtalsefnið.

Þegar vér lítum á land vort, þá er það, eins og kunnugt er, nær því 19 hundruð ferhyrningsmílur að stærð, allt fjöllum og jöklum þakið. Það er nú ljóst, að ef samgöngurnar ættu að vera greiðar í landinu, þyrftu vegirnir að vera góðir og flutningsfæri nóg; en það er hvorttveggja, að hingað til hestir sannlega lítið verið gjört til að bæta vegina; þeir eru að eins niðurtroðnir stigar handa einum og einum hesti; enda uggir oss mjög, að þess muni langt að biða, að þeir góðir og greiðir verði. Þessi hin nýju vegalög munu vissulega eigi greiða svo fyrir vegabótunum, að samgöngurnar aukist til neinna muna, og þótt þau væri miklu betri, og fjártillagið til vegagjörðanna miklu meira, en nú er, þá liggur það hverjum einum í augum uppi, hversu miklir örðugleikar eru á slíkum vegabótum, að vegirnir hér geti komið í nokkurn samjöfnuð við vegina í öðrum löndum, þar sem hver vegur er vagnbraut; því að allt landslag hér er þannig, að til slíks er varla að hugsa á millum héraða, yfir fjöll og flrindi, og víða alls eigi, hversu miklu fè, sem til þess væri varið; og þótt þessir fjallvegir yrðu svo vel úr garði gjörðir, sem framast væri auðið, yrðu þeir þó að eins notaðir til hesta um hásumartímann, eins og einsætt er, þar sem svo miklum snjó dýngir niður sem hér, veturinn svo langur og vorin köld. Af öllu þessu er þá auðsætt, að vér aldrei getum búizt við, að enda þótt vegirnir verði bættir, og póstgöngur auknar til muna, að vér förum eigi á mis við mikið af þeim hagnaði, sem góðar og greiðar samgöngur á landi veita íbúum annara landa; vér Íslendingar verðum með öllu að fara á mis við þann hagnaðinn, að geta komið varningi vorum þangað til sölu, sem oss er haganlegast og haldkvæmast, og náð aptur þaðan til vor útlendum varningi. Og hvað meira er, þótt gnógt matvöru sé til á sumum verzlunarstöðum landsins, geta þeir einir haft hennar not, sem næstir búa; en allir aðrir mega, ef svo ber undir, lifa við sult og seyru, og jafnvel deyja úr hungri, svo lengi sem annara bragða eigi er í leitað, til að greiða og auka flutninga frá einum stað til annars í landinu en gjört verður með vegabótunum einum. Hversu örðugur allur flutningur er hér á landi, þótt eigi sé um annað að ræða en smáböggla, sýnir það bezt, að þegar einhver t. a. m. hér í Reykjavík vill senda eitthvað norður í land eða austur, þá verður að senda það með haustskipum suður til Kaupmanna-

hafnar, til þess að það komist næsta vor með kaupskipum þangað sem það á að fara. Þess skal og getið til að sýna, hversu afarkostnaði allar langferðir á landi eru bundnar, að allir þeir, sem ferðast vilja til einhvers fjarlægs hluta landsins, hljóta að vera margar vikur á leiðinni, og kosta til þess mörgum hestum, svo að það er því nær frágangssök; þannig er t. a. m. um alþingismenn úr hinum fjarlægari sýslunum, að ferðakostnaður þeirra er margfalt meiri, en þingsetukaupið sjálft; að vèr eigi tölum um þann afarkostnað, sem fylgir með því er einhver neyðist til að flytja sig búferlum úr einum fjórðungi landsins í annan; það er því nær frágangssök, og því er það t. a. m., að prestar opt eigi vilja sækja um brauð í þeim hëruðum, sem þeim eru fjarlæg, því að þeir treysta sér eigi í svipinn að kljúfa þann kostnað, sem flutningnum er samfara. Sama má víst og segja um pílta, er menntast vilja í hinum lærða skóla, að örðugleikinn á ferðum þeirra er næsta fráfælandi.

Af þessu öllu leiðir þá beinlínis, að vèr megum eigi einblína á vegabæturnar, og búast við að þær einar muni greiða samgöngurnar; vèr verðum heldur að snúa huga vorum jafnframt að þeirri leiðinni, sem engra vegabóta þarf, þar sem brautin er þegar rudd, og ekkert brestur til greiðrar og fljótrar ferðar, hversu mikið sem flytja skal, nema flutningsfærin; en þessi leið er sjórinn. Vèr eigum því af aleði að styðja að því, að ferðir og flutningar með fram öllum ströndum landsins verði sem allra fyrst greiðar og stöðugar, en til þess þarf skip, og það það skip, sem að minnsta kosti hafi gufuvél, er það geti notað, þegar eigi verður áfram komizt með seglum einum, og er þá eina ráðið, eins og nú standa mál vor, að leita fulltingis stjórnarinnar, til að koma þessum ferðum á, enda verðum vèr að fulltreysta því, að stjórnin og ríkisdagurinn bregðist bæði fljótt og vel undir þessa nauðsyn vora, með því líka öll líkindi eru til, að sè málinu haganlega fyrir komið, þurfi fjárútlát stjórnarinnar eigi að verða svo mjög mikil, einkum þegar fram í sækir. Vèr erum gufskipum og kostnaðinum við þau eigi svo nákunnugir, að vèr þorum að kveða upp neinn beinan dóm um það, hvernig þetta skip ætti að vera, eða hversu miklu fè þyrfti til að skjóta, svo að sá sem tæki að sér að annast um þessar ferðir, væri skaðlaus, og það því síður, sem eigi er audið nú þegar fyrir fram að segja með nokkurri vissu, hversu mjög þetta skip yrði notað til flutninga bæði manna og varnings með fram ströndum landsins.

En allir erum vèr á einu máli um það, að flutningar á skipi þessu mundu eigi all-litlir verða, og á sömu skoðun eru kaupmenn þeir hér í Reykjavík, sem vèr höfum átt tal við, hinir greindustu menn, og sem sannlega eru þessi máli hvað kunnugastir, og hljóta að geta sagt hvað líklegt er betur en nokkur annar, sem oss nú sem stendur er auðið til að ná. En eins og bæði vèr og þeir erum sannfærðir um það, eins virðist það liggja beint við, að margir þeir sem ferðast vilja t. a. m. hëðan af Suðurlandi, og norður eða austur á land, eða þaðan og hingað, mundu taka því fegins hendi, að geta komizt þá leið á gufuskipi gegn 5—20 rd. borgun fyrir far og kost, og sleppa þannig hjá hinum afarörðugu og kostnaðarsömu landferðum. Og þá er það eigi ólíklegra, að margir kaupmenn, sem hafa verzlunarstaði hingað og þangað á landinu, mundu fúslega nota þessar ferðir, bæði til þess, að senda þangað útlendan varning, sem þeir sendu hingað til Reykjavíkur með gufuskipinu frá Danmörku, og eins að senda hingað innlendan varning, er þeir vildu koma með gufuskipinu til Englands eða Danmerkur; því að það virðist mjög auðsætt, að þeir með því móti gætu opt fljótar og með hægra móti komið varning sínum á útlendan markað, en að verða sjálfir að kaupa eða kosta skip skip til þess. Eins er það, að ef ferðir eru stöðugar með fram ströndum landsins, geta Íslendingar komið varningi sínum með hægu móti til þess verzlunarstaðarins, þar sem hann er bezt borgaður; og að vèr tökum eitt dæmi, hvílikur hagar hefði það eigi verið fyrir Norðlendinga á síðasta hausti, ef gufuskip hefði þá verið á ferðinni, og þeir með því hefðu getað sent ull sína hingað til Reykjavíkur, með því kaupmenn hér gáfu þá 36—40 sk. fyrir hvert ullarpund, en á Norðurlandi 26—30 sk.; það verður 33 rd. 32 sk. munur á hverju skippundi, og auk þess er þá auðsèð, að þá fyrst getur sönn verzlunarkeppni átt sér stað, þegar öllum gefst kostur á að ná í vörurnar með hægu móti, hvar sem er á landinu.

Vèr höfum talið það skyldu vora, að skýra þetta mál sem bezt að auðið væri bæði fyrir sjálfum oss og öðrum þingmönnum, og höfum því leitað allra þeirra skýringa um málið, sem auðið var, eins og vèr þegar höfum sagt, og látum vèr þessar skýrslur fylgja með: Bréf frá kaupmanni C. Fr. Siemsen til nefndarinnar dags. 23. þ. m., bréf frá kaupmanni Sv. Jacobsen til eins vor nefndarmanna, Arnljóts Ólafssonar, og áætlun frá ónafngreindum kaupmanni yfir allan kostnaðinn við gufuskipsferðir þessar í kringum landið. En

vér skulum geta þess jafnframt, að vér teljum hvorki oss nè þinginu fært, nè heldur það eigi við, að leggja fyrir stjórnina neinar uppástungur, sem niðurlagsatriði í bænarskrá til konungs, hvernig þessum gufuskipsferðum eigi á að koma, hvort heldur með því, að stjórnin leggi sjálf skipið til, og kosti allar ferðirnar beint á kostnað rikissjóðsins, eða fái aðra til þess gegn tiltekinni fjárupphæð, eins og nú er um gufuskipið Arcturus. Það verðum vér að ráða þinginu að leggja stjórninni með öllu á sjálfsvald. Þegar vér nú litum á uppástungu kaupmanns Siemens, þá ætlar hann, að réttast mundi, að leigja skipið á Bretlandi eða Danmörku, og skyldi það rúma 200 lestir; það ætti að fara frá Skotlandi á ári hverju 15. d. febrúarmánaðar, og halda fyrst til Austfjarða og svo norður um land til Reykjavíkur, ætlar hann, að það ætti að fara 12 ferðir á ári kringum landið, til skiptis aðra hverja ferð suður og austur um landið, en aðra hverja ferð vestur og norður fyrir land og halda svo til Skotlands eða Danmerkur aptur að haustinu tii nálægt miðjum októbermánuði. Útgjöldin við þessar ferðir ætlar hann að mundu verða 25,139 rd. Af þessum útgjöldum ætlar hann, að endurborgist við flutningskaup manna og varnings fyrsta árið að eins 9,600 rd, og þá vantaði 15,539 rd., sem skjóta ætti til af almenningsfè, og ætti 1,539 rd. að greiðast af póstmálafè þessa lands, og skorti þá 1. árið 14,000, rd. sem skjóta yrði til annarstaðar frá. En næsta árið heldur hann, að flutningar mundu aukast svo, að þá vantaði að eins 8—10,000 rd. til endurgjalds alls kostnaðarins.

Þegar vér á hinn bóginn skoðum áætlun þá, sem vér áður nefndum frá öðrum ónafsgreindum kaupmanni, um útgjöld við gufuskipsferðirnar, og hversu flutningar þess mundu miklir verða, þá fer höfundur hennar í sömu stefnu og kaupmaður Siemsen í því, að ferðirnar ættu alls að verða 12; en hann gjörir ráð fyrir, að skipið fari aðra hvora ferð að eins á Eyjafjörð, og snúi þar við aptur sömu leið til Reykjavíkur, en aðrahvora ferð fari það kringum allt landið, og komi við á þessum stöðum: Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd, Eyjafirði, Vopnafirði, Seyðisfirði, Berufirði og Vestmannaeyjum. Ætlar hann haganlegast sökum kostnaðarins, að skipið væri til siglinga ætlað, en hefði gufuvæl jafnframt, til að beita, er eigi byrjaði vel. Með slíku fyrirkomulagi ætlar hann, að sparast mundi helmingur kola við það, sem annars þyrfti, ef skipið væri eigi seglskip. Slíkt skip telur hann að nægja mundi, að rúmaði 120 lestir, og mundi það kosta 45,000 rd, en árskostnaður yrði

22,846 rd. — Aptur á móti heldur hann, að flutningarnir yrðu talsvert meiri, en herra Siemsen, og að í flutningskaup manna og varnings fengist 18,200 rd. þegar hið fyrsta árið; en hann gjörir að eins 600 rd. fyrir flutning póstréfa. Svo að það, sem til þyrfti að skjóta hið fyrsta árið, yrði að eins 3,646 rd., og næsta ár mundi engu þurfa til að skjóta, og allur kostnaður mundi þá nást upp. Því að í því ber þeim saman, höfundi þessarar áætlunar og herra Siemsen, að flutningar mundu aukast að fjórðungi þegar 2. árið. Þegar vér nú berum þessar tvær áætlanir saman, má sjá, að eptir áætlun herra Siemens yrði kostnaðurinn 2,800rd. meiri, heldur en eptir hinni áætluninni, en þessi mismunur er fólgin í því tvennu, að skipið, er Siemsen ætlar til ferðarinnar, er stærra en hitt; og þar eru ferðirnar taldar með frá Skotlandi á vorum, og til Skotlands aptur á haustum, sem ekkert er talað um í hinni áætluninni; og auk þess er þetta skip að eins gufuskip, og því eigi gjört ráð fyrir nein-kolasparnaði. Þegar tekið er fullt tillit til þessa alls, verður ekki mikill munur á þessum 2 áætlunum, og þykjumst vér því hafa fyllstu styrkingu fyrir, að áætlanir þessar muni fara nærri réttum vegi að því, er kostnaðinn snertir. Á hinn bóginn er mikill munur á skoðun þeirra á því, hversu mikið fè muni greiðast í flutningskaup fyrir menn og varning, þar sem herra Siemsen ætlar, að það fè muni 1. árið að eins verða 9,600, en í hinni áætluninni er gjört ráð fyrir því nær helmingi meira eða 18,200 rd.; um þetta atriði teljum vér, að eigi sé auðið að segja neitt með vissu; en vér ætlum þó, að óhætt sé að fara meðalvegin, eptir því, sem vér höfum áður lýst ástæðunum hér á landi, og segja, að flutningskaupið mundi nema hér um bil 14,000rd., svo að eigi brýsti meira á, að kostnaður allur næðist, en 5—11,000 rd. þegar hið fyrsta árið, eptir því hversu stórt skipið væri og hvernig á sig komið, og hvaðan ferðirnar væru taldar. Þar sem í hinni nafnlausu áætlun er gjört ráð fyrir, að 600 rd. verði greiddir fyrir póstréf og þess konar böggla, sem póstar annars flytja, þá virðist það liggja í augum uppi að gjöra má ráð fyrir miklu meira fè, og jafnvel meiru en herra Siemsen ætlast til. Vér þykjumst hafa fulla ástæðu til, að ímynda oss, að endurbót verði bráðum á póstgöngunum, þar sem frumvarpið til laga um það efni var lagt fyrir þingið 1861, og þingið samþykkti það óbreytt, og hefðum vér búizt við, að það væri þegar komið. Enda þótt það sé oss nú eigi fullkunnugt, hvernig póstgöngunum í landinu verði

hagað framvegis, þykjumst vér geta talið það víst, að þær muni kosta talsvert meira fè, en nú. Þegar vér á hinn bóginn íhugum, að með þessum gufuskipsferðum má spara allar póstferðir á millum amtanna frá því í marzmánuði til þess í októbermánuði, getum vér eigi annað en talið víst, að með því mætti spara allt að 2,000 rd., og gæti þetta fè gengið til gufuskipsferðanna, og þá vantaði að eins 3—9,000 rd. Enda þótt vissulega mætti finna ráð til að ná þessu fè, getum vér eigi lagt það til, að þingið gjöri neinar beinar uppástungur um það efni að þessu sinni, meðan ekkert er afraðið um fjárhag vorn; en vér verðum að hafa það traust til stjórnarinnar og ríkisdagsins, að fè því, sem á brestur, til að koma þessu fyrirtæki á, verði skotið til úr ríkissjóði að minnsta kosti svo sem 2 árin næstu; og virðist oss þá, að svo mætti útbúa þetta skip, að það gæti haft eptirlit með útlendum fiskimönnum hér við landið, að þeir eigi gjörðu neinn óskunda, og gæti eptirlit þess orðið að minnsta kosti eins mikið, og þeirra hinna dönsku herskipa, er hingað til hafa verið send hingað tii að gæta þessa, og þá losaðist ríkissjóðurinn við þann kostnaðinn.

Þegar ræða skal um, hvernig ferðunum skuli haga, verðum vér að telja hentast og réttast, að skipið fari 12 ferðir kringum landið, og ætti það að koma að minnsta kosti á þessar hafnir: Reykjavík, Stykkishólm, Ísafjörð, Skagaströnd eða Hofsós, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörð, Berufjörð og Vestmanna-eyjar, og fara til skiptis aðra hvora ferð suður og austur um landið en aðra vestur og norður um það. Það viljum vér og taka fram að ef einstakur maður tæki að sèr að kosta gufuskipsferðir þessar, væri með öllu nauðsynlegt að kveða fast á, hvert flutningskaupið ætti að vera bæði á mannfólki og varningi á millum allra þeirra staða, sem skipið kæmi á, svo að engu gjörræði yrði beitt af hálfu útgjörðarmanna, og svo ýmislegt annað, svo að allt sè í góðu lagi og gangi með reglusemi.

Að síðustu skulum vér geta þess, að oss virðist engir örðugleikar geta á því verið, að fá þessu fyrirtæki framgengt eptir þeim áætlunum og með því fyrirkomulagi, sem vér þegar höfum frá skýrt, þar sem bæði herra kaupmaður C. Fr. Siemsen hefir boðið liðveizlu sína til þess, og sjá má af bræfi herra Sv. Jakobsens, að Henderson kaupmaður hefir í huga að láta gufuskip fara í kringum landið þegar á næsta sumri, og virðist þá hægt að semja við hann, að hann fjölgi ferðunum, og láti skipið koma á tiltekna

hafnir. En hversu sem þessu máli yrði fyrir komið, og hver sem það að sér tæki, vonumst vèr til, að stjórnin sjái svo um, að skipið verði rammgjört og allur útbúnaður þess í bezta lagi, svo að lífi manna eigi verði í bersýnilega hættu stofnað.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, viljum vèr ráða hinu heiðraða alþingi til, að rita vorum allramildasta konungi bænarskrá þess efnis:

Að hann af mildi sinni vilji bjóða stjórn sinni, að annast um, að reglulegar gufuskipsferðir, samkvæmt því sem áður er greint, komist á þegar að vori komanda, kringum Ísland, og flytji bréf, menn og varning millum hafna, gegn fastákveðnu sanngjörnu verði.

Reykjavík, 28. júlí 1863.

Jón Sigurðsson, Arnlfjótur Ólafsson, J. Hjaltalín. Páll Melsted.
formaður. skrifari.

H. Kr. Friðriksson,
framsögumaður.

Fylgiskjal 1. (Útlegging).

Samkvæmt tilmælum nefndarinnar gef eg henni hér með hinar umbeðnu skýringar viðvíkjandi yfirliti yfir gufuskipsferðir umhverfis Ísland. Skýringar þessar taka fram ýms smá-atríði í þessu máli, en þá athugasemd verð eg að gjöra, að nú sem stendur verð eg einungis að fara eptir minni mínu. Þó hygg eg bæði að nefndin megi nokkurn veginn óhult byggja á orðum mínum og líka að niðurstaðan verði betri, en ráð er fyrir gjört, en ekki lakari.

Að kaupa nú þegar gufuskip fyrir landsins fè, eins og sumum hefir til hugar komið, verð eg að álíta *mjög óráðlegt*, hins vegar má hæglega bæði á Englandi og ef til vill í Danmörku fá gott og hæfilegt skip móti sanngjarnri leigu. Eptir tveggja ára tilraun er hægt að segja, hvernig því atríði skuli til lykta ráða, þegar fyrir-tæki þetta fyrst er byrjað og komið á stofn, þá mun því verða haldið áfram.

Fyrir nokkrum árum síðan átti eg kost á að fá gufuskipið *Edina*; það er nokkrum mun stærra og betra og hefir *fleiri hesta afl heldur en Arcturus*; það tekur hér um bil 250 Register Tons, leigan 20 shilling sterl. um mánuðinn fyrir hverja Ton. og kol ó-keypis.

Á þessu tilboði geta menn nú byggt áætlunarreikning. Að öðru leyti veit eg til, að menn þurfa ekki að gjalda nema 15 til 16 shill. sterl. í leigu um hvern mánuð fyrir hverja Register Ton.

Skipið gæti verið lítið eitt minna að lestatali en Arcturus, en það ætti að hafa *fleiri hesta öfl*, og, ef kostur væri á, heldur vera *hjólskip* (Paddleskib) en skrufuskip, til þess að hægra væri að stöðva skipið og snúa því, þar sem aðþröngt væri, en slíkt er mjög ervitt á skrufuskipum.

Gufuskipið ætti að fara frá Skotlandi 15. febrúarmán. hlaðið kolafarmi og koma til Eskjuþarðar — þar er skemmst milli landa — 20. febrúar; þaðan ætti skipið að fara norðan um land og taka og flytja af Norðurlandi til Reykjavíkur marga *útróðramenn* með farangri þeirra, enn fremur gæti skipið þá tekið *ull*, *tólg* og *lýsi*, er menn vildu senda til Englands eður Danmerkur með því gufuskipi, er fyrst fer hëðan og þangað á vori. Í því tilliti skal þess getið, að í vetur sem leið var gefið fyrir hvert haustullarpund í Reykjavík 36—40 sk., en þar á móti 20 sk. á öðrum verzlunarstöðum, sem og þess, að í smákaupstöðunum hér á landi eru ýmsar útlendar vörur 50 pCt. dýrari en í Reykjavík. Gufuskip þetta getur betur komið fótum undir velmegun landsmanna hér, heldur en öll verzlun lausakaupmanna um hin síðustu 80 ár. Landsmenn þurfa ekki, þegar stundir liða, að vera ríghundnir við næsta kaптún, eða við hinn næsta markað. Skorti vöru á einhverjum stað, má nálgast hana í tæka tíð.

Því næst (nl. að aflokinni hinni fyrstu ferð norðan um land) ætti gufuskipið allajafna að ganga umhverfis landið, *aðra ferðina vestur*, *aðra ferðina austur*. Fyrst um sinn ætti skipið að koma við á hinum 9 eða 10 betri höfnum eða kaптúnum, t. a. m. Straumfirði, Stykkishólmi, Ísafirði, Reykjarfirði, Hofsó, Akureyri, Þórshöfn, Eskjufirði, Vestmanna-eyjum. Slík umsigling umhverfis landið getur átt sér stað á 14 dögum, en þó er réttara að reikna svo, að til þeirrar ferðar gangi 19-20 dagar hið fyrsta og annað ár; er þá farið 12 *sinnum umhverfis landið á ári hverju*.

Hinn 15. octóber ætti skipið að hafa lokið 12 ferðum umhverfis landið og fara því næst til Skotlands, og þangað gæti það verið komið hér um bil 20. octóber. Allt þetta ferða-og fyrirkomulag væri því um garð gengið á 8 *mánuðum og einni viku*.

Komið gæti það fyrir, að *hafís* bannaði siglingu umhverfis landið, en sjaldnast mundi það þó að bera og sjaldan nema löngum tíma.

Farareyrir fyrir menn ætti eigi að yfirstíga 2,4,6 ríkisdali pro persona (fyrir hvern mann) undir miðþiljum (i Mellemdækket) eptir

Því sem leið er löng eða skömm, og þar að auki 4 mörk dag hvern fyrir vistir, *ef menn nesta sig ekki sjálfir*. Eigi þyrfti það gjald að greiða í peningum. Farmeyrir ætti líka að vera mjög lágur, t. a. m. 3 mörk fyrir 1 tunnu kornvöru, 2 sk. fyrir 1 pund ullar, 1 skilding fyrir 1 pund smjörs eða tólgar, $\frac{1}{2}$ skilding fyrir 1 pund fiskjar.

Allt gjald fyrir flutning á mönnum eða gózi skyldi fyrir fram goldið, og áður en á skip kemur. Fjárgæzlumaður eða tilsjónarmaður (Purser eða Controlleur) ætti að vera á skipinu. Afhendingarmenn (afgreiðslumenn) á þeim stöðum, er skipið kemur, ættu að fá að launum $5\frac{1}{2}$ a $10\frac{1}{2}$ (Primage) af farmleigunni.

Kol ætti að flytja og vera fyrir hendi bæði í Reykjavík og á hentugum stað á Austfjörðum, t. a. m. á Eskjufirði, og flutningskaup á þeim þangað minna en til Reykjavíkur.

Útgjörðin verður þannig:

Leiga fyrir gufuskipið $8\frac{1}{4}$ mán., um mán. £ 250 eða 2063 £	
Primage — 5 —	103 -
	<u>2166 -</u>

Kol frá Skotlandi með gufuskipinu 200 Tonsa 8 sh. £ 80

Kol í Reykjavík og Eskjufirði 300 Tons a 25 sh. -	375	455 -
		<u>2621 -</u>

Þegar pund sterling er reiknað á 9rd. verður það 23,589 rd.

Afferming og áferming 300 Tons af kolum a 15 mrk,
bátsleiga í Reykjavík 750 rd.

Kaup og vistir tilsjónarmanns	800 —	25,139 —
---	-------	----------

Hins vegar getur hin íslenska póststjórn sparað 1539 —

Farar og flutningseyrir fyrir menn og góz

með skipinu á öllum 12 ferðum þess fyrsta árið,

verður ekki gjörður meiri, en 801 rd., til samans	9600 —	11,139 —
---	--------	----------

Vantar hið fyrsta ár	14,000 rd.
----------------------	------------

Annað árið stigur það, sem á vantar niður í 8 til 10,000 rd. sökum þess að fleiri munu þá nota skipið, og má að því sem vísu ganga; vera má og, að fá megi gott gufuskip jafnvel fyrir 200 pund sterl. um mánuðinn, en þó er réttara að gjöra ráð fyrir, að það fáið ekki undir 250 pund sterl., eins og eg átti kost á að gjalda í leigu fyrir *Edinu*. Yrði ferðum fjölgað, verður mál þetta enn aðgengilegra, en þó getur vel verið, að skipið þurfi að koma við á enn fleirum höfnum þegar fram líða stundir.

Það mun verða hægt að fá einn eður annan einstakan mann til þess að takast á hendur forstöðu þessa fyrirtækis móti $\frac{3}{10}$ mille þóknun á ári hverju, en þetta er þó *ekki ráðlegt* eptir hinni laklegu reynd, sem á er orðin með Arcturus. Tilgangurinn verður að vera *framför landsins með ódýrum ferðalögum og flutningum fram og aftur*, en ekki ágóði einstaks manns með skaða hins opinbera.

Til þess nú að fá nokkuð í skarðið fyrir þessa 24,000 rd. sem í hæsta lagi verður til að leggja 2 fyrstu árin, þá sting eg upp á því, að *leggja skatt á alla fastakaupmenn og lausakaupmenn, og láta hvern fyrir sig greiða 400 rd árlega*, ef þeir vilja halda áfram að selja *áfenga drykki*, og getur skattgjald þetta fullkomlega haldið gufuskipsferðunum við líði. Vilji einhver kaupmaður eða lausakaupmaður ekki selja áfenga drykki, þá er hann og laus við þetta gjald; en eigi ætti hann að fá leyfi til að selja þá vöru aptur fyr en að 5 árum liðnum. Þetta ölfangagjald ætti að komast á jafnskjótt sem gufuskipsferðirnar umhverfis landið hefjast, og ætti fyrst um sinn að krefja það fyrir 2 ár, 100 ríkisdali á ársfjórðungi hverjum (Qvartaliter) og ætið við upphaf hvers fjórðungs. Landið eða landsmenn borga með þessu fyrirkomulagi hvern brennivíns-pott 4 skildingum meira en áður, og má svo kalla að með því móti sé með góðu verði fengin ferðalög og samgöngur í landi þessu; vera má, að lítið eitt minna verði keypt eptir en áður af brennivíni, en það tel eg ekki skaða.

Þegar stöðug gufuskipsferð væri komin hér á mætti þar að auki *spara 6000 ríkisdali árlega með því að aftaka amtmanna embættin* og stjórna landinu með einni *aðalstjórn í Reykjavík*. Eg hefi þá trú, að þessar gufuskipsferðir muni í mesta máta stuðla til þess að landið taki framförum.

Væri nú sjóliðsforingi settur á gufuskip þetta, mætti vel hafa gætur á hinum útlandu fiskiskipum hér við land, er þá mundu síður verða nærgöngul, en þau nú eru. Það fer aldrei svo, úr því gufuskipsferðir þessar kæmust á, að þær gjörðu ekki meira gagn, heldur en briggskipið *St. Tomas* hefir getað gjört.

Þegar gufuskip þetta væri fengið og byrjað á ferðum sínum, þá væri nauðsynlegt að selja Arcturus og fá annað stærra skip til ferða milli Danmerkur og Reykjavíkur. Það er ólíklegt að alþingi leiði þegjandi fram hjá sjer, að endurnýjaður verði samningurinn um Arcturus, sem er svo dýrkeyptur og óhagfelldur fyrir ríkið, og

sem gjörir því að greiða árlega 12,000 rd., og þó eru einstakir menn alveg háðir geðþóttu útgjörðarmannsins. Í þessum undarlega samningi er gufuskipinu gefin eins konar einokun í hendur, og þar er hvorki minnzt á, *hvað mest* megi heimta fyrir slutning á mönnum eða gózi, eður fyrir fæði ferðamanna, og ekki heldur eru þar hinir venjulegustu skilmálar, sem vant er að setja þeim til tryggingar, er leigja meira eða minna í skipinu. Fyrir þá sök vil eg stinga upp á, að alþingið reyni til að fá frá Danmörku $\frac{2}{3}$ eður 8000 rd. endurgoldna á ári hverju, og á þann hátt, sem áður er ávíkið fái stjórnina til að taka á leigu í Danmörku eða á Englandi gufuskip, er taka hér um bil 400 Register Tons, fyrir 300—350 pund sterl. um mánuðinn, en kol sæu ókeypis. Þess skal hér getið, að Arcturus tekur að eins 266 Register Tons. Hins fyrsta skilyrðis í samningnum, að gufuskipið skyldi taka 400 Register Tons eða 200 danskar lestir, hefir ekki verið gætt, og þó er hættan fyrir menn og góz meiri með hinu minna skipi. Útgjörðarmaðurinn hefir á ári hverju fengið 4000 ríkisdala fram yfir það sem hann átti að hafa, eða á 5 árum 20,000 rd. meira en hann átti heimtingu á eptir samningnum; gufuskip, sem tekur 266 Tons kostar $\frac{1}{3}$ minna til viðurhalds en það skip sem tekur 400 Tons.

Með því móti, sem eg hefi nú stungið upp á, gæti *Ísland alveg komist hjá að leggja nokkuð til gufuskipsferða milli Danmerkur og Reykjavíkur*, og jafnvel með því móti átt nokkuð afgang til þess að bæta þar í skarðið, þar sem fê kynni að vanta til ferða umhverfis landið.

Gufufuskipsferðir milli Danmerkur og Reykjavíkur ætti að byrja eins og að undanfögnu 1. marz en enda á síðustu ferðinni frá Íslandi í *miðjum október* mán. En þá um sama leyti (15. okt.) ætti frá Kaupmaunahöfn að fara *seglskip* (Klipperskib) til Íslands. Það ætti svo að fara frá Reykjavík til Skotlands eða til Liverpool, og þaðan aptur 1. febrúar til Reykjavíkur, eins og póstskipið gjörði fyrir nokkrum árum síðan.

Póstsamgöngurnar, eins og þær eru nú, eru miklu verri en áður, meðan seglskip gekk milli landa, og þetta þarf að bæta. Áður fengu menn fréttir til Íslands í miðjum febrúarmánuði eða seinast í honum, en nú fá menn þær fyrst einum mánuði seinna. Póstskipið flutti venjulega fregnir frá Íslandi til Danmerkur seinast í marzmánuði; nú í ár kom gufuskipið ekki fyr en 2. maí. Verri

hafa póstgöngur á vetrin aldrei verið en nú, jafnvel þó stjórnin gjaldi 10000 rd. meira fyrir þær en áður.

Vilji alþingi eða stjórnin æskja þess, þá stendur reynsla mín og liðveizla til boða, svo að fyrirtæki þessu geti framgengt orðið. Eg ætlast eigi til endurgjalds, nema að svo miklu leyti, ef eg þyrfti að leggja fê í sölurnar, því að eg hefði meira en nægilegt mër til uppeldis, og skortir eigi annað hér í heimi en þá gleði, hve nær sem tækifæri býðst að geta stuðlað að framförum þessa lands, þar sem eg hefði varið bestum hluta æfi minnar og aflað fjármuna minna.

Reykjavík, 23. júlí 1863.

Með sérlegri virðingu

Carl Franz Siemsen.

Fylgiskjal 2. (Útlegging)

Gleði hefir mër verið að fá yðar góða bréf dagsett í gær, er þér biðjið mig að leysa úr fylgjandi spurningum, eptir undirlagi nefndar þeirrar, er alþingi hefir sett til að athuga bænarskrá, er til þess hefir komið um gufuskipsferðir kringum landið.

1. Hvort verzlunarhúsið P. L. Henderson í Glasgow hefði í hyggju, að láta gufuskip ganga á milli verzlunarstaða sinna hér á landi.
2. og ef svo væri, þá til hverra staða og hversu opt ár hvert.
3. Hvort skipið þá mundi geta tekið að sér að flytja póstinn milli t. a. m. Vestmannaeyja, Reykjavíkur, Stykkishólms, Ísafjarðar, Grafarós, Akureyrar og Seyðisfjarðar, og hve mikið það mundi kosta.
4. Hvort skipið mundi geta tekið við farþegjum og vörum.

Spurningum þessum skal eg eptir tilmælum yðar svara á þessa leið:

1. Mër er sjálfum kunnugt, að herra P. L. Henderson í Glasgow hefir í hyggju að láta gufuskip, er til þess sè hentugt, flytja varning til verzlunarstaða sinna á Suður-, Norður og Austurlandi, og það muni verða eptir öllum líkindum að sumri komanda.
2. og að skipið fari frá því í marz til nóvembers 4—6 sinnum til Reykjavíkur, Grafaóss og Seyðisfjarðar.
3. Þótt við, herra Henderson og eg, höfum eigi talað um, hvort skipið mundi koma á fleiri hafnir, þá þori eg samt að fullyrða, að hann muni gegn hæfilegu endurgjaldi, bæði vera fínanlegur og fær um, að koma með gott skrófu-gufuskip og hentugt í alla

staði, er komið gæti á alla þá kaupstaði, er þær til nefnduð, en hitt get eg eigi nú sagt, með hverjum kjörum og hversu dýrt þetta muni verða, en þó er það ætlun mín, að hann geti, með því að hann hefir viðskipti við Suður-, Norður- og Austur-landið tekið þetta að sér, eg vil eigi segja ódýrari en allir aðrir, heldur svo ódýrt sem hver annar getur.

4. Ef skipið flytur póstin, þori eg að ábyrgjast, að það getur þá einnig tekið við ferðamönnum, og flutningseyri fyrir sanngjarnt flutningskaup á alla staði.

Skip þetta gæti og jafnframt haldið vörð á, að útlendir fiskimenn veiði eigi nær landi en lög leyfa, ef skipstjóri fengi vald til þess og erindi.

Eg hef flýtt mér að svara yðar góða bréfi, og læt eg yður vita, eftir ósk yðvarri, að eg er því eigi mótfallinn, að bréf þetta verði heyrum kunnugt ef menn svo vilja.

Með stakri virðingu og vinsemd, yðar

Svb. Jacobsen.

Til alþingismans A. Ólafssonar.

Fylgiskjal 3.

Áætlun yfir útgjöld og líklegar tekjur við gufubátsferðir með fram ströndum Íslands, ef ferðirnar yrðu 12 á ári, og skipið í annari hverri ferð færi í kringum landið allt, og kæmi þá við á Stykkishólmi, Ísafirði, Skagaströnd, Eyjafirði, Vopnafirði, Seyðisfirði, Berufirði og Vestmanna-eyjum, en færi annaðhvort skipti að eins til Eyjafjarðar og sneri svo við.

Tekjur:		rd.
1. Skipið		45,000
2. Varningur sá, sem skipið fengi til flutnings á hverri ferð frá Reykjavík, mundi að líkindum verða 140 lestir, og sé flutningskaupið fyrir hvert lestarrúm talið 10 rd., að meðaltali, yrði það fyrir hverja ferð 1400 rd., og fyrir 12 ferðir		16,800
3. Fyrir 30 farþega á hverri ferð, og 5 rd. fyrir hvern að meðaltali 150 rd. og yrði það þá fyrir 12 ferðir alls		1,800
4. Fyrir flutning á bræfum 50 rd. í hverri ferð, samtals í 12 ferðum		600
		64,200
Vantar þá til útgjaldanna		3,646
		67,846

Mætti þá gjöra ráð fyrir að tekjurnar jykust um $\frac{1}{4}$ annað árið eða
 og sömuleiðis þriðja árið enn um $\frac{1}{4}$ eða . . .
 og yrði þá að eins fyrsta árið, er skjóta þyrfti til, en
 að öðru leyti skal þess getið, að eigi er audið að
 gjöra neina áreiðanlega áætlun um vöruflutninginn,
 hversu hann yrði mikill, fyrr en reynslan sýnir það.

Útgjöld:

	rd.
1. Nýtt og sterkt skip, sem rúmaði 120 lestir, og hefði gufuvjel þess 25 hesta krapt	45,000
2. Leigur af verði skipsins 4%	1,800
3. Árlegt viðhald 4%	1,800
4. Rýrnun skipsins á ári hverju (varasjóður)	2,500
5. Ábyrgðargjald fyrir skipið o. s. frv.	400
6. Kaup 10 háseta í 8 mánuði, 12 rd. til hvers um mánuðinn	960 rd.
a) Kaup skipstjóra 100 rd. um mánuðinn	800 —
b) — stýrimanns 50 rd. um mánuðinn	400 —
c) tveggja gufuvèlsmanna 100 rd. til hvers um mánuðinn	1600 —
d) tveggja kyndara 16 rd. til hvers um mánuðinn	256 —
7. Matur til 10 háseta og tveggja kyndara 15 rd. til hvers um mánuðinn	1440 —
a) Matur til skipstjóra, stýrimanns og 2. gufuvèlsmanna 20 rd. til hvers um mánuðinn	640 —
8. Kol til þessara ferða, ef talið er að siglt sé að helmingi, 450 Tons, hver Ton að flutningskaupi með töldu $13\frac{1}{2}$ rd. ($1\frac{1}{2}$ L.)	6,075
9. Flutningur kolanna af skipi og á skip í Reykjavík og Akureyri $2\frac{1}{2}$ rd. hver Ton	1,125
10. Aðgjörð og olía við gufuvèlarnar	1,000
11. Kaup til vörumóttakenda í Reykjavík og á Akureyri 300 rd. til hvers	600 —
og á öðrum höfnum	450 —
12. ýms ófyrirsjáanleg útgjöld	1,000
	67,846

Nefndarálit.

í málinu um ráð til að bæta úr presta-eklu á Íslandi. (sbr. bls. 115).

Af þingmanni Vestur-Skaptafellssýslu var á þessu þingi borin fram uppástunga um að bæta úr presta-eklunni hér á landi, og hefir þingið beðið oss, sem ritum nöfn vor hér undir, að segja álit vort um þetta mál, og sömuleiðis um bænarskrá úr Skagafjarðarsýslu, er það síðan fékk oss í hendur, og sem fer fram á, 1. að við næstu prestaskipti megi Hofstaða- og Flagumýrarþinga-brauð veitast aptur með sömu skyldum og réttindum, eins og að undanfögnu, og að sú í allrahæstum úrskurði 25. sept. 1854 ákveðna sameining þessara þinga við Hóla- og Miklabæjar-prestaköll mætti verða upphafin; og 2., að engin brauðasundrung nè samsteyping megi framvegis ákveðast hér á landi, nema áður sé fengið fullt samþykki viðkomandi kirkjusafnaða. Vör skulum nú leyfa oss að láta álit vort í ljósi um áminnzta uppástungu og bænarskrá sína í hverju lagi þannig:

Vör álitum alveg óþarft fyrir oss að færa sönnur á þá sívaxandi presta-eklu hér á landi, með því það er alkunnugt, hve mörg prestaköll hingað og þangað um landið eru farin að standa óveitt og forstöðulaus svo árum skiptir, og að þetta færist árlega í vöxt, eptir því, sem þeir fækka, er vilja gefa sig við prestskap, og af því að engir af þeim fáu presta-efnum, sem til eru, vilja verða til að sækja um þau, og eins óþarft álitum vör, að taka fram þær afleiðingar sem þetta hlýtur að hafa, þar sem eins er ástatt og hér, eða þá óánægju, sem það almennt vekur bæði sakir þess, að hið kirkjulega líf í söfnuðunum deyr og dofnar, eptirlit með barna-uppfræðingunni verður alveg að hverfa í hinum strjálbyggðu og víðlendu útkjálkabrauðum, og umsjón kirkna og kirkjugózins verður hartnær engin, svo að ekki er annað sýnilegt, en að víða komi heiðni í stað kristindóms á hinum afskekktu útkjálkabrauðum, sem lengi standa prestlaus, og ómögulegt er að þjóna til nokkurrar hlítar af nágretta prestum, og hefir uppástungumaðurinn sýnt fram á, að að þessu mundi reka, ef allt væri látið standa í stað, og ekki reynt til að ráða bót á því af hálfu hins opinbera. Hann hefir sem sé sýnt, að þó það kunni að teljast svo til, að nú sem stendur sé eða verði í sumar jafnmörg presta-efni til að tölunni, eins og þau prestaköll eru sem nú eru laus og forstöðulaus, ef þeir vildu allir sækja um þau eða ætluðu sér að gefa sig við prestskap, sem sé mjög óvíst, þá hafi þó ekki meira en helmingur þeirra fullan embættisaldur. Vör

getum heldur ekki fundið neina ástæðu til að vefengja áætlun hans um, hve mörg brauð muni losna á hinum næstu 10 árum, að meðaltali, og hve mörg presta-efni muni verða til þeirra, á sama tímabili, með því hún er byggð á fleiri ára reynslu og ásigkomulagi þessa tíma, og skulum vér til skýringarauka leyfa oss að bæta hér inn í ágripi af þeim kafla úr uppástungunni, sem um þetta hljóðar á þessa leið:

»Á 32 ára tímabilinu 1821—52 loasuðu hér á landi og voru veitt samtals 193 prestaköll, það er 6 árlega að meðaltali«. Vér megum að vísu ráðgera að þessi tala prestakallanna fari nú nokkuð minnkandi sakir þess, að prestaköll hafa verið lögð niður og sameinuð, einkum á hinum síðustu 10 árum, en þessi sameining hefir þó hvergi nærri fækkað öllum prestaköllum landsins um sjöttung, og leiðir þar af, að óhætt er að byggja á, að 5 prestaefni að minnsta kosti þurfi árlega eins og nú á stendur, ef ekki skuli fleiri og færri prestaköll standa forstöðulaus árum saman, og loks leggjast í auðn.

»Hin næstkomandi 10 ár til ársloka 1872 þarf því landið að eiga kost á 50 presta-efnum til þeirra prestakalla, sem losna á þessu tímabili; enn fremur til þeirra brauða, sem nú eru laus, 9, samtals 59 presta-efni. Til að bæta úr þessu höfum vér nú útskrifaða kandidata að þeim meðtöldum, sem útskrifast frá prestaskólanum í haust samtals 10. Á næstkomandi 6 árum geta menn talið uppá, að frá lærða skólanum útskrifist í mesta lagi 40; í ár útskrifuðust 6, samtals 46. Hvort sem nú fleiri eða færri af þessum stúdentum gefa sig við guðfræði, þá verða hinir yngstu þeirra, og einkum þeir, er fengu inntöku í skólann í fyrra vor 1862, engir búnir að ná 25 ára embættisaldrinum 1872, því flestir þeirra voru fyrir innan fermingaraldurinn, er þeir komu í skólann í fyrra. Nú þó ráðgjört væri svo ríflega, að $\frac{3}{5}$ allra þessara 46 stúdenta, sem til eru nú, og von er á í næstu 6 ár, gæfu sig við guðfræði, þá yrðu þeir ekki nema í mesta lagi 27, og allt að $\frac{1}{4}$ þeirra þó ekki fullaldra til embættis fyr en 1873—74. Án þess ráð se gjört fyrir neinum vanhöldum, þá geta menn þannig átt von á presta-efnum hin næstu 10 ár hið allra ytrasta 37, en það er 22 færri, en þörf kirkjuinnar og landslýðsins krefur. Með öðrum orðum: vér megum ganga að því vísu, að hér á landi verði að minnsta kosti 22 prestaköll kennimanns og sálusorgaralaus, áður en hin næstu 10 ár eru liðin«.

Við þessa áætlun skulum vér bæta því einu, að uppástungumaðurinn hefir hvorki gjört ráð fyrir, að nokkur gamall eða upp-

gefinn sóknarprestur gæti fengið sér aðstoðarpresta á þessu 10 ára tímabili, nè heldur að nokkur brauðasameining, sem hefir verið gjörð til bráðabyrgða, þyrfti aptur að ónýttast, og ætlum vèr þó, að hjá hvorugu verði alveg komizt. Þar að auki vitum vèr ekki betur en að 2 brauð hafi losnað síðan hann ritaði uppástungu sína.

Sem meðal til að bæta að minnsta kosti að nokkru leyti úr þessum vandræðum, hefir uppástungumaðurinn bent þinginu á, að tiltækilegt mundi að fækka brauðunum, með því að sameina þau eptir aimennu plani yfir alit land, hvar helzt sem því yrði við komið, og draga svo eptir vissum reglum ákveðnar tekjur af hinum sameinuðu brauðum, til þess að bæta upp þau fátæku útkjálkabrauð, sem með engu móti verða sameinuð eða lögð niður; og enn fremur hefir hann stungið upp á því, að þegar í haust verði sett hér í Reykjavík 5 manna nefnd, embættismanna og alþingismanna, sem eru reyndir og kunnugir viðs vegar um land, og búsettir hér í Reykjavík eða hér í grennd, til að gjöra almennar og skipulegar uppástungur um þetta, eða almennt brauðasameiningar frumvarp undir konungs samþykki, er stiptsyfirvöldin eptirleiðis í brauðaveitingum verði bundin við.

Hvað nú þessa uppástungu snertir, sem vèr síðar skulum leyfa oss að hverfa til aptur, þá getur hún eins lítið og allar aðrar uppástungur, sem lúta annaðhvort að því að bæta brauðin og gjöra þau aðgengilegri, eða til að auka aðsókn í hinum lærða skóla, og að privat dimissionum bætt úr þeirri presta-eklu, *sem þegar er á komin*, eða komið því til leiðar, að bætt sè nú þegar úr bráðri þörf hinna prestslausu brauða, sem óðum fjölga, af því að þessar uppástungur hafa það sameiginlegt, að þær útheimta lengri tíma, og að þeim því ekki getur orðið framgengt fyr en eptir fleiri ár. Sè það nu svo, sem ekki verður neitað, að þörfin sè brýn og heimti bráðar aðgjörðir, og að hún þó allt af hljóti að fara vaxandi bin næstu ár hér á eptir, þá sýnist það vera beinlínis skylda hins opinbera, að reyna til með einhverju móti að bæta úr þessu, og þá heldur gripa til einhverra óvenjulegra úrræða, en að láta allt svona aðgjörðalaust reka á reiðanum. Nefndin hefir leitast við ýtarlega að íhuga þetta mál, og rætt það á marga vegu, og henni getur ekki betur sýnt, en að það þó sè lakara, að láta hin mörgu brauð, sem þegar eru laus, og losna smámsaman í vaxandi hlutfalli á hinum næstn 10 árum, þangað til nógu mörg hæfileg prasta-efni verða til í þau, standa auð og prestsþjónustulaus, heldur en til bráðabyrgðar að

útvega hinum rýrustu útkjálkabrauðum þá menn fyrir presta, sem nokkurn veginn gæti fullnægt þeirra andlegu þörfum og í mörgu til-liti verið söfnuðunum til uppbyggingar og fyrirmyndar, þó þeir ekki hafi þá bóklegu menntun, sem heimtuð er af prestum yfir höfuð að tala. Oss hefir því hugkvæmzt, að stinga upp á því, að þingið í þegnlegri bænarskrá leitaðist við, að fá lagaheimild til þess, að til bráðabyrgða í hin næstu 8—10 ár, eða til ársloka 1872, megi til hinna rýrustu útkjálkabrauða, sem enginn annar fæst í, prest-vigja guðrækna, virta og valinkunna reglumenn, þó þeir hefði ekki lært latínu eða væri útskrifaðir úr hinum lærða skóla. Til þess að vissa sé fyrir, að þessir menn hafi fengið ánægjanlega lífsreynslu, ættu þeir ekki að vera yngri en 30 ára, þegar þeir gætu fengið prestvígslu, og hefir nefndinni hugsast, að þessi tilhögun gæti bezt orðið tryggð á þann hátt, að þeir menn, sem girntust að fá hin rýrustu útkjálkabrauð, ættu að búa sig út með vitnisburðum frá sóknarpresti sínum og héraðsprófasti um siðferði sitt og aðra hæfilegleika, fara síðan til prófasts þess héraðs, þar sem sá söfn-uður er, hvers prestar þeir óska að verða, og fá hann til að halda fund með hinum beztu mönnum í söfnuðunum, og þannig útvega sér reglulegt samþykki safnaðarins. Að því búnu ættu þeir að finna biskupinn, svo að hann, ef hann að öðru leyti álitur þá hæfa til prestskapar, geti gefið þeim meðmælingarbréf til kennara presta-skólans, sem þá mundu verða fúsir til að veita þessum mönnum ókeypis privat tilsögn einn vetrartíma, í útskýringu N. T., trúarfræði, prædikunarlist og barnaspurning, og gefa þeim síðan testimonium til vígslu. En skilyrði fyrir að geta notið slíkrar kennslu yrði að vera það, að þeir að minnsta kosti kynnu að skrifa og reikna, og skildu dönsku. Nefndin verður að ætla, að slíkir menn, þegar þeir annars eru guðhræddir, virtir og valinkunnir reglumenn, og hafa fengið nokkra almenna menntun, og fá síðan eins vetrar guðfræðis-lega tilsögn á prestaskólanum, geti orðið þessum söfnuðum til verulegrar uppbyggingar, einkum þegar söfnuðirnir sjálfir óska að fá þá fyrir presta, og það því er með ljúfu geði þeirra, og vör teljum það víst, að hinir heiðruðu þingmenn muni þekkja fleiri eða færri leikmenn, sem hafa áðursagða hæfilegleika til að bera. En þó hér á landi séu margir ágætir leikmenn, sem sjálfir hafa útvegað sér talsverða menntun, einkum í trúarbragða þekkingu, og svo að segja kunna ritninguna utanbókar, er þó þessi uppástunga svo frábrugðin því, sem almennt viðgengst, að vör hefðum ekki

árætt að koma með hana, ef þörfin væri ekki svo brýn og bráð, og vör hefðum séð nokkurt annað ráð til að bæta úr henni, og er þetta það eina, sem vör getum sagt henni til málbótar, að því viðbættu, að þetta tíðkaðist hér á landi fyrst framan af eptir siðabótina, og að reynslan sýnir, þó það sé ekki almennt í vorri kirkju, að guðhræddir og gáfaðir leikmenn geta sem prestar orðið meðbræðrum sínum til andlegrar uppbyggingar. En þó vör ætlum, að enginn leikmaður gæfi sig til að verða prestur á hinum rýrustu útkjálkabrauðum, nema sá, sem til þess flinnur hjá sér innvortis köllun, og vör efumst ekki um, að einhverjir kunni að flinnast því líkir, álitum vör þó réttvíst og sanngjarnt, að þessum mönnum sé gefin von um að geta fengið annað betra brauð eptir 7 til 9 ára rækilega prestsþjónustu.

En þó skólakennslu og dimissionum yrði svoleiðis breytt og til hagað, að presta-efni fjölguðu á hinum næstu 10 árum, svo þau yrðu nóg að tölunni til, þá eru þó hin rýrustu prestaköll og útkjálkabrauð hér á landi svo sáraum og óaðgengileg, að ekki þarf við að búast, að neinn sem notið hefir skóla og prestaskólamenntunar saki um þau í bráð eða lengd; og með því vör játum, að leikmannavígsla er neyðarúrræði, og að slík ráðstöfun ætti alls ekki að viðhaldast, heldur að eins vera til bráðabyrgðar, þá ættu menn á hinum næstu 10 árum að vera búnir að finna ráð til þess, að gjöra brauðin yfir höfuð að tala svo aðgengileg, að í tekjum þeirra liggi viðlíka hvöt til að leggja fyrir sig guðfræði, eins og að lesa lög og læknisfræði, og vör álitum það skyldu þingsins, jafnframt og það stingur upp á leikmannavígslu til bráðabyrgðar, að geta sýnt fram á, að þessi endurbót brauðanna sé möguleg, og nefndin álitur sér því skylt að vekja athygli þingsins á því, að þessi mögulegleiki muni helzt vera fólgin í því bæði að fækka brauðunum, og þar með um leið, að draga úr þeirri þörf, sem nú er til margra presta-efna, og eins með því að fá af sameiningu vissra brauða við *Vacance* nokkurt aflagafé til að bæta upp útkjálkabrauðin, sem ekki verða með neinu móti sameinuð eða lögð niður. En til að sýna, að hve miklu leyti og hvernig þessu máli bezt geti orðið framgengt, og gjöra almennar og skipulegar uppástungur um brauðasameiningu hér á landi, og eins um, hve mikið afgangsfé þar við gæti unnizt til uppþótar hinum víðlendu og strjálbyggðu útkjálkabrauðum, álitum vör með öllu nauðsynlegt, að sem fyrst yrði sett nefnd manna, helzt 5 manna, hér í Reykjavík, bæði af embættis-

og alþingis, mönnum, og að uppástungur þessarar nefndar yrðu á sínum tíma samþykktar af stjórninni, og farið eptir þeim í veitingu brauðanna. Að sönnu er hér til nefnd manna, sem synodus hefir sett til þess að segja stiptsyfirvöldunum álit sitt um brauðasameiningar, en störf hennar hafa ekki náð, nema til einstakra brauða, og það þó því að eins, að stiptsyfirvöldin hafi leitað álits hennar.

En af því vèr álitum það bæði *rèttvist* og miða til að koma í veg fyrir óánægju og upppot síðar meir, og æsingar einstakra manna, að söfnuðirnir hafi atkvæðisrètt í sameiningu og sundrungu brauða, þá ætlum vèr það bezt til fallið, að brauðamatsnefnd sú, er sett yrði, skrifaðist á við prófasta og sýslumenn, og að þeir eigi fund með beztu mönnum, einkum hreppstjórum og meðhjálpurum í þeim söfnuðum, sem sameiningar-uppástungur snerta, og gefi söfnuðunum þannig kost á að bera fram á rökum byggð mótmæli gegn uppástungunum, er þá liggja undir úrskurði stiptsyfirvaldanna, og stjórnarinnar. Af þessu leiðir það þá líka beinlínis, að þingið getur ekki sinnt þeirri uppástungu bænarskráarinnar úr Skagafjarðarsýslu, að sú breyting, sem er komin á Flugumýrar- og Hofstaðabrauð, megi við næstu prestaskipti verða upphafin, eins og hún líka ríður í bága við þá uppástungu sömu bænarskráar, að engin brauðasundrung nè samsteyping megi framvegis ákveðast hér á landi, nema áður sè fengið fullt samþykki viðkomandi kirkjusafnaða, með því það er mjög óvist, að söfnuðurinn við næstu prestaskipti hafi sömu skoðun og þessir uppástungumenn á tæðri brauðabreytingu, og að hreifa við henni nú væri að taka fram fyrir hendur hans, og það því fremur, sem þeir ekki hafa fært neinar ástæður gegn tæðri brauða-sameiningu.

Samkvæmt áður sögðu, leyfir nefndin sèr að ráða þinginu til allraþegnsamlegast, að beiðast þess :

1. Að konungur allramildilegast leyfi, að til hinna rýrustu brauða, sem enginn annar prestur fæst í, megi til bráðabyrgðar, í hin næstu 8 til 10 ár, prestvígja guðhrædda, virta og valinkunna leikmenn, sem hafa notið nokkurrar almennrar og guðfræðislegrar menntunar, og að öðru leyti eptir þeim skilyrðum, tryggingum og takmörkum, sem stjórnarherra kennslu- og kirkjumálanna mætti þóknast þar um að gjöra með hliðsjón af bendingum þeim, sem alþingið (eptir uppástungum nefndarinnar) tekur fram í bænarskránni um málið.

2. Að sem fyrst verði sett 5 manna nefnd hér í Reykjavík, bæði af alþingis- og embættismönnum, til að semja almennar og skipulegar uppástungur um brauða-sameiningu og brauðabót hér á landi, og eins um hve mikið afgangsfé þar við gæti unnizt til uppbótar hinum víðlendu og strjálbyggðu útkjálkabrauðum.
3. Að þessi brauðamatsnefnd skrifist á við prófasta og sýslumenn, en þeir eigi fund með beztu mönnum, einkum hreppstjórum og meðhjálpurum í þeim brauðum, sem sameiningar-uppástungur snerta, og gefi söfnuðunum þannig kost á, að bera fram á rökum byggð mótmæli gegn uppástungunum, er þó liggi undir úrskurð stiptsýfirvaldanna og stjórnarinnar.
4. Að uppástungur brauðamatsnefndarinnar verði á sínum tíma samþykktar af stjórninni og farið eptir þeim í brauðaveitingum.

Reykjavík 29. júlím. 1863.

Jón Guðmundsson, *P. Pétursson,* *Rjörn Pétursson.*
 skrifari. form. og framsögum.

Benidikt Þórðarson, með tilliti til míns ágreiningsatkvæðis við fyrsta niðurlagsatriðið.

Þó eg í sumu tilliti geti verið nefndarálitinu meðmæltur, þykir mér samt óþarfi að taka hér fram í hverju það er, eður að hvað miklu leyti, en sný mér þegar að hinu 1. niðurlagsatriði, sem eg með engu móti get fallizt á, að svo komnu.

Að vísu verður því ekki neitað, að prestsekla er talsverð á hinum aumustu brauðum — þau eru samt ei fleiri, sem stendur, en 7, og allt til þessa veitist þeim þjónusta af öðrum prestum, sem liggja bezt við, en óneitanlega er þetta bundið miklum erfðleikum, eins og það svo mjög er komið undir heilsu og öðrum hæfileikum prestsins, að hve miklu leyti hann getur fullnægt þörfum síns viðbætta safnaðar. En hvernig sem þessu er varið, þá er svo mikið víst, að ekki einn einasti söfnuður, enn sem komið er, hefir kvartað fyrir byskupinum yfir því, að hann vantaði prestlega þjónustu eður gjörði sig óánægðan með þá sem væri. Eg er því ekki óhræddur um, að nefndaráliði gjöri nokkuð meir úr öllu þessu efni en fullnægar ástæður sæu til, eins og eg verð að vera sömu meiningar, sem eg við annað tækifæri hefi látið í ljósi, að sú presta-ekla, sem nú er, muni að eins eiga sér stað um stund og smám saman hverfa

eptir því sem fjölgar aðsókn í landsins lærða skóla, eins og eg ekki heldur get fallizt á þá áætlun sem nefndin hefir gjört viðvikjandi sækjendum um prestaköll eptirleiðis. — Það er ekki öllum gefið að spá í eyður hinna ókomnu tímanna.

Mér virðist því, að nefndin naumast hafi haft nægar ástæður til að grípa til þess, sem hún sjálf kallar neyðarúrræði, og óhafiandi nema um 8—10 ára tíma, þar sem hún fer því fram, að ólærðir, guðræknir og efnilegir bændamenn verði vígðir til prestskapar, en þó einungis til hinna rýrustu útkjálkabrauða.

Það vill svo til, að nokkrar ástæður móti þessu eru fram komnar frá öðrum nefndarmanni, og þó þar mætti ýmsu við bæta, læt eg það bíða að sinni, þangað til eg sé mér ekki lengur vært, eður á mig verður skorað; en hvað sem fyrir rekur, er eg gagnert á móti 1. niðurlagsatriðinu, en hvað hin atriðin snertir, er eg í sumu með og sumu móti.

Reykjavík, 31. júlí 1863.

H. G. Thordersen.

Ágreiningsatkvæði.

Hvað viðvíkur hinu 1. niðurlagsatriðinu, um að vígja leikmenn til presta, þá get eg ekki fallizt á það, ekki svo af þeirri ástæðu, að einstakir slíkir menn ekki mundu geta gjört nokkra uppbyggingu hinum prestlausu söfnuðunum, heldur hinu, að eg efa, að þeir valinkunnu og velsiðuðu bændur, sem við eigum marga í landinu, mundu fáanlegir til þess að breyta þannig stöðu sinni, og takast þann mikla vanda á hendur að verða prestar, er þeim hlyti þó á margan hátt að þykja sér um megn; annað er það, að eg get ekki samrýmt það við virðingu prestastéttarinnar yfir höfuð, nè kröfur vorra tíma, að leikmenn, er svo nefnast, fylli þannig flokk þeirra. Hið þriðja er, að sóknarbændur mundu þó, hversu vænn og vandaður sem maðurinn væri, meta hann sem stéttarbróður sinn og jafningja, hvar af gæti leitt, að staða hans yrði honum armæðusöm, og til hnekkis framkvæmdum hans. Hér er að sönnu úr vöndu að ráða, en eg verð þó heldur að leggja það til málanna, að þeir prestar, sem eru ásamt þeim presta-efnum, sem við eigum og árlega eignumst, séu til hins ýtrasta, er kraptar þeirra leyfa, látnir ganga til að gegna þörfum safnaðanna, þangað til að aptur fjölgar presta-efnum, er vèr nú sjáum deili til að verði. En það er tvennt, sem vèr verðum að gjöra, og það nú þegar, hið fyrra

er að biðja stjórnina að veita byskupinum leyfi til — um ákveðinn tíma — að vígja kandidata, þótt ekki sèu þeir komnir til lögaldurs, þetta vona eg hún veiti, þegar hún nú fær að sjá, hvað við liggur fyrir oss. Annað er það, að brauðin verði bætt sem allra fyrst, svo þeir flestir, er útskrifast úr skólanum vilji þau, og aðsókn í skólann vaxi, og í sambandi við þetta er það, að stjórnin tafarlaust fjölgi ölmusunum við skólann, eins og um er beðið, svo skólagangan lættist að kostnaðinum til.

Þó eg nú að mínu leyti verði að líta á mál þetta á þessa leið og vera móthverfur uppástungunni, þá hefir hún samt, sem neyðarúrræði, talsvert sèr til meðmælis, og því setti eg mig ekki í móti henni í nefndinni, og er jafnframt á því, að þingið felli hana ekki, svo hún komi fyrir stjórnina beinlínis til þess að sýna henni og sanina í hvert óefni er komið, hún getur verið stjórninni alvarleg hvöt til þess að rétta oss hjálparhönd og heyra í náð sinni bænir vorar, bæði um ölmusuveitingarnar við skólann og nauðsynlega betrun prestakallanna.

Reykjavík, 30. júlí 1863.

Benidikt Þórðarson.

4. ágúst — tuttugasti og þriðji fundur.

Atkvæðaskrá

í málinu um gufuskipsferðir með ströndum Íslands (sbr. bls. 237).

Niðurlagsatriði *nefndarinnar*:

Að þingið biðji konung um :

Að hann af mildi sinni vilji bjóða stjórn sinni að annast um, að reglulegar gufuskipsferðir, samkvæmt því sem áður er greint, komist á þegar að vori komanda kringum Ísland, og flytji bréf, menn og varning millum hafna, gegn fast ákveðnu sanngjörnu verði (samþykkt í einu hljóði).

5. ágúst — tuttugasti og fjórði fundur.

Nefndarálit

í málinu um Lambhússund (sbr. bls. 148).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd, til að segja álit vort um tvær bænarskrár, er til þings voru komnar; önnur frá Borgfirðingum en hin frá Mýramönnum um löggildingu á nýju kaup-túni á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu. Vær höfum ihugað þetta mál nákvæmlega, en eigi getað orðið á eitt sáttir, og er því álit meira hluta nefndarinnar á þessa leið.

Bænarskráin frá Borgfirðingum er með 228 nöfnum undir, og er þar á meðal nafn sýslumanns, prófasts og flestra presta og hreppstjóra og annara búandi manna í Borgarfjarðarsýslu, og sýnir því bænarskráin, að það er almennt áhugamál Borgfirðinga, sem bænarskráin fer fram á, að fá löggilt kaaptún á Skipaskaga við Lambhússund á Akranesi. Hin bænarskráin frá Mýramönnum er með 59 nöfnum undir, er þar og á meðal nafn sýslumanns og prófasts, tveggja presta og hreppstjóra og hitt búandi manna. Þessi bænarskrá fer fram hinu sama, að fá löggilt kaaptún á Akranesi, en þar sem hún nefnir Krossvík fyrir Lambhússund, þá er það einungis fyrir þá sök, að þeim hefir verið það nafn kunnugra frá árunum 1847—1855, er sigling þangað var leyfð, (sjá opið bréf 11. maí 1847, og auglýsingar 17. Maí 1850 og 4. marz 1853), en hafa eigi vitað, að Borgfirðingar hafa í bænarskrá sinni 1861 og núna 1863 tekið Lambhússundin fram yfir Krossvík, af því að höfnin er miklu betri og traustari á Lambhússundum en Krossvík, en að öðru leyti stendur það á sama, því á milli þessara staða er eigi meira en svo sem 300 faðma. Til síðasta alþingis kom bænarskrá frá Borgfirðingum sama efnis, sem bænarskrá þeirra núna, nema hvað hún var miklu linari; en þingið bað þá að eins um, að öllum innlendum fastakaupmönnum yrði leyft að verzla þar af skipi. Hans há-tign hefir »eigi fundið næga ástæðu til að taka bænatriði þetta til greina« (sbr. konungl. auglýs. 8. júní 1863 II, 8). Borgfirðingum hefir nú þótt, svo sem bænarskrá þeirra sýnir, þingið fylgja málinu linlega að undanfögnu, og eigi gæta nægilega hagsmuna þeirra í samanburði við fastakaupmenn í Reykjavík, og finnst meiri hlutanum, að það verði eigi varið, að þeir hafi rétt að mæla, þegar gætt er að verzlunarskoðun stjórnarinnar á þessum tímum, og jafnframt að því, að Borgarfjarðarsýsla er hin eina sýsla á landinu, þar

sem nokkur tiltök eru annars með höfn, er ekkert kauptún hafi, en eiga næsta ördugt með að sækja markað til Reykjavíkur.

Meðan einkaverzlunin stóð hér á landi, og fram yfir síðustu aldamót, fylgdi stjórnin fram skoðun þeirri, er tíð var á 17. öld og fram á öndverða 18. öld í öðrum löndum, að þína upp fáeinum kaupstöðum, er vöru-aflinn skyldi safnast til. Landinu var skipt upp milli kaupstaða þessara, og kaupmönnum leyft að hafa í seli á útkaupstöðum þeim, er lágu í héraði því, er hverjum kaupstað fylgdi (sjá tilsk. 17. nóvbr. 1786 og 13. júní 1787). En þessari skoðun sinni og stefnu í verzluninni breytti stjórnin næstum gjörsamlega með opnu bréfi 28. desbr. 1836, með því að útkaupstaðirnir voru þar gjörðir jafnir kaupstöðunum, og skipting landsins í verzlunarhæð féll því niður af sjálfu sér. Síðan hefur stjórnin fram fylgt jafnan betur og betur þeirri skoðun að losa böndin á hinni innlendu verzlun, og því að löggilda þar ný kauptún, sem nauðsyn býður, þó við ætlum, að bönd þessi séu engan veginn enn leyst til hlítar. Á þenna hátt hafa 8 ný kauptún verið löggild 20 ár hin síðustu, það er að segja Dyrhólar og Seyðisfjörður með opnu bréfi 14. desbr. 1842, Þórshöfn og Borðeyri með opnu bréfi 23. desbr. 1846, Sauðárkrókur með opnu bréfi 27. maí 1857 og Papafjarðarós, Straumfjörður og Skeljavík með opnu bréfi 19. jan. 1863. Nú eru þessi löggilt kauptún á landinu: Reykjavík, Hafnarfjörður og Keflavík í Kjalarnesþingi, Eyrarbakki í Árnessýslu, kaupstaður á Vestmannaeyjum, Dyrhólar í Vestur-Skaptafellssýslu, Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu, Berufjörður og Eskjuþingfjörður í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður og Vopnafjörður í Norður-Múlasýslu, Þórshöfn og Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu, Húsavík í Suður-Þingeyjarsýslu, Akureyri og Siglufjörður í Eyjafjarðarsýslu, Hofsós (og Grafarós) og Sauðárkrókur í Skagafjarðarsýslu, Höfðakaupstaður (og Hólanes) í Húnavatnssýslu, Borðeyri, Skeljavík og Reykjafjörður í Strandasýslu, Ísafjörður, Öfundarfjörður og Dýrafjörður í Ísafjarðarsýslu, Bildudalur, Patreksfjörður og Flatey í Braðastrandarsýslu, Stykkishólmur, Grundarfjörður og Ólafsvík í Snæfellsnessýslu, Búðir í Hnappadalssýslu og Straumfjörður í Mýrasýslu eður 33 kauptún og kaupstaðir á öllu landinu. Menn sjá nú af þessu, að í hverri sýslu er 1, 2 eða 3 kaupstaðir nema í Rangárvallasýslu, en þar er engin höfn til, í Dalasýslu, en sú sýsla er mjög lítil, og þaðan er stutt og greið leið til Stykkishólms, og í Borgarfjarðarsýslu, þótt

þaðan sè langur og næsta örðugur landvegur til Reykjavíkur, og eins þótt sjóveg sè farið.

Hér á landi er þörf á mörgum kaupstöðum, af því að vegirnir, ef vegi skyldi kalla, eru víða hvar að eins færir um hásumarið og það einungis fyrir hesta, en á hestum er ómögulegt að flytja þunga og fyrirferðarmikla vöru, svo sem kol og salt að nokkrum mun, stórt timbur, ýmsan húsbúnað o. s. frv. Menn kunna nú að segja, að flutningsleyfi fastakaupmanna eptir opnu bréfi 9. maí 1854 bæti fyllilega úr þessu; en því fer fjærri, því það er hvorttveggja, að kaupmenn flytja vörur á fáa staði, og svo flytja þeir eigi nægilegt af allri þeirri vöru, er landsmenn þurfa, sem auðsætt er, þá gætt er að lagaboðinu, svo koma þeir eigi á þessa staði nema um hásumarið, og landsmenn þurfa þó optar að fara í kaupstað en um þann tíma; það er og enn, að þeir koma eigi að staðaldri heldur endrum og sinnum eptir eigin vild sinni, svo landsmenn geta eigi reitt sig á komu þeirra, og fara því í kaupstaðinn og binda kaup sín þar við einhvern kaupmann, sem eigi sendir skipið, og geta því eigi haft gagn af því, þótt annar kaupmaður sendi. Svo er og í annan stað þörf á mörgum kaupstöðum af þeirri ástæðu, að sveitaverzlun öll á útlendum varningi er harðlega bönnuð að lögum, því gæti kaupmenn lagt vöru sína á land hér og hvar hjá mönnum, er hefði kaupskaparleyfi, þá væri allt öðru máli að gegna; en þess mun langt að biða, að landsmenn vilji breyta lögunum í þá stefnu, því næsta margir eru svo hræddir við óþarfakaupin, að þeir enda álíta kaupstaðina þeim til niðurdreps, er næstir þeim búa, hvað þá heldur, ef hugsað væri til að koma á fót sveitaverzlun, er þeir kalla sínu gamla nafni »landþráng».

Nú er vèr lítum til Borgarfjarðarsýslu sérstaklega, þá finnst meiri hluta nefndarinnar, að hin brýnasta nauðsyn sè til, að sú sýsla eignist kauptún sèr, með því að öll skilyrði eru þar til staðar, er mæla fram með löggiltu kauptúni. Það er þá fyrst, að hægast er fyrir alla Borgfirðinga að sækja kaupstefnu niður á Akranes, þegar Brákarpolli sleppir, því vegurinn ofan á Akranes er mjög góður, og engin torfæra á leiðinni, því torfæra verður það ekki kölluð, að biða þarf eptir sjávarföllum á Leirunum, og enginn fjallvegur er á þeirri leið, ef farið er fyrir utan Hafnarfjall. Mýramenn ofan Norðurár eiga líka miklu hægra að sækja út á Akranes, en niður á Straumfjörð, eins og segir í bænarskrá þeirra, með því að hægra er að komast yfir Hvítá, af því að hún er ferjuvatn gott, heldur

en yfir Norðurá og Langá í Mýrasýslu ofan á Straumfjörð, sem eru vonzku vötn yfirferðar og illt eður ófært að koma ferjum við, og öll leiðin ofan á Straumfjörð er næsta mýrlend og torsótt. En aptur er landvegurinn úr Borgarfirði suður í Reykjavík langur, mjög fjöllóttur og torfær. Botnsheiði og Svinaskarð er einhver hinn verstí fjallvegur á landi hér, einkum Botnsheiði, og fjallvegir þessir verða ekki farnir nema um hásumarið. Nú í sumar t. a. m. voru þessir fjallvegir ófærir fyrir lausriðandi mann í byrjun júlímánaðar, hvað þá heldur fyrir áburð. Hinn vegurinn úr Borgarfirði suður í Reykjavík liggur út á Akranes, og þaðan verða menn þá að fara sjóveg suður; er $3\frac{1}{2}$ vika sjávar úr Skipaskaga suður í Reykjavík, en eigi $2\frac{1}{2}$ eins og sumir ókunnugir menn hafa sagt, sem bezt verður sæð á uppdrætti Íslands. Ef þessi leið er farin, sem flestir Borgfirðingar verða að gjöra, þá hljóta þeir að kaupa sèr á Akranesi hagbeit og stundum hey handa hestum sínum, meðan þeir dvelja suður í Reykjavík, leigja sèr bát og menn þangað og biða byrjar, ef til vill, bæði á Akranesi og aptur í Reykjavík. Ofan á allan þenna kostnað og tímaspilli, sem ætíð er leiðinlegur og skaðlegur og opt óbætanlegur, bætist nú optlega stór skaði, er menn fá hrakning á leiðinni, og sjór gengur inn í bátinn, svo öll matvara, kaffi, sikur, salt o. s. frv. skemmist mjög eður ónýtist. Menn verða að gæta að því sem er, að eigi eru annað en smábátar hafðir til þessara ferða, því eigi er annað til. Af 133 bátum, sem Akurnesingar áttu árið 1861, voru einir 27 stærri en tveggja manna för, og af þessum 27 að eins eitt skip stærra en sexróið, og þetta eina fórst nú í vetur með póstinum, sem kunnugt er. Bátur fórst líka í vor með fjórum mönnum á, er var á leið frá Reykjavík upp á Akranes. Svo er það enn, að á Akranesi er fiskiver eitt hið bezta kringum allan Faxaflóa og því kringum land allt; þangað sækja mjög margir vermenn á vetrum og vorum, og í sjálfri Garðasókn er um 700 manns. Nú er það kunnugt, að fiskimenn sækja í kaupstaðinn jafnóðum salt í fiskinn og þeir afla hann; því bæði er það, að enginn getur vitað fyrir fram, hversu mikið hann muni afla, og því eigi, hversu mikið salt hann þarf, og svo hefir almenningur ekki föng á að geyma saltið lengi án þess það renni, og geta því eigi byrgt sig af því fyrir fram; fer þá svo, að þeir verða að taka beztu daga úr róðri til að sækja saltið suður í Reykjavík, því eigi verður það flutt á svo litlum bátum jafnlangan sjóveg nema í logni eður mjög lygnu, og má geta nærri, hvílikur skaði það er í góðfiski, þegar menn fá opt 3—4 rda.

hlut, að missa heilan dag að minnsta kosti, enda sögðu Akurnesingar sjálfir í vor, í fyrsta sinn er kaupmaður heðan flutti saltfarm upp eptir, að sér hefði verið meiri hagur að fá saltið flutt heim til sín, en þó þeir hefði fengið það gefins í Reykjavík og verða að sækja það þangað. Til þess nú að sýna enn ljósar, hve mikinn fiskafli Akurnesingar hafa, er bezt að bera saman útveg þeirra við útveg hreppanna í kring. Eptir búnaðarskýrslunum 1861 voru að eins 79 stærri og minni bátar í allri Mýra og Hnappadalssýslu, en í Akraneshrepp einum 133, sem þegar er sagt, í Seltjarnarneshrepp 89, í Reykjavíkurbæ 141, og í Álptaneshrepp 146, og er það næsta eptirtektavert, að þótt eigi sé nema steinsnar af Álptanesi inn í Hafnarfjörð og litlu lengra inn í Reykjavík, þá hafa þó Reykjavíkurkaupmenn byggt salthús á Álptanesi, eins og þeir hafa víðar gjört suður með sjó, en aldrei upp á Akranesi; þetta kemur að vorri hyggju einungis af því, að kaupmenn í Reykjavík hafa suður frá haft að keppa við kaupmenn í Hafnarfirði og Keflavík, en við enga í Borgarfjarðarsýslu, og hafa því getað neytt Borgfirðinga til að sækja suður í Reykjavík salt og annað, sem kaupmenn hafa til sölu eður útbýtingar í salthúsum sínum, svo sem brauð, kaffi og sikur, þótt lítið á berl. Enn skal því við bætt, að Englendingur hefir reist nú í sumar hús á Akranesi til að sjóða þar niður ísu; af þessu geta landsmenn haft mikinn hagnað, einkum ef það er gjört í fullu lagaleysi, og því verður meiri hlutinn að álíta ísusuðuna á Akranesi enn eina ástæðu til að löggilda þar kauptún.

Af því, sem nú hefir sagt verið, ætlum vèr ljóst, að það sé nauðsynlegt, gagnlegt, réttvíst og samkvæmt verzlunarskoðun stjórnarinnar og landsmanna nú á tímum, að löggilt sé kauptún á Akranesi. En nú munu menn koma með þá mótbáru, eður réttara sagt, þá viðbáru, að *ísjárvert* sé að löggilda kauptún svona nálægt Reykjavík. Ef þessi viðbára hefir við nokkuð að styðjast, það er að skilja, að hún sé meir en eintómur ótti, þá er það við það, að verzlun Reykjavíkur sé óeðlilega mikil (kunstig), og að hún sé það einmitt Borgfirðingum til skaða. Ef nú svo er, þá er það hin bezta sönnun fyrir því, að löggilda skuli kauptún á Akranesi, því auðsætt má virðast, að hagur, eða réttara sagt, ímyndaður hagur Reykjavíkurbæjar á eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir ómótmælanlegum hagsmunum hálftrar annarar sýslu í landinu, og þeim aðaltilgangi verzlunarinnar að auka vöru-aflann og bæta verðlagið, með því að gjöra mönnum sem hægst fyrir að sækja markaðinn með sem

minnstum tilkostnaði og tímaspilli. Stjórnin hefir sýnt, að hún hefir eigi haldið fast við þá reglu þegar á tímum einkaverzlunarinnar, hvað þá heldur nú, að efla kaupstaðina með öllu móti. Grundarfjörður er nú lagstur niður, þó hann áður væri einn af þeim 6 aðal-kaupstöðum, og margir aðrir útkaupskaðir hafa eyðst, svo sem Grundavík, Bátsendar, Rífið, Kumbaravogur, Patreksfjörður og Grundarfjörður. Eins er eigi enn farið að hafa fasta verzlun á mörgum þeim stöðum, sem löggiltir hafa verið. Af þessu hvoru-veggja má draga þá ályktun, að reglan sè, að löggilda kaupsún, þar sem nauðsynlegt er, hvort svo sem fastir kaupstaðir komast þar á fót eður eigi, og hvort sem hinir föstu kaupstaðir biða þar af tjón eður eigi. En til þess þó að hliðra svo mikið til við Reykjavík, sem unnt er, án þess að hera rétt Borgfirðinga fyrir borð í þessu efni, hefir meiri hlutinn komið fram með þá vara-uppástungu, að einungis innlendir eður búsettir fastakaupmenn fái leyfi til verzlunar á Akranesi, því Reykjavíkurkaupmönnum er þá hægurinn hjá, að nota þetta leyfi fremur öllum öðrum fastakaupmönnum á landinu, og með þessu er hið fyrsta stig stigið til að efla innlenda verzlun með því að hlynna að búsettum kaupmönnum meir en útlendum kaupmönnum og lausakaupmönnum, er vèr hljótum að álíta rétta og nauðsynlega verzlunarstefnu.

Af þess ástæðum vill meiri hluti nefndarinnar ráða hinu heiðr-
aða þingi til að senda konungi vorum bænarskrá:

1. að hans hátígn allramildilegast vildi löggilda kaupsún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu.
og til vara
2. Að öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi sè leyft að reisa sölubúð og hafa verzlun við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu, með þeim rétti og skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desbr. 1836.

Reykjavík, 1. d. ágústm. 1863.

Arnþjótur Ólafsson, B. Sveinsson.

form. og framsögum.

Eg get með engu móti verið meðnefndarmönnnum mínum sam-
dóma í skoðun sinni á þessu máli, enda finnst mér það ljóst, að ástæður þeirra eru næsta veikar, þegar þær eru rétt og blutdrægn-
islaust skoðaðar, og málið er auk þess af þeim skoðað á eina leið, en alls ekki á það lítið, hvort verzluninni yfirhöfuð muni það til eflingar verða. Það er óþarft fyrir mig, að fara mörgum orðum

um þetta mál hér, enda býst eg eigi við, að geta talið þinginu hughvarf, ef það annars hefir það hugfast, að setja kaupsúttun á hverja vik og vog á landinu, sem skip getur lagzt á; verkin sýna merkin um það, að slíkur kaupstaðafjöldi getur eigi staðizt, enda hafa meðnefndarmenn mínir ljóslega tekið það fram. Eg verð því að ráða hinu heiðraða alþingi, eigi að rita konungi neina bænarskrá um þetta efni að þessu sinni.

Reykjavík 1. d. ágúst. 1863.

H. Kr. Friðriksson.

Atkvæðaskrá

í málinu um að ráða bætur á presta-eklu (sbr. bls. 253).

1. Nefndin, 1. niðurlagsatriði:

Að konungur allramildilegast leyfi, að til hinna rýrustubrauða, sem enginn annar prestur fæst í, megi til bráðabyrgðar, í hin næstu 8—10 ár, prestvígja guðhrædda, virta og valinkunna leikmenn, sem hafa notið nokkurrar almennrar og guðfræðislegrar menntunar, og að öðru leyti eptir þeim skilyrðum, tryggingum og takmörkum, sem stjórnarherra kirkju- og kennslumálanna mætti þóknast þar um að gjöra, með hliðsjón af bend-ingum þeim, sem alþingið (eptir uppástungum nefndarinnar) tekur fram í bænarskránni um málið. Við þessa grein var viðhaft nafnakall.

Já sögðu:

Á. Einarsson.
B. Pétursson.
I. Gíslason.
J. Guðmundsson.
J. Pálmason.

Nei sögðu:

Br. Jónsson.
B. Þórðarson.
A. Ólafsson.
B. Sveinsson.
G. Brynjúlfsson.
H. Kr. Friðriksson.
H. Hálfðánarson.
H. G. Thordersen.
J. Hjaltalín.
St. Eiríksson.
Sv. Skúlason.

Þessir kváðust ekki greiða atkvæði:

J. Pétursson.

J. Sigurðsson.

M. Andrèsson.

P. Melstað.

P. Sigurðsson.

P. Pétursson.

St. Jónsson.

Þegar þessari atkvæðagreiðslu var aflökið, kváðust sumir þingmenn, er atkvæði höfðu greitt, taka atkvæði sín aptur fyrst öðrum hældist það uppi að greiða ekki atkvæði; voru því atkvæði greidd með kúlum, og var greinin þá felld með 16 atkvæðum gegn 7.

2. Vara-uppástunga *P. Péturssonar* við 1. tölulið:

a, að þar sem því verður við komið, sæu nágranna prestar skyldir til fyrst um sinn að annast prestsþjónustu í hinum rýrustu brauðum, sem enginn prestur fæst til (felld með 12 atkv. gegn 9).

b, að konungur allramildilegast veiti þessum prestum 100 rda. árlegan styrk hverjum úr ríkissjóði, meðan þeir þannig þjóna hinum rýrustu brauðum (fallið við tölul. 2. a).

c, að þessir prestar sæu skyldir til með ráði safnaðarins í hinu auða prestakalli að fá einhvern góðan leikmann til að annast þar barna-uppfræðingu, húsvitjun og hver önnur prestsverk, sem ekki þarf prestvígslu til og þeir ekki geta stundað, og veita honum þar fyrir hæfilega borgun (fallið við tölul. 2. a).

3. Breytingaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar.

Að sem fyrst verði sett 5 manna nefnd hér í Reykjavík til þess að semja uppástungur um endurbót á kjörum presta einkum á hinum lökustu útkjálkabrauðum (felld með 19 atkvæðum gegn 2); og að þess nefnd skuli einnig yfirvega, hvort ei mundi réttast að bæta úr ókostum þessara brauða á þann hátt, að veita prestum föst laun úr almennum prestlaunasjóði, er stofna mætti af núverandi tekjum prestakallanna, og jafna svo tekjurnar yfir höfuð á þann hátt, að engin brauð yrðu svo rýr, að ómögulegt sé að fá presta til þeirra (seinni partur þar með fallinn).

4. Breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* við sama tölul.:

Að í stað orðanna: »bæði af alþingis- og embættismönnum« komi: »af þeim embættismönnum, sem kunnugastir eru út um landið« (felld með 17 atkv. gegn 1).

5. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að sem fyrst verði sett 5 manna nefnd hér í Reykjavík, bæði af alþingis- og embættismönnum, til að semja almennar og skipulegar uppástungur um brauðasameiningu og brauðabót hér á landi, og eins um, hve mikið afgangsfé þar við gæti unnizt til uppbótar hinum víðlendu og strjálbyggðu útkjálka-brauðum (fellt með 15 atkv. gegn 4).

6. Breytingaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* og *Arnþjóts Ólafssonar* við 3. niðurlagsatriði nefndarinnar (7. tölul.):

Að engin breyting verði framvegis gjörð á brauðum hér í landi, hvorki samsteyping né sundrung, án samþykkis safnaðanna, er leitað sé á þann hátt, meðan engar sóknar-nefndir eru til, að allir búandi menn í hverri sókn greiði atkvæði sitt og ráði meiri hluti atkvæða eður að mesta lagi tveir þriðjungar (feilt frá atkvæðagreiðslu með 11 atkvæðum gegn 8).

7. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:

Að þessi brauðamatsnefnd skrifist á við prófasta og sýslumenn, en þeir eigi fund með beztu mönnum, einkum hreppstjórum og meðhjálpurunum í þeim brauðum, sem sameiningar-uppástungur snerta, og gefi söfnuðunum þannig kost á, að bera fram á rökum byggð mótmæli gegn uppástungunum, er þá liggi undir úrskurð stiptsyfirvaldanna og stjórnarinnar (fallið við tölul. 5).

8. *Nefndin*, 4. niðurlagsatriði:

Að uppástungur brauðamatsnefndarinnar verði á sínum tíma samþykktar af stjórninni og farið eptir þeim í brauðaveitingum (fallið við tölul. 5).

(Töluliðirnir 9—13 voru síðan álitnir fallnir með 16 gegn 5 atkvæðum).

9. Viðauka-atkvæði (uppástunga) *Gísla Brynjúlfssonar*:

Að konungur allramildilegast leyfi, að vígja megi til presta kandidata í guðfræði, þó þeir séu ei enn búnir að ná fullum lögaldri, ef stiptsyfirvöldunum þykir nauðsyn til þess.

10. Viðauka-atkvæði (uppástunga) *Arnþjóts Ólafssonar*:

a, að hans hátign vildi allramildilegast úrskurða, að byskupinn yfir Íslandi megi, án þess sækja þurfi um aldursleyfi, prest-vígja hvert það prestsefni, sem sé fullra 24 ára.

b, og gefa honum enn fremur fyrst um sinn, þegar brýn

nauðsyn krefur, vald til að veita aldursleyfi presta-efnum, þó yngri sé en 24 ára, ef þeir hafa tvo um tvítugt.

11. Viðauka-atkvæði (uppástunga) *Jóns Guðmundssonar*:

Að fátækum og efnilegum stúdentum, sem útskrifast frá lærða skólanum, verði veittur frá 100—150 rd. uppörfunarsstyrkur (auk ölmusu) um 1—2 ára tíma, til þess að leggja fyrir sig guðfræði í prestaskólanum.

12. Viðauka-atkvæði (uppástunga) *H. Hálfðánarsonar* og *Benid. Þórðarsonar*:

Að konungur allramildilegast veiti 2000 til 3000 ríkisdali árlega úr ríkissjóðnum til uppbótar hinum fátækustu brauðum á landinu, einkum hinum rýru útkjálkabrauðum, sem prestar fást sízt í.

13. Hvort rita skuli konungi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu.

Bænarská

til konungs um jarðamatskostnað af kirknajarðum (sbr. bls. 167).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá prestum í Rangárvallasýslu, sem fer því á flot, að prestum verði af hinu opinbera endurgoldinn sá jarðamatskostnaður, sem þeir gjalda af þeim jörðum, sem tilheyra prestaköllum þeirra. Þingið tók bænarskrá þessa til meðferðar, setti 3. manna nefnd til að íhuga málið, ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögboðinn hátt og skal nú þegnsamlegast leyfa sér að láta álit sitt um það í ljósi á þessa leið:

Því verður ekki neitað, að opið bréf 1. apríl 1861 leggur einungis eigendum jarðanna á herðar að greiða jarðamatskostnaðinn, og að það er í óvanalegum og mjög óeiginlegum skilningi, að prestar verða kallaðir eigendur kirkjugózins, því að það er þó sitt hvað, að hafa einhvern hlut til eignar og að hafa hann í umboði eða til brúkunar eða afnytja, og þar að auk er arður og afgjald staða og kirkjujarða þeirra, sem prestaköllunum fylgja, embættistekjur prestanna, en jarðamatskostnaðurinn er ekki tekjuskattur, heldur af eign, og þetta hlyti þó að vera, ef prestar ættu endurgjaldslaust að greiða þetta gjald af embættistekjum sínum. Að því er snertir lénskirkjur, þá geta þær í vissum skilningi sagzt vera eigendur lénskirknagózins, og ættu þá sem þvilíkar að borga jarða-

matskostnaðinn af þeim jörðum, sem þeim fylgja; en þessi kostnaður lenti allt að einu á tekjum prestanna, nema hann væri lagður á hina svo kölluðu portion kirknanna, sem að nokkru leyti er fráskilin tekjum prestsins. En sè þessi skoðun gjörð gildandi, þá ber þess að gæta, að sumar þessar kirkjur eiga enga sjóði, heldur eru í skuld við prestinn, og geta því ekki borgað, og að sumar, sem sjóði eiga, þurfa ýmislegra aðgjörða, eða bráðrar endurbyggingar við, og eru því ekki betur farnar; en allar eru þær í ábyrgð prestsins, og hann hlýtur að skjóta því fê til, sem þarf til þeirra viðreisnar og viðhalds. Niðurstaðan yrði því sú, að þó að kirkjurnar yrðu skoðaðar sem eigandi jarðanna, sá er lægi næst að bera þetta gjald, þá yrði það þó víða hvar að lenda á umboðsmönnum kirknanna, sem sè prestunum og embættistekjum þeirra. Yfir höfuð að tala eru kirkjurnar ríkisins (Statens) eign og þessi aðaleigandi virðist því in casu eiga að borga fyrir þær, og það því fremur, sem þeim er sjálfum um megn að gjöra það af þeirra eigin lögakveðnu tekjum, eða portionum, eins og nú var sýnt. Þess ber og að gæta, að sumar jarðir eru alls ekki gefnar kirkjunum, heldur prestaköllunum, og þar verður kirkjunum ekki gjört að skyldu að greiða jarðamatskostnaðinn af þeim, t. d. af lènsjörðum presta í þingbrauðum, þar sem kirkjurnar eru einstakra manna eign, og það virðist jafn-óviðurkvæmilegt, að prestarnir greiði hinn umtalaða kostnað af þessum jörðum, hverra afnot eru einn partur af tekjum þeirra og það að eins um stundar sakir. Hið sama gildir og um jarðamatskostnaðinn af prestsmötunni, eða gömlum bænústollum og virðist því einnig ríkissjóðurinn verða að borga hann af þeim hundruðum í bændakirkjujörðunum, eður í þeim kirkjum, sem gamall bænústollur liggur á.

Af framansögðum ástæðum leyfir þingið sèr þegnsamlegast að beiðast þess (með 21 atkv.):

Að prestum og öðrum hlutaðeigendum hér á landi verði aptur endurgoldið úr ríkissjóði það sem þeir greiða í jarðamatskostnað fyrir staði og jarðir þær, sem tilheyra kirkjum og prestaköllum, og eins það sem goldið er í jarðamatskostnað fyrir þau jarðarhundruð, sem prestsmata hvílir á eður bænústollur eður aðrar þessleiðis ískyldur til presta-stéttarinnar.

Reykjavík 3. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. P. Pétursson.

6. ágúst — tuttugasti og fimmti fundur.

Nefndarálit

í læknamálinu (sbr. bls. 65).

Hið heiðraða þing hefir valið oss undirskrifaða í nefnd til að íhuga 3 bænarskrár, er að þessu sinni bafa komið til alþingis, um ýmisleg atriði til eflingar læknaskipuninni hér á landi.

Nefndin hefir nákvæmlega yfirfarið og íhugað þessar bænarskrár, einkum þá frá Múlasýslunum, og þær uppástungur, sem hinn 5. konungkjörni þingmaður lagði fyrir þingið, og sem lúta að ýmsum umbreytingum í læknamálefnum vorum, er nauðsynlegar virðast til að læknaskipuninni verði komið í betra horf, en hún nú er.

Vér verðum að álíta, að þinginu sé það fullkunnugt, í hvaða vandræðum menn eru með læknafræðina hér á landi, svo að eigi þurfi mörgum orðum um það að fara. Að vísu hefir hin seinasta bænarskrá frá þinginu fengið svo góða undirtekt hjá stjórninni, að nú virðist að vera kominn góður rekspölur á þetta mál; en þó vantar enn, sem von er, mikið til þess, að það sé komið í það horf, sem framast má vænta, og sem þörfin útkrefur, ef að lækna-skipun sú á að geta náð yfir allt það, er nú vantar, og bætt úr öllum þeim þörfum, er mál þetta við þarf.

Nefndin getur eigi annað en látið óánægju sína í ljósi yfir því, að henni virðist amtmennirnir í Vesturamtinu og Norður- og Austuramtinu hafa brotið lög á landsmönnum í því, að þeir þrátt fyrir hina brýnu lífsnauðsyn, sem landsmenn hafa til þess, að læknum yrði fjölgað og að innlend kennsla kæmist á, og sömuleiðis þrátt fyrir bréf dómsmálastjórnarinnar af 31. ágúst 1860 til amtmannanna hér á landi, hafa neitað að borga gjald það, er þeir samkvæmt konungsúrskurði af 23. ágúst 1848, eiga að lögum að greiða úr hvers amts jafnaðarsjóðum á ári hverju til kennslu handa aðstoðarlæknum, og sem þeir samkvæmt fyrrnefndu bréfi, áttu að greiða honum til kennslu hjá landlækninum. Af þessum orsökum kemur það nú fram, að landið missir tvo læknakandidata á þessu ári, og verður að bíða eftir þeim í hið minnsta enn þá í tvö ár, þar sem þó hinn 3. lærisveinn sökum þess, að amtmaðurinn í Suðurlanddæminu hlýðnaðist landslögum og áskorun dómsmálastjórnarinnar, verður útskrifaður í sumar.

Nefndin óskar og vonar, að þingið í einu hljóði biðji stjórnina að sjá svo um, að hinum fyrrgreindu amtmönnum eigi haldist þetta uppi framvegis.

Þar sem landlæknirinn hefir tekið það fram, að honum virðist nauðsyn til bera, að landsspítali verði stofnaður hér á landi, þó að sjóðurinn sé enn þá eigi svo stór, er menn vildu kjósa, þá verður nefndin fastlega að mæla fram með því; þar eð reynslan sýnir, að brýn nauðsyn ber til þess, að sjúkrahúsi verði komið hér á hið bráðasta, og með því Reykjavík er hinn margmennasti kaupstaður hér á landi, og hingað sækir fjöldi manna frá ýmsum sýslum landsins, þá virðist verulegur landsspítali bezt settur hér, þar eð hann á þessum stað getur að gagni komið bæði fyrir læknakennsluna og fyrir sjúklinga úr öllum áttum landsins. Það urðu á fyrri þingum nokkrar mótbárur móti því, að spítalasjóðurinn væri allur brúkaður til spítala hér í bænum, er nokkrir þá þar að auki vildu koma upp sjúkrahúsum í hinum öðrum pörtum landsins, en hvað æskilegt, sem þetta í sjálfu sér kynni að vera, fær nefndin eigi betur sæð, en að ógjörningur megi virðast, að ætla sér að sundra þessum sjóði, svo að ekkert almennilegt gagn geti að honum orðið. Það virðist og að liggeja í augum uppi, að landið fái langtum meira gagn af vænum spítala hér í Reykjavík, heldur en menn við fyrsta álit ímynda sér, og þegar hann með fram á að vera nokkurs konar æfingaskóli fyrir hin ungu lækna-efni, má hverjum manni vera í augum uppi, að allt landið hefir gagn af slíkri stofnun; en til þess, að þetta gagn verði sem mest, og að spítaliinn með alefli geti stutt læknakennsluna, virðist nefndinni það óumflýanlega nauðsynlegt, að spítaliinn hafi sinn eigin lækni, sem þá yrði að hafa serskild laun af spítalasjóðnum.

Nefndin telur það sjálfsagt, að spítalalæknirinn eigi að aðstoða landlækninn í læknakennslunni, og að þeir skipti henni á millum sín eins og þeim kemur saman um, og þegar það væri komið í gang, mundi hægt að fá kennarann í náttúrufræði við hinn lærða skóla, til að aðstoða kennsluna enn þá fremur, og yrði þá með þeim hætti hinum svo opt eptiræskta læknaskóla komið hér á.

Vér skulum nú íeyfa oss að sýna fram á, að nokkurn veginn viðunanleg efni virðast nú úr þessu að vera fyrir hendi til að þetta geti komizt á, og vér vonum fastlega, að þingið í einum huga styðji þessa vora uppástungu, og leggi þannig sitt til, að henni geti orðið framgengt áður mörg ár líða.

Innstæða spítalanna er nú sem stendur 46,054 rd. og lágt reiknað munu spítahlutirnir á ári gefa af sér 873 rd. árlega; þetta lagt saman gefur árlegar tekjur af 2,685 rd., en með því höfuðstóllinn eigi má skerðast, þá yrði spítalanum og þeim áhöldum, er til hans þurfa að eins komið upp með því, að tekið yrði peningalán, sem þessu svaraði, mót veði í innstæðunni og með árlegum rentum, sem borgast gætu af hinnri árlegu leigu spítalasjóðsins.

Áætlun vor um spítalann, og það sem til hans þarf, verður nú á þessa leið:

Tekjur.	Rd.	Útgjöld.	Rd.
1. Innstæða allra spítala-sjóðanna 46,054 rd.;		1. Lán til spítalabyggingar 10,000rd.; leiga þar af 4% og til viðhalds 1% . . .	500
leiga þar af . . .	1812		
2. Spítahlutirnir um árið	873	2. Til 20 rúma á 30 rd. = 600 rd., viðhald þar af circa $\frac{1}{3}$ árlegt = 200 rd., og renta og afdrag af 600 rd. = 50 rd. .	250
		3. Fyrir 2 vökkonur á 100 rd.	200
		4. Til ljósa og eldsneytis	200
		5. Til læknakennslu og stipendia	600
		6. Til spítalalæknis .	600
		7. Til instrumenta og bóka	200
		8. Til annara útgjalda	135
Til samans 2,685		Til samans 2,685	

Þetta er nú að vísu lítil summa og lágt til tekið með öll útgjöld, hvers vegna spítalinn og svo verður að vera í litlum stíl, en sökum þess, að nauðsyn virðist til að hann komist á áður langt um líður, verður nefndin þó að ráða þinginu til að ganga í þessa stefnu.

Eins og áður er um getið eiga amtmennirnir samkvæmt umgetnum úrskurði að borga úr hvers amts jafnaðarsjóði 200 rd. árlega, eða samtals fyrir allt landið 600 rd.; nefndin hyggur nú, að

peningar þessir, þegar spítalinn kemst á, eigi svoieðis að skiptast, að 300 rd. af þeim leggist til spítalalæknisins upp í kennslulaun; 200 rd. til kennarans við lærða skólann fyrir kennslu í náttúrufræði t. a. m. eðlisfræði og efnafræði; en þeir eptirstandandi 100 rd. ætti að vera hið 4. stipendium fyrir þá, er læra vildu læknisfræði; en unz þetta kemst á, ættu amtmennirnir þegar að inn borga þessa peninga til læknakennslunnar hjá landlækninum hér í Reykjavík, samkvæmt augnamiði þeirra eptir opt umgetnum konungsúrskurði.

Að veittir verði árlega 200 rd. til að kaupa fyrir bækur og áhöld, sem álitast vera ómissandi fyrir læknakennsluna sýnist nefndinni nauðsynlegt, því það er alkunnugt, að læknakennslan fremur flestum öðrum vísindagreinum, þarf margra, og það hinna nýjustu læknisbóka við, en slíkar bækur eru opt dýrar, og verða að endurnýjast að nokkrum tíma liðnum; á hinn bóginn verða menn og að gæta þess, að læknakennslan þarf á mörgum áhöldum að halda, og þegar haft er tillit til, að lík áhöld þarf líka við spítalann, þá eru þessir umtöluðu 200 rd. án efa það minnsta er menn geta til tekið til slíks augnamiðs.

Þar sem landlæknirinn sem ástæðu fyrir 4. töluliði í uppástungu sinni hefir farið fram á, að óskandi væri, að innlendir læknar sem lært hefðu hér á landi, gætu fengið styrk til utanlands ferðar, þegar þeir hefðu sýnt sig sem ástundunarsama og duglega lækna; og þó nefndin nú sem stendur, eigi geti vísað á neinn innlendan fjárstyrk til þessa augnamiðs, þá verður hún þó að hafa það óyggjandi traust til stjórnarinnar, að hún finni ráð til þess, að þetta fengist úr einhverjum af þeim mörgu sjóðum, sem í Damörku eru stofnaðir til framfara vísindanna.

Þar sem landlæknirinn undir 5. töluliði hefir stungið upp á, að það yrði gjört að lögum, að sveitarlimir, og þeir, sem nytu gjafameðala, væru skyldir að láta kryfja lík sín, þegar þess væri óskað, þá er nefndin hálf hrædd um að slíkt lagaboð kynni að vera óvin-sælt. Hún verður raunar að játa, að líkuppsturðir muni vera aldeilis nauðsynlegir við læknaskólann, og til að þekkja hina innlendu sjúkdóma, og að það sé mjög illa gjört, þegar almenningur amtast við líkuppsturðum, en henni virðist þó vankvæði á að binda þetta föstum lögum.

Með því reynslan hefir sýnt, að opt hefir hér á landi orðið býsna mikill meiningamunur millum sumra embættismanna valdstjórnarinnar og læknanna hér á landi, og með því aðferð sumra

embættismanna í því að hindra landlæknirinn í lækna-kennslunni má virðast alveg óþolandi, þá getur nefndin eigi annað en aðhyllt uppástungu landlæknisins undir tölulið 6., sem sé þá, að það verði gjört að lögum hér á landi, að landlæknirinn og héraðslæknarnir þurfi alls eigi eins og hingað til verið hefir að senda skýrslur, uppástungur og umkvartanir sínar í gegnum lögreglustjórnar embættismennina, heldur gangi þær beinlínis frá landlækninum til stjórnarinnar.

Loksins verður nefndin að geta þess, að þar sem að bænarskráin úr báðum Múlasýslum fer þess á flot, að það verði gjört að lögum, að hinir settu læknar hér á landi fái full laun þeirra embætta, er þeir verða í settir, meðan það læknisembætti er óveitt, þá virðist full nauðsyn til, að svo sé gjört; því eins og reynslan hefir sýnt, verða þeir settu læknar opt að fá einhvern læknisfróðan mann fyrir sína hönd, til að gegna hinum daglegu störfum í því embætti, hvar þeir eru settir, eða láta það standa hjálparlaust ella. Nefndin fær heldur eigi betur séð. en að það sé óviðurkvæmilegt og alls eigi samkvæmt gildandi lögum hér á landi, að hið opinbera skuli eins og græða á læknaleysinu hér á landi, þar eð slíkt mælist mjög illa fyrir meðal almennings, eins og menn líka á hinn bóginn verða að játa, að læknararnir hér á landi í þeim örðugu embættum, er þeir hafa að þjóna, engan veginn veitir: af þeim ákveðnu launum, hvort sem þeir eru fastir eða settir.

Samkvæmt framanskriðuðu verður nefndin að ráða þinginu til, að það sendi vorum allramildasta konungi bænarskrá, samhljóða meðanstandandi atriðum:

1. Að stjórnin sjái svo um, að amtmennirnir tafarlaust leggi þá í konungsúrskurði af 23. ágúst 1848 ákvörðuðu peninga, sem sé 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, til lækna-kennslunnar í Reykjavík.
2. Að settur verði sem allrafyrst landsspítali með sérstökum lækni hér á landi, sem sé skyldur að aðstoða landlæknirinn í lækna-kennslunni móti 300 rd. þóknun árlega í kennslulaun, og hafi 600 rd. laun sem spítalalæknir.
3. Að stjórnin veiti árlega 200 rd. til að kaupa fyrir hækur og verkfæri, sem landlæknirinn álitur nauðsynleg til lækna-kennslunnar.
4. Að veittir verði annaðhvort ár 400—600 rd. úr einhverjum menntasjóði til þess að læknar þeir, er hafa lært hér á

landi, en síðan sýnt sig að dugnaði og árvekni, geti ferðast erlendis, til að kynna sér lækniðferð á útlendum spítölum.

5. Að það verði gjört að lögum hér á landi, að landlæknirinn og héraðslæknarnir þurfi eigi, eins og hingað til hefir verið, að senda skýrslur sínar, uppástungur og umkvartanir í gegnum amtmennina til stjórnarinnar, heldur gangi öll slík málefni frá héraðalæknum til landlæknisins og frá honum til stjórnarinnar; eins og líka hans eigin skýrslur, uppástungur og umkvartanir gangi beinlínis frá honum sjálfum til stjórnarinnar.
6. Að þeir, sem settir verða (constitueraðir) í lækna-embættin hér á landi, fái hin fullu laun embætta þessara á meðan þeir þjóna þessum embættum og þau eru óveitt.

Reykjavík, 2. ágúst 1863.

J. Hjaltalín, Björn Pétursson. Gísli Brynjúlfsson, Jón Pétursson.
framsögumaður. skrifari.

Páll Melsted.

7. ágúst — tuttugasti og sjötti fundur.

Atkvæðaskrá

í málinu um kauptún á Skipaskaga við Lambhússund (sbr. bls. 262).

Að þingið biðji konung um :

1. Að hans hátign allramildilegast vildi löggilda kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu (samb. með 15 atkv. gegn 5).
og til vara:
2. Breytingaratkvæði meira hlutans við vara-atkvæði hans:
Að kauptún þetta verði löggilt þannig, að einungis öllum búsettum fastakaupmönnum á Íslandi sé leyft, að reisa þar sölubúð og hafa þar verzlun með þeim rétti og skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desbr. 1836 (samb. með 18 atkv. gegn 3).
3. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samb. með 18 atkv. gegn 3).

Nefndarálit

um fiskiveiðar útlendra við Ísland A. (sbr. bls. 65).

Til alþingis hafa enn sem fyrr komið bænarskrár og umkvartanir úr ýmsum hëruðum í landinu, viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna hër við land. Frá stjórninni hefir og konungsfulltrúi eptir fyrirheitum í þessa árs auglýsingu til alþingis, látið þinginu í tē nokkrar upplýsingar viðvíkjandi hinu sama máli, samkvæmt því, sem þingið beiddi um í hitt eð fyrra; og vorum vër undirskrifaðir síðan kosnir í nefnd, til þess nákvæmar að íhuga málið, og skýra síðan þinginu ítarlegar frá því. Höfum vër nú lokið þessum starfa, og leyfum oss því, að bera samhuga álit vort fram fyrir hið heiðraða þing.

Það er nú í þriðja sinn, að alþingi hefir þetta mál til meðferðar á þann hátt, að því hafði fyrst verið hreift af landsmanna hálfu, auk þess að það hafði áður tvisvar verið rætt eða komið fyrir hër á þingi, 1855 og 1857, eptir fyrirspurn frá frakkneskum mönnum, eður sem álitismál frá stjórninni fyrir þeirra hönd. En svo opt sem þetta mál því þannig hefir verið tekið til íhugunar á þingi voru, þá stendur það þó enn í sama stað, og engin von er nú fremur enn áður, að fiskiveiðum vorum, sem er einn hinn helzti hjargræðisvegur landsins, verði að borgnara, eða fiskimið vor betur varin fyrir yfirgangi útlendra fiskimanna, en hingað til; því þó ekki hafi annað fengizt, þá höfum vër nú þó loks fengið þá vissu, að stjórnin þykist ekkert geta gjört, eptir því sem nú til hagar, til að hrinda málinu á betra veg. Þetta er að vísu ekki mikið, en þó æfínlega nokkurs vert, og þó ekki hafi orðið annar árangur af tilögum alþingis 1861 í þessu máli, en sá, að stjórnin hefir nú orðið að skýra oss frá, hvað langt undan landi hún álitur sèr rætt og löglegt að verja fiskihelgi vora, þá er þetta þó að minnsta kosti eitt fót mál fram á rættri leið.

Bænarskrár þær, sem að þessu sinni hafa komið til þingsins, eru alls fjórar: ein úr Barðastrandarsýslu, ein frá Kollabúðafundinum, ein frá Snæfellingum, en samþykkt á almennum fundi á Þórsnesi, og ein síðast úr Rosmhvalaneshrepp í Gullbringusýslu. Aðalefnið í öllum þessum bænarskrám er að lýsa yfirgangi frakkneskra fiskimanna á miðum vorum, og er þetta einkum tekið greinilega fram í bænarskránum úr Barðastrandar- og Snæfellsnessýslu; en í þá stefnu fara allar bænarskrárnar jafnt, að þær vilja, að alþingi biðji konung vorn enn sem fyrr, að reisa nægar skorður við

Þessum yfirgangi, án þess þó að vísa á nokkurn þann veg, er þetta megi verða á, nema hvað þær allar bera með sér, að menn byggja enn víða út um landið mjög svo mikla von um verulega vörn á móti útlendum fiskimönnum á því, að danskt herskip liggi hér við land, svo að það allt af er viðkvæðið í bænarskránum, að menn vilja heimta þetta herskip, hver til sín, og krefjast þess, að það skuli fullkomlega verja fiskimiðin á hverjum stað. En skoðum þá, hvort þetta er í sjálfu sér næg trygging, eða hvort það er mögulegt fyrir nokkurt eitt herskip, eða jafnvel hvað mörg, sem hin danska stjórn svo gæti sent, eptir því sem nú er ástatt, að verja fiskihelgi þá svo hlíti, sem landi þessu er svo nauðsynleg, og það eins langt út og landsmenn almennt óska. Og verðum vör þá, til þess að þetta geti orðið sem ljósast og áreiðanlegast, einkum að halda oss við upplýsingar og játningar stjórnarinnar.

Upplýsingar þær, sem konungsfulltrúi hefir gefið af stjórnarinnar hendi í þeirri skýrslu til þingsins, sem hann samkvæmt fyrirheiti stjórnarinnar í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis þetta ár, las upp hér á þinginu sem svar upp á tillögur alþingis í hitt eð fyrra um þetta mál, virðast að vísu sumstaðar að vera nokkuð óákveðnar. En nefndin hefir ekki haft, og þingið hefir að svo stöddu ekkert annað að halda sér við, og það aðalatriði, sem mest umvarðar, og allt verður að byggja á, sem síðar ætti að gjöra, kemur og, að öllu samtöldu, svo ljóslega fram í skjali þessu, að meining stjórnarinnar getur alls eigi verið efasöm. En þetta aðalatriði er það, að stjórnin játar nú beinlínis, að hún álitur sig hvorki hafa rétt né vald, til að framfylgja nokkrum öðrum lögum viðvikjandi fiskiveiðum hér við land, eða yfirráðum yfir sjónum í kringum það, en þeim, sem samkvæm séu nú gildandi almennum þjóðarétti, og tekur það því fullkomlega fram, að hún álíti nú eigi nokkur önnur dönsk lagaboð gildandi með tilliti til fiskiveiðanna hér við land, en fyrirskipunina í verzlunartilskipuninni frá 1787. Orðin í skýrslu konungsfulltrúa hljóða þannig: „Það gildandi lagaboð í þessu efni er því, eptir því sem virðast má, sú í tilskipun frá 13. júní 1787 § 2. og 4. gefna ákvörðun, og samkvæmt henni er, eins og þegar er búið að taka fram, útlendum bannað að fiska á Íslandi í fjörðum, bugtum og höfnum, og líka undir landi; en þar eð fjarlægðin frá landi ekki nákvæmar er tekin fram eða ákveðin, hlýtur takmark þetta, *þar sem samninga skortir*, að því er virðist, að ákveðast samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem almennt eru viður-

kenndar í þjóðaréttinum, á þann hátt, sem segir í allrahæstum úrskurði frá 22. febrúar 1812, nefnilega til *einnar* venjulegrar mílu fjarlægðar frá yztu ey eða hólma við land, sem ekki fellur sjór yfir». Þetta er svo augljóst sem verða má, og hið einasta sem enn er efasamt, eins og síðar segir þrávalt í skýrslunni, er það hvað skilja eigi við orðið »bugt«, og er þó helzt gjört ráð fyrir, að bannið að fara inn á firði o. s. frv. geti með engu móti náð yfir breiða firði eða vikur, eins og t. a. m. Faxaflóa, þar sem svo segir: »Þegar þess er gætt, að t. a. m. Faxabugtin suðvestan á Íslandi, er hér um bil 7 mílur á lengd, virðist það auðsætt, að bannið gegn því að fara inn á firði e.c., ekki sé beinlínis afleiðing af banninu gegn því, að fiska nær landi en í 1. mílu fjarlægð frá ströndinni eða yzta hólma, sem ekki gengur sjór yfir, þar eð menn geta hæglega legið langt inn í ofan nefndri bugt, og þó verið meir en í *einnar* mílu fjarlægð frá landi«.

Það er nú auðsætt af þessum upplýsingum frá stjórninni, að hún getur alls ekki eptir skoðun sinni skipað neinum þeim herskipaforingja, sem hún kann að senda hingað, að verja fiskimið vor á þann hátt, sem landsmenn óska og líka með fullkomnum rétti álíta að einn mundi nægja. Hún hefir aldrei enn, og mun því síður framvegis, meðan fyrirkomulagið allt er hið sama sem hingað til, skipa herskipaforingja sínum hér við land að varna útlendum fiskimönnum, að fiska hér undir landi í ekki fullrar mílu fjarska frá ströndinni, og hún hefir aldrei enn, og mun ei heldur framvegis gjöra það, skipað herskipaforingjum þessum, að banna útlendum fiskimönnum að fara inn á Faxaflóa eða Breiðafjörð, o. s. frv., og ligga þar til fiskjar í ekki einnar mílu fjarska frá yztu ann-nesjum innfirðis, af því hún þykist ei að svo stöddu geta neitað því, að útlendar þjóðir hafi rétt til að skoða þessa flóa og aðra nógu breiða firði eins og opið haf, sem að eins sé rétt að beita almennum þjóðaréttarreglum við, meðan ei sé öðruvísi ákveðið í sérstökum samningi. En sé nú svo, þá er það og auðsætt, að lega hins danska herskips hér við land er oss til mjög svo lítils gagns í þessu tilliti, án þess menn þó á nokkurn hátt hafi rétt til að kenna þetta foringjanum eða mönnum hans, því hann getur alls ekki gjört meira, en hann gjörir eða stjórnin hefir falið honum á hendur. En hitt er víst, að tryggingin fyrir verulegri vörn á fiskimiðum vorum er alls engin eptir þessari tilhögun einni, og menn draga sig því að eins sjálfir á talar, ef menn ímynda sér slíkt, og

það væri því óskandi, að landsmenn særu nú loks að láta sér skiljast, að þeir gjöra málinu lítið gagn með því, að vera ár eptir ár að senda þinginu bænarskrár um að sjá við aðgjörðaleysi hins danska herskips. Hér þarf annara ráða við en einfaldrar óskar landsmanna og alþingis, eða skipunar frá konungi, að reka hina útlendu fiskimenn á burt.

En þó nú hið danska herskip geti því ei verið oss til nokkurra verulegra nota, hvað fiskimiðin eða fiskihelgi undir landinu yfir höfuð snertir, þá er þetta þó ei svo að skilja, sem það geti ei verið til gagns á annan hátt. Hér er og annars að gæta, þar sem konungur vor bæði hefir fullan rétt og skyldu til þess, að verja oss fyrir yfirgangi útlendra manna, hverjir sem svo eru, en það er þegar þeir gjöra óskunda, sem stundum ber við á landi eður í varpeyjum og útskerjum, er liggja undir landið. Getum vèr þessa því fremur hér, sem til þingsins hefir einnig komið kæra frá prestinum í Lóni í Skaptafellssýslu yfir ráni í varpeyjunni Vigur, er liggur undir Stafafell, og var þeirri kæru einnig vísað til þessarar nefndar. Vèr höfum nú í öðru skjali gjört grein fyrir álitinu voru um ráns-mál þetta yfir höfuð, og vèr tókum það því að eins fram á þessum stað, sem er almennilegs efnis í því, en það er það, að svo lítur út sem stjórnin láti alls ekki hafa nóg samlegt eptirlit með þeim fjölda útlendra fiskiskipa, sem sveima hér í kringum landið frá því snemma á vorin og svo allt sumarið, ekki heldur í þessu tilliti, þar sem því þó eigi verður borið við, að lög eða samninga vanti, því á landi eða í óefaðri landhelgi dettur ekki nokkrum í hug, að neita rétti konungs til þess að framsfylgja landslögum við hverja sem svo er. En vèr vitum nú eigi einu sinni, hvort hin danska stjórn hefir gjört svo mikið, að hún hafi látið kunngjöra hinum útlendu fiskimönnum hér við land veiðilög vor á réttan hátt, og á því máli, sem þeir skilja, svo það kann vel að vera, að rán og gripdeildir, sem stundum koma fram af þeirra hálfu í óbyggðum úteyjum eða varphólmum, sè einkum því að kenna að þeir viti t. a. m. ei einu sinni allir að æðarfugl er friðheilagur hér við land, og að dúinn og egginn eru lögleg eign einstakra manna. Það er því að voru álitin hin fyrsta og ómótmælanlega skylda stjórnar vorrar, að sjá um, að á þessu verði ráðin veruleg bót sem allrafyrst, að minnsta kosti með því móti, sem henni sýnist að eiga að vera svo hægt, að láta kunngjöra stjórnnum útlendra þjóða, sem eiga fiskiskip hér við land, og einkum þá hinna frakknesku stjórn, hin

íslenzku veiðilög á þeirra máli, hafi það ei áður verið gjört, svo þær geti á réttan hátt látið kunngjöra þau þegnum sínum, er hingað ætla, og brýnt fyrir þeim að brjóta þau ei. Þetta er hið minnsta sem stjórnin gæti gjört, og vèr efumst þó eigi um, að það mundi koma að góðu haldi, einkum þar eð ráð má gjöra fyrir því, að hinir frakknesku herskipaforingjar hær við land, mundu þá ganga enn ríkara eptir því, að fiskimennirnir, sem þeir eiga að hafa gætur á, gjörðu sig ei seka í slíkum lagabrotum.

En svo vèr snúum oss nú aptur að aðalmálinu, þá er það auðsjáanlegt af því, sem áður hefir verið sagt, að sú vörn er með öllu ónæg, sem stjórnin getur látið oss í tæ, þegar um fiskihelgina ræðir undan landinu, og skulum vèr nú íhuga þetta nokkuð betur. Það er alkunnugt, að annar aðalbjargræðisstofn þessa lands, og sem það ef til vill einna helst mætti auðgast af, eru fiskiveiðarnar, og það er því eðlilegt, að öllum landsmönnum sè mjög svo umhugað um, að þær gangi ei til þurðar. Það hefir og frá aldaððli verið siður hær á landi, að menn róa á opnum bátum og sækja sjóinn svo langt undan landi, sem fiskimiðin liggja, en það er víða hvar, einkum í hinum stærri fjörðum og flóum eins og t. a. m. Faxaflóa, tvær eða jafnvel þrjár og fjórar vikur sjóar undan landi, og er þá auðsætt, að það stutta takmark, sem til tekið er eptir almennum þjóðarétti og sem stjórnin að eins kveðst verða að halda sèr við, getur ei komið landsmönnum að nokkru haldi á flestum þeim stöðum, þar sem mest á riður. »Sè útlendum fiskiskípum heimilt, sagði þingmaður Rangæinga á alþingi 1859 (sjá alþingistið. fyrir það ár bls. 577), að fiska í einnar mílu fjarlægð, þá eru þau beztu fiskimið með öllu Suðurlandi á 1. til 2. mílna fjarlægð frá landi, og ef þeir mega fiska þar með fullri löghelgi, þá er öll tilsjón með lögreglu þar þýðingarlaus, því ekki þarf að óttast neina óreglu af þeim á landi, þar sem þeir geta ekki að lagt sökum hafnaleysis«. Þetta er með öllu satt, og þó eru menn enn miklu ver farnir við Faxaflóa, því þar liggja hin innstu grunnmið þó æfinlega meir en viku sjóar undan yztu inn-nesjum, og hin fjarlægari miðin, sem mest fiskast á, Hraunbrún og Svið, eru enn miklu lengra úti; og svo er og fyrir Snæfellsnesi og í öðrum verstöðum fyrir Vesturlandi, og í stuttu máli að segja víðast hvar annarstaðar, þar sem útræði er hær við land, að fiskimið landsmanna verða ekki friðhelg gegn yfirgangi útlendra fiskimanna eptir almennum þjóðarétti. En það er

hægra, að sjá og skilja þetta, heldur en að finna það ráð, sem úr vandræðunum mætti bæta með.

Sá þjóðarættur, sem nú gildir, hefir ekki verið settur allt í einu, heldur hefir hann skapast smátt og smátt um langan tíma, eptir kröfum og kringumstæðum ýmissa þjóða, og þó æfinlega helzt þeirra, sem mest hafa mátt sér. Það þarf nú ekki að draga nokkrar dulur á það, að Ísland hefir aldrei verið í flokki þessara ríkja, og það er því svo sem auðvitað, að ei muni hafa verið haft mikið tillit til sérstakra kringumstæða þess, þegar sá þjóðarættur skapaðist um fiskihelgi undan landi, sem nú stendur. Þegar hinar völdugu þjóðir gjörðu það að lögum sín á meðal um hafsið, að landshelgin skuli að eins ná fallbyssuskot undan landi, þá hafa þær vissulega ei hugsað út í það, að Ísland með þessum hætti verður hér um bil helgilaust, eður hefir svo lítil umráð yfir hafinu í kringum sig, að þau eru svo sem ekki neitt. Það kann vel að vera, að þetta sé síður tilfinnanlegt í löndum eins og t. a. m. Frakklandi og Englandi, þar sem landsmenn geta haft sér svo marga aðra atvinnuvegi til uppeldis og viðurværis, að fiskiveiðanna einna gætir ekki svo mikils, og hafa líka betri skip og allan útbúnað til að nota sér fiskiveiðarnar betur, og standa öðrum jafnt að vígi; en í þessu fátæka landi, þar sem önnur hin helzta undirstaða undir öllu þjóðbúinu er byggð á fiski-aflanum við landið, þar er allt öðru máli að gegna, og þá er það hrein og bein réttarkrafa vor, að stjórnin gjöri sitt til, að sem mest tillit að auðið er, verði tekið til hinna sérstaklegu kringumstæða þessa lands, er gjöra grundvallarreglur hins almenna þjóðaréttar, að því, sem fiskiveiðina snertir, miklu þungbærari og ósanngjarnari hér en annarstaðar. Hið einasta land, sem að líkindum að þessu leyti má bera saman við Ísland, er Nýfundnaland í Norðurameríku, þar sem fólkið einnig mest megnis lifir af sjónum; en þar hefir og hin enska stjórn fyrir löngu orðið að láta það að óskum landsmanna, að gjöra sérstakan samning um fiskiveiðaréttinn þar við land við Frakka, er þar og hafa mestan fjölda af fiskiskipum og miklu fleiri en nokkur önnur útlend þjóð. Danska stjórnin hefir og í sjálfu sér viðurkennt að hér við land mundi hið sama og vera hið einasta úrræði, sem veruleg trygging væri í, ef mögulegt væri að koma á samningi um þetta mál við aðrar þjóðir, sem haganlegur væri fyrir þetta land, bæði óbeinlínis, þar sem hún eins og áður er tekið fram, segir í skýrslunni til alþingis, að það takmark, sem oss er svo skaðlegt, hljóti

að ákveðast eptir almennum þjóðarétti, *þar sem samninga skorti*, og eins líka beinlínis, þar sem siðar í hinu sama skjali segir, að fyrst konungur geti ei af sjálfsdáðum ákveðið með lögum, hvort útlendir fiskimenn megji fara inn á svo og svo breiða flóa eða ei, til að fiska þar í ekki einnar mílu fjarlægð undan ströndinni, þá eigi menn »til þess að ná þeim úrslitum málsins, sem hagfelldust geti orðið Íslendingum, að því er virðist, að leitast *með samkomulagi* við að fá, einkum þá keisaralegu frakknesku stjórn til þess, að brýna fyrir þegnum sínum, að virða (*respectere*) fiskiveiðaréttindi Íslendinga, í þeim fyllsta skilningi, sem eptir almenns þjóðaréttar grundvallarreglum getur orðið lagður í þær ákvarðanir, sem varða umráðin yfir hafinu (Söterritoriets Grændser). »Þetta er nú að visu nokkuð óákveðið, en þó liggur í því það, að stjórnin viðurkennir, að sumt í þjóðaréttinum sé enn svo óljóst eða óákveðið, þegar á að beita honum sérstaklega, að hún þurfi að koma sér saman við viðkomandi stjórnir um nákvæmari ákvarðanir; og þetta mætti víst koma Íslandi að góðu haldi, ef það væri haganlega gjört.

En þó nú stjórnin á þenna hátt viðurkenni, að þingið hafi farið í rétta stefnu, þar sem það 1861 beiddi hana að reyna til að koma á samningi um fiskiveiðahelgina hér við land við útlendar þjóðir einkum Frakka, ef hún álitir ei að hún gæti á annan hátt varið fiskimið vor með lögum, þá telur hún þó á hinn bóginn svo mörg vankvæði á þessu, að hún verði að svo stöddu að álíta það ógjörandi. Þetta kann nú að visu að vera satt, en sá veit þó bezt, er reynir, og hún hefir ei reynt mikið enn eða lagt sig í nokkra framkróka til að láta að beiðni alþingis í þessu efni. En hvað um það er, þá efumst vér alls eigi um, að örðugleikarnir að minnsta kosti kunni að vera mjög svo miklir, og þó vér getum ei gjört mikið úr öðrum eins vandræðum, eins og því, sem stjórnin meðal annars tekur fram, að það væri ei nóg að semja við Frakka eina, heldur yrði þá einnig að semja við allar aðrar siglingaþjóðir, og það væri svo mikið — þó vér getum nú ei gjört svo mikið úr þessum torfærum, þar sem það er auðsætt, að hægt mundi að fá allar aðrar þjóðir á sitt mál, ef Frakkar og Englendingar fyrst væru fengnir —, þá skulum vér þó ei að svostöddu ráða þinginu til að herða nú svo mjög að stjórninni með þetta mál. Vér sjáum vel, að þó slíkar torfærur séu ei taldar með, þá mun það samt geta orðið nógu örðugt að koma á samningi um fiskiveiðarnar hér við land, sem þessu landi gæti orðið að verulegu

gagni, þó svo ei væri, nema við Frakka eina; og vèr höldum ei heldur, að það hafi verið álit þingsins í hitt eð fyrra, að það mundi vera svo mikill hæðarleikur, eður að það hafi viljað að hrapa skyldi að þessu, þó það yrði að álíta það bezta úrræðið hvenær sem það fengist.

Vèr skulum því í þetta sinn að eins ráða þinginu til að halda sèr við orð stjórnarinnar sjálfrar um nauðsyn *samkomulags einkum við hina frakknesku stjórn*, til þess nákvæmar að ákveða um þau atriði í þessu máli, er enn eru efa undirorpin eptir almennum þjóðarétti, og biðja hana samkvæmt því að leitast af fremsta megni við að fá hina keisaralegu stjórn til að viðurkenna, að kringumstæður Íslands og allt ástand sè svo einstaklegs eðlis, að sanningirni bjóði, að virða fiskiveiðaréttindi Íslendinga í þeim fyllsta skilningi, sem megi eptir almennum þjóðarétti, og að þar sem það eigi dugi, sè brýn nauðsyn til að gjöra undantekning frá honum. Þetta mætti að minnsta kosti verða góður undirbúningur til samnings siðarmeir, og stjórnin virðist því fremur að hafa ástæðu til að reyna það, sem hún sjálf segir í títtnefndri skýrslu til alþingis, að hin frakkneska stjórn hafi tekið svo vel undir, þegar hún hafi farið að skrifast á við hana um málið, og hin enska stjórn hafi að eins svarað því, að hún gæti ekki annað en haldið sèr við *þriggja* enskra mílna takmarkið, meðan hún eigi hefði lagaheimild til annars, í sèrstaklegu samkomulagi sjálfsagt, því í þessu sýnist það augljóslega að liggja að stjórnir þessar mundu eigi ófúsar á að koma sèr saman um einhver atriði í þessu máli, ef því væri farið á flot; en það er skylda stjórnar vorrar, að sjá svo um, að slíkt samkomulag yrði oss í hag, en eigi til skaða, því þess þurfum vèr eigi að beiðast.

Að endingu má geta þess, að þar sem í skýrslu stjórnarinnar svo opt er talað um eina sjómílu, sem fiskihelgi takmarkið undan landi, þá höfum ver ástæðu til að halda, að frakkneska stjórnin meini þar að eins eina »lieue«, en það er eigi meira en $\frac{3}{4}$ úr danskrí mílu og öldungis hið sama sem 3 enskar mílur, er enska stjórnin að eins vill viðurkenna. Hèr er því svo að sjá, sem einhver misskilningur sè fyrir hendi, og væri því gott, að stjórnin vildi taka allan efa af um þetta; því það er að eins að blekkja landsmenn, að telja þeim trú um, að útlendir fiskimenn megi eigi koma nær landinu til veiða, en í *einnar* mílu fjarlægð, ef Frakkar og Englendingar hafa þó aldrei meint annað en $\frac{3}{4}$ úr mílu og aldrei heldur

leynt því fyrir hinni dönsku stjórn. Það væri því gott, að þetta væri nákvæmlega upplýst.

Það var enn eitt atriði í bænarskrá þingsins til konungs í hitt eð fyrra, að íslenzkum fiskimönnum yrði veittur kostur á fæstyrk með láni til þess, að koma þiljuskipaveiðum á hær við land, og hefir stjórnin svarað því á þá leið í auglýsingunni til þessa árs alþingis, að eins og nú sè ástatt, verði ekki sèð ráð til, að verða við þessari ósk alþingis. Aðalástæðan fyrir beiðni þessari var sú, að ef engin önnur hjálp fengist af stjórninni gegn yfirgangi útlendra fiskimanna, sem liggja hær á fiskimiðum vorum með miklum styrk frá sinni stjórn, þá lægi það þó, eptir því sem eðlilegt sýndist, næst fyrir stjórn vora, að styrkja þó að minnsta kosti hina innlendu fiskimenn á allan þann hátt, sem henni væri mögulegt, svo þeir gætu þó keppt nokkuð við hina útlendu fiskimenn. Vær getum nú eigi heldur sèð annað, þrátt fyrir afslag stjórnarinnar, en að þessi skoðun sè á réttum grundvelli byggð, og vær eigum nú því örðugra með að skilja, hvernig á þessum undirtektum stendur, sem vær höfum eigi enn gleymt því, að stjórnin sjálf fyrir fáum árum hefir boðizt til, að veita fè í hina sömu stefnu, þar sem hún vorið 1859 hét því í bræfi til stiptamtsins, að vilja styrkja að því með fjártillagi, að fiskiveiðafelög gæti komizt á hær í landi. Það virðist nú svo, sem stjórnin ætti nú og því fremur að sinna sèr þetta skylt, þar sem hún nú hefir viðurkennt, að hún geti alls eigi með lögum varið fiskimið Íslendinga fyrir yfirgangi hinna útlendu manna, því vær erum sannfærðir um, að hún getur eigi óskað, að það skuli nú einnig líta svo út, sem hún *vilji* eigi heldur gjöra neitt til þess þó að láta oss einhverja hjálp í tæ. Vær getum því eigi annað en ráðið þinginu til að ítreka nú enn af nýju þessa hina sömu bæn til stjórnarinnar, og það því fremur, sem þinginu hefir alls eigi verið gjörð nein grein fyrir því, hvernig á því standi, að stjórnin hafi eigi sèð ráð til að verða við þessari ósk alþingis.

Samkvæmt því, sem áður hefir verið sagt, verður því nefndin að ráða hinu heiðraða þingi til, að rita konungi vorum bænarskrá þess efnis :

1. Að hans hátign skipi stjórn sinni að láta kunngjöra, hafi það eigi áður verið gjört, þeim þjóðum sem liggja til fiskjar hær við land, hin íslenzku veiðilög á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ei afsakað rán og gripdeildir,

er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vanskunnáttu sinni um þetta efni.

2. Að stjórnin fyrir vora hönd leitist við, að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður þessa lands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarétti, hvað fiskihelgina áhrærir hér undir landi, svo framarlega sem ei þjóðbúið allt og landsfólkið á að biða óbætanlegt tjón.
3. Að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma hér á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur.

Reykjavík 3. ágúst 1863.

Gísli Brynjúlfsson, J. Hjaltalín B. Sveinsson. P. Pétursson.
form. og framsögumaður. *Á. Einarsson. P. Sigurðsson. S. Skúlason,*
skrifari.

Nefndarálit. B.

um ránsmálið á eyinni Vigur. (sbr. bls. 67.).

Til alþingis hefir komið kæra prestsins á Stafafelli í Lóni í eystri Skaptafellssýslu, um rán útlendra fiskimanna í eyinni Vigur, er liggur undir prestakallið, og var því máli vísað til nefndarinnar nm fiskiveiðar útlendra sið Ísland yfir höfuð. Nefndin hefir nú íhugað málið, og getum vér eigi annað séð, en að það, þó það að vísu geti eigi verið nokkrum efa undirorpið, að útlendir fiskimenn hafi valdið ráni þessu, sè þó svo mjög annars eðlis, en fiskiveiðamálið sjálft að nauðsyn sè fyrir þingið, að skoða það sèr í lagi, svo unnt mætti verða sem fyrst að ráða einhverja bót á skaða þeim, sem atvik þetta verður að gjöra prestinum af prestakallinu. Og skulum vér nú því stuttlega skýra þinginu frá álitinu voru um þetta efni.

Þess ber að gæta um kærnu prestsins, sem hér þarf ei greinilega að skýra frá, þar sem það virðist sjálfsagt, að hún muni æfmllega sjálf verða lätin fylgja málinu, að henni fylgja engin lögmæt skjöl eða vottorð um það, hverjir eiginlega hafi framið ránið. Og þá oss komi eigi til hugar að efast um, að það muni vera á fullum rökum byggt, sem þar segir, að þetta muni einmitt hafa verið frakk-

fiskimenn, þá er þó auðsjáanlegt, að málið einkum sökum þessa atriðis, mun þurfa nákvæmari og frekari rannsóknar við af hálfu valdstjórnarinnar, áður en því verði til lykta ráðið, og það því fremur sem kærinni fylgir ei heldur nokkurt glöggð eða lögmætt mat á upphæð skaðans, svo það yrði nú ei einu sinni hægt að ákveða hve miklar skaðabæturnar yrðu að vera, jafnvel þó öll önnur atriði málsins væri nú svo fyllilega undirbúin, að þegar mætti leggja dóm á það. Vær efumst ei heldur um, að hin frakkneska stjórn eður umboðsmenn hennar á herskipum hér við land, mundi eins vera fús á að láta hlutaðeigendur endurgjalda allan þann skaða, sem þeir kunna að hafa orðið valdir að á einhverjum stað, þegar það að eins er sannað, hverjir skaðavaldendur eru, og vær höldum það ei einu sinni nauðsynlegt, að hér þurfi að tilgreina með nafni neitt einstakt fiskiskip eða skipshöfn, því það er auðvitað, að ef að eins er sannað, að frakkneskir fiskimenn hafi valdið ráninu, þá verður hið frakkneska fiskiveiðafélag, sem gjörir skúturnar út hingað að ábyrgjast og endurgjalda fyrir sína menn, hvort sem svo sjálfir ránsmennirnir nokkurn tíma verða uppvísir eður ei, því það er þá orðið mál, sem þeir verða að útkljá sín á milli. En hvernig sem skoðað er, þá er það auðsætt, að valdstjórnin verður fyrst að láta rannsaka málið til þess svo að bera það fram á réttum stað, ef nógar ástæður koma fram til þess, og vær getum ei annað sæð, en að hér sé því meiri ástæða fyrir stjórnina, til að taka sér af þessu máli, þar sem í því ei að eins ræðir um skaða einstaks manns, heldur og líka heils prestakalls. Því ef það er skylda hennar, sem auðvitað er, að verja rétt hvers einstaks þegna sinna, þá verður þetta því fremur að vera henni skylt, ef sá þegn er í því sambandi við landstjórnina alla, sem þó má segja um presta eins og hverja aðra embættismenn, að þeir vinna henni fremur öðrum og hafa því laun sín af allsherjarsfé, því þá verður stjórnin að sjá svo um, að þeir missi eigi nokkurn hlut af þessum launum með rangindum. Og þess utan ber þess hér enn að gæta, að stjórninni verður því fremur að vera skylt, að gjöra sitt til að leiðrétta þetta mál, þar sem það þó að minnsta kosti að nokkru leyti er af hennar völdum, að landsmenn eru svo alveg varnarlausir í sveitum, að þeir geta varla, þó á þyrfti að halda, á haganlegan hátt varið sitt fyrir ránsmönnum, þó ei sé nema af einni skútu, þar sem menn bæði vantar vopnin, og svo líka alla þá fyrirskipun í hëruðum, sem á þyrfti að halda, ef nokkur veruleg vörn ætti að geta tekizt

en það sýnist svo, sem það ætti ei að liggja nokkrum nær en sjálfri stjórninni, að sjá um, að landsmenn og landið allt væri þó ei æfingalega varnarlaust með öllu. En auk þessa er það og mjög líklegt að margir útlendir fiskimenn viti ei einu sinni, að æðarfugl er friðhelgur hér við land, eður að þeim er óleyfilegt að drepa hann og taka dún og egg í ýmsum óbyggðum úteyjum, og kemur þetta þá sjálfsagt af því, að stjórnin mun ei nógsamlega hafa séð um, að hin íslenzku veiðilög yrðu birt útlendum þjóðum, sem eiga skip, einkum fiskiskip hér við land, á því máli, sem þeim er skiljanlegt; og kann þetta vel að hafa valdið meiru tjóni, en menn nú ímynda sér; en þá virðist svo sem þeim sè skyldugt, að bæta úr því, sem þannig hafa gefið tilefni til, að eigi varð hjá því komizt, hvort sem svo er með því, að bæta sjálfir skaðann, eða fá hina, sem beinlínis hafa valdið ráninu, til að bæta hann.

Hvernig sem vèr því skoðum málið, getum vèr ei annað séð, en að einasti vegurinn til þess, að presturinn og prestakallið í Lóni geti *sem fyrst* fengið uppbót fyrir ránið á Vigur, sè sá, að stjórnin sem allra fyrst hlutist til um að útvega eða veita skaðabæturnar, og sjáum vèr, eptir því sem nú stendur á málinu, ei annan fljótari veg til þessa, en ef stiptyfirvöldin vildu nú þegar í sumar gjöra það að tilmælum þingsins að gjöra sitt til, að fá stjórnina til þessa.

Í þeirri von, að þau muni ei skorast undan þessu, stingum vèr því upp á:

»Að þingið í gegnum forseta sinn vísi málinu til stiptyfirvaldanna með þeirri áskorun, að þau mæli fastlega fram með því við stjórnina, að presturinn fái fulla uppbót fyrir ránið, á hvern þann hátt sem mögulegt er, og sem allra fyrst«.

Reykjavík 3. ágúst 1863.

G. Brynjúlfsson, J. Hjaltalín. B. Sveinsson. P. Pétursson.
formaður og framsögum.

Á. Einarsson. P. Sigurðsson. Sv. Skúlason,
skrifari.

8. ágúst — tuttugasti og sjöundi fundur.

Nefndarálit.

í stjórnarbótarmálinu nr. 1 (sjá bls. 71).

Hið heiðraða þing kaus frá upphafi 5 manna nefnd, og bætti þar síðan við 2 mönnum, til þess að bera upp álit um bænarskrá frá sýslufundi í Árnessýslu, er fer fram á, að ýmsum atriðum í stjórnarbótarmálinu verði framfylgt af hendi þingsins, og einkanlega það, »að yfirstjórn landsins verði hið allra bráðasta komið í hagkvæmasta horf með fullu framkvæmdarvaldi í öllum innlendum stjórnarmálum«, o. s. frv.

Þar sem nú allar ástæður og útlistun bænarskrárinnar fara einkanlega og eingöngu í þessa stefnu, að sýna hið ónóga fyrirkomulag embættis- og framkvæmdarstjórnarinnar, eins og því er nú komið hér á landi, og hefir verið um nokkur undanfarin ár, og leiða þaðan rök að því, hvað bráðra og eindreginna aðgjörða hér þurfi við, þá var einkanlega með tilliti til þessa atriðis sett sérstök nefnd í málið, en aptur önnur nefnd kosin, er hafa skyldi hinar aðrar bænarskrár um sjálft stjórnarbótarmálið til meðferðar.

Þessi nefnd, er teð bænarskrá var fengin til meðferðar, og hér ritar nöfn sín undir, hefir nú rætt mál þetta og á ýmsa vegu á fundum sínum, en þó ekki getað orðið á eitt sátt um þá stefnu málsins og niðurlagsatriði, er jafnt öllum nefndarmönnum gæti þótt frambærilegar fyrir hið heiðraða þing, sem undirstöðu-atriði í bænarskrá til konungs; hefir því nefndin komið að eindreginni sannfæringu um, að það sé eigi að eins næsta torvelt, að afmarka máli þessu sérstaklega stefnu með einbundnum niðurlagsatriðum, heldur einnig bæði viðsjált og jafnvel ógjörandi, og er það nú, þegar hin nefndin, sem hinar almennu stjórnarbótarbænarskrár voru fengnar til meðferðar, hefir komið til þeirrar niðurstöðu, að hún ætti að fráráða þinginu að rita bænarskrá um hin almennari atriði málsins, því þar af leiðir auðsjáanlega, að þessari nefnd, er var falin bænarskráin úr Árnessýslu, er miklu vandfarnara að því leyti, að hún hefir ekki neinar þær almennar uppástungur, er hin nefndin hefði kunnað að bera upp, um fyrirkomulag hinnar algjörðari stjórnarþóttar, til að styðjast við, eða sér til leiðbeiningar og varúðar, í því að grípa ekki fram í hið eptirvænta algjörða stjórnarþóttar fyrirkomulag eður stjórnarþótt, eður búa henni tálmanir með bráðabyrgðar-

uppástungum sínum, um traustara og betra fyrirkomulag þeirrar embættis- og framkvæmdarstjórnar, sem nú er að lögum í landi hér.

Þar sem nú nefndin á hinn bóginn verður að aðhyllast þá skoðun hins heiðraða þings, er lýsti sér þegar í inngangsumræðunni, að bænarskrá þessi sé næsta þýðingarmikil að hinni almennu stefnu sinni, innihaldi og ástæðum, og vèr verðum þar að auki fyllilega að játa, að brýnasta nauðsyn beri til, að þingið leiði sem eindregnast athygli vors milda konungs bæði að málefni þessu yfir höfuð að tala, þörfum landa vorra og þjóðar, sem þar í eru fólgin, og að þau útheimti, að á þessum verulegu vankvæðum verði bót ráðin til bráðabyrgðar sem allrafyrst, þá virðist oss, að mál þetta megi sízt niður falla svo búið; en til þess álitum vèr einka úrræðið þetta, að allt þingið afráði nú að rita vorum milda konungi þegnlegt ávarp, eins og bæði hefir verið vandi áður frá því alþingi, er endar kosningarnar, sem þá standa yfir; en svo er nú fyrir þessu heiðraða þingi, er einnig hin almenna stjórnarbótarnefnd kvað hafa afráðið að leggja til um það mál, er henni var falið til meðferðar, og að í þessu eina og sama þegnlega ávarpi verði fram tekin í almennri yfirlýsingu, en satt og afdráttarlaust þau vankvæði, sem Árness-sýslu-bænarskráin útskýrir, ásamt því, hvað yfirgnæfandi lands- og þjóðar-nauðsyn það sé fyrir Íslendinga, að á vankvæðum þessum verði ráðin hin bráðasta bót.

Þess vegna leyfir nú nefndin sér, að ráða hinu heiðraða þingi til að afráða og með atkvæðum sínum álykta í þessu máli:

1. Að eigi skuli rita um það sérstaklega bænarskrá til konungs; heldnr
2. Að málefnið í heild sinni og öllum aðalatriðum verði tekið til ávarps meðferðar, annaðhvort í sambandi með öðrum málefnum, sem þingið afræði að heina þessa leið, og í almennu ávarpi eiga heima, eða sérstaklega, svo framarlega þingið afræði að rita ekki þegnlegt ávarp í neinu öðru skyni.
3. Að þingið kjósi 3 manna nefnd til þess að semja frumvarp til allraþegnsamlegasta ávarps til konungs.

Alþingi, 5. ágúst 1863.

Jón Guðmundsson, Magnús Andrèsson. P. Sigurðsson.
form. og framsögum.

Á. Einarsson. Jón Sigurðsson.

B. Sveinsson. Jón Pétursson.

Jafnvel þó við eigi sèum þeim ástæðum, sem hér eru til-

greindar að mörgu leyti samdóma, nè heldur niðurlagsatr. nr. 3, höfum við samt eigi fundið næga ástæðu til að koma fram með ágreiningsálit í aðalefni málsins fyrir þingið, og höfum þannig ritað nöfn vor með þeirri athugasemd, að í ávarpi því, er hér er stungið upp á, verði höfð hæfleg hliðsjón til hinna sérstaklegu atriða í Árnesinga-bænarskránni, í sambandi við hina tilvonandi stjórnarbót Íslands.

Nefndarálit

í stjórnarbótarmálinu nr. 2 (sjá bls. 73).

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit vort um 10 bænarskrár, er til þings komu. Voru 7 þeirra um stjórnarbót, 2 um fjárhagsaðskilnaðinn og hin 10 um breytingu á skattinum. Ein af þeim 7 bænarskrám um stjórnarbót er samin á frjálsum fundi að Vallanesi í Suðurmúlaþingi, og fer hún því fram, að þingið taki ekki stjórnarbótamálið og fjárhagsmálið nú til meðferðar, ef þau verða lögð fram, nema það fái sama atkvæðisrétt í þeim málum, sem Danapíng hefir í dönskum málum. Önnur bænarskrá er frá fundi Borgfirðinga að Höfn í Melasveit með 22. nöfnum; þar er beðið um stjórnarbót þá, er konungur hefir beitið oss í bréfi sínu 23. septbr. 1848, og að kvatt verði til þjóðfundar að sumri komanda eptir kostningarlögnum 28. septbr. 1849. Hin þriðja bænarskráin er frá Þórnesfundi, og biður um, að frumvarp til stjórnarbótar verði sem allra fyrst lagt fram á þjóðfund í landinu sjálfu. Hin fjórða er frá Kollabúðarfundi og biður hún um það sama með þeim viðauka, að frumvarpið verði lagað eptir óskum þingsins að undanförmu. Fimmta bænarskráin er frá sýslufundi Húnavetninga að Sveinsstöðum. Í henni er fyrst skorað á þingið, að vísa frá sér fjárhagsmálinu og stjórnarbótarmálinu, ef þau verði lögð fram fyrir þingið, fyrir þeim sökum, að alþingismenn sæu eigi kosnir til að semja um þetta vandamál fyrir hönd þjóðarinnar, og þingið skorti allt vald til að ráða málinu til lykta af sinni hálfu, en síðan er beðið um, að frumvarp um fjárhagsskilnað og stjórnarbót verði lagt fram á þjóðfund, er kosið sè til eptir kosningarlögnum 28. septbr. 1849. Sjötta bænarskráin er frá Eyfirðingum með 110 nöfnum, og biður hún um, að stjórnarbótarmálinu nú verði fýtt svo sem auðið sè. Hin sjöunda bænarskráin er frá héraðsfundi Þingeyinga að Fremstafelli. Fyrst er í bænarskrá þessari sýnt, að konungur vor hafi eigi enn náð að efna heit það, er hann hefir gefið oss í bréfi sínu 23. septbr. 1848. Í annan stað er og sýnt, að eigi

hlýði að leggja stjórnarbótarmálið fram fyrir alþingi, með því að alþingismenn hafi ekki umboð af þjóðinni til að ræða það mál, og heldur ekki fullan atkvæðisrétt, þar sem þingið sé að eins ráðgefandi. Síðan fer bænarskráin fram á, »að nýr þjóðfundur verði hið allrabraðasta kallaður saman hér á landi, til að ræða út um stöðu Íslands í ríkinu og stjórnarfyrrkomulag þess, að konungur vor veiti fundi þessum löggjafarvald gagnvart neitunarvaldi sínu, og að fulltrúar til þjóðfundar þessa verði kosnir eptir kosningarlögnum 28. septbr. 1849». Önnur af þeim tveim bænarskrám um fjárhagsmálið er frá fundi Borgfirðinga með 22. nöfnum; er þar beðið um, að fjárhagur Íslands og Danmerkur verði nú þegar algjörlega aðskilinn og að Ísland fái fullkomin ráð fjár síns þess sem það á með réttu, en þó sé eigi fê þessu skipt fyr en þing Íslendinga, er þjóðin kys til þess, hafi sagt álit sitt um það mál. En hin bænarskráin er frá fundi Þingeyinga, og hefir að niðurlagi: »að aðskilnaður á fjárhag Íslands og Danmerkur verði eigi með lögum ákveðinn, fyr en fundur, sem hans konunglega hátign hefir kvatt landsmenn til að kjósa til eptir frjálsum kosningarlögum, og hefir gefið fullan atkvæðisrétt gagnvart ríkisþingi Dana, hefir samið um hann». Hin tíunda bænarskrá; er þingið fól nefndinni að segja um álit sitt, er frá héraðsfundi Þingeyinga með 22. nöfnum; hún fer því fram, að alþingi biðji um: »að sem allra fyrst verði frumvarp til nýrra skattalaga lagt fram fyrir alþingi, byggt á uppástungum skattanefndarinnar frá 1845». Bænarskrá þessi stendur nú að vorri hyggju í því sambandi við stjórnarbótarmálið, að aðalefni hennar verður ekki nú sem stendur tekið til greina, því að skattalög vor eru að eins sem eitt dæmi þess hve áriðandi oss sé að fá fjárforræði vort sem fyrst, með því að vèr ætlum að öllum sé ljóst, að fjárhagsskilnaðurinn og fullt fjárforræði vort, hljóti að ganga á undan nýjum og hagkvæmari skattalögum, en fjárforræðið hlýtur að vera samfara sjálfsforræði voru í stjórnarefnum, eður stjórnarbót á landi hér. Allar hinar níu bænarskrár um stjórnarbótina og fjárhaginn eru samhuga á því, að alþingi biðji vorn allramildasta konung um stjórnarbót sem allra fyrst og flestar þeirra kveða skýrt á um það, að alþing biðji um, að stjórnarbótarmálið og fjárhagsmálið verði lagt fram tyrir þjóðfund, sem Íslendingar kjósi til eptir kosningarlögnum 28. septbr. 1849, og að fundur þessi fái fullnaðar atkvæði í málinu, svo sem lögþing hafa.

Nefndin álitur nú, að í bænarskrám þessum felist þau helztu

atriði stjórnarbótarinnar, er alþingi eigi nú að ítreka bænir sínar um; en af því að stjórnarbótarmálið er komið svo vel á veg, þar sem fjárhagsnefnd hefir verið sett og hún lokið starfa sínum, eins og hin konungl. auglýsing nú til þingsins II. gr. skýrir frá, þá hlýtur nefndin að álíta að best ætti við, að þessi atriði væri tekin fram í ávarpi til konungs, sem nefndin ætlar að þingið muni nú sinna sér skylt að senda, líkt og áður hefir verið gjört á síðustu þingum áður en kosið sé að nýju, og það því fremur, sem vænta má, að þetta þing muni verða hið síðasta ráðgjafarþing á landi voru, og það hefir svo brýnt tilefni til að þakka hans hátign konungi vorum fyrir marga góða réttarbót á þessum tíma, einkum fyrir hina allramildustu ósk hans, um að lagaskóli verði stofnaður hér á landi.

Af þessum ástæðum verður nefndin að ráða hinu heiðraða þingi til að senda enga bænarskrá um þetta mál, heldur ávarp, og kjósa til þess 5 manna nefnd.

Reykjavík, 6. ágúst 1863.

Arnþjóður Ólafsson. *P. Pétursson.* *H. Hálfðánarson.* *J. Sigurðsson.*
framsögumaður. formaður.

S. Skúlason.

Þingið ræði þá af, eptir nokkrar umræður, að kjósa 3 manna nefnd til að rita ávarp til konungs um bæði þessi mál.

Atkvæðaskrá

í læknaSKIPUNARMÁLINU (sjá bls. 273).

1. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við 2. niðurlagsatr. nefndarinnar (7. tölul.), sem verði sett fyrst:

Að í staðinn fyrir þenna tölulið komi eptirfylgjandi 2 greinir:

a, Að stofnaður verði sem allrafyrst spítali í Reykjavík fyrir $\frac{2}{3}$ hluti af vöxtum og árstekjum spítalasjóðanna; en að $\frac{1}{3}$ af vöxtum og árstekjum spítalasjóðanna verði þar á mót safnað í sjóð, og þessu fè varið til þess smámsaman að koma upp sjúkrahúsum á hinum öðrum helztu verzlunarstöðum á landinu þar sem læknir er búsettur (fellt með 17 atkv. gegn 4.

b, Að settur verði sérstakur spítalalæknir við spítalann í Reykjavík, og skal hann og landlæknirinn skyldir til að annast um læknaKENNSLUNA. Þessum spítalalækni veitist til launa 900 rd. á ári úr rikissjóði (fallið við 1. tölul.).

2. Breytingaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar og Jóns Péturssonar* við sama tölul.:

Að þeim tekjum úr hinum almenna spítalasjóði, er stofnaður er með konungsráðgjafi 12. ágúst 1848, verði, að svo miklu leyti sem þær nú þegar ekki eru notaðar til læknaþjónustu hér á landi, framvegis varið til þess að stofna spítala í Reykjavík og efla læknaþjónsluna þar á þann hátt, að sérstakur læknir yrði settur við spítalann með því skilyrði, að hann skuli aðstoða landlækninn í þessari þjónslu (samb. með 13 atkv. gegn 8).

3. Viðauka-atkvæði *Arnþórs Ólafssonar* við 2. tölulið:

Þó svo, að til þessa sé eigi varið fyrst um sinn meir en $\frac{2}{3}$ af árstekjum spítalanna, eður með þeim 600 rd., sem nú er varið, $\frac{3}{4}$ af árstekjum spítalasjóðsins (fellt með 12 atkv. gegn 7).

4. Breytingaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar, Jóns Sigurðssonar og Jóns Guðmundssonar* við 2. niðurlagsatr. nefndarinnar, sem verði sett fyrst (7. tölul.):

Að sem allrafyrst verði reistur spítali í Reykjavík, og við hann stofnað fast lækniembætti. Spítalalæknirinn hafi á hendi þjónslu í lækniþjónslu ásamt landlækninum og undir hans forstöðu (fallið við 2. tölul.).

5. Viðauka-atkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* (ný uppástunga):

Að stjórnin leggi fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um betri tilhögun á spítalatekjum, samkvæmt því, sem alþingi hefur áður bent til (samb. í einu hljóði).

6. Breytingar- og viðauka-atkvæði *St. Jónssonar og Jóns Pálmarssonar* við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (7. tölul.):

Að í staðinn fyrir »landsspítali» komi »spítali» og í staðinn fyrir hér á landi komi í »Reykjavík», og að við enda gr. verði bætt: »Og að sömuleiðis verði sett sjúkrahús á Akureyri, þegar því verður við komið, af leigum Möðrufells-spítalasjóðs, hvar sjúklingar gætu fengið aðsetur og hjálp af héraðslækni þar» (fallið við 2. tölul.).

7. Nefndin, 2. niðurlagsatriði:

Að settur verði sem allrafyrst landsspítali með sérstöku lækni hér á landi, sem sé skyldur að aðstoða landlækninn í læknaþjónslunni móti 300 rd. þóknun árlaga í

kennslulaun, og hafi 600 rd. laun sem spítalalæknir (fallið við 2. tölul.).

8. Breytingaratkvæði *St. Jónssonar* við 1. niðurlagsatriði nefndarinnar (11. tölul.):

Að í staðinn fyrir »*Reykjavík*« verði sett: »*hverju amti*« (felld með 14 atkv. gegn 6).

9. Breytingaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar, Jóns Sigurðssonar* og *Jóns Guðmundssonar* við sama tölulið:

Að þegar spítali með fastri læknakennslu er kominn á fót í Reykjavík, verði til læknakennslunnar við spítala þenna lagðir þeir 200 rd., sem eptir konungsúrskurði 12. ágús 1848 voru veittir úr hvers amts jafnaðarsjóði til þóknunar fyrir að kenna aðstoðarlæknum (felld með 14 atkv. gegn 4).

10. Breytingaratkvæði *Gísla Brynjúlfssonar* og *Jóns Péturssonar* við sama tölulið:

Að stjórnin skipi svo fyrir, að þeim í kgsúrsk. 12. ágúst 1848 tilteknu peningum, sem sé 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði á ári, verði einnig varið til eflingar læknakennslunni í Reykjavík (samþ. með 13 atkv. gegn 5).

11. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að stjórnin sjái svo um, að amtmennirnir tafarlaust leggi þá í konungsúrskurði af 23. ágúst 1848 ákvörðuðu peninga, sem sé 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði, til læknakennslunnar í Reykjavík (fallið við 10 tölul.).

12. Viðauka-atkvæði *J. Hjaltalíns* við 11. tölulið:

og að 200 rd. þar af nú þegar árlega megi verja til að kaupa fyrir bækur og læknisverkfæri við læknakennsluna hér í Reykjavík (samþ. með 12 atkv. gegn 8).

13. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:

Að stjórnin veiti árlega 200 rd. til að kaupa fyrir bækur og verkfæri, sem landlæknirinn álitur nauðsynleg til læknakennslunnar (felld með 13 atkv. gegn 4).

14. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* við 4. niðurlagsatriði nefndarinnar (18. tölulið):

Að konungur allramildilegast skipi svo fyrir, að stjórn hans taki sem fyrst til yfirvegunar og úrræða, hvort efnilegum kandidötum, sem útskrifast í læknisfræði hér á landi með fyrstu aðaleinkunn, verði ekki gefin von um að fá 400—

600 rd. ferðastyrk til þess að kynna sér og fullkomnast í praktiskum lækningum við hina meiri spítala erlendis (fellt með 13 atkv. gegn 5).

15. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við sama tölulið:

Að veittir verði annaðhvort ár 400—600 rd., til þess að kandidatestar þeir í læknisfræði með góðum vitnisburði, er hafa lært hér á landi, geti ferðast erlendis, til að kynna sér læknisaðferð á öðrum spítölum (fellt með 9 gegn 5).

16. Breytingaratkvæði *P. Péturssonar* við sama tölulið:

Að konungur allramildlegast gefi fyrirheit um, að útskrifaðir læknaar hér á landi, sem hafa beztu vitnisburði, megi, að minnsta kosti annaðhvort ár, vænta 400-600 rd. styrks til að ferðast erlendis og kynna sér læknisaðferð á útlendum spítölum (samþ. með 12 atkv. gegn 6).

17. Breytingaratkvæði *J. Hjaltalíns* við sama tölulið:

Að í staðinn fyrir »úr einhverjum menntasjóði« komi: »af þeim 4000 rd., sem ætlaðir eru til óvissra útgjalda fyrir Ísland« (fallið við 16 tölul.).

18. *Nefndin*, 4. niðurlagsatriði:

Að veittir verði annaðhvort ár 400—600 rd. úr einhverjum menntasjóði til þess að læknaar þeir, er hafa lært hér á landi, en síðan sýnt sig að dugnaði og árvekni, geti ferðast erlendis til að kynna sér læknisaðferð á útlendum spítölum (fallið við 16. tölul.).

19. Breytingaratkvæði *Br. Jónssonar*: við 5. niðurlagsatriði nefndarinnar (20. tölulið).

Að fyrir orðið: »stjórnarinnar« (á tveimur stöðum í síðara parti greinarinnar) komi: »læknaráðsins« (fellt með 9 atkvæð. gegn 7).

20. *Nefndin*, 5. niðurlagsatriði:

Að það verði gjört að lögum hér á landi, að landlæknirinn og héraðslæknarnir þurfi eigi, eins og hingað til hefir verið, að senda skýrslur sínar, uppástungur og umkvartanir í gegnum amtmennina til stjórnarinnar, heldur gangi öll slík málefni frá héraðslæknum til landlæknisins og frá honum til stjórnarinnar, eins og líka hans eigin skýrslur, uppástungur og umkvartanir gangi beinlínis frá honum sjálfum til stjórnarinnar (samþ. með 19 atkv. gegn 1).

21. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* við 6. niðurlagsatriði nefndarinnar (22. tölul.)

Að þeir embættislausir kandidatar í læknisfræði, sem verða settir (constitueraðir) í óveitt lækna-embætti hér á landi, og veita þeim þannig forstöðu, fái að njóta launa embættisins óskertra (samb. með 12 atkv. gegn 7).

22. *Nefndin*, 6. niðurlagsatriði:

Að þeir, sem settir verða (constitueraðir) í lækna-embættin hér á landi, fái hin fullu laun embætta þessara, á meðan þeir þjóna þessum embættum og þau eru óveitt (fallið við tölul. 21).

23. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (samb. með 18 atkv.).

8. ágúst — tuttugasti og áttundi fundur.

(Kveldfundur).

Atkvæðaskrá

í fiskiveiðamálinu (sjá bls. 279).

1. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að hans hátign skipi stjórn sinni að láta kunngjöra, hafi það ei áður verið gjört, þeim þjóðum sem liggja til fiskjar hér við land, hin íslenzku veiðilög á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ei afsakað rán og gripdeildir, er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vankunnáttu sinni um þetta efni (sambýkt í einu hljóði).

2. Breytingaratkvæði *Jóns Guðmundssonar* við 2. niðurlagsatriði nefndarinnar (4. tölul.):

Að stjórnin taki eindregið og tafarlaust til greina hinn sívaxandi fiskiskipafjölda og þar af leiðandi yfrgang hins frakkneska fiskiveiðafélags og annara frakkneskra fiskiskipa, er sækja árlega hingað undir land, og það óbætánlega tjón, sem þar með er búið Íslendingum, og aðalbjargræðisvegi landsins; og að stjórnin byggi á þessari viðurkenndu og augljósu velferðarnauðsyn Íslendinga eindregnar og viðstöðulausar tilraunir sèr í lagi við stjórn Frakkakeisara og

svo við aðrar þjóðir, er gjöra út skip til fiskiveiða undir Íslandi, til þess að hafa fram við þessar þjóðir, en sèr í lagi við Frakka, sèrstaklega þjóðsamninga, hvar með allir hinir meiri flóar landsins, ef mögulegt væri, t. d. Breiðfjörður og Faxaflói, eigi síður en allir minni flóar og firðir, yrði friðhelgir fyrir öllum fiskiveiðum útlendra manna, en þó einkanlega öll hin ytri og innri fiskimið vor umhverfis landið, þau er landsmenn sækja daglega á, og hafa jafnan sótt síðan land þetta byggðist, til fiskiveiða á opnum bátum smærri og stærri (tekið aptur).

3. Breytingar- og viðauka-atkvæði *Benidikts Þórðarsonar* við sama tölul.:

að eptir orðið »*fiskhelgina*« bætist inn í: »og fiskimið landsmanna á opnum skipum« samþ. með 15 atkv. gegn 1.

4. *Nefndin*, 2 niðurlagsatriði:

Að stjórnin fyrir vora hönd leitist við, að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður þessa lands gjöri það sem nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarrætti, hvað fiskhelgina áhrærir hér undir landi, svo framarlega sem ei þjóðbúið allt og landsfólkið á að biða óbætantlegt tjón (samþ. með 21 atkv.)

5. Viðauka-atkvæði *Jóns Guðmundssonar* við 4. tölul.:

Að stjórnin, á meðan sèrstakir þjóðsamningar um fiskiveiðitakmörk útlendra þjóða undir Íslandi komast ekki á, hlutist til um, að þau takmörk, sem hún treystist til að halda fram samkvæmt almennum og viðurkenndum grundvallarreglum þjóðaréttarins, verði hér alstaðar umhverfis landið fyllilega og örugglega friðuð og varin með herskipum, fyrir áleitni, yfirgangi og ránskap útlendra fiskimanna, frá lokum marzmánaðar til loka ágústmánaðar (fellt með 10 atkv. gegn 7).

6. *Nefndin* 3. niðurlagsatriði:

Að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma hér á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur (samþ. með 19 atkv. gegn 1).

7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samþ. með 21 atkv. gegn 1).

Atkvæðaskrá

í málinu um ránið í eygni Vigur(sjá bls. 288):

1. Breytingar- og viðauka-atkvæði *Jóns Péturssonar* við uppástungu nefndarinnar (5. tölul.):
að eptir orðið: »*presturinn*« bætist inn í: »*og brauðið*« (samþ. með 18 atkv. gegn 2).
2. Breytingaratkvæði *St. Eiríkssonar* við sama tölulið:
Að (fyrir orðið »*fulla*« komi: »*200 rd. til 300 rd.*«, og (tekið aptur) eptir orðin: »*fyrir ránið*« bætist inn í: »*í eyjunni Vigur*« (samþ. með 19 atkv.).
3. Breytingar- og viðauka-atkvæði *Br. Jónssonar* við sama tölul.:
að á eptir orðinu: »*ránið*« sè bætt inn í: »*og allan þar af leiðandi skaða*« (samþ. með 16 atkv. gegn 2).
4. Breytingar- og viðauka-atkvæði *Jóns Guðmundssonar* við sama tölulið:
»Að þingið« o. s. frv. — — »áskorun«, að stiptamtmaðurinn leggi málið með öllum þeim atvikum, skýrslum og upplýsingum sem nú eru fengnar, og með þessari yfirlýsingu alþingis, fyrir sjóforingja Frakka á herskipinu Danaé, og leiti á, hvort hann vilji ekki nú þegar bæta ránskap þenna og skaða þann, sem þar af hlaut, annaðhvort að nokkru eður öllu, eður og gefa heityrði fyrir þeim skaðabótum frá Frakklandi, en að stiptsyfirvöldin að öðrum kosti »mæli fastlega« o. s. frv. — »sem allrafyrst« (tekið aptur).
5. *Nefndin*, niðurlagsatriði:
Að þingið í gegnum forseta sinn vísi málinu til stiptsyfirvaldanna með þeirri áskorun, að þau mæli fastlega fram með því við stjórnina, að presturinn fái fulla uppbót fyrir ránið á hvern þann hátt, sem mögulegt er, og sem allra fyrst (samþ. með 21 atkv.)

Bænarská

til konungs í málinu um Lambhússund á Skipaskaga (sjá bls. 262).

Nú til alþingis komu tvær bænarskrár, önnur frá Borgfirðingum en hin frá Mýramönnum um löggildingu kaupþús á Akranesi í Borgarfjarðarsýslu. Alþingi kaus 3 manna nefnd til að ihuga

þetta mál, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú þegnsamlegast að láta í ljósi álit sitt og tillögur á þessa leið:

Bænarsskráin frá Borgfirðingum er með 228 nöfnum undir, og er þar á meðal nafn sýslumanns, prófasts og flestra presta og hreppstjóra og annara búandi manna í Borgarfjarðarsýslu, og sýnir því bænarsskráin, að það er almennt áhugamál Borgfirðinga, sem bænarsskráin fer fram á, að fá löggilt kauptún á Skipaskaga við Lambhússund á Akranesi. Hin bænarsskráin frá Mýramönnum er með 59 nöfnum undir, er þar og á meðal nafn sýslumanns og prófasts, tveggja presta og hreppstjóra og hitt búandi manna. Þessi bænarsskrá fer fram hinu sama, að fá löggilt kauptún á Akranesi, en þar sem hún nefnir Krossvík fyrir Lambhússund, þá er það einungis fyrir þá sök, að þeim hefir verið það nafn kunnugra frá árunum 1847—1855, er sigling þangað var leyfð, (sjá opið bréf 11. maí 1847, og auglýsingar 17. Maí 1850 og 4. marz 1853), en hafa eigi vitað, að Borgfirðingar hafa í bænarsskrá sinni 1861 og núna 1863 tekið Lambhússundin fram yfir Krossvík, er þeir hafa gjört af því að höfnin er miklu betri og traustari á Lambhússundum en Krossvík, en að öðru leyti stendur það á sama, því á milli þessara staða er eigi meira en svo sem 300 faðma. Til síðasta alþingis kom og bænarsskrá frá Borgfirðingum sama efnis, sem bænarsskrá þeirra núna, nema hvað hún var miklu linari, og með fám nöfnum undir; en þingið bað þá að eins um, að öllum innlendum fastakaupmönnum yrði leyft að verzla þar af skipi. Yðar hátign hefir nú »eigi fundið næga ástæðu til að taka bænaratriði þetta til greina« (sbr. konungl. auglýs. 8. júní 1863 II, 8), af þeim ástæðum, sem til eru færðar við opið bréf 19. janúar 1863 um löggilding þriggja verzlunarstaða á Íslandi, og sem fulltrúi yðar hátignar hefir skýrt þinginu frá. Borgfirðingum hefir nú þótt, svo sem bænarsskrá þeirra sýnir, þingið fylgja málinu linlega að undanfögnu, og eigi gæta nægilega hagsmuna þeirra í samanburði við fastakaupmenn í Reykjavík, og finnst þinginu að það verði eigi varið, að þeir hafi rétt að mæla, þegar gætt er að verzlunarskoðun stjórnarinnar á þessum tímum, og jafnframt að því, að Borgarfjarðarsýsla er hin eina sýsla á landinu, önnur en Dalasýla, þar sem nokkur tiltök eru annars með höfn, er ekkert kauptún hafi, en þarfnast þess þó mjög, því Borgfirðingar eiga næsta örðugt með að sækja markað til Reykjavíkur.

Meðan einkaverzlunin stóð hér á landi, og fram yfir síðustu aldamót, fylgdi stjórn yðar hátignar fram skoðun þeirri, er tíð var á 17. öld og fram á öndverða 18. öld í öðrum löndum, að þína upp fáeinum kaupstöðum, er vöru-aflinn skyldi safnast til. Landinu var skipt upp milli kaupstaða þessara, og kaupmönnum leyft að hafa í seli á útkaupstöðum þeim, er lágu í héraði því, er hverjum kaupstað fylgdi (sbr. tilsk. 17. nóvbr. 1786, og 13. júní 1787). En þessari skoðun sinni og stefnu í verzluninni breytti stjórn yðar hátignar næstum gjörsamlega með opnu bréfi 28. desbr. 1836, með því að útkaupstaðirnir voru þar gjörðir jafnir kaupstöðunum, og skipting landsins í verzlunarhérað féll því niður af sjálfu sér. Síðan hefir stjórn yðar hátignar fram fylgt jafnan betur og betur þeirri skoðun að losa böndin á hinn innlendu verzlun, og því að löggilda þar ný kauptún, sem nauðsyn var til, þótt þingið ætli, að bönd þessi sé eigi enn leyst til hiitar. Á þenna hátt hafa 8 ný kauptún verið löggilt 20 ár hin síðustu, það er að segja Dyrhólmur og Seyðisfjörður með opnu bréfi 14. desbr. 1842, Þórshöfn og Borðeyri með opnu bréfi 23. desbr. 1846, Sauðárkrókur með opnu bréfi 27. maí 1857 og Papafjarðarós, Straumfjörður og Skeljavík með opnu bréfi 19. jan. 1863. Nú eru þessi löggilt kauptún og kaupstaðir á landinu: Reykjavík, Hafnarfjörður og Keflavík í Kjalar-nespingi, Eyrarbakki í Árnessýslu, kaupstaður á Vestmannaeyjum, Dyrhólmur í Vestur-Skaptafellssýslu, Papafjarðarós í Austur-Skaptafellssýslu, Berufjörður og Eskjufjörður í Suður-Múlasýslu, Seyðisfjörður og Vopnafjörður í Norður-Múlasýslu, Þórshöfn og Raufarhöfn í Norður-Þingeyjarsýslu, Húsavík í Suður-Þingeyjarsýslu, Akureyri og Siglufjörður í Eyjafjarðarsýslu, Hofsóss (og Grafarós) Sauðárkrókur í Skagafjarðarsýslu, Höfðakaupstaður (og Hólanes) í Húnavatnssýslu, Borðeyri, Skeljavík og Reykjarfjörður í Strandasýslu, Ísafjörður, Öfundarfjörður og Dýrafjörður í Ísafjarðarsýslu, Bíldudalur, Patreksfjörður og Fíatey í Barðastrandarsýslu, Stykkishólmur, Grundarfjörður, Ólafsvík og Búðir í Snæfellsnessýslu, og Straumfjörður í Mýrasýslu eður 33 kauptún og kaupstaðir á öllu landinu. Menn sjá nú af þessu, að í hverri sýslu er 1, 2 eða 3 kaupstaðir nema í Rangárvallasýslu, en þar er engin höfn til, í Dalasýslu, en sú sýsla er mjög lítil, og þaðan er eigi löng leið til Stykkishólms, og til annara kauptúna og í Borgarfjarðarsýslu, þótt þaðan sé mjög langur og næsta örðugur landvegur til Reykjavíkur, og eins þótt sjóveg sé farið.

Hér á landi er þörf á mörgum kaupstöðum, af því að vegirnir, ef vegi skyldi kalla, eru víða hvar að eins færir um hásumarið og það einungis fyrir hesta, en á hestum er ómögulegt að flytja þunga og fyrirferðarmikla vöru, svo sem kol og salt að nokkrum mun, stórt timbur, ýmsan húsbúnað o. s. frv. Menn hafa nú sagt, og þar á meðal fulltrúi yðar hátignar, að flutningsleyfi fastakaupmanna eptir opnu bréfi 19. maí 1854 bæti fyllilega úr þessu; en því fer fjarri, því það er hvort-tveggja, að kaupmenn flytja vörur á fáa staði, og svo flytja þeir eigi nægilegt af allri þeirri vöru, er landsmenn þurfa, sem auðsætt er, þá gætt er að lagaboðinu, svo koma þeir eigi á þessa staði nema um hásumarið, og landsmenn þurfa þó optar að fara í kaupstað en um þann tíma; það er og enn, að þeir koma eigi að staðaldri eður ár hvert, heldur endrum og sinnum eptir eigin vild sinni, svo landsmenn geta eigi reitt sig á komu þeirra, og fara því í kaupstaðinn og binda kaup sín þar við einhvern þann kaupmann, sem eigi sendir skipið, og geta því eigi haft gagn af því, þótt annar kaupmaður sendi. Þess er og enn að gæta, líkt og síðasta alþingi leyfði sér að benda til (sjá alp.tíð. 1861, 1359. bls. og viðar), að kaupmenn munu selja aðra vöru á þessum sendiferðum sínum, en þeim er leyft í opnu bréfi 19. maí 1854, þótt lítið á beri; en slíkt launpukur verður þingið að álíta engan veginn æskilegt, og því liggja nær að löggilda heldur kauptún þar sem slíkt á sér einkum stað, svo verzlunin fari fram í fullu lagaleyfi. Svo er og í annan stað þörf á mörgum kaupstöðum af þeirri ástæðu, að sveita-verzlun öll á útlendum varningi er harðlega bönnuð að lögum, því gæti kaupmenn lagt vöru sína á land hér og hvar hjá mönnum, er hefði kaupskaparleyfi, þá væri allt öðru máli að gegna; en þess mun langt að biða, að landsmenn vilji breyta lögnum í þá stefnu, því næsta margir eru svo hræddir við óþarfakaupin, að þeir enda álíta kaupstaðina þeim til niðurdreps, er næstir þeim búa, hvað þá heldur, ef hugsað væri til að koma á fót sveita-verzlun, er þeir kalla sínu gamla nafni »landprang».

Nú er lítið er til Borgarfjarðarsýslu sérstaklega, þá verður þingið að álíta, að hin brýnasta nauðsyn sé til, að sú sýsla eignist kauptún sér, með því að öll skilyrði eru þar til staðar, er mæla fram með löggiltu kauptúni. Það er þá fyrst, að hægast er fyrir alla Borgfirðinga að sækja kaupstefnu niður á Akranes, þegar Brákarpolli sleppir, því vegurinn ofan á Akranes er mjög góður, og engin torfæra á leiðinni, því torfæra verður það eigi kölluð,

að biða þarf eptir sjávarföllum á Leirunum, og enginn fjallvegur er á þeirri leið, ef farið er fyrir utan Hafnarfjall. Mýramenn ofan Norðurár eiga líka miklu hægra að sækja út á Akranes, en niður á Straumfjörð, eins og segir í bænarskrá þeirra, með því að hægra er að komast yfir Hvítá, af því að hún er ferjuvatn gott, heldur en yfir Norðurá og Langá í Mýrasýslu ofan á Straumfjörð, sem eru vonzku vötn yfirferðar og illt eður ófært að koma ferjum við, og öll leiðin ofan á Straumfjörð er næsta mýrlend og torsótt fyrir efra hluta Mýrasýslu. En aptur er landvegurinn úr Borgarfirði suður í Reykjavík mjög langur, fullar 3 þingmannaleiðir ofan úr Reykholtssdal, ef Okvegurinn er farinn, og að eins lítið eitt styttri, ef farið er suður hálsa og fyrir innan Hvalfjörð; en sá vegur er mjög fjöllóttur og torfær. Botnsheiði og Svinaskarð, sem eru á þessari leið, sem beinast liggur við fyrir uppsveitamenn, eru einhverir með þeim verri og erfiðustu fjallvegum á landi hér, og fjallvegir þessir verða næstum aldrei farnir nema um hásumarið, og allur þessi vegur er einhver hinn mesti óvegur hér á landi, þar til kemur suður í Mosfellssveit, og er því eigi farinn nema þegar öðru verður eigi við komið. Nú í sumar t. a. m. voru þessir fjallvegir ófærir fyrir lausriðandi mann í byrjun júlímánaðar, hvað þá heldur fyrir áburð. Hinn þriðji vegurinn úr Borgarfirði suður í Reykjavík liggur út á Akranes, og þaðan verða menn þá að fara sjóveg suður; er $3\frac{1}{2}$ vika sjávar úr Skipaskaga suður í Reykjavík, en eigi $2\frac{1}{2}$ eins og sumir ókunnugir menn hafa sagt, sem bezt verður sæð á uppdrætti Íslands. Ef þessi leið er farin, sem flestir Borgfirðingar verða að gjöra, þá hljóta þeir að kaupa sèr á Akranesi hagbeit og stundum hey handa hestum sínum, meðan þeir fara suður í Reykjavík, leigja sèr bát og menn þangað og biða byrjar, ef til vill, bæði á Akranesi og aptur í Reykjavík. Ofan á allan þenna kostnað og tíma-spilli, sem ætíð er leiðinlegur og skaðlegur og stundum enda óbætanlegur, bætist nú optlega stór skaði, er menn fá hrakning á leiðinni, og sjór gengur inn í bátinn, svo öll matvara, kaffi, sikur, salt o. s. frv. skemmist mjög eður ónýtist. Menn verða að gæta að því sem er, að eigi eru annað en smábátar hafðir til þessara ferða, því eigi er annað til. Af 133 bátum, sem Akurnesingar áttu árið 1861, voru einir 27 stærri en tveggja manna för, og af þessum 27 að eins eitt skip stærra en sexróið, og þetta eina skip fórst nú í vetur með póstinum, sem kunnugt er, og með því allmiklar kaupstaðarvörur Mýramanna og Borgfirðinga, og menn er þeir sendu með vöruna

suður í Reykjavík. Bátur fórst líka í vor með fjórum mönnum á, er kom úr kaupferð sunnan úr Reykjavík upp á Akranes. Svo er það enn, að á Akranesi er fiskiver eitt hið bezta kringum allan Faxaflóa og því kringum land allt; þangað sækja mjög margir vermenn á vetrum og vorum, og í sjálfri Garðasókn er um 700 manns. Nú er það kunnugt, að fiskimenn sækja í kaupstaðinn jafnóðum salt í fiskinn og þeir afla hann; því bæði er það, að enginn getur vitað fyrir fram, hversu mikið hann muni afla, og því eigi, hversu mikið salt hann þarf, og svo hefir almenningur ekki föng á að geyma saltið lengi án þess það renni, og geta því eigi byrgt sig af því fyrir fram; fer þá svo, að þeir verða að taka beztu daga úr róðri til að sækja saltið suður í Reykjavík, því eigi verður það slutt á svo litlum bátum jafnlangan sjóveg nema í logni eður mjög lygnu, og má geta nærri, hvílikur skaði það er í góðfiski, þegar menn fá opt 3—4 rd. hlut, að missa heilan dag að minnsta kosti, enda sögðu Akurnesingar sjálfir í vor, í fyrsta sinn er kaupmaður hëðan flutti saltfarm upp eptir, að sèr hefði verið meiri hagr að fá sættið slutt heim til sín, en þó þeir hefði fengið það gefins í Reykjavík og verða að sækja það þangað. Til þess nú að sýna enn ljósar, hve mikinn fiskafli Akurnesingar hafa, er bezt að bera saman útveg þeirra við útveg hreppanna í kring. Eptir búnaðarskýrslunum 1861 voru að eins 79 stærri og minni bátar í allri Mýra og Hnappadalssýslu, en í Akraneshrepp einum 133, sem þegar er sagt, í Seltjarnarneshrepp 89, í Reykjavíkurbæ 141, og í Álptaneshrepp 146. En það er næsta eptirtektavert, að þótt eigi sè nema steinsnar af Álptanesi inn í Hafnarfjörð og litlu lengra inn í Reykjavík, þá hafa þó Reykjavíkurkaupmenn byggt salthús á Álptanesi, eins og þeir hafa víðar gjört suður með sjó, en aldrei upp á Akranesi; þetta kemur að ætlun þingsins einungis af því, að kaupmenn í Reykjavík hafa suður frá haft að keppa við kaupmenn í Hafnarfirði og Keflavík, en við enga í Borgarfjarðarsýslu, og hafa því getað neytt Borgfirðinga til að sækja suður í Reykjavík salt og annað, sem kaupmenn hafa til sölu eður útbýtingar í salthúsum sínum, svo sem brauð, kaffi og sikur, þótt lítið á beri. Þinginu er eigi ókunnugt um, að kaupmenn hafa reist salthús hingað og þangað suður með sjó, einkum á Vatnsleysuströnd, þar sem vermenn liggja við og kaupa þar nauðsynjar sínar. Þetta er haganlegt fyrir sjómenn, því þannig hafa þeir eins konar kaupstað hjá sèr; en hitt getur eigi dulizt þinginu, að þegar kaupmenn sjálfir að fyrra bragði ganga svona langt í verzlun sinni öðru

megin við Faxaflóa, þá geti þeir eigi með neinni sanngirni haft á mdti því, að landsmenn biðji um kauptún hinu megin við flóann. Enn skal því við bætt, að Englendingur hefir reist nú í sumar hús á Akranesi til að sjóða þar niður ísu; af þessu geta landsmenn haft mikinn hagnað, einkum ef það er gjört í fullu lagaleyfi, og því verður þingið að álíta ísusuðuna á Akranesi enn eina ástæðu til að löggilda þar kauptún.

Um höfnina á Lambhússundum er þess að geta eptir flestra manna sögn, að hún er alveg lokuð tveim megin af háum rifum eður skergörðum, er liggja skáhalt í sjó út, eptir hær um bil 35^o horni, en þar sem rifin enda, er sker á miðju sundinu, er tekur úr allan sjó; eru því tvær leiðir inn á sunðið beggja megin við skerið milli þess og rifsandanna, svo höfnin má heita alveg lokuð. Innsiglingin er góð í öllum áttum nema iandnyrðingi, og þá er að leggja skipinu inn á Krossvík, sem er að vísu opin höfn, en er í hlè fyrir norðanvindi. Leiðin er djúp og brein inn beggja megin með skerinu. Botninn er leirkenndur utan til, en sandur innar. Nærri landi er að vísu grunnt með fjöru, en skip hafa þó legið þar óhult, með því þeim grandar hvorki sjór nè botn, og nokkru utar er pollur fulldjúpur fyrir hvert vanalegt skip, en þó eigi stærri en fyrir tvö skip. Höfnin má því heita óhult og trygg, því skip getur eigi brotnað, þó í land ræki.

Af því, sem nú hefir sagt verið, ætlar þingið ljóst, að það sè nauðsynlegt, gagnlegt, réttvíst og samkvæmt verzlunarskoðun þeirri, er stjórn yðar hátignar og landsmenn hafa fylgt nú á tímum, að löggilt sè kauptún á Akranesi. En nú hafa menn komið fram á þinginu með þá mótbáru, eður réttara sagt, þá viðbáru, að *ísjár-vert* sè að löggilda kauptún svona nálægt Reykjavík. Ef þessi viðbára hefir við nokkuð að styðjast, það er að skilja, að hún sè meir en eintómur ótti, þá er það við það, að verzlun Reykjavíkur sè óeðlilega mikil (kunstig), og að hún sè það einmitt Borgfirðingum til skaða. Ef nú svo er, þá er það hin bezta sönnun fyrir því, að löggilda skuli kauptún á Akranesi, því auðsætt má virðast, að hagur eða réttara sagt ímyndaður hagur Reykjavíkurbæjar á eigi að sitja í fyrirrúmi fyrir ómótmælanlegum hagsmunum hálftrar annarar sýslu í landinu, og þeim aðaltilgangi verzlunarinnar að auka vöru-aflann og bæta verðlagið, með því að gjöra mönnum sem hægast fyrir að sækja markaðinn með sem minnstum tilkostnaði og tímaspilli. Stjórn yðar hátignar hefir sýnt, að hún hefir

eigi haldið fast við þá reglu þegar á tímum einkaverzlunarinnar, hvað þá heldur nú, að efla kaupstaðina með öllu móti. Grundarfjörður er nú lagztur niður, þó hann áður væri einn af þeim 6 aðalkaupstöðum, og margir aðrir útkaupstaðir hafa eyðst, svo sem Grindavík, Bäsendar, Riflð, Kumbaravogur, og Önundarfjörður. Eins er eigi enn farið að hafa fasta verzlun á mörgum þeim stöðum, sem löggiltir hafa verið. Af þessu hvorutveggja má draga þá ályktun, að reglan sè, að löggilda kauptún, þar sem nauðsynlegt er, hvort svo sem fastir kaupstaðir komast þar þegar á fót eður eigi, og hvort sem hinir föstu kaupstaðir biða þar af nokkurt tjón eður eigi. En til þess þó að hliðra svo mikið til við Reykjavík, sem unnt er, án þess að bera rétt Borgfirðinga fyrir borð í þessu efni, hefir þinginu þótt réttast að koma fram með þá vara-uppástungu, að einungis innlendir eður búsettir fastakaupmenn fái leyfi til verzlunar á Akranesi, því Reykjavíkurkaupmönnnum er þá hægurinn hjá, að nota þetta leyfi fremur öllum öðrum fastakaupmönnnum á landinu, og með þessu er hið fyrsta stig stigið til að efla innlenda verzlun með því að hlynna að búsettum kaupmönnnum meir en útlendum kaupmönnnum og lausakaupmönnnum, er þingið hlýtur að álíta rétta og nauðsynlega verzlunarstefnu.

Af ástæðum þessum verður alþingi (með 18 atkvæðum gegn 3) þegnsamlega að biðja:

1. (með 15 atkv. gegn 5) að hans hátign allramildilegast vildi löggilda kauptún við Lambhússund á Skipaskaga í Borgarfjarðarsýslu.
2. og til vara (með 18 atkvæðum gegn 3): Að kauptún þetta verði löggilt þannig, að einungis öllum búsettum fastakaupmönnnum á Íslandi sè leyft að reisa þar sölubúð og hafa þar verzlun með þeim rétti og skilmálum, er segir í opnu bréfi 28. desbr. 1836.

Reykjavík, 1. d. ágúst. 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. Arnljótur Ólafsson.

10. ág. — tuttugasti og níundi fundur.

Nefndarálit

í málinu um ekkju-eptirlaun frú E. Thorstensen.

Til alþingis hefir komið bænarskrá frá ekkju landlæknis Jóns Thorstensen um viðbót við ekkjueptirlaun hennar, og vorum vér undirskrifaðir kosnir í nefnd um það. Höfum vér nú og ihugað málið, og leyfum oss því, að bera svofellt álit vort um það fram fyrir þingið.

Það er alkunnugt, að Jón sálugi Thorstensen var landlæknir hér í landi í 36 ár, frá því 1819 og þangað til hann deyði um sumarið 1855, og þjónaði hann ávalt þessu örðuga embætti með hinum stakasta dugnaði, svo sem til hefir verið tekið og lengi mun í minnum haft. Hvenær sem kallað var, hvort sem það var svo heldur um dag eða nótt, hvort sem það svo heldur var til fátækra eða ríkra, þá var hann æfinlega reiðubúinn, og mikill er enn fjöldi þeirra manna, sem eiga honum að þakka bæði líf og heilsu. Hann stóð í stuttu máli svo vel í embættisstöðu sinni til dauðadags, og gjörði svo að öllu skyldu sína fram í sjálft andlátið, að land þetta mætti með sönnu hrósa happi, ef það ætti marga slíka. Og þó átti hann að mestu við örðugan kost að búa, því launin voru harla lítil, ekki nema 600 rd. 13 fyrstu árin, auk 50 rda. sem húsaleigustyrks, en síðan voru þau aukin til 900 rda., svo að launin voru alls með húsaleigustyrknum, þegar þau voru sem mest 1050 rd. Það er nú auðsætt, að þetta voru langt of lítil laun fyrir svo erfiðan starfa, sem landlæknisembættið er, og stjórnin hefir líka viðurkennt þetta með því nýlega að bæta þau töluvert, um leið og bætt hefir verið við laun annara embættismanna hér á landi, er laun sín fá úr ríkissjóði; en eptir hinum eldri launum landlæknisins eru þó enn, sem eðlilegt er, reiknuð ekkjueptirlaun ekkju Jóns heitins Thorstensen, og verða þau því að öllu samtöldu ekki meir en 280 rd. um árið, þar sem þó nú má gjöra ráð fyrir, að ekkja landlæknisins, eptir launaviðbótina, muni geta fengið hér um bil 500 rd. og er það miklu viðurkvæmilegra.

Nefndin fær því ei annað sæð, en að bæn frú El. Thorstensen um 200 rd. viðbót sé á mikilli sanngirni byggð, og það því fremur, sem hún verður að telja það mjög svo maklegt í alla staði, að þingið, með því að mæla fram með bænarskrá hennar við stjórnina,

láti í ljósi það álit sitt, og vèr höldum óhætt að segja allra landsmanna, sem til hans þekktu, að hinn mikli verkmaður Jón Thorstensen hafi ei um æfi sína fengið þau laun fyrir starfa sinn sem hann var svo fullkomlega verður. Að bæta nú á þenna hátt eptirlaun ekkju hans, væri að eins að vera réttlátur við hinn dána; þó vèr vitum að þessu verði ei komið í kring nema með því, að sèrstakleg lög um þetta efni verði lögð fyrir hið danska ríkisþing, þá sjáum vèr ei, að það geti orðið til nokkurrar fyrirstöðu, og það því síður, sem þessi ekkja er hin einasta í líku ástandi hér í landi, svo að ei þyrfti að óttast margfaldar afleiðingar af því, þótt þetta væri veitt. Ekkert er almennara í Danmörku, en að sèrstakleg lög hafi verið gjörð um ríflægri eptirlaun handa ekkjum þeirra manna, sem maklegir hafa þótt til þess, og vèr efumst ei um, að ríkisþingið danska muni taka alþingi trúanlegt, þegar það nú einu sinni veitir ekkju mikilsverðs manns meðmæli sín í líka stefnu.

Af þessum ástæðum verður nefndin því að ráða hinu heiðraða þingi til að biðja hans hátign, konug vorn

að hann allramildilegast vildi skipa viðkomandi ráðgjafa sínum, að gjöra þær ráðstafanir, að bænarskrá frá El. Thorsteinsen um 200 rd. árlega viðbót við ekkju-eptirlaun hennar að minnsta kosti mætti verða framgengt.

Reykjavík 7. ágúst 1863.

Gísli Brynjúlfsson, H. G. Thordersen, J. Hjaltalín.
framsögumaður. formaður.

Nefndarálit

í málinu um launabót Jóns skólakennara Þorkelssonar.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til að íhuga bænarskrá, sem komin er til þingsins frá *Jóni Þorkelssyni*, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, þess innihalds, að þingið mæli fram með því við hans hátign konunginn, að laun sín verð þannig bætt, að hann fái 1000 rda árleg laun, og hefir skólakennarinn látið þessari sinni bænarskrá fylgja meðmælingarbréf á dönsku og íslenzku frá skólameistararum við lærða skólann.

Vèr nefndarmenn leyfum oss nú að skýra hinu heiðraða þingi frá áliti voru um þetta mál.

Beiðandinn sjálfur hefir í bónarbræfi sínu tekið fram það helzta

er styrkir málstað hans, sem sè sanngirniskröfu þá, sem nefndinni einnig virðist að hann hafi til þess, að fá kjör sín bætt, samkvæmt stöðu hans, skoðaðri út af fyrir sig, og sömuleiðis hitt, að honum ef til vill hefir orðið nokkuð örðugt uppdráttar við lærða skólann í Reykjavík að minnsta kosti eptir því sem bæði sjálfur hann og margir aðrir með honum munu hafa skilið tilskipunina 2. febr. 1849.

Hvað sanngirnis-kröfu þá snertir, er vèr verðum að álita, að skólakennarinn *Jón Þorkelsson* hafi fyrir sig að bera, þá vonum vèr að hið heiðraða þing viðurkenni, að stjórnin sjálf hafi játað henni óbeinlínis með því að bæta laun íslenzkra embættismanna yfirhöfuð og sèr í lagi skólakennaranna, því það er auðsætt, að beiðandinn ekki síður enn hver annar embættismaður landsins þarf að geta lifað nokkurn veginn stöðu sinni samboðið, ef hann á að geta unað við hana og gegnt henni rækilega; en enginn getur á hinn bóginn neitað því, að 500 rd. sem skólakennarinn nú hefir um árið, sèu mikils til oflít til laun fyrir embættismann til að geta lifað í Reykjavík og einkum ef hann á að geta helgað allan tíma sinn embætti sínu. Það er einnig kunnugt og almennt viðurkennt, einnig í löggjöf Dana, að málfræðingar sèu þeir vísindamenn, er lærðir skólar eigi megi án vera, og hefir þeim því til uppörfunar til þess að leggja sig eptir þeirri þekkingu verið gefið fyrirheitið í tilsk. 2. febr. 1849, sem líka er svo eðlilegt, þar sem annars enginn lífsvegur væri þeim opinn, ef að þeir eigi hefðu sèrstaklegan aðgang til, skólakennara embætta hinna æðri og fáir annars mundu leggja stund á málfræði, og styður þessi ástæða málstað beiðanda þeim mun meir, sem hér á landi einungis er um einn lærðan skóla að tala, og þar sem beiðandinn nú þrátt fyrir það, að hann auk hins munnlega prófs með bezta vitnisburði, einnig virðist að hafa fullnægt kröfum laganna um hið verklega próf, með því að hann í mörg ár hefir staðið ágætlega í stöðu sinni sem kennari við lærða skólann, en hann þó sökum kringumstæðanna ekki hefir getað komizt að öðru embætti við hann enn lægsta undirkennara-embættinu, þá virðist sem hér sè hin sterkasta sanngirnis-krafa og réttlætis-krafa til að bæta laun hans svo, að hann þó þar með fái viðunanleg kjör. Hjer við bætist enn fremur, að allar ástæður eru til þess, að maður þessi, eins og hann sjálfur segir, mäske neyðist til algjörlega að víkja frá skóla landsins, verði kostir hans ekki bættir, og vonum vèr að allir játi það skaða, því eins og skólameistari Bjarni Johnson hefir gefið honum hinn ágætasta vitnisburð sem

kennara, eins er hitt alkunnugt, að maður þessi bæði er mikill vísindamaður yfirhöfuð og það afbragð málfræðinga í íslenskri tungu að leit mun á hans jafningja, og ætti því sízt að ætla oss Íslendingum að vilja flæma frá oss slíka menn sem halda svo vel í heiðri þessari höfuðprýði vorri.

Af þessum ástæðum leyfir nefndin sér því að ráða hinu heiðraða þingi til þess að senda vorum allramildasta konungi þegnsamlega bænarskrá um,

að Jóni skólakennara við lærða skólann í Reykjavík þorkelsyni verði veitt launabót úr ríkissjóði er nemi svo miklu, að laun hans verði að minnsta kosti 1000 rd. að upphæð.

Reykjavík 6. ágúst 1863.

B. Sveinsson,
(framsögumaður).

H. G. Thordersen,
(formaður).

G. Brynjúlfsson,
skrifari.

10. ágúst — Þrítugasti fundur.

(kveldfundur).

Nefndarálit

í málinu konunglegt frumvarp um sáttanefndir.

Hið heiðraða þing kaus oss í nefnd til að íhuga og segja álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um sáttatíðraun m. m. í málum, er risa út af deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi. Vær höfum nú rætt málefni þetta með oss, og skulum nú segja þinginu frá álitinu voru um það, og er það á þessa leið:

Eins og segir í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar, er það eptir því, sem tilhagar hér á landi mjög torvelt og kostnaðarsamt að leita réttar síns við dómstólana í hjúamálum, er optast nema litlu verði einkum í þeim sveitum, er liggja langt frá bústað sýslumanna, með því borgunin fyrir ferðalög sýslumanns, þingvitnaleiðslur og önnur umsvif nema því nær sem ætíð langtum meiru, heldur en það, sem þrætan getur verið um, og er það fyllilega satt, sem í frumvarpinu stendur enn fremur, að af þessu leiði, að *hlutaðeigendum, einkum fátækum hjúum í raun og veru er afskorinn aðgangur til að ná rétti sínum.* Það er líka óneitanlegur sannleiki, sem þar einnig er tekinn fram, að hjúamál seu og þess eðlis, að þau krefji fljót og greið úrslit, ef lögin eigi að ná fullri þýðingu, en slíkt geti

eigi átt sér stað hér á landi, ef málunum skuli framfylgja við hina vanalegu dómstóla, sökum þess, sem nú var sagt, hversu örðugt sé að ná til sýslumanns, sem þar að auki geti af öðrum embættisönnum verið hindraður frá að snúast við slíkum málum svo fljótt, sem þörf krefji.

Einmitt þessar ástæður, sem nú var getið, og nefndar eru í hinu konunglega frumvarpi, voru það og, sem komu nefnd þeirri er árið 1855 var sett hér í Reykjavík, til að semja meðal annars frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir landið, til að stinga upp á því, að í hverjum hreppi væru settar nefndir er sem optast á fljótan og því nær kostnaðlausan hátt, en þó með nægri tryggingu fyrir hlutaðeigendur gæti skorið úr hjúamálum, er þau kæmu fyrir, og samdi því nefndin ítarlegar ákvarðanir um þessar hjúanefndir, er finnast í 40—51. gr. frumvarps hennar til vinnuhjúalaga hér á landi.

Og loksins var það og almennt og eindregið álit alþingis 1861, að fulla nauðsyn bæri til þess, að hjúamál hér á landi gæti á greiðari og kostnaðarminni hátt útkljázt, en mögulegt væri með því núverandi skipulagi; því þó sú raun hafi á orðið nú um stundir, að mál milli húsbænda og hjúa hafi sjaldan komið fyrir, þá hafi þetta að miklu leyti komið til af því, hversu nú væri örðugt og kostnaðsamt að framfylgja málunum, en engan veginn af hinu, að ekki hafi verið nóg miskliðarefni, og að því síður mætti gjöra ráð fyrir þessu framvegis, þegar hin nýju hjúalög væru búin að fá gildi, með því meðvitundin um skyldur og réttindi húsbænda og hjúa þá hlyti að verða skýrari, en sökum þess, að þingið þá eigi hafði tíma til að rannsaka sjálft ítarlega þann hluta af vinnuhjúalögum Reykjavíkurnefndarinnar, er laut að þeim umgetnu hjúanefndum, það það, að lagt mætti verða fyrir þetta þing frumvarp til tilskipunar um þær, byggt á grundvallarreglum Reykjavíkurnefndarinnar.

Stjórnin hefir nú viljað láta að þessari eindregnu bæn þingsins, og álituð sér skylt að ráða bót á vankvæðum þessum, og í því skyni látið leggja fram fyrir þingið frumvarp það, er hér ræðir um.

Þegar menn þá þessu næst gæta að því, hvort ráð Reykjavíkurnefndin tók, til þess menn á skjótan og kostnaðarlítinn hátt, en þó nokkurn veginn tryggjandi gæti náð rétti sínum í hjúamálum, þá sést það ljóslega, að hún hefir hugsað sér helzt tvo vegu til þess, annan þann, að gjörðarmenn útkljáðu mál þessi algjörlega,

en hinn þann, að menn heima í hreppunum skyldu dæma um, hvernig málavextir væri, svo sýslumaðurinn sem optast síðan eigi þyrfti annað, en heima hjá sér, og þess vegna því nær kostnaðarlaust fyrir partana, skera úr því, hvað lög væri og í þessu skyni stakk hún upp á, að 3 manna nefndir væri settar í hverjum hreppi, eins og að framan er getið, er skyldi hafa starfa þenna á hendi, en þó fyrst reyna sátt í málunum. Stjórnarfrumvarpið hefir nú haldið þessum 3 manna nefndum, og að þær skyldu reyna sættir í hjúamálum, er þannig skyldu takast undan hinum almennu sáttanefndum. Eins hefir það aðhyllzt þá hugmynd Reykjavíkurnefndarinnar, að æskilegt væri, að slík mál sem þessi, yrði útkljáð af gjörðarmönnum, en þar á móti hefir stjórnin ómögulega getað felld sig við þá skoðun Reykjavíkurnefndarinnar, að það væri æskilegt, að nefndir þessar fengi vald til að dæma um málavöxtu. Eftir stjórnarfrumvarpinu eiga því hjúamál þau, er það nær til, fyrst að ganga fyrir sáttanefnd, þó ekki hinar vanalegu, heldur sérstakar sáttanefndir, og komist þar eigi sátt á, nè partarnir geti komið sér saman um, að leggja mál sín í gjörð nefndarinnar, þá fyrir sýslumann, og svo koll af kolli, unz menn komast ekki lengra.

Þegar menn nú þannig eptir frumvarpi stjórnarinnar taka frá þessum hjúanefndum þann aðalstarfa, er Reykjavíkurnefndin hafði ætlað þeim, sum sé að dæma um málavöxtu, verður starfi þeirra svo lítill eptir, að óþarfi virðist með öllu, að stofnsetja nýjar nefndir að eins til að reyna sættir í hjúamálum, því þó nefndum þessum líka eptir stjórnarfrumvarpinu eigi að fela á hendur, að semja gjörð í málum þessum, ef partarnir óska þess, þá mun þvílíkt mjög sjaldan fyrir koma, að þeir báðir verði á það sáttir, og líka munu hinar vanalegu sáttanefndir eigi skorast undan því, ef partarnir skyldu óska þess af þeim. Vær fáum þannig eigi sæð, að nokkuð verulegt sé unnið við það, þó frumvarp stjórnarinnar kæmi út sem lög, eður að það á nokkurn verulegan hátt geti bætt úr því, að hlutaðeigendur, einkum fátæk hjú, geti náð rétti sínum, og að þeim ekki eins fyrir því verði afskorinn aðgangur til að ná honum, meðan þó hlutaðeigendur eptir frumvarpinu eiga að sækja allan rétt sinn til dómstólanna, og með því það þar að auki þó óneitanlega er örðugt, að fá í hverjum hreppi stofnsetta nefnd þriggja valinkunnra manna, við hliðina á hinum vanalegu sáttanefndum, verðum vér að álita, að þessar nefndir, sem stjórnarfrumvarpið fer fram á, að stofnaðar verði, séu miður æskilegar, úr því þær ekki eiga að fá meira vald,

en þeim er þar ætlað. Þar á móti verðum vèr að halda þeirri skoðun fastri, sem Reykjavíkurnefndin hafði, og stjórnin virðist að hafi aðhyllzt eins og vèr fyrr gátum, að mjög æskilegt væri og vel til fallið, að hjúamál mætti verða útkljáð af gjörðarmönnum.

Þegar menn og gæta að stöðu þeirri, sem húsbændur og hjú standa í hvor til annars, þá hafa húsbændur að gæta svo *margra siðferðislegra skyldna, er lög eigi ná til, gegn hjúinu og hjúid aptur gegn húsbóndanum, að sambúð þeirra er mest undir því komin, hvernig hvort um sig uppfyllir þessar skyldur sínar*. Æðra réttlæti virðist því heimta, að litilfjörlegar réttarþrætur, er geta risið út af sambúðinni, sèu eigi strangt dæmdar eptir *almennum reglum*, heldur að viðhöfð sè *öll sanngirni og nærgætni*, er menn eiga að dæma um þær, en þessu verður eigi við komið, nema með því að skoða sambúðina yfirhöfuð, og í hverju sambandi réttarþrætur þessar standa í við hana. Til þess því að geta á réttan og sanngjarnan hátt útkljáð þessar þrætur, ætti engan veginn að þurfa mikil lagaþekking, heldur miklu fremur kunnugleiki um ástand húsbóndans og hjúsins í sambandi við næma tilfinningu fyrir réttu og röngu. Afgreiðsla þessara mála virðist því langtum betur komin í höndum vandaðra og skynsamra gjörðarmanna, en reglulegra dómenda, er í dómum sínum hvorki mega líta til hægri nè vinstri, heldur fara að eins eptir lögunum og því sem sannast, þar sem gjörðarmennirnir mega hafa tillit til allrar sanngirni og þess, sem þeim sjálfum er kunnugt. Þegar nú hér við bætist það, er fyrr var sagt og almennt er viðurkennt, að eptir því, sem hér á landi víðast hagar til, *er hlutaðeigendum, einkum fátækum hjúum, í raun og veru afskorinn aðgangur til að ná rétti sínum, ef þeir eiga að sækja hann fyrir dómstólana*, verður nefndin ekkert augnablik að efast um, að það eina rétta og tiltækilega sè að taka öll hjúamál hér á landi frá hinum almennu dómstólum, og leggja þau undir gjörðarmenn. Af öllum fyrrtæðum ástæðum getur nefndin ómögulega fallizt á hið konunglega frumvarp, og verður því að ráða þinginu til að beiðast þess þegnlega, að það eigi verði gjört að lögum. Í þess stað hefir nefndin leyft sèr að búa til nýtt frumvarp til tilskipunar um meðferð hjúamála á Íslandi, byggt á þeirri skoðun, sem lýsir sèr bæði í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar og eins stjórnarinnar, að æskilegt væri að hjúamál gætu afgjörzt við gjörðarmenn, nema hvað vèr höfum álitid nauðsynlegt, að framfylgja

gjörðarvaldinu lengra, en þar er gjört. Frumvarp þetta með helztu ástæðum fyrir hinum einstöku greinum þess, er þannig hljóðandi :

Frumvarp

til tilskipunar um meðferð hjúamála á Íslandi.

1. gr.

Öll hjúamál skal fyrst leggja til sáttanefndar, en komist eigi sátt á, skal málinu vísað í gjörð. Þeir skulu vera gjörðarmenn, hinn efri sáttamaður í þeirri sveit og tveir aðrir innanhreppsmenn; kys kærandi annan, en kærður hinn, og skulu þeir kosið hafa áður málið er lagt í gjörð. Nú vill annar eigi kjósa eða hvorugur, og kys þá hinn efri sáttamaður fyrir þann, er eigi vill kosið hafa. Efri sáttamaður ákveður þegar, hvar og hvenær gjörðarfundur skuli haldinn, er eigi skal síðar vera en að 14 náttu fresti þar frá. Það ritar hann á kæruskjalið, og skal hann þá jafnframt kveðja þar gjörðarmenn til fundarins með 7 náttu fresti. Kæruskjalið fær hann síðan kæranda, er annast um lögbirtingu þess fyrir gjörðarmönnum.

2. gr.

Oddviti gjörðarmanna er hinn efri sáttamaður. Hann stýrir fundum og bókar það er fram fer; skal til þess höfð sáttabókin. Kærandi og hinn kærði skulu til fundarins koma með öll gögn sín og vitni; skal oddviti þar spyrja vitnin og taka eið af þeim, ef þörf gjörist; síðan skulu gjörðarmenn, áður en fundi er slitið, kveða upp gjörðina og tilgreina ástæður. Gjörðina rita þeir þegar með ástæðum í sáttabókina og nöfn sín undir; hefir hún sama gildi og fullnaðardómur.

3. gr.

Gjörðarmenn skulu hafa 6 álnir fyrir gjörðina og endurgjald fyrir ferðakostnað eptir 63. gr. í aukatekjureglugjörð 10. sept. 1830, og skulu þeir ákveða í gjörðinni, hvernig gjald þetta skuli greiða.

4. gr.

Nú kemur kærandi eður hinn kærði eigi á fund, og skal þá farið eptir því, sem sagt er í 7., 8. og 9. grein tilskipunar 15. ágúst 1832.

5. gr.

Nú kemur eigi annarhvor gjörðarmanna til fundar eður og hvorugur, þá er vel, ef málsaðllar verða á það sáttir, að oddviti

einn kveði á gjörðina, og skal gjörð sú vera svo mæt, sem hún gjörð hefði verið af öllum gjörðarmönnum, ella kveður oddviti á nýjan fund, og greiðir þá kostnað þess fundar. Gjörðarmaður sá, er eigi sótti fundinn, nema hann sanni, að nauðsynjar bönnuðu.

6. gr.

Stefna má gjörð í héraðsdóm til ómerkingar, ef tilbúnaður málsins hefir rangur verið í gjörðinni.

7. gr.

Nú er gjörð bersýnilega gagnstæð landslögum að efni til, og má þá stefna gjörðarmönnum til sekta og skaðabóta í héraðsdóm, þar er gjörðin var upp-kveðin. Eigi má sekt sú meiri vera en 12 rd. Reynist, að málinu hafi verið ófyrirsynju stefnt, skal stefnandi dæmdur til sömu sektar og málskostnaðar að auki.

Ástæður.

Við 1. gr.

Eptir uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar höfðu hjúanefndir þær, sem þar eru nefndar, líka það aðalætlunarverk, eins og áður er umgetið, að dæma um málavöxtu í málum millum húsbænda og hjúa, og því var það, að hún stakk upp á serskildum nefndum í hverjum hrepp, því starfi nefnda þessara varð við það býsna umfangsmikill og örðugr; en þegar nefndir þessar eru sviptar þessum starfa, álitum vèr, eins og vèr að framan höfum dregið á, að eigi sè vert að stofnsetja nýjar 3 manna nefndir í hverjum hrepp að eins til að reyna sættir í hjúamálum, svoleiðis sem stungið er upp á í hinu konunglega frumvarpi, heldur að þá sè langtum betra í öllu tilliti, að hinar venjulegu sáttanefndir sèu og hafðar til að reyna sætt í þessum málum sem öðrum. Að leita til þeirra er enginn meiri örðugleiki fyrir málsaðilana, þar báðir sáttamennirnir, í hið minnsta annar þeirra ætíð er innanhreppsmaður; það er heldur ekkert svo sérstaklegt við hjúamál, að hinar venjulegu sáttanefndir eigi geti reynt sátt í þeim sem öðrum málum, heldur þvert á móti mega menn ætlast til, að þeir menn, er í þeim sitja, sèu sökum æfingar og vana orðnir færari öðrum að miðla málum manna; og loksins þó menn vildu nú létta málum þessum af sáttanefndunum, sem enginn ástæða þó er til, verður örðugt í sumum hreppum, eins og vikið er á í stjórnarfrumvarpinu, að finna aðra menn en sáttasemjendurna, sem sèu færir að fjatla um þau. Vèr höfum þannig álitíð, að öll hjúamál ættu að koma fyrst fyrir hinar venjulegu sáttanefndir.

Hvað gjörðarmennina snertir, er útkljá ættu hin einstöku mál, þá álitum vèr, að engar fastar gjörðarmannanefndir ætti að stofnsetja, því meðal annars mundi það veita örðugt, að fá ætíð hæfa menn til þess í hverjum hrepp fyrir utan sáttamennina. Það er og auðsèð að á því riður, að málsaðilarnir geti borið sem mest traust til gjörðarmannanna, en það verða þeir að geta gjört, ef menn láta þá sjálfa eiga þátt í því að kjósa þá, og því höfum vèr stungið upp á, að sinn gjörðarmanninn skyldi hvor þeirra kjósa; en með því þó málsaðilarnir snúa sèr til hins opinbera með að fá mál sitt útkljáð, virðist það eðlilegt, að hið opinbera kjósi einn gjörðarmanninn eður setji einn fastan gjörðamann í hverjum hrepp til að sjá um, að allt gangi í lagi og reglu til um gjörðina, og það virðist þá bezt henta í öllu tilliti, að hið opinbera gefi þenna starfa efri sáttasemjarianum í hverri sveit. Menn mega álita, að þeir sèu optast beztu og skynsömustu mennirnir í sveitinni, og sem partarnir geta borið fullt traust til, og með því að láta efra sáttamanninn vera gjörðarmann í hjúamálunum, er það líka unnið, sem hvað mest er í varið, að partarnir verða langtum heldur við það fáanlegir til sátta í sáttanefndinni, og ganga þar að skynsömum og sanngjörnum boðum, svo málin koma langtum síður til að ganga í gjörð en ella, þar þeir mega búast við, að efri sáttamaðurinn kunni vilja framfylgja í gjörðinni sátta-uppástungum sínum og hinir gjörðarmennirnir fallast á þær.

Við hið annað í grein þessari, sem einungis lýtur að því, að undirbúa málið undir gjörðina, álitum vèr ekkert athugavert. Að eins skulum vèr geta þess, að vèr álitum óþarfa að útskýra í laga-boðinu, hvað meint sè með orðinu »hjúamál«, því vèr álitum það fullskiljanlegt, og það verður ekki skiljanlegra, þó menn vildu fara að útpýða það með fáum orðum, heldur þvert á móti mundi langtum heldur geta misskilizt, og virðist oss, að það eigi heldur hafi heppnast vel í hinu íslenzka konunglega frumvarpi § 1.

Við 2. og 3. gr.

Hin fyrri af þessum greinum hljóðar um gjörðarmannafundinn og gjörðina, en hin síðari um kaup gjörðarmanna, og finnst oss ekkert í þeim, er frekari skýringar þurfi. Það er gamalt í lögum vorum, að málsaðilar komi þegar fram með öll gögn sín og skilríki, en sèu ekki að smátína þau fram, og fá þess vegna málinu frestað til að leita sèr einlægt nýrra og nýrra upplýsinga. Þvílíkur smátíningur og fyrirkomulag að ná rètti sínum, á auðsjáanlega ekki

við hér á landi, þar sem öll ferðalög eru svo örðug og kostnaðarsöm, sízt í öðrum eins smámálum og þessum, er hér ræðir um; en af þessu leiðir þá og beinlínis aptur, að pörtunum verður að gefast fullt leyfi til að mega leiða allan sannleikann strax í ljós fyrir gjörðarmönnum, og því láta þann, er fundinum stýrir, spyrja vitni sín og taka eið af þeim, ef þörf gjörist. Það getur og ekki verið hið minnsta ísjárvert, heldur væri í öllu tilliti eðlilegt, að lögin leyfðu þeim, er þau á annað borð fælu á hendur að útkljá þessi mál, nauðsynlegt vald, til að geta komizt eptir hinu sanna; en þar til heyrir, að láta menn staðfesta þá framburði sína með eiði, er þurfa þykir, sem úrslit málsins eru komin undir, hvort sannir séu eður ekki.

Það er og fyllilega samkæmt löggjöf vorri, að eiður geti verið fullgildur, þó hann sé eigi aflagður í rétti, þegar það þó er gjört á annan tryggjandi hátt, og eptir tilskipun 1. september 1786, er hreppstjórum trúað fyrir því, að taka eið af mönnum um tíund þeirra, því skyldi þá og eigi mega trúa öðrum valinkunnum mönnum fyrir að komast eptir öllum sannleikanum í þeim málum, sem undir þá eru lögð?

Við 4. og 5. gr.

Þessar greinir tala um það, hin fyrri, hvernig fara skuli, þegar kærandi eður kærði koma eigi á fundinn, en hin síðari, þegar gjörðarmennirnir ekki koma.

Með því nú 7. 8. og 9. gr. í tilskipun 15. ágúst 1832, er hljóða um þau tilfelli, er annarhvor málspartanna eigi mætir á þeim degi, er þinga á í máli hans, bæði eru með öllu eðlilegar í sjálfu sér, og líka virðast fullkomlega eiga hér við, álitum vèr að bezt væri og að farið væri eptir þeim, þegar annaðhvort kærandi eður kærði eigi mætti á gjörðarfundinum. Og eins virðist það og í allan máta réttlátt, að sá gjörðarmaður, er eigi sækir fundinn að forfallalaus, og þannig er orsök í því að nýjan fund verður að halda, greiði kostnað þann, er leiðir af því nýja fundarhaldi.

Við 6. og 7. gr.

Til þess að gjörðin sé lögleg, og hafi því það gildi, sem lögin tilleggja löglegum gjörðum, útkrefst, að hún framfari á þann hátt, sem lögin fyrirskipa; sé þessa eigi gætt, og verulegir formgallar séu á gjörðinni, getur hún því eigi náð lagagildi, en til þess að fá þetta afgangið, hljóta menn að mega fara með gjörðina fyrir dómstólana, og þeir að hafa rétt til þess, að útkljá þessa spurningu.

Aptur flýtur það af eðli hverrar gjörðar, að henni má eigi breyta að efni til, þó hún þar eigi virðist í fullkominni samhljóðun við það, er upp á kynni að verða, ef málið kæmi fyrir dómstólana, og kemur það til af því, að gjörðarmenn mega taka tillit til svo margs, er dómstólarnir eigi mega hafa tillit til, því gjörðin á langtum fremur að byggjast á allri sanngirni, en strangasta rétti, eins og vèr fyrr gátum um, en þó getur aldrei af þessu leitt það, að gjörðin geti orðið gagnstæð grundvallarreglum laganna, þar hún þá yrði að verða ranglát, og með því það er engum manni vorkennandi, að gjöra ekki bersýnilega rangt, ætlu gjörðarmennirnir, sem af hinu opinbera og málsþörtunum er svo vel trúað, að hafa fulla ábyrgð af því, ef þeir vanræktu svo skyldu sína, að þeir gjörðu nokkra gjörð, er bersýnilega alveg væri gagnstæð lögum og rétti, eins ætti og engum að líðast sektalaust að bera slíkt ófyrirsynju upp á gjörðarmenn. Samkvæmt þessari skoðun eru hinar áminnstu tvær greinar samdar.

Reykjavík, 5. ágúst 1863.

Jón Pétursson. Arnljótur Ólafsson.
form. og framsögum.

H. Hálfðánarson með skírskotun til míns ágreiningsatkvæðis.

Þótt eg sé mínum heiðruðu meðnefndarmönnum samþykkuð í því, að alþingi ætti þegnlega að beiðast þess, að hið konunglega frumvarp til tilskipunar um sáttatilraun í málum, er rísa út af deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi, verði eigi gjört að lögum, þá get eg þó eigi heldur fallið á það frumvarp til tilskipunar um afgreiðslu hjúamála á Íslandi, sem þeir hafa búið til. Að vísu felli eg mig betur við þá stefnu, sem þeir hafa tekið í þessu máli í 1. gr. frumvarps síns en við stefnuna í hinu konunglega framvarpi; en margt af því, sem kemur þar á eftir í frumvarpi hins báttvirta meiri hluta, sinnst mér ekki heppilegt eða vel til fallið, t. a. m. það að ólögfróðir menn eiga að yfirheyra vitni, og einkum það, að oddviti gjörðarmannanna á að taka eið af vitnunum, sem eg álit, að ekki gæti annað en orðið til þess að rýra helgi eiðsins. Auk þessa efast eg mikið um, að með þessu fyrirkomulagi fengist næg trygging fyrir því, að húsbændur og hjú gætu náð rétti sínum. Þegar eg þar að auki lít til gjörðarmannanna, þá virðist mér, að ætlunarverk þeirra hlyti að verða þeim, — ólögfróðum mönnum — flestum mjög óþægilegt, og held eg, að flestir tækjust slíka köllun nauðugir á hendur.

Það er að vísu satt, að hér á landi er víða erfitt að ná rétti sínum í smámálum, vegna þess að á mörgum stöðum er mjög langt til sýslumannsins, en þetta snertir alls ekki fremur mál milli húsbænda og hjúa en önnur smámál manna á milli, sem miklu optar koma fyrir, og virðist því ekki fremur þörf á þessum gjörðarmönnum til að útkljá hjúamál en önnur smámál. En mér er líka til efs, að þetta fyrirkomulag gjörði húsbændum og hjúum til muna hægra fyrir en áður; því mér finnst sú aðferð, sem hér er stungið uppá, engan veginn svo einföld og óbrotin, sem óskandi væri, og eg er jafnvel hræddur um, að þetta yrði, ef til vill, til þess að auka deilur milli húsbænda og hjúa. Eins og stjórnin hefir áður tekið fram, hafa mál milli húsbænda og hjúa verið sjaldgæf hér á landi hingað til. Verði slík mál almennari eptir að hin nýju hjúalög, sem nú eru í smíðum, komast á, þá yrði það, að mér finnst, vottur þess, að þessi lög hafi mistekizt. En við því ættu menn ekki að búast að óreyndu.

Af þessum ástæðum er það álit mitt, að alþingi eigi ekki að þessu sinni að gjöra neitt annað við þetta mál en *að ráða til þess, að því verði frestað að svo komnu.*

Reykjavík 6. ágúst 1863.

H. Hálfðánarson.

Nefndarálit.

í málinu um prestsmötuhlut í bændakirknajörðum.

Alþingi kaus oss undirskrifaða í nefnd, til þess vèr segðum álit vort um tvö málefni, er komið hafa til þessa þings. Annað er bænarskrá frá nokkrum þingeyingum, sem fer því á flot, að annaðhvort verði jarðamatið lækkað á þeim jörðum, sem prestsmata greiðist af, eða að sá hluti í bændakirkjujörðum, sem prestsmötunni nemur, verði undanþegin tíundargjaldi og öðrum álögum. Hitt er uppástunga frá þingmanni Suður-Þingeyinga, sem fer því fram, að lagt verði sèrstakt mat á kirkju-eignirnar í þeim jörðum, sem bændakirkjur standa á, og að þær eignir verði sama tíundarfrelsis aðnjótandi, sem aðrar kirkju-eignir hér á landi hafa.

Vèr höfum nú vandlega íhugað þetta mál, og leyfum oss að segja álit vort um það á þessa leið:

Hvað þá snertir hina fyrri bænarskrá, þá fáum vèr ekki betur

sèð, en að það sè á góðum rökum byggt, að sá hluti bændakirkju-jarða, sem prestsmata eður önnur þessleiðis ískylda til hins opin-bera hvílir á, njóti sama tíundarfrelsis, sem kirkju-eignum og hverju því fè, sem til guðs þakka er lagt, er heimilað að lögum; því þess her hér að gæta, að við jarðamatið var áhöfn jarðanna og afrakstur sá, sem þær gáfu af sér, aðalmælikvarðinn fyrir því verði, sem á þær var lagt. Nú þegar meiri eður minni hluti afrakstursins, rennur í annara sjóð en eigandans, þá er jörðin þeim mun rýrari eign í hans hendi, og þeim mun minni skattur verður á hana lagður að réttum jöfnuði. Þar sem því að það er ljóst, að prests-matan eður sá hluti afgjaldsins af bændakirknajörðum, sem rennur í sjóð prestsins, hefir verið látin rífka matsverð jarðanna, þá fáum vér eigi betur sæð, en að eigendur tæðra jarða eigi rétta heimtingu á að sá hluti þeirra, sem prestsmötunni nemur, sè undan þeginn tíundargjaldi á sama hátt og aðrar kirkju-eignir, og það þeim mun heldur sem eigandinn annars hlyti að greiða toll af tolli, sem er gagnstætt anda og eðli allra tíunda- og skattgjaldslaga. En hér af flýtur engan veginn, að lækka þurfi hundradatalið á þessum jörð-um, heldur ætlum vér, að aðrir vegir sèu eðlilegri og greiðari að-göngu, til að komast að hinu rétta í þessu máli; og er þá einkum um tvennt að velja; annaðhvort verður að draga af hundradatölu hvernjar jarðar, að sama hlutfalli, sem prestsmatan er í við allt af-gjald jarðarinnar, og láta svo þann hluta hennar vera tíundarfrian, eða að öðrum kosti verður að skilja út úr eigninni jafnmörg hundruð, og margir fjórðungar greiðast af henni í prestsmötu. Ætlum vér þenna síðar talda veg einfaldari og óbrotnari, því á þann hátt geta bæði eigendur og tíundartakendur tafarlaust reiknað út, hve mikill hluti jarðarinnar er undan þeginn tíund, þegar hvert 10 álna virði prestsmötunnar, gjörir eitt hundrad tíundarfritt. En sè landskuldin tekin sem mælikvarði, og það hlutfall, sem prestsmatan er í við hana, látið ráða, hvað mikill hluti jarðarinnar sè tíundarfri, getur það valdið brotum og vafningi, einkum sè landsskuldin óákveðin og óviss, sem víða mun geta átt sér stað.

Hin önnur uppástunga, sem nefndinni hefir verið fengin til meðferðar, fer því á flot, að ítök og eignir bændakirkna, sem við jarðamatið hafa verið taldar og matnar með bænda-eignunum eða heimajörðunum, verði með nýju endurmati skilin út úr eigninni, og fái að njóta þess tíundarfrelsis, sem kirkju-eignum ber að lögum. Það er nú að vísu svo, að þar sem kirkjur eiga vissan og ákveðinn

hluta í heimajörðunni, t. a. m. þriðjung, fjórða part o. s. frv., en engin sérstök hlunnindi eður ítök, þá er sem optast sá hluti tíundarfrí, og er jafn auðvelt að draga þann hluta jarðarinnar undan tíund, nú sem fyrri. En með því nefndin verður nú að vera á sömu meiningu og uppástungumaðurinn í því, að ýmsar eignir og ítök kirkna í annara manna jörðum, hafi á flestum stöðum verið metin með heimajörðum, án þess jarðamatsmennirnir eða nokkur annar hafi gjört grein fyrir, hvað mikill hluti allrar eignarinnar ítökin hafa verið, og það á hinn bóginn er alkunnugt, að ítök og eignir kirkna, hvort sem þær heldur eru bændaeign eða beneficia, eiga að vera undanþegnar tíund og öðrum álögum, eins og hvert annað fè, sem til guðs þakka er lagt, þá leiðir þar af beinlínis, að alstaðar þar sem sú regla hefir verið við höfð við jarðamatið, að eignir og ítök kirkjunnar hafa verið matin með bændaeigninni í bændakirkjujörðum, þá eiga eigendurnir rétta heimting á, að kirkjuhlutinn sé aðskilinn frá bændahlutanum með nýju endurmati, og að kirkjuhlutinn njóti þess tíundarfrelsis, sem honum ber að lögum. Virðist oss það sè jafnáríðandi fyrir tíundatakendurna sjálfa sem eigendurna, að þessi ráðstöfun sè gjörð, því annars gæti ef til vill svo að borið, að þeim yrði synjað um tíund, þar sem þeim þó bæri tíund með réttu.

Til þess nú að koma þessu í rétt horf, og til að fyrirbyggja það, að bændakirkju-eigendur eður tíundartakendur, sem hér eiga hlut að máli, sè aflaga bornir, þá virðist oss nauðsynlegt, að hlutaðeigandi stjórnarráð skipi svo fyrir, að þegar svo á stendur, að kirkju-eigendur eða tíundatakendur æskja þess, að skýrt sè ákveðið hve mikill hluti úr allri jörðunni, kirkju-eignin er, þá skuli amtmaður bjóða hlutaðeigandi sýslumanni að leggja sérstakt mat á tæðar eignir, ásamt tveimur valinkunnum mönnum, þeim er vel þekkja til, og sèu útnefndir af sýslumanni í hvert skipti, sem slíkt endurmat á að framfara.

Þessi aðferð ætlum vèr að sè einföld og óbrotin, en þó full tryggjandi fyrir hlutaðeigendur.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sèr að ráða þinginu til, að rita vorum allramildasta konungi þegnlega bænarskrá um það, að hann mildilegast vilji skipa svo fyrir:

1. Að amtmönnum verði veitt vald til, að bjóða sýslumönnum að leggja sérstakt mat á eignir og ítök bændakirkna, þegar nauðsyn ber til, og eigendur eða tíundatakendur krefjast,

að kirkju-eignin sé aðskilin frá bænda-eigninni með sérstöku hundraðatali.

2. Að á jörðum þeim, sem prestsmata, eður önnur þess kyns ískylda hvílir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni nemur aðgreindur með sérstöku hundraðatali, þannig að hvert 10 álna virði kvaðar þessarar, gjöri eitt hundrað, svo að þessi hundruð geti orðið aðnjótandi þess tíundarfrelsis, sem kirkju-eignum ber að lögum.
3. Að í hvert skipti sem sérstakt mat á bændakirkju-eignum eptir 1. grein á að framfara, þá séu sýslumenn skyldir til að kveðja sér til aðstoðar og fulltingis tvo valinkunna menn, sem nákunnugir séu eignum þeim, sem matið á að leggjast á.

Reykjavík 7. ágúst 1863.

J. Sigurðsson, P. Pétursson. J. Pétursson, I. Gíslason.
formaður. framsögumaður.

Eg er þessu nefndaráliti sammæltur og samdóma að því er áhrærir 1. og 3. niðurlagsatriðið og ástæðurnar sem þau atriðin styðjast við. Þar á móti get eg engan veginn fallt á niðurlag 2. uppástungu atriðisins, og því síður á hinar miklu orðfyllri ástæður nefndarálitsins fyrir því, að jafnmikill hluti jarða þeirra, er prestsmata hvílir á, skuli verða eða geti orðið *undanþegnir tíundarskyldunni nú þegar*, hvort sem sú undanþága frá að gjalda fasteignartíund væri byggð á núgildandi lögum og undangenginni venju eða ekki. En eins og það var aldrei tilgangr löggjafans eða alþingis að breyta, með jarðamatinu, að einu né neinu þeirri tíundarskyldu, sem eptir lögum og langri landsvenju hafa legið á fasteignum, hvort sem á þeim hefir legið prestsmötugjald eður liggur enn í dag, — eins ætla eg það næsta hæpið og viðsjált að ákveða það eða bera upp um það tillögur, að hve miklu leyti hver sú eign sem hér ræðir um, þ. e. hver sú eign, sem prestsmata hvílir á, sé að nokkru réttbærari til undanþágu frá hinni upprunalegu tíundarskyldu, heldur en mörg önnur fasteign, sem nú greiðir eina og tvær tíundir árlega eptir gamalli venju, þó að hún sé til guðs þakka láginn eptir almennum skilningi. Eg álit, að hin margbretta og sundurleita tíundarskylda fasteignanna hér viðs vegar um land, sem er á komin eptir sundurleitri en gamalli venju, sé svo yfirgripsmikið og vandamikið mál, að ekki hlífi að taka svona ein-

staklegt atriði þessa máls út úr, því það gæti valdið glundroða og ef til vildi þeim ójöfnuði, er gæti orðið næsta torvelt að greiða úr síðar.

D. u. s.

Jón Guðmundsson.

11. ágúst—Þritugasti og fyrsti fundur.

Atkvæðaskrá

í málinu um ekkju eptirlaun frá Elínar Thorstensen.

1. Breytingaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar*:

Að þingið vísi málinu gegnum forseta sinn til stíptamt-mannsins með þeirri meðmælingu sinni, að ekkjufrú E. Thorstensen mildilegast mætti veitast 200 rd. viðbót við eptirlaun hennar frá 1. d. aprílm. 1864 (felld með 15 atkv. gegn 5).

2. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við uppástungu nefndarinnar: að orðin «að minnsta kosti» falli burt (felld með 14 atkv.).

3. *Nefndin*, uppástunga:

Að þingið biðji konung um:

Að hann allramildilegast vildi skipa viðkomandi ráðgjafa sínum, að gjöra þær ráðstafanir, að bænarskrá frá El. Thorstensen um 200 rd. árlega viðbót við ekkju-eptirlaun hennar að minnsta kosti mætti verða framgengt (samb. með 19 atkv.).

4. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samb. með 20 atkv.).

Atkvæðaskrá

í málinu um launabót handa skólakennara Jóni Þorkelssyni.

1. Breytingaratkvæði *H. Kr. Friðrikssonar*:

Að þingið vísi máli þessu gegnum forseta sinn til stiptyfirvaldanna með þeirri meðmælingu sinni, að skólakennara Jóni Þorkelssyni mildilegast mætti veitast 700 rd. laun frá 1. degi aprílm. 1864 með tilliti til þess, að hann var 8 ár í þjónustu latínuskólans í Reykjavík, án þess að geta fengið fast embætti við skóla þenna (felld með 16 atkv. gegn 2).

2. Breytingaratkvæði *Brynjúlfssonar*:

Að embættisaldur Jóns skólakennara Þorkelssonar megi í tilliti til launanna reiknast frá því hann fyrst kom til skólans, og að honum því megi veitast það sem á vantar til þess að hann hafi fengið full adjunktslaun, og að laun hans hér eptir megi miðast við embættisþjónustu hans, eins og hann hefði upphaflega verið fastur kennari (felld með 11 atkv. gegn 5).

3. Breytingaratkvæði *Sv. Skúlasonar* við uppástungu nefndarinnar: að orðin: »að minnsta kosti« falli burt (samþykkt með 13 atkv.).4. *Nefndin*, niðurlagsuppástunga:

Að þingið biðji konung um:

Að Jóni skólakennara við lærða skólann í Reykjavík Þorkelssyni verði veitt launabót úr ríkissjóði, er nemi svo miklu, að laun hans verði að minnsta kosti 1000 rd. að upphæð (samþ. með 18 atkv.).

5. Viðauka-atkvæði *H. Kr. Friðrikssonar* (ef tölul. 4. er samþykktur) (felld frá atkvæðagreiðslu með 12 atkv. gegn 6):
Að skólakennurum Gísla Magnússyni og Jónasi Guðundssyni verði veitt launaviðbót, svo að laun þeirra verði 1000 rd.

6. Hvort rita skuli konungi bænarskrá samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samþ. með 18 atkv.).

7. Viðauka-atkvæði *B. Sveinssonar*:

Að þingið gegnum forseta sinn sendi umsjónarmönnum hins lærða skóla eptirrit af bænarskránni til meðmælingar (samþ. með 14 atkv.).

Atkvæðaskrá

í málinu konunglegt frumvarp um sátta tilraun m. m. í málum er rísa út af deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi.

1. Breytingaratkvæði *B. Sveinssonar* við stjórnarfrumvarpið:

a, að í stað 1.—7. gr. komi 1. og 2. gr. úr frumvarpi nefndarinnar (felld með 11 atkv. gegn 8).

Síðan var borin upp til atkvæða 1. grein í frumvarpi stjórnarinnar (sbr. bls. 27), og var hún felld með 17 atkv. gegn 3. Var þar með allt frumvarp stjórnarinnar fallið.

- b*, að í stað 12. gr. komi 3. gr. nefndarfrumvarpsins (fallið við tölul. 1. a).
- c*, að í stað 8. og 9. gr. komi 4. og 5. gr. nefndarfrumvarpsins (fallið við tölul. 1. a).
- d*, að í stað 10., 11. og 13. gr. komi 6. og 7. gr. nefndarfrumvarpsins (fallið við tölul. 1. a).
2. *Minni hluti nefndarinnar* (H. Hálfðánarson):
Að þingið ráði til, að þessu máli verði frestað að svo komnu (fallið við tölul. 1. a).

Atkvæðaskrá

í málinu um prestsmötuhlut í bændakirkna jörðum.

1. Breytingaratkvæði *M. Andrèssonar* við 2. tölulið:
Að í stað orðanna: »eigendur eða tíundatakendur« komi:
»einhverjir hlutaðeigendur« (felld með 11 atkv. gegn 6).
2. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:
Að amtmönnum verði veitt vald til, að bjóða sýslumönnum að leggja sérstakt mat á eignir og ítök bændakirkna, þegar nauðsyn ber til og eigendur eða tíundatakendur krefjast, að kirkju-eignin sé aðskilin frá bændaeigninni með sérstöku hundraðatali (samþ. með 14 atkv. gegn 3).
3. Breytingaratkvæði *M. Andrèssonar* við 4. tölulið:
Að eptir orðin: »sem prestsmötunni« komi: eða því líkri ískyldu« (samþ. með 15 atkv.).
4. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:
Að á jörðum þeim, sem prestsmata eður önnur þess kyns ískylda hvilir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni nemur, aðgreindur með sérstöku hundraðatali, þannig, að hvert 10 álna virði kvaðar þessarar gjöri eitt hundrað, svo að þessi hundruð geti orðið aðnjótandi þess tíundarfrelsis, sem kirkju-eignum ber að lögum (samþ. með 11 atkv. gegn 5).
5. Breytingaratkvæði *Arnþjóts Ólafssonar* við niðurlagsatriði nefndarinnar:
Að 2. töluliður verði 1., og 1. verði 2. (samþ. með 14 atkv.).
6. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:
Að í hvert skipti, sem sérstakt mat á bændakirkju-eignum

eptir 1. gr. á að framfara, þá sæu sýslumenn skyldir til að kveðja sér til aðstoðar og fulltingis tvo valinkunna menn, sem nákunnugir sæu eignum þeim, sem matið á að leggja á (samþ. með 15 atkv.)

7. Hvort rita skuli konungi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu? (Samþ. með 14 atkv. gegn 3).

12. ágúst – Þrítugasti og annar fundur.

Nefndarálit

meiri hlutans í málinu konunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi.

Híð heiðraða alþingi hefið kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess, að hera upp álit vort um konunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, er konungsfulltrúinn nú lagði að nýju fyrir þingið, og leyfir nefndin sér að bera upp álit sitt og tillögur um þetta mál, eptir því, sem nú skal greina:

Yfirhöfuð að tala verður ekki annað sagt um frumvarp þetta, en að stjórn konungsins hafi bæði frá upphafi gjört sér allt far um, að það yrði lagað eptir þörfum og sérstöku ásigkomulagi og réttarvenju þessa lands, þar sem hún setti með fyrsta nefnd íslenzkra embættismanna og alþingismanna, til þess að semja frumvarp til hjúalaga, sendi það síðan amtmönnum landsins til álita, og hefir nú að síðustu, eptir það hún lagði frumvarpið þannig undirbúið fyrir alþing 1861, tekið margar þær breytingar og tillögur, er þá komu fram á þingi í ýmsum verulegum atriðum til greina í þessu frumvarpi, sem nefndinni er nú fengið til meðferðar. Að vísu urðu nokkrir vor nefndarmanna, að vera enn á sömu skoðun, eins og einstakir þingmenn tóku fram á alþingi 1861 um það, að margt og verulegt megi tilfæra í móti þeirri grundvallarreglu, sem ruddi sér þá til rúms á þinginu og nú hefir verið aðhyllt í þessu nýja stjórnarfrumvarpi, að vistarrof skuli varða bæði húsbónda og hjú jafnmiklu eins og það, ef hjú hleypur burt úr vist eða húsbóndi rekur hjúði úr vist án löglegra saka, sbr. frumv. 7.—11. gr. við frumv. 26.—29. gr. En þar sem stjórnin hefir jafnframt í svo mörgum öðrum og verulegum atriðum aðhyllt tillögur og breyt-

ingar-uppástungur hins síðasta alþingis um málið, og frumvarpið, eins og það er nú orðið, er yfirhöfuð að tala svo vel hugsað og vel lagað með tilliti til sérstakra þarfa og sérstakrar réttarvenju og ásigkomulags hér á landi, og þar til vandað sem bezt að allri niðurskipun og frágangi, þá virðist nefndinni, að sízt bæri henni nú að leggja til, að gjörðar yrðu aptur að nýju breytingar í því, er alþingið fylgdi þá fram og stjórnin hefir aðhyllt, og því síður, að gefandi sé tilefni til keppni og nýrra umræða um ýmsar hinar miklu óverulegri og sérstaklegu breytingar, er þingið 1861 stakk að vísu upp á, en sem stjórnin hefir ekki getað fallið á og eptir áliti nefndarinnar fært fyrir því gildar röksemdir.

Þó að nú nefndin hafi komið að þessari niðurstöðu yfirhöfuð að tala og um frumvarpið í heild sinni, þá fundust henni samt, eptir þar að lútandi ítarlegar umræður á fundum sínum yfirgnæfandi ástæður fyrir því, að ráða hinu heiðraða þingi til að aðhyllast ekki 1. og 2. grein þessa stjórnarfrumvarps óbreyttar, heldur að báðum þeim greinum verði nú enn beint af þinginu eptir uppástungum alþingis 1861 og hjúalagafrumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar. Í annan stað virðist nefndinni einnig, að bæði innbyrðis samkvæmni, þar að lútandi ákvarðanir í frumvarpinu sjálfu og þar að auki að nauðsynin tali eindregið fyrir því, að aptur sé tekin upp í þetta frumvarp 11. gr. úr stjórnarfrumvarpinu, er lagt var fyrir alþing 1861, þó að svo væri að vísu, að þingið felldi hana þá í burtu.

Auk þessara 3 aðalbreytinga er nú var bent til, hefir nefndin einnig ætlað, að nauðsynlegt væri, eptir því sem hér hagar til á landi, að breyta amtstakmarkinu í 9. grein, enn fremur að vikja orðatiltækjum við í einstöku greinum öðrum.

Að svo mæltu hverfur nefndin til útlistunar og röksemdaleiðslu fyrir þeim breytingum, sem nú var bent til.

Við 1. gr.

Nefndinni virðist, að bæði Reykjavíkurnefndin og alþingi 1861 hafi tekið gildar og yfirgnæfandi ástæður fram fyrir því, að 16 ára aldurstakmarkið eigi hér á landi að vera það takmark, er gefi hvort heldur karli eða konu lögákveðinn rétt yfir persónu sjálfrar sín til þess að ráða sig í vist, og getur nefndin engan veginn fundið né viðurkennt, að ástæður þessa frumvarps fyrir 18 ára aldurstakmarkinu, sem enn er fast haldið í frumvarpinu sjálfu, sé svo, að þær geti dregið úr gildi þeirra röksemda, sem fram teknar eru í móti

Þessu fjárforráða aldurstakmarki danskra laga, eður réttlætt það svo að ráðlegra og tiltækilegra yrði nú heldur en áður hefir þótt, að gjöra það gildandi. Í ástæðum þessa frumvarps hefir þó stjórnin orðið að viðurkenna, eins og er, að 6. gr. í fátækrareglugjörð Íslands 8. janúar 1834 og sem að vísu er yngra lagaboð en tilsk. 21. desbr. 1831, hafi án alls tillits til þeirrar ákvörðunar, sem í þessu siðarnefnda lagaboði er fólgin um 18 ára aldurstakmark fyrir rýmri fjárforráðum, bundið skylduna til að sjá af sveitarstyrk og þá jafnframt réttinn til að ráða sjálfum sér, persónu sinni og vinnukröptum, á hvern þann hátt, sem hann best gæti innan laganna takmarka, til þess að hafa ofan af fyrir sjálfum sér þar sem sveitin væri hætt að veita framfærið, einmitt við 16 ára en ekki 18 ára aldurstakmarkið. Aptur getur nefndin ekki álitid, að það sé rétt, sem segir hér í ástæðunum, að það sé að eins fátækra stjórnin »sem geti komið þeim fyrir í vist» sem hafi verið á sveit en sé orðnir fullra 16 ára; nefndin ætlar, að engi þess leiðis ákvörðun finnist í fátækrareglugjörðinni né annari sveitastjórnarlöggjöf vorri, enda sé það hvergi né hafi verið venja hér á landi á seinustu árum, að sveitarstjórnin eða hreppstjórnir eigi neina beinlínis tilhlutun með vistarráðum þessleiðis manna frá því þeir eru komnir af sveit, nema því að eins, að *annaðhört* sé unglingurinn þá enn ófermdur, svo að sóknarpresturinn verði og eigi að hafa tilhlutun með, að unglingurinn komist niður á þeim stað, þar sem hann getur orðið fullnuma í kristinn dómi sínum sem fyrst, *ellegar* að unglingurinn sjálfur geti ekki komið sér í viðunanlega vist og leiti því aðstoðar og milligöngu hreppstjórans til þess að koma sér niður á sem beztan samastað, líkt og ráðgjört er í fátækrareglugjörð. 20. gr. og nú í tilsk. 26. maí 1863 8. gr. 1. málsg. Og þó að það virðist verða leitt út úr reglug. 1834, sem er farið fram í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, að sveitarstjórnin eða hreppstjórnir eigi einir og eingöngu ráð á því að lögum að vista þá unglinga, sem hafi alizt upp á sveit, frá því þeir eru fullra 16 ára til þess þeir eru fullra 18 ára, hvort sem þeir eru ófermdir eður eigi og þó þeir gæti og vildi sjálfir útvega sér annan betri samastað, — hvar um þó engin spor finnst í reglugjörðinni, eins og nú var sýnt, eins og það er líka þvert í móti venju og réttar meðvitund landsmanna einkum síðan 11. gr. í húsagatilsk. 3. júní 1746 um skyldu þeirra, er uppalast á sveit, til þess að vistast innsveitis, þegar þeir eru komnir af ómaga-aldri, var úr lögum tekin, þá gæti þetta þó aldrei

náð til hins mikla fjölda sem aldrei hafa uppalizt á sveit að neinu leyti, og virðist fráleitt, að sveitarstjórninni sé neinstaðar í lögum um gefinn myndugleiki eða átylla til að eiga neinn hlut að vistarráðum slíkra manna, allt hvað unglingurinn ekki sjálfur leitar til hennar ráða og milligöngu um það, af því hann treysti ekki sjálfum sér til þess. Að síðustu verður nefndin líka að benda til þess að þar sem tilsk. 30. apr. 1824 í 3. gr. 1. tölul. heimilar 16 vetra stúlkum að giptast, þá gæti svo að borið, eptir setningum stjórnarfrumvarpsins, að rúmrá 16 ára ekkja mætti ekki ráða sig í vist, þó að hún þyrfti og vildi, nema með ráði foreldra eða forráðamanna, fyrr en hún væri fullra 18 ára; en þetta væri þó eins móthverft öllum öðrum persónu og fjárforráðaréttindum þeim, er ekkjur hafa að lögum öðrum konum fremur án tillits til aldursins.

Þar sem frumvarps ástæðurnar segja, að 16 ára takmarkið mundi leiða til svo þýðingarmikillar breytingar á hinum almennu reglum laganna um vald foreldra yfir börnum sínum, er sízt væri ákjósanlegar, þá er þessu alls ekki svo varið, því unglingurinn þó hann sé eldri en 18 ára fer nú yfirhöfuð að ráðum þeirra foreldra, hverra ráð eru að nokkru hafandi, þegar hann ræður sig í vist hjá vandalausum og gjörir það alls ekki, ef þau þurfa hans sjálf eða þeim er vistarstaðurinn þvert um geð; en sé annaðhvort foreldrunum svo varið, að yfirráð þeirra yfir barninu mætti sitja því í ljósi fyrir góðum vistarstað og þannig haft veruleg áhrif til ills á framtíð hjúsins, eða þó ekki sé um neina foreldra að tala, þá er vissulega mjög hæpið, að lögin setji hær við nýtt aldurstakmark, sem ekki að eins er nauðsynjalaust heldur stríðir á móti réttar meðvitund vorri og landsvenju, leggur óeðlilegt band á persónulegt frelsi og ráðgjörir að sjálfsögðu einhver vistarráða forráð af hendi hins opinbera fyrir öllum foreldralausum unglingum frá 16—18 ára, sem hvergi eru lögákveðin og mundu jafnan bæði verða óvinsæl og þýðingarlaus hær á landi.

Af þessum ástæðum og með skýrskotun til þar að lútandi ástæða í bænarskrá alþingis 1861 um hjúlagamálið (alp.tíð. 1861 bls. 1777—78) og ástæða meiri hluta Reykjavíkurnefndarinnar (s. árs alp.tíð. viðb. bls. 61—63) verður nefndin að ráða þinginu til, að breyta frumv. 1. gr. þannig, að í stað 18 ára setjist 16 ára en greinin sé látin óbreytt að öðru leyti.

Við 2. gr.

Nefndin getur ekki lagt til, að þingið aðhyllist 2. grein óbreytta,

og allra sízt svona orðaða, eins og er í stjórnarfrumvarpinu, þar sem í upphafi er tekin fram sú grundvallarregla, »að það skuli komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara» eða með öðrum orðum, hvort vistarráð sé skemmri eða lengri en til 12 mánaða í senn; þetta verður nefndin að álíta, að sé á móti allri landsvenju og réttarvenju hér á landi. Um *skemmri* vistarráð en til 12 mánaða eða sem vistarráð er nái að eins yfir einn eður fáa mánuði í senn, þá verður nefndin fyrst og fremst að athuga, að þar sem bent er til þess í ástæðunum fyrir stjórnarfrumvarpinu, sem lagt var fyrir þingið 1861 og enda eigi mótmælt í álitsskjali þingsins eða ástæðum þess fyrir 2. gr., að vistarráð um skemmri tíma, eða um fáa mánuði eigi sér einatt stað, einkum í kaupstöðunum hér á landi, þá ætlar nefndin, að þetta sé byggt á misskilningi einum. Að vísu getur það að borið, eigi síður til sveita en í kaupstöðum og við sjó, ýmist að hjú verði af einhverjum orsökum vistlaust, t. d. á miðju ári, þó að þetta beri miklu sjaldnar að, svo að það verði *þága hjúsins* að geta komið sér fyrir á einhverju heimili um sem lengstan tíma af þeim sem eptir er vistarársins, en ýmist að húsbóndinn missi hjú frá sér á miðju ári og stundum þegar honum gegnir verst, og verði svo að fá annan mann í þess stað og jafnvel sæta afarkostum stundum, og þá er þetta beinlínis *þága húsbóndans*, ef hann getur nokkurn fengið um lengri eða skemmri tíma það sem eptir er vistarársins. En eins og sá samningur eða samkomulag sem hér út af rís milli húsbónda og þess sem til hans fer, hvort heldnr það er þága sjálfs hans eða hjúsins, nær sjaldnast frá upphafi nema yfir alveg óákveðinn tíma og sjaldnast, eða svo að segja aldrei, yfir allan tímann sem eptir er hjúa-ársins, eins eru þessir samningar aldrei álitnir *vistarráð* í almennum og eiginlegum skilningi, heldur miklu fremur það sem menn kalla að taka mann til vinnu eða koma sér fyrir í vinnu (»Arbeitsleie»); og að þessu sé í raun rættir öðruvísi varið í kaupstöðunum á Íslandi heldur en hér til sveitanna því verður nefndin alveg að neita, enda hefir minni hultinn í Reykjavíkurnefndinni, sem þó einmitt hélt þessari skoðun fyrst fram um vistarráð til skemmri tíma en 12 mánaða, alls ekki nefnt þessa venju í kaupstöðum hér, enda gat það heldur ekki, og því síður byggt ágreining sinn þar á með einu orði.

Ákvörðunin í 3. gr. frumvarpsins um að hjú megi eins hér eptir eins og hingað til ráða sig til helminga, til þriðjunga o. s. frv. hjá tveimur eða

fleirum húsbændum, réttlætir að engu, að lögin aðhyllist *vistarráð* til skemmri tíma en 12 mánaða í senn, því einmitt þessi *vistarráð* til helminga o. s. frv. ráðgjöra 12 mánaða *vistarskyldu af hendi hjúsins* eptir almennum skilningi og venju hér á landi, en með þeirri einu tilbreytingu, að hjúid leysir þá *vistarskyldu* sína af hendi hjá tveim húsbændum o. s. frv. en ekki einum eptir því sem þeim kemur innbyrðis ásamt að njóta viunu hjúsins fyrir hið umsamda árskauþ, t. d. um þann tíma af slættinum og þá eður hina vertiðina, sem hvorum tveggja er hagamlegast, að hafa manninn við heyvinnu, eiga hann við sjó eða hafa hann heima við sveitavinnu o. s. frv.

Auk þess sem öll réttarvenja, rótfest réttar meðvitund og almennt landsvenja vor talar þannig ómótmælanlega fyrir því, að halda ákvörðuninni um 12 mánaða *vistarráðin* óbreyttir yfirhöfuð að tala og þegar þess er gætt, að hún hér eptir engu fremur en hingað til getur ekki lagt nein bönd á húsbónda til þess ýmist að útvega sér mann í vinnu í stað hjús þess, er hann missir frá sér um skemmri eða lengri tíma en ýmist að taka eða bæta við sig hjúi, sem af einhverjum orsökum hefir orðið *vistlaust* á miðju *vistarári* um skemmri eða lengri tíma, þá virðist nefndinni það þar að auki vera mjög viðsjált og jafnvel ógjörandi, ef farið væri að gefa í skyn í svo almennum lögum eins og hér liggja fyrir, að þau vildi leyfa eða jafnvel hlynnast að því, að *vistarráð* um skemmri tíma, og hann alveg óákveðinn, mætti nú upp takast móti allri eldri venju, einmitt nú eptir að lagaboðið 26. maí þ. á., um lausamenn og húsmenn er út komið, því hinn óákveðni skemmri *vistarráða* tími en til 12 mánaða, mundi opna þann veg til yfirskyns - *vistarráða* af þeirra hendi, sem þó ætluðu sér að vera sjálfrast sín eða lausamenn, er engin lögreglustjórn mundi megna að rekja, hvort þessleidis *vistarráð* ætti sér stað eður ekki, en þannig samblandaðist í óaðgreinanlegan graut, *vistarráða* og vinnusamningar, og henni yrði þar með alveg ofvaxið og um megn að hafa það eptirlit með ólöglegri lausamennsku, sem tæð lagaboð leggur þó valdstjórninni beinlínis á herðar. Með öðrum orðum, hin nýju lausamanna lög yrðu alveg þýðingarlaus, ef hjúalögin yfirlystu nokkurri breytingu eða tilslökun í réttarvenju ákvörðuninni um 12 mánaða *vistarráðin*, en það verður nefndin að álíta, að hið heiðraða þing vilji eins varast að sínu leyti, eins og það að hinu leytinu getur eigi verið meining stjórnmánnar, að vilja ófyrirsynju halda fram því laga nýmæli, er

hljóti að gefa tilefni til, að farið verði í kringum önnur lög eða gjöri þau jafnvel alveg þýðingarlaus.

Þar sem stjórnarfrumvarpið hefir nú fallist á þá ákvörðun, að engi vistarráð skuli gilda fyrir lengri tíma en 12 mánuði í senn, þá finnst nefndinni ekki vera fullt tilefni til að mótmæla þeim ástæðum, sem stjórnarfrumvarpið til færir því til vefengingar.

Af þessum rökum, sem nú voru tekin fram, verður nefndin að ráða þinginu til, að aðhyllast ekki aðra grein frumvarpsins eins og hún er orðuð, heldur stinga upp á í hennar stað hinni fyrri málsgrein 2. gr. í frumvarpi Reykjavíkurnefndarinnar.

Við 10. gr. (ný grein).

Þegar lítið er til ákvörðunarinnar í 5. gr. stjórnarfrumvarpsins um það, að sá húsbóndi, sem hefir ráðið til sín það hjú, er hvorki hefir sagt þáverandi húsbónda lausri vistinni nè heldur hann hjúinu til næsta vinnuhjúaskildaga, skuli fyrir þetta sekur um 5—10 rd. — en nefndin verður að vera á sama máli og alþing 1861 að þessari ákvörðun sé ekki ofaukið í lögin heldur sé hún nauðsynleg —, þá hljóta menn að sakna samkynja ákvörðunar, þar sem það getur allt eins opt að borið, með ýmsum atvikum, að húsbóndi sem hefir haldið hjú, er honum er bæði nauðugt og bagalegt að sjá á bak, en er nú löglega hjá öðrum ráðið á næsta hjúaskildaga, annaðhvort með hótunum, lokkunum eða á annan ólöglegan hátt aptrar því að hjúnið komist burtu frá honum eða í hina nýju vist sína á lögakveðnum tíma. En héraðlútandi ákvörðun var einmitt skýrt fram tekin í 11. gr. stjórnarfrumvarpsins 1861, og virðist því nefndinni yfirgnæfandi ástæður tala fyrir því að tæð grein sé aptur upp tekin í þetta stjórnarfrumvarp, með hliðsjón af þeim ástæðum jafnframt, sem fram voru teknar í hinu eldra frumvarpi (sbr. Alp.tíð. 1861, viðb. bls. 18). Eptir efni frumvarpsins og þess niðurskipun virðist nefndinni réttast að þessi nýja grein eigi bezt heima milli 9. og 10. gr. í þessu stjórnar frumvarpi og þykir oss að eins réttara og skýrara að grein þessi verði í upphafinu þannig orðuð:

Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eða á annan ólöglegan hátt o. s. frv.; sbr. 11. gr. í hinu fyrra stjórnarfrumvarpi (Alp.tíð. 1861 viðb. bls. 6).

Við 9. gr.

Í stjórnarfrumvarpinu 1861 ákvað 14. gr., að ef húsbóndi af ræður að flytja sig burt úr sýslunni í næstu fardögum, en hefir þó eigi ráðgjört þetta við hjúnið, er það ræðst til hans, þá skuli hjúinu

ekki skylt að fara í vistina. Alþing breytti þessari ákvörðun um sýslutakmörkin í *amtstakmörk*, og hefir stjórnin nú fallist á þetta í 9. gr. frumvarpsins, en þar með virðist, að næsta viðsjállega sè þröngvað þeim eðlilega rétti, er hér var áskilinn hjóinu, og skal nefndin í þessu tilliti skýrskota til ástæða Reykjavíkurnefndarinnar, hvar á hið eldra stjórnarfrumvarp byggði þessa ákvörðun. Nefndin verður að taka fram, að sýslutakmarkið getur stundum gefið tilefni til að þröngva hagsmunum húsbóndans um of án þess það verulega halli hagsmunum hjúsins, þar sem óneitanlega stendur víða svo á, að þó bóndi flytji sig úr einni sýslu í aðra, þá getur alloft svo verið, að það muni að eins bæjarleið eða litlum spöl. Meiri hlutinn álitur því, að þá grundvallarreglu, sem hér er gengið út frá, beri einkanlega að miða við þá *vegulengd* á sjó eða landi, sem húsbóndinn flytur búferlum og ákveða hana hæfilega t. d. 2 þingmannaleiðir eða röska dagsreið á lausum hesti og aptur á sjó við 3 vikur sjóar.

Einn nefndarmanna (J. Guðmundsson) álitur þar á móti að þá að amtstakmarkið sè óhafandi og ákvörðunin þannig einskorduð verri en ekki neitt, þá sè sýslutakmarkið aptur fullnægilegt; og þó að það geti opt að borið, að bóndinn með þessu móti flytji sig að eins stutta bæjarleið, þótt hann flytji sig búferlum í aðra sýslu þá mun, ef svo stendur á, ekkert hjú sem vert er að keppa eptir gjöra tal úr því, auk heldur ripta vistarráðunum fyrir þessa sök. Gjörir minni hluti þessa athugasemd, án þess að vilja gjöra hana að beinum ágreiningi.

Samkvæmt öllu því, sem nefndin nú hefir tekið fram leyfir hún sèr að ráða hinu heiðraða þingi til að samþykkja frumvarp það, til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, sem nú var lagt fyrir þingið, og rita konungi þegnlega bænarskrá um að gjöra það að lögum með eptirfylgjandi breytingum.

Við 1. gr.

1. Að í 1. gr. frumvarpsins í stað »18 ára« komi: »16 ára«.
2. Að í stað 2. gr. komi ný grein þannig orðuð:

Engi vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en til 12 mánaða í senn, þótt til fleiri ára hafi verið ráðin.

3. Að upphafi 9. greinar verði breytt og orðað þannig:

Nú flytur húsbóndinn, eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, 2 þingmannaleiðum á landi eður 3 vik-

um sjávar lengra burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist o. s. frv.

4. Að milli 9. og 10. greinar frumvarpsins verði upptekin ný grein (sem verður þá 10. grein lagaboðsins) þannig hljóðandi: »Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd., og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. — Varni hann eður aptri hjúinu frá að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu helming þess kaups, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið«.

5. Orðabreyting á 24. grein með litlum viðauka, svo að önnur málsgrein verði þannig orðuð:

Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sekt-um eptir 21. gr. eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum.

Reykjavík, 5. ágúst 1863.

P. Pétursson, *Jón Guðmundsson,* *B. Pétursson.* *Á. Einarsson.*
formaður. skrifari og framsögum.

Ágreiningsálit

minni hluta nefndarinnar, B. Sveinssonar, um konunglegt frumvarp til hjúalaga á Íslandi.

Eins og tekið var fram með berum orðum í þegnsamlegri bænarskrá alþingis 1861, hljóta slík lög, sem hér ræðir um, sem eptir augamiði sínu og verkahring að eins snerta lagaleg viðskipti og réttarsambúð manna í milli, á svo lágu og alþýðlegu stigi, að vera byggð á réttarmedvitund þeirri og reglum, sem smátt og smátt hafa af sjálfu sér rutt sér til rúms og áunnið sér fullkomið réttaraff og álit meðal almennings.

En jafnframt og þingið 1861 lýsti því yfir, að þetta væri hinn eini rétti og eðlilegi innri grundvöllur hjúalaga á Íslandi, ef þau ættu í raun rætti að bæta úr þeim skorti á *skrifuðum* lagasetningum, sem menn um hríð munu hafa fundið til hér á landi, þá lagði þingið einnig herlega sérstaklega áherzlu á það atriði, að hin nýju *skrifuðu* lög yrðu, sem mest mætti verða, að ytra innihaldi, efni og niðurskipun í öllum greinum svo ljós, einföld og aðgengileg fyrir alþýðu manna, að sérhver skynsamur maður gæti séð og

viðurkennt, að þessi hin nýju skrifuðu lög eigi væru annað en fullkomnari, fastari og tryggari réttarskipun á þeim aðalgrundvelli, sem vör nú nefndum, en vör áður höfum haft.

Með sérlegu tilliti til hinnar meðfæddu skynsemi og ihugunarafis Íslendinga, einkum hvað lög snertir, sem eigi að eins leiðir af eðlisfari þeirra yfir höfuð, heldur einnig hefir stoð sína í hinum fornu lagasetningum og lagaskipun þeirri, sem vart mun upprætt verða úr brjósti þeirra, kaus þingið þann veg, að láta hjálögin, hvað efni og niðurskipun áhrærir, halda sér við vel og ljóslega niðurskipaðar grundvallarreglur, með nokkrum heppilega og haganlega völdum dæmum til skýringar, og þessu samkvæmt gjörði þingið ýmsar mjög verulegar breytingar á stjórnarfrumvarpi því, sem lagt var fyrir það árið 1861, og það eigi að eins í einstökum greinum þess, heldur einnig í grundvallarhugsun og aðalreglum frumvarpsins.

Hver sem nú les ástæðurnar fyrir hinu konunglega frumvarpi, sem nú er lagt fyrir þetta þing, með athygli, mun brátt geta sannfært sig um, að stjórnin hefir aðhyllt þessa skoðun þingsins 1861, eins og hún líka vafalaust er byggð bæði á almennt viðurkenndum löggjafarreglum og réttri heimfærslu þeirra til hinnar íslensku þjóðar og réttarsögu hennar að fornu og nýju.

Þar sem því stjórnin engu að síður hefir fundið yfirgnæfandi ástæður til þess, eins og segir í ástæðunum fyrir nefndu stjórnarfrumvarpi, að gjöra svo verulegar breytingar á frumvarpi alþingis 1861, að leggja þyrfti enn þá nýtt frumvarp til laganna fyrir alþingi, þykir sem óhult muni mega gjöra ráð fyrir, að stjórninni hafi virzt sem alþingi 1861 hafi í þessum verulegu atriðum skjáltazt í því, að framfylgja hinum áðurgreindu grundvallarreglum sínum við tilbúning og niðurskipun þings-frumvarpsins, og að stjórnin því einmitt hafi gjört fyrtæðar breytingar á frumvarpi þingsins fyrir þær sakir, að hrundið yrði lögunum nær aðalstefnu og grundvallarhugsun þeirra, en alþingið 1861 gjörði.

Minni hluti nefndarinnar lætur þess nú getið, að meira hluta hennar og honum hefir að fáeinum atriðum undanteknum, sem síðar munu nefnd, eigi getað komið saman um það, hvort breytingar þær, sem í stjórnarfrumvarpinu eru frá frumvarpi alþingis 1861 hafi þann kost til að bera, er nú var ávíkið, og vill nú minni hlutinn reyna til í stuttu máli að drepa lítið eitt á skoðun sína og ástæður í þessu efni við hverja einstaka grein stjórnarfrumvarpsins.

Um 1. grein.

Hvað 16 ára aldurstakmarkið snertir, þá verður minni hluti nefndarinnar að vera meira hlutanum alveg samdóma um það, að það sé ómótmælanlega byggt á eldri og yngri lögum í landi voru, og að þetta megi fyllilega sjá af ástæðum þingsfrumvarpsins 1861 og meira hluta nefndarinnar. Þó athugar minni hlutinn ennfremur að eins og ekkert orð finnst í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, er lýtur að því, að brekja þann ómótmælanlega sannleika að hver maður er eptir Jónsbókinni bær um að ráða sjálfum sér, þegar hann er 16 ára, sjá meðal margra annara lagastaða framfærslubálk Cap. 1. in fine, samanber kap. II. samanber Kristinrètt kap. XXXVII saman við kap. XLII, þannig er röksemdaleiðsla stjórnarfrumvarpsins frá hinum yngri dönsku lögum með öllu ónóg til að sanna að þessi regla sé breytt. Þannig er það auðsætt að Frd. af 1831 I. 1. að eins snertir fjárforráð, en alls eigi hvenær maður ráði sjálfum sér, og einmitt samkvæmt því hefir löggjafinn í fátækrareglugjörðinni af 1834 ákveðið, að 16 ára ungmenni fari að vinna sér *framfærslurètt*, því það er almennara viðurkennt en frá þurfi að segja, að það er einungis *frjáls* og *sjálfráð* dvöl á einum stað, sem aflar manni framfærslurèttar, en eigi hin þvingaða, og þannig fellur sú ástæða frumvarpsins burtu af sjálfu sér, sem er byggð á því, að hreppstjórinn ráði 16 ára gömul ungmenni í vist, sem og er gagnstætt öllu því, er viðgengizt hefir og viðgengst enn þann dag í dag hér á landi. Þessu samkvæmt ber nú einnig að skilja Frd. 18. febr. 1847, sem og að eins snertir fjárforráð ómyndugra en alls ekkert persónulegt frelsi þeirra, sem einnig sèst af því, að opið bréf af 6. júlí 1848 lagði eins og reglugjörðin af 1834, 16 ára aldurinn til grundvallar fyrir því, hvenær hinn ungi maður færi *sjálfur* með dvöl sinni að ávinna sér *framfærslurètt*. Að maður nú af hlutarins eðli, eðar náttúrlegum myndugleika foreldranna yfir börnum, sem þannig hvorugt hefir stoð sína í lögum eður landsvenju, geti leitt, eins og stjórnarfrumvarpið þó gjörir, gagnstæða reglu, hefir sannarlega ekki mikið fyrir sér.

Þar á móti saknar minni hlutinn þeirrar ákvörðunar í stjórnarfrumvarpinu, að sóknarprestur hafi hönd í bagga með vistarráðum ófermdra unglinga, og það því fremur, sem þessi ákvörðun er jafneðlileg, og ætlunarverki sálusorgarans alveg eins samkvæm, hvort svo sem 18 eða 16 ára aldurstakmarkið er látið gilda. Aðalatriðið er þó auðsjáanlega það, að meðan ungmennið ekki er komið í krist-

inna manna tölu, og því þarf sérstaklegar leiðbeiningar við í sál- hjálparefnum sínum og kristilegu siðferði, þá virðist það sannar- lega varla geta verið vafa undirorpið, að hin borgaralegu lög eigi að gefa sálusorgaranum nokkurt atkvæði í því, hvar ungmennið velur sér samastað, og á hægast með að innræta sér kristileg fræði. Að þessu leyti hlýtur því minni hlutinn að vera stjórnarfrumvarpinu og meira hlutanum alveg mótfallinn.

Eins verður og minni hlutinn að ráða frá því, eins og þingið gjörði 1861, að sú ákvörðun verði í hjúalögum vorum, að foreldrar eður aðrir forráðamenn geti veitt þeim, sem yngri er en svo, að hann að lögum geti vistráðið sig, myndugleik til að gjöra það sjálfur. Því eins og það liggur í augum uppi, að hvorki foreldrar né forráðamenn geti með *leyfi sínu einu* gefið ungmenninu meiri þroska eða framfarir til að sjá sér farborða, en það hefir af sjálfsu sér og af guði þegið, heldur að eins losað það við yfirráð sín, þannig stríðir og þetta aptur beinlínis á móti hinni almennu og eðlilegu reglu, að foreldri eður forráðamaður eigi geti losað sig við skyldu sína með því, að gefa eptir rétt sinn, af því réttur og skylda haldast hér í hönd og verða eigi að skilin. Þessi ástæða verður nú þeim mun sterkari, sem menn leggja meiri áherzlu á þá skoðun stjórnarfrumvarpsins, að ekki einu sinni 16 ára gömul ungmenni hafi á Íslandi fengið nægan þroska til að vistráða sig sjálf.

Af þeim ástæðum, sem nú voru taldar, ræður minni hlutinn til þess, að 1. gr. stjórnarfrumvarpsins verði orðuð eins og 1. gr. í frumvarpi alþingis 1861.

Um 2. gr.

Af ástæðum þeim, sem skýrt voru teknar fram við þessa grein í frumvarpi alþingis 1861, sjá alþingistiðindin bls. 1099 til 1100, samanber athugasemdir meiri hlutans við sömu grein, ræður minni hlutinn til þess, að 2. gr. þingsfrumvarpsins 1861 komi í staðinn fyrir þessa grein í frumvarpi stjórnarinnar, og það því fremur, sem 2. málsgrein þingsfrumvarpsins einmitt innibindur hina sömu reglu sem 2. málsgrein stjórnarfrumvarpsins, en er þó langtum styttri og óbrottnari.

Um 3. og 4. gr.

Ekkert að athuga.

Um 5. gr.

Eins og segir í ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessar

grein, er henni að eins breytt fyrir þá sök, að útiloka vafa um það, hvort reglan skuli gilda um skemmri vist en ársvist. Minni hlutinn fær nú eigi sæð, hvernig þessi grein þingsins getur valdið misskilningi, því eins og reglan eptir orðanna hljóðun eigi á við þau vistarráð, er stofnuð eru *eptir* eður á jólum, þannig yfirgrípur hún berlega öll vistarráð, er gjörast *fyrir* þann tíma, enda virðist húsbóndinn ekki síður eiga að hafa forgöngurætt til þess hjús, sem þarf að koma sér niður eptir krossmessu, og hann í flestum tilfellum tekur af velvilja og greiðasemi, en til hins, er ræður sig á krossmessu, er allir vistarstaðir eru því opnir, þegar það þó er svo snemma, að eigi þarf að beygja hina almennu reglu til þess að heimfæra hana upp á hjúði. Það er þannig auðsæð, að 1. málsgrein í þessari grein stjórnarfrumvarpsins er þrengri en tilsvareandi málsgrein í frumvarpi þingsins, svo að orðið «árlangt» eigi á við, enda virðist það og um of að benda til þess sérstaklega og sjaldgæfa tilfellis (sjá ástæður við 2. gr.), að hjú ráði sig skemur en eitt ár.

Þannig álitur minni hlutinn, að 1. málsgrein í þingsfrumvarpinu 1861 ætti að koma í staðinn fyrir þessa málsgrein stjórnarfrumvarpsins. Minni hlutinn getur nú og eigi annað en komizt til sömu niðurstöðu hvað aðra málsgrein áhrærir, af þeirri ástæðu, að þessi málsgrein í þingsfrumvarpinu er miklum mun styttri og einfaldari, að eins stingur minni hlutinn upp á, að í staðinn fyrir orðið «tekur» í þingsfrumvarpinu komi: «ræður».

Um 6. gr.

Við 1. málsgrein er ekkert að athuga, þar sem hún er orðrætt eins og í þingsfrumvarpinu 1861, og hvað 2. 3. og 4. málsgrein snertir, viðurkennir minni hlutinn, að þær sæu betur orðaðar og ljósari í stjórnarfrumvarpinu, eins og líka segir í ástæðum þess, en í frumvarpi þingsins 1861, þó meiningin sæ í rauninni sú sama, og vill minni hlutinn því ráða til, að þessi grein í frumvarpi stjórnarinnar verði tekin orðrætt eins og hún er.

Um 7.—11. gr.

Eins og segir í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar um þessar greinir, gjörði þingið 1861 mjög verulegar breytingar á þessum greinum stjórnarfrumvarpsins, og er þar einnig með þessum orðum tekið fram, *í hverju* þessar verulega breytingar sæu fólgnar, og *hvers vegna* þingið gjörði þær, nefnilega í því skyni, *að gjöra lögin sem óbrottnust og þannig undir eins sem skiljanleg-*

ust fyrir alþýðu manna, sjá nákvæmlega hinar almennu athugasemdir minni hlutans her að framan.

Það sèst nú ljóslega af ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessum greinum, eins og þeim sjálfum, að stjórnin hefir fyllilega viðurkennt, að þesssi skoðunarháttur þingsins sè með öllu réttur, þar sem stjórnin hefir, eins og sjá má á bls. 17, einmitt játað, að það mælti mest með því, að sú regla þingsins, að *einnri aðalgrundvallarreglu væri fylgt, hvort sem* hjúasamningurinn væri rofinn áður eða *eptir* að hjúid kemur í vist, væri látin gilda, af þeirri ástæðu, að lögin yrðu þá *óbrotnari* og *skiljanlegri* heldur en með því móti, að gefa margar og margbrotnar reglur, og eru 10. og 11. grein stjórnarfrumvarpsins, sem síðar segir, lagaðar yfir höfuð að tala samkvæmt þessu eptir tillögum þingsins.

Gæti maður nú að 7. greininni í stjórnarfrumvarpinu, þar sem samkynja *aðalbreyting* er gjörð af þinginu 1861 á frumvarpi stjórnarinnar, sem þá var lagt fyrir þingið, einmitt af sömu grundvallarástæðu, sem nú var talin, mun maður einnig geta sannfært sig um það, að stjórnin í raun rætti einnig hefir aðhyllzt, hvað þessa grein snertir, þá verulegu breytingu þingsins 1861 á því frumvarpi stjórnarinnar, sem þá lá fyrir því, að réttara væri að gefa *einfalda* og *almenna* reglu, að svo miklu leyti sem unnt væri, um rétt húsbónda og hjús, hvors fyrir sig, til að ripta vistarráðum, áður en hjú fer í vistina, en hafa um það *flóknar* og *margbrotnar* reglur að ófyrirsynju, eins og gjört var í uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar og stjórnarfrumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið 1861, og óskar minni hlutinn, að hið heiðraða þing, vilji bera nákvæmlega saman hið eldra konunglega frumvarp og uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar á einn veg, og frumvarp alþingis 1861 og það stjórnarfrumvarp, sem nú er lagt fyrir þingið, á annan veg, svo það geti sèð og íhugað, hvort miðni hlutinn hefir rangt fyrir sèr eður eigi.

En jafnframt og minni hlutinn þannig þykist með fullum rökum mega halda því fastlega fram, að stjórnin hafi fundið yfirgnæfandi ástæður til að aðhyllast aðalgrundvallarreglur alþingis 1861, hvað þenna kafla laganna snertir, þá getur hann samt sem áður á hinn bóginn með engu móti viðurkennt, að breytingar stjórnarfrumvarpsins, einkum hvað 7. greinina áhrærir, sèu heppilegar eður jafnvel hafandi í lögunum, sem *samsvarandi* þeirri aðalhugsun og aðalgrundvallarreglu, sem eins og nú var ávíkið, eru fyllilega viðurkenndar

bæði af alþingi Íslendinga 1861, og af stjórnarfrumvarpi því, sem nú er lagt fyrir hið heiðraða þing.

Hvað þá 1. málsgrein þessarar greinar snertir, þá getur minni hlutinn engan veginn viðurkennt að hún sé rétt orðuð í stjórnarfrumvarpinu, eður eins vel og hjá þinginu 1861, jafnvel þó mönnum við fyrsta álit kunni að sýnast hún ljós, að því leyti sem hún með berum orðum tekur fram það tvennt, sem ráðgjört er í lög-unum, að annaðhvort vitji húsbóndinn hjúsins, eða það flytji sig til hans; því það getur þó víst eigi verið spursmál um, að það sé rétt, að hjú, sem t. a. m. eptir 7. grein 3. og 4. tölulið hefir tælt húsbóndann og prettað vísitandi og með því valdið honum ef til vill fjarskalegs skaða, eigi ekki að bera aðrar afleiðingar af því, en þær, að húsbóndinn hafði rétt til að veita því ekki móttöku. Sjá það er síðar segir um 10. og 11. grein. Að öðru leyti getur minni hlutinn ekki komið hjá því, að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir við þessa grein stjórnarfrumvarpsins. Það er næsta eptirtektavert, og því vill minni hlutinn biðja hið heiðraða þing að gefa nákvæmlega gætur að, að stjórninni hefir virzt, eins og segir í ástæðum hins konunglega frumvarps, sjá bls. 14. að ákvörðun þingsfrumvarpsins, 1861, 7. grein, 1. sé *svo óákveðin, að hún í daglegu lífi hæglega gæti gefið tilefni til þrúfaldlegra miskliða*, og að það því sé nauðsynlegt, að breyta henni svo, að það yrði ljóst, að *húsbóndi að eins hefir rétt til að rípta vistarráðunum fyrir vöntun þeirrar kunnáttu hjá hjúinu, sem hann áskildi, þá er hann ræði það til sín, og sem það með berum orðum kvaðst hafa til að bera, eður sökum þeirra ókosta, sem það, þá er það vistaðist, með berum orðum hefir neitað að hafa*. Minni hlutinn getur nú með engu móti séð betur, en að sú ákvörðun í þingsfrumvarpinu 1861, er hér ræðir um, eigi að eins standi í fullkomnustu samhljóðun við almennar reglur um samninga manna í millum yfir höfuð, heldur einnig að hún sé einmitt svo *ákveðin*, sem þær ýtrast leyfa; og minni hlutinn getur ekki eptir rækilegustu yfirvegun séð eða skilið, að rétti hjúsins sé gengið of nærri með því, að það giöri sig sekt í vistarrofi, eða með öðrum orðum, greiði húsbónda lögákveðnar skaðabætur, þegar það hefir tælt húsbónda sinn, annaðhvort með því, að *telja sér til gildis kosti*, sem hann gekkst fyrir, eður *leynt á sér ókostum*, sem fælt mundu hafa (nefnl. eptir venju og hugsunarhætti skynsamra manna á þeim og þeim stað) húsbóndann frá því að vistráða það. Hið óákveðna, sem á að liggja í þessu, ligg-

ur þá og í eðli hvers samnings, og verður í hjúasamningum, eins og annarstaðar, í hverju einstöku tilfelli ákveðið við það, sem hjúi og húsbónda fer á millum, er vistarráðin gjörast, eins og líka við það, að húsbóndinn verður, samkvæmt almennum grundvallarreglum laganna, að sanna, að hjúið hafi tælt hann á fyrirðæðan hátt. Beri maður nú þetta saman við tilsvarendi ákvörðun í 7. grein nr. 3 í stjórnarfrumvarpinu, þá mun það fljótt auðsætt, að hún einmitt er *svo ákveðin*, að hún á engan hátt getur verið í hjúalögum hér á landi, án þess að gjöra hjúasamninga annaðhvort *ómögulega*, eður þá svo *örðuga*, eptir henni, að reglunni yrði aldrei fylgt. Eða hvernig mundi það vinnandi verk fyrir húsbóndann, að telja upp fyrirfram *öll* þau verk sem hann kann að þarfnast af hjúsins hálfu, og *alla* ókosti, sem hann fælist; slíkt er eigi heimtandi af neinum almúgamanni, enda er það auðsjáanlegt, að þessi ákvörðun, ef hún ætti að hafa nokkra þýðingu, útheimtir skriflega hjúasamninga, sem torsótt mundi verða að búa til að lögum hér á landi, þegar húsbóndi og hjú annaðhvort eður bæði ekki kynni að skrifa eður lesa skript.

Minni hlutinn fulltreystir því nú, að eigi þurfi að benda á fleira en þetta til þess, að hið heiðraða þing sjái, að þar sem ákvörðun þess 1861, sem hér ræðir um, er bæði eðlileg, réttlát gegn hjúum, og eptirbreytanleg, þá er þessi ákvörðun stjórnarfrumvarpsins óframkvæmanleg hér á landi, og ofurselur einnig svo freklega húsbændur ódælsku hjúa sinna, að meira en góðu hófi gegnir. Minni hlutinn ræður því kröptuglega til, að 7. gr. 1. í frumvarpi alþingis 1861 komi í stað stjórnarfrumvarpsins 7. gr. nr. 3. og 4. sem ein almenn regla.

N. 1 og nr. 2 í stjórnarfrumvarpinu eru því nær alveg eins og 7. gr. 2. a, og b, í þingsfrumvarpinu; þó stingur minni hlutinn upp á, að orðin: «eður viðbjóðslegan» falli burtu í fyrnefndri málsgrein.

Minni hlutinn getur ekki fallizt á, að 7. gr. 2. c, og tilsvarendi ákvörðun 9. gr. nr. 1 sæu fjarstæðar í hjúalögum á Íslandi. Það liggur nefnilega í augum uppi, að vilji húsbóndi eður hjú svikja hvort annað, þá muni því hætta við, að bera eitthvað það í vænginn, sem meiðandi er fyrir hitt; en að lögin fyrirbyggi slík svik er alveg eðlilegt, og verður víst ekki sagt, að sè óþarfi hér á landi af þeim, sem til þekkja.

Minni hlutinn ræður þannig til, að 7. gr. í frumvarpi þingsins

1861 komi í staðinn fyrir 7. gr. stjórnarfrumvarpsins, þó þannig, að orðunum: »einvern næman sjúkdóm eður« verði bætt inn í 7. gr. 2. b á eftir orðið: »hefir«.

Hvað 8. gr. snertir, þá ræður minni hlutinn til þess, að í stað hennar komi 8. gr. í þingsfrumvarpinu 1861, af þeim ástæðum, sem þar eru greindar, og athugar minni hlutinn enn frammar, að hann álitur það eiga vel við, að við hafa í lögunum hvervetna orðið »vistarrof«, þar sem það á við, því þetta er föst lagahugmynd á islenzku máli; það verður og eigi séð, hvernig það á vel við, að taka 12. gr. þingsfrumvarpsins inn í þessa grein, því við það ruglast hin beina hugsun, sem á að ganga gegnum lögin. Hið almenna er og hér á landi, að húsbóndi vitji hjús, en ekki að hjúið flytji sig til hans, og þá er auðsætt, að þetta sjaldgæfara atvik eigi að koma eftir 7. – 11. gr., sem tala um hið almenna, í sérstakri, grein, er bendi til, hvaða áhrif það hafi á hinar áður gefnu reglur.

Til sömu niðurstöðu komst minni hlutinn viðvíkjandi 9. gr. cfr. ástæðurnar við 7. gr., þar sem bent er nægilega á, að 1. tölul. hefir allt aðra og meiri þýðingu, en stjórnarfrumvarpið virðist að leggja í hana.

Viðvíkjandi 2. tölul. stingur minni hlutinn upp á, að aptan við hann verði bætt: »Hið sama er og, ef húsbóndi flytur 2 þingmannnleiðir eða 3 vikur sjávar burtu frá þeim bústað, sem hann ráðgjörði við hjúið, er hann vistræð það. Samanber meiri hluta nefndarinnar. Þar sem þessi ákvörðun á enn betur við hér á landi en amtstakmark stjórnarfrumvarpsins.

Hvað loks snertir 3. töluliðinn, þá kom fram í umræðunum á alþingi 1861 á hverju hann væri byggður, nefnil. því, að það gæti verlið jafnvel alveg ranglátt móti hjúinu, að neyða það til að eiga á hættu réttarrannsókn yfir sér, enda mundu flest hjú á Íslandi heldur vilja verða fyrir megnum útlátum. Þessi ákvörðun stendur og eigi í neinni mótsögn við aðrar tillögur alþingis, eins og í stjórnarfrumvarpinu segir, heldur er þvert á móti í fyllstu samhljóðun við 7. gr. 2. d, sem saman við hana á að berast, og samþykkt er af stjórninni og þinginu. Það sjá og allir, að það er minni ástæða að taka þetta til greina eftir að hjúið er komið í vistina, því þá er eigi að vita nema hjúið sé samsekt húshóndanum, eða í öllu falli geti gefið einhverjar áriðandi upplýsingar í málinu.

Viðvíkjandi 10. og 11. gr.

Það er eigi lítill misskilningur, að þessar greinir, eins og segir

í ástæðum stjórnarfrumvarpsins, ekki gefi neina almenna reglu. Þessi almenna regla liggur nefnilega bersýnilega í orðinu: »vistarrof«, sem, eins og áður er ávíkið, er fast ákveðin almenn laga-hugmynd, og þess vegna er þetta orð hjá þinginu 1861 hvervetna við haft, þar sem talað er um brot á hjúasamningi frá hjús eða hús-bónda hálfu, og þegar þannig orðið vistarrof innibindur öll slík at-vik í lögum, einstakleg og almenn, er það auðsjáanlega misskiln-ingurinn á þessu orði, sem leitt hefir stjórnina til að breyta grein-um þessum.

Minni hlutinn fær og ómögulega sæð annað, en að það sæ hvað á móti öðru og niðurbjótí lög málið milli ástæðu og afleiðinga, að lögin gangi út frá því, eins og líka er alveg rétt, og ljósar ástæðu-ur voru færðar fyrir af alþingi 1861, og nú er viðurkennt í stjórn-arfrumvarpinu, að þá sæu vistarrof saknæmust, er þau eru gjörð áður en hjú kemur í vistina, en láta síðan afleiðingarnar af þessu grófara broti verða linari, en af því hinu vægara broti, að hjú hlaupi úr vist, sem það er komið í, sjá ástæður alþingis 1861; og óskilj-anlegt verður það auðsjáanlega, að lögin sýni þenna linleika, þeg-ar hjú hefir visvitjandi tælt húsbóndann á sér. Að nú harka, sem flýtur beinlínis af réttlátri lagareglu, sem lögin viðurkenna, sæ of hörð á móti hjúum, fær og minni hlutinn eigi með nokkru móti skilið, þar sem þó miðlun og sanngirni á þar að eins við, er hún eigi kemur í bera mótsögn við það, sem rétt er.

Þannig ræður þá minni hlutinn til þess, að einnig þessar greinir verði orðrættar, eins og þær eru í þingsfrumvarpinu 1861, settar í staðinn fyrir þessar greinir stjórnarfrumvarpsins.

Um nýjar greinir 12. og 13. gr. sjá frumvarp alþingis 1861.

Eins og ávíkið er að framan, ræður minni hlutinn til, að 12. gr. þingsfrumvarpsins 1861 verði orðrætt tekin á eptir 11. grein stjórnar-frumvarpsins, og að síðan komi þingsfrumvarpsins 13. grein, sem alveg er nauðsynleg, eigi að eins gagnvart 14. grein, (stjórnar-frumvarpið 12. gr.), heldur og einkum vegna þess, að það er eigi svo ljóst hjúum á Íslandi sem skyldi, að þau eigi að lögum megi setja önnur hjú í stað sinn.

Um 12. gr. (14. gr.).

Samkvæmt þessu ræður minni hlutinn til, að þessi grein verði hin 14. í röðinni, og að úr henni verði tekin orðin: »með neinum samningi«, sem eru alveg óþörf, og virðast eins og að benda á, að húsbóndi með einhverju öðru en samningi geti afsalað hjú, sem

þó mun ómögulegt. Enn fremur ætti í enda greinar þessarar að setjast »31. grein», í staðinn fyrir »29. gr.», sjá það sem síðar segir.

Um 13. gr. (15. gr.).

Minni hlutinn getur eigi séð annað, en að byrjun 15. gr. þingsfrumvarpsins 1861 hafi þann kost til að bera, sem þingið tók fram, því greinin á undan skilst náttúrlegast þannig, að haft sé einkum fyrir augum það tilfelli, að húsbóndi deyi, *áður* en hjú kemur í vist, þó einnig eigi að fylgja henni, þegar hann deyr seinna, en þá er það þó einnig aðgættandi, að aðrar reglur í lögnum koma þá einnig fram, semst um tímann, sem liðinn er fyrir dauðsfall húsbónda. Með því greinin líka er langtum íslenskulegri eins og þingið vildi láta hana vera, ræður minni hlutinn til, að grein þessi verði höfð eins og 15. grein í frumvarpi þingsins.

Um 14. gr. (16. gr.).

Aptan við þessa grein hlýtur minni hlutinn, eins og alþingi gjörði 1861, að álíta, að réttast sé, að komi ákvörðunin um forgöngur-rétt *hjúsins* í þrotabúum til síðustu 12 mánaða kaups þess og matarverðs, er minni hlutinn fellst á, að hjúinn hafi jafnan forgöngur-rétt til, því að í þessari grein er talað um kaupgjald húsis yfir höfuð, bæði upphæð þess, gjaldeyri og eindaga.

Þegar stjórnin enn fremur athugar við þessa ákvörðun, sjá 30. gr. í stjórnarfrumvarpinu, að 5—14—37 sé gildandi hér á landi, þá verður minni hlutinn að vera á gagnstæðri meiningu, þar sem eigi getur verið spursmál um, að þessi lagaregla með öndverðu hafi verið gefin fyrir Ísland, og hann ekkert það lagaboð þekkir, sem seinna gefur henni hér lagagildi, en af eintómu áliti stjórnarinnar getur minni hlutinn ekki sannfærzt um, hvað sé lög í landi hér.

Um 15. gr. (17. gr.).

Þessari grein er minni hlutinn samþykkur.

Um 16. gr.

Eptir hinu áðursagða, sjá 13. gr. minni hlutans, á þessi grein að falla burtu.

Um 17. gr. (18. gr.).

Þessari grein frumvarpsins er minni hlutinn samþykkur.

Um 18. gr. (19. gr.).

Minni hlutinn fellst einnig á þessa grein stjórnarfrumvarpsins.

Um 19. gr. (20. gr.).

Minni hlutinn getur ómögulega aðhyllt þá skoðun stjórnar-

innar, að ákvörðun um húsaga eigi að takast upp í tilskipun um réttarsambandið millum húsbænda og hjúa, því þetta er auðsjáanlega sprottið af samanblöndun tveggja ólíkra hugmynda, sem sín er hvað. Húsagi er allt annað, og byggður á allt öðrum laga-grundvelli en húsbóndaréttur. Húsaginn er byggður á því, að foreldrar eður þeir, sem að lögum standa í þeirra stað, eigi að uppala börnin, og húsaginn er heimilaður þeim bæði eptir hlutarins eðli og löggjöfinni sem nauðsynlegt meðal til þess. Ákvörðunin um húsagann á því að eins heima í þeim kafla laganna og lögfræðinnar, sem hljóðar um réttarsambandið milli foreldra og barna, eður í hinum svonefnda fjamilurétti. Húsbóndarétturinn þar á móti er byggður á því, að húsbóndinn þarf að hafa vinnuafi helzt fulltíða manna, sem einmitt eru komnir af barnsaldri, og því alls eigi standa lengur undir neinum húsaga, í sambandi við það, að hann verður að hafa nauðsynlegt vald, bæði til þess sér í lagi að stjórna vinnuafli sínu, og til þess yfirhöfuð að geta komið fram sem stjórnari húss síns og heimilis. Á þessum grundvelli hvílir réttur húsbóndans yfir hjúinu, og hlýðnis- og virðingarskylda hjúsins við hann, og minni blutinn vonar, að allir heilvita menn sjái og viðurkenni, að húsaginn í sjálfu sér þannig á ekkert skylt við húsbóndaréttinn, og samanblöndun þessara fjarstæðu og jafnvel gagnstæðu hugmynda á sízt við í þeim hjúalögum, sem, eins og þessi, byggja lagasambandið milli húsbænda og hjúa sem mest má verða á grundvallar-reglunum fyrir frjálsum samningum manna í millum, og menn mega ómögulega láta það villa sig, þó húsbóndinn hafi á heimili sínu ungmenni, sem standa undir húsaga hans, því þetta vald flýtur alls eigi af húsbóndarétti hans yfir hjúum sínum, heldur af því, að hann, hvað þau snertir, kemur í foreldranna stað, og á að uppala þau, enda mundu menn ella komast í þá mótsögn, að húsbóndinn gæti eigi verið húsbóndi yfir öðrum en þeim, sem hann hefði húsaga yfir.

Af augnamiði húsagaréttarins flýtur, að undir eins og uppeldið er á enda, hættir húsagarétturinn. Þess vegna er það í alla staði óviðurkvæmilegt og særandi tilfinningar manna hér á landi, ef húsaga mætti beita móti mönnum allt þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, rétt eins og móti börnum, enda er þessi regla í dönskum lögum auðsjáanlega byggð á 18 ára aldurs-takmarkinu fyrir persónulegum myndugleika, þó gjörð sé undantekning aptur frá þessu með stúlkur, af allt öðrum ástæðum. Sýnir þetta meðal

annars, hversu fráhverft það er, og stríðandi móti réttarmeðvitund vorri um það, hvenær menn að lögum hér á landi sèu bærir að ráða sèr sjálfir.

Minni hlutinn verður því kröptuglega að ráða hinu heiðraða þingi frá, að aðhyllast stjórnarfrumvarpið og meiri hlutann að þessu leyti, þann siðartalda að minnsta kosti þegar af þeirri ástæðu, að hann kemur í berustu mótsögn við sjálfan sig, hvað 16 ára aldurinn snertir.

Hvað ákvörðunina í frumvarpi alþingis 1861, 20. gr. því næst snertir, að »húsbóndi megi refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki, en þó svo að hann hvorki misbjóði því eða misþirmi, svo það biði meiðsli af«, þá eru mótbárur þær, sem standa í stjórnarfrumvarpinu móti henni, einmitt sprottnar af þeirri samblöndun á húsaga og húsbóndarétti, sem vèr áður höfum á vikið, þar sem stjórnin hefir ímyndað sèr, að alþingi hafi viljað þenja húsagann út yfir öll hjú, í stað þess, að þingsins tillögur auðsjáanlega, eptir því sem nú var sagt, hljóta að fara því fastlega fram, að húsagi allur hætti að minnsta kosti, þegar menn eru 16 ára, samanber 2. gr.

Minni hlutinn getur nú engan veginn sèð, hvernig 20. grein í þings frumvarpinu hefir svona freklega getað villt sjónir stjórninnar, þar sem þó orð hennar eru greinileg, og stjórnin enga ástæðu hafði til þess að álíta, að þinginu hefði orðið það á, að fara að taka upp ákvarðanir um húsaga í hjúalög, þar sem þær eptir hlutarins eðli, og því, sem áður er sýnt, alls eigi áttu við. Skoði maður nú grein þingsins, þá eru skilyrðin fyrir henni, með berustu orðum þar framtekin þau, að hjúið *áreiti* húsbóndann annaðhvort í *orði* eða *verki* og yfir grípur þannig að eins svo kallaðar »verbale og reelle Injurier«. Það vita nú allir, að hverjum óviðkomandi manni ber að lögum að hrinda þvílíkum órétti af sèr *strax* einmitt með því, að *gjalda líku líkt*, svo árásinni og óréttinum linni. Þessi réttur er nauðverjuréttur, og um hann dettur þó víst engum í hug að vilja neita húsbóndanum á móti hjúi sínu. En spursmálið er þá hér, hvort húsbóndanum ekki beri eptir hlutarins eðli, það er að segja stöðu sinni sem yfirboðara hjúsins og stjórnara heimilis síns, neinn annar meiri réttur yfir hjúinu, en hverjum öðrum óviðkomandi, sem hann sjálfur megi framfylgja, án þess að fara í langvinna málssókn við dómstólana, ellegar hvort

hjúinu eigi sé vandfarnara við húsbónda sinn, en hvern annan vandalaus.

Minni hlutinn verður nú að álita, að svarið upp á þessa spurningu liggi ofur beint við. Það er auðsèð, að áreitni hjúsins gegn húsbóndanum verður einnig að innihalda brot á þeirri sérstaklegu virðingu og hlýðni, sem hjúið er húsbóndanum skyldugt um, (sjá grundvallarregluna í stjórnarfrumvarpinu 15. gr. og 18. gr.); það er auðsætt, að slík brot, ef þau viðgangast gegn húsbóndanum að ósekju, eða án þess, að lögin gefi honum nokkurt sérstaklegt meðal til að geta afstýrt þeim, hljóti að neita og niðurbjóta allan þann rétt og vald húsbóndans, sem óumflýjanlega svarar til og leiðir af þessari virðingar- og hlýðnisskyldu hjúsins, og það ekki einu sinni hvað hið einstaka brotlega hjú snertir, heldur og miðar til þess, að drepa niður öllu áliti, virðingu, hlýðni, og stjórn hans á heimilinu yfir höfuð, og hann er engan veginn nógu bættur með því, sízt eptir því, sem hér hagar til á landi, að geta rekið rétt sinn við dómstólana.

Af þessu sèst nú, að það liggur í hlutarins eðli, einkum eptir því sem hér hagar til, að lögin hljóti að veita húsbóndanum þann sérstaka rétt, sem farið er fram í 20. gr. frumvarps alþingis 1861; því sá réttur, sem þar er gjört ráð fyrir, er ekkert annað eður meira, en að heimila húsbóndanum með berum orðum þann rétt, sem nú var sýnt að lægi í hlutarins eðli, og þar sem stjórnin hefir það enn fremur á móti þessari grein, að húsbóndanum með henni sé veitt heimild til að *misþirma* hjúinu, þá er þetta með öllu röng mótbára, er greinin í endanum setur nákvæmlega það takmark þessum rétti húsbóndans, þar sem í orðunum: »fyrir engar eða aðrar sakir» liggur auðsjáanlega það tvennt, að húsbóndi má hvorki refsa hjúi saklausu, nè heldur frekar á nokkurn hátt, en nauðsynlegt er fyrir hann, til þess að bægja frá sér þeim árásum hjúa sinna, sem nefndar eru í greininni. Og þegar stjórnin loksins ímyndar sér, að almenningsálitið hér á landi muni verða að vera því mótfallið, að veita húshændum svo yfirgripsmikið vald, sem nú var sagt, þá er það með öllu skökk ímyndun, því allir skynsamir menn hér á landi munu játa, að það sé rétt, sem minni hlutinn hefir tekið fram, eins og líka allir vita, að það er almenn umkvörtun hér á landi, að hússtjórn, sem öll önnur stjórn, sé orðin eyðilögð hér á landi.

Sökum alls þessa verður minni hlutinn að ráða til, að þingið aðhyllist 20. gr. í frumvarpi þess 1861, en jafnframt stingur hann

upp á, að aptan við þessa grein bætist áþekk hugsun og er í 19. gr. stjórnarfrumvarpsins 2. málsgrein, er orðist þannig: »Nú neytir húsbóndi þessa réttar síns gegn hjúi, og falla þá sektir niður eptir 19. gr.».

Um 20. 21. og 22. gr. (22. 23. og 24. gr.).

Þessum greinum er minni hlutinn samþykkur.

Um 23. gr. (25. gr.).

Í þessari grein á auðsjáanlega að vera tekið skýrt fram það, sem hvergi finnst annarstaðar í lögum þessum, að húsbóndinn ekki eigi á *nokkurn* hátt að geta losað sig við þá skyldu, sem honum er á herðar lögð, að annast hjúið í veikindum þess, og ekki geti velt henni upp á hjúið sjálft eður aðra. Þetta er nú gjört í 25. gr. alþingisfrumvarpsins 1861, og þar að auki bent á sérstaklega, að samningar, er gangi gagnstætt þessu, séu ómerkir, eins og líka er auðvitað. Stjórnarfrumvarpið þar á móti út tæmir engan veginn þessa hugsun, heldur talar að eins um það, að húsbóndinn með samningum sínum við hjúið ekki geti losað sig við þessa skyldu, en lætur það óumtalað, og kallar það þýðingarlaust, sem þó mun langt-um hættara við, að húsbóndinn þegjandi og á móti vilja hjúsins þröngvi svo kostum þess, þegar hann hættir að hafa gagn af því, svo sem í atlotum, umönnun, fæði o. s. frv., að það neyðist til að fara í burtu úr vistinni.

Minni hlutinn verður því að ráða þinginu til, að aðhyllast heldur 25. gr. frumvarps alþingis 1861, heldur en þessa grein stjórnarfrumvarpsins.

Um 24. gr. (26. gr.).

Samþykkur.

Um 25. gr. (27. gr.).

Orðabreytingarnar í enda þessarar greinar í stjórnarfrumvarpinu eru að eins til að lengja lögin hreint að óþörfu frá því sem þingið 1861 stakk upp á í tilsvareandi grein 27., þar sem í orðunum þar: »Sama er« o. s. frv. liggur beinlínis það, að endurgjalda eigi húshóndanum greptrunarkostnaðinn, rétt eins og í málsgreininni á undan er sagt um lækningakostnaðinn, og sem aptur lýsir því, að húsbóndinn hefir lagt hann út fyrir fram. Að fara frekar í þetta á og eigi við, þar sem alkunnug gildandi lög kveða nákvæmlega á um það, hverjum beri að koma dauðum manneskjum í jörðina, og verður því minni hlutinn að ráða þinginu til að taka upp 27. grein þingsfrumvarpsins óbreytta.

Um 26. gr. (28. gr.).

Eptir því sem frá er skýrt um 7. grein hér að framan, og því, sem samkvæmni lagareglanna heimtar, ræður minni hlutinn til þess, að í byrjun þessarar greinar verði tekinn fyrsti töluliður úr frumvarpi alþingis 1861 í staðinn fyrir stjórnarfrumvarpsins 8., 10. og 11. Eins verður minni hlutinn að frá ráða þinginu, að taka upp 9. töluliðinn í þessari grein stjórnarfrumvarpsins, sem leyfir húsbóndanum að reka hjúið úr vistinni áður en það er komið í vistina til hans. Að öðru leyti fellst minni hlutinn á þessa grein.

Um 27. gr. (30. og 32. gr.).

Samþykkur.

Um 28. gr. (29. gr.).

Samþykkur.

Um 29. gr. (31. og 33. gr.).

Samþykkur.

Um 30. gr.

Fellur burtu, eptir því, sem frá er skýrt við 14. grein stjórnarfrumvarpsins að framan.

Um 31. gr. (35. gr.).

Samþykkur.

Um 32. gr. (36. gr.).

Samþykkur.

Um 33. gr.

Minni hlutinn er þessari grein samþykkur, svo framarlega sem frumvarp stjórnarinnar, sem lagt hefir verið nú fyrir alþingi um afgreiðslu hjúamála, eptir því sem það kemur frá þinginu ekki hefir það í för með sér, að henni þurfi að breyta.

Eg hefi nú í stuttu máli skýrt hinu heiðraða þingi frá því, að hve miklu leyti, og hvers vegna eg álíti, að breyta þurfi frumvarpi stjórnarinnar um hjúalög á Íslandi, svo þau geti orðið eðlileg og sniðin að landsháttum að öllu leyti, og hefir hið heiðraða þing þegar árið 1861 með miklum atkvæðafjölda aðhyllt skoðun mína á þessu máli yfirbófuð, eins og líka hinn háttvirti konungsfulltrúi, sem þá var og enn er, lýsti því yfir þá á þinginu, að hann væri henni í flestum aðalatriðum samdóma.

Eg gat þess nú þegar í öndverðu, að stjórnarfrumvarpið hefði að mörgu leyti lagað sig eptir þeim aðalgrundvallarreglum, sem þar voru teknar fram, eins og segir í ástæðum þess, og enn betur

sèst, beri maður saman bæði stjórnarfrumvörpin og frumvarp alþingis 1861.

Af þessu sèst, að þegar er mikið unnið í góða og þjóðlega stefnu fyrir lög þessi, en þó er það óbifanleg sannfæring minni hlutans, að verði stjórnarfrumvarpið, eins og það liggur fyrir, eður með breytingum meiri hlutans, gjört að lögum, þá mundu svo margir og verulegir gallar verða á þeim, að betur hefði verið, að alþingi engan þátt hefði átt í þeirri löggjöf.

Sökum þessarar sannfæringar minnar, sem byggð er á þekkingu þeirri, sem eg yfirhöfuð hefi á lögum, og sérstaklega á þeirri umhugsun og yfirvegum, sem eg hefi veitt þessu áriðanda máli við það, að þingið nú tvívegis hefir falið mér á hendur að rannsaka það, hlýt eg kröftuglega að ráða hinu heiðraða þingi til, þegn-samlagast að beiðast þess, að stjórnarfrumvarpið eigi verði gjört að lögum, svo framarlega sem það ekki getur aðhyllt breytingar þær, sem eg hefi stungið upp á.

Af þessum ástæðum leyfir minni hlutinn sèr, að ráða hinu heiðraða þingi til, að það þegn-samlegast biðji vorn milda konung, að láta stjórnarfrumvarpið verða gjört að lögum með þeim breytingum, sem minni hlutinn hefir stungið upp á (sjá fylgiskjal), en geti þingið ekki fallizt á þetta, þá til vara :

Að stjórnarfrumvarpið ekki komi út sem lög fyrir Ísland.

Reykjavík, 8. ágúst 1863.

B. Sveinsson.

Fylgiskjal.

minna hluta nefndarinnar (B. Sveinssonar).

í hjúalagamálinu.

Að stjórnarfrumvarpið verði gjört að lögum með eptirfylgjandi breytingum :

1. Að 1. gr. orðist þannig :

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem ýngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn.

2. Að 2. grein orðist þannig :

Engi vistarráð skulu lengur gilda en 12 mánuði í senn, en gild skulu þau, þó skemur sè um samið. Þó svo, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir.

3. Að 5. gr. orðist þannig:

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd.

4. Að 7. grein orðist þannig:

Húsbóndi hefir löglegar ástæður til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sér með því, annaðhvort að telja sér til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir, eða leynt á sér þeim ókostum, er mundi hafa fælt hann frá, að ráða það til sín, og bæti þá hjú húsbónða sem fyrir vistarrof.

2. Eða ef það, eptir að það er orðið vistráðið,

a, drýgir einhvern þann glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur.

b, Enn fremur, ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissu sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmariumessu, eður lengur.

c, Ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónða sinn, náunga hans eður heimafólk, er eptir 28. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum, sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegningu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til.

5. Að 8. grein orðist þannig:

Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess eptir 6. gr. eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá eru það vistarrof við húsbónða; sjá 11. gr.

Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til að flytja sig sjálfst í vistina á sinn eigin kostnað jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2., bókstaf b, og húsbóndi láti það vita, að hann vilji ekki við því taka. Dragi það

komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sekt í vist-arrofum; sjá 11. gr.

6. Að 9. grein orðist þannig:

Hjú hefir lögmætar ástæður til að skorast undan því að fara í vistina:

1. Ef húsbóndi hefir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sèr.
2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt, eður vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það ræðst til hans. Hið sama er og, ef húsbóndi flytur 2 þingmannaleiðir eður 3 vikur sjávar burtu frá þeim bústað, sem hann ráðgjörði við hjúið, er hann vistræði það.
3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svírðilegur er að almennings álit, eður á heimilisfólk hans, svo að rættarrannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema hjúi hafi verið þessar kringumstæður kunnar, er það ræð sig í vistina.

7. Að 10. grein orðist þannig:

Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. og 9. gr., 1. og 2. atr., skal hann gjalda því umsamið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði.

8. Að 11. grein orðist þannig:

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8. gr., eður hefir látið sèr svo farast, sem sagt er í 7. gr., 1. og 2. c., þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup.

8. Að eptir 11. grein komi 2 nýjar greinir, þannig orðaðar:

12. gr. Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutning þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þó farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 10. og 11.

gr. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúið dregur viku lengur að nauðsynjalausu að koma í vistina.

13. gr. Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefji.

10. Að í 12. gr., sem verði hin 14., verði orðin: *með neinum samningi* felld úr, og »29. gr.» breytt í »31. gr.»

11. Að 13. grein orðist þannig:

Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og nægilegt sæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups.

12. Að aptan við 14. grein bætist: Í protabúi húsbónda hefir hjúið forgöngurætt til síðustu 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum.

13. Að 16. gr. verði úr felld.

14. Að 19. grein orðist þannig:

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki, en þó svo, að hann hvorki misbjóði því, nè heldur misþirmi, svo það bíði meiðsli af. En refsí húsbóndi hjúi fyrir engar eður aðrar sakir, skal það metið, sem við vandalaus gjört væri. Nú neytir húsbóndi þessa réttar síns gegn hjúi, og falla þá sektir niður eptir 19. gr.

15. Að 23. grein orðist þannig:

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda, hvort heldur svo hefir verið um samið eður eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því sem nú var sagt; og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu.

16. Að 25. gr. orðist þannig:

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni.

17. Við 26. gr.:

a, að í stað 8., 10. og 11. tölul. verði sett: »Ef hjúð gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr., 1. atr. og 2. atr. a».

b, að 9. tölul. verði úr felldur.

18. Að 30. gr. falli burt.

Nefndarálit

í málinu um rétt íslenzkrar tungu (sbr. 139. bls.).

Hið heiðraða þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til þess að bera upp álit vort um uppástungu, er þingmaðurinn úr Vestur-Skaptafellsýslu lagði fyrir þingið að þessu sinni, áhrærandi rétt tungu vorrar og það, hversu þeim rétti virtist hallað í ýmsum greinum af stjórninni í Danmörku og valdsstjórninni hér á landi, og var því farið fram í þessari uppástungu: 1. að hëðan af sè íslenzka viðhöfð ekki að eins á embættisbrëfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbrëfum, sem fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar. 2. að 2 hin æðstu embætti íslenzku stjórnardeildarinnar að minnsta kosti verði að eins veitt þeim dönskum mönnum, sem eru bærir um að sækja um embætti á Íslandi og fá þau veitt samkvæmt konungsráðskurðum 8. apr. 1844 og 8. febr. 1863.

Nefndin hefir ítarlega yfirvegað þetta mál og rætt það með sèr á fundum og leyfir hún sèr nú að bera upp um það álit sitt og tillögur fyrir hið heiðraða þing á þessa leið.

Það getur ekki dulizt fyrir neinum, heldur verða allir Íslendingar, aldir og óbornir að viðurkenna það með þakkæti, að þeir fedgar, vor allramildasti konungur og hans hásæli faðir, Kristján konungur hinn 8., orðu fyrstir allra Danakonunga til þess, að viðurkenna sèrstakt þjóðerni vort Íslendinga og landsrétt vörn, og að hyrningarsteinn þessi væri réttur, og ágæti hinnar íslenzku tungu. Hinn hásæli konungur Kristján 8. lét þetta ekki lenda við eintóma viðurkenningu í orði og sèrstaklegum úrskurðum, þar sem hann endurreisti alþingi Íslendinga, fékk því í hendur umræðu- og ráðaneytisatkvæði um allar lagasetningar og allar lagabreytingar þessa lands og aðrar ráðstafanir, er varða þjóð vora og þetta land, og skipaði svo fyrir, að öll þingmál frá stjórninni skyldi koma fram á íslenzku og öll skyldi þau ræða og rita hér á þingi á íslenzka tungu.

Ári síðar lét sami konungur út ganga hinn minnisverða allrahæsta úrskurð sinn 8. apríl 1844, er bauð svo, að allir danskir menn, er vildi sækja til embætta á Íslandi, skyldi sanna það fyrst með áreiðanlegum vitnisburðum, að þeir skildi íslenzka tungu til hlítar.

Sonur Kristjáns konungs 8. og eptirkomari á hinum danska trón vor allramildasti konungur Friðrik 7. fetaði hér, sem í öðru, í fótspor síns hásæla föður, og treysti grundvöll þann, sem af honum var lagður, til þess að viðreisa tungu vora og viðurkenna ágæti hennar og fullan rétt. Þegar á 1. ári ríkisstjórnar sinnar stofnaði hann frá nýju íslenzka stjórnardeild í Kaupmannahöfn, er hafa skyldi á hendi afgreiðslu allra mála vorra fyrir konungdóminum og stjórnarráðunum, og skipaði þegar frá upphafi 2 æðstu embætti þessarar stjórnardeildar *íslenskum mönnum*, en 3. Íslendingnum var veitt eitt hinna lægri skrifstofu-embættanna. Með þessu tryggði vor mildi konungur það tvennt, fyrst, að Íslendingar gæti borið fram málefni sín á tungu fedra vorra, eigi síður þau, er yrði að ganga út til Danmerkur, en hin sem hér á landi ná afgreiðslu, og þar næst að hin mikilvæga ákvörðun í 43. gr. alþingislaganna og hinar aðrar ákvarðanir er lyti að sama efni, mætti jafnan hafa fulla þýðing og verða framgengt, eigi síður í Danmörku heldur en hér innanlands. Oss virðist einnig, að hér með hafi komið fram landsföðurleg viðurkenning konungsins fyrir því, að hinir æðstu embættismenn stjórnardeildarinnar þyrfti ekki einungis að *skilja* málið til hlítar, heldur einungis að *þekkja* sem bezt alla landshagi vora, hið sèrstaklega ásigkomulag vort, landslög og siðvenjur, fremur og nákvæmar, heldur en nokkrum útlendum manni væri fært, enda þótt hann væri í alla staði vel fær í íslenzkri tungu. Með allrahæstum úrskurði 27. maí 1857 ákvað vor mildi konungur eindregnar og tryggði, að ekki yrði farið eins í kringum konungsúrskurðinn 8. apríl 1844, nè að hann væri gjör eins þýðingarlitill, eins og þá hafði verið farið að tíðkast um næstu árin þar á undan; 2 árum síðar var það, að Friðrik konungur fór að helga og staðfesta hinn íslenzka texta lagaboðanna með undirskript sinni, og þá einnig ráðherrarnir að staðfesta lögin (*«contrasignera»*) jafnframt konungi, sem og einnig að út gefa almennar stjórnarráða auglýsingar hingað til landsins á íslenzku með undirskript þess ráðherrans, sem hlut á að máli.

Þannig eru fram komnar af hendi sjálfra vorra mildu konunga eindregnar yfirlýsingar, laga-ákvarðanir og ráðstafanir, er sýna ský-

laust landsföðurlegan vilja þeirra í því, að uppi skuli halda óskerðu sèrstöku þjóðerni voru og að rétti íslenzkrar tungu skuli æ verða borgið, eigi síður andspænis konunginum sjálfum og stjórn hans í Danmörku, að því er embættisafskipti hennar verða að ná til þessa lands, heldur en hær í landinu sjálfu, og eigi síður í öllum innbyrðis viðskiptum og skrifum milli embættisstjórnarinnar innbyrðis, að því er Ísland og Íslendinga snertir að nokkru, og eins milli embættismanna konungs, hvort heldur hær á landi eða í Danmörku, og alþýðu manna á Íslandi, heldur en í öllum undirbúningi laganna og í sjálfum lagasetningunum, er til þessa lands eiga að ná.

En það fer fjarri, eins og bent er til í uppástungunni, að stjórn konungsins í Danmörku og hinir æðri embættismenn hær á landi hafi viljað láta sèr skiljast eður viðurkenna þessar yfirlýsingar, og ráðstafanir löggjafans sjálfs. Bréf stjórnarráðsins, sem kennt var við Örsteð 14. júlí og 19. ágúst 1854 til stiptyfirvaldanna og amtmannanna á Íslandi lagði fyrir embættismenn hær á landi, *þá sem kynnu dönsku*, að rita bréf sín á dönsku, ef þau væri þess efnis, að þau gæti gengið hëðan til stjórnarráðanna, og í annan stað skyldi senda staðfesta útteggingu af þeim álitsskjöllum, sem rituð væri á íslenzku, ef þörf væri á að senda þau til stjórnarinnar.

Það er nú auðsætt, að þessi fyrirskipun ráðherrastjórnarinnar fór í alveg gagnstæða átt við þann landsföðurlega tilgang, sem konungur yfirlýsti með stofnun hinnar íslenzku stjórnardeildar og með því að skipa 2 æðstu embætti hennar íslenzkum mönnum frá upphafi, og þar að auk er hún móthverf grundvallarreglunni í 43. gr. alþingistilskipunarinnar. Að þessu tvennu leyti virðist því mega álíta, að ráðherraskipun þessa bæði skorti nægar ástæður og næga heimild að lögum, þó að hún hefði ekki verið útþanin frekar en sjálf orð hennar liggja, auk þess sem hún ekki að eins skerðir freklega rétt tungu vorrar, heldur einnig stefndi að því, að draga íslenzku stjórnardeildina niður og gjöra smám saman úr henni danska embættisstofu undir dönskum ráðgjöfum, og skipaða eigi síður dönskum en íslenzkum mönnum. En svo kom þar til, að embættismennirnir hær á landi, og einkanlega hinir æðri, misskildu freklega og jafnvel rangfærðu landsmönnum í óhag þessar skipanir ráðherranna, og hëldu fast við þann miskilning engu síður heldur öllu fremur og viðsjálar eptir 1859, þegar þó konungurinn tók að undirskrifa íslenzka textann laganna, og hver ráðherrann af öðrum að staðfesta það. En með þessari verulegu breyting á stað-

festing laganna sjálfra þar sem engi ný lög eru síðan gild, nema bæði konungur og ráðherra undirskrift íslenzka textann, þá virðist öllu gildi og allri þýðing þessara ráðherra úrskurða frá 1854 vera kollsteypt, þó að svo hefði getað virzt með fyrsta, að þeir ætti við einhver rök að styðjast. Þessi misskilningur kom fram í því, og hefir haldizt síðan, ekki að eins að ráðherrastjórnin hefir ritað öll bréf sín, úrskurði og ráðstafanir hingað til lands eingöngu á dönsku, heldur einnig í því, að hinir æðri embættismenn hér á landi hafa sótt í sig veðrið með það einmitt fremur *eptir 1859*, heldur en þó var áður, að tilkynna og birta hlutaðeigendum hér á landi mörg eða flest öll embættisbréf og úrskurði ráðherrastjórnarinnar á dönsku. Einn hinna æðstu embættismanna hélt þessum misskilningi svo langt, að með umburðarbréfi 16. novbr. 1854 skipaði hann hinum mikla fjölda þeirra embættismanna, er undir honum standa, að öll mál, sem kynni að ganga til konungs eða stjórnarráðanna, yrði *hér eptir* að *vera samin á dönsku*, og hefir sú skipun ekki verið apturkölluð enn í dag, svo menn viti, og virðist nefndinni, að þetta sýni ljóslega, að hér í sè fölgnað fullar ástæður og brýn nauðsyn að hreifa þessu máli.

Önnur afleiðingin af þessum öfugu og mjög vefengjandi úrskurðum ráðherrastjórnarinnar 1854 er nú sú orðin, að skrifstofuforingja embættið í þeim hluta íslenzku stjórnardeildarinnar, sem afgreiðir málina («Comptoirchefen»), hefir nú þrívægis hvað *eptir* annað verið veitt dönskum mönnum, og þó engi þeirra látinn sanna áður, hvorki með áreiðanlegum vitnisburðum nè með prófi, að þeir skildi íslenzka tungu á þann hátt sem konungsúrskurðurinn 8. aprílm. 1844 og 27. maí 1857 áskilja. En þegar litið er til hins landsföðurlega tilgangs konungs vors með stofnun stjórnardeildarinnar, er hann skipaði 2 æðstu embætti hennar frá upphafi íslenzkum mönnum, eins og fyrr var sagt, svo að þjóðerni voru og rétti tungu vorrar mætti vera í alla staði borgið, einnig í hverju því máli, er verður að ná síðustu afgreiðslu hjá konungi sjálfum eða ráðherrastjórninni, þá virðist nefndinni auðsætt, að með því að skipa svona æðstu embætti stjórnardeildarinnar dönskum mönnum, þá sè ekki að eins stórum dregið úr hinum allrahæsta tilgangi konungs vors og þýðingu stjórnardeildarinnar, og það því ískyggilegar, þar sem sjálfur texti allra íslenzkra laga verður, nú orðið, að undirbúast í deildinni undir undirskript konungsins og hinna dönsku ráðherra, heldur leiðir einnig

af þessu sú viðbáruþörf, sem enn er beitt svo ástæðulaust, eins af hinum æðri embættismönnum hér eins og í stjórnardeildinni, að embættismálefni þau, sem þaðan ganga til Íslands eða héðan af landi fyrir stjórnina, verði öll að rita á dönsku máli, gagnstætt því sem nú er ákveðið og komið í fast horf um alla lagasetning í landi hér. Nefndinni virðist líka að vekja megi athygli að því, að úr því þetta ólag nú hefir getað rutt sér til rúms, að danskur maður, sem ekki skilur eitt orð í íslenzku, er tekinn til foringja afgreiðslu skrifstofunnar í stjórnardeildinni, þá er auðvitað, að miklu vandfengnari verður fullhæfur maður til hins æðsta embættis eða Directeur-embættisins í deildinni, þegar það losnaði, þar sem skrifstofuforinginn, sem að öðru leyti mundi liggja næst að takast það embætti á hendur, ef losnaði, sakir æfingar- og kunuugleika við embættisstörfin, verður ekki tekinn til æðra embættisins fremur en hver annar danskur maður, af því hann kann ekkert í íslenzku. Sakir þessara viðsjálu afbrigða frá upprunalegri stofnun og ætlunarverki íslenzku stjórnardeildarinnar, og frá þar að lútandi skýlaust yfirlýstum vilja konungsins, þá liggur sá kvíðbogi mjög nærri og er síður en ekki ástæðulaus, að einnig kunni hið æðra embættið deildarinnar að verða veitt dönskum manni, þar sem það líka, með því að þetta aflaga fyrirkomulag hældist, mundi reynast vansæð, hvort kostur yrði á nokkrum þeim Íslendingi, er þætti í alla staði fær og óyggjanda trúanda til að takast þetta áriðanda og vandasama embætti á hendur, án þess hann hefði áður verið í hinum lægri embættastigum í deildinni, og náð með því móti bæði æfingu og kunnugleika í þeim embættisstörfum sem þar liggja fyrir. Hitt virðist auðsætt, að því slakar sem slegið væri við því, að fasthalda hinu upprunalega fyrirkomulagi og ætlunarverkum stjórnardeildarinnar, og að skipa embætti hennar íslenzkum mönnum, er yfirhöfuð að tala tæki hver af öðrum við æðri embættunum, eptir því sem losnaði, samkvæmt vanalegum anciennitetsreglum, því fremur er halli búinn þeim rétti tungu varrar og þjóðernis, sem konungurinn ætlaði af mildi sinni að tryggja með stofnun deildarinnar, því sterkari og óeðlilegri tálmanir verða lagðar fyrir það, að tunga vor og sjálfir vör fengjum að verða aðnjótandi sama réttar og sömu viðurkenningar í öllum embættisviðskiptum, afgreiðslu og úrskurðum eins og í lögum og lagasetningu þessa lands, og því fremur hlýtur að draga úr þeim vonum og því trausti, er Íslendingar hafa sett til stjórnardeildarinnar, á meðan æðstu embætti

hennar hafa verið skipuð ágætismönnum íslenzkum, er hafa uppalizt hér á landi, og þekkja hér grannt til allra efna og ásigkomulags. Af þessum ástæðum virðist nefndinni nauðsynlegt, að ráða þinginu til að fara feti lengra í niðurlagsuppástungu sinni um þetta atriði í bænarskránni til konungs, heidur en gjört er í uppástungunni sjálfri, og byggja þar á þeim grundvellingum, er hin konuuglega hönd fyrst lagði; en hann var sá, að skipa hin æðstu embætti stjórnardeildarinnar íslenzkum mönnum; viljum vér þar á móti ráða þinginu til, að bera hitt upp sem vara-uppástungu jafnframt, að þessi embætti verði því að eins skipuð dönskum mönnum, að ekki sé kostur á neinum íslenzkum mönnum, er til þeirra væri hæfir, og þó því að eins, að þeir hafi áður fært sönnur á það, eptir reglum þeim sem settar eru í kgs.úrsk. 27. maí 1857, og 8. febr. 1863. að þeir sé svo færir í íslenzku og skilji hana til hlítar, eptir því sem áskilið er í kgs.úrsk. 8. apr. 1844, af þeim útlendum mönnum, sem vilja sækja um embætti á Íslandi.

Í sambandi við þessa 3 síðast nefndu konungsúrskurði; sem allir stefna að því, að tryggja lands og þjóðarrétt vorn og rétt tungu varrar, er það mál, er nefndinni þykir hlýða að drepa hér á og leiða að því athygli hins heiðraða þings. Það er orðið heyrum kunnugt, að próf það, sem 2 dönsk embættismanna-efni hafa tekið við háskólann í Kaupmannahöfn á þessu vori, samkv. konunglegum úrskurði 8. febr. 1863, þótti ekki þeim, sem voru þar heyrnarvottar að, vera svo leyst af hendi eða gefa þá raun, sem þó er vafalaust tilætlun lagaboðsins sjálfs, en hún er auðvitað sú, að einmitt með þessu opinbera prófi náist formleg og fyllri trygging fyrir því, heldur en áður var, að skilyrðunum á konunglegum úrskurði 8. apríl 1844 verði í alla staði fullnægt. En það væri þó næsta sorglegt, ef úrskurðurinn 8. febr. þ. á. þætti geta valdið misskilningi í þá átt, að ábyrgðin andspænis hinu opinbera fyrir því, að embættiskandidatinn, skildi til hlítar íslenzka tungu, yrði slakari og öllu minni eptir en áður, en þessari tilslökun þætti þó mega gefa eins konar yfirskyns helgi með þeim formskilyrðum, sem úrskurðurinn 8. febr. 1863 ákveður. Vér leyfum oss því að benda hinu heiðraða þingi til, hvort ekki mundi vel hlýða, í sambandi með þessu máli, að tekin væri fram á rökum byggð bending í bænarskránni til konungs í þá stefnu, hvort ekki mundi ástæða til og jafnvel nauðsynlegt, að stjórn konungsins brýndi það sem fyrst fyrir þeim prófkennendum og prófdómendum, sem hér eiga hlut

að máli, að það sé auðvitaður og augspýnilegur lagagrundvöllur, og tilgangur konungsúrskurðanna 27. maí 1857, og 8. febr. 1863, að ákveða nákvæmar og tryggja andspænis binu opinbera ábyrgðina fyrir því, að skilyrðum þeim verði í alla staði fullnægt, sem eru ákveðin í allra hæstum úrskurði 8. apr. 1844, nefnil. að sá, sem gengur undir prófið, skuli þar með sanna, að hann sé fær til hlítar í íslenskri tungu, en engan veginn að fyrnefndur úrskurður 1857 og 1863 heimili með nokkru móti að draga úr þessum skilyrðum, eða nokkura tilslökun við þau.

Af þeim ástæðum, sem hér eru fram teknar, leyfir nefndin sér að ráða hinu heiðraða þingi til, að rita konungi þegnlega bænarskrá um þetta mál, í þá stefnu, að konungur allframildilegast úrskurði og skipi svo fyrir.

1. Að hëðan af sé íslensk tunga við höfð, ekki að eins á embættisbréfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbréfum, sem fara á milli íslenskra embættismanna og stjórnarinnar.
2. Að tvö hin æðstu embætti íslensku stjórnardeildarinnar, að minnsta kosti, verði að eins veitt íslenskum mönnum.
3. (Til vara): að beri svo að einhverju sinni, er annaðhvort þessara æðstu embætta í stjórnardeildinni losnaði, að ekki sé kostur á fullhæfum íslenskum manni, til þess að takast það á hendur, þá verði samt hvorugt það embætti veitt dönskum manni, nema því að eins, að hann samkvæmt fyrirmælum konungsúrskurðanna 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 hafi fært sönnur á, að hann sé fær til hlítar í íslenskri tungu, eins og áskilið er í konunglegum úrskurði 8. apr. 1844.

Alþingi 10. ágúst 1863.

J. Guðmundsson, *P. Melsteð.* Sv. Skúlason.
formaður og framsögumaður.

13. gúst — Þrítugasti og Þriðji fundur.

Nefndarálit.

í málinu um endurbætur á hinum lærða skóla (sbr. 96. bls.).

Hlið heiðraða þing hefir kosið oss undirskrifaða í nefnd til að

segja álit vort um bænarskrá frá Húnavatnssýslu um breytingu á nokkrum atriðum í reglugjörð hins lærða skóla.

Eins og kunnugt er tók alþingi þetta mál til meðferðar sumarið 1861, gjörði uppástungur um nokkrar breytingar á reglugjörð skólans, ritaði um það konungi vorum þegnlega bænarskrá og beiddi hann, að sett yrði nefnd manna til að semja reglugjörð fyrir skólann samkvæmt uppástungu-atriðum þess. Þessu næst var að tilhlutun stjórnarinnar sett 5 manna nefnd hér í Reykjavík sumarið 1862 til að segja álit sitt um málið og gjöra um það þær uppástungur, sem henni þætti við þurfa. Nefnd þessi lauk störfum sínum samsumars, og sendi umsjónarmönnum skólans álit sitt og uppástungur, og þeir sendu þetta aptur stjórnarherra kirkju- og kennslumálanna ásamt athugasemdum sínum. Af því að rektor skólans varð sökum heilsulasleika að fara burt hëðan, meðan á störfum nefndarinnar stóð, svo að umsjónarmenn skólans urðu að setja yfirkennara Jens Sigurðsson í nefndina í hans stað, og af því að rektor þannig ekki gafst færi á, að láta álit sitt um málið í ljósi, þá hefir nú hlutaðeigandi stjórnarherra sent honum málið allt til íhugunar. Sakir þessa verður meiri hluti nefndarinnar að halda, að mál þetta sè nú komið svo langt áleiðis, að þingið eigi alls ekki að taka það til meðferðar að nýju á þann hátt, sem bænarskráin úr Húnavatnssýslu fer fram á, eða rita konungi vorum um það nokkra bænarskrá, heldur hlyti þetta að verða til þess að spilla fyrir og seinka úrslitum málsins. Þar á mót er það álit vort, að svo framarlega sem þingið vill enn á ný vekja athygli stjórnarinnar á þeim atriðum í málinu, sem bænarskráin tekur fram, en sem vèr að öðru leyti ætlum að sè öldungis óþarft, þá sè sá einasti rætti vegur fyrir þingið, að biðja forseta sinn að senda optnefnda bænarskrá rektor skólans, svo framarlega sem hann hefir málið hjá sèr til íhugunar, eða að öðrum kosti konungsfulltrúa, og hljótum vèr því fremur að halda fast við þessa skoðun vora, sem bænarskráin ber það með sèr, að beiðendurnir hafa eins og eðlilegt er, verið ókunnugir tilögum skólanefndarinnar í heild sinni, og þeim ástæðum, sem þær eru byggðar á, og því síður hafa þeir þekkt, hvað umsjónarmenn skólans hafa lagt til málanna, eins og vèr líka af sömu orsök álitum ófært fyrir þingið að taka mál þetta til nýrrar meðferðar, þar sem það ekki heldur hefir þessi skýrteini í höndum.

Af þessum ástæðum verður nefndin að ráða þinginu til, að senda fyrnefnda bænarskrá gegnum forseta sinn rektor skólans, ef

hann hefir skólamálið til ihugunar, en að öðrum kosti konungsfulltrúa til frekari ráðstöfunar.

Reykjavík, 7. ágúst 1863.

P. Pétursson. H. Kr. Friðriksson. H. G. Thordersen.

skrifari og framsögumaður.

formaður.

B. Sveinsson. S. Skúlason.

Með tilliti til ágreiningsatkvæðis okkar í málinu.

Eins og við undirskrifaðir í minni hlutanum höfum tekið fram, er við skrifuðum undir álit meiri hlutans í þessu máli, höfum við ekki getað orðið meðnefndarmönnum okkar samdóma, enda virtust okkur líka umræður þingsins, þegar það fekk nefndinni þetta mál í hendur, lúta að því, eins og í bænarskránni var farið fram á, að nefndin og þingið tæki málið til meðferðar í heild sinni og reyndi að ráða bætur á ýmsum göllum, er enn kynni að vera á því, og af því að minni hlutinn varð líka að vera á þessu máli, verðum við nú að bera álit okkar sérstaklega fram fyrir hið heiðraða þing, á þessa leið:

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá úr Flúnavatnssýslu, er biður þingið að taka til ihugunar á ný mál það, er hið síðasta þing 1861 hafði til meðferðar, um breytingar á reglugjörðinni fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík. Bænarskráin lýsir yfir því álitu beiðenda, að hin konunglega nefnd, er sett var í Reykjavík í fyrra haust, hafi í einstökum atriðum vikið svo langt frá tillögum alþingis 1861, að nauðsyn beri til, að þingið endurskoði málið og hrindi í lag þeim einstöku misfellum er á málinu sæu, áður en því verði ráðið algjörlega til lykta af stjórnarinnar hendi. Bænarskráin fer því þar næst fram, að alþingi komi því til leiðar:

1. Að inntökupróf nýsveina falli burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, en að skóli verði veittur þeim, sem um hann sækja, eptir vitnisburðum þeirra, sem hafa búið þá undir skóla, eins og gjört var meðan skólinn var á Bessastöðum.
2. Að ölmusur verði veittar piltum þeim, sem ekki eiga heima í Reykjavík fyrir piltum, sem þar eiga heima.
3. Að uppástunga alþingis 1861 og skólanefndarinnar um launaðan inspektor falli burt.
4. Að uppástungum alþingis 1861 og skólanefndarinnar að öðru leyti verði framgengt, að svo miklu leyti, sem þær eru uppástunga þingsins samhljóðandi.

Jafnframt og beiðendur skjóta því til þingsins, hvort ekki beri nauðsyn til:

Að það taki til athugunar, að skólinn verði fluttur úr Reykjavík að Bessastöðum.

Við ætlum óhætt að fullyrða, að alþingi vort Íslendinga hafi varla frá byrjun vega sinna áunnið sér meiri hylli og viðurkenningu þjóðarinnar fyrir meðferð neins einstaks málefnis, heldur en fyrir meðferð skólamálsins 1861. Við ætlum engin tvímæli á, að flestar uppástungur þingsins hafi þar verið alveg að skapi landsmanna, enda hafa þegar komið fram gleðilegar afleiðingar þessarar þjóðlegu viðurkenningar, því þrátt fyrir það, þó að hin síðustu ár hafi bæði til lands og sjávar mátt heita næsta örðug, eins og sjá má af hinum litlu framsörum vorum í búnaði og peningsfjölgun, þá var þó sem nýtt líf og fjör kviknaði hjá þjóðinni, er hún þannig fekk von um, að vegurinn til menntunarinnar mundi gjörast greiðfærari; og svo margir tóku þá þegar að láta sonu sína ganga lærdómsveginn, og það jafnvel suma, er voru orðnir svo gamlir, að lítil von var að kæmist í skólann, nema stjórnin aðhylltist uppástungur þingsins, að nú í vor hafa 9 tekið inntökupróf, og þó von á 6 næstkomandi haust, svo að þiltum fjölgar nú um 15 þetta ár í skólanum.

Undirtektir stjórnarinnar undir þetta mál voru nú líka bæði greiðar og góðar. Hinn mildasti konungur vor skipaði forstöðumann prestaskólans og skólameistarann í nefnd þá, er þingið hafði um beðið, og fól stíptsyfirvöldunum á hendur að kveðja til hina aðra þrjá, og það var þannig eigi stjórninni að kenna, þó kosning þessi eigi værl samkvæm því, er þingið hafði um beðið. Við höfum nú reyndar eigi sæð, hvílíkar reglur stjórnin kann að hafa sett nefnd þessari til þess að fylgja í störfum sínum, en ætlum þó, að nefndinni muni hafa verið gefnar frjálsar hendur til þess að taka þá stefnu í málinu, er hún áleti haganlegasta og bezta.

Þegar við nú snúum okkur til þess, sem hin konunglega skólanefnd hefir afkastað, þá sjáum við reyndar á niðurlagsatriðum hennar, að hún hefir hugsað málið ítarlega og velt því fyrir sér á marga vegu; en þó kemur það hér fram, að okkur vantar það, sem við helzt mundum kjósa, að hún hefði leyst af hendi, og það er ný og skipuleg skólareglugjörð; eins og þingið 1861 beinlínis tók fram, að nefnd þessi skyldi semja, samkvæmt þeim niðurlagsatriðum er það samþykkti í bænarskrá sinni til konungs um málið. Auk

Þessa hefir nú hin konunglega skólanefnd í ýmsum verulegum at-riðum vikið frá tillögum þingsins 1861, og þó að við ekki þekkj-um ástæður nefndarinnar fyrir því, verðum við að álíta sumar þeirra miður heppilegar, og ætlum fulla þörf á, að þingið gefi stjórninni enn á ný ýmsar bendingar um málið, áður en því er ráðið til lykta að fullu og öllu.

Við sjáum það nú að vísu, að meiri hluti hinnar konunglegu skólanefndar hefir viljað halda sér sem fastast við uppástungur al-þingis 1861, og að það hefir ef til vill einungis verið fyrir þá sök, að svo langt bil hefir verið milli meiri og minni hlutans í nefnd-inni, að stjórninni, eptir að hún hafði fengið allar uppástungur nefndarinnar og álit yfirstjórnenda skólans, hefir þó ekki fundizt á-stæða til, að gjöra þegar út um málið, heldur sent það hingað til lands skólameistararum sjálfum, er sökum forfalla ekki hafði get-að tekið þátt í störfum nefndarinnar, til þess að fá hjá honum enn á ný ítarlegri skýrslur um málið. Eins og kunnugt er hafa nú eldri uppástungur þessa hins sama skólameistara um skólann og skólamálið verið auglýstar í blöðum næstliðinn vetur og verða þær í grundvallaratriðum sínum mjög svipaðar því, sem þingið 1861 hafði upp á stungið í 4. niðurlagsatriði sínu í bænarskrá til konungs, og meiri hluti skólamálsnefndarinnar hefir líka að nokkru leyti að-hyllzt viðlíka grundvallarreglu.

Við ætlum því, að vèr munum vinna þjóð vorri gagnlegt og stjórninni þægilegt verk, ef að vèr getum fengið hið heiðraða þing til þess að aðhyllast og enn á ný biðja hinn allramildasta konung vorn um ýmisleg atriði, er snerta þetta mál.

Hið fyrsta atriði, er við þá viljum leyfa okkur að taka fram er um inntökuprófið, og verðum við þar í aðalefninu að hallast að uppástungu alþingis 1861. Það var eflaust ekkert atriði, er tekið var fram með jafnmiklum áhuga í hinum mörgu bænarskrám, er komu til þess þings viðs vegar úr landinu, sem það, að inntökuprófið skyldi falla burt sem skilyrði fyrir inntöku í skólann, og þetta virðist okkur líka í alia staði rétt, og breyting sú, er meiri hluti skóla-nefndarinnar hefir þar á gjört, að öllu lakari, því það gagnar alls ekki, er nefndin hefir sett þeim vandræðum til bóta, ef piltar eru gjörðir rækir við inntökuprófið, að þeim þó skuli gefast kostur á að vera í skólanum sem aukasveinar einn vetur til reynslu, ef for-eldrar eða vandamenn óski þess; því eins og tekið er fram í bæn-arsskránni til þessa þings, getur þetta sjaldan komið hlutaðeigandi

piltum að haldi, því foreldrar þeirra og vandamenn, eru optast svo iangt í burtu, að þeim getur alls enginn kostur gefizt á því, að láta óskir sínar í þessu efni í ljósi. Þegar menn nú ennfremur gæta þess, að nú er orðinn svo tilfinnanlegur skortur á lærdómsmanna-efnum hér í landi, að til vandræða horfir, svo að hér vantar mikið á ár hvert, að nógu margir stúdentar útskrifist úr hinum lærða skóla til þess, að þeir með aukinni menntun hér í landi eða við háskólann, geti fyllt upp í það skarð, er árlega verður í nauðsynlega embættismannatölu hér hjá oss, þá virðist brýn nauðyn bera til þess, að sem allra minnst skilyrði séu gjörð fyrir inntöku í lærða skólann, svo að engir fráfælist fyrir slíkra hluta sakir. En þó að við þannig alis ekki viljum hafa inntökuprófið sem skilyrði fyrir því, að piltar komist í skóla, er það fjærri hugsun vorri, að kröfur til pilta, er í skólann vilja ganga, skuli vera jafnlitlar og þingið 1861 ráðgjörði, því við viljum á engan hátt draga úr eða minnka heimakennsluna, og viljum við því, að inntökuprófinu sé allt fyrir það haldið eins og það nú tiðkast til þess að reyna hæfilegleika nýsveinanna, og fá glögga grein fyrir kunnáttu þeirra, þegar þeir koma í skólann og líka til þess, að kennendurnir geti með rökum ákveðið, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast. Við álitum sjálfsagt, og það svo að ekki þurfi að taka það fram, að piltarnir hafi með sér vitnisburð frá þeim, er kennt hefir undir skóla, um hvað pilturinn hefir lesið. Við ætlum, ef þessu yrði þannig til hagað, að þetta einmitt mundi auka keppni milli landsmanna í heimakennslunni, einmitt þegar menn á annan bóginn sjá, að engin hætta er að senda piltinn í skóla með ærnum kostnaði upp á von og óvon, og þó á hinn bóginn, að maður vinnur margfalt fyrir sig að kostnaðinum til og fyrir piltinn að tímanum tii, ef hann er vel undirbúinn.

Í öðru lagi verðum við einnig að öllu leyti að hallast að uppástungu alþingis 1861 um hið lægsta aldurstakmark pilta þeirra, er í skólann koma, og verða að setjast í neðsta bekk, en enga aðra takmörkun viljum við hafa um aldur pilta við inntöku þeirra í skólann. Enda virðist okkur uppástunga meiri hluta skólanefndarinnar um þetta efni mjög svo tvíræð, og svo að teygja megí hana og þýða á ýmsa vegu. Aptur á móti viljum við ekkert aldurstakmark setja fyrir inntöku pilta í alla hina efri bekkina; því að við álitum, einkum þar sem jafnmikil fæð menntamanna er, eins og hér á landi nú sem stendur, að skólameistarinn og yfirstjórn skólans eigi að

hafa alveg óbundnar hendur í því efni eptir kringumstæðunum; enda geta menn jafnaðarlega — eins og reynslan sýndi á Bessastöðum — búizt við því, að piltar, sem eldri eru orðnir, þegar þeir vilja komast að skólanum, gjöri það af sérstakri innvortis hvot, og að varla geti hjá því farið, að þeir þá bæði hafi töluverða hæfileika og sæu útbúnir þeim andans þroska, er gjöri þeim skólalærdóminn þeim mun léttari sem þeir eru eldri. Sjálfsgagt hljóta þeir að geta sýnt það við inntökuprófið, að þeir hafi farið yfir svo mikið, að þeir að minnsta kosti sæu hæfir til að setjast í annan bekk.

Hinu þriðja atriði um skólatímann höldum við óbreyttu eins og það er ákveðið í uppástungum þingsins 1861 og meiri hluta skólanefndarinnar.

Í fjórða lagi verður minni hlutinn að ráða þinginu til að laga uppástungur sínar viðlíka og þingið gjörði 1861 um kennsluna í hinum lærða skóla. Skólanefndin hefir nú að vísu farið að nokkru leyti í líka stefnu, en þar er þó verulega vikið frá tillögum þingsins að okkar ætlun og tillögur þingsins með þeim ástæðum, er þær voru byggðar á, að öllu leyti betri. Þessi grein þingsins 1861 kemur líka næsta vel heim við þær uppástungur skólameistarans sjálfs, er við höfum fyr getið að grundvallaratriðunum til, því þar er því farið fram, að einkum sè lögð stund á hin fornu vísindi Grikkja og Rómverja og móðurmál vort, og eru þessi þrjú mál til samans þær aðaltungur, að varla getur lagður orðið betri grundvöllur fyrir menntun manna, heldur en með því að leggja góða undirstöðu í skólanum í þessum fræðum. Rækileg kennsla í hinum fornu klassisku málum hefir um svo langan aldur verið einkenni hinna íslenzku skóla, að við álitum fulla nauðsyn til að halda þeim fram sem aðalstofni menntunarinnar, og þegar þar við bætist sú krafa, að móðurmál vort og nákvæm þekking þess að fornu og nýju, ásamt bókmenntasögu vorri og landssögu verði gjört að einni aðalvísindagreini skólans, þá fáum við ekki betur sèð, en að aðalskilyrði þau, er menntuðustu þjóðir heimsins gjöra til lærdómsskóla sinna, sæu þannig fengin. Það er af þessum ástæðum, að við viljum ráða hinu heiðraða þingi til að fara því fram í bænarskrá til konungs, að hinar munnlegu og skriflegu einkunnirnar í íslenzku og latínu og einkunnin í munnlegri grísku skuli hafa tvöfalt gildi.

Í hinum öðrum vísindagreinnum skólans verðum við þar á móti, eins og þingið 1861, að álíta, að draga skuli kennsluna saman, eins

og eðlilega og hæglega verður gjört, ef að þingið aðhyllist uppástungur minni hluta nefndarinnar um íslenzkar kennslubækur eins og við siðar munum fara fram á; og virðist okkur, að ýmsar kennslugreindir þær, er kenndar eru mestmegnis, nú sem stendur, eptir útlendu sniði, t. a. m. dýrafræði og steinafræði og, ef til vill, eðlisfræði að nokkru leyti mætti alveg falla burt. Líka þætti oss ýmislegt í hinni hærri mathematik mega missast. Annað mál væri það þegar stuttar íslenzkar kennslubækur væri samdar með stuttum almennum inngangi t. a. m. um íslenzka grasafræði, þó að slíkt væri þá kennt í skólanum.

Við verðum því að ráða þinginu til þess að fara því fram við stjórnina, þegar hún semur frumvarp það til reglugjörðar fyrir skólan, er vör viljum ráða þinginu til að beiðast, að lagt sé fyrir næsta alþingi, að taka það til greina, er nú var sagt; og að kennslan verði þannig, auk hinna klassisku mála og íslenzku, sem sérleg stund sé álögð, og sögu og landafræði, er þar ættu að hafa næsta sæti, dregin saman með því að fella sumar greindir alveg burtu og stytta og laga kennsluna í hinum öðrum þannig eptir þörfum lands vors, að skólatíminn þurfi yfirhöfuð ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sést í neðsta þekk.

Í fimmta lagi viljum við ásamt þinginu 1861 og meiri hluta hinnar konunglegu skólanefndar fela þinginu að ítreka bæn sína um, að íslenzkar kennslubækur verði framvegis viðhafðar í skólanum, og virðist oss engin ástæða til að gjöra hér neina takmörkun á, þar eð þetta ætti sem fyrst að verða aðalreglan; því þó að t. a. m. hafðar væri í efri bekkjunum orðabækur á þeim útlendum málum, er piltarnir þegar hafa lært svo, að þeir kunna að nota sér bækurnar, þá álitum vör nú þess konar orðabækur eins og líka landa-bræf í óeiginlegum skilningi kennslubækur. Við höfum orðað greinina þannig, að menn skyldu hafa sem frjálsastar hendur til að keppa um samningu slíkra bóka, því að oss finnst mjög mikið undir því komið, að þær séu sem vandaðastar. Að öðru leyti mismunar grein þessi ekki frá tilsvarende gr. alþingis og meiri hluta skólanefndarinnar.

Þar sem þingið 1861 og skólamálsnefndin hafa farið því fram, að settur verði launaður inspektor eða umsjónarmaður við skólann til þess undir umsjón skólameistarans að viðhalda reglu í honum, þá hefir nú að vísu skólanefndin ætlað til, að einkum yrði til þessa tekinn einhver af kennurum, er hefði þar til nauðsynlega eigin-

legleika, og skuli hann vera búsettur í skólanum; en hvorug þessi uppástunga, sízt þingsins 1861 fullnægir minni hlutanum, en hann verður í þessu efni að halda sèr til bænarskráar þeirrar, er kom til þessa þings frá Húnavatnssýslu, er álitur slíkan mann ónauðsynlegan og kostnaðinn til að launa honum því óþarfan. Minni hlutinn getur ekki sèð, að slíkur umsjónarmaður geti verið skólanum, skólameistarann eða kennurum skólans til neins sannarlegs gagns; því þó að hann að nafninu kynni að geta lætt hinni daglegu umsjón á skólameistarann og kennurunum, þá verðum við að álíta, að þetta að sama hófi fjarlægji pílta á eina hlið, og skólameistarann og kennarana á hina hliðina meir hvora frá öðrum heldur en ákjósanlegt sè, því oss virðist, að dagleg umgengni utan sjálfra kennslutímanna milli pílta og kennaranna sè hinn bezt og beinasti vegur til að festa og treysta það ástar- og virðingarband, er á að gjöra lærisveinunum lærdóms-iðkunina inndæla, og kennurunum starfa sinn við kennsluna lættbæran og skemmtilegan. Okkur virðist líka næstum því óhugsandi, að slíkur umsjónarmaður, sem sjálfsagt ætti að vera menntaður maður, gæti synt svo á milli skers og báru, að hann hèldi hylti og trausti pílta í fullum mæli, sem hann þó þarf, ef honum á að geta orðið við vært í stöðu sinni, og þó líka verið með fullum trúnaði við skólameistarann og kennarana. Við ætlum, að hitt tvennt mundi liggja jafn-nærri, annaðhvort, að hann yrði piltum harður og þess vegna óvinsæll og óþolandi, eða að hann rýrði álit kennaranna og skólameistarans, ef hann tæki hina stefnuna, að draga fram hlut pílta. Við álitum því, ef stöðugrar umsjónar þarf við í skólanum, í undirbúnings- og upplestrartímunum, meiri en þeir meðal pílta sjálfr geta í tælatið, sem valdir eru til umsjónarmanna í hverjum bekk, að bezt sè að sú kennara-umsjón haldist, sem verið hefir, og vèr viljum alvarlega ráða hinu heiðraða þingi frá, að leggja það til við stjórnina, að stofnað verði með töluverðum kostnaði nýtt embætti við skólann, sem við getum ekki betur sèð, en sè með öllu óþarft, og að líkindum skaðlegt í afleiðingum sínum.

Um hina 7. gr. skólanefndarinnar, sem við aðhyllumst fremur en tilsvarendi grein þingsins 1861, viljum við geta þess, að við vildum leggja það til, að orðin: »og aðrar hirtingar eptir skóla-reglunum« falli burt, því við þykjumst ekki glöggst sjá, á hvaða rökum slík ákvörðun er byggð.

Hinni 8. gr. í uppástungum þingsins 1861 viljum við halda

óbreyttri, því oss virðist of mikinn og óþarfan kostnað leiða af uppástungum skólanefndarinnar, að veita piltum þær sæmdargjafir, er hér ræðir um, við öll hin opinberu próf.

Við viljum að síðustu fallast á 9. niðurlagsatriði skólamálsnefndarinnar um ölmusufjölgun og skipting þeirra með þeim fyrirvara, að breytt sé þessari málsgrein: »Ölmusurnar í fyrsta flokki veitast þeim einum, er skara fram úr að iðni, framsörum og siðferði, og þar að auki eru bláfátækir og úr fjarlægustu hêruðum» þannig: »Ölmusurnar úr fyrsta flokki skulu að eins veittar fátækum og efnilegum piltum úr fjarlægum hêruðum». Virðist okkur þessi breyting á greininni alveg nauðsynleg, því annars gæti svo farið, að varla neinn gæti orðið aðnjótandi þessarar hærri ölmusu, þegar skilyrðin eru sett svo mikil og ströng, og væri þá ekki þeim aðaltilgangi náð, að fátækir piltar langt að, sem einkanlega þurfa að kosta miklu til að sækja skólann, fái hærri styrk, ef þeir eru efnilegir, en þeir aðrir, sem minna þurfa að leggja í sólurnar.

Að endingu verður minni hlutinn að geta þess, að hann getur með engu móti fallizt á uppástungur skólamálsnefndarinnar um privat-dimissionir, en verður þar á móti alveg að fallast á tillögur þingsins 1861 í því efni, og skulum við nú skýra hinu heiðraða þingi frá skoðun okkar á þessu atriði.

Það er nú að vísu um þetta atriði eins og hin önnur atriði málsins, að minni hlutinn hefir ekki átt kost á að kynna sér ástæður þær, er komið hafa skólanefndinni til að gjöra þannig lagaðar uppástungur, er okkur virðast miða til að kasta skugga á presta-skólann og allar þær hinar æðri menntastofnanir, er hér yrði komið á fót í landinu sjálfu, þar sem sagt er, að útskrifa megi pilta eptir 1 árs veru í 4. bekk, og þá sem hafa notið privátkenndu til presta-skólans og annara *innlendra* visindalegra stofnana, ef þær kæmist á, því hér með er prestaskólinn og innlendar menntastofnanir með berum orðum settar skör lægra fyrir Íslendinga sjálfa, en háskólinn, svo að það er eins og skólanefndin vilji hér hafa stúdenta og hálfstúdenta, og skuli hinir síðari hafa rétt til að ganga einungis á innlendar menntastofnanir. Við álitum nú, að það hafi vakað fyrir nefndinni, að stúdentar útskrifaðir úr heimaskóla hafa eptir núgildandi lögum ekki forgönguréttindi þau við Kaupmannahafnar háskóla til að fá Regentz og fjárstyrk eins og þeir, er tekið hafa burtfararpróf frá lærða skólanum. En þetta virðist okkur engin áhrif eiga að hafa, til að gjöra slíkan mun á stúdentum, því eins og okkur

finnst sjálfsagt, að heimtað verði af þeim, er útskrifast úr heima-skóla, að þeir hafi farið yfir og staðizt próf hér um bil í öllu hinu sama sem stúdentar frá lærða skólanum, eins virðast okkur þeir að afloknu prófi eiga að standa hinum öðrum jafnfætis til allra réttinda. En auðvitað er það, að ef einhverjir þeirra vilja sigla til háskólans, verða þeir að ganga undir burtfararpróf við lærða skólann til þess að ávinna sér þau réttindi, sem því fylgja við hinn danska háskóla.

Af því nú, að skólanefndin hefir ekki leyst það ætlunarverk af hendi, er þingið 1861 ætlaðist til, að hún gjörði, þegar það beiddist þess, að nefnd þessi yrði sett, verðum við að álíta það nauðsynlegt, af því að mál þetta er eitthvert hið helzta velferðarmál landsins, að reglugjörð sú, er stjórnin semur, samkvæmt öllum þeim tillögum landsmanna, sem nú eru fram komnar í málinu, verði lögð fyrir hið næsta alþingi, áður en málinu er af stjórninni ráðið til lykta.

Af framangreindum ástæðum leyflr minni hlutinn sér að ráða þinginu til að aðhyllast eptirfylgjandi uppástungur:

A. Að þingið ráði hans hátign konunginum, til að láta breyta reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík þannig:

1. Að inntökuprófið falli burtu sem skilyrði fyrir inntöku í skólann; þó skulu þeir piltar, er í skólann vilja komast, reyndir í sömu vísindagreinum og verið hefir hingað til við inntöku-próf, en að eins til að vita, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast.
2. Að enginn sé tekinn yngri í skóla en 12 ára, en að öðru leyti sé ekkert aldurstakmark sett fyrir inntöku í skólann.
3. Að skóla-árið sé stytt þannig, að það byrji 1. október og endi 1. júní.
4. Að einkum sé lögð stund á, að kenna bæði íslenzku og latínu og gríska tungu þannig, að hinar munnlegu og skriflegu einkunnirnar í íslenzku og latínu, og einkunnin í munnlegri grísku skuli hafa tvöfalt gildi. Kennslan í hinum öðrum vísindagreinum skal þar á móti löguð sem mest eptir þörfum lands vors og dregin saman eins og verður, svo að skólatíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, sem sezt í neðsta bekk.
5. Að hafðar séu íslenzkar kennslubækur, er skólastjórnin hlutist til um, að samdar séu eða lagðar út móti hæfilegri borgun

af skólasjóðnum. Þjóðist fleiri kennslubækur en ein í sömu vísindagrein, skal skólastjórnin kveðja til þrjá óvilhalla kennslufróða menn, til að segja álit sitt um hverja bók, og hve miklu skuli launa handritið.

6. Að 6. greinin bæði hjá þinginu 1861 og skólanefndinni um launaðan umsjónarmann, verði af beðin.
 7. Að drykkjuskapur og sérhver önnur megn eða lneykslanleg óregla varði ölmusumissi að nokkru eður öllu, ef skólasveinninn þrátt fyrir ítrekaðar áminningar skólameistarans eigi lætur af því háttalagi; láti skólasveinninn enn eigi þar við skipast, er það útrekstrarsök úr skóla.
 8. Að þeim piltum sem skara fram úr öðrum að siðsemi, ástundun og framförum, sér í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sé veitt verðlaun eður sámdargjöld, þegar þeir hafa aflokið burtfararprófi.
 9. Að ölmusunum sé fjölgað við skólann, svo þær verði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum, og að ölmusunum megi nú þegar skipta í 3 flokka þannig, að $\frac{1}{4}$ þeirra sé á 150 rd. en hinir $\frac{3}{4}$ á 100 og 50 rd. hver, eptir því sem á stendur ár hvert. Ölmusurnar í fyrsta flokki skulu að eins veittar fátækum og efnilegum piltum úr fjarlægum hëruðum. Bláfátækir piltar, einkum úr sveit, er leysa inntökuprófið vel af hendi, geta fengið ölmusustyrk þegar hið 1. ár, Enginn ölmusustyrkur veitist nema um eitt skóla-ár í senn.
- B. Að konungur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst um sinn rétt til að útskrifa pílta úr heimaskóla þeim mönnum, er nú skal greina:
- a. Þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, doktorum í heimspeki, og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík.
 - b. Þeim sem hér eptir fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum í Reykjavík, og embættispróf við háskólann.
 - c. Þeim sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum, og við examen philosophicum við Kaupmannahafnar háskóla.
 - d. Þeim sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum, í prófi í forspjallsvísindum og við próf í prestaskólanum í Reykjavík.
 - e. Að hvenær sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa

nokkurn, þá gefi hann það stiðtsyfirvöldunum fyrirfram til kynna, og útnefna þau þá tvo menntaða menn til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínsk stílsefni og íslenskt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggingar í latínu, en einungis til munnlegrar útleggingar í grísku, í þeim rithöfundum sem lesnir eru í hinum lærða skóla.

- C. Að frumvarp það til reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla, er stjórnin semur samkvæmt uppástungunum A. 1.—9. ásamt öðrum tilögum landsmanna um þetta mál, sem fram eru komnar, verði lagt fyrir hið næsta alþingi til álita, áður en því er ráðið til lykta.

Reykjavík 10. ágúst 1863.

B. Sveinsson. Sv. Skúlason.

13. ágúst – Þritugasti og fjórði fundur.

(kveldfundur).

Álitsskjal

til konungs í málinu konunglegt frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi.

Yðar konunglegu hátign hefir allramildilegast þóknast að leggja fyrir þetta þing frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla hér á landi; kaus þingið 5 manna nefnd til að íhuga málið, og hefir síðan rætt það vandlega á tveim aðalfundum eins og lögákvæðið er.

Þingið finnur sèr skylt lotningarfyllst að viðurkenna þá landsföðurlegu umhyggju, sem yðar hátign jafnan ber fyrir velferð þessa lands, og öllum þeim málum sem snerta heill þess og framfarir, og með þess meiri djörfung leyfir þingið sèr, að fara nokkrum orðum um það mál, sem hér er umræðu-efni, að það er þess fullöruggt, að yðar hátign vill ráða því sem heppilegast, og þörfum landsins sem mest samsvarandi til lykta.

Þingið hefir leitast við að gjöra sèr ljósa grein fyrir, hvernig öllu fyrirkomulagi búnaðarskólanna ætti að vera háttað, til þess þeir gæti fullkomlega svarað til sins augnamiðs, og bætt úr þeirri þörf

sem á því er, að búnaðarlegar framfarir aukist í landinu. Þingið hefir enn fremur fyrir milligöngu fulltrúa yðar hátignar fengið álitsskjöl amtmannanna í þessu máli, sem ásamt ástæðum þeim er fylgdu frumvarpinu, hafa leiðbeint þinginu í allri meðferð málsins.

Hvað þá fyrst snertir fyrirkomulag búnaðarskólanna yfir höfuð þá verður þingið eindregið að vera á því, að hér geti ekki verið umtalsmál um, að koma á fót neinum stórkostlegum menntastofnunum fyrir bænda-efni; því hversu æskilegt sem það annars væri, að bændur hér á landi, ættu kost á að ná sem mestri innlendri menntun, þá verður þingið að álíta það mjög svo ísjárvert, að ráðast í þau fyrirtæki að sinni, sem mundu hafa í för með sér þung útgjöld fyrir landsmenn, á meðan hagur þeirra er svo aðþrengdur á allar hliðar sem hann nú er. Auk þess er það mjög vafasamt að þessleiðis vísindalegar menntastofnanir, sem amtmaðurinn í vesturumdæminu hefir stungið upp á, mundu verða að tilætluðum notum hér á landi að sinni, því bæði mundu það verða allt of fáir sem gætu notið tilsagnar í slíkum skólum, og á hinn bóginn mun reynslan sýna og sanna það, að viðganga og framför búnaðarskólanna í framtíðinni verður meir undir því komin, að þeir nái sem mestri fullkomnun í hinu *verklega*, en þótt nokkuð kynni að bresta á hina vísindalegu tilsögn. Á þessa praktisku þýðingu búnaðarskólanna verður því þingið að leggja alla áherzluna, að þeir þegar í byrjuninni verði svo úr garði gjörðir, sem nauðsyn krefur, til þess þeir geti veitt sem fullkomnasta kennslu í helztu atriðum jarðyrkjunnar, búnaðarins, og kvikfjárræktarinnar hér á landi.

En hér af leiðir það, að fè það sem amtmaðurinn í Norður- og Austur-umdæminu hefir stungið upp á, að þyrfti til að koma búnaðarskólunum á fót, verður of lítið. Hefir nefndin, sem þingið kaus í málið, gjört áætlun um, hvað mikið fè þyrfti til þessa, og verður þingið að álíta, að það sem nefndin hefir stungið upp á, sè alls ekki of mikið. — Áætlun nefndarinnar er þannig:

Til húsaþyggingar, og umbóta á bújörð skólans hvers	
um sig	1500 rd.
Til lifandi penings eður áhafnar á jörðina	1690 —
Til búsgagna	500 —
Til jarðyrkju - verkfæra og ýmsra annara áhalda	400 —
Alls	4090 —

Þó að fè það, sem þannig eptir áætlun þingsins, þarf til að koma búnaðarskólunum á fót, sè nokkru meira en gjört er ráð fyrir í

ástæðum frumvarpsins, þá dirfist þingið að láta í ljósi þá von sína og ósk, að stjórn yðar konunglegu hátignar muni útvega fêð að láni í bráð, úr ríkissjóði, móti fulltryggjandi veði í eignunum sjálfum, og árlegri leigu og afborgun skuldarinnar. Hér er ekki heldur um önnur úrræði að velja, á meðan þingið ekki fær fjárhagsráð, og skatta-álögurætt, og þegar það ekki heldur hefir ráð yfir neinum þeim sjóðum, sem á verði vísað til að taka fêð úr í bráð; því á bendingu þá, sem gefin er í ástæðum frumvarpsins, að verja mætti búnaðarsjóðum amtanna til að koma búnaðarskólunum á fót, getur þingið með engu móti fallizt, því eptir tilgangi sjóða þessara, ættu þeir að styrkja búnaðarframfarir í landinu á annan hátt, t. a. m. með verðlauna loforðum fyrir framúrskarandi dugnað, styrk handa einstökum efnilegum en fátækum mönnum til að ganga á búnaðarskólana, þegar þeir væri komnir á fót, o. s. frv.

Um hið innra fyrirkomulag búnaðarskólanna virðist þinginu, að ekki sê þörf á að fara mörgum orðum, með því það dirfist að treysta því, að yðar hátign allramildilegast aðhyllist þá uppástungu þingsins, að amtmönnum verði falið á hendur að semja reglur um stjórn og skipulag skólanna, ásamt þeim innlendum mönnum sem skyn bera á þetta mál, og kunnugir eru landsháttum hér. Hér nægir einungis að geta þess, að hversu æskilegt sem það annars væri, að þeir menn sem ættu að veita búnaðarskólunum forstöðu væru einnig færir um að hafa á hendi hina verklegu og bóklegu kennslu, sem þörf er á, þá eru slíkir menn mjög sjaldgæfir, sem hafi alla þá hæfilegleika, sem hér til heyra; ætlar þingið því að það mundi verða affarasælla, og meira tryggjandi, altènd fyrst um sinn, að fela forstöðu búnaðarskólanna á hendur valinkunnum bændum, sem reyndir væru að dugnaði, hyggindum og framtakssemi í búnaðinum. Með þeim hætti mundi fást næg trygging fyrir því, að búnaðarskólarnir svöruðu til síns aðalagnamiðs að því leyti sem þeir eiga að vera eins konar fyrirmynd í búnaðar- og kvikfjárrækt yfirhöfuð. En hér af leiðir þá það, að sjá verður búnaðarskólunum fyrir þeim mönnum, sem færir sê um að kenna þar það sem með þarf í jarðyrkjunni; hefir þingið haft tillit til slíks fyrirkomulags, sem hér er ráðgjört, í áætlunum sínum yfir kostnaðinn til búnaðarskólanna; og þó sú áætlun megi virðast næsta lág við fyrsta álit, og þegar hún er borin saman við ýmsar aðrar áætlanir sem gjörðar hafa verið í þessa stefnu, þá ætlar þingið þó að fást mundu velhæfir menn til að takast á hendur búnaðarskóla

forstöðuna með þeim kjörum sem hér er á bent; því þess ber vel að að gæta, að þó búnaðarskólunum sé ætlað lítið til árlegra launa handa forstöðumönnum eða kennurum sínum, þá hafa skólaforstöðumennirnir allan afkrastur skólabúsins, og öll afnot skólajarðanna eptirgjaldslaust; og mun það jafnast riflega á við tekjur sumra embættismanna hér á landi, einkum þegar fram í sækir, og búnaður jarðyrkju-skólanna er kominn á fastan fót. Svo má og gjöra ráð fyrir nokkru kennslukaupi hjá þeim sem gengi í búnaðarskólann, sem rifkaði að mun laun skólaforstöðumannanna, einkum ef skólarnir — sem þingið vonar — yrðu rækilega sóttir.

Hvað þær jarðir snertir, sem amtmennirnir hafa bent á í álitsskjölum sínum til stjórnarinnar að væru bezt fallnar til að stofna á búnaðarskólana, þá finnur þingið sér skylt að kveða upp um það álit sitt, eptir þeim kunnugleika sem það hefir á tæðum jörðum. Þegar velja skal jarðir undir búnaðarskólana, verður að gæta að þessu þrennu: fyrst að jörðin geti þegar á fyrsta ári fram fleytt skólabúinu, þ. e. gefið af sér nægilegt fóður handa öllu kvikfè skólans, en sé að öðru leyti hæg og ekki umfangsmikil; því sé jörðin stór og hafi í sér fóligna ýmislega og má ske sundurleita bjargræðisútvegi, þá er hætt við, að áhugi og kraptar skólaforstöðumannsins dragist of mikið að hinum einstaklegu bjargræðisútvegum, en frá því sem er búnaðarskólans aðalmark og mið. Í annan stað ættu jarðirnar að veljast sem hæfilegastar, fyrir allar þær jarðyrkjutilraunir, sem líklegt er að reyndar yrðu hér á landi. Og í þriðja lagi væri það mjög vel til fallið, að búnaðarskólarnir stæðu sem næst miðju hvers amts, eða þar sem landsmönnum væri einna hægast að ná til þeirra; svo að sem flestir geti kynnt sér allt fyrirkomulag skólanna, búnað og jarðyrkjutilraunir. Sèu nú þessir hæfilegleikar heimfærðir til jarða þeirra, sem amtmennirnir hafa stungið upp á, þá er þingið á því, að ekki verði bent á hæfilegri gjörð í Suðurlandæminu, en þá sem amtmaðurinn hefir tilnefnt, nefnil. Lágafell í Kjósarsýslu. Amtmaðurinn í Vesturumdæminu hefir stungið upp á jörðunum Reykhólum eða Bjarnarhöfn, sem báðar eru bænda-eign; og þó svo sé, að þessar jarðir hafi marga góði kosti, þá ætlar þingið þær sé of umfangsmiklar, og að sumu leyti miður hentugar til búnaðarskólastofnunar, í þeim stíl sem hér er gjört ráð fyrir. Þingið leyfir sér því að benda á aðra jörð, sem að kunnugra manna áliti er mikið betur löguð til jarðræktar, og þess kyns tilrauna; en það er jörðin Rauðimelur hinn ytri í Hnappadalssýslu, sem að vísu er

eign einstakra manna en mundi þó að líkindum fást keypt eða í umskiptum, ekki siður en hinar jarðirnar. Hvað Norður- og Austur-umdæminu viðvíkur, þá hefir amtmaðurinn þar fyrst stungið upp á jörðunni Breiðumýri í Þingeyarsýslu, en eftir því sem fulltrúi yðar hátignar skýrði þinginu frá, hefir hann seinna breytt þeirri uppástungu sinni, og tilnefnt jörðina Kornsó í Húnavatnssýslu. Þó að báðar þessar jarðir hafi ýmsa góða kosti til að bera, og séu að sumu leyti vel lagaðar til búnaðarskólafstofnunar, ætlar þingið að vól sé á betri jörðum í Norðurumdæminu, og betur löguðum til slíks augnamiðs. Jörðin Kornsó liggur t. a. m. í vestustu sýslu amtsins og mjög óhaganlega fyrir alla amtsbúa, en um Breiðumýri er það að segja, að sú jörð mundi naumast geta fram fleytt skólabúinu, eftir því sem þingið gjörir ráð fyrir það þurfi að vera stórt, og enn siður gæti búnaðarskóli á Breiðumýri tekið nokkrum viðgangi eða framsörum. Nú ætlar þingið, að Norður- og Austur-amtsbúar mundu heldur kjósa að búnaðarskóli þeirra mætti aukast þegar tímar liðu, og betur lèti í ári, og því mundi vera ástæða til, að velja heldur stærri jörð en minni til búnaðarskólafstofnunar í Norðurlandi. Leyfir því þingið sér að benda á aðrar jarðir, sem bæði eru betur lagaðar til jarðyrkjuþilrauna, og betur samsvarandi tilganginum, en það eru jarðirnar Munkaþverá í Eyafrði, eða amtmannssetrið Möðruvellir í Hörgárdal; báðar þessar jarðir eru opinber eign, og hin mestu höfuðból, liggja sem haganlegast fyrir amtsbúa, og hafa flesta þá kosti til að bera, sem slíkar jarðir þurfa að hafa.

Að svo mæltu snýr þingið sér að frumvarpinu sjálfu og þeim breytingum, sem því virðist þörf á að gjörð sé við hinar einstöku greinir þess.

Við 1. gr.

Í þessari grein er svo ákveðið: *»að jafnskjótt og því verði við komið, skuli stofna búnaðarskóla, einn í hverju amtí«* o. s. frv. Þetta ætlar þingið að megi skilja svo sem skjóta megi stofnun búnaðarskólanna á frest um óákveðinn tíma; en það þykir þinginu þörf á að fyrirbyggja, með því að lengri dráttur á þessu máli mundi að eins verða til að draga úr þeim áhuga, sem ætla má, að almenningur hafi á því. Í annan stað er ekki nógu nákvæmt ákveðið í greininni um ætlunarverk búnaðarskólanna, og um kennslu þá, er þeir eiga að geta veitt; þykir þinginu þörf á, að þetta sé nokkuð skýrar fram tekið og leyfir sér þess vegna að stinga upp á

nokkrum orðabreytingum í þessa stefnu. Hinar aðrar breytingar við greinina miða að eins til að gjöra hana ljósari, og er ekkert sérlegt við þær að athuga.

Við 2. gr.

Ákvarðanirnar í þessari grein getur þingið ekki aðhyllt; þingið verður nefnilega að ætla, að það sé einkar áriðandi, að þeir menn, sem semja eiga reglur um stjórn og skipulag búnaðarskólanna, sé nákunnugir þessa lands sérstaklega ásigkomulagi, og þekki vel, hvernig hér er háttað landslagi, tíðarfari o. s. frv. Þessar sérstaklegu kringumstæður, sem gjöra það ef til vill nauðsynlegt, að fyrirkomulag búnaðarskólanna, að minnsta kosti hvað verklag og búnað snertir, verði nokkuð frábrugðið því, sem viðgengst erlendis, útheimta meiri kunnugleika á því, hvernig til hagar hér á landi, en gjört verður ráð fyrir hjá dómsmálastjórninni. Þinginu virðist því réttara að amtmönnum, hverjum í sínu umdæmi, sé falið, að gjöra þær ráðstafanir og reglur, sem þörf er á um stjórn og fyrirkomulag búnaðarskólanna. Í annan stað virðist þinginu, að þegar landsmenn eiga sjálfir að annast stofnanir þessar og bera kostnað þann sem af þeim leiðir, þá eigi þeir fullan rétt á að vera kvaddir til að ráða um stjórn og fyrirkomulag þeirra, og hefir þingið þess vegna tekið upp í greinina hér að lútandi ákvörðun. Og í 3. lagi leyfir þingið sér að benda á það, að það mundi verða stór vinningur fyrir búnaðarskólana, væru þeir menn kvaddir til ráða um stjórn þeirra og fyrirkomulag, sem vel þekkja til búnaðar og landsháttanna hér; því við það mundi styrkjast traust almennings á stofnunum þessum, auk þess sem það mundi vekja og glæða áhuga manna á málefni þessu yfirhöfuð. Þingið leyfir sér því allraþegnssamlegast að beiðast þess (með 21 atkv.), að 2. gr. frumsarpsins megi falla í burtu, en að í staðinn komi ný grein þannig hljóðandi:

»Amtmönnum er á hendur falið hverjum í sínu umdæmi að
»gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir og reglur um stjórn og skipu-
»lag skólanna; skulu þeir kveðja sér til ráðaneytis 4 menn, 2 þjóð-
»kjörna alþingismenn, 1 mann jarðyrkjufróðan og 1 reyndan og
»hygginn búmann.

Við 3. gr.

Í áætlun þeirri, sem til er færð hér að framan, er gjört svo ráð fyrir, að til þess að koma búnaðarskólunum viðunanlega á fót, þurfi að minnsta kosti fyrir hvern skóla 4090 rd. Þegar nú gjört er ráð fyrir, að þetta fæ fáiast að láni móti fulltrygkjandi veði í eign-

um skólanna og 6% í árlega leigu og afborgun skuldarinnar, þá verður það, sem hver skóli þarf að leggja til á ári í þessu skyni 246 rd. En hær við er athugandi, að þessi útgjöld hvíla á skólunum að eins í bráð, því að á tæpum 28 árum verður láninu lokið með þessu fyrirkomulagi, og þá fellur tæð útgjaldagrein alveg í burtu. Enn fremur gjörir þingið ráð fyrir, að til árlegra útgjalda við skólana, svo sem til launa handa forstöðumönnum þeirra, nýrra jarðyrkjuverkfæra o. s. frv. þurfi fyrir hvern skóla árlega í hið minnsta 254 rd. Verða þá hin árlegu útgjöld hvers skóla 500 rd. Nú er svo ákveðið í 3. gr. frumvarpsins, að gjaldi þessu skuli jafna niður á allar jarðir í hverju amti, þannig að 1 sk. greiðist af hverju jarðarhundraði. Fæst með þeim hætti í norður- og austurumdæminu 394 rd. 24 sk., í Vesturumdæminu 213 rd. 7 sk. og í Suðurumdæminu 296 rd. 36 sk. Vantar þá ærið mikið til, að þessi tekjugrein hrökkvi fyrir hinum árlegu útgjöldum skólanna. Leyfir þingið sér þess vegna að stinga upp á, að gjald þetta sé hækkað allt að þriðjung, svo að $1\frac{1}{2}$ sk. greiðist af hverju jarðarhundraði. Með þeim hætti mundi fást í Norður- og Austurumdæminu 590 rd. 44 sk. í Vesturumdæminu 319 rd. 58 sk. í Suðurumdæminum 443 rd. 82 sk.

Þegar nú gjört er ráð fyrir, að hvert amt beri sína stofnun, þá vantar í Vesturamtinu 180 rd. 38 sk., og í Suðuramtinu 56 rd. 14 sk. til þess að tekjur þessar hrökkvi í bráð fyrir útgjöldum skólanna. Hær er því um 2 vegi að velja, annaðhvort að búnaðarskólarnir í þeim 2 ömtum sé hafðir í þeim mun minni stíl, sem þessu nemur, er á vantar, að tekjur þeirra hrökkvi fyrir útgjöldunum, eða að skotið sé til því, er á brestur úr jafnaðarsjóði hvers amts, og sýnist þinginu bezt til fallið, að amtsbúar sjálfir eigi valið í þessu efni.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sér (með 21 atkv.), að stinga upp á þeirri breytingu við frumvarpsins 3. gr., að í staðinn fyrir 1 sk. setjist $1\frac{1}{2}$ sk., og enn fremur leyfir þingið sér að bæta nokkrum orðum inn í greinina, sem gjöra hana skýrari og ákveðnari.

Við 4. gr.

Þingið varð nú eindregið að fallast á þá skoðun stjórnarinnar, sem lýsti sér í frumvarpinu, og ákveðin er í 3. gr., að gjaldið til búnaðarskólanna eigi eptir eðli sínu að hvíla einungis á jarðeignum hær á landi, en ekki á lausafé eða öðrum gjaldstofni. En um hitt urðu deildar meiningar í þinginu, hverjum bæri að greiða gjald þetta af hendi. Meiri hluti nefndarinnar, sem hafði

málið til meðferðar, og nokkrir þingmenn fleiri voru á því, að ekki væri ástæða til, að víkja frá þeirri grundvallarreglu, sem jafnan hefir verið fylgt, þegar nýir tollar hafa verið lagðir á jarðir hér á landi, að leiguliði hefir greitt gjaldið af hendi, en fengið það aptur endurgoldið hjá landsdrottni (sbr. op. bréf 18. júlí 1848 og 1. apr. 1861), með því líka það liggur í augum uppi, að verði búnaðarskólarnir að þeim notum, sem menn óska og vona, þá hafa jarðeigendur hér á landi mestan haginn á þeim, því vaxandi blómgun og framför jarðyrkjunnar hlýtur að hafa mikil áhrif á verð jarðanna og gæði. Þess vegna stakk líka meiri hluti nefndarinnar upp á því og nokkrir þingmenn studdu það, að beinlínis yrði ákveðið í 4. gr. lagabóðsins, að ábúandinn skyldi að visu greiða gjald þetta af hendi á manntalsþingum, en eiga aptur aðgang að jarðeigend-
anum um endurgjald þess. Minni hluti þingsins leiddi og ljós rök að því við umræðurnar um málið, að sá mælikvarði, sem gjald þetta þannig yrði miðað við, nefnil. hundraðatal jarðanna, er mjög svo óheppilega valinn, þegar gjaldið skal greiðast af ábúendum, en ekki eigendum þeirra, því eins og til hagar hér á landi, þá kemur gjaldið á þenna hátt mjög svo ójafnt niður, svo það getur einatt að borið, að bláfátækur maður gjaldi tvöfaldan skatt til búnaðarskólanna við þann, sem er vel efnaður. Engu að síður fann meiri hluti þingsins yfirgnæfandi ástæður til að víkja ekki í þessu til-
liti frá ákvörðun stjórnarfrumvarpsins, því þó gjaldið komi mjög misjafnt niður á efnahag manna, þegar það er miðað við hundraðatal jarðanna, sem víða stendur í öfugu hlutfalli við hundraðatal lausafjárins, þá er þó sú ástæða mikilsverð, að ábúendum jarðanna, sem hafa frjáls umráð þeirra og afnotarétt, er gefinn kostur á að ná tiltölulegri hlutdeild í þeim hagnaði sem vænta má af búnaðarskólunum eða þeim áhrifum sem þeir muni hafa á landbúnaðinn og jarðyrkjuna hér á landi. Svo verðnr og, með því að aðhyllast 4. grein frumvarpsins óbreytta, komizt hjá þeim mörgu undanþág-
um undan gjaldskyldu þeirri, er hér ræðir um, sem leitt hefði af að binda það við eigendur jarðanna, því þingið gat eigi aðhyllzt þá skoðun meiri hluta nefndarinnar, að í þessu máli skyldi breyta svo frá fornum og nýjum landslögum, að engar undanþágur skyldu hér eiga sér stað um kirkjujarðir og aðrar þær jarðir, sem til guðs þakka eru lagðar. En af þessu hefði þá aptur leitt eitt af tvennu, annaðhvort að mikils til of lítið fê hefði fengizt til búnaðarskólanna, eða að enn meira hefði orðið að hækka gjaldið á bændaeignunum.

Samkvæmt því, sem þegar er greint leyfir þingið sér allra-
þegnsamlegast (með 16 atkvæðum gegn 2) að ráða til, að yðar
konunglega hátign allramildilegast veiti frumvarpi því, sem hér um
ræðir, lagagildi, með þeim breytingum, sem nú skal greina.

1. (Með 20 atkvæðum) að 1. gr. frumvarpsins sé þannig orðuð:
»Sem allra fyrst skal stofna búnaðarskóla, 1 í umdæmi
hverju; skólar þessir eiga að vera fyrirmynd í alls konar
búnaði, jarðyrkju og kvikfjárrækt. Svo skulu þeir og veita
mönnum verklega og bókfræðislega kennslu í öllum þess-
um greinum.

2. (Með 21 atkv.) að 2. gr. frumvarpsins falli burtu, og komi í
staðinn svo hljóðandi grein:

Amtmönnum er á hendur falið hverjum í sínu umdæmi að
gjöra allar nauðsynlegar ráðstafanir og reglur um stjórn
og skipulag skólanna. Skulu þeir kveðja sér til ráðaneytis
4 menn, 2 þjóðkjörna alþingismenn, 1 mann jarðyrkju-
fróðan og 1 reyndan og hygginn búmann.

3. (Með 22 atkvæðum) að 3. gr. gr. frumvarpsins verði þannig
breytt:

a, (með 21 atkv.): að á eptir orðinu *»skal«* bætist inn í *»fyrst
um sinn«*.

b, (með 19 atkv.): að á eptir orðunum *»í því amti«* bætist inn
í *»í mesta lagi«*.

c, (með 21 atkv.): að í staðinn fyrir *»1 skilding«* setjist *»1½
skilding«*.

d, (með 20 atkv.): að á eptir orðinu *»jarðarhundrað«* setjist
»eptir hinni nýju jarðabók«.

4. (Með 16 atkv.) að í 4. gr. frumvarpsins á eptir orðunum *»mann-
talsþingum«* bætist inn í *»ár hvert«*.

Reykjavík, 13. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. Jón Sigurðsson.

Nefndarálit.

í málinu konunglegt frumvarp um fjárkláða og önnur fjárveikindi.

Hið heiðraða alþingi hefir kosið oss í nefnd til að segja álit
vort nm konunglegt frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögreglu-

stjórnarinnar með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi. Auk þessa hefir þingið fengið oss nokkrar bænarskrár um fjárkláðann til álita. Ein af bænarskrám þessum var frá héraðsfundi þingeyinga með 27 nöfnum undir. Bænarskrá þessi fer því fram að niðurlagi, að þingið framfylgi málinu við hans hátign konunginn í líkri stefnu, sem alþingi hefir gjört að undanfögnu, einkum 1861, og að þingmenn í öðru lagi, á þann hátt, er þeim þykir bezt við eiga, stofni innbyrðis samtök milli landsmanna sjálfra, sem miði til þess, að fá fjárkláðanum sem fyrst og tryggilegast útrýmst úr landinu. Önnur bænarskráin var frá Eyfirðingum með 150 nöfnum undir, er fer því fram, að alþingi taki kláðamálið enn hið fjórða sinn til ítarlegrar rannsóknar, og biðji hans hátign konunginn, að sjá svo um, að skýr lög komi út um alla meðferð á fjárkláðanum, og nægilegt fê sé lagt út úr ríkissjóði til þess, að fullkomlega tryggir verðir sé settir milli hinna sýktu og heilbrigðu héraða, svo öll frekari útbreiðsla sýkinnar fyrirbyggist alveg, og í öðru lagi, að lög þau sem út koma sé þannig löguð, að fjárkláðinn upprætist alveg sem allra fyrst. Hin þriðja bænarskráin var frá sýslufuði Húnavetninga, og hefir hún þá bæn að niðurlagi, að þingið biðji konung vorn, að hann bjóði, að kláðanum verði útrýmt með niðurskurði á hinu sjúka og grunaða fê þegar á næstkomandi hausti. Hin fjórða bænarskráin var frá Þórnesfundi, og biður hún þingið að taka fjárkláðamálið til ítarlegrar meðferðar, og biðja stjórnina að finna hentugt ráð til þess að útrýma fjárkláðanum sem fyrst og á sem beztan hátt að auðið er. Allar þessar bænarskrár eru úr hærðum fyrir utan kláðasviðið; en auk þeirra komu til þingsins úr kláðasjúku hærðunum tvær bænarskrár og tvær yfirlýsingar um niðurskurð, og enn mótmæli frá 11 mönnum gegn niðurskurði. Önnur bænarskráin frá almennum hreppsfundi að Hofi á Kjalarnesi undirskrifuð af prestinum og hreppstjóránum í nafni fundarins með þeim niðurlagsatriðum:

1. Að alþingi vilji styðja að því af aleffi, að niðurskurði verði framgengt í öllum hinum sýktu hærðum á næstkomandi hausti allt frá Skoradalvatni niður alla Borgarfjarðarsýslu og suður úr allt það sem Kjósar og Gullbringusýsla nær.
2. Að það hlutist til um það við amtmanninn, hvern í sínu umdæmi, að þeir með tilstyrk sýslumanna og hreppstjóra gjöri ráðstafanir til þess, að fê fáið keypt með svo vægu verði, sem

framast er kostur á, úr öllum þeim heilbrigðu og alveg grunlausu hëruðum, sem til verður náð.

3. Að það gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að svo fljótt sem auðið er verði kosnir 3—5 menn í hverjum hrepp hinna sýktu hëraða, sem haldi þar fundi til að koma sër saman um ráðstafanir til niðurskurðar; einnig að kosin verði maður úr hverjum hreppi hinna heilbrigðu hëraða, sem fjárvon væri frá, er leiti upplýsinga um, hve margt fê þar fáið og með hvaða kostum, og að það svo fái forseta sinn eða varaforseta eða einhvern þingmann, til að kveðja til og halda fund með þessum völdu mönnum úr hreppunum svo fljótt sem unnt er að afloknu þingi eða ekki seinna en í ágústmánaðar lok.
4. Að það skrifi bænarskrá til hans hátignar konungsins og biðji um, að verðir sèu settir á næstkomandi vori á þeirra kostnað, sem sýkin er hjá og ekki vilja niðurskurð þegar í haust, á milli þeirra og annara sem skera niður í haust, eða sem ekki hafa sýkina, og enn fremur að til frekari tryggingar sè verðir settir eitt ár fyrst um sinn á almennan kostnað á milli hëraðanna sem niður skera í haust og hinna næstu heilbrigðu.

Hin bænarskráin er frá bændum í Seltjarnarneshrepp, er biður alþingi að skerast svo í kláðamálið, að kláðanum á öllu því svæði, sem hann nú er á, verði nú þegar í haust útrýmt með niðurskurði. Önnur yfirlýsingin er frá hreppsfundi að Káranesi í Kjós, undirskrifuð af hreppstjórunum í nafni fundarins; hún hefir að vísu engin niðurlagsatriði, heldur lýsir hún yfir þeim vilja fundarins, að þeir skeri niður með því skilyrði, að skorið verði suður á bóginn suður í Hafnarfjörð að minnsta kosti, og austur á við svo sem háfjall ræður, en aptur á móti áskilur hún engan niðurskurð í þeim hluta Borgarfjarðarsýslu, sem veikur er; þá tekur hún það fram, sem aðalskilyrði fyrir niðurskurðinum, að allir innan vebanda niðurskurðarins fái næga og öfluga varðtryggingu á alla bóga, og sè varðmönnum borgað úr þeirri átt, sem alþingi þykir henta og hæfa. Hin yfirlýsingin er frá hëraðsfundi að Lágafelli í Mosfellssveit með 29 nöfnum undir; þar segir, að fundarmenn hafi vérið niðurskurði meðmæltir með þeim skilyrðum, að hafinn verði niðurskurður að ofanverðu upp við þann heilbrigða stofn og haldið áfram á hinu grunaða svæði; í öðru lagi, að þeir geti fengið kindur sínar seldar með þolanlegu verði og aptur keypt í skarðið úr heilbrigðum hëruðum nægilegt fê með líku verði; og í þriðja lagi,

að vissa sè fyrir öruggum verði á takmörkunum, þar sem niðurskurðurinn endar, en þó eigi á kostnað þeirra, er heilbrigft fè eiga. Mótmæli gegn niðurskurði eru frá 11 mönnum í Mosfellssveit; biðja þeir alþingi um, að þeir megi halda fè sínu í fullum friði og losast við allar niðurskurðaráskoranir.

Nefndin sá nú þegar, að meira var við þetta mál að gjöra, eins og það lá fyrir nefndinni, en að segja álit um hið konunglega frumvarp, og því snèri hún athygli sínu fyrst og fremst að því, að stemma yrði stiga fyrir útbreiðslu fjárkláðans úr Kjósar og Gullbringusýslu austur á bóginn. Stjórnin hafði í bræfi sínu 7. maí 1863 boðið stiptamtmani ásamt hinum amtmönnum að setja Skorradalsvörðinn. Bréf þetta fèkk hinn háttvirti konungsfulltrúi góðfúslega nefndinni til eptirsjónar (sjá fylgiskjal 1.). Skorradalsvörðurinn var nú settur, en enginn vörður að austanverðu við kláðasviðið, sem þó var eins nauðsynlegt og sjálfsagt. Fyrir því kom nefndin fram með áskorun sína til stiptamtmanns, dagsetta 8. júlí þ. á., er þingið samþykkti að senda stiptamtmani. Stiptamtmaður svaraði nú áskorun þessari aptur í bræfi dagsettu 21. júlí, sem kunnugt er (sjá fylgisskjal 2.). Nefndin gat eigi unað við þau málalok, og kaus þegar 3 menn úr sínu liði, til að tala betur og semja við stiptamtmann. Árangur af þessu var bréf stiptamtmanns til nefndarinnar 28. júlí þ. á. (sjá fylgiskjal 3.).

Nú er nefndin hafði gjört allt, sem í hennar valdi stóð til að girða fyrir útbreiðslu kláðans til hinna heilbrigðu héraða, þá snèri hún huga sínum að málinu sjálfu og athugaði hvað bezt og til-tækilegast væri við það að gjöra framvegis. Hér lá nú fyrir nefndinni lækningafrumvarp frá stórninni, og á hinn bóginn niðurskurðarbænaðarskrár frá landsmönnum, og það eigi að eins úr heilbrigðu sveitunum, þar sem kláði aldrei hafi áður verið, heldur og úr kláðasveitunum sjálfum. Þetta hið síðast talda atriði verður nefndin að álíta næsta eptirtektavert og merkilegt, einkum af því, að þessar bænaðarskrár og yfirlýsingar eru undirskrifaðar og samþykktar af hinum helztu lækningamönnum á almennum fundum í öllum hreppum Kjósarsýslu, það er að segja Kjós, Kjálarnesi og Mosfellssveit, svo álíta má, að allur almenningur í þessari sýslu, eður allir búendur, að einum 11 undanteknum, vilji nú þegar hafa samtök að almennum niðurskurði, ef þeir fá fè sitt selt og heilbrigft fè keypt aptur í skarðið og enn fremur tryggja verði setta að sumri komanda milli sín og hinna sýktu héraða á kostnað þeirra,

er sjúkt fè og grunað eiga. Þetta kemur eflaust af því, eins og svo greinilega er tekið fram í bænarskrá Kjalnesinga, að almenn- ingur er orðinn örpreyttur á þessum ónógu og því ónýtu læk- ningum, sem í sannleika eigi eru til annars, en að ala kláðann með ærnum kostnaði fyrir allan almenning og eigendur hins sýkta fjár sèr í lagi. Nefndin hlýtur nú að álíta það hið snjallasta og holl- asta ráð, að kláðinn væri upprættur með niðurskurði að haustinu til, eins og alþingi fór fram á 1859, því niðurskurð þann má fram- kvæma alveg kostnaðarlaust fyrir hið opinbera og skaðlaust fyrir eigendur fjársins, með því að eigendur hins sýkta fjár geta selt sitt fè hér í Reykjavík með sama verði, sem þeir kaupa aptur heil- brigt fè fyrir í öðrum sveitum, og nóg heilbrigt fè er fáanlegt fyrir sama verð, ef skorið er niður, svo að þessi niðurskurður er í raun- inni eigi annað en fjárfstutningur í landinu og fjárskipti, með því að kaupmönnum hér er selt hið sýkta fè og eigendum þess fjár aptur selt heilbrigt fè það, er annars væri selt kaupmönnum á öðr- um verzlunarstöðum. Þegar málið er þannig skoðað er það næsta einfalt og hægt viðureignar, einkum nú þegar um svo lítið svæði er að gjöra; en hér er á fleira að líta, og það er fyrst á skoðun stjórnarinnar og hins æðsta æðsta umboðslega embættismanns hér á landi yfir kláðanum og enn nokkurra einstakra manna hér í kláðasveitunum. Eigi verður það varið, að stjórnin tók slysa- lega og illu heilli fyrir land og lýð í þetta mál 1859, og hefir gjört það slælega síðan, og henni er því mest um það að kenna, að enginn endilegur árangur hefir enn orðið af málinu, með því að hún hefir sett sig og þá embættismenn, er hún fèkk á sitt mál upp á móti þjóð og þingi, og menn upp á móti mönn- um, svo vilji manna hefir orðið tvískiptur, einn braut það niður, sem annar byggði, menn þreyttust, áhuginn lagðist í dá og allt hefir lent í aðgjörðaleysi. Stjórnin hefir í þessu máli jafnan byggt á óáreiðanlegum skýrslum stiptamtmanns, sem rekið hafa sig hver á aðra og brotið hver aðra niður, af því þær hafa verið innbyrðis sundurþykkar. Í öllum þeim skýrslum stiptamtmanns, sem oss eru að nokkru kunnar, hefir staðið, að *nú* væri kláðinn annaðhvort gjörsamlega yfirbugaður, eður að eins ómerkilegur kláðavottur eptir hér og hvar, en *áður* hefði kláðinn verið talsverður, en stiptamt- inu hefði tekizt, sem sagt, að útrýma honum með sínum visu ráð- stöfunum og óþreytanlega dugnaði. En nú verður í hverri næstu skýrslu á eptir tíminn *áður* eður hið fyrrverandi ástand kláðans

hinn sami tími sem nú var eður hið nærverandi ástand kláðans í skýrslunni á undan, og liggur þá í augum uppi, að allar skýrslurnar hafa verið ósannar að því leyti sem þær skýra frá hinu nærverandi ástandi kláðans. Nú til þess, að gjöra þetta enn ljósara, skulum vér taka eitt dæmi af mörgum. Í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis 1861 (II., 3.) segir, að »nú geti ekki orðið umtalsmál« að taka til greina þá uppástungu alþingis 1859, »að sé sýkinni ekki algjörlega útrýmt um nýár 1861, þá verði lagt fyrir alþingi það ár lagafrumvarp um algjörða útrýming sýkinnar, með því svo megi álitá, *eptir embættisskýrslum, er komið hafa frá Íslandi, að sýkin sé nú gjörsamlega yfirbuguð*« (sbr. lögstjórnarbréf 17. apríl 1861). En nú má þó stjórninni sjálfri vera orðið ljóst, hvað þá heldur öðrum, hversu áreiðanlegar þessar *embættisskýrslur* hafa verið. Þessi óáreiðanlegleiki skýrslanna kemur af því, að þær standa á ógildum og óskilrikum grundvelli, þar sem eru frumskýrslur þeirra manna, er skýrslur stiptamtmanna eru á byggðar. Oss kemur eigi til hugar, að stiptamtmenn hafi visvitandi viljað koma með nokkur ósannindi í skýrslum sínum fram fyrir stjórnina; en hitt segjum vér, sem er, að stiptamtmaður hefir orðið að sjá allt með annara augum en eigi sínum, og þessi augu eru augu þeirra manna, er engan opinberan trúverðugleik geta haft hvorki að lögum né eðli hlutarins. Þessir menn, er frumskýrslurnar gefa, eru flestallir óeiðfestir, og enginn þeirra hefir unnið eið að því, að gefa þessar skýrslur réttar, eður einu sinni upp á embættisæru og samvizku, heldur að eins eptir ósk eður beiðni yfirvaldsins. Svo bætist og hær á ofan, einkum nú síðan að þessir menn hafa engin laun fengið fyrir starfa sinn, að það hefir verið þeim sjálfum í hag, að gjöra sem minnst úr kláðanum á þeim tíma, er skýrslurnar voru samdar, til þess annaðhvort að sýna, að þeir hafi gengið vel fram í lækningunum, eður til þess að komast hjá nýrri rannsókn og fyrirhöfn launalaust. Þetta hafa þessir menn því fremur getað gjört, sem þeir hafa haft fulla ástæðu til að ætla, án þess meira sé sagt, að þeir þar með gjörðu háyfirvaldinu þægt verk. Vér viljum engan veginn með þessu hafa meitt borgaralegan trúverðugleika manna: en verkin sýna merkin, kláðinn er enn á kreiki og enn verri en 1860. Stjórnin virðist nú að vísu loksins vera farin að grilla í, að embættisskýrslur þær um fjárkláðann, er hún fær heðan frá landi, sé eigi öldungis óbyggjandi (sbr. konungl. auglýsing 8. júní 1863 II. 2.), en þó hefir hún enn þá eigi fengið augun opin fyrir óskil-

ríki þeirra. Nú er vèr lítum á, hversu þeim fán mönnum er háttað, sem hafa líka skoðun á þessu máli sem stjórnin, þá eru það fyrst embættismenn, sem álíta sér annaðhvort skylt, að hafa sömu skoðun sem stjórnin, eður þá hina svokölluðu vísinda eður menntaskoðun á kláðannm, en hugsa alls eigi um, hvort þessi skoðun geti komið hér á landi að nokkru haldi í framkvæmdinni, eður hún sè beinlínis sveitabúskapnum til niðurdreps, af því að ástandið er hér svo mjög frábrugðið því sem er í öðrum löndum. Þessum síðari flokki fylgja nokkrir af meðalstéttinni fyrir fegurðar og nafns sakir, því þeim þykir skoðun þessi fögur á að líta og girnileg til fróðleiks. Loksins eru í þessum flokki flestir sjávarbændur, sem eiga það sammerkt við hina fyrrtöldu, sem og er *aðaleinkenni* allra lækningamanna á landi hér, að þeir lifa við allan annan atvinnuveg en sauðabú, og geta því eigi af reynslunni borið um ógagnsemi lækninganna, með því að einungis sumir þeirra eiga fáeinar kindur, annaðhvort sér til gamans, eins og nokkrir hinna fyrrtöldu, eður svona sem aukagetu, og stendur því hér um bil á sama, hvort þær lifa af eður drepast, með því að þeir hafa harðla lítinn bjargræðisveg af þessum örfáu skepnum hvort heldur er. Flestir búandi menn í Gullbringusýslu eru í þessum flokki, einkum í suðurlhreppum sýshunnar, og því heyrir aldrei að þeir vilji skera niður; en auðsætt er, hversu fráleitt og ranglátt það væri, ef þessir menn fengi leyfi til að ala kláðann í sínu fè sér að kostnaðarlausu, en sveitabændunum til ómetanlegs tjóns, af því þeir hirða eigi um, þótt sínar fáu kindur flækist hingað og þangað og hljóti því að hrekjast inn í fè bænda.

Nefndin hlýtur að vera á því, að eigi sè til neins að koma fram með niðurskurðarhugmyndir fyrir stjórnina, bæði af því, að hún hefir daufheyrt við þess háttar bænum hingað til, og þó einkum af hinu, að hún hefir nú um síðir lagt eindregið lækningafrumvarp fyrir þingið, sem nefndin hefir til meðferðar. Sér því nefndin engan annan veg til þess að missa ekki alveg sjónar á því bezta ráði til að útrýma alveg sýkinni, heldur en að tvískipta málinu þannig, að gjöra frumvarpið svo vel úr garði, er vèr höfum beztt vit á og láta lækningareglu þess halda sér óskerta, en ráða þó þinginu jafnframt til að koma með það andsvar til fjáreigenda í Kjósar- og Gullbringusýslu, að þeir gjöri frjáls samtök þegar eptir þing, til að framkvæma þann almennings vilja, er bænarskrár þeirra lýsa yfir, en þingmenn úr heilbrigðu sýslunum lýsi því þegar yfir, að þeir

skuli ábyrgjast þeim nægileg fjárkaup í skarðið með sanngjörnu verði þegar þeir hafa hreinsað hjá sér, og þeim sé jafnframt bent á, að þeir geti selt fænað sinn hér í Reykjavík, ef þeir eru sér úti um kaupin í tíma; einnig sé frumvarpið látið fylgja þessu andsvari, svo þeir geti séð, að hverju þeir eiga að ganga framvegis, þegar það er orðið að lögum.

Nefndin álitur, að það sé laglegra að kjósa sérstaka nefnd til þessa starfa, heldur en að nefndin sendi bréfið nú þegar; en þó leiddi hún þetta fram hjá sér, einkum af þeirri ástæðu, að bréf þetta verður eigi réttilega samið fyrr en menn sjá, hvernig málið fer, og heyra tillögur þingmanna um fjársölu úr heilbrigðu sveitunum.

Nefndin verður því að ráða þinginu til, að kjósa 3. manna nefnd til að semja bréf þetta, er síðan sé borið undir þingið.

Frumvarp

til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi.

1. gr.

Sýslumenn og hreppstjórar skulu, hver í því umdæmi, sem hann er yfirskipaðar, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eða önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Amtmaður skal, eptir uppástungum sýslumanns, kveðja í hverjum hrepp hæfilega menn hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því, að komast að raun um, hvort fjárveiki sé þar í hreppnum, og eins í því, að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórar eiga, hvorir um sig, tafarlaust að gefa sýslumanni til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um fjársýki. Bæði hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra skulu fá hæfilega umbun fyrir þessi störf sín, að því leyti þau hafa í för með sér ferðalög og verkfall frá heimili sínu.

Ef ekki þykja óyggjandi hæfir og áreiðanlegir menn til þessa starfa innán hrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hreppi, eður og úr næstu sýslu.

2. gr.

Hvar sem slíkrar veiki verður vart, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn sjá um, að hið sjúka fæ og grunaða (sbr 3. gr.) verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fæ. Hreppstjóri skal þegar skýra sýslumanni frá því, sem gjört hefir

verið, og skal þá sýslumaður gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

Sýni sýslumaður, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem 1. og 2. gr. leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því sérstaka ábyrgð til sekta, eptir úrskurði amtmanns.

3. gr.

Allt það fè er grunað, sem hefir verið sjúkt eða haft samgöngur við sjúkt fè hina síðustu 12 mánuði.

4. gr.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð. Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, sem hin upprunalega rannsókn hefir í för með sér samkvæmt 1. gr., greiða úr jafnaðarsjóði amtsins.

5. gr.

Nú gegnir eigandi ekki tafarlaust eða nákvæmlega skyldum þeim, sem á honum hvíla, eptir 1. kafla 4. greinar, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd., og skal sýslumaður láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Svo má og sýslumaður, þegar fjáreigandi hefir gjört sig beran að slíkri óhlýðni (mótþróa) eður hirðuleysi, kyrrsetja eigur hans eptir úrskurði fyrir lögreglurétti, samkvæmt 14. gr. í tilsk. 24. jan. 1838. Ef ekki fæst á þann hátt full borgun, þá skal skjóta til því, sem á vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins.

6. gr.

Nú er á vordegi fè komið undan vetrarhirðingu og þó enn sjúkt eður grunað á einstöku bæ eður bæjum í einhverri sveit eður héraði, þá skal fyrst hafa stranga og fulltrygga heimavöktun á öllu því fè, hverju á sínum bæ, allt frá maí byrjun til miðs júní á kostnað fjáreiganda; en því næst skal safna öll heiðarlönd sveitarinnar og rannsaka nákvæmlega allt fè á hverjum bæ, og skal þeirri skoðun lokið fyrir 15. júní. Verði þá nokkurs staðar kláðavart, eður sè grunsamt, að kláði sè eigi upprættur í einhverri sveit eður héraði, þá skal setja fulltryggan vörð, hvar svo sem er, fram til rétta, milli þeirrar sveitar og hinna heilbrigðu héraða.

Öllum þeim kostnaði, sem leiðir af þessari grein, fyrir utan heimavöktun, er fellur á hvern einn sér í lagi, skal jafna niður á fjáreigendur í hinum sýktu og grunuðu hëruðum, eptir fjárframtali þeirra hvers um sig.

7. gr.

Í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar hefir bæjarfógeti og lög-regluþjóðar allar hinar sömu skyldur á hendi, sem á sýslumönnum og hreppstjórum hvíla eptir þessari tilskipun.

Ástæður.

Eins og segir í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi, þá hefir stjórnin eigi getað fallizt á tvær ákvarðanir í frumvarpi alþingis 1861, sem lutu að því, að skera mætti fê niður, annaðhvort hjá þeim, er sýnt höfðu óhlýðni eður hirðuleysi (sjá 4. gr. 2. málsgrein), eður á einstöku stað þar sem fê er fátt en almenn hættu getur af því leitt, ef eigi er skorið (sjá 5. gr.). Síðasta alþingi setti þessar ákvarðanir í frumvarp sitt einungis til þess, að gefa lækningunum tryggingu og aðhald, svo að í lögnum væri girt fyrir þá almennu hættu og hirðuleysi, er til þess tíma hafði sýnt sig svo skaðlegt fyrir land og lýð. Stjórnin hefir nú í frumvarpi sínu, sem þegar er sagt, felld burt þessa tryggingu og aðhald, sem var í frumvarpi þingsins, og sett aptur sektir í staðinn (sjá 4. gr. frumvarpsins). En það aðhald, sem á að liggja í sektunum, er engan veginn samsvarandi þeirri almennu hættu, er leiðir af hirðuleysinu, þar að auki verður það næsta þýðingararlítið eptir skoðun stjórnarinnar sjálfrar, þar sem hún segir í ástæðunum »enda mun og *jafnan* vërða torvelt að sanna, hvenær maður hefir sýnt hirðuleysi, með því varla verður á Íslandi haft svo stöðugt eptirlit frá hálfu hins opinbera með lækningunum» o. s. frv.; því þótt þetta sê sagt, til að sýna, hve torvelt sê að sanna hirðuleysi manns, svo skera megi megi niður hjá honum, þá er auðsætt, að eins örðugt verður að sanna hirðuleysið, hvort sem sektir eru lagðar við því eða önnur hegning. Nefndin áleit nú að visu rêt að halda sektunum, en hún gat eigi álítið þær einhlítar, eða næga trygging í þeim fóligna, til að afstýra þeirri almennu hættu, er hirðuleysi einstakra manna hefir í för með sér.

Nefndin vildi þó eigi taka upp aptur ákvarðanirnar í frumvarpi þingsins 1861, þótt hún yrði að álíta þær tryggjandi, af því að þær eru svo móttæðilegar vilja stjórnarinnar, þótti henni því ráðlegast að ná þessari tryggingu og aðhaldi á þann hátt, sem er samkvæmari

allri lækningastefnu frumvarpsins. Fyrir því hefir nefndin búið til ákvörðun um verði í frumvarpi sínu, (sjá 6. gr.) og í annan stað ákveðið, að fê það, er sýkt hefir eður haft samgöngur við sjúkt fê, skyldi álitíð grunað svo lengi á eptir, að öll sú vissa, sem fengizt getur, náist fyrir því, að fêð sê orðið heilbriggt (sjá 3. gr). Báðar þessar greinar til samans teknar, fela í sêr þá aðal hugsun að varna útbreiðslu sýkinnar svo tryggilega, sem nauðsyn krefur, og fer hún eigi lengra í þessu efni, en álíta verður öldungis nauðsynlegt, þegar lítið er til hins lina eptirlits af hálfu hins opinbera og eins til hirðuleysis sumra einstakra manna.

Við 1. gr.

Það þótti eiga betur við, að sýslumaður, sem kunnugri maður benti amtmanni á þá menn, sem teknir væri til aðstoðar hreppstjórunum, og er ákvörðun þar um tekin inn í greinina. Sömu-leiðis að kveðja mætti utanhreppsmenn til þessa starfa, af því gjöra má ráð fyrir, að ekki sê ætíð vól á slíkum mönnum innanhrepps sem fulltreystandi sê. Af því ótækt þótti að leggja slíkan starfa sem þenna borgunarlaust á menn, þá þótti nefndinni rétt að ákveða þeim hæfilega borgun fyrir ómak þeirra.

Við 2. og 3. gr.

Með því að sýslumanni og hreppstjórum og aðstoðarmönnum er hér gjört að embættisskyldu að hafa sérlegt eptirlit á alls konár fjárveikindum, þá þótti nefndinni ástæða til að taka það fram, að vanrækt þeirra á þessari skyldu, skyldi sæta sêrstökum sektum, af því að menn verði og að álíta það einkar áriðandi fyrir almenningsheill, að þeir ræki dyggilega þessa köllun sína. Eptir ástæðum þeim, sem áður eru teknar fram, er þriðju grein bætt við, með því og að í stjórnarfrumvarpinu var ekkert tekið til, hvaða fê ætti að heita grunað, og um tímatakmarkið er haft tillit til þeirrar reglu, er hinir konunglegu erindisrekar settu í þessu efni.

Við 4. gr.

Þessi grein samsvarar 3. gr. stjórnarfrumvarpsins. En í stað niðurlagsgreinarinnar, þótti ekki ástæða til, að leggja kostnaðinn af öllu eptirlitinu á jafnaðarsjóðina, heldur virtist réttara að takmarka þannig ákvörðunina, að hún næði að eins yfir þá rannsókn, sem nauðsynleg er af hálfu hins opinbera, til að komast eptir, hvar sjúkt fê sê og grunað, en upp frá því borgi eigandinn allan kostnað.

Við 5. gr.

Þessi grein samsvarar 4. gr. hins konunglega frumvarps. Er þar að eins bætt inn í þeirri ákvörðun, að kyrrsetja megi fjármuni hins seka, af því að hirðuleysi manna á fæ sínu er svo skaðlegt fyrir almenningseill, að full ástæða er til, að gjöra svo strangt aðhald, sem lögin frekast leyfa.

Við 6. gr.

Þessi grein er ný. Í frumvarpi stjórnarinnar vantaði allt um verði til að varna útbreiðslu sýkinnar. En slík ákvörðun virðist þó öldungis nauðsynleg, eins og tekið er fram hér á undan, einkum eptir því sem tilhagar hér á landi.

Við 7. gr.

Þessi grein er sett til að taka af allan vafa um það, að lög þessi nái einnig yfir Reykjavík.

Samkvæmt framanskrifaðri útlistun leyfir nefndin sér að ráða hinu heiðraða þingi til:

1. Að rita konungi þegnlegt álitsskjal og biðja hann að gjöra stjórnarfrumvarpið að lögum með þeim breytingum og viðaukum sem nefndin hefir stungið upp á.
2. Að þingið kjósi 3 manna nefnd til þess að semja andsvars-ávarp út af bænarskránum um niðurskurð.

Reykjavík 11. ágúst 1863.

Magnús Andrèsson, Arnþjóður Ólafsson, B. Sveinsson. St. Jónsson.
formaður. framsögumaður.

J. Pálmason. Páll melsted,
skrifari.

Jón Guðmundsson, með skýrskotun til athugasemda, er eg tek fram á fundi um blæ og orðatiltæki álitsskjals þessa, og að áskildri breytingu við 3. gr. nefndarfrumv.

Fylgiskjal 1.

Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi dagsett 7. maímán. 1863.

Havsteinn amtmáður hefir sent hingað bréf eitt, er hér með fylgir í eptirriti, frá Kristjáni Kristjánssyni kammerráði og 4 mönnum í sýslunefnd Húnavetninga; er þess beðizt í bréfinu, að stjórnin hlutist til um, að nú í sumar verði settur trygur vörður við Skorradalsvatn á sömu stöðvar sem hann var settur tvö hin síðustu ár, til þess að kláðasýkin breiðist ekki út, og að kostnaður varðarins verði greiddur úr jafnaðarsjóðum allra amtanna.

Sökum þessarar beiðni og með tilliti til þess, að alþingi hefir í bænarskrá sinni dagsettri 19. ágúst 1861, (alþ. tíð. 1861. 1806—1814. bls.) meðal annars beðizt þess, að amtmanninum yfir Suðuramtinu yrði boðið, ásamt hinum amtmönnum landsins, að hafa sterkar gætur á, að engar samgöngur ætti sér stað milli fjárins í hinum heilbrigðu hærðum og í hinum grunuðu sveitum, alla þá stund er kláðasýkin væri eigi alveg upprætt og undir lok liðin, þá hefir stjórnin álitid, að hún ætti að verða við ósk manna í bréfi því, er áður er getið, og það enda þótt skýrslur þær, er horizt hafa nú fyrir skemmstu frá Íslandi, beri með sér, að kláðasýkin gjöri að eins vart við sig hingað og þangað í Suðuramtinu; fyrir því skorar nú stjórnarráðið á herra stiptamtamanninn, að hann eptir samkomulagi við hina amtmennina gjöri svo fljótt sem unnt er nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að fulltryggur vörður verði settur í hinum áður umgetna tilgangi.

Fylgiskjal 2.

Forsetinn á alþingi hefir með bréfi frá 13. þ. m. sent stiptamtinu áskorun frá nefnd þeirri, sem sett er í þinginu í fjárkláðamálinu þess efnis, að þingið æski af stiptamtamanninum og skori á hann:

- »1. Að hann það allrabráðasta skipi öruggan og tryggjandi vörð á takmörkunum milli Árnessýslu að austan, og Kjósar- og Gullbringusýslu að vestan, frá Súlum að norðan eptir sýslutakmörkunum og suður í sjó, á kostnað eiganda hins sjúka og grunaða fjár í Kjósar og Gullbringusýslu, og
2. Að tafarlaust verði gjörð sú ráðstöfun, að öll heiðarlönd næst fyrir austan þessa línu verði söfnuð og allt fè, sem þar finnst, rekið vestur fyrir línuna.«

Þessari áskorun leyfir stiptamtið sér, eptir að það hefir fengið skýrslur um heilbrigðisástand fjárins, þjenustuskýldugast að svara þannig:

Hvað 1. áskorunar atriðið snertir verður stiptamtið að lýsa því yfir, að það sér sér ekki fært að verða við ósk þingsins, þar sem það ekki álitur sig hafa lagaheimild til þess að skipa þann umrædda vörð, sem að minnsta kosti þyrfti að vera skipaður 25—30 mönnum á kostnað þeirra manna, sem ættu veikt eða grunað fè, og það því síður, sem þessir menn, eptir þeim skýrslum, sem stiptamtið nú hefir fengið um málið, eru mjög fáir, og einungis á

Kjalarnesi og í Mosfellssveit, og fê þessara manna þar að auki í heimavöktun og mjög lítil brögð að veikinni á þeim fáu bæjum, hvar hennar er nokkur vottur, og böðun nýlega farin fram á þeim bæjum; en af jafnaðarsjóði amtsins er ómögulegt að greiða slíkan kostnað ásamt kostnaði þeim, sem leiðir af Skorradalsverðinum, sem settur var á þessu vori og nú stendur yfir.

Viðvikjandi 2. atriðinu leyfir stiptamtið sér að taka fram, að þar sem, eins og þegar var sagt, fêð í Gullbringusýslu má álitast algjörlega heilbrigt, getur ekki orðið spursmál um að safna fênu á suðurheiðunum milli Árnes- og Gullbringusýslu, og er þá að eins eptir Mosfellsheiðin og heiðarlöndin norður eptir; en hêr við athugast að fêð í Kjósarhrepp má álitast heilbrigt og að heimvöktun er fyrirskipuð og viðhöfð í Mosfellssveit á þeim fáu hæjum, þar sem kláðavottur hefir fundizt í vor, og að fêð í Kjalarnesshrepp, mestmegnis lömb, gengur í Esjunni, sem er búfjárhagar sveitarinnar, en þrátt fyrir það hefi eg þó, samkvæmt áskorun þingsins, álituð réttast að fyrirskipa það sem hêr er farið fram á, hvað Kjalarnes- og Mosfellssveit snertir, og þar hjá ætlar stiptamtið, eins og gjört var næstliðuð sumar, að láta smala öllu fê frá Esjunni og Mosfellsheiði, þegar liður á sumar, og að láta kanna það, því sú ráðstöfun reynd ist í fyrra mjög svo gagnleg.

Að öðru leyti hefir stiptamtið ennfremur skipað svo fyrir, að fêð á þeim fáu bæjum sem vottur þykir til kláðveikinnar á í Mosfellssveit og á Kjalarnesi, verði skoðað í hverri viku, því með þeirri meðferð er byggt fyrir það að sýkin útbreiðist eða magnist, þegar lækningar, eins og segir sig sjálf, jafnframt eru viðhafðar.

Íslands stiptamtshúsi 21. júlí 1863.

Th. Jonasson.

est.

Fylgiskjal 3.

Eins og eg þegar munnlega er búinn að segja einum af nefndarmönnum í kláðamálinu, hefi eg, eptir því sem talaðist til milli mín og hans og 2 annara meðnefndarmanna í málinu, skipað svo fyrir, að vörður, áþekkur þeim, er settur var í fyrra sumar, yrði settur milli Árnes- og Kjósarsýslu, svo hefi eg einnig skipað svo fyrir, að öllu fê yrði smalað á Mosfellsheiði og norður og suður eptir, á því svæði, sem vörðurinn nær yfir; en fremur er fênu úr þingvallasveit sem í vor var rekið austur fyrir smalað að því

leyti, sem eitthvað af því kynni hafa sótt vestur fyrir inn á Mosfellsheiði.

Fæð í Mosfellssveit, á þeim bæjum sem grunsemi var á eða vottur til kláða í kindum, er baðað, og því er haldið heima við, (enda er það ekki nema kvíð), en sumstaðar eru þó lömbin rekin inn í Esju, eða á svokallaðan Þverárdal, hvar þau eru í aðhaldi. Fæð frá Kjalarnesi gengur allt í Esjunni, sem er búfjárhagar sveitarinnar, og kemur varla saman við annað fæ, nema ef til vill fæð úr Kjósinni, hvar að öðru leyti, eptir seinustu skýrslu í þ. m., var allt heilbriggt. Eg hef þannig, að því leyti kringumstæðurnar hafa leyst, leitast við að laga mig eptir ósk og vilja þingsins og nefndarinnar og enda með sjálfsafneitun látið að orðum þess og ósk hvað vörðinn snertir, þar sem eg eins og nú stendur, ekki get sannfærzt um að hann sé nauðsynlegur, eða að öðru leyti geti gjört neitt verulegt gagn.

Íslands stiptamtshúsi 28. Júlí 1863.

Th. Jónasson,
est.

14. ágúst – Þrítugasti og fimmti fundur.

Bænarskrá

til konungs um laun hreppstjóra (sbr. bls. 113).

Nú til alþingis kom bænarskrá frá Borgfirðingum með 9 nöfn-um undir, um laun handa hreppstjórum. Alþingi kaus 5 manna nefnd í málið, ræddi það síðan á tveim aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú þegnsamlegast, að bera fram tillögur sínar um málið á þessa leið:

Það er fyrir löngu viðurkennt af yfirboðnum sem undirgefn-um, að hreppstjórar væru maklegir þess, að fá laun fyrir starfa sinn. Störf þau sem liggja á hreppstjórunum eru svo umfangsmikil, að ofætlun má virðast fyrir ólaunaðan mann, að geta leyst þau af hendi eður gegna öllum þeim skyldustörfum, sem honum eru á herðar lögð í hreppstjóra-instruxinu 24. nóvember 1809, og eldri og yngri lagaboðum. Því eigi hreppstjórinn að geta gegnt köllun sinni, bæði með bréfaskriptir, skýrslur og hreppastörf öll, hefir hann lítinn tíma afgangs til að gegna heimilisstörfum sínum.

Þetta fyrirkomulag veldur því, að þegar hreppstjórar eru búnir að vera við hreppastörf í lögboðinn tíma, eður 3 ár, þá segja þeir af sér, og svo kemur allt af nýr og nýr, og við það missa hrepparnir festu, samkvæmni og afl í góðri sveitastjórn, en væru hreppstjórar launaðir, mundu þeir miklu síður fara frá sýslu sinni svona eptir 3—4 ár. Þingið verður því að fallast á þá skoðun í bænarsskránni, að það sé bæði æskilegt og nauðsynlegt, að bætt sé kjör hreppstjóra, og að þeir eigi rétta heimting á launum. En til þess að skoða þetta mál betur, og til þess að komast að fastri niðurstöðu um hvaðan launin skuli taka, þá hlýtur þingið að athuga, hvernig störfum og embætti hreppstjóra er háttlað.

Hreppstjórar hafa nú tvenns konar embætti á hendi; annað er stjórn fátækra mála í hreppnum, hitt er að vera þar réttar- og lög-regluþjónn; og er hinn mesti munur á þessum tveim embættum. Meðan hreppstjórar voru að eins, eður mestmegnis, stjórnendur fátækra mála (sjá Grág. II. 171.—180. bls. um hreppaskil, og Jónsbók framfærslub. IX. kap., rekab. X. kap., landsleigub. XLVI. kap.) var nátturlegt eður sjálfsagt, að þeir fengi engin laun fyrir þann starfa sinn, því það var gagnstætt allri lagasetning í þá tíð að gjalda laun af fæ fátækra, með því það var til guðs þakka lagið. Enda segir svo í Grág. II. 144 bls. »sóknarmenn eru jafnskyldir að ala menn í hrepp, ok gefa matgjafar sem aðrir menn« og Jónsbók gjörir hér á enga breyting. En síðar, er hreppstjórar voru gjörðir að lögregluþjónum, er einkum var gjört með instruxi þeirra 24. nóvemb. 1809, mátti álíta eins sjálfsagt að þeir fengi laun fyrir þann starfa, enda var og svo tilætlazt (sjá skýrslu nefndarinnar fyrir framan konungsúrskurð 21. Júlí 1808, lagas. Ísl. VII, 193 bls.) Eptir þessum úrskurði var hreppstjórum að eins veitt skattfrelsi og þeir undanþegnir að halda sveitarómaga og leggja til sveitar, en þetta hið síðara var aptur tekið af þeim með konungsúrskurði 14. apríl 1819, og skattfrelsi þeirra var útlýtt svo með kanselibréfum 8. nóvbr. 1823; og 25. maí 1824, að hreppstjórar voru eigi undanþegnir að gjalda tíund til prests og kirkju, og því eru þeir einungis lausir við gjöld til konungs, það er að skilja konungstíund, gjastoll, skatt og lögmannstoll, eptir úrskurðinum 21. júlí 1808. Einnig segir í kanselibréfi 11. júlí 1818, að hreppstjórar sé eigi undanþegnir sakamanna kostnaði, er jafnað er niður á amtsbúa, sem þeim er þó heitið í 55. grein instrúxins, og greiða þeir því til jafnaðarsjóðanna, sem aðrir hreppsþændur. Þau hin föstu

laun, er hreppstjórar hafa, er því skattfrelsi til konungs, og hinar einu aukatekjur þeirra eru fyrir störf þau, er þeir gjöra sem réttarins þjónar og þar að auki nokkrar smásektir sem eigi eru teljandi og eins nú helmingur af leyfisgjaldi lausamanna eptir 15. gr. í tilskipun 26. maí 1863; en gjöld þessi munu ódrjúg verða. En hins vegar hafa hreppstjórar engi laun haft nè hafa nú fyrir stjórn fátækramálefna, eður hið eiginlega hreppstjórnarembætti sitt. Þingið verður og að vera á því, að fátækra stjórnin eigi skuli vera launuð, og það af þeim ástæðum, að það er bæði samkvæmt landslögum vorum og þeirri almennu borgaralegu skyldu, að ala fátæka menn og sjá þeim borgið á kostnað sveitarinnar. — En aptur á móti finnst þinginu full ástæða til, að þeir fái laun sem lögregluþjónar, enda er það samkvæmt lögunum, og svo er það beinlinis í hag fyrir lögreglustjórnina, að hreppstjórar sé launaðir. Þingið ætlar, að framkvæmdarskortur og veiklun lögreglustjórnarinnar hér á landi stafi að miklu leyti frá launaleysi hreppstjóranna, því þegar hreppstjórnarnir verða fegnir að losna við hreppstjórnina, sem sannkallaðan kross og byrði, þá liggur í augum uppi, að þeir taki sér það eigi mjög nærri, þó amtmaður víki þeim frá ráðsmennskunni, svo niðurstaðan verður optlega sú, að lögreglustjórinn (sýslumaðurinn) verður annaðhvort að láta sér nægja, hvort og að hve miklu leyti hreppstjórinn framkvæmir skipanir hans, eður þá að klaga hann fyrir amtmanni, er þá getur að eins víkið honum frá hreppstjórninni. Menn gætu að vísu látið sér detta í hug, að almenningi væri eigi svo mjög hugleikið að auka lögregluvaldið í landinu. En því fremur ætti landsstjórninni að vera um það hugað; en hitt hlýtur hreppsþendum að vera annt um, að eiga góðan hreppstjóra, og meðan hin óeðlilega samsteypa á sér stað, að sami maðurinn er bæði fátækra-stjóri og lögregluþjónn, þá getur alþýðu manna eigi staðið á sama hvernig hreppstjórum líður.

Þingið ihugaði þessu næst, hvaðan taka ætti laun handa hreppstjórum, og var þá fyrst fyrir að athuga uppástungugreindir bænarskráarinnar; þar sem bænarskráin fer því fram, að hækka aukatekju-reglugjörðina 10. septembr. 1830, að því leyti hún snertir hreppstjórana, þá hlaut þingið að leiða það hjá sér, án þess þó að ákveða nokkuð um það, hvort slíkt væri í sjálfsu sér tiltækilegt eður eigi, einmitt af þeirri ástæðu, að skyldi breyta 8. kap. í aukatekju-reglugjörðinni, þá yrði að breyta henni allri; en það gat þingið eigi ráðizt í að svo stöddu. Þingið gat heldur eigi aðhyllt þá uppá-

stungu í bænarsskránni, að hreppstjórar fái konungstíundina hver í sínum hrepp, því fyrst er það, að sýslumenn sumir fá hana í laun sín, og yrði þá að endurgjalda þeim hana aptur úr ríkissjóði, og í annan stað yrði þá svo mikill munur á launum hreppstjóranna, án þess það fari nokkuð eptir örðugleikum hreppsins og fyrirhöfn og vanda hreppstjóranna, með því að í sumum stórum hreppum er konungstíund næsta lítil, og á Vestmanna-eyjum engin, — þá verður þingið að vera þeirri uppástungu öldungis mótfallið, að hreppstjórar fái öreigatiundina til launa, bæði af því, að launin koma ójafnt niður, og þó einkum af hinu, að það er sama sem að launa þeim úr sveitarsjóði; en það álitur þingið gagnstætt eðli hlutarins sjálfs og svo landslögum, að launa lögregluþjónum af fátækra fê. Þess skal og hér getið, að til alþingis 1845 komu tvær bænarsskrár um bót á kjörum hreppstjóra. Nefnd sú er þingið kaus í málið, stakk upp á að launa þeim úr sveitarsjóði; en þingið gat eigi aðhyllt þá skoðun, og féll því málið niður. En aptur á móti verður þingið að aðhyllast þá uppástungu bænarsskráarinnar, að hreppstjórar fái hér eptir sanngjarna þóknun úr opinberum sjóði, frá 20 til 60 rd. eptir örðugleika hreppanna. Nú eru 168 hreppar í landinu, og verði hverjum hrepp veittir 40 rd. að meðal tali, þá verður upphæðin 6720 rd. Þingið getur eigi ráðið til þess, að lagður sê skattur á landsmenn til að bæta kjör hreppstjóranna, og því heldur eigi, að þeim sê launað úr jafnaðarsjóðum amtanna, því þótt kostnaði af framfylgd verzlunarlaganna sê með opnu bréfi 24. nóvbr. 1856 til bráðabyrgðar slengt á jafnaðarsjóðina, þá hefir það eigi þótt eðlileg ákvörðun í sjálfu sêr, sem og hið opna bréf sjálft bendir til, svo er og eigi að hugsa til, að jafnaðarsjóðirnir geti nú um sinn borið svo þunga álögu ofan á allt annað. En með því að það er svo mjög áriðandi fyrir hið opinbera að hafa duglega lögregluþjóna hér á landi, en þingið getur eigi vísað á neinn sjóð annan en ríkissjóðinn til að launa þeim úr, þá verður þingið að þessu sinni að leyfa sêr, þar til sên verða ráð til að bæta úr þessu á annan hátt, með 14 atkvæðum gegn 5 að bera þá þegnlegu bæn sína fram:

(með 16 atkvæðum gegn 5): að yðar hátign allramildilegast vilji fyrst um sinn veita hreppstjórum, sem lögregluþjónum frá 20 til 60 rd. þóknun úr ríkissjóði, eptir örðugleika hreppanna og öðrum þess konar málavöxtum.

Reykjavík, 14. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. Arnljótur Ólafsson.

Atkvæðaskrá

í málinu um rétt íslenzkrar tungu (sbr. 356. bls.).

1. Breytingaratkvæði *Jóns Péturssonar* við 2. tölulið:

Að hëðan af sè íslenzk tunga við höfð á embættisbrëfum á Íslandi; en er menn á Íslandi rita hans hátígn konunginum eður stjórn hans í Danmörku, megi þeir gjöra það hvort heldur þeir vilja á íslenzkri eður danskri tungu (fellt með 14 atkv. gegn 8).

2. *Nefndin*, 1. niðurlagsatriði:

Að hëðan af sè íslenzk tunga við höfð, ekki að eins á embættisbrëfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbrëfum, sem fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar (samþykkt með 18 atkv.).

3. Viðauka-atkvæði *Páls Melsteðs* við 2. tölulið:

Að eptir orðið: »embættisbrëfum« bætist inn í: »og brëflegum viðskiptum« (samþykkt með 16 atkv. gegn 1).

4. *Nefndin*, 2. niðurlagsatriði:

Að tvö hin æðstu embætti íslenzku stjórnardeildarinnar, að minnsta kosti, verði að eins veitt íslenzkum mönnum (samþ. með 17 atkv. gegn 1).

5. *Nefndin*, 3. niðurlagsatriði:

(Til vara). Að beri svo að einhverju sinni, er annaðhvort þessara æðstu embætta í stjórnardeildinni losnaði, að ekki sè kostur á fullhæfum íslenzkum manni, til þess að takast það á hendur, þá verði samt hvorugt það embætti veitt dönskum manni, nema því að eins, að hann samkvæmt fyrirælum konungsúrskurðanna 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 hafi fært sönnur á, að hann sè fær til hlítar í íslenzkri tungu, eins og áskilið er í kgl. úrsk. 8. apríl 1844 (samþ. með 19 atkv.).

6. Hvort rita skuli konungi bænarskrá, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu. Við þessa grein var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:

Br. Jónsson.

B. Þórðarson.

A. Ólafsson.

Á. Einarsson.

B. Sveinsson.

B. Pétursson.

Nei sögðu:

H. Kr. Friðriksson.

H. G. Thordersen.

J. Hjaltalín.

J. Pétursson.

P. Pétursson.

Já sögðu:

G. Brynjúlfsson.

H. Hálfðánarson.

I. Gíslason.

J. Guðmundsson.

J. Pálmason.

J. Sigurðsson.

M. Andrèsson.

P. Melsteð.

P. Sigurðsson.

St. Eiríksson.

St. Jónsson.

Sv. Skúlason.

Þannig samþykkt með 18 atkv. gegn 5.

14. ágúst – Þritugasti og sjötti fundur.

(Kveldfundur).

Atkvæðaskrá

í málinu: kenunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi
(sbr. 328. bls.).

1. *Minni hluti nefndarinnar* (B. Sveinsson), breytingaratkv. við 3. tölul. (samþykkt af meiri hlutanum):

Að 1. gr. orðist þannig:

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn (samb. í einu hljóði).

2. *Meiri hlutinn* (P. Pétursson, J. Guðmundsson, B. Pétursson og Á. Einarsson), breytingaratkv. við sama tölul.:

Að í stað »18 ára« komi: »16 ára« (fallið við 1. tölul.).

3. *Stjórnarfrumv.* 1. gr.:

Hver maður, sem er fullra 18 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 18 ára, ráða foreldrar eður aðrir forráðamenn, en þeir geta veitt þeim, er hlut á að máli, myndugleik til að gjöra það sjálfur (fallið við tölul. 1).

4. *Meiri hlutinn*, breytingaratkv. við 7. tölul. :
Að í stað 2. gr. komi ný grein þannig orðuð :
Engi vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en til 12 mánaða í senn, (samb. með 15 atkv.) þótt til fleiri ára hafi verið ráðin (felld með 15 atkv.).
5. Breytingaratkv. A. *Ólafssonar* við 6. tölul. (orðabreyting):
Engi vist skal lengur ráðin en til 12 mánaða í senn (fallið við 4. tölul.); en gilda skulu vistarráð, þótt skemur sé um samið, þó því að eins að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir (samb. með 12 atkv. gegn 6).
6. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 7. tölul. :
Að 2. grein orðist þannig :
Engi vistarráð skulu lengur gilda en 12 mánuði í senn, en gild skulu þau, þó skemur sé um samið. Þó svo, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir (fallið við 4. og 5. tölul.).
7. *Stjórnarfrumv.* 2. gr. :
Það er komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara; þó skulu engi vistarráð gilda lengur en eitt ár í senn. Nú er enginn vistartími tiltekinn, þá ber svo að álíta, að vistarráðin hafi verið gjörð fyrir eitt ár, þannig að þeim sé lokið á næsta almenna hjúaskildaga á eptir, nema samningurinn hafi verið endurnýjaður (fallið við 4. og 5. tölul.).
8. Breytingaratkv. H. *Hálfðánarsonar* við 9. tölul. (samb. af meiri hlutanum):
Þessi grein orðist þannig :
Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá 2 eða jafnvel 3, til helminga eða þriðjunga (felld með 11 atkv. gegn 9).
9. *Stjórnarfrumv.* 3. gr. :
Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eður fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv. (samb. með 18 atkv.).
10. *Stjórnarfrumv.* 4. gr. :
Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hëruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar (samb. í einu hljóði).

11. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 12. tölul.:

Að 5. gr. orðist þannig:

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eður hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistarráðin fyrir næsta ár.

Ef maður ræður vísvitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd. (samb. með 12 atkv. gegn 2).

12. *Stjórnarfrumv.* 5. gr.:

Nú er hjú ráðið í vist árlangt, og hefir hvorki hjúið né húsbóndinn sagt lausri vistinni, þá má hjúið eigi ráða sig í vist hjá öðrum húsbónda fyrir jól. Ef brotið er á móti þessu, þá eru ekki einungis hin nýju vistarráð ógild, heldur skal og sá húsbóndi sekur um 5—10 rd., sem hefir ráðið það til sín þótt hann vissi, að ekki var enn búið að segja upp frá næsta hjúaskildaga á eptir vistarráðum þess við hinn fyrri húsbónda (fallin við 11. tölul.).

13. Breytingaratkv. *H. Hálfðánarsonar* við 14. tölul.:

Að í stað orðanna: »annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum» komi: »koma því fyrst um sinn fyrir á góðum«; og að orðið: »því«, eptir »greiða«, falli burt (fellt með 14 atkv.).

14. *Stjórnarfrumv.* 6. gr.:

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistarráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra umsamið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmaríumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eptir 10. grein. Hið sama er og ef hjúið flytur sig sjáft á hann og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka (samb. í einu hljóði).

15. *Minni hlutinn*, breytingarátkv. við 18. tölul.:

Að 7. grein orðist þannig:

Húsbóndi hefir löglegar ástæður til að ripta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sér með því, annaðhvort að telja sér til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir, eða leynt á sér þeim ókostum, er mundi hafa fælt hann frá, að ráða það til sín, og bæti þá hjú húsbónda sem fyrir vistarrof.
2. Eða ef það, eptir að það er orðið vistráðið,
 - a, drýgir einhvern þann glæp, sem að almennings áliti er svívirðilegur.
 - b, Enn fremur, ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmaríumessu, eður lengur.
 - c, Ef hjúið gjörir sig bert að slikri breytni við hinn tilvonanda húsbónda sinn, náunga hans eður heimafólk, er eptir 28. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum, sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegningu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til (samb. með 11 atkv. gegn 7).

16. Viðauka-atkv. B. *Sveinssonar* við tölul. 15., 1:

Að eptir orðin: »að ráða það til sín«, bætist: »ef hann hefði þekkt þá« (samb. með 13 atkv. gegn 2).

17. Viðauka-atkv. A. *Ólafssonar* við tölul. 15., 2. a.:

Að fyrir aptan orðið »drýgir« bætist inn í: »eður lögsókn er hafin gegn því um« (samb. með 13 atkv. gegn 1).

18. *Stjórnarfrumv.* 7. gr.:

Húsbóndi getur neitað að vitja hjús, er hann hefir ráðið í vist til sín, eður að veita því móttöku, af þessum ástæðum:

1. Ef hjúið, eptir að það var ráðið í vistina, hefir drýgt einhvern glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
2. Ef hjúið, um það leyti sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman eður viðbjóðslegan sjúkdóm, eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það

verði ófært til vinnu allt fram að þingmaríumessu eður lengur.

3. Ef hjúið kann ekki til þeirra verka, sem áskilið var að það skyldi kunna, þá er það var ráðið í vistina, og sem það þá þóttist kunna til, eður ef það hefir einhverja þá ókosti, er það þá neitaði að hafa (fallin við tölul. 15).

4. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann á sér með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín (fellt frá atkvæðagreiðslu með 9 atkv. gegn 7).

19. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 20. tölul.:

Að 8. grein orðist þannig:

Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess eptir 6. gr. eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá eru það vistarrof við húsbónda; sjá 11. gr.

Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til að flytja sig sjálft í vistina á sinn eigin kostnað jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2., bókstaf a, og b, og húsbóndi láti það vita, að hann vilji ekki við því taka. Dragi það komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sekt í vistarrofum; sjá 11. gr. (samb. með 9 atkv. gegn 8).

20. *Stjórnarfrumv.* 8. gr.:

Hverju hjúi er skylt að fara þegar í vistina, er húsbóndi vitjar þess; ef húsbóndi fyrst um sinn fær því annan samastað (smbr. 6. gr.), þá er því og skylt að fara þangað. Ef hjúið færist undan þessu án lögmætra orsaka, þá er húsbóndinn eigi lengur bundinn við vistarráðin, og varðar það hjúinu eptir 11. grein. Hið sama er og, ef svo hefir verið um samið, að hjúið skuli flytja sig sjálft í vistina og það að nauðsynjalaus dregur ferð sína viku lengur.

Nú getur hjúið eigi farið í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess, og er því eigi sjálfu um það að kenna, þá er húsbónda eigi skylt að vitja þess aptur, heldur skal hjúið sjálft kosta ferð sína í vistina og leggja af stað jafnskjótt og það getur; en dragi það að nauðsynjalaus ferð sína viku lengur, varðar það því eptir 11. gr. (fallin við 19. tölul.).

21. Viðauka-atkv. *H. Hálfðánarsonar* við 20. tölul.:

Að eptir orðin: »annan samastað« bætist inn í: »jafngóðan og hjá sjálfum honum« (fallið við tölul. 19.).

22. Breytingaratkv. *H. Hálfðánarsonar* við tölul. 25. (2.) og 27. tölul.:

Að fyrir »2« komi »3«, og fyrir »3« komi »5« (samb. með 11 atkv. 2).

23. Breytingaratkv. *Sv. Skúlasonar* við tölul. 25., 2.:

Að orðin í byrjun greinarinnar: »það eru og vistarrof við hjú« falli burt; og að eptir orðin: »er það ræðst til hans« verði bætt: »og skal hann þá útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof« (felld með 9 atkv. gegn 9).

24. Breytingaratkv. *Br. Jónssonar* við sama tölul.:

Að í stað orðanna: »eður vissa — — hans« komi: »hafi hann ekki látið hjúið vita af þessu áformi sínu undir eins og hann gat því við komið« (felld með 10 atkv. gegn 6).

25. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 29. tölul.:

Að 9. grein orðist þannig:

Hjú hefir lögmætar ástæður til að skorast undan því að fara í vistina:

1. Ef húsbóndi hefir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sè til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sèr.

2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt, eður vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það ræðst til hans. Hið sama er og, ef húsbóndi flytur 2 þingmannaleiðir eður 3 vikur sjávar burtu frá þeim bústað, sem hann ráðgjörði við hjúið, er hann vistræði það.

3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svívirðilegur er að almennings áliti, eður á heimilisfólk hans, svo að rættarrannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema

hjúi hafi verið þessar kringumstæður kunnar, er það ræð sig í vistina. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

já sögðu:

nei sögðu:

Br. Jónsson.

Á. Einarsson.

B. Þórðarson.

B. Pétursson.

A. Ólafsson.

G. Brynjúlfsson.

B. Sveinsson.

H. Kr. Friðriksson.

J. Hjaltalín.

H. Hálfðánarson.

J. Pálmason.

H. G. Thordersen.

J. Pétursson.

J. Guðmundsson.

J. Sigurðsson.

P. Pétursson.

M. Andrèsson.

St. Eiriksson.

P. Melsteð.

St. Jónsson.

Sv. Skúlason.

Var töluliðurinn þannig samþykktur með 12 gegn 9 atkv.

26. Viðauka-atkv. H. Hálfðánarsonar við tölul. 25., 2.:

Að eptir orðin: »er það ræðst til hans« bætist inn í: »eður hann útvegar því aðra vist jafngóða« (samb. með 11 atkv. gegn 3).

27. *Meiri hlutinn*, breytingaratkv. við 29. tölul.:

Að upphafi 9. greinar verði breytt og orðað þannig:

Nú flytur húsbóndinn, eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, 2 þingmannaleiðum á landi eður 3 vikum sjávar lengra burtu frá þeim bústað hans, þar sem hjúið átti að fara í vist o. s. frv. (fallið við 25. tölul.).

28. Breytingaratkv. B. Péturssonar og J. Sigurðssonar við sama tölul.:

Að í staðinn fyrir »annað amt en það« verði sett: »aðra sýslu en þá« (fallið við 25. tölul.).

29. *Stjórnarfrumv.* 9. gr.:

Nú flytur húsbóndinn eptir að vistarráðin eru gjörð, en áður en vistartíminn byrjar, í annað amt en það, þar sem hjúið átti að fara í vist, eptir því sem gjört var ráð fyrir, þá er samið var um vistarráðin, þá er hjúi eigi skylt að fara í vistina. Ef húsbóndi flytur af landi burt, skal hann að auki greiða hjúinu kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, er um var samið (fallin við 25. tölul.).

30. Viðauka-atkv. *B. Péturssonar og J. Sigurðssonar* við 29. tölul.:
Að aptan við orðin: »fara í vistina« bætist: »nema því að eins, að vegalengdin sé ekki meiri en 5 vikur sjávar eða 3 þingmannaleiðir á landi« (fallið við 25. tölul.).
31. Viðauka-atkvæði *H. Hálfðánarsonar* við sama tölul. (samb. af meiri hlutanum):
Að við enda greinarinnar bætist: »nema hann útvegi því aðra vist jafngóða« (fallið við 25. tölul.).
32. Breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* við 33. tölul. (samb. af meiri hlutanum):
Að fyrir orðin: »helming þess kaups« komi: »allt það kaup« (samb. með 19 atkv.).
33. *Meiri hlutinn*:
Að milli 9. og 10. greinar frumvarpsins verði upptekin ný grein (sem verður þá 10. grein lagabóðsins) þannig hljóðandi: »Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd., og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. — Varni hann eður aptri hjúinu frá að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í, og hjúið fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu helming þess kaups, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið« (samb. með 13 atkv. gegn 5).
34. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 36. tölul.:
Að 10. grein orðist þannig:
Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. og 9. gr., 1. og 2. atr., skal hann gjalda því umsamið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði (samb. með 11 atkv. gegn 7).
35. Viðauka-atkv. *H. Hálfðánarsonar* við 34. tölul.:
Að við enda greinarinnar bætist: »fyrir karlmann, en þriðjungi minna fyrir kvennmann« (samb. með 14 atkv.).
36. *Stjórnarfrumv.* 10. gr.:
Ef húsbóndi riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal hann gjalda hjúi kaup og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið. Matarverð skal vera eitt hundrað á

landsvísu fyrir 12 mánuði og að tiltölu fyrir skemmri tíma (fallin við 34. tölul.).

37. Viðauka-atkv. H. *Hálfðánarsonar* við 36. tölul.:

a, að eptir orðin: »um var samið« bætist inn í: »ef hann útvegur því eigi aðra vist jafngóða þar í grennd, en hálfu minna, ef hann útvegur því slíka vist«.

b, (samb. af nefndinni). Að eptir orðið: »matarverð« komi: »fyrir karlmann«, og við enda greinarinnar bætist: »en þriðjungi minna fyrir kvennmann« (fallið við 34. tölul.).

38. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 39. tölul.:

Að 11. grein orðist þannig:

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8. gr., eður hefir látið sér svo farast, sem sagt er í 7. gr., 1. og 2. c., þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup (samb. með 10 atkv. gegn 3).

39. *Stjórnarfrumv.* 11. gr.:

Ef hjú riptar vistarráðum án lögmætra orsaka, þá skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann hefði átt að gjalda því í kaup fyrir vistar tíma þann, er um var samið (fallin við 38. tölul.).

40. *Minni hlutinn*:

Að eptir 11. grein komi 2 nýjar greinir, þannig orðaðar:

12. gr. Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutning þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þó farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 10. og 11. gr. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúð dregur viku lengur að nauðsynjalausu að koma í vistina.

13. gr. Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi, eða bráð nauðsyn krefji (samb. með 11 atkv. gegn 6).

41. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 42. tölul.:

Að í 12. gr., sem verði hin 14., verði orðin: *með neinum samningi* felld úr, og »29. gr.« breytt í »31. gr.« (samb. með 13 atkv.).

42. *Stjórnarfrumv.* 12. gr.:

Eigi má húsbóndi með neinum samningi afsala öðrum vistarráð yfir hjú sínu, nema það samþykki. Nú deyr hús-

bóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (10. gr. sbr. 29. gr.) (samb. með 16 atk.).

43. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 44. tölul.:

Að 13. grein orðist þannig:

Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups (samb. með 10 atkv. gegn 7).

44. *Stjórnarfrumv. 13. gr.:*

Húsbóndi skal veita hjúi sínu viðunanlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita auk kaups (fallin við 43. tölul.).

45. *Stjórnarfrumv. 14. gr.:*

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aukum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundruð, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda (samb. með 20 atkv.).

46. *Minni hlutinn*, viðauka-atkv. við 45. tölul.:

Að aptan við 14. grein bætist: Í protabúi húsbónda hefir

hjúið forgöngurètt til síðustu 12 mánaða kaups, næstlöglegum veðskuldum (samb. með 11 atkv. gegn 3).

47. *Stjórnarfrumv. 15. gr.:*

Hjúið skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver særstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eftir fremstu kröptum. Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa (samb. með 20 atkv.).

(*Minni hlutinn.* að 16. gr. verði úr felld).

48. *Stjórnarfrumv. 16. gr.:*

Eigi má hjú án samþykkis húsbónda fá annan til að gegna verkum sínum (fallið við 40. tölul.).

49. *Stjórnarfrumv. 17. gr.:*

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eður skemmdir, er það veldur honum vísitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka er það læzt kunna, er það ræðt í vistina, og eins hvert annað tjón eður skemmdir, er húsbóndi biður fyrir óhlyðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann biður, fyrir það að hjú er sett undir laga-ákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda heimilt að halda jafnmiklu eftir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur (samb. með 19. atkv.).

50. *Breytingaratkv. B. Péturssonar* við 51. tölul. (samb. af meiri hlutanum):

Að í stað orðanna: »húsbónda sinn« verði sett: »húsbændur sína«, og í stað »hans« verði sett »þeirra« (samb. með 18 atkv.).

51. *Stjórnarfrumv. 18. gr.:*

Fyrir óhlyðni, þrjúsku, móþróa eður illyrði við húsbónda sinn eður þann, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, skal hjúið sektast um 1—20 rd.; en setji það sig upp á móti þeim eður áreitni þá í verkum, þá sektist það 5—50 rd., nema svo sé að það hafi unnið til meiri hegningar eftir öðrum lögum (samb. með 20 atkv.).

52. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 54. gr.:

Að 19. grein orðist þannig:

Húsbóndi má refsa hjúi sínu fyrir illyrði þess eður áreitni í verki, en þó svo, að hann hvorki misbjóði því, nè heldur misþirmi, svo það biði meiðsli af. En refsí húsbóndi hjúi fyrir engar eður aðrar sakir, skal það metið, sem við vandalaus gjört væri. Nú neytir húsbóndi þessa rættar síns gegn hjúi, og falla þá sektir niður eptir 19. gr. (felld með 12 atkv. gegn 7).

(*B. Sveinsson*, vara-atkv. við 52. tölul. (3: ef hann fellur): að stjórnarfrumv. 19. gr. (tölul. 54.) falli burtu).

53. Breytingaratkv. *B. Péturssonar* við 54. tölul.:

Að í stað »18 ára« verði sett »16 ára« (samþ. með 9 atkv.).

54. *Stjórnarfrumv.* 19. gr.:

Hjú eru undir húsaga, karlmenn þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri, og konur þangað til þær eru orðnar 16 ára. Sè húsaga beitt við slík hjú fyrir yfirsjónir þær, sem nefndar eru í 18. grein, fellur burt hegning sú, sem þar er ákveðin (felld með 10 atkv. gegn 5).

55. *Stjórnarfrumv.* 20. gr.:

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupum fyrir þann tíma, sem það er frá verkum (samþ. með 20 atkv.).

56. *Stjórnarfrumv.* 21. gr.:

Ef hjú slasast eður veikist og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegningu eptir öðrum lögum (samþ. með 20 atkv.).

57. *Stjórnarfrumv.* 22. gr.:

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum en nú voru

talín (20. og 21. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sérstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð, eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúið einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúið, hafa erflingjar þess eigi heimting á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búíð að vinna fyrir kaupi, áður en það varð ófært til verka (samb. með 20 atkv.).

58. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 59. tölul.:

Að 23. grein orðist þannig:

Fari hjú sakir veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda, hvort heldur svo hefir verið um samið eður eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því sem nú var sagt; og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu (samb. með 10 atkv. gegn 5).

59. *Stjórnarfrumv.* 23. gr.:

Samningur milli húsbónda og hjús um, að vistinni skuli lokið undir eins og hjúið verði sjúkt, er ekki skuldbindandi fyrir hjúið; og fari sjúkt hjú úr vist, annaðhvort af því vistarráðin hafa verið bundin slikum skilmála, eða af því svo hefir verið um samið eptir að það varð veikt, þá losast hann eigi heldur gagnvart þeirri sveit eður þeim mönnum, er hjúið kann að verða til þyngsla, frá skyldum sínum við það eptir þessari tilskipun (fallin við 58. tölul.).

60. *Meiri hlutinn*, breytingaratkv. við 61. tölul.:

Orðabreyting á 24. grein með litlum viðauka, svo að önnur málsgrein verði þannig orðuð:

Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eptir 21. gr. eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum (samb. með 11 atkv. gegn 2).

61. *Stjórnarfrumv.* 24. gr.:

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt enda þótt vistartíminn sè á enda, nema læknir eður sóknarprestur eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álit, að hjúinu sè ekkert mein þar af búíð, nè öðrum ef sýkin er sótnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum

eður þyngri hegning eptir 21. gr., og standast að auki allan kostnað af hjúkrun og lækning sjúklingsins (samþ. með 20 atkv.).

62. *Minni hlutinn*, breytingaratkv. við 63. tölulið:

Að 25. gr. orðist þannig:

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni (samþ. með 11 atkv. gegn 4).

63. *Stjórnarfrumv.* 25. grein:

Þegar hjú, sem veikist eður slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað og kostnað fyrir sèrstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins.

Deyi hjú í vist skal húsbóndi annast greptrun þess ef erfiðingar eigi gjöra það, en fái aptur kostnaðinn endurgoldinn af eigum hjúsins, og að því, er þær eigi hrökkva til, af sveitarsjóðnum samkvæt því, sem nú var sagt (fallið við 62. tölul.).

64. *Minni hlutinn*, breytingaratkvæði við 65. tölulið:

a, að í stað 8., 10. og 11. tölul. verði sett: »Ef hjúið gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr., 1. atr. og 2. atr. c« (samþykkt með 9 atkv. gegn 6).

b, að 9. tölul. verði úr felldur (samþ. með 9 atkv. gegn 5).

65. *Stjórnarfrumv.* 26. gr.:

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir, er nú skal greina:

1. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
2. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.

3. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta búin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
4. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþyrmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
5. Ef hjúið sýnir af sér fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annan voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.
6. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkíð, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
7. Ef hjúið með ill-lyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans (samb. með 19 atkv.).
8. Ef hjúið drýgir einhvern þann glæp, sem að almenningáliti er svivirðilegur.
9. Ef hjúið er haldið næmri eður viðbjóðslegri veiki, þegar það á að fara í vístina, eður fær slíka veiki í vistinni sökum ósiðsamlegs líferniss.
10. Ef hjúið hefir tælt húsbóndann með fölsuðum vitnisburðum, þá er hann ræði það til sín.
11. Ef hjúið eigi kann til þeirra verka, er áskilið var að það skyldi kunna og það sjálft læzt kunna, er það ræðst í vístina, eður það hefir nokkra þá ókosti, sem það þá neitadi að hafa (8.—11. atriði í tölul. 65. fallin).

66. *Stjórnarfrumv. 27. gr.:*

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 26. grein, eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann, er um var samið; þó skal þar frádregið það, sem því ber í kaup eftir tiltölu rætttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér (samb. með 20 atkv.).

67. *Stjórnarfrumv. 28. gr.:*

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vist-inni:

1. Ef húsbóndi misþyrmir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eða heilsu hjúsins er hættu búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt (samb. með 20 atkv.).

68. Breytingaratkv. H. *Hálfðánarsonar* við 69. tölul. (samb. af meiri hlutanum):

Að eptir »10 álnum« bætist inn í: »ef það er karlmaður, en þriðjungi minna ef það er kvennmaður« (samb. með 20 atkv.).

69. *Stjórnarfrumv. 29. gr.:*

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem greindar eru í 28. gr., eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði 10 álnum, fyrir hvern mánuð þritugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sèr með framferði sínu (samb. með 20 atkv.).

(*Minn hlutinn:* að 30. gr., 70. tölul., falli burt).

70. *Stjórnarfrumv. 30. gr.:*

Í protabúi húsbónda hefir hjú forgöngurètt til kaups og matarverðs eptir því, sem ákveðið er í laganna 5—14—37, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár (fallið við 46. tölul.).

71. *Stjórnarfrumv. 31. gr.:*

Fyrir eins árs kaupi og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga

á undan, getur hjúið látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmælir kröfunni (samb. með 20 atkv.).

72. *Stjórnarfrumv. 32. gr.:*

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupi eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda eptir að hjúið er búið að fá sína kröfu borgaða að fullu (samb. með 20 atkv.).

73. *Stjórnarfrumv. 33. gr.:*

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 24. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, einsog lögreglumál einstakra manna (samb. með 20 atkv.).

74. *Minni hlutinn, vara-atkv. (3: ef hans breytingar verða ekki samþykktar):*

Að stjórnarfrumvarpið ekki komi út sem lög fyrir Ísland, (fallið við undanfarna atkvæðagreiðslu).

75. Hvort biðja skuli konung að gjöra frumvarpið að lögum samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu. Við þenna tölulið var viðhaft nafnakall:

Já sögðu:

Br. Jónsson.
B. Þórðarson.
A. Ólafsson.
B. Sveinsson.
B. Pétursson.
G. Brynjúlfsson.
H. Hálfðánarsson.
J. Hjaltalín.
J. Pálmason.
J. Pétursson.
J. Sigurðsson.
M. Andrèsson.
St. Eiríksson.
St. Jónsson.
Sv. Skúlason.

Nei sögðu:

Á. Einarsson.
H. Kr. Friðriksson.
H. G. Thordersen.
J. Guðmundsson.
P. Pétursson.

Var samkvæmt þessu töluliðurinn samþykktur með 15 atkvæðum gegn 5.

15. ág. — Þrítugasti og sjöundi fundur.

Bænarsskrá

til konungs í læknaskipunarmálinu (sbr. bls. 295).

Að þessu sinni komu til alþingis 2 bænarsskrár um læknaskipunina hér á landi og uppástunga frá landlækninum um ýms atriði er honum þótti áriðandi til umbóta læknaskipuninni og til fullkomunar læknakennslu þeirri er nú samkvæmt allra hæsta úrskurði af 29. ágúst 1862 er byrjuð hér á landi.

Alþingi setti 5 manna nefnd til að ihuga þetta mál, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum; og fann þessi nefnd sér einkum skylt að yfirvega uppástungur landlæknisins, en þær lúta einkum að 5 atriðum. Hið fyrsta atriði í uppástungu hans lýtur að því, að nauðsynlegt væri, að amtmennirnir til þeirra herverandi læknakennslu greiddu úr hvers amts jafnaðarsjóði 200 rd. árlega eða alls 600 dali á ári hverju, því gjald þetta ber samkvæmt allrahæstum konungsúrskurði af 13. ágúst 1848 að greiða árlega til aðstoðarlæknakennslu hér á landi. Hið annað atriði sem uppástungan fer fram á var það, að stofnaður yrði spítali með föstum lækni hér í Reykjavík og ætti sá læknir að vera skyldur til að aðstoða landlækninn í læknakennslunni, Hin þriðja uppástunga fer því á flot, að efnilegir íslenzkir læknakandidatar gætu í hið minnsta annaðhvort ár fengið opinberan styrk til að ferðast nokkra mánuði erlendis til að kynna sér lækna-aðferð á hinum stærri spítölum, en þó sýnist landlækninum haganlegast að þessi ferðastyrkur eigi væri veittur tæðum læknum fyrr en þeir hefðu sýnt sig að dugnaði í stöðu sinni hér á landi. Enn fremur hafði landlæknirinn stungið upp á að það mundi stytta mikið fyrir afgreiðslu allra læknamálefna hér á landi, ef héraðslæknarnir nú þyrftu eigi eins og hingað til hefir verið, að senda skýrslur sínar og uppástungur í gegnum lögreglustjórnar-embættismennina hér á landi heldur gengju þær til landlæknisins og frá honum beinlínis til stjórnarinnar, eins og hans eigin uppástunga og skýrslur ættu að ganga beinlínis til stjórnarinnar. Nefnd sú, er sett var í málinu, varð í öllu verulegu samdóma þessum uppástungum, og eins og hún varð að álíta það nauðsynlegt að spítali yrði stofnaður hér í Reykjavík og við hann settur læknir með föstum launum, sem ætti að aðstoða landlæknirinn í læknakennslunni eins varð hún og að fallast á það, að þeir 200 rd., sem samkvæmt konungsúrskurði af 12. ágúst 1848 voru ætlaðir til að kenna aðstoðar-

læknum framvegis legðist til þeirrar læknakennslu sem nú er byrjuð hér í Reykjavík, eins og þessi nefnd alveg fællst á það atriði, að ungir íslenskir kandidatar í læknisfræði fengju ferðastyrk, og að læknamálefni hëðan frá landi fengi aðgang beinlínis frá landlæknum til stjórna­rinna.

Þingið varð nú samhuga að álíta, að sá bezti vegur til að auka og bæta læknaskipunina hér á landi, væri að styðja sem best að læknakennslunni hér í Reykjavík, og með því spítali hér í Reykjavík til þessa augnamiðs og svo mætti álitast nauðsynlegur, þá væri réttast eins og landlæknirinn hafði stungið upp á og nefndin falltist á að setja við hann fastan kennara, sem ætti að vera skyldur til að aðstoða landlæknirinn í læknakennslunni og halda henni áfram, ef landlæknisins missti við, eða hans eptirmaður á sínum tíma hefði minni lyst til slíkrar kennslu, því á því var þingið samhuga, að þessi kennsla mætti eigi hëðan af, eins og tíðkast hefur hjá hinum undanfögnu landlæknum, falla niður, heldur yrði hún að viðhaldast og aukast eptir því, sem efnin leyfðu, svo hún sè sem föst og varandi stofnun fyrir læknaskipunina hér á landi.

Hvað spítalastofnuninni viðvíkur varð þingið og í einu hljóði á því, að slík stofnun mundi nauðsynleg hér í Reykjavík bæði fyrir sjúklinga yfir höfuð sem og einkanlega fyrir læknakennsluna, en þó varð nokkur ágreiningur um það, hvort til slíks spítala ætti að verja öllum þeim nú óbrúkuðu árlegu inntektum af spítalasjóðnum eður eigi, þótti sumum heldur hart að taka til þessa þá parta af sjóðnum, sem safnast hafa fyrir í Vesturamtinu, samt Norður- og Austuramtinu, með því menn og svo þyrftu með sjúkrahúsa í þessum ömtum; og fóru því sumir þingmenn því fram, að tiltölulegum parti spítalatekjanna væri safnað í sjóð í því skyni, að á sínum tíma yrði komið á sjúkrahúsum í hinum ömtunum; en aðrir höldu því fram, að þó þeirra tiltölulegu tekjum af spítölunum yrði fyrst um sinn varið til að koma upp spítala og læknakennslu í Reykjavík, bæri þó að biðja yðar hátign að sjá svo um, að hin önnur ömt landsins hefðu rétt sinn óskertan til spítalatekjanna fornra og nýrra þegar tími virtist til, að koma þar upp sjúkrahúsum; og með því allur þingheimur þó varð að játa, að spítalinn og fastur læknir við hann mundi nauðsynleg skilyrði fyrir stöðugu áframhaldi í læknakennslunni, og með því líklegt þótti að allar árstekjur spítalasjóðsins, sem nú allt af eru að aukast, ekki mundi ganga til þessa nema um vissan áratíma þá fællst þingið á það sem nefndin hafði stungið

upp á, að allar árstekjur læknaþjónsins, að svo miklu leyti sem þær eigi eru brúkaðar til læknaþjóns þeirrar, sem nú er byrjuð hér í Reykjavík, mættu takast til þess að stofnsetja hér spítala með sérstöðum lækni til eflingar læknaþjónslunni, því þingið þóttist sjá fram á, að það gæfi meiri vissu fyrir því, að læknaþjónslan haldi stöðugt áfram þegar spítalalæknirinn og svo væri um hana með landlækna-inum, en annars vegar þóttust menn öngva nóga vissu hafa fyrir því, að eptirmaður landlæknis í embættinu vildi takast svo örðugan starfa á hendur hjálparlaus.

Á hinn bóginn vonaði þingið, að ef sjóðurinn gæti aukizt með betra fyrirkomulagi á spítalasjóðstekjunum, þá ættu menn þegar tímar liða og svo af árstekjum sjóðsins til að koma upp sjúkrahúsi á Akureyri og í Vesturamtinu, án þess þetta raskaði hinni föstu spítalastofnun hér.

Viðvikjandi hinni þriðju uppástungu nefndarinnar um 400—600 rd. styrk til utanlandsferðar fyrir unga íslenska lækna, þá þótti nú sem stendur örðugt að finna hvaðan sá styrkur skyldi takast, en með því allir játuðu, að þetta mundi mjög æskilegt, reði þingið það af allra-undirgefnast að óska, að yðar konunglegu hátign mætti þóknast allramildlegast að skipa svo fyrir, að slíkur styrkur yrði látinn í të annaðhvort ár þegar þess yrði óskað.

Eins og allir vita eru læknamálefni bæði opt þess eðlis, að þau litla bið þola, enda er og hvervetna eigi annara meðfæri en lækna um þau að fjatla, ef vel á að fara. Af þessum rökum þótti þinginu fyrirkomulag það, sem nú tíðkast hér á landi, hvar lögreglustjórnar-embættismenn eiga að taka við þessum málum frá þeim íslensku læknum, og segja álit sitt um þau, miður hagkvæmt, eins og slíkt fyrirkomulag verður að hamla úrslitum þessara mála, og vekja efa hjá stjórninni á læknamálum þeim, hvar læknar og lögreglustjórnamenn eigi verða á einu máli, þá þótti meiri hluta þingsins nauðsyn til bera, að niðurlagsatriði nefndarinnar samkvæmt hverju slík mál hér eptir ættu að ganga beinlínis frá hær-aðslæknunum til landlæknisins og frá honum til stjórnarinnar, fengi framgang, er það bæði mundi flýta fyrir úrslitum slíkra mála, og fyrirbyggja þann glundroða er af því getur hlotizt, þegar lögreglustjórnarembættismenn eins og nú er títt, eiga að gefa skýrslur og álit um læknaþjónmálefni, er þeir opt lítið skynbragð á bera, og geta þess vegna hæglega orðið ósamhljóða álitum sjálfra læknanna, sem

þó samkvæmt flestra siðaðra landa plagsið er bezt trúandi fyrir þeim málefnum, er skýra frá og varða líf og heilsu manna.

Við umræður þær, sem fram fóru á þinginu um spítalastofnun hér í Reykjavík af ársvöxtum læknaSJÓÐSINS, kom það fram, að mörgum þótti tekjur þessar enn ekki auknar svo sem verða mætti, og var allur þorri þingmanna á þeirri meiningu, að árstekjurnar mundu geta aukizt talsvert, ef betra fyrirkomulag yrði á þessu. Að vísu verða menn að játa að vor núverandi byskup, eins og formaður hans hafði gjört, hafi og svo gjört mikið til að auka spítalatekjurnar hér í Suðuramtinu, þingið gat eigi annað en tekið eptir því, að árstekjur spítalans af báðum Múlasýslum í Norður- og Austurumdæminu eigi eru meiri en 30 rd. árlega, og virðist þetta ásamt öðrum atriðum að benda á, að mesta þörf beri til að betri tilhögun gæti orðið á spítalatekjunum, en hingað til um allt land hefir átt sér stað, og það var af þessum rökum, að þingið fann sér skylt að veita móttöku viðauka-atkvæði þingmanns Reykjavíkur, sem óskar þess að yðar konunglegu hátign allramildlegast mætti þóknast að láta leggja frumvarp fyrir næsta þing um þetta mál. Með því mörgum landsmönnum hefir fundizt það ósanngjarnt, að læknaþeir er settir eru í þeim örðugu lækniSEMBÆTTUM, fá nú að eins hin hálfu laun þeirra, þá þótti þinginu nauðsyn til bera, að hér á yrði gjörð nokkur breyting, og þótti þá sanngjarnt að gjöra þá ákvörðun að lögum, að embættislausir kandiðatar í lækniSFRÆÐI sem yrðu settir í þessi embætti meðan þau eru óveitt fengju að njóta launa embættisins alveg óskertra meðan þeir þjóna þeim.

Samkvæmt framanskriðuðu leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með (18 atkvæðum) að bera eptirfylgjandi bænir fram fyrir yðar konunglegu hátign:

1. Að þeim tekjum úr hinum almenna spítalasjóði, er stofnaður er með konungsúrskurði 12. ágúst 1848, verði að svo miklu leyti sem þær nú þegar ekki eru notaðar til læknakennslu hér á landi varið til þess að stofna spítala hér í Reykjavík og efla læknakennsluna þar, á þann hátt, að sérstakur læknir yrði settur við spítalann með því skilyrði, að hann skuli aðstoða landlæknirinn í þessari kennslu. (samþykkt með 13 atkvæðum gegn 8.).
2. Að stjórn yðar hátignar skipi svo fyrir, að þeim í konungsúrskurði 12. ágúst 1848 tilteknu peningum sem sé 200 rd. úr hvers amts jafnaðarsjóði á ári, verði einnig

- varið til eflingar læknakennslunni í Reykjavík (samþykkt (með 13 atkvæðum gegn 5.), og að 200 rd. þar af nú þegar árlega megi verja til að kaupa fyrir bækur og læknisverkfæri við læknakennsluna hér í Reykjavík, (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 8.).
3. Að yðar hátign allramildilegast gefi fyrirheit um, að útskrifaðir læknar hér á landi, sem hafa beztu vitnisburði, megi að minnsta kosti annaðhvort ár vænta 400—600 rda. styrks til að ferðast erlendis og kynna sér læknisaðferð á útlendum spítölum, (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 6.).
 4. Að það verði gjört að lögum hér á landi, að landlæknirinn og héraðslæknarnir, þurfi eigi eins og hingað til hefir verið, að senda skýrslur sínar, uppástungur og umkvartanir í gegnum amtmennina til stjórnarinnar, heldur gangi öll slík málefni frá héraðslæknum til landlæknisins og frá honum til stjórnarinnar, eins og líka hans eigin skýrslur uppástungur og umkvartanir gangi beinlínis frá honum sjálfum til stjórnarinnar, (samþykkt með 11 atkvæðum gegn 9).
 5. Að þeir embættislausir kandidatar í læknisfræði, sem verða settir í óveitt lækna-embætti hér á landi og veita þeim þannig forstöðu, fái að njóta launa embættisins óskertra (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 1).
 6. Að yðar hátign láti leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um betri tilhögun á spítalatekjunum, samkvæmt því sem alþingi áður hefir bent á, (samþykkt í einu hljóði.).

Reykjavík 15. agúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. J. Hjaltalín.

Atkvæðaskrá

í málinu um endurbætur á hinum lærða skóla (sbr. bls. 362).

1. *Meiri hlutinn* (P. Pétursson, H. Kr. Friðriksson og H. G. Thordersen), niðurlagsuppástunga:

Að þingið sendi fyrrnefnda bænarskrá (3: frá Húnavatns-sýslu) gegnum forseta sinn (rektor skólans, ef hann hefir skólamálið til ihugunar, en að öðrum kosti fellt með 12 atkv.) konungsfulltrúa til frekari ráðstöfunar (samþykkt með 11 atkv. gegn 6).

Með þessari atkvæðagreiðslu við 1. tölulið voru allar uppástungur minni hlutans og breytingaratkvæðin við þær fallnar.

2. Breytingaratkvæði *H. Hálfðánarsonar* við 5. tölul. 1. atr.:

Þessi grein orðist þannig:

Að inntökuprófið falli burt, sem skilyrði fyrir inntöku í skólann; þó skulu þeir piltar, er í skólann vilja komast, hafa vitnisburð um, að þeir að minnsta kosti séu sæmilega skrifandi, kunni hið einfaldasta í reikningi, skilji léttu dönsku, hafi lært hið helzta af orðmyndafræði (Etymologi) hinnar latínsku málfræði og lesið í latínu 2 bækur eptir Cæsar, eða sem því svarar, og auk þess verið vandir við að útleggja á latínu stuttar og auðveldar íslenzkar málsgreinir. Í þessu skulu þeir reyndir, þegar þeir koma í skólann, en að eins til að vita, hvar þeir skuli setjast.

3. Breytingaratkvæði *Páls Melsteðs* við 5. tölul. 3. atr.:

Að þessi grein orðist þannig:

Að skólaárið byrji 15. september, en endi 15. júní.

4. Breytingar- og viðauka-atkvæði *Benid. Þórðarsonar* við 5. tölul. 9. atr.:

Að hans hátign konungurinn mildilegast skípi svo fyrir, að sem allrafyrst, eða á næstkomanda ári 1864, verði fjölgað ölmusunum við hinn lærða skóla í Reykjavík samkvæmt beiðni alþingis 1861, og tillögum skólamálsnefndarinnar 1862, og að ölmusuþjölgun þessi þurfi ekki að bíða þess tíma, að endurbót skólareglugjörðarinnar komist í kring.

5. *Minni hlutinn* (*B. Sveinsson og Sv. Skúlason*), 1. niðurlagsatriði:

(Að þingið biðji konung um):

Að láta breyta reglugjörð hins lærða skóla í Reykjavík þannig:

1. Að inntökuprófið falli burtu sem skilyrði fyrir inntöku í skólann; þó skulu þeir piltar, er í skólann vilja komast, reyndir í sömu visindagreinum, og verið hefir hingað til við inntökupróf, en að eins til að vita, hvar og í hvern bekk þeir skuli setjast.
2. Að enginn sè tekinn yngri í skóla en 12 ára, en að öðru leyti sè ekkert aldurstakmark sett fyrir inntöku í skólann.
3. Að skóla-árið sè stytt þannig, að það byrji 1. október og endi 1. júní.
4. Að einkum sè lögð stund á, að kenna bæði íslenzku og

latínu og gríska tungu þannig, að hinar munnlegu og skriflegu einkunnirnar í íslenzku og latínu og einkunnin í munnlegri grísku skuli hafa tvöfalt gildi. Kennslan í hinum öðrum vísindagreinum skal þar á móti löguð sem mest eptir þörfum lands vors og dregin saman eins og verður, svo að skólatíminn þurfi ekki að vera lengri en 6 ár fyrir þann, er sezt í neðsta bekk.

5. Að haððar sèu íslenzkar kennslubækur, er skólastjórnin hlutist til um að samdar sèu eða lagðar út móti hæfilegri borgun af skólasjóðnum. Þjóðist fleiri kennslubækur en ein í sömu vísindagrein, skal skólastjórnin kveðja til þrjá óvilhalla kennslufróða menn, til að segja álit sitt um hverja bók og hve miklu skuli launa handritið.
6. Að 6. greinin bæði hjá þinginu 1861 og skólanefndarinnar um launaðan umsjónarmann verði afbeðin.
7. Að drykkjuskapur og sèrhver önnur megn eða hneykslaleg óregla varði ölmusumissi að nokkru eða öllu, ef skólasveinninn, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar skólameistarans eigi lætur af því háttalagi. Láti skólasveinninn enn eigi þar við skipast, er það útrekstrarsök úr skóla.
8. Að þeim piltum, sem skara fram úr öðrum að siðsemi, ástundun og framförum, sèr í lagi í hinum gömlu málum og íslenzku, sè veitt verðlaun eða sæmdargjöf, þegar þeir hafa aflokið burtfararprófi.
9. Að ölmusunum sè fjölgað við skólann, svo þær verði 40, eins og þær voru í Skálholti og á Hólum, og að ölmusunum megi nú þegar skipta í 3 flokka þannig, að $\frac{1}{4}$ þeirra sè á 150 rd., en hinir $\frac{3}{4}$ á 100 rd. og 50 rd. hver, eptir því sem á stendur ár hvert. Ölmusurnar í fyrsta flokki skulu að eins veittar fátækum eg efnilegum piltum úr fjarlægum hèruðum. Bláfátækir piltar, einkum úr sveit, er leysa inntökuprófið vel af hendi, geta fengið ölmusustyrk þegar hið 1. ár. Enginn ölmusustyrkur veitist nema um eitt skólaár í senn.
6. Viðauka-atkvæði *Ásgeirs Einarssonar* við 5. tölul. 9. atr.:
»Að ölmusur verði veittar piltum þeim, sem ekki eiga heima í Reykjavík, fyrir piltum þeim, sem þar eiga heima.
7. *Minni hlutinn*, 2. niðurlagsatriði:
Að konungur mildilegast með allrahæstum úrskurði veiti fyrst

um sinn rétt til að útskrifa pílta úr heimaskóla þeim mönnum, er nú skal greina:

- a, þeim, sem hafa fengið bezta vitnisburð við embættispróf við háskólann í Kaupmannahöfn, doktorum í heimspeki og kennurum við prestaskólann og hinn lærða skóla í Reykjavík.
 - b, þeim, sem hér eptir fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum í Reykjavík og embættispróf við háskólann.
 - c, þeim, sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá lærða skólanum og við examen philosophicum við Kaupmannahafnar háskóla.
 - d, þeim, sem fá bezta vitnisburð við burtfararpróf frá skólanum, í prófi í forspjallsvísindum og við próf í prestaskólanum í Reykjavík.
 - e, Að hvenær, sem einhver þessara manna ætlar að útskrifa nokkurn, þá gefi hann það stiptsyfirvöldunum fyrirfram til kynna, og útnefna þau þá tvo menntaða menn til að vera prófdómendur, og sendi þeim í því skyni latínsk stílsefni og islenzkt ritgjörðarefni, og tiltaki einhverja staði til skriflegrar og munnlegrar útleggingar í latínu, en einungis til munnlegrar útleggingar í grísku í þeim rithöfundum, sem lesnir eru í hinum lærða skóla.
8. *Minni hlutinn*, 3. niðurlagsatriði:
- Að frumvarp það til reglugjörðar fyrir hinn lærða skóla, er stjórnin semur samkvæmt uppástungunum A. 1.—9. ásamt öðrum tillögum landsmanna um þetta mál, sem fram eru komnar, verði lagt fyrir hið næsta alþingi til álita, áður en því er ráðið til lykta.

15. ág. — Þrítugasti og áttundi fundur.

(Kvelffundur).

Bænarskrá.

til konungs um sættanefndir í hjúamálum (sbr. 326. bls.).

Fulltrúi yðar konunglegu hátignar lagði fram fyrir þing þetta: „Frumvarp til tilskipunar um sáttatilraun m. m., í málum, er rísa

út af deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi; kaus þingið 3 manna nefnd til að íhuga málið, og ræddi það síðan á lögboðinn hátt.

Það er ómótmælanlegur sannleiki, eins og skýrt er frá í ástæðum frumvarps þessa, að eftir því sem til hagar hér á landi, er mjög torvelt og kostnaðarsamt að leita réttar síns við dómstólana í hjúamálum, er optast nema litlu verði, einkum í þeim sveitum er liggja langt í burtu frá bústað sýslumanna, með því borgunin fyrir ferðalög sýslumanns, þingvitnaleiðslur og önnur umsvif, nema því nær ætíð langtum meiru, heldur en það, sem þrætan getur verið um, og er það fyllilega satt, sem þar enn fremur stendur, að af þessu leiði, að hlutaðeigendum, einkum fátækum hjúum, í raun og veru er afskorinn aðgangur til að ná rétti sínum; það er og óneitanlegur sannleikur, sem þar líka er tekinn fram, að hjúamál séu og þess eðlis, að þau krefji fljót og greið úrslit, ef lögin eigi að ná fullri þýðingu, en slíkt geti eigi átt sér stað hér á landi, ef málunum skuli framfylgja við hina vanalegu dómstóla; sökum þess sem nú var sagt, hversu opt örðugt er að ná til sýslumanns, sem þar að auki getur af öðrum embættisönnum verið hindraður frá að snúast við slíkum málum svo fljótt sem þörf krefur.

Einmitt þessar ástæður, sem nú var getið, voru það og, sem komu nefnd þeirri, er eftir allrahæstri ráðstöfun yðar hátignar var sett árið 1855 hér í Reykjavík, til að semja meðal annars frumvarp til nýrra hjúalaga fyrir Ísland, til að stinga upp á því, að í hverjum hreppi væru settar nefndir, er sem optast á fljótan og því nær sem kostnaðarlausan hátt, en þó með nægri tryggingu fyrir hlutaðeigendur, gætu skorið úr hjúamálum, er þau kæmu fyrir, og samdi því nefnd þessi ítarlegar ákvarðanir um þessar hjúanefndir, er finnast í 40.—51. grein frumvarps hennar til vinnuhjúalaga hér á landi.

Og loksins var það og almennt og eindregið álit alþingis 1861, að fulla nauðsyn bæri til þess, að hjúamál hér á landi gæti á greiðari og kostnaðarminni hátt útkljázt, en möglegt væri með því núveranda skipulagi, því þó sú raun hafi áorðið nú um stundir, að mál milli húsbænda og hjúa sjaldan hafi komið fyrir, þá hafi þetta að miklu leyti komið til af því, hversu nú væri örðugt og kostnaðarsamt að framfylgja málunum, en engan veginn af hinu, að ekki hafi verið nóg miskliðarefni, og að því síður mætti gjöra ráð fyrir þessu framvegis, þegar hin nýju hjúalög væru búin að fá gildi,

með því meðvitundin um skyldur og réttindi húsbænda og hjúa, þá hlyti að verða skýrari; en sökum þess, að þingið þá eigi hafði tíma til sjálft að rannsaka ítarlega þann kafla af frumvarpi Reykjavíkur-nefndarinnar til hjúalaga hér á landi, er laut að þessum hjúanefndum, það það þegnsamlega um, að lagt mætti verða fyrir þetta þing frumvarp til tilskipunar um þær, byggt á grundvallarreglum Reykjavíkur-nefndarinnar.

Þegar menn nú þá gæta að því, hvert ráð Reykjavíkurnefndin tók, til þess menn á skjótan og kostnaðarlítinn hátt, en þó nokkurn veginn tryggjandi, gæti náð rétti sínum í hjúamálum, þá sést það ljóslega, að hún hefir hugsað sér helzt tvo vegu til þess, annan þann, að gjörðarmenn útkljáðu mál þessi, en hinn þann, að menn heima í hreppum, skyldu dæma um, hvernig málavextir væru, svo sýslumaður sem optast síðan eigi þyrfti annað en skera úr því heima hjá sér, og þess vegna því nær sem kostnaðarlaust fyrir málspartana, hvað lög væri, og þess vegna stakk hún uppá, að 3 manna nefndir væru settar í hverjum hreppi, er hafa skyldu þenna starfa á hendi, en þó fyrst reyna sátt í málunum.

Þessari skoðun er nú að nokkru leyti framfylgt í hinu konunglega frumvarpi, er vill að 3 manna nefndir séu stofnaðar í hverjum hreppi, er reyna skuli sættir í hjúamálum; eins hefir það álitnið það gagnlegt, að þessi mál yrðu útkljáð af gjörðarmönnum, og er þar þess vegna ákveðið, að málspörtunum skyldi heimilt að leggja málin í gjörð nefndanna, ef þeir gætu orðið á það sáttir; en þar á móti hefir frumvarpið eigi viljað gefa þessum nefndum það vald. að mega dæma um málavöxtu í hjúamálum, er Reykjavíkurnefndin hafði stungið upp á. Geti því nefndir þessar eigi komið sættum á í málum þessum, né partarnir vilji leggja þau í gjörð þeirra, eiga þau eptir frumvarpinu að ganga frá nefndunum til dómstólanna, sem hver önnur mál. Þegar menn nú gæta að starfa þeim, sem hjúamálanefndum þessum er ætlaður í hinu konunglega frumvarpi, þá er hann svo lítill, að ekki verður sèð, í hverju rétti húsbænda og hjúa verði borgnara, þó þær kæmust á. Það er ekkert svo sérstaklegt við hjúamál, að hinar venjulegu sáttanefndir eigi geti reynt sættir í þeim sem öðrum málum, heldur þvert á móti mega menn ætlast til, að þeir menn, er í þeim sitja, séu sökum æfingar og vana orðnir færari öðrum í að miðla málum manna, og það er enginn meiri örðugleiki fyrir málspartana að leita til hinna reglulegu sáttanefnda, þar báðir sáttamennirnir, í hið minnsta annar

þeirra, ætið er innanhreppsmaður, og þó frumvarpið einnig ætli hjúanefndum þessum að semja gjörð í málum milli húsbænda og hjúa, ef báðir partar verða á það sáttir, þá mundi það mjög sjaldan koma fyrir, að báðir partarnir óskuðu þess, og líka mundu hin-
ar vanalegu sáttanefndir ekki skorast undan því, ef partarnir skyldi biðja þær þessa.

Þingið getur þannig eigi betur sæð, en að stofnun slíkra nefnda, sem í frumvarpinu er stungið upp á, sè með öllu ónauðsynleg, þegar þessum nefndum eigi er ætlaður annar starfi en þar er gjört, og þegar þar við enn bætist, að það er óneitanlega örðugt í mörgum hreppum að fá 3 menn fyrir utan hina venjulegu sáttasemjendur, er sèu jafnfærir þeim að reyna sættir í málum, verður það að álíta, að hið framlagða frumvarp eigi geti komið til hinna tilætluðu nota, og leyfir þingið sér því þegnsamlega að beiðast þess (með 17 atkvæðum gegn 3) að það eigi komi út sem lög.

Reykjavík 15. ágúst 1863.

Allraþegnsamast

Halldór Jónsson. Benidikt Sveinsson.

Atkvæðaskrá

í málinu konunglegt frumvarp til tilskipunar um fjárkláða o. s. frv.

(sbr. bls. 382).

1. Breytingaratkvæði *framsögumanns* við 2. tölul. (orðabreytingar).
 - a, að fyrir »ferðalög og verkfall frá heimili sínu« setjist: »verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra« (samþ. í einu hljóði).
 - b, að fyrir: »óbyggjandi hæfir« setjist: »fullhæfir« (samþ. í einu hljóði).
 - c, að fyrir: »úr öðrum hreppi, eður og úr næstu sýslu« setjist: »úr öðrum hrepp eður sýslu« (samþ. með 20 atkv.).
2. *Nefndin*, breytingaratkv. við 3. tölul.:

Að 1. grein orðist þannig:

Sýslumenn og hreppstjórar skulu, hver í því umdæmi, sem hann er yfirskipaður, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eða önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Amtmaður skal, eftir uppástungum sýslumanns, kveðja í hverjum hrepp hæfilega menn hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því, að komast að raun um, hvort fjárveiki sè þar í hreppnum, og eins í því, að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Aðstoðar-

menn þessir og hreppstjórar eiga, hvorir um sig, tafarlaust að gefa sýslumanni til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um fjársýki. Bæði hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra skulu fá hæfilega umbun fyrir þessi störf sín, að því leyti þau hafa í för með sér ferðalög og verkfall frá heimili sínu.

Ef ekki þykja óbyggjandi hæfir og áreiðanlegir menn til þessa starfa innan hrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hreppi, eður og úr næstu sýslu (samb. í einu hljóði).

3. *Stjórnarfrumv. 1. gr.:*

Lögreglustjórar og hreppstjórar skulu, hver og einn í því umdæmi, sem hann er settur yfir, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eður önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Amtmanni skal á hendur falið að kveðja í hverjum hreppi hæfilega menn þeim til aðstoðar í því að fá vitneskju um þetta og að öðru leyti að framfylgja þeim ráðstöfunum, er gjöra þarf. Menn þessir og hreppstjórnarnir eiga tafarlaust að gefa lögreglustjóranum til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um slíkan sjúkdóm (fallin við 2. tölul.).

4. *Nefndin, breytingaratkv. við 5. tölul.:*

Að 2. grein orðist þannig:

Hvar sem slíkrar veiki verður vart, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn sjá um, að hið sjúka fè og grunaða (sbr 3. gr.) verði þegar í stað stranglega að skilið frá heilbrigðu fè. Hreppstjóri skal þegar skýra sýslumanni frá því, sem gjört hefir verið, og skal þá sýslumaður gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

Sýni sýslumaður, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem 1. og 2. gr. leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því sérstaka ábyrgð til sekta, eptir úrskurði amtmanns (samb. í einu hljóði).

5. *Stjórnarfrumv. 2. gr.:*

Ef einhver slík veiki kemur fyrir, skulu hreppstjórnarnir sjá um, að hið sjúka fè verði þegar í stað stranglega aðskilið frá hinu heilbrigða; svo skal og því fè haldið sér, sem líkindi eru til að veiki kunni að dyljast í, unz grunlaust er. Hreppstjóri skal strax skýra lögreglustjóranum frá því, sem

gjört hefir verið, og á hann svo að gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á (fallin við 4. tölul.).

6. Breytingaratkv. *Jóns Guðmundssonar* við 9. tölul.:

Að greinin orðist þannig:

Allt það fè er grunað, sem annaðhvort hefir ekki reynzt alheilt af kláða eður annari næmri fjárveiki hina síðustu 12 mánuði, eða hefir haft samgöngur við þá hjörð, sem sjúkt fè var í hina síðustu 6 mánuði (felld með 12 atkv. gegn 6).

7. Breytingaratkv. *H. Kr. Friðrikssonar* og *framsögumanns* við sama tölul.:

Að 3. grein orðist þannig:

»Þá fyrst skal fè telja grunlaust, er það hefir verið heilbrigt og engar samgöngur haft við sjúkt fè hina síðustu 6 (12) mánuði« (fallið við tölul. 8. sem var fyrir uppborinn).

8. Breytingaratkvæði *framsögumanns* við sama tölulíð:

Að 3. grein orðist þannig:

Allt það fè er grunað, sem eigi hefir verið heilbrigt, eður haft samgöngur við sjúkt fè eður grunað hina síðustu 12 mánuði (samþ. með 18 atkv.).

9. *Nefndin*:

Að eptir 2. gr. komi ný grein þannig hljóðandi:

Allt það fè er grunað, sem hefir verið sjúkt eða haft samgöngur við sjúkt fè hina síðustu 12 mánuði (fallið við 8. tölul.).

10. *Nefndin*, breytingatkv. við 11. tölul.:

Að í niðurlagi 3. greinar, sem verði hin 4., verði orðunum: »er eptirlitið — hlutaðeigandi amts« breytt í: »sem hin upprunalega rannsókn hefir í för með sèr, samkvæmt 1. gr. greiða úr jafnaðarsjóði amtsins« (samþ. með 20 atkv.).

11. *Stjórnarfrumv.* 3. gr.:

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð. Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, er eptirlitið af hálfu hins opinbera hefir í för með sèr greiða úr jafnaðarsjóði hlutaðeiganda amts (samþ. með 20 atkv.).

12. *Nefndin*, breytingaratkv. við 13. tölul.:

Að 4. grein, sem verði hin 5., orðist þannig:

Nú gegnir eigandi ekki tafarlaust eða nákvæmlega skyldum

þeim, sem á honum hvíla, eptir 1. kafla 4. greinar, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd., og skal sýslumaður láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Svo má og sýslumaður, þegar fjáreigandi hefir gjört sig beran að slíkri óhlýðni (mótþróa) eður hirðuleysi, kyrrsetja eigur hans eptir úrskurði fyrir lögreglurétti, samkvæmt 14. gr. í tilsk. 24. jan. 1838. Ef ekki fæst á þann hátt full borgun, þá skal skjóta til því, sem á vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins (samb. með 20 atkv.).

13. *Stjórnarfrumv. 4. gr.:*

Nú sýnir eigandi annaðhvort óhlýðni eður hirðuleysi í því að gegna skyldu þeirri, sem á honum hvílir eptir næstu grein á undan, og skal hann þá sæta sektum, allt að 20 rd., og skal lögreglustjóri láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Ef ekki fæst á þann hátt full borgun, þá skal skjóta til því, sem á vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins; svo skal og kostnaðurinn greiddur úr þeim sjóði, ef það er efnaleysi eiganda að kenna, að hið opinbera verður að framkvæma þær ráðstafanir, sem þörf er á (fallin við 12. tölul.).

14. Breytingar- og viðauka-atkv. *framsögumanns* við 6. gr. (15. tölul.):

a, að fyrir orðin: »á einstöku bæ eður bæjum« setjist: »á stöku bæjum« (samb. með 20 atkv.).

b, að orðin: »hverju á sínum bæ« falli úr; (samb. með 19 atkv.).

c, að við enda greinarinnar bætist: »í síðustu fardögum« (samb. þykkt með 19 atkv. gegn 1).

15. *Nefndin:*

Að bætt verði 2 nýjum greinum við frumvarpið, þannig hljóðandi:

6. grein.

Nú er á vordegi fè komið undan vetrarhirðingu og þó enn sjúkt eður grunað á einstöku bæ eður bæjum í einhverri sveit eður héraði, þá skal fyrst hafa stranga og fulltrygga heimavöktun á öllu því fè, hverju á sínum bæ, allt frá maí byrjun til miðs júní á kostnað fjáreiganda; en því næst skal safna öll heiðarlönd sveitarinnar og rannsaka nákvæmlega

allt fê á hverjum bæ, og skal þeirri skoðun lokið fyrir 15. júní. Verði þá nokkurs staðar kláðavart, eður sè grunsamt, að kláði sè eigi upprættur í einhverri sveit eður héraði, þá skal setja fulltryggan vörð, hvar svo sem er, fram til rétta, milli þeirrar sveitar og hinna heilbrigðu héraða.

Öllum þeim kostnaði, sem leiðir af þessari grein, fyrir utan heimavöktun, er fellur á hvern einn sèr í lagi, skal jafna niður á fjáreigendur í hinum sýktu og grunuðu hëruðum, eptir fjárframtali þeirra hvers um sig (samb. með 20 atkv.).

7. grein.

Í umdæmi Reykjavíkuraupstaðar hefir bæjarfógeti og lög-regluþjóðnar allar hinar sömu skyldur á hendi, sem á sýslumönnum og hrepstjórum hvíla eptir þessari tilskipun (samb. í einu hljóði).

16. Hvort biðja skuli konung að löggilda frumvarpið, samkvæmt þessari atkvæðagreiðslu (samb. í einu hljóði).

17. ág. — Þrítugasti og níundi fundur.

Þingsálit

í málinu um 4 dönsk lagaboð.

Forseti alþingis skýrði því frá á 7. fundi þess, að hann hefði fengið frá fulltrúa yðar konunglegu hátignar 46 dönsk lagaboð, er út hefðu komið á hinum seinustu árum fyrir Danmörku; lýsti þá einn þingmanna því yfir, að æskilegt væri, ef konungsfulltrúi vildi leggja út á íslenzku þau af lagaboðum þessum, er hann álti, að helzt gæti verið spurning um, að hër yrðu lögleidd, og gaf hann góðan róm að þessu, og lagði síðar fram fyrir þingið 4 af lagaboðum þessum, er hann hafði látið snara á íslenzka tungu og sem voru:

1. Lög um ýmsar breytingar á kaupverzlunarviktinni í Danmörku, 19. febrúar 1861.
2. Lög um ýmsar breytingar á lögum þeim sem nú eru í gildi um leiðarbréf, 12. febrúar 1862.
3. Lög um nokkrar breytingar í reglugjörð frá 24. okt. 1837, 17. og 18. grein dagsett 23. janúar 1862. og

4. Lög sem innihalda breytingu í tilsk. frá 25. marz 1845, dagsett 29. desemb. 1862.

Jafnvel þó þessi framgangsmáti eigi væri í fullkominni samhljóðun við allrahæstu auglýsing til alþingis 1. júní 1861, er yðar konunglega hátign allramildilegast veitir, að almenn lagaboð þau, er virðast vera þess efnis, að þau beri að löggilda á Íslandi, verði lögð fyrir alþingi sem lagafrumvarp á dönsku og íslenzku, hvert lagaboð út af fyrir sig, með þeim breytingum er þurfa þykir, þá vildi þó þingið í þetta skipti eigi mótsetja sig þessu og tók málið til meðferðar og kaus 3. manna nefnd til að íhuga það; var það síðan rætt á vanalegan hátt, og komst þingið til þeirrar niðurstöðu, er nú skal greina:

Við 1. lagaboðið: Þingið áleit enga nauðsyn til bera að breyta voginni hér á landi að svo stöddu; en þar af leiðir aptur að ónauðsynlegt er að lögleiða hér lögin 19. febr. 1861, er um þetta efni hljóða, og mundi fremur leiða illt af slíkri breytingu en nokkuð gott, þar eð hún að nauðsynjalausum mundi valda miklum ruglingi í viðskiptum manna í millum. Verzlun manna er orðin talsverð hér á landi við útlendar þjóðir, er allar laga sig að því mæli og vog snertir að síðum landsmanna, og hið sama geta danskir kaupmenn gjört, og það því fremnr, sem grundvöllurinn fyrir voginni verður hinn sami framvegis í Danmörku, sem hér, þó þessi breyting sé þar nú á komin.

Við 2. Þingið fær eigi heldur sæð, að við eigi, að lögleiða hér lög 12. febrúar 1862, sem gjöra ýmsa breytingu á lögum þeim, sem gilda í Danmörku um leiðarbréf. Þingið þekkir ekki, að eptir þeim lögum, sem gilda hér á landi, liggi á útlendum mönnum nokkur lagaskylda að hafa leiðarbréf, þegar þeir koma hingað til lands, og eins ef þeir ætla að ferðast um kring í landinu, og þarf því hér ekki að nema þá skyldu úr lögum, sem engin er, því skylda sú er hvílir á kaupmönnum, að leysa leiðarbréf fyrir kaupför þau, er þeir flytja hingað til lands á varning sinn, er annars eðlis og byggð á öðrum grundvelli. Á hinn bóginn er það og allt eins, að eptir lögum vorum liggur engin skylda til að taka leiðarbréf, svo þingið viti, á þeim, er ferðast hëðan af landi til útlanda, því ákvörðun sú, er eitt sinn kom og bannaði mönnum að fara hëðan af landi án amtmanns

leyfís, til að fyrirbyggja að Danir skyldu hafa þunga af fátækum Íslendingum, er til Danmerkúr kæmi, náði hér aldrei stöðugu gildi, og þessi lögreglu-ákvörðun má þar að auki álítast numin úr gildi bæði við hina seinni löggjöf og eins við það, að henni hefir enginn sinnt, nú upp í langan tíma. Með því nú þannig engin skylda liggur á þeim, er ferðast hæðan af landi burt til að taka leiðarbréf, hefir hér heldur aldrei verið lögð nein hegning við því, að flytja menn úr landi, sem ekki hafa leiðarbréf, og eru því engar slíkar ákvarðanir hér að nema úr lögum. Og loksins er óþarfi að nema hér úr lögum bann það, er finnst í opnu bréfi 23. októbr. 1835, að danskir handverksmenn á ferðalagi þeirra utanlands, heimsæki eður dvelji í þeim löndum og borgum, þar sem félög handverksmanna og samkomur eru liðnar, því þetta lagaboð er í öllu tilliti þessu landi óviðkomandi.

Við 3. Um lög 23. janúar 1862, sem gjöra nokkrar breytingar á tilskipun 24. október 1837, 17. og 18. gr. er hið sama að segja, og hin tvö lagaboðin, er nú voru nefnd, að eigi getur átt við að lögleiða þau hér, af því reglugjörðin, sem þau breyta, er hér sjálf ekki lög, og

Við 4. Lögin 29. des. 1862, sem gjöra breytingu á helgi dymbilvikunnar er og óþarfi að lögleiða hér, því það hefir enn þá engin óánægja hér á landi lýst sér yfir henni.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sér að láta í ljósi (með 21. atkvæði) það þegnsamlegast álit sitt, að ekkert af fyrr tæðum lagaboðum beri að löggilda á Íslandi.

Bænarskrá

til konungs í málinu um rétt íslenzkrar tungu (sbr. 400. bls.)

Alþingismaðurinn úr Vestur-Skaptafellssýslu bar upp fyrir alþingi að þessu sinni uppástungu, er fór því fram: 1. að hæðan af sè íslenzka við höfð, ekki að eins á embættisbréfum á Íslandi heldur einnig öllum embættisbréfum sem fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar. 2. að 2 hin æðstu embætti íslenzku stjórnardeildarinnar að minnsta kosti, verði að eins veitt þeim dönskum mönnum sem eru bærir um að sækja um embætti á Ís-

landi og fá þau veitt samkvæmt konungsúrskurðum 8. apr. 1844 og 8. febr. 1863.

Þessa uppástungu tók þingið til meðferðar, kaus 3. manna nefnd í málið, ræddi það síðan á lögskipaðan hátt, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að bera upp álit sitt, ástæður sínar og tilögur á þessa leið.

Það getur ekki dulizt fyrir neinum, heldur verða allir Íslendingar aldri og óbornir að viðurkenna það með lotningarfullu þakklæti, að þér vor allramildasti konungur og yðar hásæli faðir Kristján konungur hinn 8. urðuð fyrstir allra Dana konunga til þess að viðurkenna sérstakt þjóðerni vort Íslendinga og landsrétt vorn, og að hyrningarsteinn hvorutveggja þess væri réttur og ágæti hinnar íslenzku tungu. Yðar hátignar hásæli faðir lét þetta ekki lenda við eintóma viðurkenningu í orði og sérstaklegum úrskurðum, því hann var það sem endurreisti alþingi Íslendinga, fékk því í hendur umræður og ráðaneytisatkvæði um allar lagasetningar og lagabreytingar þessa lands, og um aðrar ráðstafanir, er varða land vort og þjóð, og skipaði svo fyrir, að öll þingmál frá stjórninni skyldi koma fram á íslenzku, og öll skyldi þau ræða og rita á þingi hér á íslenzka tungu. Ári síðar lét sami hásæli konungur út ganga hinn minnisverða allrahæsta úrskurð sinn 8. apríl 1844, er bauð svo, að allir danskir menn, er vildi sækja til embættis á Íslandi skyldi reyna það fyrst með áreiðanlegum vitnisburðum, að þeir væri færir til hlítar í íslenzkri tungu.

Þér, vor allramildasti konungur, hafð í þessu sem í öðru fetað í fótspor yðar hásæla föðurs og treyst grundvöll þann sem af honum var lagður til þess að viðreisa tungu vora og viðurkenna ágæti hennar og fullan rétt. Þegar á 1. ríkisstjórnarári yðar hátignar stofnaði yðar hátign frá nýju *íslenzka* stjórnardeild í Kaupmannahöfn, er hafa skyldi á hendi afgreiðslu allra mála vorra fyrir konungdóminum og stjórnarráðunum, og skipuðuð þegar frá upphafi 2 æðstu embætti þessarar stjórnardeildar *íslenzkum mönnum*, en 3. Íslendingnum var veitt eitt hinna lægri skrifstofu embættanna. Með þessutryggði yðar hátign landsföðurlega það tvennt, fyrst að vör Íslendingar mættum bera fram málefni vor á tungu feðra vorra eigi síður þau, eryrði að ganga út til Danmerkur, en hin sem hér í landi ná afgreiðslu, og þar næst, að hin mikilvæga ákvörðun í 43. gr. alp. laganna og hinar aðrar ákvarðanir er lyti að sama efni, mætti jafnan hafa fulla þýðingu og verða framgengt, eigi síður í

Danmörku heldur en hér innanlands. Þinginu virðist einnig, að hér með hafi komið fram landsföðurleg viðurkenning yðar hátignar fyrir því, að hinir æðstu embættismenn stjórnardeildarinnar þyrfti ekki einungis að *skilja* málið til hlitar, heldur einnig að *þekkja* sem bezt alla landshagi vora og hið sérstaka ásigkomulag vort, landslög og siðvenjur, fremur og nákvæmar heldur en nokkrum útlendum manni væri fært, enda þótt hann væri í alla staði vel fær í íslenzkri tungu. Með allrahæstum úrskurði 27. maí 1857 ákvað yðar hátign eindregnar og tryggði, að ekki yrði farið eins í kringum kongsúrskurðinn 8. apríl 1844, nè að hann yrði framvegis eins þýðingarlitill eins og þá var farið að tíðkast um næstu árin þar á undan. Og 2. árum síðar var það, að yðar konunglega hátign afræðuð allramildilegast að helga og staðfesta hinn íslenzka texta laganna með allrahæstu eiginhandar undirskript, og þá einnig ráðherrarnir að staðfesta lögin (*«contrasignere»*) jafnframt konungi, sem og einnig að útgefa almennar stjórnarráða-auglýsingar hingað til landsins á íslenzku með undirskript þess ráðherrans sem hlut á að máli.

Allar þessar yfirlýsingar laga-ákvarðanir og ráðstafanir eru talandi vottur um landsföðurlegan og allrahæsta vilja yðar hátignar eigi síður en yðar hásæla föðurs, um það, að uppi skuli halda óskertu sérstöku þjóðerni voru, og að rétti íslenzkrar tungu skuli æ verða borgið, eigi síður andspænis konunginum sjálfum og stjórninni í Danmörku, að því er embættisafskipti hennar verða að ná til þessa lands, heldur en hér í landinu sjálfu, og eigi síður í öllum innbyrðis viðskiptum og skrifum milli embættisstjórnarinnar, að því er Ísland og Íslendinga snertir að nokkru, sem og einnig milli embættismanna konungs, hvort heldur hér á landi eða í Danmörku, og alþýðu manna á Íslandi, heldur eins í öllum undirbúningi laganna og á sjálfum lagasetningunum, er til þessa lands eiga að ná.

En það fer fjarri eins og bent er til í uppástungunni, að stjórn yðar hátignar og hinir æðri embættismenn hér á landi hafi viljað láta sér skiljast eða viðurkenna þessar yfirlýsingar og ráðstafanir löggjafans sjálfs. Bréf stjórnarráðsins, sem kennt var við Ørsted, 14. júlí og 19. ágúst 1854 til stiptsyfirvaldanna og amtmannanna á Íslandi lagði fyrir embættismenn hér á landi, þá *sem kynni dönsku* að rita bréf sín á dönsku, ef þau væri þess efnis, að þau yrði að ganga hëðan til stjórnarráðanna, og í annan stað skyldi senda staðfesta útleggingu af þeim álitsskjölum, sem rituð væri á íslenzku, ef þörf væri á að senda þau til stjórnarinnar.

Þinginu virðist nú auðsætt, að þessar fyrirskipanir ráðherra-stjórnarinnar fari í alveg gagnstæða átt við þann landsföðurlega tilgang, sem yðar hátign yfir lýsti með stofnun hinnar íslenzku stjórnardeildar og með því að skipa 2 æðstu embætti hennar íslenzkum mönnum frá upphafi, og þar að auki virðast þær móthverfar grundvallarreglunni í 43. gr. alþingistilskipunarinnar. Að þessu tvennu leyti virðist því mega álíta, að þessar ráðherraskipanir bæði skorti nægar ástæður og næga heimild að lögum, þó að þær hefði ekki verið eptir á út þandar frekar en sjálf orð þeirra liggja, auk þess sem þær ekki að eins sýnast að skerða freklega rétt tungu vorrar, heldur einnig stefndu að því, að draga íslenzku stjórnardeildina niður og gjöra smámsaman úr henni danska embættisstofu undir dönskum ráðgjöfum og skipaða eigi síður dönskum en íslenzkum mönnum. En svo kom þar til, að embættismennirnir hér á landi og einkanlega hinir æðri misskildu freklega og jafnvel rangfærðu landsmönnum í óhag þessar skipanir ráðherra-anna, og héldu fast við þann misskilning, engu síður heldr öllu fremur og viðsjálar *eptir* 1859, þegar þó yðar konungleg hátign afræðuð mildilegast að undirskrifa íslenzka textann laganna, og hver ráðherrann af öðrum að staðfesta það. En með þessari verulegu breytingu á staðfestingu laganna sjálfra, þar sem engi ný lög eru síðan gild nema konungleg hátign með ráðherra undirskrifti íslenzka textann, þá virðist öllu gildi og allri þýðingu þessara ráðherra úrskurða frá 1854 vera kollsteypt, þó að svo hefði getað virzt með fyrsta, að þeir ætti við einhver rök að styðjast. Misskilningur sá, sem hér ræðir um, kom fram í því, og hefir haldizt síðan, ekki að eins, að ráðherrastjórnin hefir ritað öll bréf sín, úrskurði og ráðstafanir hingað til lands eingöngu á dönsku, heldur einnig í því, að hinir æðri embættismenn hér á landi hafa fært sig upp á skaptið með það einmitt fremur *eptir* 1859 heldur en þó var áður, að tilkynna og birta hlutaðeigendum hér á landi mörg eða flestöll embættisbréf og úrskurði ráðherrastjórnarinnar á dönsku máli. Einn hinna æðstu embættismanna hélt þessum misskilningi svo langt, að með umburðarbræfi 16. nóvember 1854 skipaði hann hinum mikla fjölda þeirra embættismanna, er undir honum standa, að öll mál, sem kynni að ganga til konungs eða stjórnarráðanna yrði *hér eptir* að *vera samin á dönsku* og hefir sú skipun ekki verið aptur kölluð enn í dag, svo menn viti. Álitur þingið, að

þetta sýni ljóslega, að hér í sæ fólgnar fullar ástæður og brýn nauðsyn til að hreifa þessu máli.

Önnur afleiðingin af þessum öfugu og mjög vefengjandi úrskurðum ráðherrastjórnarinnar 1854 er nú sú orðin, að skrifstofuforingja-embættið í þeim hluta íslenzku stjórnardeildarinnar, sem afgreiðir málín (*Comptoirchefen*), hefir nú þrígvis hvað eptir annað verið veitt dönskum mönnum, og þó engi þeirra látinn sanna áður hvorki með áreiðanlegum vitnisburðum nè með prófi, að þeir væri færir í íslenzku á þann hátt sem kgs úrsk. 8. apr. 1844 og 27. maí 1857 áskilja. En þegar litið er til hins landsföðurlega tilgangs yðar hátignar með stofnun stjórnardeildarinnar, er 2 æðstu embætti hennar voru frá upphafi skipuð íslenzkum mönnum, eins og fyrr var sagt, svo að þjóðerni voru og rétti tungu vorrar mætti vera í alla staði borgið einnig í hverju því máli, er verður að ná síðustu afgreiðslu hjá konungi sjálfum eða ráðherrastjórninni, þá virðist þinginu auðsætt, að með því að skipa svona æðstu embætti stjórnardeildarinnar dönskum mönnum, þá sæ ekki að eins stórum dregið úr þessum allramildast yfirlýsta tilgangi konungsins sjálfs, og þar með úr þýðingu stjórnardeildarinnar, og það því ískygglegar, þar sem sjálfur texti allra íslenzkra laga verður nú orðið að undirbúast í deildinni undir undirskript konungsins og hinna dönsku ráðherra, heldur leiðir einnig af þessu sú viðbáru-þörf, sem enn er beitt svo ástæðulaust, eins af hinum æðri embættismönnum hér eins og í stjórnardeildinni, að embættismálefni þau, sem þaðan ganga til Íslands eða hëðan af landi fyrir stjórnina, verði öll að rita á dönsku máli, gagnstætt því sem nú er ákveðið og komið í fast horf um alla lagasetningu í landi hér. Þingið verður líka að leyfa sér að leiða allrahæsta athygli yðar hátignar að því, að úr því þetta ólag nú hefir getað rutt sér svona til rúms, að danskur maður, sem ekki skilur eitt orð í íslenzku, er tekinn til foringja afgreiðsluskrifstofunnar í stjórnardeildinni, þá er auðvitað, að miklu vandfengnari verður fullhæfur maður til hins æðsta embættis eður Directeur-embættisins í deildinni þegar það losnaði, þar sem skrifstofuforinginn, sem að öðrum kosti mundi liggja næst að taka til þess embættis, ef losnaði, sakir æfingar og kunnugleika við embættisstörfin verður ekki tekinn til æðra embættisins fremur en hver annar danskur maður, af því hann kann ekkert í íslenzku. Sakir þessara viðsjálu afbrigða frá upprunalegri stofnun og ætlunarverki íslenzku stjórnardeildarinnar, og frá þar að lútandi yfirlýstum

vilja yðar hátignar, þá liggur sá kvíðbogi, að áliti þingsins, mjög nærri, og er síður en ekki ástæðulaus, að einnig kunni hið æðra embætti stjórnardeildarinnar að verða veitt dönskum manni, þar sem það líka, með því að þetta aflaga fyrirkomulag hældist, mundi reynast vanséð hvort kostur yrði á nokkrum þeim Íslendingi, er þætti í alla staði fær og óbyggjandi trúandi til að takast þetta árið-andi og vandasama embætti á hendur án þess hann hefði áður verið á hinum lægri embættastigum í stjórnardeildinni og náð með því móti bæði æfingu og kunnugleika í þeim embættisstörfum, sem þar liggja fyrir. Hitt virðist auðsætt, að því slakar sem slegið væri við því að fasthalda hinu upprunalega fyrirkomulagi og ætlunarverkum stjórnardeildarinnar, og þá einnig að embætti hennar væri skipuð íslenzkum mönnum, er yfirhöfuð að tala tæki hver af öðrum við æðri embættunum, eptir því sem losnuðu, samkvæmt vanalegum anciennitets-reglum, því fremur er halli búinn þeim rétti tungu vorrar og þjóðernis, sem yðar hátign mildilegast fyrirhugaði frá upphafi að tryggja skyldi með stofnun stjórnardeildarinnar, því sterkari og eðlilegri tálmanir verða lagðar fyrir það, að tunga vor og sjálfir vör fengjum að verða aðnjótandi sama réttar og sömu viðurkenningar í öllum embættisviðskiptum, afgreiðslu og úrskurðum, eins og í lögnum og lagasetningu þessa lands, og því fremur hlýtur að draga úr þeim vonum og því trausti, er Íslendingar hafa sett til stjórnardeildarinnar á meðan æðstu embætti hennar hafa verið skipuð ágætismönnum íslenzkum, er þar til hafa uppalizt hér á landi og þekkja hér grannt til allra efna vorra og ásigkomulags.

Af þessum ástæðum leyfir þingið sér allraþegnsamlegast að byggja annað niðurlagsatriðið í þessari bænarsskrá á þeim grundvelli, sem yðar hátign sjálfur hafið lagt með konunglegri hendi, byggja á þeim grundvellinum, er yðar hátign fyrst lagði, en hann var sá, að skipa hin æðstu embætti stjórnardeildarinnar íslenzkum mönnum; þar á móti leyfir þingið sér til vara, að bera upp þá uppástungu jafnframt, að þessi embætti verði því að eins skipuð dönskum mönnum, að ekki sé kostur á neinum íslenzkum mönnum er til þeirra væri hæfir, og þá því að eins, að þeir hafi áður fært sönnur á það eptir reglum þeim, sem settar eru í konungs úrskurði 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, að þeir sé færir í íslenzku og skilji hana til hlítar, eptir því sem áskilið er í konungs úrskurði 8. apríl 1844 af þeim útlendum mönnum, sem vilja sækja um embætti á Íslandi.

Í sambandi við þessa 3 síðastnefndu allrahæstu úrskurði, sem allir stefna að því að tryggja lands- og þjóðarrétt vörn og rétt tungu vorrar, er það mál, er þinginu þykir hlýða, að taka hér fram, og leiða að því allramildasta athygli yðar konunglegu hátignar. Það er orðið heyrum kunnugt hér á landi, að próf það sem 2 dönsk embættismanna-efni hafa tekið við háskólann í Kaupmannnhöfn á þessu vori, samkvæmt allrahæstum úrsk. 8. febr. 1863, þótti ekki þeim, sem þar voru heyrnarvottar að, vera svo leyst af hendi eður gefa þá raun, sem þó er vafalaust tilætlun laga-bóðsins sjálfs, en hún er auðvitað sú, að einmitt með þessu opinbera prófi náist formleg og jafnframt fyllri trygging fyrir því heldur en áður var, að skilyrðunum í konungsúrskurðinum 8. apríl 1844 verði í alla staði fullnægt. En það væri þó næsta sorglegt, ef allrahæsti úrskurður yðar hátignar 8. febr. þ. á. þætti geta valdið misskilningi í þá átt, að ábyrgðin andspænis hinu opinbera fyrir því, að embættiskandidátinn væri fær til hlítar í íslenzkri tungu, yrði slakari og öllu minni eptir en áður, en þessari tilslökun þætti þó mega gefa eins konar yfirskyns helgi með þeim formskilyrðum sem úrsk. 8. febr. 1863 ákveður. Þingið verður því að leyfa sér allraþegnsamlegast að benda til, í sambandi með þessu máli, hvort ekki mundi ástæða til eða jafnvel nauðsynlegt, að stjórn yðar hátignar væri falið að brýna það sem fyrst fyrir þeim prófkennendum og prófdómendum sem hér eiga hlut að máli, að það sé aug-sýnilegur lagagrundvöllur og allrahæsti tilgangur konungsúrskurðarins 27. maí 1857 og 8. febr. 1863, að ákveða nákvæmar og tryggja andspænis hinu opinbera ábyrgðina fyrir því, að skilyrðum þeim verði í alla staði fullnægt, sem eru lögákveðin í allrahæstum úrskurði 8. apríl 1844, nefnilega að sá sem gengur undir prófið skuli þar með sanna að hann sé fær *til hlítar* í íslenzkri tungu, en eng-an veginn með nokkru móti að fyrrnefndir úrskurðir 1857 og 1863 heimili að draga úr þessum skilyrðum eða nokkura tilslökun við þau.

Af þeim ástæðum, sem hér eru fram teknar leyfir þingið sér allraþegnsamlegast (með 18 atkvæðum gegn 5) að biðja, að yðar konunglega hátign allramildilegast vilji úrskurða og skipa svo fyrir:

1. Að hëðan af sé íslenzk tunga viðhöfð ekki að eins á embættisbréfum á Íslandi, heldur einnig á öllum embættisbréfum (og bréflægum viðskiptum; með 17 atkvæðum gegn 1) sem fara á milli íslenzkra embættismanna og stjórnarinnar (með 18 atkvæðum).

2. Að 2 hin æðstu embætti íslenzku stjórnardeildarinnar að minnsta kosti verði að eins veitt íslenzkum mönnum (með 17 atkvæðum gegn 1).
3. (Til vara) Að beri svo að einhverju sinni, er annaðhvort þessara æðstu embætta í stjórnardeildinni losnaði, að ekki sé kostur á fullhæfum íslenzkum manni til þess að takast það á hendur, þá verði samt hvorugt það embætti veitt dönskum manni, nema því að eins, að hann samkvæmt fyrirmælum konungsráðanna 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 hafi fært sönnur á að hann sé fær til hlítar í íslenskri tungu eins og áskilið er í konungsráðinu 8. apríl 1844, (samþykkt með 19. atkvæðum).

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast:

H. Jónsson. J. Guðmundsson,

Bænaraskrá.

til konungs í málinu um að reglulegar gufuskipsferðir komist á í kringum Ísland, þegar að vori komanda (sbr. 261. bls.).

Til alþingis kom að þessu sinni bænaraskrá frá héraðsfundi þingeyinga, dagsett 26. dag maímánaðar þ. á., er beiddist þess, að alþingi ritaði yðar konunglegu hátign allraþegnsamlegasta bænaraskrá um það:

„Að gufubátaferðum verði hið allrabráðasta komið á með ströndum Íslands, er flytji ferðamenn og vörur fyrir sanngjarna borgun milli helztu hafna á landinu.

Þingið kaus 5 manna nefnd til að íhuga málið, og kveða upp fyrir fram álit sitt um það, ræddi það síðan á tveim aðalfundum sínum, sem lög bjóða, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að lýsa yfir fyrir yðar konunglegu hátign skoðun sinni á þessu máli, svo sem nú skal greina:

Þinginu virðist það hljóta að vera hverjum einum ljóst, að greiðar og stöðugar samgöngur manna á milli í hverju landi sem er, og jafnframt við önnur lönd, eru hið fyrsta grundvallar skilyrði fyrir öllum framförum landsbúa og hagsæld þeirra, eigi síður á Íslandi en í öðrum löndum, nema fremur sé, þar sem land þetta liggur svo langt frá öðrum síðuðum löndum. En af því landið er

svo afskekktt, og samgöngur landsmanna við önnur lönd svo örðugar og sjaldan, hefir beinlínis leitt, að þeir hafa orðið að fara á mis við reynslu og framfarir annara þjóða, en á það bætist, að samgöngurnar í landinu sjálfu eru svo örðugar, að óviða eru jafnörðugar, og með því er mönnum fyrirbunað því nær alls hagnaðar af frjálsum viðskiptum manna á milli.

Eins og kunnugt er, er Ísland því nær 1900 ferhyrningsmílur að stærð, og meiri hlutinn fjöll og firrnindi, jöklum þakin. En ef samgöngurnar ættu greiðar að vera, þyrftu vegirnir að vera góðir og flutningsfæri nóg, en það er hvorttveggja, að hingað til hefir verið lítið gjört til að bæta vegina, enda mun þess langt að bíða að þeir verði greiðir; því að enda þótt vegalög Íslendinga væru miklu betri, og fæð til vegagjörða miklu meira en nú er, þá liggur það í augum uppi, að alls eigi er til þess hugsandi, að vegirnir geti nokkru sinni komizt í nokkurn samjöfnuð við vegi í öðrum löndum, og verða ávalt að tálma fyrir greiðum og stöðugum samgöngum í landinu sjálfu, eins og auðsætt er, þar sem þeir víða liggja yfir háfjöll, veturinn hér á landi svo langur og snjóamikill, og vorin köld, og leiðir þá beinlínis af þessu, að ef samgöngurnar í landinu, eiga að geta orðið nokkurn veginn viðunanlegar, má eigi hafa augun á vegabótunum einum, eða ætla, að með þeim einum megi greiða og auka samgöngurnar, svo viðunanlegt sè. Þingið verður að telja víst, að það muni hér eptir ganga líkt og hingað til, ef engra annara bragða er í leitað, að þeir sem senda vilja eitthvað sem nokkru nemur að þyngslum, frá einum fjórðungi landsins til annars, að þeir neyðist til, að senda það að haustinu suður til Kaupmannahafnar, til þess að það komist með kaupförum næsta vor þangað sem það á að fara, og er það ljós vottur þess hversu örðugar samgöngur allar eru hér á landi. Án þess að fara lengra út í þetta atriði málsins, vill þingið leyfa sèr að geta annars dæmis upp á örðugleika á öllum ferðalögum á landi, að ferðakostnaður alþingismanna úr hinum fjarlægari sýslum landsins, er margfalt meiri en þingsetukaupið sjálft, og að prestar hér á landi opt eigi vilja sækja um brauð í fjarlægum héraðum, sökum þess að þeir treysta sèr eigi í svipinn að kljúfa þann kostnað, sem flutningurinn hefir í för með sèr.

Þegar þingið virðir fyrir sèr alla þessa örðugleika á landferðunum hér á landi, og hversu torvelt er, og að miklu leyti alls eigi auðið, að bæta vegina til þeirrar hlítar, að flutningar verði greiðir

og kostnaðurinn nokkurn veginn þolandi, virðist því liggja beint við og það sé hið eina ráðið, til þess að greiða fyrir samgöngunum og öllum flutningum til nokkurrar hlítar, að koma á stöðugum skipaferðum með fram ströndum landsins, er flytji menn og varning hafna á milli, gegn fast ákveðnu sanngjörnu verði; en eins og nú stendur á, er eigi auðið að koma þeim á nema stjórn yðar konunglegu hátignar skerist í leikinn, enda treystir þingið mildi yðvarri og vizku, að yðar hátign mildilegast vilji lita á þessa nauðsyn Íslendinga og sinna ráð til að bæta úr henni.

Til þessara ferða þótti þinginu einsætt, að hafa yrði gufuskip, ef ferðirnar ættu að geta orðið stöðugar, og komið að þeim notum, sem til er ætlazt, þinginu þótti að öðru leyti eigi eiga við, að kveða fast á um, hversu skipið ætti að vera stórt, eða hvernig ferðunum skyldi haga, það yrði að fela stjórn yðar hátignar að ákveða, eptir því sem á stæði, og hún gæti komið sér við; en enda þótt þingið sjái sér eigi fært, að semja neina áreiðanlega áætlun yfir kostnað við ferðir þessar, einkum vegna þess, að það eigi mætti kveða fast á um það, hversu stórt skipið skyldi vera, hvenær það skyldi hefja ferðir sínar að vorinu til, og hvenær hætta þeim að haustinu til, á hversu margar hafnir og hverjar það ætti að koma, o. s. frv., og það því síður treysti sér til að kveða upp nokkra áreiðanlega áætlun um það, hversu miklu fê þurfi til að skjóta, með því eigi væri auðið nú þegar fyrirfram að segja, hversu mjög skip þetta yrði notað til flutninga á mönnum og varningi, meðan alls enga reynslu væri við að styðjast, þá taldi bæði þingið og kaupmenn þeir, sem nefnd sú, er sett var í málinu, leitaði ráða til, það víst, að flutningar með því mundu verða talsverðir og aukast næsta fljótt, jafnvel um fjórðung á öðru ári, og eins mundi verða um farþega, því að það eru öll líkindi til, að kaupmenn mundu einatt heldur kjósa að senda útlendan varning með gufuskipinu til Reykjavíkur og svo þaðan aptur með skipi því, er færi fram með ströndum landsins, til verzlunarstaða sinna víðs vegar um landið, og ná þaðan aptur íslenskum varningi, og senda hann til útlanda með gufuskipinu, en að kosta sjálfir skip til þess, enda virðist það auðsætt, að þeir með því móti gætu bæði með hægra móti og fljótar komið hinum íslenska varningi á útlendan markað en með því að senda sjálfir skip, til þess að flytja hann á milli landa. Eins er um það, að ef gufuskip gengi með fram ströndum landsins, gæti Íslendingar komið varningi sínum með hægu móti

til þess verzlunarstaðar á landinu, sem hann væri bezt borgaður, og vill þingið leyfa sér í því skyni að nefna eitt dæmi, að á síðasta hausti borguðu kaupmenn í Reykjavík 36—40 sk. fyrir hvert ullarpund, en á Norðurlandi einungis 26—30 sk., og liggur þá í augum uppi, hvílikur hagr þáð hefði verið fyrir Norðlendinga, ef þeir hefðu með hægu móti getað sent ull sína til Reykjavíkur, og selt hana þar, þar eð mismunurinn á verðinu er svo mikill, að nemur 33 rd. 32 sk. á hverju skippundi.

Þegar ræða skal um, hversu margar ferðirnar ættu að vera, og hve nær þær ætti að hefja að vorinu til, og enda á haustin, og á hverjar hafnir það skyldi koma, þá virðist þinginu auðsætt, að því fleiri ferðirnar væru, því haganlegra væri það, bæði fyrir landsbúa sjálfa og kaupmenn, og væri æskilegast, að það væri allt af á ferðinni, og lægi eigi lengur um kyrrt á hverri höfn, en nauðsyn bæri til, til þess að það gæti affermt það, sem það flytti, og tekið á móti vörum aptur, og væri svo hagað, mundi það geta farið 12 ferðir í kringum landið, frá því síðast í febrúarm., og til þess í októbermánuði, en þótt svo mörgum ferðum yrði eigi við komið, svona fyrst í stað, þótti þinginu mikil bót unnin, ef ferðirnar kæmust á, þótt þær eigi yrðu fleiri en 6. En það virðist þinginu mikils varðandi, að þær byrjuðu annaðhvort síðast í febrúarmánuði eða snemma í marzmánuði; og hættu eigi fyrr en í októbermánuði, því að ferðin í febrúarmánuði gæti orðið til einkar mikils hagræðis, bæði sökum þess, að ef skipið gengi bæði austur og vestur um landið, og svo til Reykjavíkur, þá mundi mesti fjöldi sjómanna úr Norðurlandi leita hingað suður til sjóróðra, því vegna hinna örðugu ferðalaga, hafa sjósöknir úr Norðurlandi hingað suður, stórum lagzt niður á seinni tíð; og telur þingið það sjálfsagt, að kæmust reglulegar gufuskipsferðir á í kringum landið, eins og hér er farið fram á, þá mundi það stórum auka aðsókn landsmanna að hinum fiskisælu veiðistöðum hér innanlands. Svo er og líka það, að þá eru opt ýmsar nauðsynjavörur, t. a. m. kornvörur, uppseldar á ýmsum verzlunarstöðum landsins, en engin kaupskip enn komin frá útlöndum, og landsbúar verða án þeirra að vera, hversu mikið sem við liggur, vegna þess að eigi verður til þeirra náð úr öðrum verzlunarstöðum sökum örðugleikanna á öllum ferðalögum og flutningum einkum um þann tíma árs, en úr þessum skorti hinna einstöku héraða gætu þessar gufuskipsferðir bætt, er það gæti flutt nauðsynjavörur þær, er nauðsyn bæri til, frá þeim verzlunarstöðunum

þar sem þær væru, þangað sem þeirra þyrfti við. Eins væru ferðirnar í októbermánuði einkar gagnlegar, sökum þess, að með þeim gætu landsbúar sent varning sinn, ull, sláturfê og kjöt, þangað sem þeim væri haganlegast og ábatamest, og kaupmenn víðs vegar um landið gætu þá og komið varningi þeim, er þeir hefðu keypt af landsbúum að haustinu til, til Reykjavíkur, og þaðan aptur með gufuskípinu, sem færi landa á milli til útlanda, og gæti það orðið næsta hagkvæmt fyrir þá, er þeir gætu komið varningi þessum, þá þegar á útlendan markað, í stað þess eins og nú er, að geyma hann allan veturinn til næsta sumars.

Á ferðum þessum ætti skipið að koma á sem flestar hafnir, og telur þingið víst, að á því fleiri hafnir það kæmi, því betur mundu ferðirnar borga sig, og á sömu skoðun eru kaupmenn þeir, er nefnd sú, er sett var í málinu, bar þetta mál undir, en það telur þingið víst, að það mundi koma á allar hinar helztu hafnir landsins, svo sem t. a. m. Reykjavík, Stykkishólm, Ísafjörð, Skagaströnd eða Hofsós, Akureyri, Húsavík, Seyðisfjörð, Berufjörð og Vestmannaeyjar, og virðist réttast og hentast, að það færi aðra hvora ferð suður og austur um landið, en aðra hvora vestur og norður um það.

Þegar þingið snýr sér að kostnaðinum, þá ætlar þingið, að það hafi fengið nokkurn veginn áreiðanlega áætlun um það, hversu mikil útgjöldin mundu verða við ferðir þessar, þar sem hún á við að stöðjast álit tveggja kaupmanna hér í Reykjavík, sem gagnkunnugir eru skipa-útgjörð. Annar þessara kaupmanna herra C. Fr. Siemsen hefir í bréfi sínu til nefndarinnar, dags. 33. d. júlímánaðar þ. á. talið réttast, að skipið rúmaði 200 lestir og færi frá Skotlandi 15. d. febrúarmánaðar hvers árs, og kæmi þá fyrst til Austfjarða, og heldi síðan norður um landið til Reykjavíkur, færi 12 ferðir á ári kringum landið og heldi aptur til útlanda að haustinu til, nálægt miðjum októbermánuði, og mundu þá útgjöldin verða 25,139 rd. Hinn annar kaupmaðurinn, sem nefndin leit aði skýringa hjá, telur ferðirnar einungis frá Reykjavík, ætlar hann að nóg væri að skipið rúmaði 120 lestir, og færi aðra hvora ferð norður um landið, og að eins á Akureyri, og snúi þar við aptur sömu leið til Reykjavíkur, en aðra hvora ferð fari það kringum allt landið, og mundi þá kostnaður allur verða 22,846 rd. Mis- munurinn á þessum tveimur áætlunum, er fölginn í því tvennu, að herra Siemsen telur ferðirnar með frá Skotlandi og til Skotlands

aptur, en þær eru eigi taldar í hinni síðari áætlun, og í öðru lagi í því, að í hinni síðarnefndu áætlun er gjört ráð fyrir, að skipið sè jafnframt siglingaskip, og megi því kol sparast að helmingi.

Enda þótt þessum tveimur kaupmönnum bæri mjög á milli um það, hversu miklir flutningarnir yrðu, þar sem herra Siemsen ætl-
aði, að 1. árið mundu inntektir fyrir vöruflutninga verða að eins 9,600 rd. en hinn 18,200 rd., þá bar þeim þó saman í því, að flutningar mundu aukast að fjórðungi þegar hið annað árið. Þingið sèr sèr eigi heldur fært að gjöra neina áreiðanlega áætlun um þetta, en er þó sannfært um, að óhætt sè að fara bil beggja, og telja flutningagjaldið þegar hið fyrsta árið 14,000 rd. og mundi þá eigi meira á bresta en 5,000—10,000 rd. eptir því, hversu skipið væri stórt og hvaðan það byrjaði ferðirnar, til þess að kostnaðurinn við útgjörð skipsins næðist. — En þegar ræða skal um það, hvaðan fè þetta skyldi greiða, leyfir þingið sèr allra þegnsamlegast að geta þess, að það vonast þess fastlega, að yðar hátígn allramildilegast gjörið bráða bót á póstgöngum þessa lands, sem Íslendingar þarfnast næsta mjög, og það því fremur sem lagt var fyrir þingið 1861 frumvarp til laga um það efni, sem það samþykkti óbreytt. Þótt þinginu sè eigi fullkunnugt um, hvernig póstgöngunum verði hagað, þegar þessi bót kemst á þær, og hversu mikið fè muni til þeirra ganga, telur það þó víst, að þær kosti talsvert meira fè en nú. Á hinn bóginn er það þinginu næsta ljóst, að komist gufuskipsferðir þessar á, má spara allar póstferðir á millum amtanna, allan þann tíma ársins, sem ferðirnar eru, og ef þær byrjuðu síðast í febrúarmánuði og enduðu í októbermánuði, þá ætlar þingið að mætti spara um 2000 rd. frá póstgöngunum, og gæti þá það fè gengið til endurgjalds gufuskipsferðanna. Að benda á nýja tekjustofna til endurgjalds því, sem þá brysti á, sèr þingið sèr eigi fært að þessu sinni, meðan ekkert er afráðið um fjárhagsviðskipti Íslands og Danmerkur, en treystir yðar konunglegu mildi og veglyndi ríkisdagsins til þess, að því fè, sem þá kynni á að bresta, verði skotið til úr ríkissjóðnum, að minnsta kosti svo sem tvö árin næstu, og það því fremur, sem svo virðist, að búa mætti út gufuskip þetta svo, að það gæti haft eptirlit með útlendum fiskimönnum hèr við landið, að þeir gjörðu eigi neinn óskunda, eða hefðu gripdeildir í frammi, og þyrfti þá eigi að senda hingað sèrstakt herskip í þessu skyni, og losaðist ríkissjóðurinu þá við þann kostnað.

Enn fremur leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess,

að takist einhver einstakur maður á hendur, að kosta gufuskipsferðir þessar, að þá verði skýrt og fast kveðið á um það, á hvaða hafnir skipið eigi að koma, hversu mikið flutningskaupið skuli vera bæði fyrir menn og varning, milli þeirra hafna sem það kæmi á, og svo hvað annað, sem nauðsyn bæri til að taka fram, svo að engu gjörræði yrði beitt af hálfu útgjörðarmanna.

Að síðustu leyfir þingið sér að geta þess, að það hefir vissu fyrir, að kaupmaður P. L. Henderson í Glasgow á Skotlandi hefir í hyggju að senda hingað til lands á næsta sumri gufuskip, er færi á milli þeirra þriggja verzlunarstaða, þar sem hann rekur verzlun, Seyðisfjarðar á Austfjörðum, Grafaróss á Skagafirði og Reykjavíkur, og telur þingið því líklegt að hann mundi fáanlegur til að takast á hendur, að annast um framkvæmdirnar á þessari þegnsamlegustu beiðni þingsins, eins hefir og herra kaupmaður C. Fr. Siemsen í Hamborg, sem og hefir verzlun eigi alllitla hér á landi skýrt þinginu frá, að hann væri fús til að styðja að þessu fyrirtæki.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, leyfir þingið sér (í einu hljóði) allraþegnsamlegast að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign.

Að þér af mildi yðar, viljið bjóða stjórn yðar hátignar að annast um, að reglulegar gufuskipsferðir, samkvæmt því sem áður er greint, komist á þegar að vori komanda kringum Ísland, og flytji bréf, menn og varning millum hafna, gegn fastákveðnu sanngjörnu verði.

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. H. Kr. Friðriksson.

Bænarskrá

til konungs í málinu um ekkju-eptirlaun frú Elínar Thorstensen (sbr. 325 bls.).

Til alþingis kom bænarskrá frá frú Elínu Thorstensen, ekkju eptir jústitsráð Jón Thorstensen, fyrrum landlækni á Íslandi, þess efnis, að þingið vildi aðstoða hana til þess að ekkju-eptirlaun hennar mætti verða aukin um að minnsta kosti 200 rd. Var bænarskrá þessi tekin til meðferðar og sett í málið 3. manna nefnd, en síðan var málið rætt á tveim aðalfundum sem lög standa til, og skal nú

þingið allra þegnsanmlegast leyfa sér að skýra yðar hátign frá tilögum sínum um þetta mál.

Það er kunnugra en frá þurfi að segja hér á landi, að Jón heitinn Thorstensen var landlæknir á Íslandi í 36 ár, frá því 1819 og þangað til hann deyði um veturinn 1855, og þjónaði hann ávalt þessu örðuga embætti með hinum stakasta dugnaði svo sem til hefir verið tekið og lengi mun í minnum haft í þessu landi. Hve nær sem kallað var, hvort sem það svo heldur var um dag eða nótt, hvort sem það svo heldur var til fátæks eða ríks, þá var hann æfinlega reiðubúinn, og mlkill er enn fjöldi þeirra manna, sem eiga honum að þakka bæði líf og heilsu. Hann stóð í stuttu máli svo vel í embættisstöðu sinni til dauðadags, og gjörði svo að öllu skyldu sína fram í sjálft andlátið, að land þetta mætti með sönnu hrósa happi, ef það ætti marga slíka. Og þó átti hann að mestu við örðugan kost að búa, því launin voru harla lítil, ekki nema 600 rd. 13 fyrstu árin, auk 150 rd. í húsaleigustyrk, en síðan voru þau aukin til 900 rd., svo að laun Jóns sáluga Thorstensen voru alls, þegar þau voru sem mest, ekki meira en 1050 rd. Það er nú auðsætt, að þetta eru langt oflítill laun fyrir svo erfiðan starfa, sem landlæknisembættið er hér á landi, og yðar hátign hefir einnig sannað það í verkinu, að þessi skoðun er á rökum byggð, þar sem þér nýlega hafið láta hækka laun þessa embættis töluvert, um leið og bætt hefir verið við laun annara embættismanna, er laun sín fá úr ríkissjóði. En eptir hinni eldri og minni launa-upphæð landlæknisins eru þó enn reiknuð ekkju-eptirlaun ekkju Jóns heitins Thorstensen, og verða þau því að öllu samtöldu ekki meir enn 280 rd. um árið, þar sem þó nú má gjöra ráð fyrir að ekkja landlæknisins muni framvegis, eptir launabótina, geta fengið hér um bil 500 rd., og er það heldur ekki nokkrum efa undirorpið að slík upphæð er miklu víðurkvæmilegri.

Þar sem þessu nú er þannig varið, þá fær alþingi eigi annað sæð enn að bæn frá Elínar Thorstensen sé á mikilli sanngirni byggð, og það hikað því enga stund við að veita henni eindregin meðmæli sín við yðar hátign. Þinginu þykir þetta því maklegra, þar sem hér ræðir um ekkju eptir þann mann, sem sannarlega má segja um, að hann sleit sér út í þjónustu yðar hátignar og þessa lands, og það þykir með þessum orðum að eins láta í ljósi álit allra landsmanna um þann mann, sem til hans þekktu. Að bæta nú hæfilega eptirlaun ekkju hans, væri og að eins að vera rættlát-

ur við hinn dána, af þeirri ástæðu að menn geta eigi annað en viðurkennt, að hinn mikli verkmaður Jón Thorstensen fékk aldrei um æfi sína þau laun fyrir starfa sinn, sem hann var svo fullkomlega verður, og þingið getur því eigi heldur annað en að öllu fallizt á þessa skoðun. Að vísu er það alþingi ljóst, að þetta getur eigi komizt í kring, eptir því sem nú er til háttað um fjárhag Íslands, án þess að sérstakleg lög um það verði lögð fyrir hið danska ríkisþingi; en þar sem það einnig er þinginu fullkunnugt, að ekkert er almennara í Danmörk, en að sérstakleg lög hafi verið gjörð um ríðlegri eptirlaun handa ekkjum þeirra manna, sem maklegir hafa þótt til þess, þá getur það eigi skilið, að þessu þurfi heldur að vera nokkuð til fyrirstöðu, þó um íslenzkan embættismann sé að ræða. Þingið hefir enga ástæðu til að vantreysta hinu danska ríkisþingi svo, að það muni eigi taka alþingi Íslendinga trúanlegt, þegar það nú einu sinni veitir ekkju mikilsverðs manns hér í landi meðmæli sín í hina sömu stefnu, sem ríkisþingið annars svo opt hefir tekið fullkomlega til greina. Alþingi treystir því og, að yðar hátign muni því betur allramildilegast gefa tillögum þess um þetta mál fullan gaum, þar sem sú ekkja, sem hér um ræðir, er hin einasta hér í landi sem líkt stendur á um, svo eigi þyrfti að óttast margfaldar afleiðingar af því, þó bæn hennar verði veitt.

Af þessum ástæðum leyfir alþingi sér því allraþegnsamlegast að biðja yðar hátign (með 20 atkvæðum):

Að skipa allramildilegast viðkomandi ráðgjafa yðrum að gjöra þær ráðstafanir, að bænarskrá frú Elínar Thorstensen um að minnsta kosti 200 rd. árlega viðbót við ekkju-eptirlaun hennar, mætti verða framgengt.

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast:

H. Jónsson. G. Brynjúlfsson.

Bænarskrá

til konungs í málinu um launabót Jóns Þorkelssonar (sbr. 325. bls.).

Til alþingis kom að þessu sinni bænarskrá frá Jóni Þorkelssyni kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, sem fer því á flot, að þingið mæli fram með því við yðar konunglegu hátign, að laun hans verði þannig bætt, að hann fái 1000 ríkisdala laun árlega.

Þingið kaus 3 manna nefnd í málið, ræddi það því næst á tveimur aðalfundum, og leyfir sér nú að flytja yðar konunglegu hátígn allraþegnsamlegast álit sitt um það á þessa leið:

Þinginu gat nú eigi annað en verið í fersku minni, að yðar konungleg hátígn hefir með hinum nýju lögum 19. dag janúar þ. á. bætt laun ýmsra embættismanna á Íslandi, svo að kjör þeirra nú eru rýmkuð þannig, að þeir geta lifað samboðið stöðu sinni og þörfum tímans, og sér í lagi hafa kennendurnir við hinn lærða skóla í Reykjavík fengið sömu laun, og skólakennarar í Danmörku.

Samkvæmt þessum lögum hefir nú skólakennari Jón Þorkelsson, sem er lægstur kennari við skólann, og nýlega orðinn fastur kennari 500 rd. í laun árlega.

Eins og það er nú óneitanlegt, að þessi laun eru í sjálfu sér ónóg til þess, að búlaus embættismaður í Reykjavík, þar sem allar lífsnauðsynjar eru orðnar fjarskalega dýrar, geti sómasamlega lifað af þeim með sig og sína, þannig virtist þinginu og, að sanngirni mælti sérstaklega fram með því, þegar á allt er litið, að þessi kjör skólakennara Jóns Þorkelssonar yrðu bætt að mun og jafnvel allt að hinni umbeðnu upphæð.

Í þessu efni tekur þingið það fram, að hann er sá eini Íslendingur, er nú lifir, sem hefir tekið embættispróf við Kaupmannahafnar háskóla í málfræði með bezta vitnisburði. Hann hefir nú og síðan 1854 kennt í latínuskólanum með einstökum dugnaði, alúð og árvekni, eins og vitnisburður sá, er skólameistari B. Johnsen hefir gefið honum, ljóslega með sér ber, þannig að hann fyrst var tíma-kennari til 1859, og því næst settur kennari af stíptysfirvöldunum til 1862, er hann fékk embætti það er hann nú hefir.

Auk þessa er það alkunnugt, meðal annars af ritgjörðum þeim sem komið hafa á prent eptir skólakennara Jón Þorkelsson, að hann er afbragð flestra ef eigi allra málfræðinga í íslenzkri tungu og sagnafræði.

Þegar nú litið er til þess enn fremur, að skólakennari Jón Þorkelsson, eins og hann lætur í ljósi í bænarsskrá sinni, lagði sig eptir málfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í því trausti, að hann á sínum tíma mundi geta orðið aðnjótandi þeirra sérstaklegu réttinda, sem tilsk. 2. febr. 1849 heitir málfræðingum í Danmörku, getur þingið ekki álitíð annað, en að skólakennari Jón Þorkelsson hafi haft mjög mikinn skaða af því, að hann fór til Íslands, þar sem þessi tilskipun eigi er gjörð að lögum, og þar sem annar kenn-

ari, sem nú er orðinn yfir kennari við skólann, var fyrir, sem þannig varð að sitja í fyrirrúmi fyrir honum til hinna æðri og betur launuðu embætta skólans; og að því leyti sem hann eigi hefir leyst af hendi hið verklega próf í málfræði, og þannig í ströngum skilningi ekki hefir uppfyllt skilyrðin í tilsk. 2. febr. 1849, þá þykist þingið mega ganga út frá því sem gefnu, að honum, ef hann hefði valið þann kostinn að verða embættismaður í Danmörku, mundi hafa verið alhægt að uppfylla einnig þetta að líkindum í sjálfu sér vanda-litla skilyrði laganna, þar sem fátæktin hefir hamlað honum frá því að ferðast til Danmerkur í þessu skyni, sökum þess að hann kring-umstæðanna vegna ekki gat fengið í svo langan tíma nema svo frábærlega rýra atvinnu við lærða skólann í Reykjavík, sem alls eigi gat veitt honum einu sinni hið allranauðsynlegasta til viðurhalds sér og sínum.

Þegar nú þingið skoðar málið frá þessu sjónarmiði, þá verður það naumlega sagt, að skólakennari Jón Þorkelsson gæti með neinni vissu séð það fyrir fram, að hann eigi mundi geta, eptir þann tíma sem hann nú er búinn að vera við lærða skólann í Reykjavík, orðið aðnjótandi þeirra réttinda, sem tilsk. 2. febr. 1849 heitir málfræð-ingum, þar sem það bæði var mögulegt, að þessi lög yrðu lögleidd á Íslandi til uppörfunar Íslendingum til að leggja sig eptir málfræði, svo að latínuskóli Íslands yrði sem bezt skipaður, og einnig líklegt, að hann seinna meir mundi geta kostað ferð sína til Danmerkur, til að taka hið verklega próf, ef það þá yrði álitíð nauðsynlegt eptir fleiri ára kennslu við skólann, eins og það líka var jafnvel sennilegt, að hinn nú verandi yfir kennari skólans, mundi sækja frá skól-anum um geistlegt embætti, sem betur væri launað, en undirkenn-ara-embætti það sem hann til skamms tíma þjónaði. Að skólakenn-ari Jón Þorkelsson hafi, þegar hann ákvarðaði sig til að fara að lærða skólanum í Reykjavík, um of gyllt fyrir sér þessar vonir, verður mjög eðlilegt, þegar tekið er tillit til þess, hve mjög hugur manna hneig-ist að fósturjörðunni.

Þar sem nú fyrrnefndur skólakennari þannig, sökum hálfvegis ófyrirsjáanlegra atvika, ekki hefir enn getað borið úr bítum þann ávöxt af þekkingu sinni og erfði við lærða skólann í Reykjavík, sem hann bjóst við, og hann eins og eðlilegt er jafnvel ekki getur framfært sig og sína með þeim lannum sem hann nýtur samkvæmt lögunum og sæti hans við skólann, hlýtur þingið að leggja áherzlu á það atriði þessa máls, að skólakennarinn hefir látið í ljósi, að hann mundi

neyðast til að yfirgefa skólann í Reykjavík, ef kjör hans verða eigi bætt, því þó ekki sè haft neitt tillit til persónulegra hæfilegleika og ágætis þessa kennara, þá mundi lærði skólinn í Reykjavík eins og skólameistarinn einnig í fyrirtæðum vitnisburði bendir á, liða óbætangelgt tjón ef hann yfirgæfi skólann, þar sem embætti hans fyrst og fremst eigi mundi verða skipað jafngóðum manni, og þar sem burtför hans af þessum ástæðum frá skólanum mundi óumflýjanlega verða til hnekkis því, að Íslendingar framvegis legðu sig eptir málfræði við Kaupmannahafnar háskóla, svo að það gæti svo farið, að enginn málfræðingur með embættisprófi yrði fánlegur til þessa eina lærða skóla á Íslandi.

Í fyllsta trausti til yðar hátignar mildiríku speki og konunglega örlætis til eflingar og blómgunar allri vísindalegri iðn, eins á Íslandi eins og í Danmörku, fulltreystir þingið, að yðar hátign muni mildilegast líta á það, að sèrstaklegar ástæður mæli mjög með því, að kjör optnefnds kennara, sem hann hefir samkvæmt hinum almennu lögum, verði að minnsta kosti töluvert bætt, svo að staða hans verði nokkurn veginn viðunanleg, og yðar trúu þegnar á Íslandi ekki missi af jafnágætum landa sínum og vísindamanni, sem þeir fúslega mundu veita hin umbeðnu laun, ef þeir hefðu sjárforráð sín sjálfir, jafnvel þó þau sèu nokkrum mun hærri, heldur en þau laun, sem hann hefði nú fengið, ef hann strax hefði orðið virkilegur undirkennari við skólann, þegar hann fyrst til hans kom.

Að framangreindum ástæðum leyfir þingið sèr allraþegnsamlegast að beiðast þess (með 18 atkvæðum):

Að Jóni, skólakennara við lærða skólann í Reykjavík, þorkelssyni verði allramildilegast veitt launabót úr rikissjóði, er nemi svo miklu, að laun hans verði 1000 rd. að upphæð (með 18 atkvæðum).

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. B. Sveinsson.

Bænarskrá

til konungs í málinu um stofnun lagaskóla (sbr. bls. 235).

Til alþingis kom að þessu sinni uppástunga frá þingmanni Snæfellinga þess efnis, að þingið allraþegnsamlegast beiddi yðar

konunglegu hátign að veita hæfilegan fjárstyrk til þess að stofnsetja í Reykjavík sem allra fyrst íslenzkan lagaskóla, og að sá fjárstyrkur skyldi síðan verða endurgoldinn af Íslands hálfu.

Þingið kaus þriggja manna nefnd til að ihuga mál þetta og kveða upp um það álit sitt, ræddi það síðan á tveimur aðalfundum eins og lög standa til, og leyfir sér nú allraþegnsamlegast að bera upp fyrir yðar konunglegu hátign álit sitt og bænir á þessa leið:

Þegar alþingi Íslendinga nálgast konung sinn, og ber fram fyrir hann álit sitt og bænir um þetta mál, fyllist hugurinn af lotningu og þakklæti, er menn hugleiða þá landsföðurlegu og vísdomsfullu umhyggju fyrir þessu landi, er svo fagurlega lýsir sér í hinni konunglegu anglýsingu til alþingis frá 8. júní þ. árs, þar sem svo skýrt er kveðið á, að það sé mildilegust ósk yðar hátignar að verða við bæn alþingis og koma hér á fót stofnun til kennslu handa lögfræðinga-efnum á Íslandi. Með þessu konunglega fyrirheiti er í hugum vor Íslendinga gróðursett traust og örugg von um miklar, jafnvel ómetanlegar, framfarir þjóðar vorrar á komandi öldum, því að það getur eigi dulizt fyrir neinum þeim manni, er nokkuð hugsar um þetta land, að með innlendri lagakennslu og innlendri lagamenntun á Íslandi hlýtur að byrja nýtt og blómlegt tímabil í réttarsögu og réttarmeðvitund hinnar íslenzku þjóðar. Alþingi viðurkennir þetta í fyllsta máta, og finnur hjá sér sterka hvöt til að láta þakklæti sitt í ljósi, en hinar komandi kynslóðir, sem byggja land þetta, og sem ætlað er að uppskera rikulega ávexti þess, sem nú er niðursáð, þær munu eflaust hafa betri föng á að gjalda hinum vitra og góða konungi þakkir sínar, og blessa minningu hans fyrir veitta gjöf.

Með þessum huga virðist alþingi sér vera skylt, að ganga bæði fagnandi og treystandi móti konungi sínum, og með þegnlegri lotningu láta hann sjá, að áhugi manna hér á landi sé jafnstærkur og jafnvakandi, nú sem fyrri á þessu velferðarmáli, að það sé innileg ósk allra hinna beztu manna á Íslandi, að menntastofnun þessi geti komizt sem fyrst, sem greiðlegast og heppilegast á fót. Þingið fællst þess vegna á, því nær með samhuga atkvæðum, að beiðast þess, að yðar hátign mætti þóknast, að skipa svo fyrir, að þessi kennsluskóli handa íslenzkum lögfræðinga-efnum geti komizt á stofn svo fljótt sem frekast er auðið.

Með því nú þingið einnig varð að álíta það nauðsynlegt í alla staði, að lagakennslan væri í höndum þeirra manna hér á landi,

er bezta tryggingu gætu gefið stjórn og þjóð fyrir því, að kennslan yrði tilhlýðilega af hendi leyst, og þar eð æskilegast þótti, að grundvöllurinn til þessarar kennslu gæti orðið lagður sem allra fyrst, meðan yðar konungleg hátign situr að rikjum, og meðan þeir menn sitja í ráðaneyti yðar, sem vèr vitum að eru þessu máli liðsinnandi og sem vèr berum gott traust til, þá fællst þingið einnig því nær samhuga á, að beiðast þess, að dómendum yfirdómsins á Íslandi yrði til bráðabyrgðar, og þegar á komanda vetri veittur réttur til að kenna hér lögfræði, og að þeir fengi hæfilega þóknun fyrir þann starfa.

Nokkrir meðal þingmanna vildu að vísu með skýrum orðum taka það fram, að réttast væri að biðja stjórn yðar hátignar um bráðabyrgðarlán af einhverjum sjóði, móti því, að Ísland endurgildi síðar það lán eptir tillögum alþingis. Það vakti nefnilega fyrir þessum þingmönnum, að réttast væri, til þess að sýna áhuga sinn á málinu, að láta skýrt í ljósi fúsleika landsmanna til að greiða kostnað þann, sem af lögfræðisstofnun þessari leiddi, og með því móti hrinda burtu þeirri fyrirstöðu, sem kostnaður skóla þessa kynni að valda. Þeim þótti þetta því tilhlýðilegra, sem hið konunglega fyrirheit yðar hátignar í þessa árs auglýsingu til alþingis, virðist eins og að líkindum lætur, bundið því skilyrði, að fè það geti fengizt, er til slíkrar stofnunar þarf; vildu þeir því einkum taka það fram, að Íslendingar mundu fúsir að endurgjalda allan þann kostnað, sem leiða mundi af lagakennslu hér á landi, hvenær sem alþingi væri búið að fá svo til umráða fjárforráð þessa lands, að það mætti nokkuð fastlega ákveða um það efni, en til bráðabyrgða þótti þeim það eiga bezt við, að benda stjórninni á það, hvort eigi mundi tiltækilegast að fá það fè, sem nauðsynlegt þætti til þess, að koma lagakennslunni hér á sem allra fyrst, til láns úr styrktarsjóði Íslands, með því skilyrði, að lánsfè þetta yrði síðan endurgoldið af landsins hálfu.

En meiri hluta þingmanna þótti þar á móti réttara, að leggja ekki að þessu sinni neina sèrstaklega áherzlu á það, að lögfræðingaskólinn yrði stofnaðr nú þegar með föstu fyrirkomulagi, og það því síður sem þingið varð að álíta að paraðlútandi mildilegustu undirtektir yðar hátignar í þ. árs auglýsingu, gjörði þessleidis ftrekaðar bænir nú þegar ótimabærar og óparfar; og að þar af leiddi þá einnig, að ekki þyrfti að svo stöddu, að kveða fast á um kostnaðinn, eða benda á nokkurn tiltekinn sjóð, er ætti að bera

Þenna kostnað til bráðabyrgða, án þess neinn þingmanna hreifði efa um það, að landið ætti sjálft að standast allan kostnað af innlendri lagakennslu, þegar það hefði fengið fjár síns forræði, heldur áleit þingið að eins, að ónauðsynlegt væri að svo stöddu, að binda hendur sínar fyrir fram, með því að ákveða nú nokkuð um það, á hvern hátt kostnaðinn skyldi gjalda á sínum tíma, eður vísa stjórninni á nokkurn lánssjóð eða fæ til bráðabyrgða, nema hvað sumir álitu, að hún hefði nóga heimild til fyrst um sinn að gjalda þóknunina fyrir þá bráðabyrgðarkennslu, sem hér ræðir um, af þeim 4,000 rd. sem ætlaðir eru á ári hverju til óvissra útgjalda fyrir Ísland. Þingið áleit því, að það ætti að svo stöddu alveg að fela stjórninni þetta atriði á hendur, og að eins halda sèr við þá stefnu, sem alþingi í bænarskrá sinni til yðar hátignar hefði samhuga fallizt á árið 1861, og fela stjórn yðar hátignar og yðar konunglegri speki að afráða hvað best og réttast væri í því efni.

Eptir framansögðu leyfir alþingi sèr (með 21 atkvæði gegn 2) að bera þá bæn fram fyrir yðar konunglegu hátign:

1. (með 21 atkvæði):

Að kennsluskóla þeim handa lögfræðinga-efnum, sem konungur hefir mildilegast yfirlýst í auglýsingu sinni 8. júní 1863, að sè ósk sín að stofnaður verði á Íslandi, verði komið á fót svo fljótt sem auðið er.

2. (með 20 atkvæðum):

Að dómendum í yfirdóminum á Íslandi verði til bráðabyrgðar og þegar á komandi vetri ef mögulegt er, veittur myndugleiki og hæfilegur fjárstyrkur til þess að byrja kennslu í lögfræði.

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. P. Melsteð.

Bænarskrá

til konungs í málinu um breyting á jarðamatinu á prestsmötu-jörðum (sbr. 327. bls.).

Þinginu barst bænarskrá frá nokkrum þingeyingum þess efnis, að annaðhvort yrði hinn nýi jarðadýrleiki lækkaður á þeim jörðum, sem prestmata greiðist af, eður að sá hluti í bændakirkjujörðum,

sem prestsmötunni nemur, yrði undan þeginn tíundargjaldi og öðrum álögum. Sömuleiðis kom fram alþingismaður Suður-Þíngeyinga með þá uppástungu, að lagt yrði sérstakt mat á kirkju-eignina í þeim jörðum, sem bændakirkjur standa á, svo að þær eignir gætu orðið aðnjótandi sama tíundarfrelsis, sem aðrar kirkju-eygnir hér á landi hafa.

Með því málefni þessi voru líks eðlis kaus þingið 5 manna nefnd til að íhuga þau bæði í sameiningu og ræddi þau síðan á fundum sínum á lögboðinn hátt, og skal það nú þegnsamlega leyfa sér að segja frá álitinu sínu um þau:

1. Að því er bænarskrá Þíngeyinga snertir, þá ber þess að geta, að af flestöllum bændakirkju-eignum hér á landi er sóknarpresti goldið víst kaup, er venjulegast nefnist prestsmata, og er hún optast hálfar leigur af málntytu kúgildum þeim, er kirkjan á. Lík ískylda til prests eður kirkju á sér og stað á einstöku öðrum jörðum, þó eigi sé þar nú bændakirkja, og er ískylda sú optast eptirleifar af gamallri prestsmötu, þar kirkja eður bænhús í fyrndinni hafa staðið þar, en sem nú eru liðin undir lok. — Við hið nýja jarðamat er nú prestsmatan og áminnstar ískyldur eður tollar tekin til greina á sama hátt og tekjur þær, er landsdrottinn hefir af þessum jörðum og var því dýrleiki sá, er þær hefðu átt að hafa í sam-anburði við aðrar jarðir eður eptir afgjaldi því til landsdrottins, er þær sannarlega gætu byggzt með, hækkaður í sama hlutfalli sem gjöldin af þeim hækkuðu við það, þegar prestsmötunni eður áminnstum kvöðum var bætt við þau. Það er nú auðsætt, að aukning sú, sem þessar jarðir hafa fengið í dýrleika sínum, af því prestsmata eður áminnstir tollar lúkast af þeim, hlýtur að vera landsdrottinn sem ekkert gott hefir af þessum kvöðum með öllu óviðkomandi, og getur hann því eigi verið skyldur til að svara tollum af þeim viðauka í dýrleikanum á jörðum þessum, sem þannig er undirkominn og rót sína hefir frá tómum kvöðum, er á þeim liggja, heldur hlýtur sá, að svara þeim tollum, er kvaðanna nýtur. Þegar nú landsdrottinn borgar einhvern toll, sem lagður er á áminnstar jarðir hans, getur hann að vísu haldið eptir af prestsmötunni svo miklu sem þeim hluta af tolli þessum nemur, sem presturinn ætti að greiða eptir réttu hlutfalli við þann hluta af jarðarafgjaldinu, sem hann fær; en með því slíkur útreikningur þó getur valdið miskliðar millum prestsins og jarðeigandans, virðist langtum betra að ákveða með fastri reglu, hve mörg hundruð í jarðadýrleikanum skuli taka

frá fyrir prestsmötuna og aðrar líkar ískyldur, og gat þingið eigi fundið aðnan hentugri mælikvarða, en að 1 hndr. í jarðadýrleikanum og 10 al. prestsmötunnar eður ískyldunnar væri látið mælast, og mundu allir hlutaðeigendur bezt gjöra sig ánægða með það.

2. Að því er hitt atriðið snertir, að ítök og eignir bændakirkna verði með nýju mati skilin frá kaupahlutanum í eignum þessum, þá virðist þetta og með öllu víða nauðsynlegt. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að rekar og önnur hlunnindi kirkna engan dýrleika höfðu í fyrndinni, og því ekkert hundradatal, var og engin ástæða til að leggja slík hlunnindi í hundruð, þar eð engin tíund var goldin af þeim, sem öðru, er kirkjur áttu; þessi hlunnindi hafa og einlægt verið tíundarfrí og aldrei verið lögð í hundruð, en við hið nýja jarðamat eru þau matin í sameiningu með heimalandi kirkjustaðanna, án þess séð verði af jarðabókinni, hve mikill hluti þau sè af dýrleika þeim, sem settur er á eignina alla; með því nú við hina nýju jarðabók engin breyting er gjörð á tíundarskyldunni, er með öllu nauðsynlegt að aðgreina dýrleika á hlunnindum þessum, þar sem bændakirkjur eiga þau, frá dýrleikanum á heimalandi bændakirknanna, er tíund optast borgast af meiri eður minni, svo hlutaðeigandi tíundatakendur viti, af hverju þeir eiga að heimta tíund, og jarðeigendurnir, af hverju þeir eigi að lúka hana.

Til þess nú að koma þessu máli í rétt horf og til að fyrirbyggja það, að bændakirkju-eigendur eður hlutaðeigandi tíundatakendur sè aflaga bornir, virðist eptir hinu framansagða nauðsynlegt, að þegar svo á stendur, að bændakirkju-eigendur eður tíundatakendur æskja þess, að skýrt sè ákveðið hve mikill hluti úr allri jörðunni kirkju-eignin er, þá skuli amtmaður bjóða hlutaðeigandi sýslumanni, að leggja sèrstakt mat á tæðar eignir ásamt tveimur valinkunnum mönnum, þeim er vel þekkja til, og sèu útnefndir af sýslumanni í hvert skipti, sem slíkt mál á að fara fram, og ætlar þingið að þessi aðferð sè svo skiljanleg, óbrotin og einföld, og undir eins svo tryggjandi fyrir hlutaðeigendur, að eigi þurfi útskýringar við.

Samkvæmt þessu leyfir þingið sèr þegnsamlega að beiðast þess (með 14 atkvæðum gegn 3), að yðar konunglega hátígn allramildilegast mætti þóknast að skipa svo fyrir:

1. Að í jörðum þeim, sem prestsmata eður önnur þess kyns ískylda hvílir á, verði sá hlutinn, sem prestsmötunni eður þvílíkri ískyldu nemur, aðgreindur með sèrstöku hundraða-

- tali þannig, að hvert 10 álna virði kvaðar þessarar, gjöri 1 hndr., svo að þessi hundruð geti orðið aðnjótandi þess tíundarfrelsis, sem kirkju-eignum ber að lögum (samb. með 11 atkv. gegn 5).
2. Að amtmönnum verði veitt vald til að bjóða sýslumönnum að leggja sérstakt mat á eignir og ítök bændakirkna þegar nauðsyn ber til og eigendur eður tíundatakendur krefjast, að kirkju-eignin sé aðskilin frá bændaeigninni með sérstöku hundradatali (samb. með 14 atkv. gegn 3).
3. Að í hvert skipti, sem sérstakt mat á bændakirkju-eignum eptir 1. gr. á að fram fara, þá séu sýslumenn skyldir til að kveðja sér til aðstoðar og fulltingis tvo valinkunna menn, sem nákunnugir séu eignum þeim, sem matið á að leggjast á (samb. með 15. atkv.).

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

Halldór Jónsson. Benidikt Sveinsson.

Bænarskrá

til konungs í málinu um gjafabréf Kelsalls (sbr. 225. bls.).

Þingmaðurinn úr Vestur-Skaptafellssýslu bar upp fyrir þessu alþingi uppstungu í þá stefnu, að tafarlaust yrði fullnægt gjafabréfi Englendingins Charles Kelsalls dags. 15. ágúst 1853, þannig, að þeirri gjöf hans verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafabréfsins.

Alþingi tók uppástungu þessa til meðferðar og kaus 3. manna nefnd í málið, var það síðan rætt á tveim aðalfundum og leyfir þingið sér þegnsamlegast að skýra frá álitinu og tillögum á þessa leið:

Eptir því sem skýrt er frá í bréfi kirkju- og kennslustjórnarinnar til stipsýfirvaldanna á Íslandi 9. maí 1859 gjörði göfugur maður á Bretlandi, Charles Kelsall að nafni, þá skipun og testamentum um eigur sínar eptir sinn dag, að af þeim skyldi verja 1000 pundum sterling, í nafngreindum skuldabréfum, til þess að byggja fyrir bókhölduhús handa lærða skólanum í Reykjavík, og skyldi séð um, að það yrði gjört tafarlaust. Eptir að það var komið í kring fyrir yfirdómstólunum á Englandi, að sú vefenging, er

erfingjar Kelsalls hreifðu gegn gildi eða lögmæti þessarar gjafar hans, yrði ekki tekin til greina, heldur skyldi gjöfn standa óröskuð, þá var skuldabréfunum, sem gjafabréfið til tekur, komið í peninga, að tilhlutun hins danska sendiherra í Lundúnaborg, og hafðist þá npp úr þeim 838 pund sterling 1—1, en í dönskum peningum 7,350 rd. 42 sk.

Þingið varð nú að komast til þeirrar niðurstöðu, að gjöf þessari eigi að verja og hefði átt að vera búið að verja henni beint eptir skýlausum fyrirmælum gjafarans, þ. e. til þess að koma upp bókhlóðuhúsi handa hinum lærða skóla í Reykjavík, og til einskis annars, og sömuleiðis, að þetta eigi að gjöra undandrátarlaust, eins og í gjafabréfinu er áskilið. Og verður þingið að leyfa sér að halda þessari skoðun því fastar fram, þar sem ekki er annað sýnna, en að kirkju- og kennslustjórnin hafi sjálf aðhyllzt hana frá upphafi, eptir því sem er að ráða af bréfum sama stjórnarráðs 9. maí og 17. október 1859, og einmitt haft hana fyrir mark og mið: »Að fenu yrði varið samkvæmt tilgangi gjafarans«, og að það væri gjört sem fyrst.

En frá þessari skoðun virðist kirkju- og kennslustjórnin hafa horfið, og kemur það ljóslega fram í bréfi hennar 9. júlí 1861, enda hefir engi ráðstöfun verið gjörð síðan til þess að fullnægja gjafabréfi Kelsalls; og er þetta aðaltilefnið til þess að hreift var málinu nú á alþingi. Því það er ljóst af þessu stjórnarbréfi, að hún hefir beinlínis afráðið að *fresta* framkvæmdinni á fyrirmælum Kelsalls í gjafabréfi hans, »þangað til fè það, er hann gaf, sè orðið svo mikið, að óhult sè um, að það sè nóg til þess sem það er ætlað til«. Þess vegna finnst þinginu nauðsyn til bera að leyfa sér þegnsamlegast að fara nokkrum orðum um þær ástæður er stjórnarráðið byggir á þenna úrskurð sinn um frestun málsins.

Fyrst er byggt á því, að gjafafé Kelsalls, eins og það er nú, sè ónóg til þess að farið verði að byggja bókhlóðuhúsið nú þegar, »af því það mundi nálega allt ganga til þess að koma upp húsinu, en ef svo væri, þá yrði ekkert eptir í ýms nauðsynleg gjöld, t. a. m. laun handa bókaaverði, í brunabótagjald, til eldsneytis, lýsingar m. m. Þinginu getur nú eigi betur skilzt sjálft gjafabréfið Kelsalls, en að þar sè með þerum orðum ánófnuð og gefin ákveðin fjárupphæð einungis til þess að byggja skuli bókhlóðuhús handa lærða skólanum í Reykjavík, en ekki til neins annars eða með neinum öðrum skildaga, og að þess vegna liggi þessi auka-útgjöld, sem

ráðherrabréfið telur, fyrir utan orð gjafabréfsins og tilgang testators, því þessi útgjöld koma í raun rætti ekki bókhlöðubyggingunni neitt við, heldur geta þau að eins miðað til umsjónar, viðhalds og reglu bókasafnsins sjálfs, þegar búið væri að koma upp því húsi, er gæti orðið bókasafninu rúmgóður, snotur og umfram allt áreiðanlegur geymslustaður. Þar að auki álitur þingið, að það sé ekki efunarmál að þegar svo langt væri komið, þá mundi stjórnin sízt láta það verða til fyrirstöðu, að 150—200 rd. fengist veittir árlega til þess að standast tæð auka-útgjöld, annaðhvort sérstaklega eða þá af því ríkulega fæ sem er árlega veitt til bókasafnsins sjálfs, að því leyti sem ekki hin bókasöfnin, þ. e. stíptsbókasafnið og bókasafn prestaskólans gæti jafnframt fengið rúm í hinu nýja bókhlöðuhúsi, eins og stjórnin í bréfinu 17. október 1859 féllst á, að minnsta kosti fyrst um sinn, og gæti þá, á meðan svo stæði, staðizt þenna árlega umsjónar og viðhalds kostnað að þeirra leyti og eptir rætti tiltölu.

Önnur ástæðan í stjórnarbréfinu 9. júlí 1861, fyrir frestun bókhlöðubyggingarinnar er sú, »að nú sem stendur og fyrst um sinn sé ekki nauðsyn á sérstöku bókhlöðuhúsi handa lærða skólanum, með því til sé rúmgott húsnæði í skólahúsinu sjálfu til að geyma í bókasafn skólans«. En þingið leyfir sér að athuga hér við, að þessi geymslustaður er engan veginn rúmbetri nú heldur en hann var bæði þá er Charles Kelsall gaf fæð til nýrrar bókhlöðubyggingar eða þegar stjórnarráðið sjálft 1859 vildi láta byggja húsið »samkvæmt tilgangi gjafarans«, það er að skilja undandráttarlaust. En þar að auki verður þessi geymslustaður ekki að eins eptir því ónógari sem bókasafnið vex ár frá ári, heldur verður einkanlega að taka til greina um geymslustað merkilegs og yfirgrípsmikils bókasafns, þetta, að hann sé sem óhultastur í öllu tilliti, svo að því sé sem allraminnst hætta búin af eldsvoða eða jafnframt af skemmdum í öðru tilliti t. d. af lekum. Nú er það kunnugt, að skólahúsið hér í Reykjavík er slábyggt hús úr einu saman timbri, með þaki og öllum þiljum að utan úr margbikuðum borðum. Eldflammi bygging er því ekki til heldur en þetta skólahús vort er, og það svo, að læstist eldur í það að nokkru ráði, þá mundi það verða ofurselt bálinu allt saman með öllum dauðum munum sem í því væri og alls engu verða undan bjargað. En að visu má því miður ráðgjöra að svo geti að borið, ef illa vildi til, því fremur sem þar eru ofna-eldar, eldstóa-eldar, og mesti ljósa-

gangur, um alla 9 mánuðina ársins, víðs vegar um allt húsið, og meira en í nokkru öðru húsi hér í bænum. Það er því auðsætt, að hér er síður en ekki að ræða um óhultan stað fyrir merkilegt bókasafn, en þetta verður þó að álíta atriðiskostinn hinn fremsta sem hver geymslustaður bókasafns hlýtur að hafa. Þar að auki má þess geta um skólahúsið yfir höfuð, eins og það er nú, að ekki er það nærri lekalaust sumstaðar, en af því getur bókasafn beðið óbætanlegar skemmdir.

Hin þriðja ástæða sem í stjórnarbréfinu hefir þótt takandi til greina fyrir frestun bókhlöðubyggingarinnar, er sú, að því hafi jafnframt verið hreift hæðan af landi, hvort ekki mundi tiltækilegt að byggja hús handa prestaskólanum í sameiningu og sambandi með þessu bókhlöðuhúsi, en stjórnarráðinu »þykir ekki tími til kominn að gjöra út um þetta» nú sem stendur, heldur afræður það, »að nema fyrst um sinn staðar við svo búið» og er þannig bókhlöðubyggingu Kelsalls slegið á frest, »þangað til óhult sè um, að fèð sè nóg og þá verði kominn tími til að skera úr því, hvort ástæða sè til að byggja hús handa prestaskólanum». Kirkju- og kennslustjórnin virðist því nú vilja láta úrlausnina um það, hvort fullnægja eigi testamenti Kelsalls beint eptir orða þess hljóðun og tilgangi gjafarans, vera með fram komna undir því, hvort ástæða verði til að byggja nýtt hús frá stofni handa prestaskólanum hvenær sem það kunni að verða afráðið. En þingið fær ekki sèð að svo þvert megi víkja frá testamenti og síðasta vilja dæins manns af slíkum ástæðum.

Hin eina spurning er gæti og ætti að koma til greina í þessu tilliti, er því að þingsins álitu sú, hvort gjöf Kelsalls, eins og henni er nú komið í dönskum peningum, verði álitin næg til þess, að traustu og snotru bókhlöðuhúsi verði komið upp, er megi verða full-óhultur geymslustaður og með nægu rúmi handa bókasafni hins lærða skóla. En úr þessari spurningu hefir kirkju- og kennslustjórnin reyndar sjálf leyst í bréfinu 9. júlí 1861, og lýst því beinlínis yfir, að gjöf Kelsalls væri nægileg til þessa, því þar segir, »að fèð mundi *nálega allt* ganga til byggingarinnar«, eða með öðrum orðum, að ekki muni ef til vill þurfa allan Kelsalls-sjóðinn til þess að koma upp byggingunni. Þingið verður einnig að vera fulltrúa um, að fullstóru húsi og fullrúmgóðu, traustu og vel byggðu úr höggnu grjóti því sem hér er nægð af umhverfis Reykjavík, megi hæglega koma hér upp fyrir þenna sjóð, einkum eins og

hann verður orðinn aukinn með vöxtunum árið 1864, því þá mun hann geta verið búinn að ná nálægt 8,600 rd. upphæð að minnsta kosti.

Og þar sem þingið verður að álíta að þannig megi koma upp stærra og miklu rúmmeira húsi heldur en bókasafn lærða skólans þurfi á að halda um mörg komandi ár, þá telur þingið bæði vafa-laust og enda nauðsynlegt, að bæði stiðtsbókasafnið og bókasafn prestaskólans fengi geymslustað í þessari sömu byggingu, að minnsta kosti fyrst um sinn, á meðan það kæmi ekki að neinu leyti í bága við bókasafn lærða skólans og tilgang gjafarans, eins og stiðtsýfirvöldin líka stungu upp á 1859, og kirkju- og kennslu-stjórnin samþykkti í bréfi 17. oktr. s. á.

Að endingu verður þingið allraþegnsamlegast að leyfa sér að taka fram, að auk þess sem sú frestun á þessu málefni er stjórnin hefir afráðið, á við ónóg rök að styðjast, hvort heldur lítið er til orða og skilyrða gjafabréfsins og hins yfirlýsta tilgangs testators, eða til þess, að bókasafn hins lærða skóla má nú telja í veði fyrir eyðileggingu af eldsvoða og skemmdum af húsleka, þá virðist líka sú aðferð, sem stjórnin hefir hér afráðið, vera næsta viðsjál andspænis Englandi, þaðan gjöfin er sprottin og öðrum útlöndum, og ekki heldur áhættulaus með öllu, með því það gæti þó vel farið svo, að erfingjar Kelsalls, er áður hafa vefengt þessa gjöf hans, og látið það reka fyrir lög og dóm, tæki sig nú upp aptur og færi því fram, að þessi aðferð stjórnarinnar, að taka gjafafæð undir sig til geymslu en fresta framkvæmd gjafabréfsins um alveg óákveðinn tíma, þvert á móti skilyrðum þess og í öllum öðrum tilgangi en þeim, sem með nokkru móti verður út af því leiddur, sè heimildarlaus, og heimti þeir svo gjöfina framselda sér sem arf sinn og rétta eign.

Samkvæmt þessari útlistun leyfir þingið sér allraþegnsamlegast (í einu hljóði) að afráða þessa bænarskrá og biðja:

Að yðar konungleg hátign mildilegast skipi svo fyrir, að tafarlaust verði fullnægt gjafabréfi Charles Kelsalls 15. ágúst 1853, þannig, að gjöfinni verði varið sem fyrst beint eptir orðum og skilyrðum gjafabréfsins, til þess að byggja bókhlöðuhús úr höggnum steini og svo óhult fyrir eldsvoða

sem unnt er, handa lærða skólanum í Reykjavík. (Samþykkt í einu hljóði).

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. Jón Guðmundsson.

Bænarskrá.

til konungs í málinu um fiskiveiðar útlendra (sbr. 299. bls.).

Til alþingis komu enn sem fyrr nokkrar bænarskrár úr ýmsum hærðum landsins viðvíkjandi fiskiveiðum útlendra manna, einkum Frakka, hér við land. Stjórn yðar hátignar hefir og í þetta sinn sent þinginu greinilegri skýrslu en áður um skoðun sína á málinu, og höfðu menn því að því leyti fleira sèr til aðstoðar en hingað til, þegar mál þetta hefir komið fyrir hér á þingi. Alþingi tók því málið til löglegrar meðferðar og setti í það 7 manna nefnd, var það síðan rætt á tveimur aðalfundum á lögskipaðan hátt, og skal nú þingið allraþegnsamlegast skýra yðar hátign frá, að hverri niðurstöðu það komst.

Bænarskrár þær, sem að þessu sinni hafa komið til þingsins, eru alls fjórar: Ein úr Barðastrandarsýslu, með 115 nöfnum, ein frá Kollabúðarfundinum, ein frá Snæfellingum með 21 nafni, en samþykkt á almennum fundi á Þórsnesi, og ein síðast úr Rosmhvalaneshreppi í Gullbringusýslu, með 43 nöfnum. Aðalefnið í öllum þessum bænarskrám er að lýsa yfirgangi frakkneskra fiskimanna á miðum vorum, og er þetta einkum tekið greinilega fram í bænarskránum úr Barðastrandar- og Snæfellsnessýslum. Í hinni fyrrnefndu, sem dagsett er 4. júní þ. á. í Rauðasandshreppi, segir svo: »Að fráskildu Ísafjarðardjúpi, Arnarfirði og kringum Snæfellsjökul er aðdráttatíminn af sjónum ekki teljandi í fjórðungi þessum, nema frá byrjun maímánaðar til miðs júní, eður þegar bezt lætur fram til júlí, og eru þá flestir sjómenn farnir burt til heimila sinna; þær beztu fiskigöngur koma árlega einkum kringum Látrabjarg og það norður fyrir Dýrafjörð frá miðjum apríl til og fram í júní. Fyrir 12 árum gáfust jafnaðarlega 3—4 hundraða hlutir (tólfrað) og í góðum árum 5 til 6 hundraða á 10 vikna vertíð, nú þar á móti 1—2 hundraða og stundum minna yfir sömu tíð. Hversu vel sem sýnist líta út með fiskigöngur, t. a. m. í apríl og maí, hverfa

þær svo að aleyða verður af fiski; þá er líka illt til sjósóknar, einkum kringum Látrahjarg og fyrir vikum og fjörðum norður að Skaga, meðan fiskur er ei genginn nær landi og sækja verður yfir þá stríðu strauuma, sem liggja þar fyrir flestum útnesjum. Í ár leit út fyrir, að fiskur gengi undir landið í betra lagi, sóttu því allir eptir sem við komust út að sjó, og margir úr fjarlægum sveitum, í von um að fá nokkurn forða af sjóarafla; en þessi von sýnist muni verða til lítils, því fiskur fækkar á miðum hvert sem leitað er, svo margir fá ei til matar þegar á land er komið. Orsökina til þess hnignandi fiskiafla er, eptir sem reynslan sýnir, yfirgangur Frakka á sinum stóru og fjölmennu fiskiskútum, sem koma hingað á sætrur landsmanna tíðast með byrjun maí og halda hér til stöðugt að lokum júlímánaðar og sumar lengur. Skútur þessar eru einkum í maí, sem allraskaðlegast er, opt að tölu 40—60 á 3—4 vikna svæði nótt og dag norður og vestur jafnaðarlega frá $\frac{1}{4}$ viku til 2 vikna undan landi; nokkrar skútur fara svo langt inn á vikurnar, að menn af landi sjá þegar Frakkar draga og taka inn fiskinn, líka sigla þeir á kippi eptir og í kringum íslenzku bátana, grunnganga svo öll fiskimið innlendra djúpt og grunnt, sigla með slor og ræksni á djúpið, og gjöra þar af niðurburð handa sjálfum sér«.

Í bænarskránni úr Snæfellsnessýslu, sem dagsett er að Lóni 20. maí þ. á., er það sagt, að yfirgangur hinna frakknesku skipa fari árlega vaxandi, og að þau hafi nú í vor venju framar sótt afla sinn á vertíðarmið landsmanna, sem ekki séu yfir eina milu vegar undan landi, og er því bætt við, að það taki ei að eins björg og blessun frá landsmönnum, heldur eyðileggi þau einnig áhöld og veiðarfæri, og hafi því auðsjáanlega eyðileggingu hins helzta hjargræðisvegar þar um sveitir í för með sér. »Fiskiskip þessi«, segir þar, »koma vanalega hér í apríl eða í byrjun maímánaðar, og hafa þá fyrir reglu að sigla upp á vor gryninstu vorfiskimið, láta síðan með smáseglum reka yfir allar okkar fiskistöðvar og út í bugt; leitar þá fiskurinn, sem er leiðitámur í eðli sínu, eptir færaglætunni af þessum mörgu skipum og eltir slæginguna úr fiskinum til djúpsins. Er svo skipastóll þessi eins og hlaðinn veggur innan úr bugt og út í haf, eða frá Krossamiðum og vestur fyrir Öndverðarnes, svo hundruðum skiptir«. Og enn síðar í bænaskránni segir: »varnar þessi eyðileggingargarður allri blessun úr sjó til lands, ekki að tala um, að fiskurinn, vegna þess mikla skipa og færastjöldra, aldrei hefir

næði, og stendur því ekkert við, en leitar til djúpsins, í staðinn fyrir, að hann áður vanalega lagðist á vorvertiðarmið okkar og smádrógst upp að landi, er áður hefir verið okkar drýgsta og affarabezta fiskirí». En þessi eru áyktarorð bænarskráarinnar um þær hinar háskalegu afleiðingar, er þetta ástand verður að hafa í för með sér fyrir land og lýð. »Fari þessu fram, er auðsjáanlegt, að hlín árlega vaxandi yfirgangur þessara útlendu fiskiskipa muni *eyðileggja með öllu* þenna bjargræðisveg okkar, og það því heldur sem nú eru engar varnir móti þessum útlendu vörgum, og er það sannarlega bryggilegt, að horfa á hinn eina bjargræðisveg sjáfarplássanna hljóta að eyðileggjast af yfirgangi útlendra þjóða, og það nú þegar hungur og hallæri þrýstir mönnum til að neyta allrar atorku og krapta til að geta framfleytt lífi sínu og sinna».

Bænaskrá þessari fylgja þess utan vitnisburðir frá helztu mönnum í 6 verstöðvum undir Jökli, frá Stapa, Hellnum, Malarriði, Beruvík, Öndverðarnesi og Búðum, og ber þeim öllum saman um það að tala hinna útlendu fiskiskipa hafi í allt vor verið að jöfnuði þetta 30—60 skátur á innstu grunnmiðum, og það stundum svo grunnt, að frá Öndverðarnesi mátti jafnvel lesa töluna nr. 10 á einu þeirra úr landi. Ber þessu og alveg saman við það, sem segir í bænarskránni úr Rosmhvalanesshreppi í Gullbringusýslu, er dagsett er 26. júní, því þar er þess einnig getið, að hinir útlendu fiskimenn hafi bæði í fyrra og einkum í ár haldið sér á grunnmiðum vorum fremur en áður til fiskiveiða. »Er til þessa þegjandi vottur, segir þar, þær 3 frönsku fiskiduggur, er sigldu sig í strandrek upp á innsker hér syðra seinni hluta næstliðinnar vetrarvertiðar í allgóðu veðri, og þau skip, er leituðu á fiski djúpbörða við danskt kaupfar, er lá fyrir akkerum á Keflavíkurhöfn».

Það má nú virðast auðsætt af því, sem talið hefir verið í þessum bænaskrá, að það er ei að ófyrirsynju þó landsmenn kvarti sáran yfir yfirgangi þeim, sem þeir verða að þola af útlendum mönnum á innstu fiskimiðum sínum, enda gat alþingi ei heldur leitt hjá sér að bera sig enn einu sinni upp fyrir yðar hátign um þau vandræði, sem hér horfir til fyrir land og lýð, ef engin bót verður á ráðin. Það er að vísu satt, að það er nú í þriðja sinn, að mál þetta hefir verið rætt á þingi hér af hendi landsmanna; en áður hafði það tvisvar verið borið fyrir þingið, fyrst beinlínis eptir ósk hins frakkneska herskipaforingja hér við land, en síðan sem álitismál frá stjórn yðar hátignar, og þó hefir enn enginn árangur

fengizt. Það var því ei mjög árennilegt í sjálfu sér að fara nú enn einu sinni að taka mál þetta til meðferðar, en þingið áleit sér þó skylt að bera að minnsta kosti umkvartanir landsmanna fram fyrir yðar hátign, og því þótti það einnig því fremur nauðsynlegt, að hreifa málinu enn, þar sem sannanir hafa nú einnig nýlega komið fram fyrir því úr annari átt, að það er á fullum rökum byggt, sem í bænaskránum segir, að yfirgangur Frakka á fiskimiðum vorum fari vaxandi ár frá ári, því það hefir komið fram í alveg óyggjandi skýrslum í útlendum blöðum, að fiskiskipafloti Frakka hér við land er nú að minnsta kosti allt að 300 skútur, að tölu, þar sem hann þó fyrir nokkrum árum var ei stærri enn rúmlega 100 skipa. En einkum fann þingið sér skylt, að hafa svo mikið tillit til upplýsinga þeirra, sem stjórn yðar hátignar í þetta sinn fremur en áður hefir látið því í tæ um skoðun sína á málinu, að það reyndi nú enn til að benda á einhver þau atriði, sem veruleg bót kynni að geta fengizt af, án þess að því væri þó haldið fastlega fram, sem stjórnin að svo stöddu álítur sér ógjörandi að fara fram á.

Því verður að sönnu ekki neitað að upplýsingar þessar virðast sumstaðar að vera nokkuð óákveðnar í skýrslu þeirri, sem fulltrúi yðar hátignar las upp af hendi stjórnarinnar á þingi hér 7. júlí, samkvæmt fyrirheitum í hinni konunglegu auglýsingu til alþingis þetta ár, og sem svar upp á tillögur þingsins um hið sama mál í hitt eð fyrra. En þingið hafði nú að svo stöddu ekkert annað að halda sér við, og það aðalatriði, sem mest um varðar og allt verður að byggja á, sem síðar þarf að gjöra, kemur og að öllu samtöldu svo ljóslega fram í skjali þessu, að meining stjórnarinnar getur alls ekki verið efasöm. En þetta aðalatriði er það, að stjórnin játar nú beinlínis, að hún álíti sig hvorki hafa rétt nè vald til að framfylgja nokkrum öðrum lögum viðvikjandi fiskiveiðum hér við land eða yfirráðum yfir sjónum í kringum það, en þeim, sem samkvæm sæu nú gildandi almennum þjóðarrétti, og tekur það því fullkomlega fram, að hún álíti nú ei nokkur önnur dönsk lagaboð gildandi með tilliti til fiskiveiðanna hér við land en fyrirskipunina í verzlunartilskipuninni frá 1787. Orðin í skýrslu fulltrúa yðar hátignar hljóða þannig: »Það gildandi lagaboð í þessu efni er því, eptir því sem virðast má, sú í tilskipun frá 13. júní 1787 § 2. og 4. gefna ákvörðun, og samkvæmt henni er, eins og þegar er búið að taka fram, útlendum bannað að fiska á Íslandi í fjörðum, bugtum og höfnum, og líka undir landi; en þar eð fjarlægðin frá landi ekki

nákvæmar er tekin fram eða ákveðin, hlýtur takmark þetta, *þar sem samninga skortir*, að því er virðist, að ákveðast samkvæmt þeim grundvallarreglum, sem almennt eru viðurkenndar í þjóðarættinum, á þann hátt sem segir í allrahæstum úrskurði frá 22. febr. 1812, nefnilega til *einnar* venjulegrar mílufjarlægðar frá yztu ey eða hólma við land, sem ekki fellur sjór yfir. Þetta er svo augljóst sem verða má, og hið einasta sem enn er efasamt, eins og síðar segir þrávalt í skýrslunni, er það, hvað skilja eigi við orðið »bugt«, og er þó helzt gjört ráð fyrir, að bannið að fara inn á firði o. s. frv. geti með engu móti náð yfir mjög breiða firði eða vikur, eins og t. a. m. Faxaflóa, þar sem svo segir: »Þegar þess er gætt, að t. a. m. Faxabugtin suðvestan á Íslandi er hér um bil 13 mílur á breidd, og hér um bil 7 mílur á lengd, virðist það auðsætt, að bannið gegn því að fara inn á firði o. s. frv., ekki sé heinlínis afleiðing af banninu gegn því að fiska nær landi en í einnar mílu fjarlægð frá ströndinni, eða yzta hólma, sem ekki gengur sjór yfir, þar eð menn geta hæglega legið langt inn í ofan nefndri bugt og þó verið meir en í einnar mílu fjarlægð frá landi«.

Það er nú auðsætt af þessum upplýsingum frá stjórn yðar há-tignar, að hún getur alls ekki eptir skoðun sinni skipað neinum þeim herskipaforingja, sem sendur kann að verða hingað til lands, að verja fiskimið vor á þann hátt, sem landsmenn óska og líka með fullkomnum rétti álíta að einn mundi nægja. Hún hefir aldrei enn og mun því síður framvegis, meðan fyrirkomulagið allt er hið sama sem hingað til, skipa herskipaforingjum hér við land að varna útlendum fiskimönnum að fiska hér undir landi í ekki fullrar mílu fjarska frá ströndinni, og hún hefir aldrei enn, og mun eigi heldur framvegis gjöra það, skipa herskipaforingjum þessum að banna útlendum fiskimönnum að fara inn á Faxaflóa eða Breiðafjörð o. s. frv. og liggja þar til fiskjar í ekki einnar mílu fjarska frá yztu annesjum innfirðis, af því hún þykist eigi að svo stöddu geta neitað því, að útlendar þjóðir hafi rétt til að skoða þessa flóa og aðra nógu breiða firði eins og opið haf, sem að eins sé rétt að beita almennum þjóðaréttar reglum við, meðan eigi sé öðruvísi ákveðið í sérstökum samningi. En sé nú svo, þá er það og auðsætt, að lega hins danska herskips hér við land er oss til mjög svo lítils gagns í þessu tilliti, án þess menn þó á nokkurn hátt hafi rétt til að kenna þetta foringjunum eða mönnum hans, því hann getur alls ekki gjört meira en stjórnin hefir falið honum á

hendur. En hitt er víst að tryggingin fyrir verulegri vörn á fiskimiðum vorum er alls engin eptir þessari tilhögun einni, og menn draga sig því að eins sjálfir á talar, ef menn ímynda sér slíkt; og þó slík ímyndun víst of lengi hafi vakað fyrir landsmönnum eins og hinar fyrrnefndu bænaraskrár þeirra um þetta mál í ár einnig bera með sér, þar sem þær allar fara jafnt í þá stefnu, að alþingi eigi enn að biðja yðar hátign um næga herskipavörn á móti hinum útlendu fiskimönnum, þá er auðvitað, að þeir munu framvegis verða að hætta allri von um slíkt, þar sem stjórnin hefir nú loks látið menn vita með berum orðum, hve lítið hún getur aðgjört á þann hátt. Alþingi sér því enga ástæðu til þess að fara nú frekar út í þetta atriði, því það getur eigi annað en viðurkennt, að hér þarf annara ráða við en einfaldrar óskar landsmanna eða skipunar frá konungi, að reka hina útlendu fiskimenn á burt af miðum vorum, og það efast eigi heldur um, að yðar hátign muni hvort sem heldur er samkvæmt áður gefnu fyrirheiti senda skip hingað til varnar árlega, að svo miklu leyti sem það er stjórninni mögulegt og heimilt.

En þó nú því sé útséð um það, eptir upplýsingum stjórnarinnar, að dönsk herskip hér við land geti orðið oss til nokkurra verulegra nota, hvað fiskimiðin eða fiskhelgi undir landinu yfirhöfuð snertir, meðan engin undantekning er, fengin frá hinum almenna þjóðarétti, þá er þetta þó eigi svo að skilja, sem slíkt eptirlit af stjórnarinnar hendi geti eigi verið oss til gagns á annan hátt. Hér er og annars að gæta, þar sem yðar hátign bæði hefir fullan rétt og eins líka vald til þess að verja oss fyrir yfirgangi útlendramanna, hverjir sem svo eru, en það er, þegar þeir gjöra óskunda sem stundum ber við á landi eður í varpeyjum og útskerjum, er liggja undir landið.

Þingið leyfir sér því fremur að taka þetta atriði fram hér, sem til þess kom einnig kára frá prestinum í Lóni í Skaptafellssýslu yfir ráni í varpeyjunni Vigur, er liggur undir Stafafell, og var svo að sjá sem það væri alls ei efasamt, að þetta rán mundi einnig hafa orðið af völdum útlendra fiskimanna. Að visu varð nú þingið að viðurkenna, að mál þetta væri þess eðlis, að það gæti að eins vísað kæranda rétta leið til stiptyfirvaldanna, en því þótti þó tilhlýðilegt, hvað ránsmál þetta snertir, að taka það einnig fram á þessum stað, sem er almennilegs efnis í því; en það er það, að svo lítur út, sem stjórn yðar hátignar láti alls ekki hafa nóg samlegt eptirlit með

þeim fjölda útlendra fiskiskipa, sem sveima hér í kringum landið frá því snemma á vorin og svo allt sumarið, ekki heldur í þessu tilliti, þar sem því þó ei verður barið við, að lög eða samninga vanti, því á landi eða í óefaðri landhelgi dettur ekki nokkrum í hug að neita rétti konungs til þess að framfylgja landslögum við hverja sem svo er. Það er þinginu ei kunnugt, hvort stjórnin einu sinni hefir gjört svo mikið, að hún hafi látið kunngjöra hinum útlendu fiskimönnum hér við land veiðilög vor á réttan hátt, og á því máli sem þeir skilja, svo það kann vel að vera, að rán og gripdeildir, sem stundum koma fram af þeirra hálfu í óbyggðum úteyjum eða varphólum, sè einkum því að kenna að þeir viti t. a. m. eigi einu sinni allir, að æðarfugl er friðheilagur hér við land, og að dúninn og egginn eru lögleg eign einstakra manna. Það er því að álitu alþingis hin fyrsta og ómótmælanlega skylda stjórnarinnar að sjá um að á þessu verði ráðin veruleg bót sem allrafyrst, að minnsta kosti með því móti sem henni sýnist að eiga að vera svo hægt, að láta kunngjöra stjórnnum útlendra þjóða, sem-eiga fiskiskip hér við land, og einkum þá hinna frakknesku stjórn, hin íslenzku veiðilög á þeirra máli, hafi það ei áður verið gjört, svo þær geti á réttan hátt látið kunngjöra þau þegnum sínum, er hingað ætla, og brýnt fyrir þeim að brjóta þau ei. Þetta er hið minnsta, sem stjórnin gæti gjört, og þingið efast þó ei um, að það muni koma að góðu haldi, einkum þar eð ráð má gjöra fyrir því, að hinir frakknesku herskipaforingjar hér við land, mundi þá ganga enn ríkara eptir því, að fiskmennirnir, sem þeir eiga að hafa gætur á, gjörðu sig ei seka í slíkum lagabrotum.

En svo vèr snúum oss nú aptur að aðalmálinu, þá er það auðsjáanlegt af því, sem áður hefir verið sagt, að sú vörn er með öllu ónóg, sem stjórnin getur látið oss í tæ, þegar um fiskhelgina ræðir undir landinu, og skulum vèr nú íhuga þetta nokkuð betur. Það er alkunnugt, að annar aðalbjargræðisstofn þessa lands, og sem það ef til vill einna helst mætti auðgast af, eru fiskiveiðarnar, og það er því eðlilegt, að öllum landsmönnum sè mjög svo umhugað um, að þær gangi ei til þurrðar. Það hefir og frá aldaððli verið siður hér á landi, að menn róa á opnum bátum og sækja sjóinn svo langt undan landi, sem fiskimiðin liggja, en það er víða hvar, einkum í hinum stærri fjörðum og flóum, t. a. m. Faxaflóa, tvær eða jafnvel þrjár og fjórar vikur sjóar undan landi, og er þá auðsætt, að það stúlta takmark, sem tiltekið er eptir almennum

þjóðarétti og sem stjórnin að eins kveðst verða að halda sèr við, getur ei komið landsmönnum að nokkru haldi á flestum þeim stöðum, þar sem mest á riður. »Sè ókenndum fiskiskipum heimilt, sagði þingmaður Rangæinga, sem vel þekkir til um fiskimið fyrir öllu Suðurlandi, á alþingi 1859 (sjá alþingistið. fyrir það ár, bls. 577), að fiska í einnar mílu fjarlægð, þá eru þau beztu fiskimið með öllu Suðurlandi á 1—2 mílna fjarlægð frá landi, og ef þeir mega fiska þar með fullri löghelgi, þá er öll tilsjón með lögreglu þar þýðingarlaus, því ekki þarf að óttast neina óreglu af þeim á landi, þar sem þeir geta ekki að lagt sökum hafnaleysis«. Þetta er með öllu satt, og þó eru menn enn miklu ver farnir við Faxaflóa, því þar liggja hin innstu grunnmið þó æfinlega meir en viku sjóar undan yztu inn-nesjum, og hin fjarlægari miðin, sem mest fiskast á, Hraunbrún, Djúp og Svið, eru enn miklu lengra úti; og svo er og fyrir Snæfellsnesi og í öðrum verstöðum fyrir Vesturlandi og í stuttu máli að segja víðast hvar annarstaðar, þar sem útræði er hér við land, að fiskimið landsmanna verða ekki friðhelg gegn yfirgangi útlendra fiskimanna eptir almennum þjóðarétti. En það er hægra að sjá og skilja þetta, heldur en að finna það ráð, sem úr vandræðunum mætti bæta með.

Sá þjóðaréttur, sem nú gildir, hefir ekki verið settur allt í einu, heldur hefir hann skapast smátt og smátt um langan tíma, eptir kröfum og kringumstæðum ýmsra þjóða, og þó æfinlega helst þeirra sem mest hafa mátt sèr. Það þarf nú ekki að draga nokkrar dulur á það, að Ísland hefir aldrei verið í flokki þessara ríkja, og það er því svo sem auðvitað, að ei muni hafa verið haft mikið tillit til sèrstaklegra kringumstæða þess, þegar sá þjóðaréttur skapaðist um fiskihelgi undan landi, sem nú stendur. Þegar hinar völdugu þjóðir gjörðu það að lögum sín á meðal um hafið, að landhelgin skuli að eins ná fallbyssuskot undan landi, þá hafa þær vissulega ei hugsað út í það, að Ísland með þessum hætti verði hér um bil helgilaust, eður hefir svo lítill umráð yfir hafinu í kringum sig, að þau eru svo sem ekki neitt. Það kann vel að vera, að þetta sè síður tilfinnanlegt í löndum eins og t. a. m. Frakklandi og Englandi, þar sem landsmenn geta haft sèr svo marga aðra atvinnuvegi til uppeldis og viðurværis, að fiskiveiðanna einna gætir ekki svo mikið, og hafa líka betri skip og allan útbúnað til að nota sèr fiskiveiðarnar betur og standa öðrum jafnt að vígi; en í þessu fátæka landi, þar sem önnur hin helzta undirstaða undir öllu þjóðbúinu er byggð á

fiski-aflanum við landið, þar er allt öðru máli að gegna, og þá er það brein og bein réttarkrafa landsmanna, að stjórnin gjöri sitt til að sem mest tillit að auðið er verði tekið til hinna sèrstaklegu kringumstæða þessa lands, er gjöra grundvallarreglur hins almenna þjóðaréttar, að því sem fiskiveiðina snertir, miklu þungbærari og ó-sanngjarnari hær enn annarstaðar. Hið einasta land, sem að líkindum að þessu leyti má bera saman við Ísland, er Nýfundnaland í Norðurameríku, þar sem fólkið einnig mestmegnis lifir af sjónum: en þar hefir og hin enska stjórn fyrir löngu orðið að láta það að óskum landsmanna að gjöra sèrstakan samning um fiskiveiðaréttinn þar við land við Frakka, er þar og hafa mestan fjölda af fiskiskipum og miklu fleiri enn nokkur önnur útlend þjóð. Stjórn yðar hátignar hefir og í sjálfu sèr viðurkennt, að hær við land mundi hið sama og vera hið einasta úrræði, sem veruleg trygging væri í, ef mögulegt væri að koma á samningi um þetta mál við aðrar þjóðir, sem haganlegur væri fyrir þetta land, bæði óbeinlínis, þar sem hún, eins og áður er tekið fram, segir í skýrslunni til alþingis, að það takmark, sem þessu landi er svo skaðlegt, hljóti að ákveðast eptir almennum þjóðarétti, *þar sem samninga skorti*, og eins líka beinlínis, þar sem síðar í hinu sama skjali segir, »að fyrst konungr geti ei af sjálfsdáðum ákveðið með lögum, hvort útlendir fiskimenn megi fara inn á svo og svo breiða flóa eða ei, til að fiska þar í ekki einnar mílu fjarlægð undan ströndinni, þá eigi menn til þess að ná þeim úrslitum málsins, sem hagfelldust geti orðið Íslendingum, að því er virðist að leitast *með samkomulagi* við að fá einkum þá keisaralegu frakknesku stjórn til þess að brýna fyrir þegnum sínum, að virða (respectere) fiskiveiðaréttindi Íslendinga í þeim fyllsta skilningi, sem eptir almenns þjóðaréttar grundvallarreglum getur orðið lagður í þær ákvarðanir, sem varða umráðin yfir hafinu (Söterritoriets Grændser)«. Þetta er nú að vísu nokkuð óákveðið, en þó liggur í því það, að stjórnin viðurkennir, að sumt í þjóðaréttinum sè enn svo óljóst eða óákveðið, þegar á að beita honum sèrstaklega, að hún þurfi að koma sèr saman við viðkomandi stjórnir um nákvæmari ákvarðanir, og þetta mætti víst koma Íslandi að góðu haldi, ef það væri haganlega gjört.

En þó nú stjórnin á þenna hátt viðurkenni, að þingið hafi farið í rétta stefnu, þar sem það 1861 beiddi hana að reyna til að koma á samningi um fiskiveiðahelgina hær við land við útlendar þjóðir, einkum Frakka, ef hún álitir ei, að hún gæti á annan hátt

varið fiskimið vor með lögum, þá telur hún þó á hinn bóginn svo mörg vankvæði á þessu, að hún verði að svo stöddu að álíta það ógjörandi. Þetta kann nú að vísu að vera satt, en sá veit þó bezt er reynir, og hún hefir ei reynt mikið enn eða lagt sig í nokkra framkróka til að láta að beiðni alþingis í þessu efni. En hvað um það er, þá efast þingið alls ei um, að örðugleikarnir að minnsta kosti kunni að vera mjög svo miklir, og þó það sé ei gjört mikið úr öðrum eins vandræðum, eins og því, sem stjórnin meðal annars tekur fram, að það væri ei nóg að semja við Frakka eina, heldur yrði þá einnig að semja við allar aðrar siglingaþjóðir, og það væri svo mikið — þó þingið geti nú ei gjört svo mikið úr þessum torfærum, þar sem það er auðsætt, að hægt mundi að fá allar aðrar þjóðir á sitt mál, ef Frakkar og Englendingar fyrst væru fengnir, þá sinnur þingið þó ei að svo stöddu næga ástæðu til að herða nú svo mjög að stjórninni um þetta mál. Það er þinginu ljóst, að þó slíkar torfæur séu ei taldar með, þá mun það samt geta orðið nógu örðugt að koma á samningi um fiskiveiðarnar hér við land, sem þessu landi gæti orðið að verulegu gagni, þó svo ei væri nema við Frakka eina; og það var vissulega ei heldur álit þingsins í hitt eð fyrra, að það mundi vera svo mikill hæðarleikur, og ekki heldur ætlaðist það þá til að hrapa skyldi að þessu, þó það yrði að álíta það bezta úrræðið hvenær sem það fengist. Alþingi álitur það því að þessu sinni nægja að halda sér við orð stjórnarinnar sjálfrar um nauðsyn *samkomulags einkum við hina frakknesku stjórn*, til þess nákvæmar að ákveða um þau atriði í þessu máli, er enn eru efa undirorpin eptir almennum þjóðarétti, og skal þingið með tilliti til þessa einkum leyfa sér að benda á, hve æskilegt það væri, ef öll tvímæli yrðu af tekin um firði og flóa á þann hátt, að hin almennustu fiskimið þessa lands yrðu friðhelgari eptir en áður; því eins og stjórnin sjálf hefir viðurkennt að sanngirni bjóði, að virða (repectere) fiskiveiðaréttindi Íslendinga í þeim fyllsta skilningi sem megi eptir almennum þjóðarétti, eins getur alþingi ei annað sæð en að brýn nauðsyn beri til, sökum sérstaklegra kringumstæða þessa lands, að gjöra undantekning frá honum, þar sem ákvarðanir hans ei nægja til þess að vernda eðlileg réttindi landsmanna. Það eru því að svo stöddu þegnsamlegar tillögur þingsins í þessu efni, að stjórn yðar hátignar leitist við að fá útlendar stjórnir, einkum hina frakknesku og hina ensku stjórn til að viðurkenna þetta, og mættu slíkar tilraunir að minnsta kosti verða góður undirbúningur

til almennilegri samnings síðar meir; en stjórnin sjálf virðist því fremur og að hafa ástæðu til að reyna þetta, þar sem hún sjálf segir í títtnefndri skýrslu til alþingis, að hin frakkneska stjórn hafi tekið svo vel undir, þegar hún hafi farið að skrifast á við hana um málið, og hin enska stjórn hafi að eins svarað því, að hún gæti ei annað en haldið sér við 3 enskra mílna takmarkið, meðan hún ei hefði lagaheimild til annars, en hana gæti hún að eins haft í sérstaklegu samkomulagi. Í þessu sýnist það því augljóslega að liggja, að stjórnir þessar mundu ei ófúsar á að koma sér saman um einhver atriði í þessu máli, ef því væri farið á flot; en það er skylda stjórnarinnar og vilji yðar hátignar að sjá svo um að slíkt samkomulag yrði þessu landi í hag, en ei til skaða, því annars væri það betur ófengið.

Að endingu má geta þess, að þar sem í skýrslu stjórnarinnar svo oft er talað um eina sjómílu, sem fiskhelgitakmarkið undan landi, þá hefir þingið ástæðu til að halda, að frakkneska stjórnin meini þar að eins eina »lieue«, en það er ei meir en $\frac{3}{4}$ úr danskri mílu og öldungis hið sama sem 3 enskar mílur, er enska stjórnin að eins vill viðurkenna. Hér er því svo að sjá sem einhver mis-skilningur sé fyrir hendi, og væri því gott, að stjórnin vildi taka allan efa af um þetta; því það væri að eins að blekkja landsmenn, að telja þeim trú um að útlendir fiskimenn megí ei koma nær landinu til veiða, enn í einnar mílu fjarlægð, ef Frakkar og Englendingar hafa þó aldrei meint annað enn $\frac{3}{4}$ úr mílu og aldrei heldur leynt því fyrir hinni dönsku stjórn. Það væri því gott að þetta yrði nákvæmlega upplýst.

Það var enn eitt atriði í bænarskrá þingsins til yðar hátignar í hitt eð fyrra, að íslenskum fiskimönnum yrði veittur kostur á fêstyrk með láni til þess að koma þiljuskipaveiðum á hær við land, og hefir stjórnin svarað því á þá leið í auglýsingunni til alþingis þetta ár, að eins og nú sé ástatt, verði ekki sêð ráð til að verða við þessari ósk alþingis. Aðalástæðan fyrir beiðni þessari var sú, að ef engin önnur hjálp fengist af stjórninni gegn yfírgangi útlendra fiskimanna, sem liggja hær á fiskimiðum vorum með miklum styrk frá sinni stjórn, þá lægi það þó, eptir því sem eðlilegt sýndist, næst fyrir stjórn þessa lands, að styrkja þó að minnsta kosti hina innlendu fiskimenn á allan þann hátt, sem henni væri mögulegt, svo þeir gætu þó keppzt nokkuð við hina útlendu fiskimenn. Þingið getur nú ei heldur enn sêð annað, þrátt fyrir afslag stjórnarinnar,

en að þessi skoðun sé á réttum grundvelli byggð, og það á nú því örðugra með að skilja hvernig á þessum undirtektum stendur, þar sem það er ei enn gleymt, að stjórnin sjálf fyrir fáum árum hefir boðizt til að veita fê í hina sömu stefnu, þar sem hún vorið 1859 hét því í bréfi til stiptamtsins, að vilja styrkja að því með fjártillagi, að fiskiveiðafélög gæti komizt á hêr í landi. Það virðist nú svo, sem stjórnin ætti nú og því fremur að finna sêr þetta skytt, þar sem hún nú hefir viðurkennt, að hún *geti* alls ei með lögum varið fiskimið Íslendinga fyrir yfirgangi hinna útlendu manna, því það er sannfæring þingsins, að það er vilji yðar hátignar, að það skuli þó ei einnig líta svo út, sem stjórn konungs vors *vilji* ei heldur gjör neitt til þess þó að láta þessu landi einhverja hjálp í tð. Alþingi sinnur sêr því skytt að itreka nú enn af nýju þessa hina sömu bæn sína til yðar hátignar, og það því fremur sem stjórnin hefir alls ei gjört neina grein fyrir því, hvernig á því standi, að hún hafi ei sêð nokkur ráð til að verða við þessari ósk alþingis.

Samkvæmt því, sem áður hefir verið sagt, leyfir þingið sêr því allraþegnsamlegast að beiðast þess (með 21 atkvæðum gegn 1):

1. Að yðar hátign vilji skipa stjórn yðvarri að láta kunngjöra, hafi það ei áður verið gjört, þeim þjóðum, sem liggja til fiskjar hêr við land, hin íslenzku veiðilög á því máli, sem þeim er skiljanlegt, svo þær geti ei afsakað rán og gripdeildir, er fyrir kunna að koma á landi af þeirra hálfu, með vankunnáttu sinni um þetta efni (í einu hljóði).
2. Að yðar hátign feli stjórn yðvarri fyrir vora hönd að leitast við að fá hina frakknesku og ensku stjórn til að viðurkenna, að einstaklegar kringumstæður þessa lands gjöri það nauðsynlegt, að undantekningar verði gjörðar frá hinum almenna þjóðarétti hvað fiskhelgina og fiskimið landsmanna á opnum skipum áhrærir hêr undir landi, svo framarlega sem ei þjóðbúið allt og landsfólkið á að bíða óbæt-anlegt tjón (með 21 atkv.).
3. Að heimilisföstum mönnum á Íslandi, þeim er vilja koma hêr á þiljuskipaveiðum, gefist kostur á að fá lán til þessa hjá stjórninni á þann haganlegasta hátt, sem orðið getur (með 19 atkv. gegn 1).

Reykjavík 16. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast:

H. Jónsson. G. Brynjúlfsson.

Álitsskjal

til konungs í málinu, konunglegt frumvarp um fjárforráð
ómyndugra (sbr. 219. bls.).

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þetta þing, »frumvarp til op-
ins bréfs um breyting á tilskipuninni 18. febrúarmánaðar 1847 um
fjárforráð ómyndugra á Íslandi«.

Þingið kaus 3 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og ræddi
það á tveim aðalfundum, eins og lög gjöra ráð fyrir, og skal nú
þingið þegnsamlegast leyfa sér að segja álit sitt um það á þessa
leið:

Eins og segir í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi
var samkvæmt konungsúrskurði 10. maímánaðar 1861, lagt fyrir al-
þingi sama ár, frumvarp til opins bréfs um breyting á tilskipun
18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi, er svo var
látandi:

»Þegar fê ómyndugra og opinberra stofnana, er nemur frá
25 rd. til 100 rd., hefir ekki orðið komið á leigu hjá einstökum
mönnum fyrir rentu þá, sem ákveðin er í tilskipun 18. febrúar
1847, jafnvel þó það á löglegan hátt hafi verið haft á boðstólum,
þá skal leyft að slíkt fê sê ávaxtað á þann hátt, að annaðhvort sê
fyrir það keypt arðberandi ríkisskuldabréf eða það sê lánað ein-
stökum mönnum mót lögsmætu veði fyrir leigu, er sê að minnsta
kosti 3 af hundraði«.

En þingið komst til þeirrar niðurstöðu, að hentast væri að
fjárhaldsmönnum, þegar svo á stæði, sem frumvarpið gjörði ráð
fyrir, væri leyft með samþykki yfirfjárráðanda, að lána fêð út mót
veði í fasteign eða lausafê og þeirri leigu, er þeir á löglegan hátt
hæsta geta fengið.

Þessa skoðun sína byggði þingið einkum á því, að menn á
Íslandi þekkti lítið til slíkra skuldabréfa, og að það víðs vegar um
landið mundi verða ókljúfandi erfðleikum bundið, að ná leigunni
af þeim, og eins yrði bæði kostnaður, umsvif og torveldni á því
að fá ógildingardóm á þeim, ef þau glötuðust. Auk þessa mundi
verðlag á þeim hêr á landi verða bæði lágt og þvikult. Svo virðist
og þinginu betra, að fêð væri lánað út móti óbrigðulasta veði í
fasteign, þó fyrir minni leigu væri en 3 af hundraði, en að það
væri látið liggja arðlaust. En þar sem þingið á hinn bóginn þótt-
ist sjá fram á, að menn ógjarnan mundu vilja festa jarðir sínar á
móti svo lítlu fê, er ekki næmi meir en 100 rd., áleit þingið að

nauðsynlegt væri, að leyft væri að lána fêð út annaðhvort móti hand-seldu veði eða þá og móti veði í lausum aurum, þó í vörzlum veð-setjanda væri. Þetta þótti þinginu því aðgengilegra, sem með því áynnist og, að lána mætti fêð út fyrir hærri leigu en 4 af hundraði, sem eigi væri litill bagnaður fyrir hinn ómynduga.

Þessa skoðun alþingis 1861 hefir nú stjórn yðar konunglegu hátignar ekki getað aðhyllt, með því og konungsfulltrúi hafi, eins og segir í ástæðunum fyrir hinu konunglega frumvarpi, lýst því yfir í álitsskjali sínu, að uppástunga þingsins um lausafjárveð fyrir fêð ómyndugra mundi verða að öllum jafnaði öldungis þýðingarlaus, með því fjárhaldsmenn hinna ómyndugu eigi mundu verða til að lána fêð á þann hátt, en þar á móti mundi sú aðferðin verða hin hagfelldasta og óhultasta til að ávaxta lítið fêð á Íslandi, að fyrir það yrði keypt óuppsegjanleg rikisskuldabréf, og að það hlyti að koma til af ókunnugleika eður einstrengingslegri skoðun þingsins á mál-inu, að það ekki skyldi hafa fallizt á svo hagkvæma ráðstöfun (þ : að kaupa rikisskuldabréfin), er ekki væri neinum örðugleikum bund-in í framkvæmdum, því menn gæti ávalt fengið hina íslenzku kaup-menn, til að útvega sér skuldabréfin, og hefir stjórn yðar hátignar bætt við þessar ástæður konungsfulltrúa því, að óráðlegt mundi að lána opinbert fêð móti veði í lausum aurum, þar eð það fêð eigi gæti álitizt að veita næga trygging fyrir láninu með því tilskipun 8. júlí 1841 ekki væri lög á Íslandi. Það mundi og vera örsjaldan, að fêð sê lánað hér á landi móti veði í lausafê. Sú ákvörðun virðist stjórn yðar hátignar, eigi heldur hagfelld, að yfirfjárhaldsmanni og yfir-fjárráðanda sê gefið á vald að lána fêð ómyndugra móti veði, hvort heldur þeir vilja í fasteign eður lausum aurum, því svo kynni að fara, að hlutaðeigandi tæki þann kostinn, sem honum væri hag-kvæmastur, ef hann hefði enga ábyrgð af, þó hann eigi væri eins óyggjandi fyrir hinn ómynduga; og enn fremur hefir hún athugað, að það að visu ekki lengur væri saknæmt að lögum, að taka hærri leigu en 4 af hundraði, ef fêð væri lánað móti veði í lausafê, en það virtist þó ekki eiga vel við lán á opinberu fêð; á hinn bóginn gæti það og leitt til misbrúkunar, ef fjárhaldsmönnum og yfirfjár-ráðendum væri leyft að lána fêð fyrir hvað litla leigu sem væri.

Alþingi hefir nú grandgæflega íhugað þessar ástæður fyrir hinu konunglega frumvarpi, er lagt var fyrir það, og leyfir það sér þegn-samlegast að gjöra þá athugasemd að því virðist ástæður alþingis, í hitt eð fyrra sêu á góðum og gildum rökum byggðar; leyfir

Þingið sér í þessu tilliti að geta þess, að það fær eigi sæð að það mundi að öllum jafnaði verða þýðingarlaust, þótt leyft yrði að lána fê móti veði í lausafê, þar eð fjárhaldsmenn hinna ómyndugu eigi mundu vilja verða til að lána það þannig út, þar sem þessi skoðun fer í gagnstæða átt við það, er allur þorri þingmanna, sem þó þekkja nákvæmlega til hvervetna út um landið, hafa látið í ljósi; og þegar stjórn yðar hátignar bætir hær við þeirri ástæðu, að slíkt veð eigi geti álitizt að veita næga trygging fyrir láni, með fram sökum þess að tilskipun 8. júlí 1841 ekki sæ lög á Íslandi, þá getur þingið eigi heldur fallizt á þetta, því þó nefnd tilskipun eigi sæ lög á Íslandi, þá fær þingið eigi sæð, hvernig þetta atriði rýrir þá trygging, sem liggur í lausafjárveðinu hær á landi, samkvæmt tilskipun 24. apr, 1833, þar sem hinar ítarlegu ákvarðanir hinnar dönsku tilskipunar um stofnun og viðhald lausafjár veðrættarins miða einmitt til þess að tryggja þá skuldaheimtumenn, sem *ekkert* veð hafa móti lausafjár veðhafendum, og af þessari grundvallarreglu og augnamiði tilskipunarinnar fljóti eins og eðlilegt er ýmsar nákvæmari takmarkanir fyrir lausafjár veðrættinum, enda virðist það og auðsætt, að því meiri skorður, sem löggejöfn reisir fyrir gildi þessa veðrættar, því fleiri takmörkunum verður lögmæti hans bundið, og rætturinn þá þeim mun óvissari. Eigi fær þingið heldur sæð, hvernig laga-grundvöllurinn fyrir tilskipun 1841, að skuldaheimtumönnum, sem lána fê sitt öðrum móti engu veði, skuli sem mest borgið móti lausafjár veðhafendum, geti beinlínis heimfærzt upp á fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur, þegar þeir lána fê ómyndugra móti lausafjárveði. Þingið getur og heldur eigi verið á því máli, að lausafjárveð komi sjaldan fyrir hær á landi, þar sem það er algengt, einkum meðal kaupmanna í viðskiptum þeirra við landsmenn, en hitt er dagsanna; að upphæð lánsins er þá alla jafna lítil.

Samkvæmt því, er nú hefir verið sagt, fær þingið eigi skilið, að hagsmunum hinna ómyndugu sæ hallað, þótt fê þeirra, er það nemur litlu, sæ lánað móti veði í lausafê, þegar varuð og samvizkusemi og sjálfsagt lögskipað form er viðhaft, sem óhult þykir mega gjöra ráð fyrir, að fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur gefi nákvæmlega gætur að, þar sem ella ábyrgðin á láninu hvílir á þeim, enda virðist og þessi skoðun koma í alla staði heim við stöðu amtmanna hær á landi, að því er fê ómyndugra snertir. Eigi getur þingið heldur fallizt á, að það eigi illa við, að hærri vextir en 4 af hundraði sæ áskilið af fê ómyndugra, sem lánað er móti veði í

lausafé, þar sem óhætt má fullyrða að þau lög, er slíkt leyfa, ekki koma í neinn bága við réttarmeðvitund manna hér á landi, og virðast þar að auki í sjálfu sér miklu eðlilegri en hin, sem leggja bönd á frjálsa samninga manna á milli, enda mun og þetta leyfi laganna eiga rót sína í þessum skoðunarhætti löggjafans. Á hinn bóginn er það og auðsætt, að það er betra fyrir hinn ómynduga, að fá þó nokkra leigu heldur en enga, þegar þess er eigi kostur að fá þá leigu sem tilskipunin 1847 ákveður.

Hið konunglega frumvarp vill nú ráða bót á þessu vankvæði með því að leyfa fjárhaldsmanninum að kaupa óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, eins og áður er sagt; en á þetta fyrirkomulag getur þingið ómögulega fallið, og það af þeim ástæðum, sem þingið í hitt eð fyrra tók fram og áður er getið; að eins skal þess hér enn fremur getið, að þinginu virðist það nokkuð óskiljanlegt á hverju sú ástæða geti verið byggð, að það sé að kenna ókunnugleika eða einstrengingslegri skoðun þingsins á málinu, að vilja eigi festa fé ómyndugra hér á landi í óuppsegjanlegum ríkisskuldabréfum, því þótt einstaka fulltiða menn verji afgangsfé sínu á þenna hátt, þá liggur það í augum uppi, að þær ástæður, sem teknar hafa verið fram móti skuldabréfum mundu hér á landi einmitt vekja almenna óánægju, væri farið að verja fé ómyndugra í þau, og þingið verður að ganga út frá því sem gefnum hlut, að þótt slík lög kæmi út, þá mundu fjárhaldsmenn og yfirfjárráðendur vissulega kynoka sér við, að verja fé ómyndugra í þann gjaldeyri, er þeir hæglega geta átt von á, að hinn ómyndugi ekki vilji taka á móti, þegar hann tekur sjálfur við fjárforráðum, og það því síður, sem slíkur gjaldeyrir ekki er neinn lögeyrir hér á landi, eins og líka það er alkunnugt, að engi þarf að taka seðla og aðra bréfspeninga upp í skuldir sínar, og að þeir því eigi sjást hér á landi.

Af ástæðum þeim, sem nú voru taldar, verður þingið að vera á því, að það sé með öllu ótíðkilegt, að gjöra það að lögum, að verja fé ómyndugra í ríkisskuldabréf, þó eigi nemdi nema 100 rd., en því ótíðkilegra hlýtur það að vera að láta slíkt fyrirkomulag ná til ómyndugra fjár yfirhöfuð, eins og hið konunglega frumvarp fer fram á, því auk alls þess, sem mælir á móti tæðum ríkisskuldabréfum, þá mundu þau hin stærri, ef þau annars nokkurn tíma kæmi til að tíðkast hér á landi, hafa þann galla og vankvæði þar að auki óumflýjanlega í för með sér, að menn sökum peninga-eklu ekki mundu geta orðið af með þau, nema með skaða og afföllum,

sem engan veginn gæti að þingsins áliti samrýmt við haganlega og hagkvæma stjórn á fjármunum ómyndugra, og frá þessu sjónarmiði er það eigi allfátt, sem mælir móti því, sem segir í ástæðum hins konunglega frumvarps, að æfínelega muni vera hægt að fá íslenska kaupmenn til að útvega sér skuldabréf, þar sem það er alkunnugt, að hagur þeirra viðs vegar um landið eigi stendur á svo föstum fæti, að þeim án veðs væri trúandi máske um lengri tíma fyrir peningum ómyndugra, þangað til þeir væru búnir að kaupa ríkisskuldabréfin fyrir þá, og ættu þeir sjálfir að leggja peninga út fyrir fram fyrir ríkisskuldabréfin, þá má á hinn bóginn gjöra ráð fyrir að þeir vildu hafa hæfilega vexti af fè sínu. Enn fremur verður þingið að leyfa sér að leiða athygli að því, að þó að hið konunglega frumvarp að visu ekki ráðgjöri, að fè ómyndugra skuli verja til að kaupa fyrir það ríkisskuldabréf, fyrr en búið sè að bjóða það fram á leigu, eptir fyrirmælum laganna, þá mundi sú verða niðurstaðan, ef þessi skuldabréfakaup væri lögakveðin, að til þess yrði varið öllum þorra af hinum minni upphæðum ómyndugra fjárins, því þá yrði þetta yfirhöfuð að tala eina úrræðið, til að ávaxta það fè, siðan loku var skotið fyrir, að því mætti koma á leigu í jarðabókarsjóðinn, og á meðan löggjöfin opnar mönnum engan annan greiðari veg til þess að koma fènu á leigu á annan hátt en þann, að setja það á leigu gegn fasteignarveði, því til þess vill engi jarðeigandi vinna, þegar að eins er að ræða um upphæð, sem er 100 rd. eða minni. Auk þessa getur þingið eigi leitt hjá sér að benda á, að það fyrirkomulag sem hær ræðir um, hlyti að hafa mjög skaðleg og ískyggileg áhrif á verzlunarástand Íslands, einkum við útlendar þjóðir, sem ef til vill eigi ætíð mundu taka dönsk skuldabréf fyrir fullan kaupyri.

Þingið verður nú að álíta, að það hafi leitt næg rök að því, hvers vegna það eigi geti aðhyllt hið konunglega frumvarp, að því er ríkisskuldabréfin snertir; þar á móti verður þingið alveg að fallast á hitt atriðið í hinu konunglega frumvarpi, að fè ómyndugra sè, þegar það hefir verið haft á boðstólum á löglegan hátt, en ekki orðið leigt út fyrir þá leigu og móti því veði, sem ákveðið er í tilsk. 18. febr. 1847 § 7, lánað móti lögmætu veði og leigu, er sè að minnsta kosti 3 af 100, þar sem þingið verður að álíta, að þetta úrræðið optast nær og yfirhöfuð muni hlíta, einkum ef fèð, sem er á boðstólum, nemur svo talsverðri upphæð, að menn vilji vinna til að festa jarðir sínar fyrir hana. En verði fèð í einstöku

tilfelli samt sem áður eigi leigt út á þenna hátt, verður þingið að aðhyllast uppástungu alþingis í hitt eð fyrra undir 1. tölul. sem hið eina tiltækilega úrræði, af þeim ástæðum, er þingið þá byggði hana á og áður er á minnst, og er þá fjárhaldsmönnum æfinlega innanhanda, að skipta fenu, ef það nemur 100 rd. eða meiru, í smærri skammta, eptir því sem í hvert skipti þykir bezt henta, og lána það þannig út.

Í þessu tilliti verður þingið líka að taka það fram, í sambandi við þær ástæður móti ákvörðun hins konunglega frumvarps um kaupin á rikisskuldabréfunum, að hvort sem þetta úrræði væri tekið eitt sér, eða jafnframt í sambandi með hinu eldra, að gjöra kost á ómyndugra fè til láns einungis mót fasteignarveði, þá yrði þó þetta til þess að skerða grundvallarregluna í tilskipun 18. febrúar 1847, 7. gr. staflíð C, þar sem því er yfirlýst, að ómyndugra fè skuli umfram allt gjöra ávaxtarsamt í landinu sjálfu, þannig að þetta fè geti jafnan verið í hreifingu og í veltunni, svo að það sé þannig fyrir hendi til nauðsynlegra fyrirtækja, til eflingar bústofni og atvinnuvegum og öðru er landinu má verða til framfara, án þess að fè hinna ómyndugu sé þar með nein hætta búin eða halli. Þess ber vel að gæta, að ómyndugra fè mátti allt að einu álitast í veltu innanlands fyrir það, þó að því væri komið á vöxtu í jarðabókarsjóðinn, því að þau skuldabréf voru uppsegjanleg með missiris og enda hálf missiris fyrirvara, enda fékkst líka innstæðan greidd þaðan viðstöðulaust og með fullri upphæð í peningum, en það eiga menn engan veginn víst með óuppsegjanleg rikisskuldabréf, og sízt það, að geta komið þeim út hær á landi gegn peningum út í hönd, þegar hlutaðeigendum riður mest á. En eins víst eins og það er, sem tekið hefir verið fram hær að framan, að jarðeigendur þurfa yfirhöfuð að tala sízt allra á því að halda, að taka þess leiðis smálán um og fyrir innan 100 rd., og eru þess vegna enn ófúsari á að veðsetja og binda jarðeignir sínar fyrir smámuni eina, og það með tölaverðum »formelle« umsvifum og tilkostnaði eptir því sem lögin áskilja — eins er það á hinn bóginn órákt, að þeir sem *ekki* eru jarðeigendur, þurfa miklu fremur og optar á smásummum að halda, t. a. m. til að kaupa fyrir bjargargrip, auka bústofn sinn o. s. frv., þó að þeir eigi nægilegt og óveðdregið lausafè að öðru leyti til fullrar veðabyrgðar fyrir skuldinni og með 1. forgöngurètti, svo að fè hins ómynduga má vera fullborgið með þessu móti. Á þenna eina veg yrði hinum fyrr á-

minnzta tilgangi löggjafans fullnægt, þeim, að sem allra mest af fê ómyndugra sê haldið í arðberandi veltu í landinu sjálfu, til þess að draga úr og bæta úr sem bezt hinni almennu peningaklu hér á landi, sem er svo lengi búin að standa Íslandi fyrir blómgun og eðlilegum framförum.

Enn fremur leyfir þingið sêr að athuga, að því þótti betur við eiga, að hið íslenska orð »lagaboð« væri við haft í fyrirsögninni í staðinn fyrir »opið brêf«.

Af ástæðum þeim, sem að framan eru greindar, leyfir þingið sêr allraþegnsamlegast (með 20 atkv.)

að biðja yðar konunglegu hátign um að á frumvarpinu verði gjörðar þær breytingar, að lagaboð þannig hljóðandi megi út koma:

Lagaboð er gjörir breytingu á tilskipun 18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi.

1. gr.

Þegar fê ómyndugra hefir ekki orðið komið á leigu móti því veði, og samkvæmt öðrum þeim skilyrðum, sem ákveðin eru í tilskipun 18. febrúar 1847, þá skal mega ávaxta það á þann hátt, að það sê lánað móti lögmætu veði fyrir leigu er sê að minnsta kosti 3 af hundraði (með 20 atkv.).

2. gr.

Þegar fê ómyndugra hefir ekki orðið komið á vöxtu með þeim hætti, sem segir í 1. gr., þá skal fjárhaldsmönnum þeirra leyft, að lána fêð út með samþykki yfirfjárforráðanda móti nægu veði í lausafê og þeirri leigu, er þeir hæzta geta fengið, þó þannig, að engum einum sê lánað meira fê á þenna hátt en 100 rd. (með 20 atkv.).

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast

H. Jónsson. B. Sveinsson.

Álitsskjal

til konungs í málinu konunglegt frumvarp um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir alþing að þessu sinni frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m, með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, til þess þingið prófaði það og segði um það álit sitt.

Þingið kaus 5 manna nefnd, er síðan var aukin 2 mönnum, til að ihuga þetta mál, ræddi það síðan á tveim aðalfundum, eptir fyrirmælum þingskapa vorra, og leyfir sèr nú þegnsamlega að skýra yðar hátign frá álitinu sínu á þessa leið:

Síðasta alþingi sendi yðar hátign frumvarp til tilskipunar um fjárveikindi á Íslandi með bænarskrá dagsettri 19. ágúst 1861. Stjórn yðar hátignar hefir þótt frumvarp þetta eigi þannig lagað, að það yrði gjört að lögum, sakir tveggja ákvarðana í frumvarpinu, en hefir að öðru leyti verið »á sama máli og þingið um, að ástæða væri til að gefa út lagaboð um þetta efni, einkum fyrir þá sök, að sjá megi af ástæðunum fyrir frumvarpi þingsins, að hingað til hafi það varla verið álitin skylda lögreglustjórnarinnar á Íslandi að hafa eptirlit með fjárkláða eður öðrum næmum fjárveikindum«. Það getur nú eigi annað en glatt þingið, að stjórn yðar hátignar er þó loksins, eptir 6 ára umboðslega stjórn og ráðstafanir á fjárkláðanum hér á landi, komin svo nærri skoðun þingsins, að hún viðurkennir nauðsynina á lögum í þessu efni. Þingið hlýtur því að hafa örugga von um, að frumvarp þetta verði sem allrafyrst og það jafnvel þegar í haust gjört að lögum, með því og að þingið verður að fulltreysta því, að stjórn yðar hátignar muni fúslega við það kannast, að þingið hafi nú slakað til og nálgast skoðun hennar svo sem fremst má verða, enda mundi og þingið hafa áður gjört svo, ef stjórn yðar hátignar hefði leitað þess. Þingið hefir nú álitid nauðsynina á lögum í þessari grein svo mikilsverða, að það hefir unnið það til, að bæta eigi neinni þeirri ákvörðun inn í frumvarpið, er í nokkurn stað gæti leitt til niðurskurðar, og því að eins bætt við nokkrum greinum til að gjöra lækningarnar tryggari og aðhaldið traustara, enda hefir það á unnizt, að fulltrúi yðar hátignar aðhylltist breytingar þingsins að öllu leyti og áleit þær nauðsynlegar, eins og umræðurnar um þetta mál á þinginu bera með sèr, og svo má að orði kveða, sem allar greinir frumvarpsins, eins og það nú kemur frá þinginu, hafi verið samþykktar á þinginu í einu hljóði. En jafnframt því er þingið hefir þannig hina fyllstu ástæðu til að treysta, að breytingar og viðaukar þingsins við konungsfrumvarpið muni öðlast allrahæsta samþykki, hlýtur þingið að lýsa yfir þeirri skoðun sinni, að engan veginn mundi það hlíta, þótt frumvarpið, eins og það kom frá stjórn yðar hátignar, kæmi út sem lög, heldur gæti lögin því að eins orðið að tilætluðum notum, ef breytingar og viðaukar þingsins verða teknar fyllilega til

greina, enda getur þingið eigi annað en fulltreyst því, að svo muni verða gjört, þar eð breytingar þessar og viðaukar eru byggðir á setningum hinna konunglegu erindsreka í kláðamálinu, á reynslu landsmanna og á sérstöku ástandi og högum landsins. Þess verður og enn að geta, að það er viðurkennt einmitt af lækningamönnunum sjálfum, að þeir sem yfirboðarar geti eigi komið sínum ráðstöfunum fram, af því þá vantaði lög, og þeir óska því framast allra manna, að lögin veiti þeim svo mikið vald, að þeir geti sigrast á þeim tálmunum, er þrjózka og hirðuleysi einstakra manna leggja á götu þeirra. Þingið hefir því einmitt eptir álit lækningamannanna sjálfra leitast við að gefa það aðhald í frumvarpi sínu, er nauðsynlegt má virðast í þess konar lögum, án þess að lögin yrði þó ósanngjörn.

Í ástæðum fyrir frumvarpi því, er fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þing þetta, segir, að stjórn yðar hátignar hafi eigi getað fallizt á tvær ákvarðanir í frumvarpi alþingis 1861, sem lutu að því, að skera mætti fê niður, annaðhvort hjá þeim, er sýnt höfðu óhlýðni og hirðuleysi (sjá 4. gr., 2. málsgrein), eður á einstöku stað þar sem fê væri fátt, en almenn hættu gæti af því leitt, ef eigi væri skorið (sjá 5. gr.). Þessar ákvarðanir setti þingið í frumvarp sitt til þess, að í lögunum væri girt fyrir þá almennu hættu, er hirðuleysi og óhlýðni manna hafði til þess tíma valdið, og til þess að gefa lækningunum nauðsynlegt aðhald og tryggingu. Stjórn yðar hátignar hefir nú eigi getað aðhyllzt greinar þessar, sem nú var sagt, og því fellt úr frumvarpi sínu það aðhald og þá tryggingu, er fólgin var í greinum þessum, en sett aptur sektir í staðinn (sjá 4. gr. frumv.). Þingið verður nú að álita að aðhald það, sem á að liggja í sektunum, sê engan veginn samsvarandi þeirri hinni almennu hættu, er margra ára reynsla hefir sannfært oss um, að hefir leitt og hlýtur enn að leiða af hirðuleysi manna og óhlýðni við yfirvöldin í því, að fara eptir skipunum þess um lækningar fjárins og aðra meðferð þess. Þingið verður og að leyfa sêr þá athugasemd, að stjórn yðar hátignar virðist sjálf að hafa álitit þetta aðhald næsta þýðingarlítið, þar sem hún segir svo í ástæðunum: »enda mun og *jafnan* verða torvelt að *sanna*, hve nær maður hefir sýnt hirðuleysi, með því varla verður á Íslandi haft svo stöðugt eptirlit með lækningunum af hálfu hins opinbera« o. s. frv.; því þótt þetta sê þar sagt til að sýna, hve torvelt sê að sanna hirðuleysi manns, svo skera megí niður hjá honum, þá er auðsætt, að

jafnörðugt verður — og sjálfsagt einnig jafnskytt og nauðsynlegt — að sanna hirðuleysið, hvort sem sektir eru lagðar við því eður önnur hegning. Þingið fellst nú að vísu á, að rétt væri að halda sektunum; en það getur engan veginn álitíð þær einhlítar eður næga trygging í þeim fölgna, til að afstýra þeirri hinni almennu hættu, er hirðuleysi einstakra manna hefir í för með sér.

Með því nú að stjórn yðar hátignar hefir eigi getað fallizt á ákvarðanir þær í frumvarpi síðasta alþingis, sem fyrr er getið, áleit þingið réttast að taka þær eigi upp aptur, þótt það kannaðist við, að mikil trygging væri í þeim fölginn, heldur að reyna að ná nauðsynlegri tryggingu og aðhaldi á annan hátt, sem væri samkvæmari allri lækningastefnu frumvarpsins. Fyrir því hefir þingið búið til 2 nýjar greinir; önnur þeirra (3. gr.) lýtur að því, að fè það er sýkt hefir eður þá haft samgöngur við sjúkt og grunað fè, skyldi álitíð grunað svo lengi á eptir, að öll fáanleg vissa næðist fyrir því, að fèð sè orðið heilbriggt; en hin greinin (6. gr.) hljóðar um heimagæzlu fjár og um sumarverði. Aðalhugsunin í báðum greinum þessum til samans er sú, að varna útbreiðslu sýkinnar fyrir samgöngur svo tryggilega sem nauðsyn krefur, og er það sannfæring þingsins, að það hafi eigi farið hér lengra en brýn nauðsyn býður, þegar litíð er til þess, hve torveldur og næstum ómögulegur aðskilnaður hins sjúka og heilbrigða fjár er hér á landi, hve mikið og skaðlegt er hirðuleysi sumra einstakra manna og hve lint eptirlitíð af hálfu hins opinbera hefir sýnt sig optlega hingað til.

Þingið leyfir sér þessu næst að gjöra nokkrar athugasemdir við hverja grein sér í lagi.

Við 1. gr.

Þinginu þótti vissara, að sýslumaður sem miklu kunnugri maður benti amtmanni á þá menn, sem teknir væri til aðstoðar hreppstjórunum, og eru því orðin: »eptir uppástungum sýslumanns« tekin inn í greinina. Einnig þótti þinginu varlegra, að leyfilegt væri að kveðja utanhreppsmenn til þessa starfa, af því gjöra má ráð fyrir, að eigi sè ætíð vól á fullhæfum mönnum til þess innan hrepps. Þingið getur eigi óttast fyrir, að aðstoðarmenn þessir verði teknir svo langt frá, ef annars er kostur, að af því geti orðið nokkur kostnaðarauki, er teljandi sè. Með því að ófært þótti að leggja mönnum slíkan skyldustarfa á herðar borgunarlaust, og að í annan stað mátti óttast fyrir, að þeir þannig yrði öllu tómlátari, þá þótti þinginu réttast að ákveða þeim hæfilega borgun fyrir ómak

sitt, til þess að taka af allan efa um, að aðstoðarmennirnir gæti ællast til borgunar eptir 3. gr. nú 4. gr. frumvarpsins.

Við 2. gr.

Þingið hlaut að álíta nauðsynlegt, að allir þeir menn, sem gjört er að skyldu, samkvæmt frumvarpi þessu, að hafa sérlegt eptirlit með alls konar fjárveikindum, væri látnir bera af vanrækt sinni á skyldum þessum sérlega ábyrgð til sekta, með því að menn hljóta að álíta það einkar áriðandi fyrir almennings heill, að þeir ræki dyggilega þessa köllun sína, og því hefir þingið tekið ákvörðun inn í greinina um þetta. Þess skal og getið, að líkt er ákveðið í hinum almennu reglum konunglegra erindsreka, 14. september 1859, 8. grein.

Við 3. gr.

Í frumvarpi því, sem fulltrúi yðar hátignar lagði fyrir þingið er hvergi talað um hvað álíta skyldi sjúkt og grunað fè, en þinginu þótti nauðsynlegt að til taka það í lögunum, til þess að girða fyrir allan ágreining í því efni, og þess vegna hefir þingið leyft sér að stinga upp á grein þessari. Um tímalengdina fyrir hið grunaða fè skal þess getið, að hún er sett jafnlöng, hvort sem grunurinn sprettur af kláða eður öðrum næmum fjárveikindum í hjörðinni sjálfri, eður þá af samgöngum við annað sjúkt fè eður grunað, og er það gjört fyrir þá sök einkum, að eptir því sem hér er ástatt með eptirlit af hálfu hins opinbera, má virðast ómögulegt að greina nákæmlega í sundur, hvort sýki kemur upp á einum bæ, af því að það fè hafi haft samgöngur við annað sjúkt fè eður grunað, ef feð hefir annars áður orðið sjúkt, eður að sýkin hefir dulizt í fènu og kviknað aptur. Eins er eflitið er til hirðuleysis sumra einstakra manna, er geta dulið sýkina í fè sínu langan tíma, t. a. m. 6 mánuði, án þess á beri, og hvernig svo sem þessu máli er velt fyrir sér, þá þótti þinginu óhultast, og líka einfaldast að hafa sama tíma takmark fyrir fè grunað af sýkinni sjálfri og af samgöngum við sjúkt fè og grunað. Þess skal og getið, að þessa 12 mánaða takmarki hefir verið fylgt af valdstjórninni hér á landi, að því leyti talað verður um nokkra reglu í þeirri grein, og takmark þetta er sett í bræfi hinna konunglegru erindsreka í kláðanum, dagsettu 22. júní 1859, auglýstu með umburðarbræfi stiptamtmanns 28. s. m., og hljóðar grein þeirra þannig: »Sem grunað um sýkina skal álíta það fè, sem á heima þar sem sýkin hefir sýnt sig á þessu ári, ellegar það sem eptir

greindra manna álití hefir getað haft samgöngur við sjúkt eður grunað fè«. (sbr. Hirði fyrir júlí 1859)

Við 4. gr.

Eptir reglum þeim, er hér á landi gilda um öll almenn lög-reglumál, þótti þinginu réttast að einskorða þannig ákvörðunina um kostnaðinn, að hún næði að eins yfir þá rannsókn af hálfu hins opinbera, sem nauðsynleg er til þess að komast eptir, hvort fè sè sjúkt eður grunað á þeim eður þeim stað, en ef svo reynist, þá skal eigandinn, eins og hinn seki eður sakaði, greiða upp frá því allan kostnað, enda verður þingið að álíta, að þetta hafi verið meiningin í 3. grein frumvarpsins, sem nú er 4. grein þingsins.

Við 5. gr.

Þessi grein samsvarar 4. gr. hins konunglega frumvarps. Er hér að eins bætt inn í þeirri ákvörðun, að kyrrsetja megi fjármuni hins seka, bæði af því, að óhlyðni eður hirðuleysi manna er svo skaðvænlegt fyrir almennings heill, og jafnframt lýsir þeim manni, er varla mun svífast að beita brögðum til að koma fjármunum sínum undan fjárnámi, ef hann fær tómstund til, svo að þinginu þótti full ástæða til að gjöra aðhaldið hér svo strangt, sem lögin framast leyfa.

Við 6. gr.

Í frumvarpi því er fulltrúi yðar hátignar lagði fram fyrir þingið vantaði allar ákvarðanir um verði og gæzlu fjárins, til að varna útbreiðslu sýkinnar. Fyrir því hlaut þingið að búa til nýja grein um þetta efni, með því að það varð að álíta öldungis nauðsynlegt, að ákvörðun um þetta stæði í lögunum, og þykir þinginu eigi þurfa, auk þess sem áður er sagt, að taka fram aðrar ástæður fyrir þessari grein sèr í lagi, en þær sem fólgnar eru í allrahæstri auglýsingu nú til þingsins, dagsettri 8. júní 1863 II, 2. 3. málsgrein og öðrum fyrirskipunum frá stjórn yðar hátignar í kláðamálinu, eður þá í öllu ástandi landsins.

Við 7. gr.

Þessari grein er við bætt til að taka af allan efa um það, að lögin nái einnig yfir Reykjavík, með því og að nokkrir menn eiga þar sauðfè.

Að lyktum verður þingið að geta þess, að því þótti betur við eiga að orða fyrirsögn lagaboðsins þannig, að það verði kallað »tilskipun um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi«, með því að frumvarpið inniheldur nýjar lagareglur um eignarskyldur manna við

sjúkt og grunað fè sitt o. s. frv., en eigi að eins eptirlit með fjársýk-inni af hendi lögstjórnarinnar, eptir landslögum.

Af ástæðum þeim sem nú voru taldar leyfir þingið sér í einu hljóði að biðja yðar konunglegu hátign að löggilda fylgjandi frumvarp :

Frumvarp

til lagaboðs um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

1. gr.

Sýslumenn og hreppstjórar skulu, hver í því umdæmi, sem hann er yfir skipaður, vandlega gefa gætur að, hvort fjárkláði eða önnur næm fjárveikindi gjöri þar vart við sig. Amtmaður skal eptir uppástungum sýslumanns kveðja í hverjum hrepp hæfilega menn hreppstjórum til aðstoðar, bæði í því, að komast að raun um, hvort fjárveiki sé þar í hreppnum, og eins í því, að framkvæma þær ráðstafanir, sem gjöra þarf. Aðstoðarmenn þessir og hreppstjórar eiga, hvorir um sig, tafarlaust að gefa sýslumanni til vitundar, ef eitthvað það kemur fyrir, sem vekur grun um fjársýki. Bæði hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra skulu fá hæfilega umbun fyrir þessi störf sín, að því leyti þau hafa í för með sér verkfall og ferðalög frá heimilum þeirra.

Ef ekki þykja fullhæfir og áreiðanlegir menn til þessa starfa innanhrepps, má kveðja til þess menn úr öðrum hreppi, eður sýslu (samb. í einu hljóði).

2. gr.

Hvar sem slíkrar veiki verður vart, skulu hreppstjórar og aðstoðarmenn sjá um, að hið sjúka fè og grunaða (sbr. 3. gr.) verði þegar í stað stranglega aðskilið frá heilbrigðu fè. Hreppstjóri skal þegar skýra sýslumanni frá því, sem gjört hefir verið, og skal þá sýslumaður gjöra þær ráðstafanir, sem þörf er á.

Sýni sýslumaður, hreppstjóri eður aðstoðarmenn af sér nokkurt hirðuleysi eður vanrækt á þeim skyldum, sem 1. og 2. gr. leggja þeim á herðar, skulu þeir bera af því sérstaka ábyrgð til sekta, eptir úrskurði amtmanns (samb. í einu hljóði).

3. gr.

Allt það fè er grunað, sem eigi hefir verið heilbrigt, eður haft samgöngur við sjúkt fè eður grunað hina síðustu 12 mánuði (samb. með 18 atkv.).

4. gr.

Eigandi þess fjár, sem sjúkt er eður grunað, skal skyldur að

fara nákvæmlega eptir reglum þeim, sem honum verða fyrirskipaðar um aðskilnað á því, lækningar og aðra meðferð.

Kostnaðinn til þessa borgar eigandi; þar á móti skal kostnað þann, sem hin upprunalega rannsókn hefir í för með sèr samkvæmt 1. gr., greiða úr jafnaðarsjóði amtsins (samb. með 20 atkv.).

5. gr.

Nú gegnir eigandi ekki tafarlaust eða nákvæmlega skyldum þeim, sem á honum hvíla, eptir 1. kafla 4. greinar, þá skal hann sæta sektum allt að 20 rd., og skal sýslumaður láta framkvæma það, sem nauðsyn krefur, á kostnað eiganda, og má gjöra fjárnám hjá honum fyrir kostnaðinum eptir úrskurði amtmanns. Svo má og sýslumaður, þegar fjáreigandi hefir gjört sig beran að slikri óhlýðni (mótþróa) eður hirðuleysi, kyrretja eigur hans eptir úrskurði fyrir lögreglurétti, samkvæmt 14. gr. í tilsk. 24. jan. 1838. Ef ekki fæst á þann hátt full borgun, þá skal skjóta til því, sem á vantar, úr jafnaðarsjóði amtsins (samb. með 20 atkv.).

6. gr.

Nú er á vordegi fè komið undan vetrarhirðingu og þó enn sjúkt eður grunað á stöku bæjum í einhverri sveit eður héraði, þá skal fyrst hafa stranga og fulltrygga heimavöktun á öllu því fè, allt frá maíbyrjun til miðs júní á kostnað fjáreiganda; en því næst skal safna öll heiðarlönd sveitarinnar og rannsaka nákvæmlega allt fè á hverjum bæ, og skal þeirri skoðun lokið fyrir 15. júní. Verði þá nokkurstaðar kláðavart, eður sè grunsamt, að kláði sè eigi upprættur í einhverri sveit eður héraði, þá skal setja fulltryggan vörð, hvar svo sem er, fram til rétta, milli þeirrar sveitar og hinna heilbrigðu héraða.

Öllum þeim kostnaði, sem leiðir af þessari grein, fyrir utan heimavöktun, er fellur á hvern einn sèr í lagi, skal jafna niður á fjáreigendur í hinum sýktu og grunuðu hëruðum, eptir fjárframtali þeirra, hvers um sig, í síðustu fardögum (samb. með 20 atkv.).

7. gr.

Í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar hefir bæjarfógeti og lögregluþjónar allar hinar sömu skyldur á hendi, sem á sýslumönnum og hreppstjórum hvíla eptir þessari tilskipun (samb. í einu hljóði).

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. Arnljótur Ólafsson.

Fylgiskjal 2.

Andsvar

frá alþingi 1863 upp á bænarskrár úr Kjósar- og Gullbringusýslu um niðurskurð.

Landar góðir!

Þér, sem búið í Kjósarsýslu og í norðurhluta Gullbringusýslu, hafið nú sent alþingi tvær bænarskrár og 2 yfirlýsingar, er þér hafið samið á almennum breppamótum, er sýna ljóslega, að þér eruð búnir að missa traust allt á lækningunum, en viljið fúslega gjöra samtök að algjörðum niðurskurði, og í annan stað berið þér fram þá bæn yðar, að alþingi hlotist til um það, að kláðafaraldrinu verði útrýmt nú í haust komanda með almennum niðurskurði sauðfjárins í hinum sýktu og grunuðu hèruðum.

Jafnhiða þessum bænarskrám yðar lagði stjórnin fyrir þingið frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi, og gengur frumvarpið allt í þá aðalstefnu, að eyða fjárfaraldrinu með lækningum eingöngu.

Tillögur yðar og frumvarp stjórnarinnar gengu þannig í gagnsæða átt hvort á móti öðru.

Þingið þarf nú eigi að skýra yður frá því, að hingað til hefir stjórnin jafnan framfylgt lækningum í máli þessu, og enn eru þær mergurinn í frumvarpi hennar nú til þingsins.

Þingið áleit því óráðlegt, að senda bænarskrá konungi vorum um lögskipaðan niðurskurð á sjúku og grunuðu fje, enda mundi slík bæn eigi hafa getað fengið áheyrn sízt svo snemma, að óskum yðar hefði orðið framgengt á þann hátt nú þegar í haust.

Þingið afræð því að fallast á, að frumvarp stjórnarinnar yrði gjört að lögum, svo fljótt sem unnt væri, en jafnframt þessu gjörði það ýmsar markverðar breytingar á frumvarpinu, er lutu að því að afstýra almenntri hættu, er leitt gat af lækningareglum þeim, er frumvarpið fyrirskipaði, með því, að hvergi var í frumvarpinu ákvarðað, hvað álita skyldi veikt eða grunað fè, nè heldur settar neinar tryggar reglur til að varna samgöngum fjárins. Þingið tekur það nú fram til bendingar fyrir almenning, að frumvarpið með breytingum þingsins hyggir lækningareglu sína einkum á þeim fjórum aðalatriðum: 1. að kjörnir skuli menn í hverri sveit lögreglustjórninni til aðstoðar í lækningunum o. s. frv., móti hæflegri borgun fyrir þau störf sín. 2. að tryggir verðir skuli skipaðir umhverfis

hin sýktu og grunuðu hëruð eptir því sem þörf krefur og til hagar. 3. að kostnaðurinn af þessu og svo lækningunum verði mestmegnis greiddur af eigendum hins sjúka og grunaða fjár, og tekinn lög-taki eptir yfirvaldsúrskurði, ef á þarf að halda, og 4. að sérhvert skeytingarleysi bæði af hálfu þeirra, er umsjón eiga að hafa með lækningunum, vörðum o. s. frv., og eins af hálfu fjáreigenda varði þungum sektum. Svo alþýða því betur geti séð þetta og áttað sig á máli þessu að öðru leyti, lætur þingið með bréfi þessu fylgja frumvarp stjórnarinnar með þeim breytingum, sem þingið hefir á því gjört, og eins og það nú verður sent konungi til staðfestingar.

Þingið álitur nú að vísu, að með frumvarpi þessu, þegar það er að lögum gjört, muni takast að útrýma kláðanum algjörlega. En þó getur þingið ekki dulizt þess, að framkvæmd þessara laga hlýtur að hafa svo feyki-mikinn kostnað og lög-ábyrgð í för með sér fyrir almenning, að fyllsta ástæða er fyrir alla þá, er búa í hinum sýktu og grunuðu hëruðum, að skoða nákvæmlega huga sinn um það, hvort eigi muni hollara og kostnaðarminna að eyða sauðfè öllu í þessum hëruðum nú þegar í haust, heldur en biða þess, að lögum þessum verði beitt á móti þeim.

Þingið gat nú, eins og áður er sagt, ekki tekið óskir yðar inn í bænarsskrá sína til konúngs, en í þess stað snýr það sér til yðar sjálfra fyrst og fremst, og allra annara sem í hinum sýktu og grunuðu hëruðum búa, og skorar á yður, að þér með almennum samtökum og bróðurlegum huga, sem bænarsskrár yðar eru byggðar á, takið nú þegar hin vitrustu og heillavænlegustu ráð í þessu mjög áriðandi velferðarmáli yðar og landsins, og það því fremur, sem stjórnin hefir áður látið í ljósi, að hún eigi sæi ástæðu til að spyrna á móti slíkum almennum samtökum í máli þessu, eins og líka konúngsfulltrúinn nú á þingi að eins lýsti efasemd sinni yfir því, að almennur félagsskapur til niðurskurðar gæti á komizt í haust, en taldi honum að öðru leyti ekkert annað til fyrirstöðu.

En um leið og þingið gefur yður, landar góðir, þessa bendingu, skal þess og getið, að fulltrúar Árnesinga, Þingeyinga, Eyfirðinga, Húnavetninga og Dalamanna lýstu því yfir á þingi, að bændum í hinum sjúku og grunuðu hëruðum stæði til boða nóg sauðfè með sanngjörnu verði í kjördæmum þeirra, jafnskjótt sem þeir gjör-eyddu fè sínu í tíma. Þess skal og getið, að menn geta nú í haust, eptir því sem þingmönnum er kunnugt, selt mikið sláturfè kaup-

mönnum hér Reykjavík með fullkomnu verði, ef menn eru sèr út um það í tíma.

Þegar nú þingið lítur á þetta mál, eins og því nú er komið, virðast allar þær tálmanir burtn numdar, er hingað til hafa verið því til fyrirstöðu, að fjárkláðinn yrði upprættur úr landi voru, þar sem heitýrði áðurtaldrá þingmanna er borgun fyrir því, að lógun hins sjúka og grunaða fjár ekki getur leitt til atvinnu- eður bjarg-ræðissmissis, á nokkurn hátt, heldur einmitt til þeirrar tryggingar á aðalatvinnuvegi Íslendinga, sem þeir hafa þráð nú í langan tíma.

Þingið lýsir yfir að lyktum því trausti sínu, að Íslendingar sýni nú drengskap sinn og viturleik, og beini samtaka áhuga þeim, er þeir hingað til hafa haft á þessu máli, í þá stefnu, sem þingið hefir vísað á, sjálfum sèr til sóma og ættjörðu vorri til ómetanlegs gagns og blessunar.

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Halldór Jónsson. Benidikt Sveinsson.

Álitsskjal

til konungs í málinu konunglegt frumvarp til vinnuhjálaga.

Yðar konunglegu hátign hefir þóknast að láta leggja fyrir þetta þing frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi. Þingið kaus 5 manna nefnd til að íhuga þetta mál, og ræddi það síðan á 2 aðalfundum á lögskipaðan hátt, og leyfir það sèr nú allraþegnsamlegast að kveða upp álit sitt um þetta mál, og bera uppástungur sínar og bænir fyrir yðar konunglegu hátign á þessa leið:

Eins og stjórn yðar hátignar hefir frá öndverðu gjört sèr mikið far um, að laga-undirbúningur sá, er hér ræðir um, yrði sem mest sniðinn eptir þörfum þessa lands og hinu einkennilega ásigkomulagi þess, þar sem nefnd íslenzkra embættismanna, amtmennirnir á Íslandi, og alþingi 1861 hafa þegar áður fjarlað um það, þannig getur þingið eigi annað en lýst gleði sinni og þakklæti yfir því, að hið konunglega frumvarp, sem lagt var fyrir þetta þing, ber það ljóslega með sèr, að stjórn yðar hátignar hefir í mörgum og verulegum atriðum aðhyllt breytingar þær, sem alþingi 1861 óskaði, að gjörðar yrði á hinu konunglega frumvarpi til vinnuhjálaga á Íslandi, sem þá var lagt fyrir þingið, áður en það kæmi út sem lög. Hvort sem menn nefnilega líta á ástæðurnar fyrir hinu yngra kon-

unglega frumvarpi, sem nú var lagt fyrir þetta þing, eður ákvarðanirnar í frumvarpinu sjálfu, getur það eigi dulizt neinum, að stjórn yðar hátignar hefir yfirhöfuð að tala fallizt á þær aðalgrundvallarreglur, sem alþingi 1861 byggði á tillögur og uppástungur sínar um þetta mál, enda liggur það og í augum uppi, að slík lög, er hér ræðir um, sem eptir augnamiði sínu og verkahring að eins snerta lagaleg viðskipti og réttarsamband manna í milli á svo lágu og alþýðlegu stigi, verða nákvæmlega að vera byggð á og sniðin eptir réttarmeðvitund þeirri og reglum, sem smátt og smátt með tímanum hafa af sjálfu sér rutt sér til rúms og áunnið sér réttarafl og álit meðal almennings.

Eins og stjórn yðar hátignar virðist að hafa fallizt á þá skoðun alþingis 1861, að þetta væri yfir höfuð að tala réttur og eðlilegur grundvöllur hjálaga á Íslandi, ef þau í raun og veru ættu að geta bætt úr þeim skorti á skrifuðum lagasetningum, sem menn um hrið munu hafa fundið til hér á landi, þannig er það og auðsætt, að hið ytra innihald, efni, og niðurskipun hins konunglega frumvarps er að miklu og mörgu leyti sniðið eptir þeirri aðal hugsun, sem vakti fyrir þinginu 1861, jafnhliða hinu, að lögin að þessu leyti væru í öllum greinum þeirra svo ljós, einföld og aðgengileg fyrir alþýðu manna, að sérhver skynsamur maður gæti séð og viðurkennt, að þessi hin nýju skrifuðu lög eigi væru annað en fullkomin, föst og trygg réttarskipun byggð á og sprottin af þeim innri aðalgrundvelli, réttarmeðvitund og réttarvenju hinnar íslenzku þjóðar.

Þingið játar nú og, að hið konunglega frumvarp hafi á eigi allfáum stöðum hrundið frumvarpi því, sem frá alþingi kom 1861 nær þessari aðalstefnu, og þannig að þessu leyti endurbætt það, en jafnframt þessu leyfir þingið sér að taka það fram, að hið konunglega frumvarp hefir aptur á hinn bóginn í nokkrum mjög verulegum atriðum, eins og segir í ástæðum þess, vikið frá tillögum þingsins 1861, og þar eð þessi atriði hafa valdið því, að mál þetta var að nýju lagt fyrir þingið, þykir mega ganga að því vakandi, að stjórn yðar hátignar einnig hvað þau snertir vilji að þau sæu svo ítarlega rannsökuð, að úr skugga megi ganga um það, að þau sæu eins og lögin að öðru leyti byggð á réttarvenju og réttarmeðvitund Íslendinga, og því næst niðurskipuð samkvæmt aðalblæ og grundvallarsniði þeirra í hinum öðrum greinum.

Þessi atriði eru einkum fyrsta grein hins konunglega frumvarps, sér í lagi hvað 16 ára aldurinn snertir, og hefir þingið eigi getað

fundid ástæðu til að víkja frá skoðun sinni 1861 og meiri hluta Reykjavíkurnefndarinnar; því þó fulltrúi yðar hátignar lèti í ljósi efasemdir sínar um það, hvað lög væru í þessu efni, án þess þó að benda á aðrar lagasetningar en þær, sem hingað til hafa verið lagðar til grundvallar fyrir þeirri skoðun, að 18 ára aldurinn væri eins og í Danmörku takmarkið fyrir persónulegum myndugleik hér á landi, þá voru allir hinir aðrir löglærðu menn á þinginu, sem þó eru eigi allfáir á því máli, að 16 ára aldurstakmarkinu, sem án alls efa er mælikvarðinn eptir öllum íslenskum lögum, og er skýrt og ljóslega ákveðinn bæði í hinum borgaralegu og kirkjulegu lögum, Jónsbók og Kristinnrètti, sè enn eigi breytt, eins og líka allir þingmenn, sem svo grant þekkja til hinnar íslensku rættarvenju í þessu efni, lýstu því samhuga álitu sínu yfir, að 16 ára aldurstakmarkinu væri fylgt, hvað vistarráð snerti hvervetna á Íslandi, og þetta síðara atriði virðist þinginu svo þýðingarmikið, að það eptir aðalgrundvelli og aðalstefnu laganna, virðist að eiga að takast til fyllstu greina, hvað svo sem skilningi einstakra hinna yngri skrifuðu laga líður, þar sem það berlega sýnir, að 18 ára aldurstakmarkið fyrir persónulegum myndugleik á Íslandi ekki hefir, hvað sem öðru líður fram á þenna dag getað rutt sér til rúms í rættarmeðvitund hinnar íslensku þjóðar, sem að öllu leyti er grundvöllur og mælisnúra þessara laga eptir samhuga álitu og vilja stjórnar yðar hátignar og þingsins.

Hið annað aðalatriðið er efnið og niðurskipunin í 7. og 9. gr. Að visu voru allmargir þingmenn á þeirri skoðun eins og í hitt eð fyrra, að þessar greinir hefðu ýmsa galla, en eins og þær mótbárur, sem gjörðar voru á móti þessum greinum á alþingi 1861, áttu eigi við hið konunglega frumvarp sem lagt var fyrir þetta þing, þar sem það að mörgu og miklu leyti byggir á sömu grundvallarskoðun sèr í lagi 7. gr., sem alþingi 1861 gjörði, þannig komst meiri hluti þingsins til þeirrar niðurstöðu, að hugsunarsamband og niðurskipun laganna, jafnrættishlutfallið milli hjús og húsbónda, beinar afleiðingar af hinum viðurkenndu grundvallarreglum um afleiðingarnar af vistarrofi, og örðugleikinn ef ekki ómöguleglegleikinn á því að gjöra skriflega hjúasamninga á Íslandi nauðsynlega, inniheldi hvað út af fyrir sig og allt til samans yfirgnæfandi ástæður til að hallast fremur að skoðun alþingis 1861, en í hinu konunglega frumvarpi er gjört, hvað þessar greinir snertir.

Hið þriðja aðalatriðið er 19. gr. stjórnarfrumvarpsins um húsa-

ann. Þingið gat að vísu eigi fremur nú en í hitt eð fyrra sæð að húsaga-ákvörðunin ætti heima í hjúalögum, heldur að eins ákvörðunin um það, hvaða vald húsbóndinn hefði yfir hjúum sínum yfirhöfuð, ungum sem gömlum; en þar sem stjórn og fulltrúi yðar hátignar hafa haft svo verulega á móti slíkri ákvörðun, varð það niðurstaðan á þinginu, að hentast mundi að fella burtu þessa grein, án þess að setja neitt í staðinn, þar sem þingið þykist mega gjöra ráð fyrir, að hlutarins eðli, landsvenja og grundvallarreglur og andi hinna nýju hjúalaga gjöri ákvörðun um húsbóndaréttinn hér á landi óþarfa.

Þar sem þingið einnig í öðrum greinum, en nú er talið, hefir vikið frá hinu konunglega frumvarpi, þá virðist það nægja að vísa til ástæðanna fyrir þessum breytingum við hverja einstaka grein, og það því fremur sem allar þessar breytingar ganga í sömu aðalstefnu, sem áður er tekin fram, og stjórn yðar hátignar yfirhöfuð hefir fallið á sem fyrr er greint.

Um 1. gr.

Þinginu virðist, að bæði Reykjavíkurnefndin og alþingi 1861 hafi tekið gildar og yfirgnæfandi ástæður fram fyrir því, að 16 ára aldurstakmarkið eigi hér á landi að vera það takmark, er gefi hvort heldur karli eður konu lögákveðinn rétt yfir persónu sjálfrar sín til þess að ráða sig í vist, og getur þingið engan veginn fundið né viðurkennt, að ástæður þessa frumvarps fyrir 18 ára aldurstakmarkinu, sem enn er fast haldið í frumvarpinu sjálfu, sè svo, að þær geti dregið úr gildi þeirra röksemda, sem fram teknar eru í móti þessu fjárforráða aldurstakmarki danskra laga eða réttlætt það svo, að ráðlegra og tiltækilegra yrði nú, heldur en áður hefir þótt, að gjöra það gildandi. Í ástæðum þessa frumvarps hefir þó stjórnin viðurkennt, eins og er, að 6. gr. í fátækrareglugjörð Íslands 8. janúar 1834, og sem að vísu er yngra lagaboð en tilskipun 21. desember 1831 hafi, án alls tillits til þeirrar ákvörðunar, sem í þessu síðarnefnda lagaboði er fólgin um 18 ára aldurstakmark fyrir rýmri fjárforráðum, bundið skylduna til að sjá af sveitarstyrk — og þá jafnframt réttinum til að ráða sjálfum sér, persónu sinni og vinnukröptum, á hvern þann hátt, sem hann bezt gæti innan laganna takmarka, til þess að hafa ofan af fyrir sjálfum sér, þar sem sveitin væri hætt að veita framsferið — einmitt við 16 ára en ekki 18 ára aldurstakmarkið. Aptur getur þingið ekki álitíð, að það sè á rökum byggt, sem segir hér í ástæðunum, að það sè að eins

fátækrastrjórnin, »sem geti komið þeim fyrir í vist«, sem hafi verið á sveit, en sè orðþeir fullra 16 ára; þingið ætlar að engi þessleiðis ákvörðun finnist í fátækra reglugjörðinni nè annari sveitarstjórnarlöggjöf hér á landi. Þvert á móti liggur það beinlínis í ákvörðun laganna um framfærsluréttinn, sem aptur einmitt miðast við 16 ára aldurinn, að dvöl hins unga sè óbundin og óháð annara ráðstöfunum, þar sem einungis hin frjálsa dvöl á einum stað aflar framfærsluréttar, enda sè það hvergi nè hafi verið venja hér á landi á seinustu árum, að sveitarstjórnin eða hreppstjórnarnir eigi neina beinlínis tilhlutun með vistforráðum þessleiðis manna frá því þeir eru komnir af sveit, nema því að eins, að *annaðhvort* sè unglingurinn þá enn ófermdur, svo að sóknarpresturinn verði og eigi að hafa tilhlutun með, að unglingurinn komist niður í þeim stað, þar sem hann getur orðið fullnuma í kristinn dómi sínum sem fyrst, *ell-egar*, að unglingurinn sjálfur geti ekki komið sèr í viðunanlega vist, og leiti því aðstoðar og milligöngu hreppstjórans til þess að koma sèr niður í sem beztum samastað, eins og ráðgjört er í fátækra reglugjörð 20. gr., og nú í tilsk. 26. maí 1863, 8. gr. 1. málsg. Og þó að það virtist verða leitt út úr reglug. 1834, sem er farið fram í ástæðum hins konunglega frumvarps, að sveitarstjórnin eða hreppstjórnar eigi einir og eingöngu ráð á því að lögum að vista þá unglinga, sem hafi alizt upp á sveit frá því þeir eru fullra 16 ára til þess þeir eru fullra 18 ára, hvort sem þeir eru ófermdir eður eigi, þó þeir gæti og vildi sjálfir útvega sèr annan betri samastað — hvar um þó engi spor finnast í reglugjörðinni, eins og nú var sýnt, eins og það er líka þvert á móti venju og réttarmeðvitund landsmanna, einkum síðan 11. gr. í húsagatilskipuninni 3. júní 1746, um skyldu þeirra, er upp alast á sveit, til þess að vistast innsveitis, þegar þeir eru komnir af ómaga-al dri, var úr lögum tekin, þá gæti þetta þó aldrei náð til hins mikla fjölda, sem aldrei hafa upp alizt á sveit að neinu leyti, og virðist fjarri sanni, að sveitarstjórninni sè neinstaðar í lögnum gefinn myndugleiki eða átyla til að eiga neinn hlut að vistarráðum slíkra manna, allt hvað unglingurinn ekki sjálfur leitar til hennar ráða og milligöngu um það, af því hann treystir ekki sjálfum sèr til þess. Að síðustu verður þingið líka að benda til þess, að þar sem tilskipun 30. apríl 1824 í 3. gr., 1. tölulið heimilar 16 vetra stúlkum að giptast, þá gæti svo að borið, eptir skoðun stjórnarfrumvarpsins, að rúmrá 16 ára ekkja mætti ekki ráða sig í vist, þó að hún þyrfti og vildi,

nema með ráði foreldra eða forráðamanna, fyrr en hún væri fullra 18 ára; en þetta væri þó eins móthverft öllum öðrum persónu- og forráðaréttindum þeim, er ekkjur hafa að lögum, öðrum konum fremur, án tillits til aldursins.

Þar sem frumvarpsástæðurnar segja, að 16 ára takmarkið mundi leiða til svo þýðingarmikillar breytingar á hinum almennu reglum laganna um vald foreldra yfir börnum sínum, er sízt væri ákjósanleg, þá er þessu alls ekki svo varið, því unglingurinn, þó hann sé eldri en 18 ára, fer nú yfirhöfuð að ráðum þeirra foreldra, hverra ráð eru að nokkru hafandi, þegar hann ræður sig í vist hjá vandalausum, og gjörir það alls ekki, ef þau þurfa hans sjálf eða þeim er vistarstaðurinn þvert um geð; en sé annaðhvort foreldrunum svo varið, að yfirráð þeirra yfir barninu mætti sitja því í ljósi fyrir góðum vistarstað og þannig hafa veruleg áhrif til ills á framtíð hjúsins, eða þá ekki um neina foreldra að tala, þá er vissulega mjög hæpið, að lögin setji hér við nýtt aldurstakmark, sem ekki að eins er nauðsynjalaust, heldur stríðir í móti réttarmeðvitund vorri og landsvenju, leggur óeðlilegt band á persónulegt frelsi og ráðgjörir að sjálfsögðu einhver vistarráðaforráð af hendi hins opinbera, fyrir öllum foreldralausum unglingum frá 16 til 18 ára, sem hvergi eru lögákveðin, og mundu jafnan bæði verða óvinsæl og þýðingarlaus hér á landi.

Af þessum ástæðum og með skýrskotun til þar að lútandi ástæða í bænarskrá alþingis 1861 um hjúalagamálið (alp.tíð. 1861 bls. 1777—78), og ástæða meiri hluta Reykjavíkurnefndarinnar (sama árs alþingistið. viðb. bls. 61—63) verður þingið að ráða til þess, að frumv. 1. gr. sé þannig breytt, að í stað 18 ára setjist 16 ára. Þingið saknar og einnig þeirrar ákvörðunar í hinu konunglega frumvarpi sem stóð í frumvarpi alþingis 1861, að sóknarprestur hafi hönd í bagga með vistarráðum ófermdra unglinga, og það því fremur sem þessi ákvörðun er jafn-eðlileg og ætlunarverki sálusorgarans alveg eins samkvæm, hvort svo sem 18 ára eður 16 ára aldurstakmarkið er látið gilda. Aðalatriðið er þó auðsjáanlega það, að meðan ungmennið ekki er komið í kristinna manna tölu, og því þarf sérlegrar leiðbeiningar við í sáluhjálparefnum sínum og kristilegu siðferði, þá virðist það sannarlega varla geta verið vafa undirorpið, að hin borgaralegu lög eigi að gefa sálusorgaranum nokkurt atkvæði í því, hvar ungmennið velur sér samastað og á

hægast með að innræta sér kristileg fræði. Að þessu leyti getur þingið eigi fallið á stjórnarfrumvarpið.

Eins verður og þingið að ráða frá því, eins og þingið gjörði 1861, að sú ákvörðun verði í hjúalögum vorum, að foreldrar eður aðrir forráðamenn geti veitt þeim, sem yngri er en svo, að hann að lögum geti vístráðið sig, myndugleik til að gjöra það sjálfur. Því eins og það liggur í augum uppi, að hvorki foreldrar nè forráðamenn geti með *leyfi sínu* einu gefið ungmenninu meiri þroska eður framfarir til að sjá sér farborða, en það hefir af sjálfu sér og af guði þegið, heldur að eins losað það við yfirráð sín, þannig stríðir og þetta aptur beinlínis á móti hinni almennu og eðlilegu reglu, að foreldri eður forráðamaður eigi geti losað sig við skyldu sína með því að gefa eptir rétt sinn, af því réttur og skylda haldast hér í hönd og verða eigi aðskilin. Þessi ástæða verður nú þeim mun sterkari sem menn leggja meiri áherzlu á þá skoðun stjórnarfrumvarpsins, að ekki einu sinni 16 ára gömul ungmenni hafi á Íslandi fengið nægan þroska til að vístráða sig sjálf.

Af þeim ástæðum sem nú voru talðar, ræður því þingið til þess, að 1. gr. stjórnarfrumvarpsins verði orðuð eins og 1. gr. í frumvarpi alþingis 1861.

Um 2. gr.

Þingið getur ei aðhyllt þessa grein óbreytta, og eins orðaða eins og hún er í hinu konunglega frumvarpi, þar sem í upphafi hennar er tekin fram sú aðalgrundvallarregla, að það skuli komið undir samkomulagi, hversu lengi vistarráðin skuli vara, því í þessu virðist liggja sú bending í lögnum, sem er gagnstæð réttarvenju og réttarmeðvitund manna hér á landi yfirhöfuð að tala, að hjú visti sig skemur en árlangt, þar sem þingið aptur á hinn bóginn þó álitur réttast að neita ekki skemmri vistarráðum en 12 mánaða lagagildi, sem vistarráðum þar sem þetta gæti valdið því, að hjú sem annaðhvort væri vikið úr vist eður missti hana á annan hátt yrði að ganga vistlaust til næsta hjúaskildaga, sem aptur gæti komið í alvarlegan bráða við lögin um lausamennsku.

Með skýrskotun til ástæða þeirra, sem skýrt voru teknar fram við þessa grein í frumvarpi alþingis 1861, sjá alþ. tíð. bls. 1099 til 1100, verður þingið að ráða til þess, að önnur grein þingsfrumvarpsins 1861 komi í staðinn fyrir þessa grein í frumvarpi stjórnarinnar, og það því fremur sem 2. málsgrein í frumvarpi alþingis

1861 einmitt innibindur hina sömu reglu sem 2. málsgrein stjórnarfrumvarpsins, en er þó langtum styttri og óbrotnari.

Um 3. og 4. gr.

Á þessar greinir fellst þingið óbreyttar.

Um 5. gr.

Eins og segir í ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessari grein, er henni að eins breytt fyrir þá sök, að útiloka vafa um það, hvort reglan skuli gilda um skemmri vist en ársvist. Þingið fær nú eigi sæð, hvernig þessi grein þess 1861 getur valdið mis-skilningi, því eins og reglan eptir orðanna hljóðun eigi á við þau vistarráð, er stofnuð eru eptir eður á jólum, þannig yfirgripur hún berlega öll vistarráð, er gjörast fyrir þann tíma, enda virðist hús-bóndinn ekki síður eiga að hafa forgöngurætt til þess hjús, sem þarf að koma sèr niður eptir krossmessu, og hann í flestum tilfellum tekur af velvilja og greiðasemi, en til hins, er ræður sig á krossmessu, er allir vistarstaðir eru því opnir, þegar það þó er svo snemma, að eigi þarf að beygja hina almennu reglu til þess að heimfæra hana upp á hjúðið. Það er þannig auðsèð, að 1. málsgrein í þessari grein stjórnarfrumvarpsins er þrengri en tilsvarandi málsgrein í frumvarpi þingsins, svo að orðið »árlangt« eigi á við, enda virðist það og um of að henda til þess sèrstaklega og sjaldgæfa tilfellis (sjá ástæður við 2. grein), að hjú ráði sig skemur en um 1 ár.

Þannig álitur þingið, að 1. málsgrein þingsfrumvarpsins 1861 ætti að koma í staðinn fyrir þessa málsgrein stjórnarfrumvarpsins. Þingið getur nú og ei annað en komizt til sömu niðurstöðu, hvað 2. málsgrein áhrærir, af þeirri ástæðu, að þessi málsgrein í þingsfrumvarpinu er miklum mun styttri og einfaldari. Að eins stingur þingið upp á, að í staðinn fyrir orðið »tekur« í þingsfrumvarpinu komi: »ræður«.

Um 6. gr.

Á þessa grein fellst þingið óbreytta.

Um 7.—9. gr. og 11.—12. gr.

Eins og segir í ástæðunum fyrir frumvarpi stjórnarinnar um þessar greinir gjörði þingið 1861 mjög verulegar breytingar á þeim, og er þar einnig með þerum orðum tekið fram, í hverju þessar verulegu breytingar sè fólgnar og hvers vegna þingið gjörði þær, nefnilega í því skyni, að gjöra lögin sem óbrotnust og þannig undir

eins sem skiljanlegust fyrir alþýðu manna, sjá nákvæmar hinar almennu athugasemdir hér að framan.

Það sèst nú ljóslega af ástæðum stjórnarfrumvarpsins fyrir þessum greinum, eins og þeim sjálfum, að stjórnin hefir fyllilega viðurkennt, að þessi skoðunarháttur þingsins sè með öllu réttur, þar sem stjórnin hefir, eins og sjá má af bls. 17 í stjórnarfrumvarpinu einmitt játað, að það mælti mest með því, að sú regla þingsins, að einni aðalgrundvallarreglu væri fylgt, hvort sem hjúasamningurinn væri rofinn, áður eða eptir að hjúið kemur í vist, væri látin gilda af þeirri ástæðu, að lögin yrði þá óbrotnari og skiljanlegri, heldur en með því móti, að gefa margar og margbrotnar reglur, og eru 10. og 11. gr. stjórnarfrumvarpsins, sem siðar segir, lagaðar yfirhöfuð að tala samkvæmt þessu eptir tillögum þingsins 1861.

Gæti maður nú að 7. greininni í stjórnarfrumvarpinu, þar sem samkynja aðalbreyting er gjörð af þinginu 1861 á frumvarpi stjórnarinnar, sem þá var lagt fyrir þingið, einmitt af sömu grundvallarástæðu sem nú var talin, mun maður einnig geta sannfært sig um það, að stjórnin í raun rætti einnig hefir aðhyllt hvað þessa grein snertir þá verulegu breytingu þingsins 1861 á því frumvarpi stjórnarinnar, sem þá lá fyrir því, að rættara væri að gefa einfalda og almenna reglu, að svo miklu leyti sem unnt væri, um rétt húsbónda og hjús hvors fyrir sig, til að ripta vistarráðum, áður en hjú fer í vistina, en hafa um það flóknar og margbrotnar reglur, eins og gjört var í uppástungum Reykjavíkurnefndarinnar og stjórnarfrumvarpi því, sem lagt var fyrir þingið 1861, og sèst þetta ljóst þegar saman er borið hið eldra konunglega frumvarp og uppástungur Reykjavíkurnefndarinnar á einn veg, og frumvarp alþingis 1861, og það stjórnarfrumvarp, sem nú er lagt fyrir þingið, á annan veg.

En jafnframt og þingið þannig þykist með fullum rökum mega halda því fastlega fram, að stjórnin hafi fundið yfirgnæfandi ástæður til að aðhyllast aðalgrundvallarreglur alþingis 1861, hvað þenna kafla laganna snertir, þá getur það samt sem áður á hinn bóginn með engu móti viðurkennt, að breytingar stjórnarfrumvarpsins, einkum hvað 7. greinina áhrærir, sè heppilegar í lögunum sem samsvarandi þeirri aðalhugsun og aðalgrundvallarreglu, sem eins og nú var á vikið, eru fyllilega viðurkenndar bæði af alþingi Íslendinga 1861, og af stjórnarfrumvarpi því, sem nú var lagt fyrir þingið.

Hvað þá 1. málsgrein þessarar greinar snertir, þá getur þingið engan veginn viðurkennt, að hún sé rétt orðuð í stjórnarfrumvarpinu eður eins vel og hjá þinginu 1861, jafnvel þó mönnum við fyrsta álit kunni að sýnast hún ljós, að því leyti sem hún með berum orðum tekur fram það tvennt, sem ráðgjört er í lögumum, að annaðhvort vitji húsbóndinn hjúsins eða það flytji sig til hans, því það getur þó víst eigi verið spursmál um, að það sé rétt, að hjú, sem t. a. m. eptir 7. gr. 3. og 4. tölulið hefir tælt húsbóndann og preittað vísvitandi, og með því valdið honum ef til vill, fjarskalegs skaða, eigi ekki að bera aðrar afleiðingar af því, en þær, að húsbóndinn hafi rétt til að veita því ekki móttöku. Sjá það, er síðar segir um 12. grein. Að öðru leyti getur þingið ekki komizt hjá því, að gjöra eptirfylgjandi athugasemdir við þessa grein stjórnarfrumvarpsins: Það er næsta eptirtektavert, að stjórninni hefir virzt, eins og segir í ástæðum hins konunglega frumvarps, sjá bls. 14, að ákvörðun þingsfrumvarpsins 1861 7. gr. sé svo ákveðin, að hún í daglegu lífi hæglega gæti gefið tilefni til þráfaldlegra miskliða og að það því sé nauðsynlegt að breyta henni svo, að það yrði ljóst, að húsbóndi að eins hefir rétt til að ripta vistarráðunum fyrir vöntun þeirrar kunnáttu hjá hjúinu, sem hann áskildi, þá er hann ræði það til sín og sem það með berum orðum kvaðst hafa til að bera, eður sökum þeirra ókosta, sem það, þá er það vistaðist, með berum orðum hefir neitað að hafa. Þingið getur nú með engu móti séð betur en að sú ákvörðun í þingsfrumvarpinu 1861, er hér ræðir um, eigi að eins standi í fullkomnustu samhljóðun við almennar reglur um samninga manna á millum yfirhöfuð, heldur einnig að hún sé einmitt svo ákveðin, sem þær ýtrast leyfa og þingið getur ekki eptir rækilegustu yfirvegun séð eða skilið, að rétti hjúsins sé gengið of nærri með því að það gjöri sig sekt í vistarrofi, eða með öðrum orðum greiði húsbónda lögákveðnar skaðabætur, þegar það hefir tælt húsbónda sinn, annaðhvort með því að telja sér til gildis kosti, sem hann gekkst fyrir, eða leynt á sér ókostum, sem fælt mundu hafa (nefnilega eptir venju og hugsunarhætti skynsamra manna á þeim og þeim stað) húsbóndann frá því að vistráða það. Hið ákveðna, sem á að liggja í þessu, liggur þá og í eðli hvers samnings, og verður í hjúasamningum, eins og annarstaðar í hverju einstöku tilfelli ákveðið við það, sem hjúi og húsbónda fer á millum, er vistarráðin gjörast, eins og líka við það, að húsbóndinn verður, samkvæmt almennum grundvallarreglum laganna, að sanna,

að hjúíð hafi tælt hann á fyrirtèðan hátt. Beri maður nú þetta saman við tilsvarendi ákvörðun í 7. gr., nr. 3 í stjórnarfrumvarpinu, þá mun það fljótt auðsætt, að hún einmitt er svo ákveðin, að hún á engan hátt getur verið í hjúalögum hér á landi, án þess að gjöra hjúasamninga annaðhvort ómögulega eða þá svo örðuga eptir henni, að reglunni yrði aldrei fylgt. Eða hvernig mundi það vinnandi verk fyrir húshóndann að telja upp fyrir fram öll þau verk, sem hann kann að þarfnast af hjúsins hálfu, og alla ókosti, sem hann fælist. Slíkt er eigi heimtandi af neinum almúgamanni; enda er það auðsjáanlegt, að þessi ákvörðun, ef hún ætti að hafa nokkra þýðingu, útheimtir skriflega hjúasamninga, sem torsótt mundi verða að búa til að lögum hér á landi, þegar húsbóndi og hjú annaðhvort eður bæði ekki kynnu að skrifa eða lesa skript.

Sökum þessa virðist þinginu, að þar sem ákvörðun þess 1861, sem hér ræðir um, sè bæði eðlileg, rættlát gegn hjúum og eptirbreytanleg, þá sè þessi ákvörðun stjórnarfrumvarpsins óframkvæmanleg hér á landi og ofurselji einnig svo freklega húsbændur ódælsku hjúa sinna, að meira en góðu hófi gegni. Þingið hlýtur því að aðhyllast 7. gr., í frumvarpi þess 1861 í stað stjórnarfrumvarpsins 7. gr. nr. 3 og 4, sem eina almenna reglu.

Nr. 1. og nr. 2 í stjórnarfrumvarpinu fellst þingið á. Þó stingur þingið upp á, að orðin »eður viðbjóðslegur« falli burtu í fyrrnefndri málsgrein.

Þingið getur þar á móti ekki fallizt á, að 7. gr. 2. c og tilsvarendi ákvörðun 9. gr. nr. 1 í frumvarpi þingsins 1861 sè fjarstæðar í hjúalögum á Íslandi. Það liggur nefnilega í augum uppi, að vilji húsbóndi eður hjú svíkja hvort annað, þá muni því hætta við, að hera eitthvað það í vænginn, sem meiðandi er fyrir hitt. En að lögin fyrirbyggji slík svik, er alveg eðlilegt, og verður víst ekki sagt að sè óþarfi hér á landi.

Þingið ræður þannig til, að 7. gr. í frumvarpi þess 1861 komi í staðinn fyrir 7. gr. stjórnarfrumvarpsins, þó þannig, að orðunum: »einhvern næman sjúkdóm eður« verði bætt inn í 7. gr. 2 b á eptir orðið »hefir«.

Hvað 8. gr. stjórnarfrumvarpsins snertir þá ræður þingið til að í stað hennar komi 8. gr. í þingsfrumvarpinu 1861, af þeim ástæðum, sem þar eru greindar, og athugar þingið enn framar, að það álitur það vel eiga við að viðhafa í lögunum hvervetna orðið »vistarrof« þar sem það á við, því þetta er föst lagahugmynd í ís-

lenzku máli; það verður og eigi sèð, hvernig það á vel við, að taka 12. gr. þingsfrumvarpsins 1861 inn í þessa grein, því við það ruglast hin beina hugsun, sem á að ganga gegnum lögin. Hið almenna er og hér á landi, að húsbóndi vitji hjús, en ekki að hjúið flytji sig til hans, og þá er auðsætt, að þetta sjaldgæfara atvik eigi að koma eptir 7.—11. gr., sem tala um hið almenna, í sérstakri grein, er bendi til, hvaða áhrif það hafi á hinar áður gefnu reglur.

Til sömu niðurstöðu komst þingið viðvíkjandi 9. gr. samanber ástæðurnar við 7. gr., þar sem bent er nægilega á, að 1. tölul. hefir allt aðra og meiri þýðingu, en stjórnarfrumvarpið virðist að leggja í hann. Viðvíkjandi 2. tölulið stingur þingið upp á, að aptan við hann verði bætt: »Hið sama er og ef húsbóndi flytur 3 þingmannaleiðir eða 5 vikur sjávar burtu frá þeim bústað, sem hann ráðgjörði við hjúið, er hann vistræð það, þar sem þessi ákvörðun á enn betur við hér á landi en amtstakmark stjórnarfrumvarpsins.

Hvað loks snertir 3. töluliðinn, þá kom fram í umræðunum á alþingi 1861 á hverju hann væri byggður, nefnilega því, að það gæti verið jafnvel alveg ranglátt móti hjúinu að neyða það til að eiga á hættu réttar-rannsökn yfir sér, enda mundu flest hjú á Íslandi heldur vilja verða fyrir megnum útlátum. Þessi ákvörðun stendur og eigi í neinni mótsögn við aðrar tillögur alþingis, eins og í stjórnarfrumvarpinu segir, heldur er þvert á móti í fyllstu samhljóðun við 7. grein 2. a, sem saman við hana á að berast, og samþykkt er af stjórninni og þinginu. Það er og auðsætt, að það er minni ástæða að taka þetta til greina *eptir að* hjúið er komið í vistina, því þá er eigi að vita, nema hjúið sè samsekt húsbóndanum, eða í öllu falli geti gefið einhverjar áriðandi upplýsingar í málinu.

Viðvíkjandi 11. og 12. grein er það eigi lítill misskilningur, að þessar greinir, eins og segir í ástæðum stjórnarfrumvarpsins *ekki* gefi neina almenna reglu. Þessi almenna regla liggur nefnilega í orðinu: »vistarrof« sem eins og áður er ávíkið, er fast ákveðin almenn lagahugmynd, og þess vegna er þetta orð hjá þinginu 1861 hvervetna viðhaft, þar sem talað er um brot á hjúasamningi frá hjús eða húsbónda hálfu, og þegar þannig orðið vistarrof innibindur *öllu* slík atvik í lögum einstakleg og almenn, er það auðsjáanlega misskilningurinn á þessu orði, sem leitt hefir stjórnina til að breyta greinum þessum.

Þingið fær og ómögulega sèð annað, en að það sè hvað á

móti öðru og niðurbjótí lög málið milli ástæða og afleiðinga, að lögin gangi út frá því, eins og líka er alveg rétt, og ljósar ástæður voru færðar fyrir af alþingi 1861, og nú er viðurkennt í stjórnarfrumvarpinu, að þá sæu vistarrof saknæmust, er þau eru gjörð, áður en hjú kemur í vistina, en láta síðan afleiðingarnar af þessu grófara broti verða linari, en af því hinu vægara broti, að hjú hlaupi úr vist, sem það er komið í, (sjá ástæður alþingis 1861), og óskiljanlegt verður það auðsjáanlega, að lögin sýni þenna linleika, þegar hjú hefir vísvitandi tælt húsbóndann á sér. Að sú harka, sem flýtur beinlinis af réttlátri lagareglu, sem lögin viðurkenna, sè of hörð á móti hjúum, fær og þingið eigi með nokkru móti skilið, þar sem þó miðlun og sanngirni á þar að eins við, er hún eigi kemur í bera mótsögn við það, sem rétt er.

Þannig ræður þá þingið til þess, að einnig þessar greinir verði orðrættar, eins og þær eru í þingsfrumvarpinu 1861, settar í staðinn fyrir þessar greinir stjórnarfrumvarpsins.

Um 10. gr. (ný grein).

Þegar litið er til ákvörðunarinnar í 5. gr. stjórnarfrumvarpsins um það, að sá húsbóndi, sem hefir ráðið til sín það hjú, er hvorki hefir sagt þáverandi húsbónda lausri vistinni, nè heldur hann hjúinu til næsta vinnuhjúaskildaga, skuli fyrir þetta sekur um 5 til 10 rd., en þingið verður að vera á sama máli nú og í hitt eð fyrra, að þessari ákvörðun sè ekki ofaukið í lögin, heldur sè hún nauðsynleg, þá hljóta menn að sakna samkynja ákvörðunar, þar sem það getur allt eins opt að borið með ýmsum atvikum, að húsbóndi, sem hefir haldið hjú, er honum er bæði nauðugt og bagalegt að sjá á bak, en er nú löglega hjá öðrum ráðið á næsta hjúaskildaga, annaðhvort með hótunum, lokkunum eða á annan ólöglegan hátt, aptrar því að hjúið komist burtu frá honum eða í hina nýju vist sína á lögákveðnum tíma. En hèr að lútandi ákvörðun var einmitt skýrt tekin fram í 11. gr. stjórnarfrumvarpsins 1861, og virðist því þinginu yfirgnæfandi ástæður tala fyrir því, að tæð grein sè aptur upp tekin í þetta stjórnarfrumvarp með hliðsjón af þeim ástæðum jafnframt, sem fram voru teknar í hinu konunglega frumvarpi, sem lagt var fyrir alþingi 1861. Eptir aðalstefnu frumvarpsins virtist þinginu þó samkvæmara, að í staðinn fyrir *„helming kaup“* verði sett *„allt það kaup“* og eptir innihaldi frumvarpsins og niðurskipun þess virðist þinginu einnig réttast, að þessi nýja grein

ætti bezt heima milli 9. 10. gr. frumvarpsins að eins þykir skipulegra og ljósara, að grein þessi verði í upphafinu þannig orðuð:

»Ef húsbóndi annaðhvort með lökkunum, hótunum eða á annan ólöglegan hátt«, o. s. frv.

Um 13. og 14. gr.

Eins og ávíkið er að framan, ræður þingið til að 12. gr. þingsfrumvarpsins 1861 verði orðrætt tekin á eptir 11. gr. stjórnarfrumvarpsins, og verður hún nú hin 13. og að síðan komi þingsfrumvarpsins 13. grein, sem alveg er nauðsynleg eigi að eins gagnvart 14. gr. heldur og einkum vegna þess, að það er eigi svo ljóst hjúum á Íslandi, sem skyldi, að þau eigi að lögum megi setja önnur hjú í stað sinn. Hér upp í er einnig tekin 16. grein stjórnarfrumvarpsins.

Um 15. gr.

Samkvæmt því er nú var sagt ræður þingið til, að 12. grein stjórnarfrumvarpsins verði hin 15. í röðinni, og að úr henni verði tekin orðin: »með neinum samningi,« sem eru alveg óþörf, og virðast eins og að benda á, að húsbóndi með einhverju öðru en samningi geti afsalað hjú, sem þó mun ómögulegt. Enn fremur ætti í enda greinar þessarar að setjast »31. grein« í staðinn fyrir »29. grein,« sjá það, sem síðar segir.

Um 16. gr.

(Samanber stjórnarfrumvarpsins 13. gr.).

Þingið getur eigi séð annað, en að byrjun 15. gr. þingsfrumvarpsins 1861 hafi þann kost til að bera, sem þingið tók fram, því greinin á undan skilst náttúrlegast þannig, að haft sé einkum fyrir augum það tilfelli, að húsbóndi deyji, áður en hjú kemur í vist, þó einnig eigi að fylgja henni, þegar hann deyr seinna, en þá er það þó einnig aðgættandi, að aðrar reglur í lögnum koma þá einnig fram, sumsé um tímann, sem liðinn er fyrir dauðsfall húsbóndans. Með því greinin líka er íslenskulegri, eins og þingið 1861 vildi láta hana vera, ræður þingið til, að grein þessi verði höfð eins og 15. grein í frumvarpi þingsins 1861.

Um 17. gr.

(Samanber stjórnarfrumvarpsins 14. og 30. gr.).

Aptan við þessa grein hlýtur þingið, eins og það gjörði 1861, að álíta, að réttast sé, að komi ákvörðun um forgöngurætt hjúsins í protabúum til síðustu 12 mánaða kaups þess og matarverðs, er þingið fellst á, að hjúnið hafi jafnan forgöngurætt til, því að í þessari

grein er talað um kaupgjald hjúsins yfirhöfuð, bæði upphæð þess, gjaldeyri og eindaga.

Þegar stjórnin enn fremur athugar við þessa ákvörðun, sjá 30. grein í stjórnarfrumvarpinu, að D. L. 5—14—37 sè gildandi hér á landi, þá verður þingið að vera á gagnstæðri meiningu, þar sem eigi getur verið spursmál um, að þessi lagaregla með öndverðu hafi verið gefin fyrir Ísland, og það ekkert það lagaboð þekkir, sem seinna gefur henni hér lagagildi.

Um 18. gr.

(Stjórnarfrumvarpsins 15. gr.).

Á þessa grein fellst þingið óbreytta.

Um 19. og 20. gr.

(Stjórnarfrumvarpsins 17. og 18. gr.).

Á þessar greinir frumvarpsins fellst þingið óbreyttar.

Um 19. gr. stjórnarfrumvarpsins.

Þingið getur ómögulega aðhyllt þá skoðun stjórnarinnar, að ákvörðun um húsaga eigi að takast upp í tilskipun um réttarsambandið millum húsbænda og hjúa, þar sem þetta atriði virðist að innihalda samanblöndun tveggja ólíkra hugmynda, sem sín er hvað. Húsagi er annað, og byggður á öðrum lagagrundvelli, en húsbóndaréttur.

Húsaginn er byggður á því, að foreldrar eður þeir, sem að lögum standa í þeirra stað, eigi að uppala börnin, og húsaginn er heimilaður þeim bæði eptir hlutarins eðli og löggjöfinni sem nauðsynlegt meðal til þess. Ákvörðunin um húsagann á því að eins heima í þeim kafla laganna og lögfræðinnar, sem hljóðar um réttarsambandið milli foreldra og barna, eður í hinum svo nefnda familíurætti. Húsbóndarétturinn þar á móti er byggður á því, að húsbóndinn þarf að hafa vinnu-afl helzt fulltiða manna, sem einmitt eru komnir af barnsaldri, og því alls eigi standa lengur undir neinum húsaga, í sambandi við það að hann verður að hafa nauðsynlegt vald, bæði til þess sèr í lagi að stjórna vinnu-afla sínum, og til þess yfirhöfuð að geta komið fram sem stjórnari húss síns og heimilis. Á þessum grundvelli hvílir réttur húsbóndans yfir hjúinu, og hlýðnis- og virðingarskylda hjúsins við hann, og þinginu virðist auðsætt, að húsaginn í sjálfu sèr þannig eigi ekkert skylt við húsbóndaréttinn, og samanblöndun þessara ólíku ef eigi gagnstæðu hugmynda á sízt við í þeim hjúalögum, sem eins og þessi byggja lagasambandið milli húsbænda og hjúa sem mest má verða á grundvallarreglun-

um fyrir frjálsa samninga manna í millum, og það virðist vera þessu máli óviðkomandi, þó húsbóndinn hafi á heimili sínu ungmenni, sem standa undir húsaga hans, því *þetta* vald flýtur alls eigi af húsbóndarétti hans yfir hjúum sínum, heldur af því að hann, hvað þau snertir, kemur í foreldranna stað, og á að uppala þau, enda hlytu menn ella að komast í þá mótsögn, að húsbóndinu gæti eigi verið húsbóndi yfir öðum en þeim, sem hann hefði húsaga yfir.

Af augnamiði húsagaréttarins flýtur, að undir eins og uppeldið er á enda, hættir húsagarétturinn. Þess vegna er það í alla staði óheppilegt, og sárandi tilfinningar manna hér á landi, ef húsaga mætti beita móti mönnum, allt þangað til þeir eru orðnir 18 ára að aldri rétt eins og móti börnum, enda er þessi regla í dönskum lögum auðsjáanlega byggð á 18 ára aldurstakmarkinu fyrir persónulegum myndugleika, þó gjörð sé undantekning aptur frá þessu með stúlkur, af allt öðrum ástæðum. Sýnir þetta meðal annars, hversu stríðandi það sé móti réttarmeðvitund manna hér á landi um það atriði, hvenær menn að lögum hér á landi seu bærir að ráða sér sjálfir.

Þar sem nú þingið blaut að ganga út frá þessari skoðun, og með því stjórnin á hinn bóginn hefir eins og segir í ástæðum hins konunglega frumvarps svo mikið og verulegt á móti því, sem og í sjálfu sér virðist og að geta verið athugavert, að lík ákvörðun standi í lögnum í þessarar greinar stað, eins og þingið 1861 stakk upp á, þá komst það til þeirrar niðurstöðu, að réttast væri, að ákvörðun þeirri sem hér ræðir um væri sleppt, án þess neitt væri sett í staðinn.

Um 21.—23. gr.

(Stjórnarfrumvarpsins 20.—22. gr.).

Á þessar greinir fellst þingið óbreyttar.

Um 24. gr.

(Sbr. stjórnarfrumvarpsins 23. grein).

Í þessari grein á auðsjáanlega að vera tekið skýrt fram það, sem hvergi finnst annarstaðar í lögum þessum, að húsbóndinn ekki eigi á *nokkurn* hátt, að geta losað sig við þá skyldu, sem honum er á herðar lögð, að annast hjúið í veikindum þess, og geti ekki velt henni upp á hjúið sjálft eður aðra. Þetta er nú gjört í 25. grein alþingisfrumvarpsins 1861, og þar að auki bent á sérstaklega, að samningar, er gangi gagnstætt þessu, seu ómerkir, eins og líka er auðvitað. Stjórnarfrumvarpið þar á móti úttæmir engan

veginna þessa hugsun, heldur talar að eins um það, að húsbóndinn með samningum sínum við hjúði ekki geti losað við þessa skyldu, en lætur það óumtalað, sem þó mun langtum hættara við, að húsbóndinn þegjandi og á móti vilja hjúsins þröngvi svo kostum þess, þegar hann hættir að hafa gagn af því, svo sem í atlotum, umönnun, fæði o. s. frv., að það neyðist til að fara í burtu úr vistinni. Þingið verður því að ráða til að 25. grein þingsfrumvarpsins 1861, komi í staðinn fyrir þessa grein stjórnarfrumvarpsins.

Um 25. gr.

(Stjórnarfrumvarpsins 24. grein).

Á þessa grein fellst þingið eins og hún er.

Um 26. gr.

(Sbr. stjórnarfrumvarpsins 25. grein).

Orðabreytingarnar í enda þessarar greinar í stjórnarfrumvarpinu virðast að eins lengja lögin óþarflega frá því sem þingið 1861 stakk upp á í tilsvareandi grein 27. Þar sem í orðunum þar: »Sama er« o. s. frv. liggur beinlínis það, að endurgjalda eigi húsbóndanum greptrunarkostnaðinn, rétt eins og í málsgreininni á undan er sagt um lækningakostnaðinn, og sem aptur lýsir því, að húsbóndinn hefir lagt hann út fyrir fram. Að fara frekar í þetta á og eigi við, þar sem alkunnug gildandi lög kveða nákvæmlega á um það, hverjum beri að koma dauðum manneskjum í jörðina, og verður þingið þannig að aðhyllast fremur 27. grein þingsfrumvarpsins 1861 og ræður til að hún komi í staðinn fyrir þessa grein.

Um 27. gr.

(Sbr. 26. grein stjórnarfrumvarpsins).

Eptir því, sem frá er skýrt um 7. grein hér að framan, og því, sem samkvæmni lagareglanna heimtar, vill þingið að í byrjun þessarar greinar verði tekinn fyrsti töluliður úr frumvarpi þess 1861 í staðinn fyrir stjórnarfrumvarpsins 8., 10. og 11. tölulið.

Um 28.—30. gr.

(Stjórnarfrumvarpsins 27., 28., 29. grein).

Á þessar greinir fellst þingið óbreyttar.

Um 30. grein stjórnarfrumvarpsins.

Þessi grein fellur burt, eptir því, sem frá er skýrt við 17. grein að framan.

Um 31.—33. gr.

Á þessar greinir fellst þingið með öllu óbreyttar.

Af framangreindum ástæðum leyfir þingið sér allraþegnsamlegast með 15. atkv. gegn 5.

Að biðja yðar konunglegu hátign, að frumvarpið verði gjört að lögum þannig orðað eins og hjálagt fylgiskjal sýnir.

Reykjavík 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

B. Sveinsson.

Með skýrskotun til bræfa minna 8. septemb.

1863 til konungsfulltrúa og til ritnefndar alþingistiðindanna.

J. Guðmundsson,

(varaforseti).

Fylgiskjal.

Frumvarp

til tilskipunar um hjúalög á Íslandi.

1. gr.

Hver maður, sem er fullra 16 ára að aldri, má að lögum ráða sig hjú, þó með ráði og vilja sóknarprests síns, sè hann ófermdur. Vistarráðum þeirra, sem yngri eru en 16 ára, ráða foreldrar eða aðrir forráðamenn (samþykkt í einu hljóði).

2. gr.

Engin vistarráð skulu vera bindandi til lengri tíma en 12 mánaða í senn (samþ. með 15 atkv.); en gild skulu vistarráð, þótt skemur sè um samið, þó því að eins, að þau standi til næsta hjúaskildaga á eptir (samþ. með 12 atkv. gegn 6).

3. gr.

Heimilt skal hjúi, eins og verið hefir, að vista sig hjá tveim eða fleirum, til helminga, þriðjunga o. s. frv. (samþ. með 18 atkv.).

4. gr.

Hinn almenni skildagi vinnuhjúa skal framvegis vera á ári hverju 14. dag maímánaðar. Samt skal í hèruðum þeim, þar sem hjúaskildagi nú er haldinn á öðrum tíma árs, fara eptir venju þeirri, sem verið hefir, nema berlega hafi verið tekið fram, þegar vistarráðin gjörðust, að skildaginn skuli vera annar (samþ. í einu hljóði).

5. gr.

Ef hjú ræður sig hjá öðrum manni fyrir jól, þá skulu þau vistarráð ógild, nema húsbóndi eða hjú hafi látið hitt vita, að það eigi vilji endurnýja vistaráðin fyrir næsta ár.

Ef maður ræður vísitandi annars hjú, þá verður hann um það sekur 5—10 rd. (samþ. með 12 atkv. gegn 2).

6. gr.

Húsbóndi skal, nema öðruvísi sé um samið, láta sækja vistráðið hjú sitt í ákveðinn tíma og farangur þess, er ekki nemi meiru en klyfjum á einn hest; og skal húsbóndi annast þann flutning á sinn kostnað, og ekki láta það rýra um samið kaup.

Ef húsbóndi vitjar ekki hjúsins á réttum tíma, skal hann annast um, að koma því fyrst um sinn fyrir á öðrum stað, og greiða því, auk umsamins kaups, allan þann kostnað, sem dvöl þess annarstaðar hefir í för með sér; en hjúi skal skylt að vinna húsbónda allt það gagn, sem það getur, á þeim stað, sem það dvelur á um stundarsakir. Vitji húsbóndi ekki hjúsins fyrir þingmariumessu, er hjúið ekki lengur bundið við vistarráðin, og varðar það húsbónda eftir 11. gr. Hið sama er og, ef hjúið flytur sig sjálf á hann, og hann ekki vill veita því viðtöku án löglegra orsaka, og skal hann þá að auki greiða því sanngjarnan ferðakostnað fram og til baka (samþykkt í einu hljóði).

7. gr.

Húsbóndi hefir löglegar ástæður til að rípta vistarráðum við hjú sitt, áður en það kemur í vistina:

1. Hafi það tælt hann á sér með því, annaðhvort að telja sér til gildis þá kosti, sem það ekki hefir, en húsbóndi gekkst fyrir, eða leynt á sér þeim ókostum, er mundu hafa fælt hann frá, að ráða það til sín, ef hann hefði þekkt þá, og bæti þá hjú húsbónda sem fyrir vistarrof.
2. Eða ef það, eftir að það er orðið vistráðið:
 - a, drýgir, eða lögsókn er hafin gegn því fyrir einhvern þann glæp, sem að almenningsáliti er svívirðilegur.
 - b, enn fremur, ef hjúið um það leyti, sem það á að fara í vistina, hefir einhvern næman sjúkdóm eður þau veikindi eður líkamamein, að vissa sé fyrir því, að það verði ófært til vinnu allt fram að þingmariumessu, eða lengur.
 - c, ef hjúið gjörir sig bert að slíkri breytni við hinn tilvonanda húsbónda sinn, náunga hans eður heimafólk, er eftir 27. gr. varðar burtrekstri þess, þegar það er komið í vistina, og bæti það honum sem fyrir vistarrof, og sæti að auki hegningu þeirri og skaðabótum, sem það að öðru leyti kann að hafa unnið til (samþykkt með 11 atkv. gegn 7).

8. gr.

Hverju hjúi er skylt að fara í vistina, þegar húsbóndi vitjar þess eptir 6. gr. eður ráðstafar því, og færist hjú undan því án lögmætra orsaka, þá eru það vistarrof við húsbónda; sjá 12. gr.

Nú er hjú veikt og ekki ferðafært, og skal það þá skylt til að flytja sig sjálft í vistina á sinn eigin kostnað, jafnskjótt og það er ferðafært orðið, nema því að eins, að svo standi á fyrir hjúi, sem segir í 7. gr. 2, a og b, og húsbóndi láti það vita, að hann vilji ekki við því taka. Dragi það komu sína í vistina viku lengur, gjörir það sig sig sekt í vistarrofum; sjá 12. gr. (samþ. með 10 atkv. gegn 8).

9. gr.

Hjú hefir lögmætar ástæður til að skorast undan því að fara í vistina:

1. Ef húsbóndi hefir meitt mannorð hjúsins, eptir að hann samdi við það um vistarráð, eður gjört því annað til miska, svo að öll líkindi sæu til, að hann verði því slæmur húsbóndi, og er hann þá sekur um vistarrof við hjúið, auk þeirra skaðabóta og hegninga, sem hann eptir öðrum lögum kann að hafa bakað sér.
2. Það eru og vistarrof við hjú, ef húsbóndi er fluttur af landi burt, eða vissa er fyrir því, að hann gjöri það það ár, nema hjú hafi um það vitað, er það ræðst til hans, eður hann útvegar því aðra vist jafngóða. Hið sama er og, ef húsbóndi flytur 3 þingmannaleiðir eður 5 vikur sjávar burtu frá þeim bústað, sem hann ráðgjörði við hjúið, er hann vistræði það.
3. Ef grunur fellur á húsbónda fyrir glæp, er svívirðilegur er í almenningsáliti, eður á heimilisfólk hans, svo að réttarrannsókn af því leiði, og hún nái til húsbónda, og hún annaðhvort ekki er til lykta leidd, er hjú á að fara í vistina, eða húsbóndi er orðinn sannur að sök um slíkan glæp, nema hjúi hafi verið þessar kringumstæður kunnugar, er það ræði sig í vistina (samþykkt með 12 atkvæðum gegn 9).

10. gr.

Ef húsbóndi annaðhvort með lokkunum, hótunum eður á annan ólöglegan hátt heldur hjúi kyrru í vist hjá sér eptir skildaga, þá skal hann, ef önnur lög ákveða ekki meiri hegningu, eptir því sem málið er lagað, sektast um 2—25 rd., og gjalda skaðabætur fyrir það tjón, sem af þessu hlýzt. Varni hann eður aptri hjúinu frá, að komast í tækan tíma í aðra vist, er það hefir ráðið sig í,

og hjúíð fyrir þá sök missir af vistinni, þá greiði hann hjúinu allt það kaup, er því var heitið í þeirri vist, er það átti að fara í, og matarverð fyrir vistartíma þann, sem um var samið (samþykkt með 13 atkvæðum gegn 5).

11. gr.

Verði húsbóndi sekur um vistarrof við hjú eptir 6. og 9. gr. 1. atriði, skal hann gjalda því umsamið kaup og matarverð, eitt hundrað á landsvísu fyrir hverja 12 mánuði fyrir karlmann, en þriðjungi minna fyrir kvennmann (samþykkt með 11 atkv. gegn 7).

12. gr.

Verði hjú sekt um vistarrof við húsbónda sinn eptir 8. gr., eður hefir látið sér svo farast, sem sagt er í 7. gr 1. og 2. c, þá greiði það húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup (samþ. með 10 atkv. gegn 3).

13. gr.

Hafi húsbóndi og hjú samið svo sín á milli, að húsbóndi ekki þurfi að sjá um flutning þess í vistina, þá skal það haldast, er þau urðu ásátt um, en að öðru leyti skal þó farið eptir því, sem fyrir er mælt í 7., 8., 9., 11. og 12. gr. Svo eru það og vistarrof við húsbónda, ef hjúíð dregur viku lengur að nauðsynjalausú að koma í vistina (samþ. með 11 atkv. gegn 6).

14. gr.

Eigi má hjú setja annan fyrir sig í vist, án samþykkis húsbónda, nè heldur til að gegna verkum sínum, nema húsbóndi leyfi eða bráð nauðsyn krefji (samþ. með 11 atkv. gegn 6).

15. gr.

Eigi má húsbóndi afsala öðrum vistarráð yfir hjúi sínu, nema það samþykki. Nú deyr húsbóndinn, og skal þá vistarráðunum áfram haldið með ekkju hans eður búi, ef búnaður stendur; en ef búi er brugðið, skal búi skylt, að útvega hjúi aðra vist jafngóða, því að kostnaðarlausu, en ella gjalda því sem fyrir vistarrof (11. gr. sbr. 31. gr. samþ. með 16 atkv.).

16. gr.

Nú er hjú komið í vist til húsbónda, og skal hann veita því viðunlegt og nægilegt fæði, svo og láta veita því næga þjónustu, og leggja því til venjulegan rúmfatnað, skæðaskinn og annað, eptir því sem venja er til í hverri sveit hjúum að veita, auk kaups (samþ. með 10 atkv. gegn 7).

17. gr.

Hve mikið hjúið skuli hafa í kaup, í hverju og hve nær það skuli goldið, skal komið undir því, er húsbóndinn og hjúið hafa orðið ásátt um. Nú hefir ekki verið ákveðið um upphæð kaupsins, og skal hjúið hafa svo mikið í kaup, sem þar er sveitarvenja að gjalda hjúum á því reki.

Geti hjú sökum klæðleysis eigi gengið að allri vinnu, hefir húsbóndi heimting á, að það taki nægileg fót upp í kaup sitt, þótt hjúið hafi áskilið sér það í öðrum eyri, og skal það koma jafnt niður á alla aura, ef kaupið er áskilið í ýmsum ákveðnum aurum.

Rétt goldnir eru hjúi í kaup peningar og allir aðrir aurar þeir, er gjaldgengir eru í kaup eptir sveitarvenju, hafi ekki verið ákveðið milli húsbónda og þess, í hverju greiða skuli kaupið; og skal, þegar lagðir skulu peningar í hundrað, virða þá eptir verðlagsskrár meðalverði.

Hafi ekki verið öðruvísi um samið, skal eindagi kaupgjaldsins vera undir eins og vistartíminn er á enda. Í þrotabúi húsbónda hefir hjúið forgöngurætt til síðustu 12 mánaða kaups, næst löglegum veðskuldum (samb. með 20 atkv.)

18. gr.

Hjú skal vera háð þeirri stjórn og reglu, er húsbóndinn setur á heimilinu, eður sá, sem fyrir hans hönd á yfir því að segja, og vera honum auðsveipið; það skal af ítrasta megni stunda gagn húsbónda síns, og ganga til allra verka, er því eru skipuð, nema einhver sérstakur óvanalegur háski fylgi þeim, og leysa þau af hendi eptir fremstu kröptum.

Nú er hjú ráðið til ákveðinna starfa, og skal því þó skylt að ganga að öllum heimilisverkum og öðrum störfum, sem eru samboðin stöðu þess, þegar þörf krefur og ekki er öðrum á að skipa (samb. með 20 atkv.)

19. gr.

Hjú skal bæta húsbónda sínum hvert það tjón eða skemmdir, er það veldur honum vísitandi eður af skeytingarleysi, eður af því, að það eigi kann til þeirra verka, er það læzt kunna, er það ræðst í vistina, og eins hvert annað tjón eða skemmdir, er húsbóndi býður fyrir óhlyðni þess; svo á hjú og að greiða húsbónda skaðabætur fyrir vinnutjón það, er hann býður fyrir það, að hjú er sett undir laga-ákæru sökum glæpa, er það fremur. Skal húsbónda

heimilt að halda jafnmiklu eptir af kaupinu, sem skaðabótunum nemur (samb. með 19 atkv.)

20. gr.

Fyrir óhlýðni, þrjúzku, mótpróa eður illyrði við húsbændur sína, eður þann, sem fyrir þeirra hönd á yfir því að segja, skal hjúíð sektast um 1—20 rd.; en setji það sig upp á móti þeim, eða áreiti þá í verkum, þá sektist það 5—50 rd., nema svo sè, að það hafi unnið til meiri hegningar eptir öðrum lögum (samb. með 20 atkv.).

21. gr.

Nú sýkist hjú eður slasast, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni sjálfs þess, þá skal það sjálft kosta lækninguna og endurgjalda húsbónda fæði og hjúkrun meðan það var sjúkt, og eigi á það heimting á kaupi fyrir þann tíma, sem það er frá verkum (samb. með 20 atkv.)

22. gr.

Ef hjú slasast eður veikist, og er um að kenna ótilhlýðilegri breytni húsbónda, hvort heldur af því, að hann hefir skipað hjúinu þau verk, er hann mátti sjá að því voru um megn, eður og óvanalegan starfa þann, er einhverjum sèrstaklegum háska er bundinn, eður af hverri annari orsök, er húsbónda verður gefin sök á, þá skal hann kosta lækning hjúsins, og greiða því skaðabætur fyrir verkatjón þess, ef nokkurt verður, eptir að það er frá honum farið. Eptir atvikum skal húsbóndi þar að auki sæta sektum frá 2—50 rd., nema hann hafi bakað sèr þyngri hegningu eptir öðrum lögum (samb. með 20 atkv.)

23. gr.

Nú veikist hjú eður slasast af öðrum atvikum en nú voru talin (21. og 22. gr.), og skal það þá sjálft greiða þann kostnað, er leiðir af lækning þess og sèrstaklegri aðhjúkrun, en húsbónda skal skylt að fæða það án endurgjalds. Sè legan ekki hálfum mánuði lengri um slátt eður um vertíð eður mánuði lengri um aðra árstíma, þá skal hjúíð einskis í missa af kaupi sínu; en fatlist hjú lengur frá verkum en nú var sagt, missir það kaup um þann tíma, sem það er lengur veikt. Deyi hjúíð, hafa erfmgjar þess eigi heimting á kaupi eptir það fyrir lengri tíma, en það var búíð að vinna fyrir kaup, áður en það varð ófært til verka (samb. með 20 atkv.)

24. gr.

Fari hjú sökum veikinda úr vistinni fyrir tilstilli húsbónda,

hvort heldur svo hefir verið um samið eður eigi, þá hverfur eigi fyrir það skylda hans til að annast hjúið, samkvæmt því sem nú var sagt; og ber honum að endurgjalda þau þyngsli, er aðrir hafa af hjúinu (samþ. með 10 atkv. gegn 5).

25. gr.

Leggist hjú sjúkt, má eigi flytja það burt, enda þótt vistartíminn sé á enda, nema læknir eður sóknarprestur, eður tveir aðrir skilríkir menn lýsi yfir því álit, að hjúinu sé ekkert mein þar af búið, né öðrum, ef sýkin er sólnæm. Nú flytur húsbóndi samt hjúið burt, þá skal hann sæta sektum eptir 22. gr., eður og þyngri hegningu eptir öðrum lögum (samþ. með 20 atkv.)

26. gr.

Þegar hjú, sem veikist eða slasast í vistarverunni, á eptir tilskipun þessari sjálft að greiða lækningarkostnað, og kostnað fyrir sérstaka hjúkrun þess, en hefir eigi efni á því, skal þann kostnað endurgjalda húsbóndanum, ef hann krefst þess, af sveitarsjóðnum, þar sem hjúið er í vist, er aptur skal fá það endurgoldið af framfærsluhrepp hjúsins, ef annar er. Sama er og um greptrunarkostnað hjúsins, deyi það í vistinni. Samþykkt með 11 atkv. gegn 4.

27. gr.

Húsbóndi má þegar reka hjú úr vist fyrir þær sakir er nú skal greina:

1. Ef hjúið gjörir sig sekt í yfirsjónum þeim, sem nefndar eru í 7. gr. 1. atr. og 2. atr. c.
2. Ef hjúið leggur hönd á húsbóndann eða vandamenn hans á heimilinu, eða aðra, sem fyrir hans hönd eiga yfir því að segja, eður meiðir þá með illyrðum.
3. Ef hjúið sýnir húsbóndanum freka og viðvarandi þrjózku, eður stöðugt skeytingarleysi eður ótrúmennsku í því, sem það á að gjöra.
4. Ef hjúið tælir börn eður vandamenn húsbónda á heimilinu til illverka eður ósiðsemi, eður ef börnum á heimilinu er bersýnileg hætta húin af illri meðferð þess eður skeytingarleysi.
5. Ef hjúið af varmennsku skemmir eigur húsbóndans, eður misþírmir skepnum þeim, er hann á eður hefir undir hendi.
6. Ef hjúið sýnir af sér fjarska mikið eður ítrekað skeytingarleysi með ljós, eld eður annað voða, er skaði getur hlotizt af á heimilinu.

7. Ef hjúið er aptur og aptur svo drukkið, þrátt fyrir áminningar húsbóndans, að það geti ekki gengið til allra verka.
8. Ef hjúið með ill-lyndi eður rógi raskar friði og reglu á heimilinu, og lætur eigi af því, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar húsbóndans (samþ. með 19 atkv.).

28. gr.

Þegar hjú er rekið burt úr vist af einhverjum þeim ástæðum, sem tilgreindar eru í 27. grein, eða það hleypur burt úr vistinni án löglegra orsaka, skal það greiða húsbónda slíkt, sem hann átti að greiða því í kaup fyrir vistartíma þann er um var samið; þó skal frádregið það, sem því ber í kaup eptir tiltölu rætttri fyrir þann tíma, sem það hefir verið í vistinni. Auk þessa skal hjúið sæta hegning þeirri og skaðabótum, er það með broti sínu að öðru leyti kann að hafa bakað sér (samþykkt með 20 atkvæðum).

29. gr.

Þá hefir hjú löglegar ástæður til að ganga þegar úr vistinni:

1. Ef húsbóndi misþímir hjúinu.
2. Ef húsbóndi leitast við að tæla hjúið til illverka eða lauslætis, eða ef aðrir heimilismenn gjöra sig bera að slíku, og húsbóndi ekki veitir hjúinu tilhlýðilega verndun, þótt það beri sig upp undan því við hann.
3. Ef húsbóndi lætur hjúið búa að staðaldri við illa og ónóga fæðu.
4. Ef húsbóndi meiðir freklega mannorð hjúsins, eður ber því á brýn glæpi, sem það er saklaust af.
5. Ef hjúið fær ekki kaup sitt í ákveðinn tíma.
6. Ef lífi eður heilsu hjúsins er hætta búin af veru þess á heimilinu.
7. Ef húsbóndi flytur af landi burt (samþykkt með 20 atkvæðum).

30. gr.

Ef hjúið fer úr vist fyrir nokkrar þær sakir, sem taldar eru í 29. grein, eður húsbóndi rekur það úr vist án löglegra orsaka, þá á það heimting á kaupi fyrir vistartíma þann, er um er samið, og matarverði 10 álnum, ef það er karlmaður, en þriðjung minna, ef það er kvennmaður, fyrir hvern mánuð þritugnættan, sem eptir er vistarverunnar. Auk þessa skal húsbóndi sæta þeirri hegning og skaðabótum, sem hann annars kann að hafa bakað sér með framferði sínu (samþykkt með 20 atkvæðum).

31. gr.

Fyrir eins árs kaupí og matarverði, er þó eigi má vera frá eldri tíma en ári því, er var á enda á næsta hjúaskildaga á undan, getur hjúíð látið gjöra fjárnám hjá húsbónda, ef hann eigi mótmæli kröfunni (samþykkt með 20 atkvæðum).

32. gr.

Fógeti eður hreppstjóri, er fjárnám gjörir fyrir kaupí eður matarverði, er hjú á hjá húsbónda, á eigi heimting á neinni borgun fyrir fjárnámið, nema hún geti fengizt hjá húsbónda, eptir að hjúíð er búíð að fá sína kröfu borgaða að fullu (samþykkt með 20 atkvæðum).

33. gr.

Mál, er snerta það efni, sem um er rætt í þessari tilskipun, eiga fyrir lögreglurétt. Brot á móti 25. grein skulu sæta opinberri ákæru, en að öðru leyti skal fara með öll mál, er rísa út af tilskipun þessari, eins og lögreglumál einstakra manna. (samþykkt með 20 atkvæðum¹).

1) Ritnefnd tíðindanna hefir að visu í bræfi 17. september 1863 *afsaðt* varaforseta að taka eptirfylgjandi bréf hans neðanmáls hér í tíðindin, en samkvæmt þeirri tilhlutun, sem forseta þingsins er heimiluð með útgáfu tíðindanna í 78. gr. alþingislaganna, og samþykki konungsfulltrúa 18. s. m., byggt á sama lagastað, verður bréf þetta eigi að síður hér sett til upplýsingar um undirskriptina undir álitsskjal þingsins hér að framan í hjúalagamálinu.

Jón Guðmundsson,

varaforseti.

„Jafnframt því að eg afhendi yður hér með í umboði alþingis handritið til bænarskráarinnar til konungs, um konunglegt frumvarp til tilskipunar um vinnuhjú á Íslandi, til þess að hún verði prentuð í þ. árs alþingistíðindum með heim frágangi, sem þetta handrit er sent mér í dag frá höfundinum, er falið var að semja það. hinum konungkjörna varaþingmanni Benidikt yfirdómara Sveinsyni, þá verð eg að skýra frá, og biðja yður fyrir þær sakir að taka þetta bréf mitt inn í alþingistíðindin, neðanmáls við álitsskjalið, að þó að eg nú láti bænarskrána með ástæðum og frumvarpi ganga svona orðrétta eptir þessu frumriti til konungsfulltrúa, þá get eg eigi komizt hjá því að taka það fram í sèrstöku bræfi til hans, að bænarskrá þessi, en þó einkanlega frumvarpið sjálft og ástæður þess eru alls ekki upplesnar á fundi nè samþykktar af þinginu skilyrðalaust, eins og þær og frumvarpið koma hér fram.

Yður, herrar ritnefndarmenn og öllum öðrum þingmönnum, sem voru á síðasta fundi 17. f. mánu., er það kunnugt, að höfundur þessa álitsskjals kom ekki fram með það, og gat það eigi heldur, fyrr en á þessum síðasta fundi þingsins,

Ávarp

til konungs.

Allramildasti konungur!

Nú þegar Alþingi Íslendinga hið 9. í tölunni, síðan yðar há-sæli faðir, vor ógleymanlegi konungur Kristján hinn 8., stofnaði það fyrst, lýkur þessum fundi sínum og þar með er á enda, eins og lögakveðið er, þingseturéttur þeirra fulltrúa, er nú hafa skipað þingið um 6 síðustu árin, þá sinnur alþingi yfirgnæfandi hvatir til þess, lotningarfyllst og þegnsamlegast að koma fram fyrir háseti yðar konunglegu hátignar með ávarp þetta.

17. f. mán. Þegar þá var mjög liðið á fundartíma, er lokið var upplestri 12—13 annara álitsskjala, þá les höfundurinn að vísu upp sjálfa bænarskrána, en þegar að því búnu kom að upplestri þingsfrumvarpsins og hinna löngu og margorðn ástæða þess, þá hreifði eg því, eins og var, að nú væri svo mjög liðið á dag, að eigi mundi endast til upplesturs á öllum þessum skjölum, allrafið ef umræður nokkrar yrði að rísa út af því, ef í ástæðunum væri ekki að nokkru leyti teknar til greina helztu röksemdir minna hluta þingmanna, þar er komið hefði fram gegn þingsfrumvarpinu, og einkum áhrærandi aðalatriði málsins við þær greinirnar, sem höfðu verið samþykktar með mjög litlum atkvæðumun. Því bæði hafði eg sem framsögumaður á þingi og oddviti minni hluta þingmanna í þessu máli, áskilið það þegar um lok atkvæðagreiðslunnar, að helztu ástæður minni hlutans yrði teknar inn í álitsskjalid, og svo er það líka algenzt, eins og kunnugt er, að sá sem álitsskjalid semur til konungs í nafni þingsins, bendi einnig til aðalatriðanna í þeim ástæðum, sem koma fram á þingi í móti þeirri niðurstöðu, er upp á verður í atkvæðagreiðslunni. Um þetta eru til dæmis meiri hluti álitsskjala í þeim málum. Þar sem þingið hefur skiptzt í tvær sveitir um hin verulegri atriði málsins, bæði frá undanfórnum þingum og einnig frá þessu alþingi, og skal eg taka þar um til dæmis bænarskrána frá þessu alþingi í lagaskólamálinu.

Þegar nú kom að upplestri þessara skjala á fundinum 17. f. mán., og eg hreifði þessum athugasemdum, þá samdi-t svo, einmitt af þessum rökum, að upplesturinn mætti brútu falla með því skilyrði, að höfundur álitsskjalsins, hinn konungkjörni varahingumaður, og eg sem framsögumaður málsins, kæmum okkur saman nm að laga ástæðurnar svo, að þar kæmieinnig fram aðalkjarninn af ágreinandi álit minni hluta þingmanna, um hin verulegustu atriði. Þess vegna afhenti líka alþingisforsetinn mér öll frumrit álitsskjalsins, er hann fór hëðan, til þess, að eg að mínu leyti gjörði tilraun til þessa samkomnlags, er þingið sjálft gjörði að skilyrði fyrir samþykki sínu á álitsskjalinu. Eg játa, að sakir ýmsra anna við önnur þingmál, gat eg eigi fyrr en 5. þ. mán. orðið búinn að yfirfara þetta mikla og margorða álitsskjal til hlítar, semja fáorða útlistun um ágreining minni hluta þingsins og koma því þar inn í álitsskjalid, þar sem bezt ætti við, og án þess að raska röksemdaleiðslu, hugsun eða orðaskipun sjálfs álitsskjalsins að neinu. Þessa útlistun af hendi minni hluta þingsins gjörði eg mér mesta far um að hafa sem um-

Umhugsunin um hinar mörgu og mikilvægu ráðstafanir, fyrirskipanir og lagasetningar, er þær, vor allramildasti konungur, hafið af landsföðurlegum áhuga fyrir velfarnan og framförum lands vors og þjóðar látið framgengt verða á því 6 ára tímabili, sem hér ræðir um; gagntekur eigi að eins huga alþingis og allra Íslendinga með lotningarfullum þakklætistilfinningum, heldur gefa þær bæði þingi og þjóð þegnsamlegustu djörfung til þess jafnframt að bera upp fyrir yðar hátign bær óskir, von og traust, sem allir þegnar þessa afskekktu og fjarlæga hluta konungsveldis yðar eru gagnteknir af til yðar, vor mildi landsfaðir, og eigi síður að benda til vankvæða þeirra

fangsminnsta og heillegasta út af fyrir sig, svo að engu þyrfti að breyta í ástæðum og röksemdaleiðslu þingsins, og stakk eg því upp á og sendi höfundinum ásamt handritinu viðbæti á 3 stöðum og var engi þeirra langur, en þar með ætlaðist eg til að taka fram helztu ástæður minni hluta þingmanna er voru hinar sömu eins og meiri hluti þingnefndarinnar höfðu haldið fram, til stundnings stjórnarfrumvarpinu en á móti þingsfrumvarpinu 1861, einkanlega 7. og 9. grein, er nú voru aptur samþykktar á þingi, að eins með þriggja atkvæða mun. Þessir viðaukakaflar, er eg stakk upp á, eru í þrennu lagi, eius og nú var sagt, og engir þeirra langir; hion fyrsti var um sjálfa bænarskrána aptan til, vart 10—12 línur prentaðar; hinn annar var við 2 gr., og innihélt eigi aðrar ástæður eða röksemdaleiðslu heldur en þegar voru teknar fram við sömu grein í nefndarálitni meiri hlutans, en hinn 3. kaflinn var framanvert við ástæðurnar um 7.—9. gr., og lýtur hann einkum að því, að þessar greinir þingsfrumvarpsins væri eptir álitni minni hluta þingmanna miður hagfeldar að hugsun, ákvörðunum og niðurskipun, og eigi eins vel lagaðar eða aðgengilegar, eins og sömu greinarnar í stjórnarfrumvarpinu, og er þessi viðaukakaflinn minn einkanlega byggður á ástæðum stjórnarfrumvarpsins sjálfs fyrir þessum sömu greinum.

Þar sein engir þessir viðaukar mínir hafa meðferðis neitt það, er ekki var áðr fram komið á þingi í álitsskjölum, umræðum um málið, eða í frumvarpi stjórnarinnar, gátu ekki verið til neinnar málalengingar að mun, og þar með var í engu hagg að neinu orði eða niðurskipun í röksemdaleiðslu sjálfs álitsskjalsins, eins og höfundurinn hafði gengið frá því undir nafni þingsins, þá hélt eg ekki, að haun gæti haft neitt á móti þessum viðaukum eða álitni að eg hefði þar með gengið einu feti lengra til þess að ná því samkomulagi, sem þingið sjálft gjörði að skilyrði fyrir samþykki álitsskjalsins, heldur en eg gat skemmst farið, og kom mér það því næsta óvart og óskiljanlega, er herra B. Sveinsson sendi mér aptur skjölin í dag með bréfi, þar sem hann segir, „að hann geti ómögulega fallizt á þær verulegu „breytingar“ sem eg hafi gjört á álitsskjali því, sem samþykkt er af þinginu í hjúlagamálinu“. Því hér er tvennt mishæmt og ranghæmt hjá höfundinum, fyrst það, að álitsskjalið sé „samþykkt á þinginu“; þetta var alls ekki — og það því síður, sem ekkert orð af ástæðunum eða frumvarpinu sjálfu var upp lesið á fundi, nema með því skilyrði, að við kæmum okkur saman um frágang á því, hvort sem skrifararnir hafa látið þessa skilyrðis ógetið í gjörðabókinni, og í annan stað er það ekki satt, að eg hafi gjört breytingar á álitss-

og tálmana, sem enn eru til fyrirstöðu þeim eðlilegum viðgangi og framförum lands vors og þjóðar, er yðar konunglega hátign hefir fyrirbúið oss og lagt hyrningarsteininn til á margan hátt.

Hinn mikilvægasta hyrningarstein, sérstöku þjóðerni voru og landsrétti til halds og trausts, lagði yðar konungleg hátign með eigin hendi einmitt á þessu síðast liðna 6 ára tímabili, er þær árið 1859 afreðuð fyrstur allra konunga vorra í Danmörku að helga og staðfesta íslenzka textann laganna með yðar konunglegu eigin handar nafni. Með þessari konunglegu staðfestingu íslenzkra laga hefir yðar konungleg hátign fyllt hjarta hvers Íslendinga lotningarfullri þakklátsemi og óbifanlegu trausti, og reist hátign yðar þann minnisvarða í sögu þessa lands, er engar komandi aldir fá raskað nè afmáð.

En næst liggur það þessu alþingi, að votta yðar konunglegu hátign lotningarfyllstar og þegnlegastar þakkir fyrir þær landsföðurlegu ráðstafanir og mildu undirtektir, sem allrahæsta auglýsing 8. júní þ. á. færði alþingi út af þegnlegum tillögum og öðrum uppástungum á þingsfundinum 1861. Alþingi má viðurkenna það með lotningu og þakklátsemi, að mörgum þeim málum, er varða Íslendinga miklu, er þar ráðið til lykta eptir óskum og uppástungum þingsins og svo, að landi voru og þjóð má verða til hagsældar og heilla; fleirum þeirra beint í æskilegt horf með konungleg-

skjalinn, hvorki „verulegar“ nè hitt, því eg gjörði á því alls engar breytingar ekki á svo mikið sem einu orði, heldur voru þessar uppástungur mínar að eins viðaukar, er skýrðu frá álit minna hlutans, en röskuðu ekki eða breyttu röksemdaleiðslu meiri hlutans að einu nè neinu, eins og þessir viðaukar sjálfir sýna; því þó að eg hvorki vilji auka kostnað með að láta prenta þá nè heldur vilji halda máli þessa til þeirrar streitu, er eg mundi gjört hafa, hefði eg nú eigi verið orðinn í forseta stað og orðið að afgreiða málið á einhvern veg til stjórnarinnar af hendi þingsins, þá hefi eg samt orðið að álíta réttast að skýra konungsfulltrúanum frá þessum málavöxtum, er eg sendi honum álitsskjalið til konungs, svona úr garði gjört, og senda honum jafnframt tæðar viðauka-athugasemdir mínar, bæði til sannindamerkis um, að í þeim eru alls ekki fólguar neinar breytingar á álitaskjali hins konungkjörna varaþingmanns, og til þess að hann geti notað sjálfum sér til leiðbeiningar, eða til þess að senda stjórninni þessar viðauka-athugasemdir mínar ef honum svo litist.

Reykjavík, 8. sept. 1863.

Jón Guðmundsson
varaforseti.

Til

ritnefndarmanna alþingistíðindanna 1863.

um fyrirheitum yðar hátignar um landsföðurlegan áhuga á þeim, er gefur vissu fyrir góðum úrslitum og árangri þeirra, en öll málin eru nákvæmlega og röksamlega prófuð og þeim svarað af konunglegri mildi.

En af öllum þeim málum, sem hin allrahæsta auglýsing 8. júní þ. á. færir konungleg fyrirheiti um, að þegar sè langt á leið komin fyrir landsföðurlega umönnun yðar hátignar fyrir velferð og framsörum þessa lands, þá er ekkert mál, er fær alþingi og landsmönnum jafnmikils áhuga, eins og málið um betra og traustara stjórnarfyrríkomulag þessa lands og um fjárhag þess eður fjárhagsráð. Um þessi 2 allsherjarmál Íslendinga hefir því verið mildilegast yfirlýst í hinum næstundangengnu konunglegu auglýsingum til alþingis, að það væri sjálfsagt, að þeim yrði ráðið til lykta á hagkvæmasta hátt, og svo fljótt sem kringumstæðurnar leyfði, en einnig tekið þar fram sama og nú er gjört í þessa árs allrahæstu auglýsingu, að mál þessi sè svo nátengd hvort öðru, að ekki geti neitt orðið afráðið um stjórnarhagi og stjórnarbót þessa lands, án sambands við fjárhagsmálið; segir enn fremr svo í þessari auglýsingu, að þó fjárhagsmálinu sè nú vel á veg komið, að því leyti að konungleg nefnd, sem mál þetta var fengið til meðferðar, hafi þegar í fyrra (1862) lokið störfum sínum, þá hafi samt þau hlutaðeigandi stjórnarráð, er var falið að bera sig saman um málið, ekki verið búin að leiða til lykta þau störf sín nú í vor, og hafi málið þess vegna ekki orðið lagt fyrir alþingi að þessu sinni. En áhugi Íslendinga er svo rikur á þessu máli, og sannsfæring þeirra um knýjandi nauðsyn þess, að málunum verði ráðið sem allrafyrst til lykta, svo eindregin og almenn, að landsmenn sendu nú enn til þessa alþingis fjölda af þegnlegum bænarskrám, áhrærandi fjárhags- og stjórnarbótarmálið, sem höfðu verið ræddar og samþykktar á héraðafundum víðsvegar um landið á næstliðnu vori.

Allar þessar bænarskrár stefna eindregið að því, að stjórnarbótarmáli voru í allri heild sinni verði ráðið til lykta sem allrafyrst; í sumum þeirra er fjárhagur Íslands og fjárskilnaðarmálið sérstaklega tekið fram; nálega allar bænarskrárnar fara því fram, að mál þessi verði ekki útljáð öðruvísi, en að þau verði fyrst lögð fyrir þjóðfund í landinu sjálfu, eins og alþingi 1861 hélt fram í þegnlegri bænarskrá sinni um þessi mál, og enn aptur var í sumum bænarskránum gjört ráð fyrir því, að konungleg frumvörp, um stjórnarhagi og fjárhag þessa lands, yrði lögð fyrir þetta

þing, og afbáðu þær jafnframt, að þingið tæki þá mál þessi til meðferðar, nema því að eins, að þinginu yrði jafnframt veitt samþykktaratkvæði í þeim málum. Aptur var það ein bænarskráin, er jafnframt sýndi fram á vankvæðin og annmarkana á fyrirkomulagi og ástandi framkvæmdarvaldsins, eptir því sem nú væri, einkanlega á hinum æðri stigum, og að þau vankvæði og annmarkar væri svo verulegir og mikilvægir, að brýn nauðsyn bæri til, að bót yrði á þeim ráðin.

Hvað nú sérstaklega áhrærir aðalefnið í þessari síðastnefndu bænarskrá, þá er í henni bent á hin verulegustu vankvæði, sem leiði af ástandi yfirstjórnarinnar bæði utanlands og innan, eins og henni er nú komið. Í bænarskránni segir, að heldur fari vaxandi linleikinn og eptirlitsleysið með því, að lögnum sè tilhlýðilega og örugglega fram fylgt, að þar af hljóti að leiða bæði réttaróvissu og hálfvelgju fyrir lögum og lagareglu, og skort á nægri hlýðni og virðingu við lög og stjórnarvöld; þar er einnig tekið fram eins og er, að tvö hin æðstu embætti landsins hafi staðið óveitt, og einungis verið undir forstöðu settra manna, svo árum hefir skipt, að hinu 3. hafi verið þjónað víst árlangt af settum embættismanni, að jafnvel sè dæmi til, að sami embættismaðurinn hefir gegnt í senn 2 ósameinanlegum embættum um lengri tíma; og að stjórn hinna lægri embættanna hljóti með þessu fyrirkomulagi að vanta tilhlýðilegt eptirlit og aðhald, og yfirstjórnina að skorta þá einurð og öruggleika til fylgis og framkvæmda, sem hún sízt má án vera.

Þingið verður nú allraþegnsamlegast að leyfa sèr með hrein-skilni að viðurkenna, að þessi skoðun á núveranda stjórnarástandi voru á við mikið og verulegt að styðjast, og að hún hefir rutt sèr og ryður sèr æ meir og meir til rúms, á meðan svona stendr. En þó að nú þar af leiði sannarlega nauðsyn á, að á þessum vankvæðum verði ráðin bót sem fyrst, og auðvitað sè, að hinni almennu fullnaðarbreytingu á stjórnarhögum vorum ekki geti orðið svo fljótt ráðið til lykta, að svo lengi megi draga að hrinda þessu núveranda stjórnarástandi voru í viðunanlegra horf, þá fannst samt þinginu mörg og veruleg vankvæði á því, að bera beinlínis upp um þetta þegnlegar uppástungur að þessu sinni, með því líka þingið var óbifanlega sannfært um, að yðar konungleg hátign vildi náðarsamlegast taka þessar bendingar til greina, og mundi sjá landsföðurleg ráð til, að einnig verði hèr á ráðin hin bráðasta bót.

En þar sem alþingi hafði annars vegar fyrir sèr svo almennar

og eindregnar áskoranir og bænarskrár frá héraðafundum víðs vegar um land áhrærandi aðalstjórnarhótina og fjárhaginn, og aptur í annan stað allrahæstu yfirlýsingar um landsföðurlegan áhuga vors allramildasta konungs á þessum sömu velferðarmálum vorum og yðar hátignar konunglega orð fyrir því, að þeim mundi verða sem bezt og sem fljótast ráðið til lykta til velferðar og framfara landi voru og þjóð, þá varð þingið eptir ítarlega yfirvegun einnig að komast til þeirrar niðurstöðu, að senda ekki að þessu sinni einskorðaðar bænarskrár til yðar hátignar um þessi mál, heldur að eins almenna yfirlýsingu um þá von og traust þingsins til yðar hátignar, að þessum allsherjar velferðarmálum verði sem fyrst til lykta ráðið á þann hátt, að kvatt sé til sérstakrar samkomu í landinu, eins og heitið er í konungsbræfi 23. september 1848, samkvæmt kosningarlögum 28. sept. 1849, og að yðar hátign gefi þeirri samkomu það vald, sem löggjafarþing hafa.

Þannig leyfir alþingi Íslendinga sér allraþegnsamlegast að frambæra fyrir yður, vor mildasti herra og konungur, óskir, vonir og þarfir þjóðar vorrar og þessa lands, með lotningarfyllu trausti, og fela land vort og þjóð og þetta þing, sem er ógleymanleg gjöf yðar hásæla föður, og sem sjálfur þér hafið náðarsamlega eftir og treyst á svo margan veg, konunglegri verndun yðar og landsföðurlegum velvilja, og biðjum algóðan guð að farsæla og blessa yðar hátign, ríkisstjórn yðar og gjörvalla konungsættina.

Reykjavík, 17. ágúst 1863.

Allraþegnsamlegast.

H. Jónsson. Jón Guðmundsson.

Þingskjalatal

í fyrri parti alþingistiðindanna 1863.

I. Konungleg framvörp.

1. Frumvarp til tilskipunar um vinnubjú á Íslandi 5—26 bls. Nefndarálit 328—356 bls. Atkvæðaskrá 401—417 bls. Álitsskal til konungs 491—520 bls.
Nefnd: *Pétur Pétursson, Jón Guðmundsson, Benidikt Sveinsson, Ásgeir Einarsson, Björn Pétursson*; formaður *Pétur Pétursson*, skrifari og framsögumaður *Jón Guðmundsson*.
2. Frumvarp til tilskipunar um sáttatilraun m. m. í málum, er rísa út af deilum milli húsbænda og hjúa á Íslandi 27—36 bls. Nefndarálit 312—321 bls. Atkvæðaskrá 326—327 bls. Álitsskjal til konungs 425—428 bls.
Nefnd: *Jón Pétursson, Arnljótur Ólafsson, Helgi Hálfðánarson*; formaður og framsögumaður *Jón Pétursson*.
3. Frumvarp til tilskipunar um eptirlit lögreglustjórnarinnar m. m. með fjárkláða og öðrum næmum fjárveikindum á Íslandi 37—40 bls. Nefndarálit 382—396 bls. Atkvæðaskrá 428—432 bls. Álitsskjal til konungs 481—491 bls.
Nefnd: *Magnús Andrèsson, Arnljótur Ólafsson, Benidikt Sveinsson, Jón Guðmundsson, Stefán Jónsson*, (seinna við bættir) *Jón Pálmason, Páll Melsteð*; formaður *Magnús Andrèsson*; framsögumaður *Arnljótur Ólafsson*; skrifari *Páll Melsteð*.
4. Frumvarp til tilskipunar um að taka hús í Reykjavíkurbæ í brunabótafélag hinna dönsku kaupstaða 41—52 bls. Nefndarálit 133—139 bls. Atkvæðaskrá 147 bls. Álitsskjal til konungs 174—179 bls.
Nefnd: *Halldór Kristján Friðriksson, Jón Pétursson, Jón Guðmundsson*; formaður og framsögumaður *H. Kr. Friðriksson*.
5. Frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi 53—56 bls. Nefndarálit 179—187 bls. Atkvæðaskrá 195—197 bls. Álitsskjal til konungs 374—382 bls.

Nefnd: *Jón Sigurðsson, Indriði Gíslason, Ásgeir Einarsson, Jón Guðmundsson, Arnljótur Ólafsson*; formaður og framsögumaður *Jón Sigurðsson*.

6. Frumvarp til opins bréfs um breyting á tilskipun 18. febrúar 1847 um fjárforráð ómyndugra á Íslandi 57—61 bls. Nefndarálit 204—211 bls. Atkvæðaskrá 219—220 bls. Álitsskjal til konungs 463—465 bls.

Nefnd: *Jón Pétursson, Jón Guðmundsson, Benidikt Sveinsson*; formaður *Jón Pétursson*; framsögumaður *Benidikt Sveinsson*.

II. Álitismál,

um fjögur dönsk lagaboð, hvort þau skuli lögleiða hér á landi 150—153 bls. Nefndarálit 211—213 bls. Atkvæðaskrá 220 bls. Þingsálit 432—434 bls.

Nefnd: *Jón Pétursson, Benidikt Sveinsson, Páll Melsted*; formaður og framsögumaður *Jón Pétursson*; skrifari *Páll Melsted*.

III. Þegnglegar bænarskrár og uppástungur, sem nefndir voru settar í og bænarskrár ritaðar konungi.

1. Bænarskrá frá Ísafjarðarsýslu um að Skutulsfjarðareyri við Ísa-fjörð fái kaupstaðarréttindi 61—63 bls. Nefndarálit 154—157 bls. Atkvæðaskrá 162 bls. Bænarskrá til konungs 231—234 bls.

Nefnd: *Halldór Kr. Friðriksson, Ásgeir Einarsson, Benidikt Þórðarson*; formaður og framsögumaður *Halldór Kr. Friðriksson*.

2. Bænarskrá frá Múlasýslum um breyting á konungsúrskurðinum 17. maí 1862 um skikkunarvald stiptsyfirvaldanna til hinna fátæku prestakalla 63—64 bls. Nefndarálit 157—161 bls. Atkvæðaskrá 162—164 bls. Bænarskrá til konungs 226—231 bls.

Nefnd: *Pétur Pétursson, Björn Pétursson, Jón Pétursson*; formaður og framsögumaður *Pétur Pétursson*.

3. Bænarskrá frá Austur-Skaptafellssýslu um að fá þingstað að Bæ í Lóni 64—65 bls. Nefndarálit 132—133 bls. Atkvæðaskrá 148 bls. Bænarskrá til konungs 213—215 bls.

Nefnd: *Jón Guðmundsson, Stefán Eiríksson, Brynjólfur Jónsson*; formaður og framsögumaður *Stefán Eiríksson*.

4. Bænaraskrá frá Barðastrandarsýslu um fiskiveiðar útlendra 65—67 bls. Nefndarálit 279—288 bls. Atkvæðaskrá 299—300 bls. Bænaraskrá til konungs 463—474 bls.

Nefnd: *Gísli Brynjúlfsson, Jón Hjaltalín, Benidikt Sveinsson, Pétur Pétursson, Ásgeir Einarsson, Páll Sigurðsson, Sveinn Skúlason*; formaður og framsögumaður *Gísli Brynjúlfsson*, skrifari *Sveinn Skúlason*.

5. Bænaraskrá frá Árnessýslu um stjórnarbót 71—73 bls. Nefndarálit 291—293 bls. (Sbr. ávarp til konungs 516—520 bls.).

Nefnd: *Jón Guðmundsson, Benidikt Sveinsson, Magnús Andriðsson, Jón Pétursson, Páll Sigurðsson*; (seinna við bættir) *Jón Sigurðsson, Ásgeir Einarsson*; formaður og framsögumaður *Jón Guðmundsson*.

6. Sjö bænaraskrár um stjórnarbót og þjóðfund (niðurlagsatriði) 73—74 bls. Nefndarálit 293—295 bls. (Sbr. ávarp til konungs 516—520 bls.).

Nefnd: *Arnlfjótur Ólafsson, Pétur Pétursson, Helgi Hálfðánarson, Jón Sigurðsson, Sveinn Skúlason*; formaður *Pétur Pétursson*, framsögumaður *Arnlfjótur Ólafsson*.

7. Bænaraskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um gufubátaferðir með ströndum Íslands 82—84 bls. Nefndarálit 234—252 bls. Atkvæðaskrá 261 bls. Bænaraskrá til konungs 441—447 bls.

Nefnd: *Jón Sigurðsson, Arnlfjótur Ólafsson, Jón Hjaltalín* (seinna við bættir) *Páll Melsted, Halldór Kr. Friðriksson*; formaður *Jón Sigurðsson*, framsögumaður *Halldór Kr. Friðriksson*.

8. Bænaraskrá úr Eyjafjarðarsýslu um breyting á tímanum til hreppþingahalds á vorum 88 bls. Nefndarálit 118—119 bls. Atkvæðaskrá 122—123 bls. Bænaraskrá til konungs 172—174 bls.

Nefnd: *Stefán Jónsson, Jón Pálmason, Sveinn Skúlason*; formaður *Stefán Jónsson*, skrifari og framsögumaður *Sveinn Skúlason*.

9. Bænaraskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um breyting á jarðamatinu á prestsmötujörðum 88—91 bls. Nefndarálit 321—325 bls. Atkvæðaskrá 327—328 bls. Bænaraskrá til konungs 455—458 bls.

Nefnd: *Jón Sigurðsson, Jón Guðmundsson, Pétur Pétursson*,

Indriði Gíslason, Jón Pétursson; formaður Jón Sigurðsson, framsögumaður Jón Pétursson.

10. Bænarsskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um auglýsingu konunglegra frumvarpa 91—92 bls. Nefndarálit 145—147 bls. Atkvæðaskrá 161—162 bls. Bænarsskrá til konungs 220—222 bls. Nefnd: *H. G. Thordersen, Halldór Kr. Friðriksson, Benidikt Sveinsson; formaður H. G. Thordersen, framsögumaður Halldór Kr. Friðriksson.*
11. Uppástunga frá landlækninum um ýmisleg atriði til eflingar hinni íslenzku læknaskipun og 2 bænarsskrár úr Múlasýslum um sama efni 101—110 bls. Nefndarálit 273—278 bls. Atkvæðaskrá 295—299 bls. Bænarsskrá til konungs 418—421 bls. Nefnd: *Jón Hjaltalín, Björn Pétursson, Gísli Brynjúlfsson, Jón Pétursson, Páll Melsted; formaður og framsögumaður Jón Hjaltalín, skrifari Gísli Brynjúlfsson.*
12. Bænarsskrá frá Borgarfjarðarsýslu um kaupsúna við Lambhússund á Skipaskaga 110—112 bls. Nefndarálit 262—268 bls. Atkvæðaskrá 278 bls. Bænarsskrá til konungs 301—308 bls. Nefnd: *Arnþjótur Ólafsson, Halldór Kr. Friðriksson, Benedikt Sveinsson; formaður og framsögumaður Arnþjótur Ólafsson.*
13. Uppástunga þingmanns Snæfellinga um lagaskóla á Íslandi 112—113 bls. Nefndarálit 222—225 bls. Atkvæðaskrá 235—237 bls. Bænarsskrá til konungs 452—455 bls. Nefnd: *Páll Melsted, Benidikt Sveinsson, Gísli Brynjúlfsson; formaður Páll Melsted, skrifari og framsögumaður Gísli Brynjúlfsson.*
14. Uppástunga hins þriðja konungkjörna þingmanns um jarðamatskostnað af jörðum, er tilheyra prestaköllum 113—115 bls. Nefndarálit 167—169 bls. Atkvæðaskrá 194—195 bls. Bænarsskrá til konungs 172—173 bls. Nefnd: *Pétur Pétursson, Jón Pétursson, Jón Guðmundsson, Helgi Thordersen, Helgi Hálfðánarson; formaður og framsögumaður Pétur Pétursson, skrifari Jón Pétursson.*
15. Uppástunga þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu um gjafabréf Charles Kelsalls 119—121. Nefndarálit 215—219 bls. Atkvæðaskrá 225—226 bls. Bænarsskrá til konungs 458—463 bls.

Nefnd: *Jón Guðmundsson, Jón Hjaltalín, Halldór Kristján Friðriksson*; formaður og framsögumaður *Jón Guðmundsson*.

16. Bænaraskrá úr Borgarfjarðarsýslu um laun hreppstjóra. Niðurlagsatriði 127 bls. Nefndarálit 191—194 bls. Atkvæðaskrá 213 bls. Bænaraskrá til konungs 396—399 bls.

Nefnd: *Arnlfótur Ólafsson, Jón Hjaltalín, Jón Pálmason, Stefán Eiríksson, Magnús Andrèsson*; formaður og framsögumaður *Arnlfótur Ólafsson*, skrifari *Jón Pálmason*.

17. Bænaraskrá frá skólakennara Jóni Þorkelssyni um launaviðbót 129—132 bls. Nefndarálit 310—312 bls. Atkvæðaskrá 325—326 bls. Bænaraskrá til konungs 449—452 bls.

Nefnd: *Benidikt Sveinsson, Gísli Brynjúlfsson, Helgi Thordersen*; formaður *Helgi Thordersen*, framsögumaður *Benidikt Sveinsson*, skrifari *Gísli Brynjúlfsson*.

18. Uppástunga þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu um rétt islenzkrar tungu 139—143 bls. Nefndarálit 356—362 bls. Atkvæðaskrá 400—401 bls. Bænaraskrá til konungs 434—441 bls.

Nefnd: *Jón Guðmundsson, Páll Melsted, Sveinn Skúlason*, formaður og framsögumaður *Jón Guðmundsson*.

19. Bænaraskrá frá lækni-sekkju E. Thorstensen um viðbót við ekkju-eptirlaun hennar 149. bls. Nefndarálit 309—310 bls. Atkvæðaskrá 325 bls. Bænaraskrá til konungs 447—449 bls.

Nefnd: *Gísli Brynjúlfsson, Helgi Thordersen, Jón Hjaltalín*; formaður *Helgi G. Thordersen*, framsögumaður *Gísli Brynjúlfsson*.

IV. Þegnlegar bænaraskrár og uppástungur, sem voru innanþingsmál, eða náðu eigi fram að ganga.

1. Kæra prestsins að Stafafelli í Lóni yfir ráni útlendra fiskimanna í eyjunni Vigur 67—71 bls. Nefndarálit 288—290 bls. Atkvæðaskrá 301 bls.

Nefnd: Sama sem í fiskiveiðamálinu bls. 525.

2. Uppástunga þingmanns Borgfirðinga um skipting þingtiðindanna 74—75 bls. Nefndarálit 92—94 bls. (samþykkt).

Nefnd: *Arnlfótur Ólafsson, Halldór Kr. Friðriksson, Jón Guðmundsson*; framsögumaður *Arnlfótur Ólafsson*.

3. Áskorun frá nefndinni í fjárkláðamálinu um bráðabyrgðarráðstafanir 94—96 bls. Visað forsetaveginum til stiptamtamanns.
4. Bænaraskrá frá Húnavatnssýslu um breyting á skólareglugjörðinni 96—99 bls. Nefndarálit 362—374 bls. Atkvæðaskrá 422—425 bls. Send fyrir hönd forseta konungsfulltrúa til frekari ráðstöfunar.

Nefnd: *Pétur Pétursson, Halldór Kr. Friðriksson, Helgi G. Thordersen, Benidikt Sveinsson, Sveinn Skúlason*; formaður *Helgi G. Thordersen*; skrifari og framsögumaður *ur Halldór Kr. Friðriksson*.

5. Uppástunga varapingmannsins úr Gullbringusýslu um að nota vexti Thorchillii-sjóðs 99—101 bls. Nefndarálit 169—172 bls. Atkvæðaskrá 187—190 bls. Að rita konungi bænaraskrá felld með 11 atkv. gegn 8.

Nefnd: *Helgi Hálfðánarson, Páll Melsteð, Halldór Kr. Friðriksson, Indriði Gíslason, Helgi G. Thordersen*; formaður *Helgi Hálfðánarson*, skrifari *Páll Melsteð*, framsögumaður *Halldór Kr. Friðriksson*.

6. Uppástunga þingmanns Vestur-Skaptafellssýslu um að ráða bót á presta-eklu í landinu 115—118 bls. Nefndarálit 253—261 bls. Atkvæðaskrá 268—271 bls. Felld gjörsamlega við atkvæðagreiðsluna.

Nefnd: *Jón Guðmundsson, Pétur Pétursson, Björn Pétursson, Helgi G. Thordersen, Benidikt Þórðarson*; formaður og framsögumaður *Pétur Pétursson*, skrifari *Jón Guðmundsson*.

7. Bænaraskrá frá Þingeyjarsýslu um sveitastjórn 78—80 bls. Felld frá sérstakri nefnd með 12 atkv. gegn 11; og að henni skyldi vísa til stjórnarbotarmálsins nr. 1 felld með nafnakalli með 13 atkv. gegn 10.
8. Bænaraskrá frá Snæfellsnessýslu um gjafakorn til Eyrarsveitar 80 bls. Felld frá nefnd með 15 atkv. gegn 6.
9. Bænaraskrá frá Múlasýslu um öreigagiptingar 80 bls. Tekin aptur af flutningsmanni.
10. Bænaraskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um trúarbragðafrelsi 81—82 bls. Felld frá nefnd með nafnakalli með 20 atkv. gegn 3.
11. Bænaraskrá frá Borgarfjarðarsýslu um breyting á vegabótalögnum og lán til vegabóta 84—88 bls. Felld frá nefnd með 13 atkv. gegn 5.

12. Uppástunga hins 4. konungkjörna þingmanns um prentun alþingisbókanna gömlu 123 bls. Felld frá nefnd með 14 atkv. gegn 7.
13. Uppástunga þingmanns Reykvíkinga um þingseturétt þeirra manna, er eiga hundrað hundraða í jörðum 125—126 bls. Felld frá nefnd með nafnakalli með 14 atkv. gegn 8.
14. Uppástunga þingmanns Árnesinga um breyting á hegning fyrir barngetnað í meinum 127—128 bls. Felld frá nefnd með 14 atkv. gegn 8.
15. Uppástunga frá þingmönnum Reykjavíkur og Vestur-Skaptafellssýslu um samning og prentun jarðabókarinnar með skýringum 143—145 bls. Vísað fyrir hönd forseta og konungsfulltrúa til stjórnarinnar með meðmælum þingsins.
16. Bænarsskrá frá kaupmönnum í Reykjavík um vörumatsmenn og uppástunga þingmanns Suður-Múlasýslu um sama 165—166 bls. Felldar frá nefnd með 13 atkv. gegn 9.
17. Uppástunga þingmanns Barðstrendinga um launabót handa prestum á Íslandi 201—203 bls. Tekin aptur af uppástungumanni.

V. Þegnlegar bænarsskrár og uppástungur,
sem upplesnar voru á þingi en vísað til annara þingnefnda.

a, til nefndarinnar um stjórnarbót nr 1.

1. Uppástunga hins 4. konungkjörna um jafnaðarsjóðsgjald 122 bls.
2. Bænarsskrá frá menntamönnum í Kaupmannahöfn um meiri trygging fyrir veitingu embætta hér á landi, þegar danskir menn sækja um þau 197—201 bls.

b, til nefndarinnar um stjórnarbót nr 2.

1. Bænarsskrá frá Suður-Þingeyjarsýslu um skattamálið 76—77 bls.

c, til nefndarinnar um breyting á jarðamatinu á prestsmötujörðum.

1. Uppástunga þingmanns Suður-Þingeyinga um bændakirkjueignir 123—124 bls.

d, til nefndarinnar um kauptún við Lambhússund.

1. Bænarsskrá frá Mýrasýslu um kauptún á Krossvík 148—149 bls.

e, til nefndarinnar um að ráða bætur á presta-eklu.

1. Umkvörtun úr Skagafjarðarsýslu yfir brauðasameiningu 124—125 bls.

f, til nefndarinnar í fjárkláðamálinu.

1. Bænaðskrá frá Seltjarnarneshreppsbúum um niðurskurð 166—167 bls.
2. Bænaðskrá frá 11 mönnum í Mosfellssveit móti niðurskurði 197 bls.
3. Bænaðskrá frá Kjósarhreppi um niðurskurð 203—204 bls.



Leiðréttingar.

Á 79. bls. þar sem talað er um nafnakallið er það ekki rétt tilfært samanber registrið 526. bls.

Undir bænarskránni til konungs í málinu um kauptún á Skipaskaga við Lambhússund 308. bls. á að standa *J. Guðmundsson* í staðinn fyrir *H. Jónsson*.

Á stöku stað er gleymt að geta þess á sínum stöðum um hinar minni og ómerkari bænarskrár og uppástungur, hvað gjört hafi verið við þær, en þetta sèst allt í registrinu.
